

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2017/EES/17/01	Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 17. september 2013 um meginreglur varðandi SOLVIT	1
2017/EES/17/02	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 359/2014 frá 9. apríl 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar skrá yfir lönd sem um getur í 9. gr.	7
2017/EES/17/03	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2014 frá 13. maí 2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar innflutningsskilyrði og skrá yfir lönd sem um getur í 9. gr.	10
2017/EES/17/04	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2014 frá 13. júní 2014 um fyrirmynd að vottorði fyrir viðskipti með óflegin, stór, villt veiðidýr	13
2017/EES/17/05	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1096 frá 6. júlí 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar kröfur varðandi setningu á markað á sendingum af tilteknum fisktegundum sem ætlaðar eru aðildarríkjum eða hlutum þeirra sem falla undir landsráðstafanir er varða alfaveiru í laxfiskum (SAV) og voru samþykktar með ákvörðun 2010/221/ESB	17
2017/EES/17/06	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/27 frá 13. janúar 2016 um breytingu á III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar	26
2017/EES/17/07	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1768 frá 4. október 2016 um leyfi fyrir gúaníðfinedíksýru sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga, fráfarugrúsi og eldissvín og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009	30
2017/EES/17/08	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1833 frá 17. október 2016 um leyfi fyrir blöndu með lektinum úr nýrnabaunum (lektín úr <i>Phaseolus vulgaris</i>) sem fóduraukefni fyrir mjólkurgrúsi (leyfishafi er <i>Biolek Sp. z o.o.</i>)	33
2017/EES/17/09	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1125 frá 10. júlí 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í Katsuobushi (þurrkuðum rákungi) og tiltekinni reyktri Eystrasaltssíld	36

2017/EES/17/10	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/156 frá 18. janúar 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir boskalíð, klóþíanidín, þíametoxam, fólpet og tólklófosmetýl í eða á tilteknum afurðum	40
2017/EES/17/11	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/439 frá 23. mars 2016 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar <i>Cydia pomonella</i> -kyrningaveiru (CpGV), kalsíumkarbíð, kalíumjodíð, natríumvetnis-karbónat, reskalúr og <i>Beauveria bassiana</i> af stofni ATCC 74040, og <i>Beauveria bassiana</i> af stofni GHA	84
2017/EES/17/12	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/440 frá 23. mars 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir atrasín í eða á tilteknum afurðum	87
2017/EES/17/13	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/452 frá 29. mars 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kaptan, próþíkónasól og spíroxamín í eða á tilteknum afurðum	100
2017/EES/17/14	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/486 frá 29. mars 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýasófamíð, sýkloxýdím , díflúoredíksýru, fenoxýkarb, flúmetralín, flúóþíkólíð, flúþýradífúrón, flúxapýroxað, kresoxímmetýl, mandestróbín, mepaníþýrím, metalaxýl-M, pendímetalín og teflútrín í eða á tilteknum afurðum	118
2017/EES/17/15	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/567 frá 6. apríl 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórántranilíþróll, sýflúmetófen, sýþródínl, dímetómorf, díþíókarbamót, fenamídón, flúóþýram, flútólaníl, ímasamox, metrafenón, mýklóbútáníl, próþíkónasól, sedaxan og spíróðíklófen í eða á tilteknum afurðum	184
2017/EES/17/16	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/805 frá 20. maí 2016 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar <i>Streptomyces</i> K61 (áður <i>S. griseoviridis</i>), <i>Candida oleophila</i> af stofni O, FEN 560 (einnig kallað grikkjasmári eða duft úr fræjum grikkjasmára), metýldekanóat (CAS 110-42-9), metýloktaóat (CAS 111-11-5) og terpenóíðblöndu QRD 460	244
2017/EES/17/17	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1002 frá 17. júní 2016 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir AMTT, díkvat, dóðín, glúfosínat og trítósúlfúrón í eða á tilteknum afurðum	246
2017/EES/17/18	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1814 frá 13. október 2016 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á stevíólglykósíðum (E 960)	291
2017/EES/17/19	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1411 frá 24. ágúst 2016 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna	296
2017/EES/17/20	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1412 frá 24. ágúst 2016 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar til minnkunar á sjúkdómsáhættu	301

2017/EES/17/21	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1413 frá 24. ágúst 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna	303
2017/EES/17/22	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/576 frá 14. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið rafoxaníð	311
2017/EES/17/23	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/710 frá 12. maí 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið koparkarbonsat	314
2017/EES/17/24	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/885 frá 3. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið eprínómektín	317
2017/EES/17/25	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1444 frá 31. ágúst 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið hýdrókortísónasepónat	320
2017/EES/17/26	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1214 frá 25. júlí 2016 um breytingu á tilskipun 2005/62/EB að því er varðar staðla og forskriftir fyrir gæðakerfi blóðþjónustustofnana	323
2017/EES/17/27	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1618 frá 8. september 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að aðlaga I. og IV. viðauka	325
2017/EES/17/28	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1802 frá 11. október 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 414/2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir tilsvarendi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012	329
2017/EES/17/29	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1056 frá 29. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið glýfosat	332
2017/EES/17/30	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1313 frá 1. ágúst 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu glýfosati	335
2017/EES/17/31	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1414 frá 24. ágúst 2016 um samþykki fyrir virka efninu sýantranilípróli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011	338
2017/EES/17/32	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1423 frá 25. ágúst 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu píkólínafeni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011	342
2017/EES/17/33	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1425 frá 25. ágúst 2016 um samþykki fyrir virka efninu ísófetamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011	347

2017/EES/17/34	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1426 frá 25. ágúst 2016 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu etófúmesati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011	351
2017/EES/17/35	Ákvörðun nr. H7 frá 25. júní 2015 um endurskoðun ákvörðunar nr. H3 varðandi dagsetningu sem taka þarf tillit til við ákvörðun á umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009	356
2017/EES/17/36	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 2014 um jafngildi milli regluramma Singapúrs um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár	357
2017/EES/17/37	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 2014 um jafngildi milli regluramma Hong Kong um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár	361
2017/EES/17/38	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. október 2014 um jafngildi milli regluramma Ástralíu um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár	365
2017/EES/17/39	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/172 frá 24. nóvember 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 að því er varðar lýsingu á orkuvörum	368
2017/EES/17/40	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. desember 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun	374
2017/EES/17/41	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/110 frá 27. janúar 2016 um að samþykkja ekki triklósan sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 1	389
2017/EES/17/42	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2119 frá 20. nóvember 2015 um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr víði	391
2017/EES/17/43	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár	412
2017/EES/17/44	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1855 frá 19. október 2016 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/32/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um útdráttarleysa sem notaðir eru við framleiðslu matvæla og innihaldsefna í matvælum	471
2017/EES/17/45	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1003 frá 17. júní 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarks-gildi leifa fyrir abamektín, asekínósýl, asetamípríð, bensóvíníflúpyr, brómoxýníl, flúdíoxóníl, flúópíkólíð, fosetýl, mepíkvat, prókínasíð, própamókarb, próhexadíón og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum	473
2017/EES/17/46	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1015 frá 17. júní 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarks-gildi leifa fyrir 1-naftýlasetamíð, 1-naftýledíkýru, klórídasón, flúasífox-P, fúberídasól, mepíkvat og tralkoxýdíím í eða á tilteknum afurðum	531

2017/EES/17/47	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1016 frá 17. júní 2016 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgræði leifa fyrir etófúmesat, etoxasól, fenamídón, flúoxastróbín og flúrtamón í eða á tilteknum afurðum	552
2017/EES/17/48	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1355 frá 9. ágúst 2016 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar þiaklópríð	584
2017/EES/17/49	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1929 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja <i>Bacillus thuringiensis</i> subsp. <i>kurstaki</i> , sermigerð 3a3b, stofn ABTS-351, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18	600
2017/EES/17/50	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1930 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja klórkresól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 6, og 9	603
2017/EES/17/51	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1931 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja klórkresól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13	607
2017/EES/17/52	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1932 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja kalsíummagnesiumoxíð (brennt kalk úr dólómíti) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3	610
2017/EES/17/53	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1933 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja kalsíummagnesiumtetrahydroxíð (vatnað kalk úr dólómíti) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3	613
2017/EES/17/54	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1934 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja kókosalkýltrimetýlammóníumklóríð (ATMAC/TMAC) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8	616
2017/EES/17/55	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1935 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja kalsíumdíhydroxíð (vatnað kalk) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3	619
2017/EES/17/56	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1937 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja sýflútrín sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18	622
2017/EES/17/57	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1938 frá 4. nóvember 2016 um að samþykkja sítrónusýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2	625
2017/EES/17/58	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/135 frá 29. janúar 2016 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir flókúmafeni, bróðífakúmi og varfaríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14	628
2017/EES/17/59	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2235 frá 12. desember 2016 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bisfenóli A) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH))	630

2017/EES/17/60	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2038 frá 13. nóvember 2015 um jafngildi milli regluramma Suður-Kóreu um miðlæga mótaðila og krafna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár	633
2017/EES/17/61	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/427 frá 10. mars 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6)	637
2017/EES/17/62	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1796 frá 7. júlí 2016 um breytingu á ákvörðunum 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun efna	735
2017/EES/17/63	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1881 frá 24. október 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 að því er varðar lágmarksvirkni 6-fýtasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 22594), sem fóðurukefni fyrir gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products)	742
2017/EES/17/64	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/646 frá 20. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6)	745
2017/EES/17/65	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1416 frá 24. ágúst 2016 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli	767

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2017/EES/17/01

frá 17. september 2013

um meginreglur varðandi SOLVIT

(2013/461/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er innri markaðurinn skilgreindur sem svæði án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar. Í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er þess krafist að aðildarríkin geri hvers konar viðeigandi ráðstafanir til að uppfylla skuldbindingar sínar að fullu í samræmi við lög Sambandsins.
- 2) Innri markaðurinn felur í sér mörg tækifæri fyrir einstaklinga sem vilja búa og starfa í öðru aðildarríki og fyrir fyrirtæki sem vilja færa út markaði sína. Þótt innri markaðurinn virki almennt vel koma stundum upp vandamál þegar opinber yfirvöld virða ekki lög Sambandsins.
- 3) Í kjölfar tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2001/893/EB frá 7. desember 2001 um meginreglur við notkun „SOLVIT“ – nets til úrlausnar vandamála á innri markaði ⁽¹⁾ var SOLVIT sett á laggirnar sem netkerfi miðstöðva, sem aðildarríkin settu upp innan eigin landsbundinnar stjórnýsly, sem skjótvirk og óformleg leið til að leysa vandamál sem einstaklingar og fyrirtæki mæta þegar þau neyta réttar síns á innri markaðnum.
- 4) Þótt SOLVIT sé í eðli sínu óformlegt og hagnýtt stuðlar fyrirkomulag þess að því að tryggja að þær lausnir sem finnast séu í samræmi við lög Sambandsins. SOLVIT byggist á gagnsæju ferli til úrlausnar vandamála er varða tvö aðildarríki. Þótt framkvæmdastjórnin komi yfirleitt ekki að því að leysa mál er hún í nánu sambandi við SOLVIT-stöðvar, býður reglulega lagalega þjálfun og, í sumum flóknum tilvikum, veitir hún óformleg ráð. Hún vaktar einnig mál sem eru til meðferðar innan

SOLVIT og niðurstöður þeirra gegnum gagnagrunninn á Netinu og getur gripið inn í þegar hún telur að lausnir sem SOLVIT-stöðvar leggja til séu ekki í samræmi við lög Sambandsins. Fyrirnefnt fyrirkomulag stuðlar ekki einungis að lögmæti niðurstaðna í einstökum málum heldur benda matsniðurstöður til þess að vinna innan SOLVIT hafi einnig leitt til þess að á heildina litið hafi reglufylgni landsyfirvalda við lög Sambandsins batnað.

- 5) SOLVIT hefur þróast umtalsvert frá upphafi. Nú fer það með tíu sinnum fleiri mál en það gerði fyrir 10 árum. Það fer einnig með mun fjölbreyttari mál en upphaflega var búist við. Yfirgnæfandi meirihluti mála leysist með góðum árangri, innan níu vikna að meðaltali, sem hefur leitt til þess að ánægja mælist mikil hjá einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa notað SOLVIT.
- 6) Þótt SOLVIT hafi borið góðan árangur hefur aukið umfang þjónustunnar ýtt undir ýmsar áskoranir. Ítarlegt mat á netkerfinu, sem framkvæmt var á árinu 2010, bendir til þess að ekki séu allar SOLVIT-stöðvar jafnvel búnar eða staðsettar. Upptaka mála og þjónustustig eru einnig mismunandi innan netkerfisins. Auk þess rata of fáir aðilar og fyrirtæki á SOLVIT.
- 7) Á grundvelli þessara niðurstaðna er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að styrkja SOLVIT enn frekar og auka sýnileika þess bæði á Netinu og utan þess, eins og lögð er áhersla á í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar „Efling árangursríkra úrlausna vandamála á innri markaðnum“, í orðsendingunni Betri stjórnun innri markaðarins ⁽²⁾ og í skýrslunni um borgararétt ESB ⁽³⁾. Hluti af þessari framkvæmd ætti að vera að setja fram ný tilmæli í stað tilmæla 2001/893/EB. Með þessum nýju tilmælum er stefnt að því að skýra hvað það er sem SOLVIT ætti að skila, á grundvelli bestu starfsvenja. Þar eru sett fram markmið og staðlar bæði fyrir aðildarríkin og framkvæmdastjórnina til að tryggja að fyrirtæki og borgarar fái skilvirka aðstoð í tilvikum þar sem lög Sambandsins eru ekki virt. Með þeim er einnig miðað að því að tryggja að SOLVIT-stöðvar beiti sömu reglum og skili sams konar og samræmdri þjónustu innan netkerfisins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 249, 19.9.2013, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 331, 15.12. 2001 bls. 79.

(2) COM(2012) 259, lokagerð.

(3) COM(2013) 269, lokagerð.

- 8) Til þess að tryggja samræmda túlkun umboðsins innan netkerfisins eru þær tegundir mála, sem ættu að fá meðferð innan SOLVIT, skilgreindar í þessum tilmælum. Í tilmælum 2001/893/EB kemur fram að innan SOLVIT sé fjallað um mál þar sem „reglum um innri markaðinn“ er „ekki beitt rétt“. Þessi skilgreining á gildissviðinu hefur skapað ósamræmi. Í fyrsta lagi hefur því verið haldið fram að hugtakið „ekki beitt rétt“ bendi til þess að SOLVIT-stöðvarnar geti ekki fjallað um mál ef landsreglur stangast á við lög Sambandsins (svokölluð „kerfislæg mál“) og, í öðru lagi, að SOLVIT geti einungis aðhafst þegar Sambandslöggjöfin sem um er að ræða tekur til innri markaðarins.
- 9) SOLVIT-mál eru nú skilgreind sem öll vandamál, sem ná yfir landamæri og skapast vegna hugsanlegs brots opinbers yfirvalds á Sambandslögum sem gilda um innri markaðinn, þegar og að því marki sem slík vandamál eru ekki tilefni málareksturs fyrir dómstólum innanlands eða á vettvangi ESB.
- 10) Hugtakið „brot“ er notað til að tilgreina að SOLVIT-stöðvar taka að sér, sem SOLVIT-mál, öll tilvik þar sem opinber yfirvöld virða ekki lög Sambandsins sem gilda um innri markaðinn, án tillits til þess hver rót vandans er. Yfirgnæfandi meirihluti mála sem fjallað er um innan SOLVIT endurspeglar aðstæður þar sem opinbert yfirvald beitir rangt lögum Sambandsins sem gilda um innri markaðinn. SOLVIT-stöðvar hafa þó einnig sýnt að þær geta boðið skilvirka hjálp þegar kerfislæg vandamál koma upp. Enda þótt kerfislæg mál séu einungis lítil hluti heildarfjölda mála innan SOLVIT er mikilvægt að SOLVIT taki að sér slík mál til að tryggja að eftir slíkum vandamálum sé tekið. Það er besta tryggingin fyrir því að tekið verði á kerfislægum vandamálum með skilvirkum hætti á viðeigandi stigi.
- 11) Í þessum tilmælum er staðfest að SOLVIT fjallar um mál er varða vandamál yfir landamæri í tengslum við opinbert yfirvald. Forsendan um að mál skuli ná yfir landamæri tryggir að SOLVIT-stöðvar í tveimur aðildarríkjum fari með SOLVIT-mál, sem tryggir gagnsæi og gæði niðurstaðna. Forsendan um opinbert yfirvald tengist því að SOLVIT er hluti af landsbundinni stjórnslu og starfar einungis á óformlegum grundvelli.
- 12) Í tilmælunum er einnig leitast við að skýra það þjónustustig sem einstaklingar og fyrirtæki geta átt von á frá SOLVIT. Þar kemur fram hvernig ætti að upplýsa kvartendur og hvaða lágmarksaðstoð ætti að bjóða þeim. Þar eru einnig skýrð hin ýmsu stig í málsmeðferðinni og frestir sem ber að virða við meðferð SOLVIT-mála ásamt eftirfylgni sem ber að veita þegar ekki er hægt að leysa mál.
- 13) Enn fremur eru í þessum tilmælum settir þeir lágmarksstaðlar sem SOLVIT-stöðvar ættu að fara eftir, með tilliti til skipulagningar, lagalegrar sérþekkingar og tengsla við önnur netkerfi. Þar er einnig skýrt hlutverk framkvæmdastjórnarinnar innan SOLVIT-netkerfisins.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur nýverið endurbýgt SOLVIT-gagnagrunninn á Netinu sem sjálfstæða einingu í upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn. Með þessari tæknilegu samþættingu gilda reglurnar um vinnslu persónuupplýsinga og trúnaðarupplýsinga, sem eru settar fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (reglugerðin um IM-upplýsingakerfið) ⁽¹⁾, einnig um SOLVIT-málsmeðferðir. Í þessum tilmælum eru enn fremur tilgreind tiltekin atriði í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga innan SOLVIT í samræmi við reglugerðina um IM-upplýsingakerfið.
- 15) Þessi tilmæli miða ekki að því að tilgreina hvernig framkvæmdastjórnin fjallar um kvartanir sem berast beint til hennar og hafa á engan hátt áhrif á hlutverk framkvæmdastjórnarinnar sem vörsluaðila sáttmálanna. Þau miða heldur ekki að því að tilgreina hlutverk EU Pilot-verkefnisins og landsbundinna samræmingaraðila þess. Fjallað er um þessa þætti í sérstökum leiðbeiningum sem eru uppfærðar reglulega.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

I. MARKMIÐ OG SKILGREININGAR

A. Markmið

Í þessum tilmælum eru settar fram meginreglur um starfsemi SOLVIT. SOLVIT miðar að því að skila skjóttum, skilvirkum og óformlegum lausnum á vandamálum sem einstaklingar og fyrirtæki mæta þegar opinber yfirvöld synja þeim um ESB-rétt sinn á innri markaðnum. SOLVIT stuðlar að betri starfsemi innri markaðarins með því að efla og stuðla að betri fylgni við lög Sambandsins. Til að ná þessu markmiði ættu SOLVIT-stöðvarnar í aðildarríkjunum að vinna saman á grundvelli meginreglnanna sem eru settar fram í þessum tilmælum.

B. Skilgreiningar

Í þessum tilmælum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „kvartandi“: einstaklingur eða lögaðili sem stendur andspænis vandamáli sem nær yfir landamæri og leggur það fyrir SOLVIT, beint eða um millilið, eða samtök sem leggja fram raunverulegt vandamál fyrir hönd félaga í þeim, eins eða fleiri,
2. „vandamál sem nær yfir landamæri“: vandamál sem kvartandi í aðildarríki stendur frammi fyrir og tengist hugsanlegu broti opinbers yfirvalds í öðru aðildarríki á lögum ESB sem gilda um innri markaðinn; þetta tekur einnig til vandamála sem kvartendur mæta af hálfu opinberrar stjórnslu í eigin landi eftir að hafa neytt réttar síns til frjálsrar farar eða þegar þeir reyna að neyta hans,

⁽¹⁾ Stjttö. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1.

3. „lög Sambandsins sem gilda um innri markaðinn“: löggjöf Sambandsins, reglur eða meginreglur sem tengjast starfsemi innri markaðarins í skilningi 2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þetta tekur einnig til reglna sem ekki eru settar um innri markaðinn sem slíkar en hafa áhrif á frjálsa vöruflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi, frjálsa för fólks eða frjálsa fjármagnsflutninga milli aðildarríkja,
4. „opinbert yfirvald“: hver sá hluti opinberrar stjórnsýslu aðildarríkis, á landsbundnum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi, eða hver sú stofnun, óháð lagalegu formi hennar, sem hefur verið gerð ábyrg, samkvæmt ráðstöfun sem ríkið hefur samþykkt, fyrir því að veita opinbera þjónustu undir stjórn ríkisins og hefur í þeim tilgangi sérstakar heimildir umfram þær sem leiðir af hefðbundnum reglum sem gilda í tengslum milli einstaklinga,
5. „málarekstur“: formleg málsmeðferð til lausnar á deilumáli sem lagt er fyrir dómstól eða úrskurðaraðila. Þetta tekur ekki til málskota til æðra stjórnsýslustigs gegn því yfirvaldi sem olli vandamálinu,
6. „kerfislægt vandamál“: brot sem verður vegna þess að landsregla stangast á við lög Sambandsins,
7. „heimastöð“: SOLVIT-stöðin í því aðildarríki sem kvartandinn hefur nánust tengsl við, t.d. á grundvelli ríkisfangs, búsetu, staðfesturéttar eða staðarins þar sem kvartandinn öðlaðist réttindin sem eru í húfi,
8. „úrlausnarstöð“: SOLVIT-stöðin í því aðildarríki þar sem meint brot á lögum Sambandsins, sem gilda um innri markaðinn, átti sér stað,
9. „SOLVIT-gagnagrunnur“: nethugbúnaður sem búinn var til innan upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn til að greiða fyrir meðferð SOLVIT-mála.

II. UMBOÐ SOLVIT

SOLVIT-netkerfið hefur til meðferðar vandamál, sem ná yfir landamæri og skapast vegna hugsanlegs brots opinbers yfirvalds á Sambandslögum sem gilda um innri markaðinn, þegar og að því marki sem slík vandamál eru ekki tilefni málareksturs fyrir dómstólum innanlands eða á vettvangi Evrópusambandsins. SOLVIT stuðlar að betri starfsemi innri markaðarins með því að efla og stuðla að meiri fylgni við lög Sambandsins.

III. ÞJÓNUSTA SOLVIT

Aðildarríki ættu að tryggja að kvartendur geti nýtt sér eftirfarandi lágmarksþjónustu:

1. Hægt ætti að vera að hafa samband við SOLVIT-stöðvar í síma eða með tölvupósti og þær ættu að bregðast skjótt við boðum sem er beint til þeirra.

2. Kvartendur ættu að fá fyrstu viðbrögð við vandamálum sínum innan einnar viku, þ.m.t. upplýsingar um hvort SOLVIT getur tekið að sér mál þeirra, ef hægt er á grundvelli veittra upplýsinga. Ef nauðsyn krefur ætti þá jafnframt að hvetja þá til að leggja fram hvers kyns nauðsynleg gögn vegna meðferðar málsins. Innan eins mánaðar frá fyrsta mati og svo fremi að ekkert vanti upp á málskjölin ættu kvartendur að fá staðfestingu á því hvort úrlausnarstöðin samþykki mál þeirra og opnað verði SOLVIT-mál vegna þess.
3. Þegar ekki er hægt að opna SOLVIT-mál vegna vandamáls ætti að gefa kvartendum upp ástæðurnar fyrir því og ráðleggja þeim um aðrar hugsanlegar aðgerðir sem gætu hjálpað þeim við að leysa vandamálið, þ.m.t., ef hægt er, að vísa vandamálinu eða flytja það til annars viðkomandi upplýsinganets eða netkerfis sem sér um úrlausn vandamála eða viðkomandi lögbærs landsyfirvalds.
4. Innan 10 vikna frá þeim degi sem málið er opnað ætti kvartandanum að berast lausn á vandamáli sínu, sem gæti falið í sér skýringu á gildandi lögum Sambandsins. Í undantekningartilvikum, og einkum þegar lausn er í sjónmáli eða ef um er að ræða kerfislægt vandamál, má halda málinu opnu fram yfir frestinn, allt að 10 vikum að hámarki, að því tilskildu að kvartandinn fái tilkynningu um það.
5. Upplýsa ætti kvartendur um hve óformlegt SOLVIT er og um þær málsmeðferðarreglur og tímaramma sem gilda. Í þessum upplýsingum ættu að felast upplýsingar um aðrar hugsanlegar leiðir til úrlausna, viðvörðun um að meðferð máls innan SOLVIT feli ekki í sér að hlé verði gert á landsbundnum frestum til áfrýjunar og að lausnir frá SOLVIT séu óformlegar og þeim verði ekki áfrýjað. Einnig ætti að tilkynna kvartendum að þjónusta SOLVIT sé gjaldfrjáls. Tilkynna ætti kvartendum reglulega um stöðu máls þeirra.
6. Málsmeðferð innan SOLVIT er óformleg og kemur ekki í veg fyrir að kvartandi megi hefja formlega málsmeðferð á landsbundnum vettvangi, en það mun leiða til þess að SOLVIT-málinu verði lokað.
7. Þegar fengist hefur fullnægjandi niðurstaða ætti að ráðleggja kvartandanum um hvað hann þarf að gera til að færa sér í nyt fyrirhugaða lausn.
8. Jafnskjótt og ljóst verður að mál verði ekki leyst innan SOLVIT ætti að loka því og tilkynna kvartandanum um það án tafar. Í slíku tilviki ætti SOLVIT einnig að ráðleggja kvartandanum um aðrar mögulegar leiðir til úrlausnar á landsbundnum vettvangi eða á vettvangi Sambandsins. Þegar SOLVIT-stöðvar ráðleggja kvartendum að leggja kvörtun fyrir framkvæmdastjórnina ættu þær að hvetja þá til að vísa til fyrri málsmeðferða hjá SOLVIT (með því að gefa upp tilvísunarnúmer og stutta samantekt á málsmeðferðinni). Tilkynna ætti framkvæmdastjórninni kerfisbundið um óleyst mál í gegnum gagnagrunninn.

9. Eftir að málinu hefur verið lokað ætti að hvetja kvartendur til að veita endurgjöf um meðferð málsins af hálfu SOLVIT.

IV. SKIPULAGNING SOLVIT-STÖÐVA

1. SOLVIT-stöð ætti að vera í hverju aðildarríki.
2. Til þess að tryggja að SOLVIT-stöðvar geti sinnt þeim verkefnum sem eru tilgreind í þessum tilmælum ættu aðildarríkin að sjá til þess að SOLVIT-stöðvarnar:
 - a) hafi nægilega margt, vel þjálfað starfsfólk með virka kunnáttu í fleiri en einu Sambandstungumáli, þar sem þörf er á, til að tryggja skjót og gagnsæ samskipti við aðrar SOLVIT-stöðvar,
 - b) hafi fullnægjandi lögfræðilega sérþekkingu á eða viðeigandi reynslu af beitingu laga Sambandsins til þess að geta framkvæmt sjálfstætt lögfræðilegt mat á málum,
 - c) séu í þeim hluta landsbundinnar stjórnsýslu sem hefur fullnægjandi heimildir til samræmingar til að geta tryggt rétta framkvæmd Sambandslaga innan stjórnsýslu sinnar,
 - d) geti komið á netkerfi innan landsbundinnar stjórnsýslu til þess að hafa aðgang að þeirri tilteknu lagalegu sérþekkingu og stuðningi sem þarf til þess að finna hagnýtar lausnir á málum.

V. SOLVIT-MÁLSMEDFERÐ

A. Meginreglur sem gilda um meðferð SOLVIT-mála

1. Tvær SOLVIT-stöðvar ættu að fara með öll SOLVIT-mál, heimastöð og úrlausnarstöð.
2. Heimastöð og úrlausnarstöð ættu að starfa saman með opnum og gagnsægjum hætti í því augnamiði að finna skjótar og skilvirkar lausnir fyrir kvartendur.
3. Heimastöð og úrlausnarstöð ættu að koma sér saman um hvaða tungumál þær hyggjast nota í samskiptum sín á milli, með það að markmiði að leysa vandamál eftir óformlegum leiðum eins fljótt og vel og kostur er og tryggja gagnsæi og skýrslugjöf.
4. Öll vandamál sem berast, mat sem SOLVIT-stöðvar framkvæma sem tengjast málinu, ráðstafanir sem eru gerðar og niðurstöður sem lagðar eru til ætti að skrá í SOLVIT-gagnagrunninn með skýrum hætti og ítarlega. Þegar mál felur í sér kerfislæg vandamál ætti að merkja það á þá leið í gagnagrunninum svo að framkvæmdastjórnin geti með kerfisbundnum hætti fylgst með slíkum málum.
5. Allar lausnir sem eru lagðar til þurfa alltaf að vera í fullu samræmi við lög Sambandsins.
6. SOLVIT-stöðvar ættu að fara eftir þeim ítarlegu reglum um meðferð SOLVIT-mála sem settar eru fram í handbókinni um meðferð SOLVIT-mála og framkvæmdastjórnin mun endurskoða reglulega í samvinnu við SOLVIT-stöðvarnar.

B. Heimastöð

1. Heimastöðin ætti að skrá öll lagaleg vandamál sem henni berast hvort sem þau uppfylla skilyrði sem SOLVIT-mál eða ekki.
2. Þegar heimastöðin hefur samþykkt að taka að sér kvörtun sem SOLVIT-mál ætti hún að stofna fullgerða skrá fyrir málið og framkvæma lagalega heildargreiningu á vandamálinu áður en hún leggur það fyrir úrlausnarstöðina.
3. Þegar henni berst tillaga að lausn frá úrlausnarstöðinni, þ.m.t. skýring á gildandi lögum Sambandsins, ætti hún að kanna hvort lausnin sé í samræmi við lög Sambandsins.
4. Heimastöðin ætti að sjá kvartandanum fyrir tímanlegum og viðeigandi upplýsingum á viðeigandi stigum málsmeðferðarinnar.

C. Úrlausnarstöð

1. Úrlausnarstöðin ætti að staðfesta að hún taki við málinu innan viku eftir að heimastöðin leggur það fyrir.
2. Úrlausnarstöð ætti að miða að því að finna lausnir fyrir kvartendur, þ.m.t. skýringu á gildandi lögum Sambandsins og ætti að tilkynna heimastöðinni reglulega um framvinduna.
3. Ef vandamálið sem kvartandi leggur fram er kerfislegt vandamál ætti úrlausnarstöðin að meta eins fljótt og unnt er hvort hægt sé að leysa vandamálið með SOLVIT-málsmeðferð. Ef hún telur að það sé ekki hægt ætti hún að loka málinu sem óleystu máli og tilkynna það viðeigandi landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á réttri framkvæmd laga Sambandsins í því aðildarríki, til þess að tryggja að viðkomandi brot á lögum Sambandsins verði stöðvað með skilvirkum hætti. Einnig ætti að tilkynna það framkvæmdastjórninni í gegnum gagnagrunninn.

VI. HLUTVERK FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

1. Framkvæmdastjórnin aðstoðar og styður starfsemi SOLVIT með því að:
 - a) skipuleggja þjálfunarnámskeið og viðburði innan netkerfisins reglulega í samvinnu við innlendar SOLVIT-stöðvar,
 - b) skrifa og uppfæra SOLVIT-handbók um meðferð mála í samvinnu við innlendar SOLVIT-stöðvar,
 - c) veita aðstoð við meðferð mála að beiðni SOLVIT-stöðva. Í flóknum málum getur það falið í sér að veita óformlega lögfræðiráðgjöf. Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar ættu að svara beiðnum um óformlega lögfræðiráðgjöf innan tveggja vikna. Slík ráðgjöf er eingöngu óformleg og ekki hægt að líta svo á að hún sé bindandi fyrir framkvæmdastjórnina,

- d) hafa umsjón með og viðhalda SOLVIT-gagnagrunninum og opinberu viðmóti og láta í té sérstaka þjálfun og efni til að auðvelda SOLVIT-stöðvunum notkun þeirra,
- e) hafa eftirlit með gæðum og frammistöðu SOLVIT-stöðva og málum sem þær hafa til meðferðar. Í málum sem fela í sér kerfislægt vandamál mun framkvæmdastjórnin fylgjast grannt með málinu og, þar sem þörf er á, veita ráð og aðstoð til að tryggja að kerfislæga vandamálið verði stöðvað. Framkvæmdastjórnin mun íhuga hvort óleyst kerfislæg vandamál þurfi frekari eftirfylgni við,
- f) tryggja viðeigandi samskipti milli SOLVIT, CHAP⁽¹⁾ og EU Pilot-verkefnisins⁽²⁾ til þess að tryggja viðeigandi eftirfylgni óleystra SOLVIT-mála, fylgjast með kerfislægum málum og komast hjá tvíverknadi við meðferð kvartana,
- g) upplýsa SOLVIT-stöðvar, að beiðni þeirra, um eftirfylgni framkvæmdastjórnarinnar með óleystum málum þegar kvörtun hefur verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

2. Eftir því sem við á getur framkvæmdastjórnin vísað kvörtunum, sem henni hafa borist, til SOLVIT með það fyrir augum að finna skjóta og óformlega lausn, með fyrirvara um samþykki kvartandans.

VII. GÆÐAEFTIRLIT OG SKÝRSLUGJÖF

1. SOLVIT-stöðvar ættu reglulega að gera gæðakannanir á málum sem þær fara með sem heimastöð og úrlausnarstöð eins og lýst er nákvæmlega í handbókinni um meðferð mála.
2. Þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar munu reglulega sjá um heildargæðakannanir á öllum málum og beina hugsanlegum vandamálum til hlutaðeigandi SOLVIT-stöðva sem ættu að grípa til viðeigandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum sem komið hafa í ljós.
3. Framkvæmdastjórnin mun reglulega gefa skýrslu um gæði og frammistöðu SOLVIT. Hún mun einnig gefa skýrslu um þær tegundir vandamála sem SOLVIT hafa borist og þau mál sem fá meðferð innan SOLVIT í því skyni að skilgreina leitni og bera kennsl á þau vandamál sem enn eru fyrir hendi á innri markaðnum. Innan þessa skýrslugjafarramma mun framkvæmdastjórnin gefa sérstaka skýrslu um kerfislæg mál.

VIII. SÝNILEIKI NETKERFISINS

1. Framkvæmdastjórnin mun breiða út þekkingu og upplýsingar um notkun á SOLVIT-kerfinu meðal evrópskra

hagsmunasamtaka og stofnana Sambandsins og mun bæta aðgengi og sýnileika SOLVIT á Netinu.

2. Aðildarríki ættu að tryggja að auðvelt sé að nálgast notendavænar upplýsingar og að þjónusta SOLVIT sé aðgengileg, sér í lagi á öllum viðkomandi vefsetrum opinberrar stjórnsýslu.
3. Aðildarríki ættu einnig að grípa til aðgerða til að vekja hagsmunaaðila til vitundar um SOLVIT. Framkvæmdastjórnin mun veita aðstoð við slíkar aðgerðir.

IX. SAMSTARF VIÐ ÖNNUR NETKERFI OG TENGILIÐI

1. Til að tryggja að kvartendur fái skilvirka hjálp ættu SOLVIT-stöðvar að vera í samstarfi við önnur evrópsk og innlend upplýsinga- og hjálparnetkerfi, s.s. Þína Evrópu (Your Europe), Evrópska upplýsingaþjónustu (Europe Direct), Þína Evrópu – ráðgjöf, EEN-netið (Enterprise Europe Network), evrópskar neytendamiðstöðvar (European Consumer Centres), EURES-netið, kvörtunarnet gegn fjármálaþjónustuaðilum (Fin-net) og Evrópunet umboðsmanna. SOLVIT-stöðvar ættu einnig að koma á góðu vinnusambandi við viðkomandi landsfulltrúa framkvæmdaráðs um samræmingu almannatryggingakerfa til að auðvelda skilvirka meðferð mála er varða almannatryggingar.
2. SOLVIT-stöðvar ættu að vera í reglulegu sambandi við innlenda tengiliði EU Pilot-verkefnisins og vinna náið með þeim til þess að tryggja fullnægjandi upplýsingaskipti um mál og kvartanir sem hafa borist.
3. Framkvæmdastjórnin mun auðvelda slíkt samstarf með því, m.a., að skipuleggja sameiginlega viðburði innan netkerfisins og koma á tæknilegum leiðum til tengingar við netkerfi og tengiliði eins og þau sem tilgreind eru í 1. lið⁽³⁾.

X. VERND PERSÓNUUPPLÝSINGA OG TRÚNAÐARKVAÐIR

Reglugerðin um IM-upplýsingakerfið gildir um vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar þessi tilmæli, þ.m.t. kröfur um gagnsæi og réttindi skráðra aðila. Í samræmi við þá reglugerð ætti eftirfarandi að gilda:

1. Kvartendur ættu að geta lagt kvartanir fyrir SOLVIT um opinbert viðmót, sem tengist upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn og sem framkvæmdastjórnin leggur þeim til. Kvartendur hafa ekki aðgang að SOLVIT-gagnagrunninum.
2. Heima- og úrlausnarstöðvar ættu að hafa aðgang að SOLVIT-gagnagrunninum og ættu að geta fengist við mál, sem þær eru með til meðferðar, gegnum þennan gagnagrunn. Í því felst aðgangur að persónuupplýsingum kvartandans.

⁽¹⁾ Kerfi framkvæmdastjórnarinnar fyrir skráningu kvartana (Complaint handling/Accueil des plaignants).

⁽²⁾ COM(2007) 502, lokagerð.

⁽³⁾ Þegar tilmæli þessi eru samþykkt hefur tæknilegum tengileiðum verið komið á við Þína Evrópu –ráðgjöf og eru í þróun við Evrópsku upplýsingaþjónustuna.

3. Aðrar SOLVIT-stöðvar, sem koma ekki að tilteknu máli, og framkvæmdastjórnin ættu aðeins að hafa lesaðgang að nafnlausum upplýsingum um málið.
 4. Heimastöðin ætti að öllu jöfnu að veita úrlausnarstöðinni upplýsingar um kvartanda til að greiða fyrir úrlausn vandamálsins. Gera ætti kvartanda grein fyrir þessu þegar í upphafi málsmeðferðar og gefa honum færi á að bera fram andmæli, en fari svo skal hann njóta nafnleyndar.
 5. Úrlausnarstöðin og viðkomandi opinber yfirvöld sem hafa með kvörtunina að gera ættu eingöngu að nota upplýsingarnar sem kvartandinn veitir í því skyni að reyna að leysa málið. Opinberir starfsmenn sem fjalla um málið skulu eingöngu vinna persónuupplýsingarnar í þeim tilgangi sem þær voru sendar. Einnig ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til verndar viðkvæmum viðskiptaupplýsingum sem ekki fela í sér persónuupplýsingar.
 6. Einungis er hægt að flytja mál til annars netkerfis eða stofnunar, sem sér um úrlausn vandamála, með samþykki kvartandans.
 7. Starfsfólk framkvæmdastjórnarinnar ætti einungis að hafa aðgang að persónuupplýsingum kvartanda þegar nauðsyn krefur í því skyni:
 - a) að forðast samhliða meðferð á sama vandamáli sem lagt er fyrir framkvæmdastjórnina eða aðra stofnun Sambandsins með annarri málsmeðferð,
 - b) að bjóða óformlega lögfræðiráðgjöf í samræmi við VI. þátt,
 - c) að ákveða hugsanlega eftirfylgni mála sem þegar hafa fengið meðferð hjá SOLVIT,
 - d) að leysa tæknivandamál varðandi SOLVIT-gagnagrunninn.
 8. Hindra ætti aðgang að persónuupplýsingum sem tengjast SOLVIT-málum í upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn áttján mánuðum eftir að SOLVIT-máli er lokað. Nafnlausar lýsingar á SOLVIT-málum ættu að vera áfram í SOLVIT-gagnagrunninum og má nota þær í tölfraðilegum tilgangi og í tengslum við skýrslugjöf og stefnumótun.
- XI. ÖNNUR ÁKVÆÐI**
- Þessi tilmæli koma í stað tilmæla 2001/893/EB. Líta ætti á allar tilvísanir í tilmæli 2001/893/EB sem tilvísanir í þessi tilmæli.
- XII. UPPHAF GILDISTÍMA OG VIÐTAKENDUR**
- Tilmæli þessi gilda frá 1. október 2013.
- Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.
- Gjört í Brussel 17. september 2013.
- Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*
Michel BARNIER
framkvæmdastjóri.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 359/2014****2017/EES/17/02****frá 9. apríl 2014****um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar skrá yfir
lönd sem um getur í 9. gr. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 97/78/EB er mælt fyrir um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Sambandsins frá þriðju löndum.
- 2) Í 1. mgr. 19. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að taka saman skrá yfir plöntuafurðir sem eiga að sæta heilbrigðiseftirliti dýralæknis við landamæri og skrá yfir þau þriðju lönd sem mega flytja þessar plöntuafurðir til Sambandsins.
- 3) Í samræmi við það eru hey og hálmur skráð í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 ⁽²⁾ sem plöntuafurðir sem falla undir heilbrigðiseftirlit dýralæknis við landamæri en í I. hluta V. viðauka við þá reglugerð er skrá yfir lönd þaðan sem aðildarríkjum er heimilt að flytja inn hey og hálm.
- 4) Reglugerð (EB) nr. 136/2004 var samþykkt fyrir gildistöku aðildarsáttmálans frá 2003. Í II. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 135/2004 er skrá yfir inngönguríki sem átti við til 30. apríl 2004. Af þessum sökum er hvorki lengur nauðsynlegt að viðhalda II. hluta V. viðauka né skiptingu V. viðauka í tvo hluta.
- 5) Fyrir skýrleika sakir ætti að bæta ISO-kóða landsins við í V. viðauka.
- 6) Serbía hefur nýlega óskað eftir leyfi til útflutnings á heyi og hálm til Sambandsins.
- 7) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ⁽³⁾ er Serbía skráð sem land þaðan sem innflutningur til Sambandsins á sendingum af nýju kjöti af nautgripum, sauðfé og geitum og af tömdum hófdýrum er leyfður.
- 8) Þó að ekki sé leyfilegt að flytja lifandi hóf- og klaufdýr frá Serbíu inn til Sambandið má leyfa aðflutning heys og hálm þar eð dýraheilbrigðisástandið í Serbíu skapar ekki áhættu á dreifingu smitandi dýrasjúkdóma gegnum þessar plöntuafurðir sem gætu hafa komist í snertingu við lifandi dýr.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 136/2004 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 107, 10.4.2014, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. apríl 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND SEM UM GETUR Í 9. GR.

ISO-kóði	Land
AU	Ástralía
BY	Hvíta-Rússland
CA	Kanada
CH	Sviss
CL	Síle
GL	Grænland
IS	Ísland
NZ	Nýja-Sjáland
RS	Serbía ⁽¹⁾
US	Bandaríki Ameríku
ZA	Suður-Afríku (að undanskildum þeim hluta gin- og klaufaveikivarnasvæðisins sem er í dýralæknaumdæmi Norður- og Austur-Transvaal, í Ingwavuma-héraði í Natal-dýralæknaumdæminu og á svæðinu við landamærin að Botswana, austan 28. lengdargráðu)

(¹) Eins og um getur í 135. gr. stöðugleika- og samstarfssamningsins milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og Lýðveldisins Serbiu hins vegar (Stjtíð. ESB L 278, 18.10.2013, bls. 16).“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 494/2014****2017/EES/17/03****frá 13. maí 2014****um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar
innflutningsskilyrði og skrá yfir lönd sem um getur í 9. gr. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 97/78/EB er mælt fyrir um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Sambandsins frá þriðju löndum.
- 2) Í 1. mgr. 19. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi að taka saman skrá yfir plöntuafurðir sem eiga að sæta heilbrigðiseftirliti dýralæknis við landamæri og skrá yfir þau þriðju lönd sem mega flytja þessar plöntuafurðir til Sambandsins.
- 3) Í samræmi við það eru hey og hálmur skráð í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 ⁽²⁾ sem plöntuafurðir sem falla undir heilbrigðiseftirlit dýralæknis við landamæri en í I. hluta V. viðauka við þá reglugerð er skrá yfir lönd þaðan sem aðildarríkjum er heimilt að flytja inn hey og hálm.
- 4) Úkraína hefur nýlega óskað eftir leyfi til flytja hálmkögglum út til Sambandsins og hefur óskað eftir að verða fært í skrána í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004.
- 5) Hvíta-Rússland er nú þegar skráð í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 og er heimilt að flytja hvers kyns hey og hálm inn til Sambandsins. Sum aðildarríki hafa hins vegar lýst áhyggjum í tengslum við breytt dýraheilbrigðisástand í Hvíta-Rússlandi með vísan til uppkomu afríkuvínapestar. Þau óttast að útflutningur á óunnu heyi og hálm frá þessu þriðja landi geti stefnt dýraheilbrigðisástandi í Sambandinu í mikla hættu. Því hefur verið óskað eftir innleiðingu varúðarráðstafana með samþykkt strangari innflutningsskilyrða fyrir hey og hálm frá Hvíta-Rússlandi.
- 6) Greining sýnir að ástand dýraheilbrigðis í Hvíta-Rússlandi og Úkraínu skapar ekki áhættu á útbreiðslu smitandi dýrasjúkdóma í Sambandinu ef einungis er veitt leyfi fyrir innflutningi á hálmkögglum, sem eru ætlaðir til brennslu, að því tilskildu að þeir séu afhentir beint frá samþykktari skoðunarstöð á landamærum við komu til Sambandsins til viðtökustöðvarinnar þar sem þeir verða brenndir. Til að tryggja að slíkar sendingar skapi ekki áhættu fyrir dýraheilbrigði ef þær fara annað en á fyrirhugaðan ákvörðunarstað þarf að flytja þær samkvæmt umflutningstollareglum, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 ⁽³⁾, og vakta þær í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfinu um heilbrigði dýra og dýraafurða (TRACES-kerfinu) til samræmis við það frá viðurkenndu skoðunarstöðinni á landamærum við komu til Sambandsins til viðtökustöðvarinnar.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 136/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjttíð. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um tollalög Bandalagsins (Stjttíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR LÖND SEM UM GETUR Í 9. GR.

ISO-kóði	Land
AU	Ástralía
BY	Hvíta-Rússland ⁽¹⁾
CA	Kanada
CH	Sviss
CL	Síle
GL	Grænland
IS	Ísland
NZ	Nýja-Sjáland
RS	Serbía ⁽²⁾
UA	Úkraína ⁽¹⁾
US	Bandaríkin
ZA	Suður-Afríka (að undanskildum þeim hluta gin- og klaufaveikivarnasvæðisins sem er í dýralæknaumdæmi Norður- og Austur-Transvaal, í Ingwavuma-héraði í Natal-dýralæknaumdæminu og á svæðinu við landamærin að Botswana, austan 28. lengdargráðu)

(¹) Eingöngu hálmkögglar sem ætlaðir eru til brennslu sem eru afhentir beint samkvæmt umflutningstollareglum eins og kveðið er á um í b-lið 16. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92 (Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1) með vöktun í TRACES-kerfinu frá samþykktri skoðunarstöð á landamærum við komu til Sambandsins til viðtökustöðvar í Sambandinu þar sem þeir verða brenndir.

(²) Eins og um getur í 135. gr. stöðugleika- og samstarfssamningsins milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra annars vegar og Lýðveldisins Serbíu hins vegar (Stjtið. ESB L 278, 18.10.2013, bls. 16).“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 636/2014****2017/EES/17/04****frá 13. júní 2014****um fyrirmynd að vottorði fyrir viðskipti með óflegin, stór, villt veiðidýr (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Í henni er m.a. kveðið á um kröfur um framleiðslu og setningu kjöts af villtum veiðidýrum á markað. Stjórnendur matvæla-fyrirtækja eiga að tryggja að slíkt kjöt sé aðeins sett á markað ef það er framleitt í samræmi við IV. þátt III. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er einnig kveðið á um gerð fyrirmynda að vottorðum sem fylgja sendingum afurða úr dýraríkinu.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 633/2014 ⁽²⁾ um breytingu á III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um að senda megi óflegin, stór, villt veiðidýr á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr í öðru aðildarríki ef þeim fylgir, meðan á flutningi til þessarar starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr stendur, vottorð sem tryggir samræmi við IV. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- 4) Til að greiða fyrir viðskiptum með óflegin, stór, villt veiðidýr er rétt að kveða á um fyrirmynd að vottorði vegna viðskipta milli aðildarríkja.
- 5) Vegna þess að óflegnir skrokkar stórra, villtra veiðidýra geta borið með sér sýkla sem valda sjúkdómum í dýrum ætti ekki að fanga þau á svæðum sem sæta banni eða takmörkun af heilbrigðisástæðum sem hafa áhrif á umræddar tegundir í samræmi við löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf. Viðskipti með óflegna villisvínnskrokka mega einungis fara fram með fyrirvara um framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/764/ESB ⁽³⁾.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. L. 175, 14.6.2014, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stj. L. 139, 30.4.2004, bls. 55.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 633/2014 frá 13. júní 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 að því er varðar sértækar kröfur varðandi meðhöndlun stórra villtra veiðidýra og skoðun villtra veiðidýra eftir slátrun (Stj. L. 175, 14.6.2014, bls. 6).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/764/ESB frá 13. desember 2013 um varnarástafanir vegna heilbrigðis dýra í tengslum við svínapest í tilteknum aðildarríkjum (Stj. L. 338, 17.12.2013, bls. 102).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sendiingum með óflegin, stór, villt veiðidýr, sem eru sendar til aðildarríkja, skal fylgja vottorð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum.

Í vottorðinu skal staðfesta að skrifleg yfirlýsing um athugun þjálfaðs einstaklings, eftir því sem við á, og viðeigandi skrokkhlutar fylgi sendingunni í samræmi við 4. lið, eftir því sem við á, í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI FYRIR VIÐSKIPTI MEÐ ÓFLEGIN, STÓR, VILLT VEIÐIDÝR

EVROPUSAMBANDIÐ

Vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins

I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Land		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a Tilvísunarnúmer staðar			
			I.3. Lögbært stjórnvald					
			I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Land		/					
	I.8. Upprunaland	ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði	Kóði	I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði	Kóði
	I.12. Upprunastaður Starfsstöð <input type="checkbox"/> Heiti Samþykki Heimilisfang Póstnúmer/svæði				I.13. Viðtökustaður Starfsstöð <input type="checkbox"/> Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer/svæði			
	/		I.15. Brottfarardagur og -tími					
	I.16. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning: Nr:		/					
	I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (SN-númer)			
							I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/>						I.22. Fjöldi pakkninga		
/						I.24. Tegund umbúða		
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til manneldis <input type="checkbox"/>								
/				I.27. Umflutningur um aðildarríki <input type="checkbox"/> Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði				
/				/				
/				/				
I.31. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti)		Auðkennismerking:		Magn				

EVROPUSAMBANDIÐ

Óflegin, stór, villt veiðidýr

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
<p>Ég, undirrituð/undirritaður, votta hér með að:</p> <ul style="list-style-type: none"> – Allir viðeigandi skrokkhlutar dýranna og yfirlýsingin fullnægja kröfunum sem mælt er fyrir um í 4. lið II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. – Stóra, villta veiðidýrið var ekki fangað á svæði sem sætir banni eða takmörkun af heilbrigðisástæðum sem hafa áhrif á umræddar tegundir í samræmi við löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf. <p>Athugasemdir</p> <p>I. hluti:</p> <ul style="list-style-type: none"> – Reitur I.12: Tilgreina skal skráningarnúmer eða annað auðkennisnúmer, ef það á ekki við skal setja „XXX“. – Reitur I.13: Tilgreina skal upplýsingar um starfsstöðina sem meðhöndlar veiðidýr. – Reitur I.19: Nota skal eitt af viðeigandi SN-númerum 0203 11 90, 0203 21 90, 0208 90 30, 0208 90 60 og 0208 90 98. – Reitur I.2: Vottun til manneldis er háð jákvæðri niðurstöðu opinberrar skoðunar á starfsstöðinni sem meðhöndlar veiðidýr. <p>II. hluti:</p> <p>Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaði textinn.</p>		
<p>Opinber dýralæknir</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Staðbundin dýralæknaeining:</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:</p> <p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Númer staðbundinnar dýralæknaeiningar:</p> <p>Undirskrift:</p>		

II. hluti: Vottorð

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1096****2017/EES/17/05****frá 6. júlí 2016**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar kröfur varðandi setningu á markað á sendingum af tilteknum fisktegundum sem ætlaðar eru aðildarríkjum eða hlutum þeirra sem falla undir landsráðstafanir er varða alfaveiru í laxfiskum (SAV) og voru samþykktar með ákvörðun 2010/221/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 43. gr. og 3.mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ⁽²⁾ er mælt fyrir um skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra á markað og innflutning þeirra til aðildarríkja eða hluta þeirra sem falla undir landsráðstafanir sem voru samþykktar samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB ⁽³⁾.
- 2) Ákvörðun 2010/221/ESB gerir þeim aðildarríkjum, sem skráð eru í I. eða II. viðauka við hana, kleift að setja fram kröfur um setningu fisktegunda, sem eru smitnæmar fyrir alfaveiru í laxfiskum (SAV), á markað og innflutning þeirra til svæða sem talið er að séu laus við þennan sjúkdóm eða falla undir viðurkennda eftirlitsáætlun. Sendingar af fiski af tegundum sem eru smitnæmar fyrir alfaveiru í laxfiski, sem eru ætlaðar til eldis, á umlagingsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna, sem fluttar eru til slíkra aðildarríkja eða hluta þeirra, ættu að koma frá svæðum þar sem heilbrigðisástandið er sambærilegt og þeim ætti að fylgja dýraheilbrigðisvottorð til staðfestingar á að þær uppfylli þessar kröfur.
- 3) Til að tryggja að farið sé að þessum kröfum er rétt að fyrirmynd að heilbrigðisvottorði, sem sett er fram í A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, innihaldi tilvísun í alfaveiru í laxfiskum.
- 4) Í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er skrá yfir tegundir sem eru næmar fyrir sjúkdómum sem landsráðstafanir hafa verið samþykktar fyrir samkvæmt ákvörðun 2010/221/ESB. Í heilbrigðisreglum um lagardýr og handbók um greiningarprófanir á lagardýrum, sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur samþykkt, eru atlantshafslax (*Salmo salar*), regnbogasilungur (*Oncorhynchus mykiss*) og urriði (*Salmo trutta*) sem stendur skráðir sem tegundir sem eru smitnæmar fyrir alfaveiru í laxfiskum. Í þágu lagalegs skýrleika, að því er varðar gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1251/2008, ætti að fella tilvísun í alfaveiru í laxfiskum og fisktegundir, sem eru næmar fyrir þessari veiru, inn í C-hluta II. viðauka við þá reglugerð.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.
- 6) Rétt þykir að gefa aðildarríkjunum og iðnaðinum nægan tíma til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 182, 7.7.2016, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjútíð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinn sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB (Stjútíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað A- og C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað A-hluta komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði til notkunar við setningu lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagingsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

EVROPUSAMBANDIÐ

Vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins

I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1. Sendandi		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar		
	Heiti		I.3. Lögbært stjórnvald			
	Heimilisfang		I.4. Lögbært staðaryfirvald			
	Póstnúmer					
	I.5. Viðtakandi		I.6.			
	Heiti		I.7.			
	Heimilisfang					
	Póstnúmer					
	I.8. Upprunaland	ISO-kóði	I.9.	I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11.
	I.12. Upprunastaður	Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/>		I.13. Ákvörðunarstaður		Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/>
	Annað <input type="checkbox"/>				Annað <input type="checkbox"/>	
Heiti	Samþykkisnúmer		Heiti	Samþykkisnúmer		
Heimilisfang			Heimilisfang			
Póstnúmer			Póstnúmer			
I.14. Fermingarstaður			I.15. Brottfarardagur og -tími			
Póstnúmer						
I.16. Flutningatæki			I.17. Flutningsaðili			
Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbautarvagn <input type="checkbox"/>			Heiti			
Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>			Heimilisfang			
Auðkenning			Póstnúmer			
			Aðildarríki			
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)			
			I.20. Magn			
I.21.			I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða			

I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til undaneldis <input type="checkbox"/> Til endurnýjunar veiðidýrastofns <input type="checkbox"/> Til umlagningar <input type="checkbox"/> Sem gæludýr <input type="checkbox"/> Í sóttkví <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>	
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land <input type="checkbox"/> Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði Komustaður Nr. skoðunarstöðvar á landamærum	I.27. Umflutningur gegnum aðildarríki <input type="checkbox"/> Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði
I.28. Útflutningur <input type="checkbox"/> Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði	I.29.
I.30.	
I.31. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti)	Magn

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II. hluti: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	II.1 Almennar kröfur		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:		
	<p>II.1.1 <i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾ [hafa verið skoðuð innan ⁽¹⁾ ⁽²⁾ [72] ⁽¹⁾ [24] klukkustunda frá fermingu og sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni]</p> <p><i>eða</i> ⁽¹⁾ [ef um er að ræða hrogn og lindýr: eru frá eldisstöð eða lindýraeldissvæði þar sem ekkert bendir til að sjúkdómar séu vandamál samkvæmt skráum eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins]</p> <p><i>eða</i> ⁽¹⁾ ⁽³⁾ [ef um er að ræða villt lagardýr: eru klínískt heilbrigð samkvæmt minni bestu vitneskju],</p>		
	II.1.2 eru ekki í banni vegna aukinnar dánartíðni sem ekki hefur fundist skýring á,		
	II.1.3 eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómum,		
	II.1.4 uppfylla kröfur um setningu á markað, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB,		
	II.1.5 ⁽¹⁾ [ef um lindýr er að ræða: sættu einstaklingsbundinni, sjónrænni skoðun á öllum hlutum sendingarinnar og ekki fundust aðrar lindýrategundir en þær sem voru tilgreindar í I. hluta þessa vottorðs.]		
	II.2 ⁽¹⁾ ⁽⁴⁾ ⁽⁵⁾ [Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, marteliuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) og/eða hvítblettaveiki		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan:		
	<p><i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾ ⁽⁶⁾ [eiga uppruna sinn í aðildarríki, svæði eða hólfi, sem lýst hefur verið laust við ⁽¹⁾ [veirublæði] ⁽¹⁾ [iðradrep] ⁽¹⁾ [blóðþorra] ⁽¹⁾ [skjónakarpaherpesveiki] ⁽¹⁾ [marteliuveiki] ⁽¹⁾ [ostruveiki] ⁽¹⁾ [hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]</p> <p><i>eða</i> ⁽¹⁾ ⁽⁵⁾ ⁽⁶⁾ [ef um er að ræða villt lagardýr: hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB].</p>		
	II.3 ⁽¹⁾ ⁽⁷⁾ [Kröfur vegna tegunda sem eru smitferjur fyrir veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, marteliuveiki, ostruveiki (Bonamia ostreae) og/eða hvítblettaveiki		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan, sem líta skal á sem hugsanlegar smitferjur fyrir ⁽¹⁾ [veirublæði] ⁽¹⁾ [iðradrep] ⁽¹⁾ [blóðþorra] ⁽¹⁾ [skjónakarpaherpesveiki] ⁽¹⁾ [marteliuveiki] ⁽¹⁾ [ostruveiki (Bonamia ostreae)] ⁽¹⁾ [hvítblettaveiki] þar eð þær eru á meðal tegunda sem eru taldar upp í 2. dálki og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008:		
	<p><i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾ ⁽⁶⁾ [eiga uppruna sinn í aðildarríki, svæði eða hólfi, sem lýst hefur verið laust við ⁽¹⁾ [veirublæði] ⁽¹⁾ [iðradrep] ⁽¹⁾ [blóðþorra] ⁽¹⁾ [skjónakarpaherpesveiki] ⁽¹⁾ [marteliuveiki] ⁽¹⁾ [ostruveiki] ⁽¹⁾ [hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]</p> <p><i>eða</i> ⁽¹⁾ ⁽⁶⁾ ⁽⁷⁾ [hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB.]</p>		
	II.4 Kröfur um flutning og merkingar		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:		
	<p>11.4.1 lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,</p> <p>i. eru geymd við aðstæður, m.a. með tilliti til vatnsgæða, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,</p> <p>ii. standast, eins og við á, almenn skilyrði um flutning dýra, sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005,</p>		

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II.4.2	flutningagámurinn eða brunnbáturinn er hreinn og sóthreinsaður eða hefur ekki verið notaður áður og		
II.4.3	sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum, sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:		
	<i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð til eldis í Evrópusambandinu“],		
	<i>eða</i> ⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt] ⁽¹⁾ [lindýr] sem eru ætluð til umlagningar í Evrópusambandinu“],		
	<i>eða</i> ⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð til notkunar í sleppivötnum í Evrópusambandinu“],		
	<i>eða</i> ⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [skrautfiskar] ⁽¹⁾ [skrautlindýr] ⁽¹⁾ [skrautkrabbadýr] sem eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr í Evrópusambandinu“],		
	<i>eða</i> ⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð til endurnýjunar stofna í Evrópusambandinu“],		
	<i>eða</i> ⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð í sóttkví í Evrópusambandinu“],		
II.5	⁽¹⁾ ⁽⁶⁾ [Vottun fyrir sendingar sem koma frá svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir eins og kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:		
II.5.1	dýrin, sem um getur hér að ofan, eru upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir er varða ⁽¹⁾ [blóðmyndandi drep] ⁽¹⁾ [veirublæði] ⁽¹⁾ [iðradrep] ⁽¹⁾ [blóðþorra] ⁽¹⁾ [skjónakarpaherpes] ⁽¹⁾ [sýkingu af völdum <i>Bonamia exitiosa</i>] ⁽¹⁾ [þerkinsusveiki] ⁽¹⁾ [dvergekornadreyra (<i>Mikrocytos mackini</i>)] ⁽¹⁾ [marteliuveiki] ⁽¹⁾ [ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] ⁽¹⁾ [rauðhala] ⁽¹⁾ [gulhöfðaveiki] ⁽¹⁾ [hvítblettaveiki] ⁽¹⁾ ⁽⁶⁾ [eftirfarandi nýtilkominn sjúkdóm:],		
II.5.2	setja má dýrin, sem um getur hér að ofan, á markað samkvæmt varnarráðstöfununum sem mælt er fyrir um og		
II.5.3	sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum, sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu: „ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir.“]		
II.6	⁽¹⁾ ⁽¹⁰⁾ [Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi, sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki) og sýkingu af völdum alfaveiru í laxfiskum		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,		
	<i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾ [eiga uppruna sinn í aðildarríki eða hluta aðildarríkis:		
	a) þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um ⁽¹⁾ [vorveiru í vatnakarpa] ⁽¹⁾ [roðflyðrusýki] ⁽¹⁾ [nýrnaveiki] ⁽¹⁾ [brisdrep] ⁽¹⁾ [alfaveiru í laxfiskum] og lögbæru yfirvaldi ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,		
	b) þar sem öll lagareldisdýr af tegundum, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómum og flutt eru inn í viðkomandi aðildarríki eða hluta aðildarríkis, uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í lið II.6 í þessu vottorði,		
	c) þar sem tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómum, og		

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	d) <i>annaðhvort</i> (¹) [ef um er að ræða (¹) [brisdrep] (¹) [nýrnaveiki], uppfylla kröfur um sjúkdómaleysi sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]		
	<i>og/eða</i> (¹) [uppfylla kröfur um sjúkdómaleysi sem mælt er fyrir um í viðeigandi staðli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, ef um er að ræða (¹) [vorveiru í vatnakarpa] (¹) [roðflyðrusýki] (¹) [alfaveiru í laxfiskum].]		
	<i>og/eða</i> sem, (¹) [ef um er að ræða (¹) [vorveiru í vatnakarpa] (¹) [brisdrep] (¹) [nýrnaveiki] (¹) [alfaveiru í laxfiskum], nær yfir staka eldisstöð sem undir eftirliti lögbærs yfirvalds:		
	i. hefur verið tæmd, hreinsuð og sótthreinsuð og sett í hvíld í a.m.k. 6 vikur,		
	ii. þar hefur endurnýjun stofna farið fram með dýrum frá svæðum sem lögbært yfirvald hefur vottað að séu laus við viðkomandi sjúkdóm.]]		
<i>og/eða</i>	(¹) [ef um er að ræða villt lagardýr, sem eru smitnæm fyrir (¹) [vorveiru í vatnakarpa] (¹) [brisdrep] (¹) [nýrnaveiki] (¹) [alfaveiru í laxfiskum], sem hafa verið sett í sóttkví við aðstæður sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er um fyrir í ákvörðun 2008/946/EB.]		
<i>og/eða</i>	(¹) [ef um er að ræða sendingar sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um sem hafa, rétt fyrir setningu á markað, verið 14 daga samfleytt í vatni þar sem seltan er a.m.k. 25 prómill og engin önnur lífandi lagardýr af tegundum, sem eru næmar fyrir roðflyðrusýki, hafa verið flutt þangað á tímabilinu.]		
<i>og/eða</i>	(¹) [ef um er að ræða augnhrogn, sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um, og sem hafa verið sótthreinsuð með aðferð sem sýnt hefur verið fram á að sé árangursrik gegn roðflyðrusýki.]]		
II.7	(¹) (¹¹) [Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir OsHV-1 þvar		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,		
<i>annaðhvort</i>	(¹) [eiga uppruna sinn í aðildarríki eða hólfi:		
	a) þar sem ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um OsHV-1 þvar og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,		
	b) þar sem öll lagareldisdýr af tegundum, sem eru næmar fyrir OsHV-1 þvar og flutt eru inn í það aðildarríki eða hólf, eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í lið II.7 í þessu vottorði,		
	c) <i>annaðhvort</i> (¹) [þar sem farið er að kröfum um sjúkdómaleysi sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar (2006/88/EB),]		
	<i>og/eða</i> (¹) [sem, ef um er að ræða sendingar sem eru ætlaðar fyrir aðildarríki eða hólf sem fellur undir áætlun sem var samþykkt með ákvörðun 2010/221/ESB, falla einnig undir eftirlitsáætlun sem samþykkt var með ákvörðun 2010/221/ESB.]]		
<i>og/eða</i>	(¹) hafa verið sett í sóttkví samkvæmt skilyrðum sem a.m.k. jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.]]		
Athugasemdir			
I. hluti:			
—	Reitur I.12: Ef við á skal nota leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis. Merkið við „annað“ ef um villt lagardýr er að ræða.		
—	Reitur I.13: Ef við á skal nota leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis. Merkið við „annað“ ef þau eru ætluð til endurnýjunar stofna.		
—	Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-númer: 0301, 0306, 0307, 030110 eða 030270.		
—	Reitir I.20 og I.31: Magnið er gefið upp sem heildarföldi.		
—	Reitur I.25: Merkið við „Til undaneldis“, ef dýrin eru ætluð til eldis, „Til umlagningar“, ef þau eru ætluð til umlagningar, „Sem gæludýr“, ef þau eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr, „Til endurnýjunar veiðidýrastofns“, ef þau eru ætluð til endurnýjunar stofna, „Í sóttkví“, ef lagareldisdýrin eiga að fara í sóttkví, og „Annað“, ef þau eiga að fara í sleppivötn.		

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
<p>II. hluti:</p> <p>(¹) Strikið út það sem á ekki við.</p> <p>(²) Valkosturinn fyrir 24 klukkustundir á einungis við um sendingar lagareldisdýra sem vottorð verður að fylgja skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 og sem lögbært yfirvald leyfir, í samræmi við kröfur í tilskipun 2006/88/EB um setningu á markað, að séu flutt út af svæði sem fellur undir eftirlitsákvæði sem kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB, eða frá aðildarríki, svæði eða hólfi með áætlun um útrýmingu sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar. Í öllum öðrum tilvikum á valkosturinn um 72 klukkustundir við.</p> <p>(³) Á einungis við um sendingar lagareldisdýra sem tekin voru úti í náttúrunni og flutt undir eins í eldisstöð eða á lindýraeldissvæði án þess að vera sett í tímabundna geymslu.</p> <p>(⁴) Liður II.2 í þessu vottorði á við um tegundir sem eru næmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Smitnæmar tegundir eru tilgreindar í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.</p> <p>(⁵) Setja má sendingar villtra lagardýra á markað þrátt fyrir kröfurnar, sem settar eru fram í lið II.2 í þessu vottorði, ef dýrin eiga að fara í sóttkví þar sem aðstaðan samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p> <p>(⁶) Til að leyfi fáiast fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólfi sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, marteliuveiki, ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>) eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem komið var á fót í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru næmar eða er smitferjur fyrir sjúkdóm(a) sem sjúkdómaleysið eða áætlunin gildir um. Gögn um sjúkdómsstöðu hvernar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm</p> <p>(⁷) Liður II.3 í þessu vottorði á við um tegundir sem eru smitferjur fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Hugsanlegar smitferjutegundir eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 ásamt því við hvaða skilyrði skuli líta svo á að sendingar slíkra tegunda séu smitferjur. Setja má sendingar tegunda sem eru hugsanlega smitferjur á markað þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.3 ef skilyrðin, sem sett eru fram í 4. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, hafa ekki verið uppfyllt eða ef þær eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p> <p>(⁸) Liður II.5 í þessu vottorði á við um sendingar lagareldisdýra sem vottorð verður að fylgja skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 og sem lögbært yfirvald leyfir, í samræmi við kröfur í tilskipun 2006/88/EB um setningu á markað, að séu flutt út af svæði sem fellur undir eftirlitsákvæði sem kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða frá aðildarríki, svæði eða hólfi með áætlun um útrýmingu sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þeirra tilskipunar.</p> <p>(⁹) Á við þegar ráðstafanir eru gerðar í samræmi við 41. gr. tilskipunar 2006/88/EB.</p> <p>(¹⁰) Liður II.6 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar, sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem talinn er laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep, roðflyðrusýki eða alfaveiru í laxfiskum og sendingin samanstendur af tegundum sem eru taldar upp í C-hluta II. viðauka sem næmar fyrir þeim sjúkdómi eða sjúkdómum sem sjúkdómslaus staðan eða áætlun eða áætlanir gilda um.</p> <p>Liður II.6 skal einnig gilda um sendingar fiska af öllum tegundum, sem eru frá vatnasvæði þar sem fyrir eru tegundir sem eru tilgreindar í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, ef sendingarnar er ætlaðar aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem laus við roðflyðrusýki.</p> <p>Setja má sendingar villtra lagardýra, þar sem kröfur í tengslum við vorveiru í vatnakarpa, alfaveiru í laxfiski, brisdrep og/eða nýrnaveiki eiga við, á markað þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.6 í þessu vottorði ef sendingarnar eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p>		

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
<p>(¹¹) Liður II.7 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar, sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hól sem talið er laust við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi OsHV-1 þvar og sendingin samanstendur af tegundum sem eru taldar upp í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 sem næmar fyrir OsHV-1 þvar.</p> <p>Kröfurnar sem settar eru fram í lið II.7 gilda ekki um sendingar sem eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p>		
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður		
Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:	
Staðbundin dýralæknaeining:	Númer staðbundinnar dýralæknaeiningar:	
Dagsetning:	Undirskrift:	
Stimpill:		

2) Í stað C-hluta komi eftirfarandi:

„C-HLUTI

Skrá yfir tegundir sem eru næmar fyrir sjúkdómum sem landsráðstafanir hafa verið samþykktar fyrir samkvæmt ákvörðun 2010/221/ESB

Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Eðalkarpi (<i>Aristichthys nobilis</i>), gullfiskur (<i>Carassius auratus</i>), grænkarpur (<i>Carassius carassius</i>), graskarpur (<i>Ctenopharyngodon idellus</i>), vatnakarpi og skjónakarpur (<i>Cyprinus carpio</i>), silfurkarpi (<i>Hypophthalmichthys molitrix</i>), fengrani (<i>Silurus glanis</i>), grunnungur (<i>Tinca tinca</i>) og gullgægir (<i>Leuciscus idus</i>)
Nýrnaveiki (BKD)	Ætt: <i>Salmonidae, laxaett</i>
Brisdrepsveira (IPN)	Regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), lindableikja (<i>Salvelinus fontinalis</i>), urriði (<i>Salmo trutta</i>), atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>) og (<i>Oncorhynchus spp.</i>) og tjarnasild (<i>Coregonus lavaretus</i>)
Sýking af völdum alfaveiru í laxfiski	Atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>), regnbogasilungur <i>Oncorhynchus mykiss</i>) og urriði (<i>Salmo trutta</i>)
Sýking af völdum roðflyðrusníkils (<i>Gyrodactylus salaris</i>)	Atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>), regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), bleikja (<i>Salvelinus alpinus</i>), lindableikja (<i>Salvelinus fontinalis</i>), harri (<i>Thymallus thymallus</i>), blettasilungur (<i>Salvelinus namaycush</i>) og urriði (<i>Salmo trutta</i>).
Ostruherpesveira 1 þvar (OsHV-1 þvar)	Risaostra (<i>Crassostrea gigas</i>) ⁴⁴

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/27**2017/EES/17/06****frá 13. janúar 2016****um breytingu á III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda
smitandi heilahrönnunar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrönnunarsjúkdómar] í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 og kafla B í III. viðauka við þá reglugerð leggja aðildarríkin upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina á hverju ári, sem varða vöktun á smitandi svampheilakvilla á yfirráðasvæðum þeirra, og framkvæmdastjórnin leggur samantekt yfir þessar upplýsingar fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður.
- 3) Í kjölfar samkomulags milli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu flyst samantekt og birting árlegrar yfirlitsskýrslu Sambandsins um vöktun og prófanir á jörturdýrum til að athuga hvort þau séu með smitandi svampheilakvilla frá framkvæmdastjórninni til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Því ætti að breyta kafla B í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til að endurspeglar þetta nýja fyrirkomulag.
- 4) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er lagt bann við að fódra tiltekin alidýr á unnum dýrapróttinum, einkum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.
- 5) Samkvæmt ii. lið b-liðar í II. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er auk þess heimilt að nota fiskimjöl og fóðurlöndu sem inniheldur fiskimjöl til að fódra alidýr, sem ekki eru jörturdýr, þ.m.t. lagareldisdýr.
- 6) Í 3. lið A-þáttar í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að unnið dýrapróttin í lausu úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, og fóðurlöndur í lausu, sem innihalda slík próttin, skuli flutt með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á fódri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum. Þar eð leyfilegt er að nota fiskimjöl og fóðurlöndu sem inniheldur fiskimjöl í fóður fyrir öll alidýr, sem ekki eru jörturdýr, ætti þetta ákvæði hvorki að gilda um fiskimjöl né um fóðurlöndu sem inniheldur fiskimjöl. Því ætti að breyta 3. lið A-þáttar í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að útiloka fiskimjöl.
- 7) Í E-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að einungis megi heimila útflutning á unnum dýrapróttinum úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og afurðum, sem innihalda slík próttin, ef þau eru ætluð til notkunar sem ekki er bönnuð samkvæmt þeirri reglugerð og ef skriflegt samkomulag er gert, áður en útflutningur á sér stað, milli lögbærs yfirvalds útflutningsaðildarríkisins eða framkvæmdastjórnarinnar og lögbærs yfirvalds þriðja lands, sem er innflutningsland, sem inniheldur skuldbindingu þriðja lands, sem er innflutningsland, um að taka tillit til fyrirhugaðrar notkunar og að endurútflytja ekki unna dýrapróttini eða afurðirnar, sem innihalda slíkt próttin, til notkunar sem er bönnuð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 8) Þessari kröfu var upphaflega ætlað að hamlar útbreiðslu kúariða þegar kúariða geisaði í Sambandinu og þegar meginland Evrópu var sá heimshluti sem varð fyrir mestum áhrifum af farsóttinni. Ástandið í Sambandinu, að því er varðar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 9, 14.1.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjóð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

kúariðu, hefur þó batnað umtalsvert síðan þá. Á árinu 2013 var tilkynnt um 7 tilvik kúariðu í Sambandinu og á árinu 2014 voru 11 tilvik tilkynnt í samanburði við 2166 tilkynnt tilvik á árinu 2001 og 2124 tilkynnt tilvik á árinu 2002. Þessi framför í Sambandinu að því er varðar kúariðuástandið endurspeglar í þeirri staðreynd að nú eru 20 aðildarríki Sambandsins viðurkennd sem ríki þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽¹⁾, eins og henni var breytt.

- 9) Því ætti að fella brott kröfuna, sem mælt er fyrir um í E-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, þar sem kveðið er á um þá skyldu að gera skriflegt samkomulag við þriðja land, sem er viðtökuland, sem forsendu fyrir útflutningi á unnu dýrapróttíni, sem er ekki úr jörturdýrum, og afurðum sem innihalda slík próttín, og bannið við notkun þessara afurða til að fódra alidýr í þriðju löndum, að undanskildum lagareldisdýrum.
- 10) Í D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um skilyrði fyrir framleiðslu og notkun á unnu dýrapróttíni, sem er ekki úr jörturdýrum, sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra og fóðurböndu, sem inniheldur slík próttín, sem krefst algers aðskilnaðar milli efnis úr jörturdýrum og efnis sem er ekki úr jörturdýrum á öllum stigum í framleiðsluferlinu og reglulegrar sýnatöku og greiningar til að staðfesta að víxlmengun sé ekki fyrir hendi. Einnig ætti að gera kröfu um þessi skilyrði fyrir unnið dýrapróttín, sem er ekki úr jörturdýrum, og fóðurböndu sem inniheldur slíkt próttín, sem ætluð eru til útflutnings til að tryggja að útflutt unnin dýrapróttín og fóðurböndu sem inniheldur slík próttín séu af sama öryggisstigi og þau sem notuð eru á yfirráðasvæði Sambandsins.
- 11) Þar eð gæludýrafóður og fiskimjöl eru framleidd í vinnslustöðvum, sem eingöngu eru ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr lagardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, og framleiðslu á gæludýrafóðri ætti krafan um að útflutningur sé einungis leyfður frá stöðvum, þar sem kröfurnar í D-þætti IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru uppfylltar, ekki að gilda um gæludýrafóður eða um fiskimjöl.
- 12) Því ætti að breyta E-þætti V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað kafla B í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„KAFLI B

UPPLÝSINGA- OG SKRÁNINGARSKYLDA

I. KRÖFUR TIL AÐILDARRÍKJA

A. Upplýsingar sem aðildarríki skulu veita í ársskýrslu sinni eins og kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr.

1. Fjöldi meintra tilvika fyrir hverja dýrategund sem flutningar hafa verið takmarkaðir á í samræmi við 1. mgr. 12. gr.
2. Fjöldi meintra tilvika sem rannsaka ber á rannsóknarstofu í samræmi við 2. mgr. 12. gr., fyrir hverja dýrategund, þ.m.t. niðurstöður úr flýtiprófunum og staðfestingarprófunum (fjöldi jákvæðra og neikvæðra niðurstaðna) og, fyrir nautgripi, aldursdreifing allra prófaðra dýra. Aldursdreifinguna skal flokka á eftirfarandi hátt: „yngri en 24 mánaða“: dreifing yfir 12 mánuði á aldursbilinu 24 til 155 mánaða, og „eldri en 155 mánaða“.
3. Fjöldi hjarða þar sem meint tilvik í sauðfé og geitum hafa verið tilkynnt og rannsökuð skv.1. og 2. mgr. 12 gr.
4. Fjöldi nautgripa, sem eru prófaðir úr hverju undirþýði, eins og um getur í liðum 2.1, 2.2 og 3.1 og í 5. lið I. hluta í kafla A. Leggja skal fram aðferð við val á sýnum, niðurstöður úr flýti- og staðfestingarprófunum og aldursdreifingu prófuðu dýranna í flokkun eins og sett er fram í 2. lið.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjrtð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

5. Fjöldi sauðfjár og geita og hjarða, sem er prófaður úr hverju undirþýði eins og um getur í 2., 3., 5. og 6. lið II. hluta í kafla A, ásamt aðferðum við úrtaksval og niðurstöðum úr flýti- og staðfestingarprófununum.
6. Landfræðileg dreifing, þ.m.t. upprunaland, er það ekki það sama og skýrslugjafarlandið, þar sem jákvæð tilvik kúariðu og riðuveiki komu upp. Tilgreina skal fæðingarár og, ef unnt er, fæðingarmánuð, fyrir hvert tilvik smitandi svampheilakvilla í nautgripum, sauðfé og geitum. Tilgreina skal tilvik smitandi svampheilakvilla sem talin hafa verið afbrigðileg. Í riðuveikutilvikum skal tilkynna um niðurstöður úr frumprófun og annars stigs prófun sameinda, sem um getur í c-lið í lið 3.2 í kafla C í X. viðauka, eftir því sem við á.
7. Fjöldi sýna og staðfest tilvik smitandi svampheilakvilla í hverri dýrategund, að frátöldum nautgripum, sauðfé og geitum.
8. Arfgerðin og, ef unnt er, búfjárkyn alls sauðfjár sem annaðhvort var jákvætt fyrir smitandi svampheilakvilla og sýni voru tekin úr í samræmi við lið 8.1 í II. hluta kafla A eða í samræmi við lið 8.2. í II. hluta kafla A.

B. Skýrslutímabil

Framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu er heimilt að láta ársskýrsluna, sem krafist er skv. 4. mgr. 6. gr., samanstanda af samantekt á skýrslum sem innihalda upplýsingarnar sem um getur í A-þætti og eru sendar mánaðarlega til framkvæmdastjórnarinnar (sem skal senda þær til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu) eða, að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í 8. lið, ársfjórðungslega, á rafrænu formi sem aðildarríkin hafa gert samkomulag um, að því tilskildu að upplýsingarnar séu uppfærðar þegar viðbótarupplýsingar berast.

II. UPPLÝSINGAR SEM LEGGJA SKAL FRAM Í YFIRLITSSKÝRSLU SAMBANDSINS

Samantekt Sambandsins skal sett fram í töfluformi og með a.m.k. þeim upplýsingum sem um getur í I. hluta A fyrir hvert aðildarríki.

Frá og með 1. janúar 2016 skal Matvælaöryggisstofnun Evrópu greina upplýsingarnar, sem um getur í I. hluta, og birta yfirlitsskýrslu í lok nóvember um leitni og upptök smitandi svampheilakvilla í Sambandinu.

III. SKRÁR

1. Lögbært yfirvald skal halda skrár um upplýsingarnar, sem um getur í I. hluta A, í 7 ár.
2. Rannsóknarstofan, sem annast rannsóknirnar, skal geyma allar skrár um prófanir í sjö ár, einkum dagbækur rannsóknarstofunnar og, eftir atvikum, paraffínblökkir og ljósmyndir af vesturþrykkjum (e. *Western blot*).“

2. gr.

Í stað 3. liðar í A-þætti III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

- „3. Unnið dýrapróttín í lausu, annað en fiskimjöl, úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og fôðurlöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýrapróttín, skulu flutt með ökutækjum og í flátum sem ekki eru notuð til flutninga á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jörturdýr, öðrum en lagareldisdýrum.“

3. gr.

Í stað E-þáttar í V. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

„E-ÞÁTTUR

Útflutningur á unnu dýrapróttíni og afurðum sem innihalda slík próttín

1. Útflutningur á unnu dýrapróttíni úr jörturdýrum og afurðum sem innihalda slík próttín skal bannaður.

Þrátt fyrir þetta skal bannað ekki gilda um unnið gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótein úr jörturdýrum og sem hefur verið framleitt í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.

2. Einungis skal heimila útflutning á unnu dýrapróteini úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, eða fóðurlöndu, sem inniheldur slíkt prótein, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) unnið dýraprótein úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skal koma frá vinnslustöðvum sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, sem koma úr sláturhúsum og stykkjunarstöðvum sem um getur í a-lið D-þáttar í IV. kafla eða koma úr leyfðum vinnslustöðvum sem eru skráðar í skrárnar, sem eru aðgengilegar öllum, sem um getur í d-lið A-þáttar í V. kafla,
 - b) fóðurblanda sem inniheldur unnið dýraprótein úr dýrum, sem ekki eru jörturdýr, skal koma frá leyfðum starfsstöðvum sem eru skráðar í skrárnar sem eru aðgengilegar öllum, sem um getur í e-lið A-þáttar V. kafla, og skal pökkuð og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.
3. Skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. lið, skulu ekki gilda um:
 - a) gæludýrafóður sem inniheldur unnið dýraprótein úr dýrum sem ekki eru jörturdýr og sem hefur verið framleitt í samþykktum starfsstöðvum fyrir gæludýrafóður í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins,
 - b) fiskimjöl og fóðurlöndu sem inniheldur ekki annað unnið dýraprótein en fiskimjöl.“

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1768****2017/EES/17/07****frá 4. október 2016****um leyfi fyrir gúanidínedíksýru sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga, fráfarugrísí og eldisvín og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fódur ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Gúanidínedíksýra var leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 904/2009 ⁽²⁾.
- 3) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir gúanidínedíksýru sem fóduraukefni. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Umsóknin varðar leyfi fyrir gúanidínedíksýru, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem aldir eru til undaneldis og svín.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 27. janúar 2016 ⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi gúanidínedíksýra ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið og að hún teljist vera gjafi kreatíns og geti því komið í stað kreatíns úr fæðu. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að gripið yrði til verndarráðstafana til að koma í veg fyrir að notendur andi efninu að sér. Matvælaöryggisstofnunin greindi frá því að hæstu öruggu gildin hafi verið leidd út á þeim forsendum að fódrið innihaldi nægt magn metýlgjafa. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóduraukefnið í fódri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á efninu sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Þar eð nýtt leyfi er veitt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 ætti að fella reglugerð (EB) nr. 904/2009 úr gildi.
- 8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirbyggjandi birgðum af aukefninu, forblöndum og fódurblöndum sem innihalda það, eins og heimilað er með reglugerð (EB) nr. 904/2009.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fódur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 270, 5.10.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 904/2009 frá 28. september 2009 um að leyfa gúanidínedíksýru sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga (Stjútíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 28).

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(2), 4394.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 904/2009 er felld úr gildi.

3. gr.

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 25. apríl 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. október 2016, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.
2. Fóðurefni og fódurblöndur, sem innihalda efnið sem um getur í 1. mgr., má setja á markað fram til 25. október 2017, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 25. október 2016, og nota þar til birgðir eru uppnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg gúaníðinediksýru/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c372	—	Gúaníðn- ediksýra	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Duft með a.m.k. 98% gúaníðinediksýruinnihaldi (miðað við þurrt efni).</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Gúaníðinediksýra, framleidd með efnasmíði</p> <p>Efnaformúla: C₃H₇N₃O₂</p> <p>CAS-númer: 352-97-6</p> <p>Óhreinindi:</p> <p>— Hámarksinnihald sýanamíðs: 0,03%</p> <p>— Hámarksinnihald dísyánódíamíðs: 0,5%</p> <p><i>Greiningaraðferð ⁽¹⁾</i></p> <p>Til að ákvarða gúaníðinediksýru í fóðrinu:</p> <p>— jónagreining með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (IC-UV).</p>	Eldiskjúklingar, fráfærugrísir og eldissvín		600	1200	<ol style="list-style-type: none"> Tilgreina skal rakainnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. Setja má gúaníðinediksýru á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. Við notkun aukefnisins skal gefa sérstakan gaum að viðbót annarra metýlgjafa en meþíóníns í fæðu dýrsins. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri hættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 	25. október 2026

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1833****2017/EES/17/08****frá 17. október 2016****um leyfi fyrir blöndu með lektinum úr nýrnabaunum (lektín úr *Phaseolus vulgaris*) sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi (leyfishafi er *Biolek Sp. z o.o.*) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með lektinum úr nýrnabaunum (lektín úr *Phaseolus vulgaris*). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með lektinum úr nýrnabaunum (lektín úr *Phaseolus vulgaris*) í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir mjólkurgrísi.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 29. október 2014 ⁽²⁾ og 22. október 2015 ⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með lektinum úr nýrnabaunum (lektín úr *Phaseolus vulgaris*) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að líta ætti á aukefnið sem öndunarfæranæmi og að það væri hugsanleg hættu á váhrifum við innöndun. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að það gæti mögulega bætt afurðasemi smágrísa á tíma-bilinu eftir fráfarur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndu með lektinum úr nýrnabaunum (lektín úr *Phaseolus vulgaris*) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 280, 18.10.2016, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(1), 3903.

(3) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(11), 4276.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar dýr/dag			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (auka afurðasemi í fráfærugrísum)									
4d13	Biolek Sp. z o.o.	Lektín úr nýrnabaunum	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með lektínunum úr nýrnabaunum (lektín úr <i>Phaseolus vulgaris</i>) með virkni að lágmarki: 1 280 HAU/g ⁽¹⁾</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Blanda af hverfum rauðkornakekkja úr plöntum (PHA): PHA-E₄, PHA-E₃L, PHA-E₂L₂, PHA-EL₃, PHA-L₄</p> <p>CAS (PHA-L) 9008-97-3</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að magnákværða lektín úr nýrnabaunum í aukefninu:</p> <p>Greining á rauðkornakekkjun</p>	Mjólkurgrísir	14 dagar	220 HAU	660 HAU	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. Einungis skal gefa mjólkurgrísunum frá 10 til 14 daga aldri aukefnið með fóðurbæti í hámarksskammti sem nemur: <ul style="list-style-type: none"> — 220 HAU/mjólkurgrís/dag í 3 daga eða — 660 HAU/mjólkurgrís (á einum degi). Á merkimiða aukefnisins skal tilgreina leiðbeiningar um notkun með fóðurbæti. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri hættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 	7. nóvember 2026

⁽¹⁾ 1 HAU (virknieiningar rauðkornakekkjunar) er það magn efnis (1 mg/ml) í síðustu þynningu sem veður 50% kekkjun rauðra blóðkorna.

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðurukefni: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1125**2017/EES/17/09**

frá 10. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í Katsuobushi (þurrkuðum rákungi) og tiltekinni reyktri Eystrasaltssíld (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 ⁽²⁾ voru fastsett hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælum.
- 2) Samkvæmt þeirri reglugerð verða hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni að vera örugg, svo lág sem raunhæft er að ætlast til að megi ná og skulu byggjast á góðum starfsvenjum í framleiðslu, við þurrkun og í landbúnaði eða fiskveiðum. Árið 2011 sýndu gögn um reyktan fisk að unnt væri að ná lægri hámarksgildum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni og var mælt fyrir um þau í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 835/2011 ⁽³⁾. Samt sem áður var nauðsynlegt í sumum tilvikum að breyta tækni við reykingu. Því var veitt þriggja ára umbreytingartímabil áður en lægri hámarksgildin tóku gildi frá og með 1. september 2014.
- 3) *Katsuobushi* eru hefðbundin japönsk matvæli úr rákungi. Framleiðsluferlið felur í sér flökun, suðu og beinhreinsun og í kjölfarið reykingu eða þurrkun yfir eldiviði. Japönsk yfirvöld hafa nýlega lagt fram gögn sem sýna að þrátt fyrir að góðum starfsvenjum sé beitt við reykingu, eins og framast er unnt, sé ekki hægt að ná lægri gildunum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni fyrir þá afurð. Því þykir rétt að breyta gildandi hámarksgildum fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í *Katsuobushi* í þau sem giltu fyrir 1. september 2014.
- 4) Vöruheitið '*Sprotid*' er almennt, hefðbundið heiti í Eistlandi yfir afurð sem getur yfirleitt innihaldið bæði brisling (*Sprattus sprattus*) og Eystrasaltssíld (*Clupea harengus membras*), háð árstíð og fáanleika. Fisktegundirnar eru svipaðar að stærð og eru flokkaðar sem smáir fiskar. Á merkimiða '*Sprotid*' er tekið fram hvort varan inniheldur brisling eða Eystrasaltssíld eða bæði og þá tilgreint hlutfall af hvorri fisktegund. Reykingaferlið fyrir þessa smáu Eystrasaltssíld er það sama og fyrir brisling og eru því gildi fjölhringa, arómatískra vetniskolefna í smárri Eystrasaltssíld svipuð þeim gildum sem eru í reyktnum brislingi. Því þykir rétt að setja sama hámarksgildi fyrir reykta, smáa Eystrasaltssíld og niðursoðna og reykta smáa síld og fyrir reyktan brisling og niðursoðinn, reyktan brisling.
- 5) Löggjöf er varðar sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir hefur verið skipt út og því er nauðsynlegt að breyta tilteknum neðanmálgreinum. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 11.7.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 835/2011 frá 19. ágúst 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í matvælum (Stjtið. ESB L 215, 20.8.2011, bls. 4).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) 6. þáttur: Í stað „Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni“ komi eftirfarandi:

„6. þáttur: Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni

Matvæli		Hámarksgildi (µg/kg)	
6.1	Bensó(a)pýren, bens(a)antrasen, bensó(b) flúoranten og krýsen	Bensó(a)pýren	Summa bensó(a)pýrens, bens(a)antrasens, bensó (b)flúorantens og krýsens ⁽⁴⁵⁾
6.1.1	Olía og feiti (að undanskildu kakósmjöri og kókosfeiti), ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum	2,0	10,0
6.1.2	Kakóbaunir og afleiddar afurðir	5,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2013	35,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2013 til 31.3.2015 30,0 µg/kg feiti frá og með 1.4.2015
6.1.3	Kókosfeiti, ætluð til beinnar neyslu eða til nota sem innihaldsefni í matvælum	2,0	20,0
6.1.4	Reykt kjöt og reyktar kjötafurðir	5,0 til 31.8.2014 2,0 frá og með 1.9.2014	30,0 frá og með 1.9.2012 til 31.8.2014 12,0 frá og með 1.9.2014
6.1.5	Reykt fiskhold og reyktar lagarafurðir ⁽²⁵⁾ ⁽³⁶⁾ , að undanskildum lagarafurðum sem eru tilgreindar í lið 6.1.6 og 6.1.7. Hámarksgildið fyrir reykt krabbadýr gildir fyrir kjöt af vöðvum af útlimum og afturból ⁽⁴⁴⁾ . Ef um er að ræða reykt krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali (<i>Brachyura</i>) og krabbar af ættinni <i>Anomura</i>) gildir hámarksgildið fyrir kjöt af vöðvum af útlimum.	5,0 til 31.8.2014 2,0 frá og með 1.9.2014	30,0 frá og með 1.9.2012 til 31.8.2014 12,0 frá og með 1.9.2014
6.1.6	Reyktur brislingur og reyktur niðursoðinn brislingur ⁽²⁵⁾ ⁽⁴⁷⁾ (<i>Sprattus sprattus</i>), reykt Eystrasaltssíld ≤ 14 cm að lengd og reykt niðursoðin Eystrasaltssíld ≤ 14 cm að lengd ⁽²⁵⁾ ⁽⁴⁷⁾ (<i>Clupea harengus membras</i>), Katsuobushi (þurrkaður rákungur, <i>Katsuwonus pelamis</i>), samlokur (ferskar, kældar eða frystar) ⁽²⁶⁾ , hitameðhöndlað kjöt og hitameðhöndlaðar kjötafurðir ⁽⁴⁶⁾ , seld lokaneytanda	5,0	30,0
6.1.7	Samlokur ⁽³⁶⁾ (reyktar)	6,0	35,0
6.1.8	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamatur fyrir ungbörn og smábörn ⁽³⁾ ⁽²⁹⁾	1,0	1,0
6.1.9	Ungbarnablöndur og stoðblöndur, þ.m.t. mjólk fyrir ungbörn og stoðmjólk ⁽⁸⁾ ⁽²⁹⁾	1,0	1,0
6.1.10	Sérfaði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi ⁽⁹⁾ ⁽²⁹⁾ , ætlað sérstaklega fyrir ungbörn	1,0	1,0 ⁴⁴

2) Í stað neðanmálgreinar ⁽²⁶⁾ komi eftirfarandi neðanmálgrein:

„⁽²⁶⁾ Matvæli sem falla undir flokka c og i í skránni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1379/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir fisk- og lagareldisafurðir, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1184/2006 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 104/2000 (Stjttíð. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 1), eftir því sem við á (tegundir gefnar upp í viðkomandi færslu). Ef um er að ræða þurrkuð, þynnt, unnin og/eða samsett matvæli gilda 1. og 2. mgr. 2. gr. Ef um er að ræða *Pecten maximus* á hámarksgildið eingöngu við um dráttarvöðva og kynkirtil.“

3) Í stað neðanmálgreinar ⁽³⁶⁾ komi eftirfarandi neðanmálgrein:

„⁽³⁶⁾ Matvæli í þessum flokki eins og skilgreint er í flokkum b, c og i í skránni í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1379/2013.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/156

2017/EES/17/10

frá 18. janúar 2016

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005
að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir boskalíð, klóþíanidín, þíametoxam, fólpet og
tólklófosmetýl í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir boskalíð, klóþíanidín, þíametoxam og toklófosmetýl. Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir fólpet.
- 2) Að því er varðar boskalíð lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ⁽²⁾. Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa sem verið er að meta og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Hún benti á að hugsanlega megi búast við uppsöfnun boskalíðleifa í nytjaplöntum í skiptirækt. Hún reiknaði út hámarksgildi leifa þar sem tekið er tillit til þessarar hugsanlegu uppsöfnunar og hámarksgildi leifa þar sem það er ekki gert og eftirlét áhættustjórnendum að velja viðeigandi valkost. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint þar sem tekið er tillit til hugsanlegrar uppsöfnunar. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 3) Að því er varðar klóþíanidín lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ⁽³⁾. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir pekanhnetur, papæjaldin, kartöflur, tómata, paprikur, eggaldin, sykurmaís, blómkál, blaðkál, salat, kerfil, baunir (ferskar, án fræbelgs), ertur (ferskar, án fræbelgs), ferskar linsubaunir, baðmullarfræ, dúrrukorn, kakó og kaffifíflarætur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, kirsuber, vínber til neyslu og vínþrúgur, jarðarber, ananas, melónur, vatnsmelónur, hnúðkál og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 31, 6.2.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for boscalid according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3799, 127 bls.

(3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for clothianidin and thiamethoxam according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(12), 3918, 120 bls. doi:10.2903/j.efsa.2014.3918.

breiðblaða salatfífla og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.

- 4) Að því er varðar þíametoxam lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ⁽¹⁾. Hún lagði til breytingar á skilgreiningu á leifum og mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir pekanhnetur, kjarnaldin, ferskjur, ólífur til átu, banana, papæjaldin, kartöflur, gulrófur, sykurmaís, blómkál, rósakál, höfuðkál, blaðkál, baunir (ferskar, með og án fræbelgs), ertur (ferskar, án fræbelgs), ferskar linsubaunir, belgávexti, hörfræ, jarðhnetur, valmúafrae, sesamfræ, sólblómafræ, repjufræ, sojabauunir, mustarðsfræ, baðmullarfræ, risagraskersfræ, litunarpistla, hjólkrónur, akurdoðrur, hampfræ, kristpálmafræ, ólífur til olíuframleiðslu, hafrakorn, rúgkorn, kakó, sykurrófur (rætur), svín (vöðva, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, lifur, nýru) og geitur (vöðva, lifur, nýru). Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir sítrusávexti, apríkósar, kirsuber, vínber til neyslu og vínþrúgur, jarðarber, ananas, melónur, vatnsmelónur og breiðblaða salatfífla og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 5) Að því er varðar fólpet lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ⁽²⁾. Hún lagði til að skilgreiningunni á leifum verði breytt. Hún mælti með því að hækka núverandi hámarksgildi leifa að því er varðar tiltekna vorur eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir jarðarber, ólífur til átu, kartöflur, hreðkur, hafursrætur, tómata, melónur, ólífur til olíuframleiðslu, byggkorn, hveitikorn, humla (þurrkaða), alifugla (kjöt, fitu, lifur) og fuglseg og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir hvítlauk, lauka, skalottlauka, vorlauka, hnúðkál, salat, breiðblaða salatfífla, spínat og baunir (ferskar, án fræbelgs) og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk.
- 6) Að því er varðar tólklofosmetýl lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ⁽³⁾. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að viðhalda hámarksgildum leifa fyrir kartöflur. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir hreðkur, spergilkál, blómkál, rósakál, höfuðkál, vorsalat, salat, breiðblaða salatfífla, karsa, vetrarkarsa, klettasalat, sinnepskál og blöð og stilk af *Brassica* spp. og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir gulrófur, næpur, kínakál, grænkál, hnúðkál, sellerí, svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu lifur, nýru), alifugla (vöðva, fitu, lifur), mjólk (nautgripir, sauðfé og geitur) og fuglseg og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk.

⁽¹⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for clothianidin and thiamethoxam according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(12), 3918, 120 bls. doi:10.2903/j.efsa.2014.3918.

⁽²⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for folpet according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3700, 55 bls.

⁽³⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for tolclofosmethyl according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(12), 3920, 42 bls.

- 7) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvöru er ekki heimilud og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CLX-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 8) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tilteknar vörur.
- 9) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 10) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 11) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 12) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.
- 13) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 14) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, gildir áfram um afurðir sem voru framleiddar fyrir 26. ágúst 2016.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. ágúst 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað dálksins fyrir fólpet komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(a)	Summa fólpets og palímíðs, gefin upp sem fólpet (R)
1)	2)	3)
0100000	NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR	
0110000	Sítrusávextir	0,03 (*)
0110010 0110020 0110030 0110040 0110050 0110990	Greipaldin Appelsínur Sítrónur Súraldin Mandarínur Annað	
0120000	Trjáhnetur	0,07 (*)
0120010 0120020 0120030 0120040 0120050 0120060 0120070 0120080 0120090 0120100 0120110 0120990	Möndlur Parahnetur Kasúhnetur Hestakastaníuhnetur Kókoshnetur Heslihnetur Goðahnetur Pekanhnetur Furuhnetukjarnar Pistasíuhnetur Valhnetur Annað	

1)	2)	3)
0130000	Kjarnaávéxtir	0,03 (*)
0130010	Epli	
0130020	Perur	
0130030	Kveði	
0130040	Trjámispilsaldin	
0130050	Dúnepli/japansplómur	
0130990	Annað	
0140000	Steinaldín	0,03 (*)
0140010	Apríkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	
0140040	Plómur	
0140990	Annað	
0150000	Ber og smá aldin	
0151000	a) <i>Þrúgur</i>	
0151010	Vínber til neyslu	6
0151020	Vínþrúgur	20
0152000	b) <i>Jarðarber</i>	5 (+)
0153000	c) <i>Klungurber</i>	0,03 (*)
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað	
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>	0,03 (*)
0154010	Bláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	

1)	2)	3)
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplapyrniber/Miðjarðarhafstrjámissaldin	
0154080	Ylliber	
0154990	Annað	
0160000	Ýmis aldin með	
0161000	a) <i>Ætu hýði</i>	
0161010	Döðlur	0,03 (*)
0161020	Fíkjur	0,03 (*)
0161030	Ólífur til átu	0,15 (*) (+)
0161040	Gullappelsínur	0,03 (*)
0161050	Stjörnualdin	0,03 (*)
0161060	Gallaldin	0,03 (*)
0161070	Jövuþlómur	0,03 (*)
0161990	Annað	0,03 (*)
0162000	b) <i>Óætu hýði, lítil</i>	0,03 (*)
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörmuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað	
0163000	c) <i>Óætu hýði, stór</i>	0,03 (*)
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	
0163030	Mangó	
0163040	Þapæjaldin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur	
0163070	Gvönvur	
0163080	Ananas	

1)	2)	3)
0163090	Brauðaldin	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað	
0200000	NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI	
0210000	Rótarávextir og hnýði	
0211000	a) <i>Kartöflur</i>	0,06 (*) (+)
0212000	b) <i>Hitabeltistrótarávextir og -hnýði</i>	0,03 (*)
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarætur	
0212990	Annað	
0213000	c) <i>Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykkurrófum undanskildum</i>	
0213010	Rauðrófur	0,03 (*)
0213020	Gulrætur	0,03 (*)
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	0,03 (*)
0213040	Piparrót	0,03 (*)
0213050	Ætihnúðar	0,03 (*)
0213060	Nípur	0,03 (*)
0213070	Steinseljurætur	0,03 (*)
0213080	Hreðkur	0,04 (*) (+)
0213090	Hafursrætur	0,04 (*) (+)
0213100	Gulrófur	0,03 (*)
0213110	Næpur	0,03 (*)
0213990	Annað	0,03 (*)
0220000	Laukar	0,03 (*)
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað	

1)	2)	3)
0230000	Aldingrænmeti	
0231000	a) <i>Náttskuggaætt</i>	
0231010	Tómatar	5 (+)
0231020	Paprikur	0,03 (*)
0231030	Eggaldin	0,03 (*)
0231040	Okkur	0,03 (*)
0231990	Annað	0,03 (*)
0232000	b) <i>Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</i>	0,03 (*)
0232010	Gúrkur	
0232020	Smágúrkur	
0232030	Dvergbítar	
0232990	Annað	
0233000	c) <i>Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</i>	
0233010	Melónur	0,4 (+)
0233020	Risagrasker	0,03 (*)
0233030	Vatnsmelónur	0,03 (*)
0233990	Annað	0,03 (*)
0234000	d) <i>Sykurmaís</i>	0,03 (*)
0239000	e) <i>Annað aldingrænmeti</i>	0,03 (*)
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	0,03 (*)
0241000	a) <i>Blómstrandi kál</i>	
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað	
0242000	b) <i>Kálhöfuð</i>	
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað	

1)	2)	3)
0243000	c) <i>Blaðkál</i>	
0243010	Kínakál	
0243020	Grænkál	
0243990	Annað	
0244000	d) <i>Hnúðkál</i>	
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm	
0251000	a) <i>Salat og salatplöntur</i>	0,03 (*)
0251010	Vorsalat/strábrúða	
0251020	Salat	
0251030	Breiðblaða salatfíflar	
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	
0251050	Vetrarkarsi	
0251060	Klettasalat	
0251070	Sinnepskál	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	
0251990	Annað	
0252000	b) <i>Spínat og áþekk blöð</i>	0,03 (*)
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað	
0253000	c) <i>Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</i>	0,03 (*)
0254000	d) <i>Brunnperla</i>	0,03 (*)
0255000	e) <i>Jólasalat/salatfíflar</i>	0,03 (*)
0256000	f) <i>Kryddjurtir og æt blóm</i>	0,06 (*)
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af sellerí	
0256040	Steinselja	

1)	2)	3)
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað	
0260000	Belgávextir	0,03 (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)	
0260020	Baunir (án fræbelgs)	
0260030	Ertur (með fræbelg)	
0260040	Ertur (án fræbelgs)	
0260050	Linsubaunir	
0260990	Annað	
0270000	Stöngulgrænmeti	0,03 (*)
0270010	Sperglar	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfenníkur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað	
0280000	Sveppir, mosar og skófir	0,03 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og skófir	
0290000	Þörungur og dreifkjörnungslifverur	0,03 (*)

1)	2)	3)
0300000	BELGÁVEXTIR	0,07 (*)
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað	
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	
0401000	Olíufræ	0,07 (*)
0401010	Hörfræ	
0401020	Jarðhnetur	
0401030	Valmúufræ	
0401040	Sesamfræ	
0401050	Sólblómafræ	
0401060	Repjufræ	
0401070	Sojabaunir	
0401080	Mustarðsfræ	
0401090	Baðmullarfræ	
0401100	Risagraskersfræ	
0401110	Litunarþistilsfræ	
0401120	Hjólkrónufræ	
0401130	Akurdoðrufrae	
0401140	Hampfræ	
0401150	Kristpálmafræ	
0401990	Annað	
0402000	Olíurík aldin	
0402010	Ólífur til olíuframléiðslu	0,15 (*) (+)
0402020	Olíupálmakjarnar	0,07 (*)
0402030	Olíupálmaaldin	0,07 (*)
0402040	Dúnviðaraldin	0,07 (*)
0402990	Annað	0,07 (*)

1)	2)	3)
0500000	KORNTEGUNDIR	
0500010	Bygg	1 (+)
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	0,07 (*)
0500030	Maís	0,07 (*)
0500040	Hirsi	0,07 (*)
0500050	Hafrar	0,07 (*)
0500060	Hrísgrjón	0,07 (*)
0500070	Rúgur	0,07 (*)
0500080	Dúrri	0,07 (*)
0500090	Hveiti	0,4 (+)
0500990	Annað	0,07 (*)
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ	0,1 (*)
0610000	Te	
0620000	Kaffibaunir	
0630000	Jurtate úr:	
0631000	a) <i>Blómum</i>	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað	
0632000	b) <i>Blöðum og kryddjurtum</i>	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað	

1)	2)	3)
0633000	c) <i>Rótum</i>	
0633010	Garðabruða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað	
0639000	d) <i>Öðrum plöntuhlutum</i>	
0640000	Kakóbaunir	
0650000	Jóhannesarbrauð	
0700000	HUMLAR	400 (+)
0800000	KRYDD	
0810000	Krydd úr fræjum	0,1 (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað	
0820000	Aldinkrydd	0,1 (*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	

1)	2)	3)
0820080	Tamarind	
0820990	Annað	
0830000	Barkarkrydd	0,1 (*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað	
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum	
0840010	Lakkrís	0,1 (*)
0840020	Engifer	0,1 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,1 (*)
0840040	Piparrót	(+)
0840990	Annað	0,1 (*)
0850000	Blómhnappakrydd	0,1 (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað	
0860000	Frævukrydd	0,1 (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað	
0870000	Frækápukrydd	0,1 (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað	
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,03 (*)
0900010	Sykurrófurætur	
0900020	Sykurreyr	
0900030	Kaffíffilsrætur	
0900990	Annað	

1)	2)	3)
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR	0,05 (*)
1010000	Vefir:	
1011000	a) <i>Svín</i>	
1011010	Vöðvi	
1011020	Fituvefur	
1011030	Lifur	
1011040	Nýru	
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1011990	Annað	
1012000	b) <i>Nautgripir</i>	
1012010	Vöðvi	
1012020	Fituvefur	
1012030	Lifur	
1012040	Nýru	
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1012990	Annað	
1013000	c) <i>Sauðfé</i>	
1013010	Vöðvi	
1013020	Fituvefur	
1013030	Lifur	
1013040	Nýru	
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1013990	Annað	
1014000	d) <i>Geitur</i>	
1014010	Vöðvi	
1014020	Fituvefur	
1014030	Lifur	
1014040	Nýru	
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1014990	Annað	

1)	2)	3)
1015000	e) <i>Hestar</i>	
1015010	Vöðvi	
1015020	Fituvefur	
1015030	Lifur	
1015040	Nýru	
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1015990	Annað	
1016000	f) <i>Alifuglar</i>	
1016010	Vöðvi	(+)
1016020	Fituvefur	(+)
1016030	Lifur	(+)
1016040	Nýru	
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1016990	Annað	
1017000	g) <i>Önnur alin landdýr</i>	
1017010	Vöðvi	
1017020	Fituvefur	
1017030	Lifur	
1017040	Nýru	
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	
1017990	Annað	
1020000	Mjólk	
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað	

1)	2)	3)
1030000	Fuglsegg	(+)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað	
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir	
1050000	Froskdýr og skriðdýr	
1060000	Landhryggleysingar	
1070000	Villt landhryggdýr	

(*) Neðri greiningarmörk

(**) Samsetning varnarefna/kóða sem hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í B-hluta III. viðauka, gilda um.

(^a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýrarfkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Summa fólpets og þalimiðs, gefin upp sem fólpet (R)

(R) = Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum:

kóði 1000000 að undanskildu 1040000: Þalimið, gefið upp sem fólpet

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0152000 b) Jarðarber

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir og stöðugleika við geymslu. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0161030 Ólífur til átu

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum og greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0211000 a) Kartöflur

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0213080 Hreðkur

0213090 Hafursrætur

- (+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum og greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0231010 Tómatar

0233010 Melónur

- (+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir og stöðugleika við geymslu. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0402010 Ólífur til olíuframleiðslu

- (+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0500010 Bygg

- (+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum og greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0500090 Hveiti

- (+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0700000 HUMLAR

- (+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í floknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokk, rötur- og hnýðisgrænmetisflokk (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót

- (+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um eiginleika og umfang leifa. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 6. febrúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

1016010 Vöðvi

1016020 Fituvefur

1016030 Lifur

1030000 Fuglsegg

1030010 Hænsni

1030020 Endur

1030030 Gæsir

1030040 Kornhænur“

b) Eftirfarandi dálkar bætist við fyrir boskalíð, klóþíanidín, þíametoxam og tólklófosmetýl:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(a)	Boskalíð (F) (R) (A)	Klóþíanidín	Þíametoxam	Tólklófosmetýl
1)	2)	3)	4)	5)	6)
0100000	NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR				0,01 (*)
0110000	Sítrusávextir	2 (+)	0,06 (+)	0,15 (+)	
0110010	Greipaldin				
0110020	Appelsínur				
0110030	Sítrónur				
0110040	Súraldín				
0110050	Mandarínur				
0110990	Annað				
0120000	Trjáhnetur	(+)	0,01 (*)		
0120010	Möndlur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120020	Parahnetur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120030	Kasúhnetur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120040	Hestakastanúhnetur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120050	Kókoshnetur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120060	Heslihnetur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120070	Goðahnetur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120080	Pekanhnetur	0,05 (*)		0,02 (*)	
0120090	Furuhnetukjarnar	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120100	Pistasúhnetur	1		0,01 (*)	
0120110	Valhnetur	0,05 (*)		0,01 (*)	
0120990	Annað	0,05 (*)		0,01 (*)	

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0130000	Kjarnaávestir		0,4	0,3	
0130010	Epli	2 (+)			
0130020	Perur	1,5 (+)			
0130030	Kveði	1,5 (+)			
0130040	Trjámisspilsaldin	0,01 (*)			
0130050	Dúnepli/japansplómur	0,01 (*)			
0130990	Annað	0,01 (*)			
0140000	Steinaldin				
0140010	Apríkósur	5 (+)	0,15	0,07 (+)	
0140020	Kirsuber (sæt)	4 (+)	0,03 (+)	0,6 (+)	
0140030	Ferskjur	5 (+)	0,15	0,07	
0140040	Plómur	3 (+)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0140990	Annað	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0150000	Ber og smá aldin				
0151000	a) <i>Þrúgur</i>	5 (+)	0,7 (+)	0,4 (+)	
0151010	Vínber til neyslu				
0151020	Vínþrúgur				
0152000	b) <i>Jarðarber</i>	6 (+)	0,02 (*) (+)	0,3 (+)	
0153000	c) <i>Klungurber</i>	10 (+)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0153010	Brómber				
0153020	Daggarber				
0153030	Hindber (rauð og gul)				
0153990	Annað				
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>	15 (+)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0154010	Bláber				
0154020	Trönuber				
0154030	Rífsber (rauð og hvít) og sólber				
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)				
0154050	Rósaldin				

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0154060	Mórber (svört og hvít)				
0154070	Eplabýrniber/Miðjarðarhafstrjámisaldin				
0154080	Ylliber				
0154990	Annað				
0160000	Ýmis aldin með				
0161000	a) <i>Ætu hýði</i>	0,01 (*)			
0161010	Döðlur		0,01 (*)	0,01 (*)	
0161020	Fíkjur		0,01 (*)	0,01 (*)	
0161030	Ólífur til átu		0,09	0,4	
0161040	Gullappelsínur		0,01 (*)	0,01 (*)	
0161050	Stjörnualdin		0,01 (*)	0,01 (*)	
0161060	Gallaldin		0,01 (*)	0,01 (*)	
0161070	Jövuplómur		0,01 (*)	0,01 (*)	
0161990	Annað		0,01 (*)	0,01 (*)	
0162000	b) <i>Óætu hýði, lítil</i>		0,01 (*)	0,01 (*)	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	5 (+)			
0162020	Litkaber	0,01 (*)			
0162030	Píslaraldin	0,01 (*)			
0162040	Kaktusfíkjur	0,01 (*)			
0162050	Stjörnuepli	0,01 (*)			
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	0,01 (*)			
0162990	Annað	0,01 (*)			
0163000	c) <i>Óætu hýði, stór</i>				
0163010	Lárperur	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0163020	Banarar	0,6 (+)	0,02	0,02 (*)	
0163030	Mangó	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0163040	Papæjualdin	0,01 (*)	0,01 (*)	0,02 (*)	
0163050	Granatepli	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0163070	Gvövrur	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	

1)	2)	3)	4)	5)	6)
0163080	Ananas	0,01 (*)	0,02 (*) (+)	0,02 (*) (+)	
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0163100	Dáraaldin	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0163990	Annað	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	
0200000	NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI				
0210000	Rótarávextir og hnýði				
0211000	a) <i>Kartöflur</i>	2 (+)	0,03	0,07	0,01 (*)
0212000	b) <i>Hitabeltisrótarávextir og -hnýði</i>	2	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0212010	Kassavarætur	(+)			
0212020	Sætar kartöflur	(+)			
0212030	Mjölrótarhnýði	(+)			
0212040	Örvarrætur	(+)			
0212990	Annað				
0213000	c) <i>Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykkurrófum undanskildum</i>	(+)			
0213010	Rauðrófur	4	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0213020	Gulrætur	2	0,06	0,3	0,01 (*)
- 1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skuli ákvörðuð í reglugerð.
- 2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ⁽²⁾ eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.
- 3) Eprínómektín er þegar tilgreint í þeirri töflu sem leyft efni fyrir nautgripi, sauðfé og geitur, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir það efni, sem sett er fram fyrir sauðfé og geitur, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk, falla úr gildi 30. júní 2016.
- 4) Þegar viðbótargögn höfðu verið lögð fram og metin mælti dýrallyfjaneftirfarandi með því að bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir eprínómektín fyrir sauðfé og geitur yrðu endanleg.
- 5) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 148, 4.6.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjútíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

- 6) Lyfjastofnun Evrópu telur að viðeigandi sé að yfirfæra núgildandi færslu fyrir eprínómektín yfir á öll jörturdýr.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrallyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið eprínómektín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Eprínómektín	Eprínómektín B1a	Öll jórturdýr	50 µg/kg 250 µg/kg 1 500 µg/kg 300 µg/kg 20 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk	ENGIN FÆRSLA	Sníklalyf/Inn- og útsníklalyf ⁶⁶

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1444**

2017/EES/17/25

frá 31. ágúst 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið hýdrókortísónasepónat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽¹⁾, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 er þess krafist að hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Sambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skuli ákvörðuð í reglugerð.
- 2) Í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ⁽²⁾ eru sett fram lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.
- 3) Hýdrókortísónasepónat hefur enn ekki verið tilgreint í þessari töflu.
- 4) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir hýdrókortísónasepónat í nautgripum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.
- 5) Lyfjastofnun Evrópu hefur, á grundvelli álits dýralyfjanefndarinnar, mælt með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir hýdrókortísónasepónat í vefjum og mjólk nautgripa og takmarkað notkunina þannig að það er eingöngu til nota í mjólkurkirtla.
- 6) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra.
- 7) Lyfjastofnun Evrópu telur að viðeigandi sé að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir hýdrókortísónasepónat af mjólk nautgripa yfir á mjólk allra jörturdýra og dýra af hestaætt en þó sé ekki nauðsynlegt fyrir heilsuvernd manna að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir hýdrókortísónasepónat í öllum öðrum vefjum allra jörturdýra og dýra af hestaætt.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.
- 9) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fara að nýju hámarksgildi leifa.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 235, 1.9.2016, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. október 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Færsla fyrir eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Hýdrókortísónasepónat	Summa hýdrókortísóns og estera þess eftir basískt vatnsrof, gefið upp sem hýdrókortísón	Öll jórturdýr, dýr af hestaætt	10 µg/kg	Mjólk	Einungis til nota í mjólkurkirtla	Barksterar“
	Á EKKI VIÐ	Öll jórturdýr, dýr af hestaætt	Hámarksgildis leifa einungis krafist fyrir mjólk	Á EKKI VIÐ“		

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1214**2017/EES/17/26****frá 25. júlí 2016****um breytingu á tilskipun 2005/62/EB að því er varðar staðla og forskriftir fyrir gæðakerfi blóðþjónustustofnana (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB ⁽¹⁾, einkum h-lið annarrar málsgreinar 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2005/62/EB ⁽²⁾ er þess krafist af aðildarríkjunum að þau sjái til þess að gæðakerfi allra blóðþjónustustofnana uppfylli staðla og forskriftir sem sett eru fram í viðaukanum við þá tilskipun.
- 2) Samkvæmt 2. gr. tilskipunar 2005/62/EB er þess einnig krafist að framkvæmdastjórnin semji viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur vegna túlkunar þeirra staðla og forskrifta sem um getur í þeirri grein.
- 3) Viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur hafa verið þróaðar í sameiningu af framkvæmdastjórninni og aðalskrifstofu Evrópsku lyfjaskrár Evrópuráðsins og birtar af Evrópuráðinu ⁽³⁾.
- 4) Viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur hafa verið þróaðar og eru uppfærðar að teknu tilliti til vísindalegrar og tæknilegrar sérþekkingar. Viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur endurspeglar að fullu þær ítarlegu grundvallar- og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti sem komið var á skv. 47. gr. tilskipunar 2001/83/EB ⁽⁴⁾, sem eiga við um blóðþjónustustofnanir og gæðakerfi þeirra, og eru þegar í notkun með góðum árangri í blóðþjónustustofnunum innan Sambandsins. Til samræmis við það ætti að taka tillit til þeirra við framfylgd staðlanna og forskriftanna sem sett eru fram í viðaukanum við tilskipun 2005/62/EB. Því ætti að breyta 2. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar til samræmis við það.
- 5) Framkvæmdastjórnin, sem tekur virkan þátt í ferlinu sem leiðir til breytinga á viðmiðunarreglum um góðar starfsvenjur ásamt sérfræðingum frá aðildarríkjunum, ætti að upplýsa lögbært yfirvald, sem tilnefnt er af aðildarríkjunum, um allar umtalsverðar breytingar á viðmiðunarreglunum sem ætti einnig að taka tillit til.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2002/98/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 199, 26.7.2016, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30.

(2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/62/EB frá 30. september 2005 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB að því er varðar staðla og forskriftir Bandalagsins sem varða gæðakerfi fyrir blóðþjónustustofnanir (Stjtið. ESB L 256, 1.10.2005, bls. 41).

(3) Viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur eru hluti af viðbætinum „Guide to the preparation, use and quality assurance of blood components“ (Leiðbeiningar um meðhöndlun, notkun og gæðatryggingu blóðhluta) í tilmælum ráðherranefndarinnar nr. R (95) 15 um meðhöndlun, notkun og gæðatryggingu blóðhluta sem samþykkt var 12. október 1995.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2005/62/EB komi eftirfarandi:

„2. Til þess að framfylgja stöðlunum og forskriftunum, sem sett eru fram í viðaukanum við þessa tilskipun, skulu aðildarríkin tryggja að viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur séu til staðar fyrir og í notkun hjá öllum blóðþjónustustofnunum í gæðakerfum þeirra, viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur þar sem tekið er fullt tillit til, þar sem við á fyrir blóðþjónustustofnanir, ítarlegra grundvallar- og viðmiðunarreglna um góða framleiðsluhætti eins og um getur í fyrsta undirlið 47. gr. tilskipunar 2001/83/EB. Við þetta skulu aðildarríkin taka tillit til viðmiðunarreglnanna um góðar starfsvenjur sem hafa verið þróaðar í sameiningu af framkvæmdastjórninni og aðalskrifstofu Evrópsku lyfjaskrár Evrópuráðsins og birtar af Evrópuráðinu (*).

(*) Viðmiðunarreglur um góðar starfsvenjur eru hluti af viðbætinum „Guide to the preparation, use and quality assurance of blood components“ (Leiðbeiningar um meðhöndlun, notkun og gæðatryggingu blóðhluta) í tilmælum ráðherranefndarinnar nr. R (95) 15 um meðhöndlun, notkun og gæðatryggingu blóðhluta sem samþykkt var 12. október 1995.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáráðslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. febrúar 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1618**2017/EES/17/27****frá 8. september 2016****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að aðlaga I. og IV. viðauka (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 31. gr. og 4 mgr. 29. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Lagðar hafa verið fram beiðnir skv. 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 um að fella nokkrar áburðartegundir inn í I. viðauka við þá reglugerð.
- 2) [S,S]-etylendíamíndírafsýra er lífrænn klóbíndill fyrir snefilefni. Járn, sem er klóbundið með [S,S]-etylendíamíndírafsýru, er notað til að leiðrétta járnkort og til að vinna bót á fölvaskýki af völdum járnskorts í skrautplöntum og tilbúnum grasmottum. Það brotnar hratt niður og veldur því lágmarksáhættu á útskolun frá yfirborðsjarðvegi í grunnvatn, sundrast alveg og sýnir engin eiturrhif fyrir spendýr eða lagardýr.
- 3) Heptaglúkónsýra er lífrænn bindill fyrir snefilefnaáburð. Heptaglúkónsýra er skilvirk, lífbrjótanleg og sýnir góðan stöðugleika sem spannar breitt sýrustigsbil og hefur mikla vatnsleysni. Heptaglúkónsýra hefur verið leyfð um árabíl á Spáni án þess að tilkynnt hafi verið um skaða fyrir umhverfið eða heilbrigði manna.
- 4) Framleiðendur [S,S]-etylendíamíndírafsýru og heptaglúkónsýru hafa lagt fram beiðnir til framkvæmdastjórnarinnar, fyrir milligöngu yfirvalda í Þýskalandi og á Spáni, um að bæta þessum efnum við á skrána yfir leyfða, lífræna klóbíndla og bindla í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til að gera [S,S]-etylendíamíndírafsýru og heptaglúkónsýru aðgengilega bændum alls staðar í Sambandinu. [S,S]-etylendíamíndírafsýra og heptaglúkónsýra, eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð, uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003. Því ætti að bæta þeim á skrána yfir leyfða, lífræna klóbíndla og bindla í I. viðauka við þá reglugerð.
- 5) Þar eð greiningaraðferðir til að ákvarða [S,S]-etylendíamíndírafsýru og heptaglúkónsýru eru tiltækar ætti að tilgreina þessar aðferðir í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 í þeim tilgangi að auðvelda eftirlit, sem aðildarríki hafa með höndum, skv. 29. gr. þeirrar reglugerðar. Undirfyrirsögnin, sem lýsir aðferð 11, ætti að endurspegla þá staðreynd að heptaglúkónsýra er bindill.
- 6) Blandan sem verður til við efnahvarf N-bútýlfosfórþíótríamíðs og N-própýlfosfórþíótríamíðs var færð inn í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1257/2014 ⁽²⁾. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að ekki er hægt að búast við marktækum mun á minnkun ammoníakslosunar hvort sem hvarfblandan er notuð eða hrein blanda efnanna tveggja. Þess vegna ætti að breyta færslunni til að gera framleiðendum slíkrar blöndu kleift að hafa val um eina af þessum framleiðsluáferðum.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.
- 8) Í því skyni að tryggja að Staðlasamtök Evrópu birti greiningaraðferð, sem nú er verið að veita fullgildingu, fyrir [S,S]-etylendíamíndírafsýru ætti að kveða á um hæfilegan frest áður en [S,S]-etylendíamíndírafsýru er bætt við í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 og nýja greiningaraðferðin fyrir þessa tegund áburðar í IV. viðauka við hana tekur gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóttíð. ESB L 242, 9.9.2016, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjóttíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1257/2014 frá 24. nóvember 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að aðlaga I. og IV. viðauka (Stjóttíð. ESB L 337, 25.11.2014, bls. 53).

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar

Reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar I. viðauka og 2. liðar II. viðauka skulu þó koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í töflunni í lið E.3.1. bætist eftirfarandi færsla við:

„12	[S,S]-etýlendíamíndírafsýra	[S,S]-EDDS	$C_{10}H_{16}O_8N_2$	20846-91-7“
-----	-----------------------------	------------	----------------------	-------------

2) Í töflunni í lið E.3.2 bætist eftirfarandi færsla við:

„2	Heptaglúkonsýra	HGA	$C_7H_{14}O_8$	23351-51-1“
----	-----------------	-----	----------------	-------------

3) Í stað færslu 3 í töflunni í lið F.2. komi eftirfarandi:

„3	Blanda N-bútýlfosfórþíótríamíðs (NBPT) og N-própýlfosfórþíótríamíðs (NPPT) (í hlutföllunum 3:1 ⁽¹⁾) Hvarfblanda: EB-nr. 700-457-2 Blanda N-bútýlfosfórþíótríamíðs/ N-própýlfosfórþíótríamíðs: N-bútýlfosfórþíótríamíð: ELINCS-nr. 435-740-7 N-própýlfosfórþíótríamíð: CAS-nr. 916809-14-8	Lágmark: 0,02 Hámarg: 0,3		
----	---	------------------------------	--	--

⁽¹⁾ Vikmörk fyrir hlutfall N-própýlfosfórþíótríamíðs: 20%.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í B-hluta, undir fyrirsögninni „Aðferð 11“ komi undirfyrirsögnin „Klóbindlar og bindlar“ í stað „Klóbindlar“.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi aðferð 11.9 við:

„Ákvörðun á [S,S]-etylendíamíndírafsýru

EN 13368-3 3. hluti: Áburður – Ákvörðun á klóbindlum í áburði með litskiljun: Ákvörðun á [S,S]-etylendíamíndírafsýru með jónapörunarskiljun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

3) Í B-hluta bætist eftirfarandi aðferð 11.10 við:

„Ákvörðun á heptaglúkonsýru

EN 16847: Áburður – Ákvörðun á bindlum í áburði —Greining heptaglúkonsýru með litskiljun

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1802****2017/EES/17/28****frá 11. október 2016****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 414/2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir
tilsvarandi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013 ⁽²⁾ er nauðsynlegt að gera skýra grein fyrir því að stök vara (e. *individual product*), sem fellur undir leyfi fyrir flokki skyldra sæfivara, er einnig hæf sem skyld viðmiðunarvara með það fyrir augum að fá leyfi fyrir tilsvarandi vöru.
- 2) Tilvísanir í umsóknir um skráningu eru nú úreltar þar eð þessi málsmeðferð á ekki lengur við eftir að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98//8/EB ⁽³⁾ var felld úr gildi og ætti því að fella þær brott.
- 3) Til að svara þörfum rekstraraðila, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ætti að kveða á um þann möguleika í 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 414/2013 að sækja um landsbundið leyfi fyrir tilsvarandi vörur í tilvikum þar sem skyld viðmiðunarvara hefur verið leyfð með Sambandsleyfi eða er viðfangsefni umsóknar um slíkt leyfi.
- 4) Nauðsynlegt er að gera skýra grein fyrir og tilgreina nánar málsmeðferð við framlagningu umsókna um leyfi fyrir tilsvarandi vöru og um samþykki fyrir slíkum umsóknum ef skylda viðmiðunarvaran hefur verið leyfð samkvæmt einfölduðu málsmeðferðinni við leyfisveitingu, sem sett er fram í 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eða er viðfangsefni umsóknar um slíkt leyfi.
- 5) Til að auka fyrirsjáanleika enn frekar ætti Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) að þróa viðmiðunarreglur um einstök atriði í tengslum við meðhöndlun umsókna sem falla undir framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 414/2013 og uppfæra þær reglulega á grundvelli reynslu og vísindalegra eða tæknilegra framfara.
- 6) Breyta ætti orðalagi í 5. og 6. gr. í því skyni að gera textann skýrari og ótvíræðari.
- 7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 414/2013 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2013 frá 6. maí 2013 um að tilgreina málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir tilsvarandi sæfivörum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjútíð. ESB L 125, 7.5.2013, bls. 4).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjútíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 414/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Viðfangsefni

Með þessari reglugerð er mælt fyrir um málsmeðferð sem gildir ef leitað er eftir leyfi fyrir vöru (hér á eftir nefnd „tilsvarandi vara“) (e. *same product*), sem er eins og önnur einstök sæfivara, flokkur skyldra sæfivara eða stök vara í flokki skyldra sæfivara, sem hefur verið veitt leyfi fyrir eða hún skráð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (*) eða reglugerð (ESB) nr. 528/2012 eða sem hefur verið lögð inn umsókn fyrir um slíkt leyfi (hér á eftir nefnd „skyld viðmiðunarvara“), að því er varðar allar nýjustu upplýsingar sem eru lagðar fram að því er varðar leyfisveitinguna eða skráninguna, að þeim upplýsingum undanskildum sem geta verið viðfangsefni stjórnsýslubreytinga í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2013 (**).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2013 frá 18. apríl 2013 um breytingar varðandi sæfivörur sem eru leyfðar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið ESB L 109, 19.4.2013, bls. 4).“

2) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við í 3. gr.:

„1a. Ef skylda viðmiðunarvaran hefur fengið Sambandsleyfi, eða ef hún er viðfangsefni umsóknar um slíkt leyfi, skal leggja umsóknir um landsbundið leyfi fyrir tilsvandi vöru, í samræmi við 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, fyrir lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem óskað er eftir landsbundnu leyfi.“

3) Eftirfarandi 4. gr. a og 4. gr. b bætist við:

„4. gr. a

Framlagning umsókna samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð og samþykki fyrir þeim

1. Ef skylda viðmiðunarvaran hefur fengið landsbundið leyfi, í samræmi við 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2012, eða ef hún er viðfangsefni umsóknar um slíkt leyfi skal leggja umsóknir um leyfi fyrir tilsvandi vöru, í samræmi við 1. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar, fyrir lögbæra yfirvaldið sem hefur veitt, eða sem farið er á leit við að veiti, landsbundna leyfið fyrir skyldu viðmiðunarvörunni.

2. Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja umsóknina í samræmi við 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

4. gr. b

Leiðbeiningar um meðhöndlun umsókna um leyfi fyrir tilsvandi vörum

1. Að höfðu samráði við aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og hagsmunaaðila skal Efnastofnunin semja viðmiðunarreglur um einstök atriði í tengslum við meðhöndlun á umsóknum sem falla undir þessa reglugerð.

2. Ef nauðsyn krefur skulu þessar viðmiðunarreglur uppfærðar að teknu tilliti til framlags aðildarríkjanna og hagsmunaaðila varðandi framkvæmd þeirra sem og vísindalegra og tæknilegra framfara.“

4) Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Mat á umsóknum um landsbundið leyfi og ákvörðun um þær

Þrátt fyrir 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbært viðtökuyfirvald ákveða hvort leyfi fyrir tilsvaramandi vöru sé veitt eða því synjað, í samræmi við 19. gr. þeirrar reglugerðar, innan 60 daga frá fullgildingu umsóknarinnar í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar eða, eftir atvikum, frá síðari dagsetningu samþykkisins á samsvarandi ákvörðun varðandi skyldu viðmiðunarvöruna.“

5) Í stað 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ef Efnastofnunin mælir með leyfi fyrir tilsvaramandi vöru skal álitid a.m.k. fela í sér bæði eftirfarandi atriði:

- a) yfirlýsingu um hvort skilyrðum, sem mælt er fyrir um í 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, er fullnægt og drög að samantekt á eiginleikum sæfivörunnar eins og um getur í 2. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar,
- b) ef við á: upplýsingar um sérhverja skilmála og skilyrði sem skal setja fyrir því að tilsvaramandi vara sé boðin fram á markaði og fyrir notkun hennar.“

6) Eftirfarandi 6. gr. a bætist við:

„6. gr. a

Mat á umsóknum samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð og ákvörðun um þær

1. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbært viðtökuyfirvald ákveða hvort leyfi fyrir tilsvaramandi vöru sé veitt eða því synjað, í samræmi við 25. gr. þeirrar reglugerðar, innan 60 daga frá samþykki umsóknarinnar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. a í þessari reglugerð eða, eftir atvikum, frá síðari dagsetningu samþykkisins á samsvarandi ákvörðun varðandi skyldu viðmiðunarvöruna.

2. Í matinu skal felast að gengið hafi verið úr skugga um að upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 2. gr., hafi verið lagðar fram og að ætlaði mismunurinn milli tilsvaramandi vörunnar og skyldu viðmiðunarvörunnar varði eingöngu upplýsingar sem geti verið viðfangsefni stjórnisýslubreytingar í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 354/2013.

3. Ef fyrirhugað er að bjóða vöruna, sem leyfi er veitt fyrir með þessari málsmeðferð, fram á markaði í öðrum aðildarríkjum gildir 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1056****2017/EES/17/29****frá 29. júní 2016****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabili fyrir virka efnið glýfosat (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykki fyrir virka efninu glýfosati rennur út 30. júní 2016. Umsókn um endurnýjun á skráningu þessa efnis í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽³⁾ var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁴⁾.
- 3) Þar eð mat á efninu og ákvörðun um endurnýjun á samþykki hafa tafist af ástæðum sem umsækjandi fær ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessu virka efni renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin.
- 4) Í kjölfar niðurstaðna Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunarinnar að því er varðar krabbameinsvaldandi eiginleika glýfosats gaf framkvæmdastjórnin Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) umboð 29. apríl 2015 til að endurskoða undirliggjandi upplýsingar og láta niðurstöðurnar fylgja með í niðurstöðum sínum. Í tengslum við málsmeðferð við mat samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að glýfosat skapi hættu á krabbameinsmyndun í mönnum og að fyrirliggjandi vísbendingar styðji ekki samræmda flokkun glýfosats samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ⁽⁵⁾ að því er varðar krabbameinsvaldandi eiginleika. Í þessu samhengi minnti Matvælaöryggisstofnunin þó á að tillögur hennar, sem gerðar voru í tengslum við málsmeðferð við mat samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eru ekki formlegar tillögur um samræmda flokkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.
- 5) Hinn 22. júlí 2015 ⁽⁶⁾ lét skýrslugjafaraðildarríkið í ljós þá ætlun sína að leggja fram málsskjöl varðandi samræmda flokkun glýfosats, þ.m.t. varðandi hættuflokkinn „krabbameinsvaldandi áhrif“, í samræmi við 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Hinn 17. mars 2016 lagði skýrslugjafaraðildarríkið þessi málsskjöl fyrir Efnastofnun Evrópu sem á að skila álitinu sínu í samræmi við 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 173, 30.6.2016, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjttíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjttíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

(6) „ECHA Registry of Intentions“ Aðgengilegt á Netinu: echa.europa.eu/web/guest/addressing-chemicals-of-concern/registry-of-intentions.

- 6) Munur er á niðurstöðum Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunarinnar og tillögu Matvælaöryggisstofnunarinnar um flokkun að því er varðar krabbameinsvaldandi eiginleika glýfosats. Enn fremur var málsmeðferð vegna samræmdrar flokkunar á glýfosati þegar hafin. Umræður í fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður 18. og 19. maí 2016 leiddu í ljós að fjöldi aðildarríkja, í hlutverki sínu sem áhættustjórnendur, töldu að í þessu sérstaka tilviki varðandi glýfosat væri viðeigandi að fá álit áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu um samræmda flokkun, að því er varðar krabbameinsvaldandi áhrif glýfosats, áður en tekin yrði ákvörðun varðandi endurnýjun á samþykki þar eð slíkt álit gæti skipt máli varðandi samþykkið á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 7) Með tilliti til þess tíma sem þarf til að meta máls skjölin sem varða samræmdu flokkunina er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabilið fyrir virka efnið um 6 mánuði frá þeim degi er framkvæmdastjórnin tók við áliti áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu en þó ekki lengur en til 31. desember 2017. Þegar framkvæmdastjórninni hefur borist álit áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu skal hún tilkynna viðtökudaginn í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 8) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tilvikum þar sem framkvæmdastjórnin mun, í kjölfar viðtöku álits áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu, samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir glýfosati sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanirnar fyrir samþykki eru ekki uppfylltar, mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu samþykkistímabils sem sömu dagsetningu og þann dag sem reglugerðin tekur gildi, að því tilskildu að samþykki fyrir glýfosati sé ekki endurnýjað, jafnvel þó að sú dagsetning sé fyrir lokadagsetningu samþykkisins.
- 9) Að teknu tilliti til framlengingar á samþykkistímabili fyrir glýfosat, sem lýst er í forsendunum hér á undan, og í ljósi athugasemja sem Matvælaöryggisstofnunin hefur greint að því er varðar notkun á meðefninu POE-tólgaramíni (CAS-nr 61791-26-2) í plöntuverndarvörum sem innihalda glýfosat skal framkvæmdastjórnin hefja endurskoðun á samþykki fyrir glýfosati skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eins fljótt og auðið er.
- 10) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 11) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð gildandi samþykki fyrir glýfosati rennur út 30. júní 2016.
- 12) Fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður skilaði ekki áliti innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti. Talin var þörf á framkvæmdargerð og lagði formaðurinn drög að framkvæmdargerð fyrir málskotsnefndina til frekari umfjöllunar. Málskotsnefndin skilaði ekki áliti.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2016“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í færslu 25, glýfosat, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, komi „6 mánuðum frá þeim degi er framkvæmdastjórnin tók við áliti áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu eða 31. desember 2017, hvort heldur ber fyrir að“.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1313****2017/EES/17/30****frá 1. ágúst 2016****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu glýfosati (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrsta valkosti í 3. mgr. 21. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Virka efnið var skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/99/EB ⁽³⁾.
- 2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka tilskipunar 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁴⁾.
- 3) Samþykki fyrir virka efninu glýfosati, eins og fram kemur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út sex mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin tekur við álitni áhættumatsnefndar Efnastofnunar Evrópu eða 31. desember 2017, hvort heldur ber fyrir að.
- 4) Hinn 30. október 2015 ⁽⁵⁾ lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) yfirlýsingu sína fyrir framkvæmdastjórnina um eiturefnafræðilegt mat á POE-tólgaramíni (CAS-nr. 61791-26-2), sem er efni sem er oft notað sem meðefni í plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að í samanburði við glýfosat hafi komið í ljós umtalsverð eiturhrif POE-tólgaramíns á öllum endapunktum sem rannsakaðir voru. Lögð var áhersla á viðbótarathugunarefni að því er varðar möguleikann á því að POE-tólgaramín hafi neikvæð áhrif á heilbrigði manna þegar það er notað í plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat. Matvælaöryggisstofnunin taldi einnig að líkleg útskýring á lækni-fræðilegum gögnum fyrir menn í tengslum við plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat væri sú að eiturhrifin yrðu aðallega vegna efnisþáttarins POE-tólgaramíns í samsetningunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 208, 2.8.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009 bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/99/EB frá 20. nóvember 2001 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að bæta við virku efnunum glýfosfati og þífensúlfúronmetýli (Stjtið. EB L 304, 21.11.2001, bls. 14).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13 (11): 4303. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 5) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB⁽¹⁾, í tengslum við 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, ættu aðildarríki að hvetja til þróunar og framkvæmdar samþættra varna gegn skaðvöldum og annars konar aðferða eða nálgana sem miða að því að draga úr þörf þeirra fyrir notkun varnarefna. Þar eð plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat eru víða notaðar í annað en notkun í landbúnaði ættu aðildarríki að tryggja að notkun plöntuverndarvara sem innihalda glýfosat sé haldið í lágmarki eða hún bönnuð á svæðum s.s. almenningsgördum, íþrótta- og tómstundasvæðum, skólalóðum og leikvöllum, og svæðum í næsta nágrenni við heilbrigðisstofnanir.
- 6) Plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat eru einnig notaðar fyrir uppskeru. Við tilteknaðar aðstæður er notkun fyrir uppskeru, til að hemja eða koma í veg fyrir óæskilegan vöxt illgresis, í samræmi við góðar starfsvenjur í landbúnaði. Engu að síður virðist sem plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat séu einnig notaðar í þeim tilgangi að stjórna uppskerutímamarki eða til að hámarka þreskingu þó að slík notkun teljist ekki falla undir góðar starfsvenjur í landbúnaði. Því má telja að slík notkun sé ekki í samræmi við ákvæði 55. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Af þeim sökum ættu aðildarríkin að gefa sérstakan gaum að því að notkun fyrir uppskeru samræmist góðum starfsvenjum í landbúnaði þegar þau veita leyfi fyrir plöntuverndarvörum.
- 7) Framkvæmdastjórnin gaf tilkynnendum færi á að leggja fram athugasemdir sínar.
- 8) Í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar þykir rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun virka efnisins, einkum með því að útiloka notkun meðefnisins POE-tólgaramíns (CAS-nr. 61791-26-2) í plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat.
- 9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 10) Í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skal taka saman skrá yfir meðefni sem eru ekki samþykkt til að nota í plöntuverndarvörur. Framkvæmdastjórnin, Matvælaöryggisstofnunin og aðildarríki hafa hafið störf m.t.t. þess að taka saman slíka skrá. Við framkvæmd verksins mun framkvæmdastjórnin gefa sérstakan gaum að mögulega skaðlegum meðefnum sem notuð eru í plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat. Skránni yfir óviðunandi meðefni verður í framtíðinni komið á fót með sérstakri gerð í samræmi við kröfurnar um málsmeðferð sem settar eru fram í 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað textans í sjöunda dálki, „Sértæk ákvæði“, í 25. færslu um glýfosat í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi texti:

„Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um glýfosat, einkum í I. og II. viðbæti við hana, eins og fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður breytti henni 27. júní 2016. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin:

— gefa vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum sérstakan gaum, einkum með tilliti til svæða þar sem ekki á að stunda ræktun,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna (Stjútö. ESB L 309, 24.11.2009, bls.71).

- gefa sérstakan gaum að áhættu sem stafar af notkun á tilteknum svæðum sem um getur í a-lið 12. gr. tilskipunar 2009/128/EB,
- gefa sérstakan gaum að því að notkun fyrir uppskeru samræmist góðum starfsvenjum í landbúnaði.

Aðildarríkin skulu tryggja að plöntuverndarvörur sem innihalda glýfosat innihaldi ekki meðefnið POE-tólgarámín (CAS-nr. 61791-26-2)“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1414****2017/EES/17/31****frá 24. ágúst 2016**

um samþykki fyrir virka efninu sýantranilípróli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Bretlandi umsókn frá DuPont Crop Protection og Syngenta Crop Protection 29. júní 2011 um samþykki fyrir virka efninu sýantranilípróli. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Bretland, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 10. ágúst 2011.
- 2) Hinn 31. maí 2013 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 12. júní 2014.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið sýantranilípról uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ⁽²⁾, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 18. ágúst 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almennig. Endurskoðuð útgáfa af þessum niðurstöðum var birt 11. nóvember 2014 og 28. maí 2015 ⁽³⁾.
- 5) Hinn 13. júlí 2015 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunar-skýrslu um sýantranilípról og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir sýantranilípróli.
- 6) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að samþykkja sýantranilípról.
- 8) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tæknipækkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(9), 3814. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(9), 3814. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 9) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið sýantranilípról, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Sýantranilípról CAS-nr: 736994-63-1 CIPAC-nr.: Ekki úthlutað	3-bróm-1-(3-klór-2-pýridýl)-4'-sýanó-2'-metýl-6'-(metýlkarbamóýl)þýrasól-5-karboxanilíð	≥ 940 g/kg IN-Q6S09 að hámarki 1 mg/kg IN-RYA13 að hámarki 20 mg/kg metansúlfónsýra að hámarki 2 g/kg asetónítríl að hámarki 2 g/kg heptan að hámarki 7 g/kg 3-píkólín að hámarki 3 g/kg	14. september 2016	14. september 2026	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um sýantranilípról, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir notendur, b) áhættu fyrir lagarlífverur, býflugur og önnur liðdýr utan markhóps, c) áhættu fyrir býflugur og hunangsflugur, sem er sleppt til frævunar, ef efnið er notað í gróðurhúsum, d) vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„99	Sýantranilípról CAS-nr: 736994-63-1 CIPAC-nr.: Ekki úthlutað	3-bróm-1-(3-klór-2-pýridýl)-4'-sýanó-2'-metýl-6'-(metýlkarbamóýl)þýrasól-5-karboxanilíð	≥ 940 g/kg IN-Q6S09 að hámarki 1 mg/kg IN-RYA13 að hámarki 20 mg/kg metansúlfónsýra að hámarki 2 g/kg asetónítríl að hámarki 2 g/kg heptan að hámarki 7 g/kg 3-píkólín að hámarki 3 g/kg	14. september 2016	14. september 2026	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um sýantranilípról, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: a) áhættu fyrir notendur, b) áhættu fyrir lagarlífverur, býflugur og önnur liðdýr utan markhóps, c) áhættu fyrir býflugur og hunangsflugur, sem er sleppt til frævnar, ef efnið er notað í gróðurhúsum, d) vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslags-skilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1423****2017/EES/17/32****frá 25. ágúst 2016**

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu píkólínafeni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samþykkið fyrir virka efninu píkólínafeni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾, rennur út 30. júní 2017.
- 2) Umsókn um endurnýjun á skráningu píkólínafens í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽³⁾ var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ⁽⁴⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 14. maí 2014.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að píkólínafen uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. október 2015 ⁽⁵⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um píkólínafen fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 29. janúar 2016.
- 7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 231, 26.8.2016, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjttíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(11), 4279. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 8) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir píkólínafeni.
- 9) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir píkólínafeni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda píkólínafeni. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.
- 10) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði.
- 11) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 12) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 ⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir píkólínafeni framlengt til 30. júní 2017 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var þegar tekin fyrir framlengda lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. nóvember 2016.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu píkólínafeni, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2016.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/549 frá 8. apríl 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin bentasón, sýshalófpóbútýl, díkvat, famoxadón, flúmíoxasín, DPX KE 459 (flúþýrsúlfúrón-metýl), metalaxyl-M, píkólínafeni, prósuífúrón, pímetrósín, píabendasól og pífensúlfúrónmetýl (Stj. tíð. ESB L 95, 9.4.2016, bls. 4).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Píkólínafen CAS-nr. 137641-05-5 CIPAC-nr. 639	4'-flúor-6-(α,α,α -tríflúor- m-tólýloxý)pyridín-2- karboxanilíð	≥ 980 g/kg	1. nóvember 2016	30. júní 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um píkólínafen, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — óhreinindunum í tæknilega virka efninu, — vernd spendýra, einkum stórra spendýra sem eru plöntuætur, — vernd landplantna sem eru utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagsskilyrði, — vernd lagarlífvera, einkum þörungna. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 38 um píkólínafen brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„103	Píkólínafen CAS-nr. 137641-05-5 CIPAC-nr. 639	4'-flúór-6-(α,α,α -tríflúór- m-tólýloxý)pyridín-2- karboxanilíð	≥ 980 g/kg	1. nóvember 2016	30. júní 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um píkólínafen, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — óhreinindunum í tæknilega virka efninu, — vernd spendýra, einkum stórra spendýra sem eru plöntuætur, — vernd landplantna sem eru utan markhóps, — vernd grunnvatns ef efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslags-skilyrði, — vernd lagarlífvera, einkum þörungna. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1425**

2017/EES/17/33

frá 25. ágúst 2016

um samþykki fyrir virka efninu ísófetamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Belgíu umsókn frá ISK Biosciences Europe NV 22. janúar 2013 um samþykki fyrir virka efninu ísófetamíði.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar tilkynnti Belgía, sem skýrslugjafaraðildarríki, umsækjandanum, hinum aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um lögmæti umsóknarinnar 3. apríl 2013.
- 3) Hinn 3. október 2014 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnunina þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu 31. ágúst 2015.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið ísófetamíð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ⁽²⁾, fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 28. október 2015. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.
- 6) Hinn 8. mars 2016 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu um ísófetamíð og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir ísófetamíði.
- 7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.
- 8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.
- 9) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 231, 26.8.2016, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(10), 4265. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

- 10) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾ til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið ísófetamíð, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Ísófetamíð CAS-nr: 875915-78-9 CIPAC-nr.: 972	<i>N</i> -[1,1-dímetyl-2-(4-ísóprópoxy- <i>o</i> -tólýl)-2-oxóetyl]-3-metylþíófen-2-karboxamíð	≥ 950 g/kg	15. september 2016	15. september 2026	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ísófetamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir notendur, starfsmenn og lagarlífverur, einkum fiska.</p> <p>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), þ.m.t. mikilvægi óhreininda, 2) samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturhrif og visteiturhrif, 3) áhrif klórunar í vatnsmeðhöndlunarferlum á eiginleika leifa, þ.m.t. möguleikanum á myndun klóraðra leifa sem kunna að myndast úr leifum í yfirborðsvatni, þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. <p>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. og 2. lið eigi síðar en 15. mars 2017 og upplýsingarnar sem krafist er skv. 3. lið innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„100	Ísófetamíð CAS-nr: 875915-78-9 CIPAC-nr.: 972	<i>N</i> -[1,1-dímetyl-2-(4-ísóprópoxy- <i>o</i> -tólýl)-2-oxóetyl]-3-metylþíófen-2-karboxamíð	≥ 950 g/kg	15. september 2016	15. september 2026	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um ísófetamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að áhættu fyrir notendur, starfsmenn og lagarlífverur, einkum fiska. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) tækniforskrift fyrir framleitt, virkt efni (byggt á framleiðslu í ábataskyni), þ.m.t. mikilvægi óhreininda, 2) samræmi framleiðslulotanna við staðfestu tækniforskriftirnar að því er varðar eiturrif og visteiturrif, 3) áhrif klórunar í vatnsmeðhöndlunarferlum á eiginleika leifa, þ.m.t. möguleikanum á myndun klóraðra leifa sem kunna að myndast úr leifum í yfirborðsvatni, þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. <p>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. og 2. lið eigi síðar en 15. mars 2017 og upplýsingarnar sem krafist er skv. 3. lið innan tveggja ára eftir samþykki á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“</p>

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1426****2017/EES/17/34****frá 25. ágúst 2016**

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu etófúmesati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samþykkið fyrir virka efninu etófúmesati, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾, rennur út 31. júlí 2017.
- 2) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir etófúmesati var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽³⁾ innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 3) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.
- 4) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 28. janúar 2015.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að etófúmesat uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 18. desember 2015 ⁽⁴⁾. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um etófúmesat fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 8. mars 2016.
- 7) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurnýjunarskýrsluna.
- 8) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.
- 9) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir etófúmesati.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 231, 26.8.2016, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016, 14(1), 4374, [141 bls], doi:10.2903/j.efsa.2016.4374.

- 10) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir etófümesati byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda etófümesat. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem illgresiseyðir.
- 11) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að setja hámarks-gildi fyrir tvö eiturefnafræðileg óhreinindi sem skipta máli í framleidda, virka efninu.
- 12) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950⁽¹⁾ var samþykkistímabilið fyrir etófümesat framlengt svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir framlengda lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. nóvember 2016.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykkið fyrir virka efninu etófümesati, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2016.

⁽¹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/950 frá 15. júní 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efni 2,4-DB, betasýflútrín, karfentrasónetyl, Coniothyrium minitans af stofni CON/M/91-08 (DSM 9660), sýasófamíð, deltametrín, dímetenamíð-P, etófümesat, fenamídón, flúfenaset, flúrtamón, foramsúlfúrón, fosfásat, ímasamox, joðsúlfúrón, ípródrón, ísoxaflútól, línúrón, malínhýdrasíð, mesótríón, oxasúlfúrón, pendímetalín, píkoxystróbín, silþíófam og trifloxýstróbín (Stjtið. ESB L 159, 16.6.2016, bls. 3).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Etófúmesat CAS-nr. 26225-79-6 CIPAC-nr. 233	(RS)-2-etoxy-2,3-dihýdró- 3,3-dímetýlbensófüran-5- ýlmetansúlfónat	≥ 970 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru vara- söm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftir- farandi: — EMS, etýlmetansúlfónat: að hámarki 0,1 mg/kg — iBMS, ísóbútýlmetansúl- fónat: að hámarki 0,1 mg/kg	1. nóvember 2016	31. október 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um etófúmesat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu fyrir lagarlífverur. Í notkunarskýrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í A-hluta falli færsla 29 um etófümesat brott.
- 2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (*)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„102	Etófümesat CAS-nr. 26225-79-6 CIPAC-nr. 233	(RS)-2-etoxý-2,3-dihýdró-3,3-dímetýlbensófüran-5-ýlmetansúlfónat	≥ 970 g/kg Eftirfarandi óhreinindi eru vara-söm í eiturefnafræðilegu tilliti og magn þeirra í tæknilega efninu má ekki vera meira en eftirfarandi: — EMS, etýlmetansúlfónat: að hámarki 0,1 mg/kg — iBMS, ísóbútýlmetansúlfónat: að hámarki 0,1 mg/kg	1. nóvember 2016	31. október 2031	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðna í endurnýjunarskýrslunni um etófümesat, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu fyrir lagarlífverur. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

(*) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

ÁKVÖRDUN nr. H7**2017/EES/17/35****frá 25. júní 2015****um endurskoðun ákvörðunar nr. H3 varðandi dagsetningu sem taka þarf tillit til við ákvörðun á umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009**

(2016/C 52/08) (*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um álitæfni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 8. mgr. ákvörðunar nr. H3 ⁽³⁾ er krafist endurskoðunar þessarar ákvörðunar ári eftir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009.
- 2) Fyrir skýrleika sakir ætti að gæta samkvæmni í hugtakanotkun í ákvörðun nr. H3. [Varðar ekki íslensku útgáfuna.] Ef notað er orðalagið „umreikningsgengi sem við á“ ætti að koma í þess stað orðalagið „umreikningsgengi birt“.
- 3) Orðalagið í 6. mgr. ákvörðunar nr. H3 hefur leitt til erfiðleika við túlkun og henni hefur verið beitt á ólíkan hátt í aðildarríkjunum. Af þeim sökum verður að breyta þessu ákvæði til þess að skýra þá málsmeðferð sem á að beita.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. [Varðar ekki íslensku útgáfuna.]
2. Í 5. mgr. ákvörðunar nr. H3 komi orðalagið „umreikningsgengi sem er birt“ í stað orðalagsins „umreikningsgengi sem við á“.
3. Í stað 6. mgr. ákvörðunar H3 komi:
„Að því er 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 varðar skal sá dagur sem taka ber tillit til við ákvörðun viðeigandi gengis milli tveggja gjaldmiðla vera:
 - a) í því tilviki að farið er fram á skuldajöfnun eftirstöðva/reglulegra greiðslna er það sá virki dagur sem fer næst á undan þeim degi þegar umsækjandi sendi endanlega beiðni um skuldajöfnun eftirstöðva/reglulegra greiðslna eða
 - b) í því tilviki að farið er fram á endurgreiðslu er það sá virki dagur sem fer næst á undan þeim degi þegar umsækjandi sendi fyrstu beiðni um endurgreiðslu.

Að því er þessa málsgrein varðar skal virkur dagur vísa til þess virka dags hjá Seðlabanka Evrópu þegar hann birtir daglegt viðmiðunargengi vegna gjaldeyrisviðskipta.“

4. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún öðlast gildi á tuttugasta degi eftir birtingu hennar.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Liene RAMANE

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB C 52, 11.2.2016, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Ákvörðun nr. H3 frá 15. október 2009 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjttíð. ESB C 106, 24.4.2010, bls. 56).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2017/EES/17/36

frá 30. október 2014

um jafngildi milli regluramma Singapúrs um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár

(2014/753/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaradilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðunin um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.
- 2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þar ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr tryggir að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaradilum og viðskiptavettvangi sem hefur staðfestu í Sambandinu, meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.
- 3) Hinn 1. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Singapúr. Tækniráðgjöfin tilgreindi ýmiss konar mismun á milli lagalega bindandi krafna sem gilda, á vettvangi dómsvalds, um miðlæga mótaðila í Singapúr og lagalega bindandi krafna sem gilda um miðlæga mótaðila samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þessi ákvörðun byggist þó ekki einvörðungu á samanburðargreiningu á lagalega bindandi kröfum sem gilda um miðlæga mótaðila í Singapúr heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stöðustofnunaradilar og viðskiptavettvangur, sem hefur staðfestu í Sambandinu, stendur frammi fyrir, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.
- 4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa staðfestu þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Lagalega bindandi kröfur Singapúrs vegna miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar samanstanda af 289. kafla laganna um verðbréf og framtíðarsamninga (Securities and Futures Act, SFA) og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga (stöðustofnunarstöðvar) frá 2013 (Securities and Futures (Clearing Facilities) Regulations 2013, SFA Regulations). Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga miða að því að stuðla að öruggum og skilvirkum stöðustofnunareiningum og draga úr kerfisáhættu. Reglugerðirnar um verðbréf og framtíðarsamninga miða að því að þróa og innleiða kröfur laganna um verðbréf og framtíðarsamninga. Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga innleiða leyfisfyrirkomulag fyrir allar kerfislega mikilvægar stöðustofnunareiningar, í hlutverki miðlægs mótaðila, sem þurfa

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. EB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

leyfi Peningamálastofnunar Singapúrs (The Monetary Authority of Singapore, MAS) til að starfa sem samþykktar stöðustofnunarstöðvar (Approved Clearing Houses, ACH). Aðrar stöðustofnunarstöðvar, þ.m.t. erlendir miðlægir mótaðilar, hafa leyfi Peningamálastofnunar Singapúrs til að starfa sem viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar (RCH).

- 7) Peningamálastofnun Singapúrs gaf í janúar 2013 einnig út „Greinargerð um eftirlit með innviðum fjármálamarkaða“ („greinargerðin“) sem setur fram staðla, sem gilda um miðlæga mótaðila við framkvæmd meginreglnanna um innviði fjármálamarkaða (Principles for Financial Market Infrastructures, PFMI), sem greiðslu- og uppgjörsnefndin ⁽¹⁾ („CPSS“) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði („IOSCO“) gáfu út í apríl 2012. Í greinargerðinni er m.a. útskýrt með hvaða hætti Peningamálastofnun Singapúrs væntir þess að samþykktar stöðustofnunarstöðvar uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga, en Peningamálastofnun Singapúrs tekur tillit til þess við mat á því hvort samþykktar stöðustofnunarstöðvar fara að lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga.
- 8) Til að fá starfsleyfi sem samþykkt stöðustofnunarstöðvar þurfa stöðustofnunarstöðvar að uppfylla sértækar kröfur sem settar eru fram í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga. Peningamálastofnun Singapúrs getur sett skilyrði eða takmarkanir á leyfin til samþykktra stöðustofnunarstöðva og getur hvenær sem er bætt við, breytt eða afturkallað skilyrðin eða takmarkanirnar sem settar eru á þau. Samþykktar stöðustofnunarstöðvar skulu reka stöðustofnunarstöðvar á öruggan og skilvirkan hátt og þær skulu stýra af varfærni áhættunni í tengslum við viðskipti þeirra og rekstur. Þær skulu einnig hafa fullnægjandi fjármagn, mannauð og kerfi.
- 9) Samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga skulu samþykktar stöðustofnunarstöðvar enn fremur innleiða, á einingargrunni, innri reglur og málsmeðferðarreglur sem tryggja eðlilegan og skilvirkan rekstur stöðustofnunarstöðvarinnar og tilhlýðilega reglusetningu og eftirlit með aðilum hennar. Innri reglur og málsmeðferðarreglur stöðustofnunarstöðva skulu innihalda sértæk málefni sem Peningamálastofnun Singapúrs mælir fyrir um, þ.m.t. kröfur í tengslum við áhættuna sem felst í rekstri stöðustofnunarstöðva, meðhöndlun vanskila og viðmiðanirnar og skilyrðin sem aðilar hennar skulu uppfylla. Í þessu sambandi er greinargerðinni hrundið í framkvæmd í innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva. Innri reglur og málsmeðferðarreglur samþykktra stöðustofnunarstöðva, sem og allar breytingarnar á þeim, skulu lagðar fram til Peningamálastofnunar Singapúrs áður en þeim er hrundið í framkvæmd. Peningamálastofnun Singapúrs getur fellt úr gildi, breytt eða bætt við innri reglur og málsmeðferðarreglur eða hvaða hluta tillögu að breytingum sem er. Samkvæmt reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga er enn fremur sérstaklega krafist fyrirframsamþykkis Peningamálastofnunar Singapúrs vegna breytinga á áhættustýringar- ramma samþykktra stöðustofnunarstöðva, þ.m.t. tegundir samþykktra trygginga, aðferðir við mat á tryggingum og ákvörðun á tryggingarfé til að stýra áhættu samþykktra stöðustofnunarstöðva gagnvart þátttakendum, sem og umfang fjármagns sem er tiltækt til að standa straum af vanskilum aðila þeirra (að undanskildu tryggingarfé sem geymt er hjá samþykktu stöðustofnunarstöðinni). Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga kveða á um viðurlög ef innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva er breytt með þeim hætti að þær uppfylli ekki lengur kröfurnar sem Peningamálastofnun Singapúrs setur fram. Samkvæmt lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga eru innri reglur og málsmeðferðarreglur samþykktra stöðustofnunarstöðva því bindandi fyrir samþykktar stöðustofnunarstöðvar.
- 10) Lagalega bindandi kröfur í Singapúr eru því tvískiptar. Í meginkröfunum vegna samþykktra stöðustofnunarstöðva, sem mælt er fyrir um í lögunum um verðbréf og framtíðarsamninga og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga („meginreglurnar“), eru settir fram strangir staðlar sem samþykktar stöðustofnunarstöðvar skulu uppfylla til að fá leyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Singapúr. Þessar meginreglur eru fyrri þrep lagalega bindandi krafna í Singapúr. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu samþykktar stöðustofnunarstöðvar leggja fram innri reglur og málsmeðferðarreglur sínar til Peningamálastofnunar Singapúrs áður en þeim er hrundið í framkvæmd og Peningamálastofnunar Singapúrs getur fellt þær úr gildi, breytt þeim eða bætt við þær. Þessar innri reglur og málsmeðferðarreglur eru seinna þrep lagalega bindandi krafna í Singapúr, sem skulu veita ítarlega forskrift að því er varðar með hvaða hætti samþykkt stöðustofnunarstöð, sem er umsækjandi, uppfyllir þessa ströngu staðla í samræmi við greinargerðina. Þar að auki innihalda innri reglur og málsmeðferðarreglur samþykktra stöðustofnunarstöðva viðbótarákvæði sem styðja við meginreglurnar.
- 11) Matið á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um samþykktar stöðustofnunarstöðvar, ætti einnig að taka mið af niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur sem hafa staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir vegna þátttöku þeirra í samþykktu stöðustofnunarstöð. Niðurstaða áhættumildunar er bæði ákvörðuð af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfsemiinni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðarins sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram sömu niðurstöðu áhættumildunar er þörf á strangari kröfum um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.

⁽¹⁾ Greiðslu- og uppgjörsnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures, CPMI).

- 12) Stærð fjármálamarkaðanna þar sem samþykktir stöðustofnunaraðilar stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægur mótaðili með staðfestu í Sambandinu stundar starfsemi sína. Á síðastliðnum þremur árum hefur heildarvirði færslna sem stöðustofnaðar eru í Singapúr verið minna en 1% af heildarvirði færslna sem stöðustofnaðar eru í aðildarríkjum Sambandsins sem eru í G10-hópnum. Af þessum sökum hefur þátttaka í samþykktum stöðustofnunarstöðvum í för með sér verulega minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.
- 13) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um samþykktar stöðustofnunarstöðvar gæti því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um samþykktar stöðustofnunarstöðvar, sem studdar eru af innri reglum og málsmeðferðarreglum þeirra sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda minni áhættu sem er fyrir hendi í Singapúr og ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar og þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 14) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr tryggi að samþykktar stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 15) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grunni.
- 16) Peningamálastofnun Singapúrs getur gefið út leiðbeiningar, hvort sem er almenns eða sérstaks eðlis, til að tryggja öruggan og skilvirkan rekstur samþykktra stöðustofnunarstöðva, einkum til að tryggja að farið sé að skyldum eða kröfum samkvæmt lögum um verðbréf og framtíðarsamninga eða að kröfunum sem mælt er fyrir um af Peningamálastofnun Singapúrs, sem skal fella inn í innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva. Lögin um verðbréf og framtíðarsamninga kveða á um viðurlög ef hlutadeigandi samþykkt stöðustofnunarstöð fer ekki að leiðbeiningunum sem Peningamálastofnun Singapúrs gefur út. Að því er varðar framfylgd á innri reglum og málsmeðferðarreglum samþykktra stöðustofnunarstöðva getur Peningamálastofnun Singapúrs óskað eftir því við hæstarétt að hann gefi út fyrirmæli til samþykktar stöðustofnunarstöðvar að hún fari að, virði, framfylgi eða komi í framkvæmd innri reglum sínum og málsmeðferðarreglum. Loks getur Peningamálastofnun Singapúrs afturkallað starfsleyfi samþykktra stöðustofnunarstöðva, meðal annars ef þær fara ekki að þeim kröfum sem hún mælir fyrir um, skilyrðum eða takmörkunum sem lagðar eru á leyfið, leiðbeiningum sem Peningamálastofnun Singapúrs gefur út samkvæmt lögum um verðbréf og framtíðarsamninga eða einhverju ákvæða laganna um verðbréf og framtíðarsamninga.
- 17) Þar að auki er þess krafist samkvæmt reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga að samþykktar stöðustofnunarstöðvar leggi fram til Peningamálastofnunar Singapúrs árlega skýrslu um með hvaða hætti þær hafa rækt skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréf og framtíðarsamninga á fjárhagsárinu. Þær verða einnig að leggja fram til Peningamálastofnunar Singapúrs skýrslu endurskoðenda um samþykktu stöðustofnunarstöðina, í fullri lengd, sem verður að innihalda niðurstöður og tilmæli endurskoðendanna, ef um þær er að ræða, um innra eftirlit samþykktu stöðustofnunarstöðvarinnar og upplýsingar um það ef samþykktu stöðustofnunarstöðin fer ekki að einhverjum ákvæðum laganna um verðbréf og framtíðarsamninga og fyrirmælum sem Peningamálastofnun Singapúrs gefur út samkvæmt lögum um verðbréf og framtíðarsamninga.
- 18) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.
- 19) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr innihalda skilvirkt jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).
- 20) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um starfsleyfi sem viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar, sem gerir þeim kleift að veita sömu þjónustu í Singapúr og þeir hafa leyfi til að veita í þriðja landinu.
- 21) Áður en Peningamálastofnun Singapúrs veitir starfsleyfi fyrir viðurkennda stöðustofnunarstöð skal stofnunin meta hvort reglukerfi í þriðja landi, þar sem miðlægi mótaðilinn hefur starfsleyfi, sé sambærilegt fyrirkomulagi laga og eftirlits sem beitt er á miðlæga mótaðila sem hafa staðfestu í Singapúr, þ.m.t. hvort meginreglunum um innviði fjármálamarkaða sé beitt. Gerð samstarfssamninga milli Peningamálastofnunar Singapúrs og viðkomandi erlends eftirlitsyfirvalds er einnig krafist við veitingu starfsleyfis fyrir viðurkennda stöðustofnunarstöð.
- 22) Enda þótt ljóst sé að fyrirkomulag viðurkenningarferlisins í lagareglum Singapúrs, sem gildir um miðlæga mótaðila þriðja lands, sé frábrugðið málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti það þó að teljast kveða á um skilvirkt jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila þriðja lands.

- 23) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Singapúr að því er varðar samþykktar stöðustofnunarstöðvar, og þetta fyrirkomulag laga og eftirlits ætti að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti, samkvæmt upplýsingum frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, að halda áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Singapúrs vegna miðlægra mótaðila og athuga hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Singapúr, sem samanstendur af 289. kafla laganna um verðbréf og framtíðarsamninga (Securities and Futures Act) og reglugerðunum um verðbréf og framtíðarsamninga (stöðustofnunarstöðvar) frá 2013 (Securities and Futures (Clearing Facilities) Regulations 2013), ásamt „Greinargerð um eftirlit með innviðum fjármálamarkaða“ og gilda um samþykktar stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2017/EES/17/37

frá 30. október 2014

um jafngildi milli regluramma Hong Kong um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár

(2014/754/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaraðilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðunin um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.
- 2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Hong Kong tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaraðilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.
- 3) Hinn 1. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Hong Kong. Tækniráðgjöfin tilgreindi ýmiss konar mismun á milli lagalega bindandi krafna sem gilda, á vettvangi dómsvalds, um miðlæga mótaðila í Hong Kong og lagalega bindandi krafna sem gilda um miðlæga mótaðila samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þessi ákvörðun byggist þó ekki einvörðungu á samanburðargreiningu á lagalega bindandi kröfum sem gilda um miðlæga mótaðila í Hong Kong heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur, sem hefur staðfestu í Sambandinu, stendur frammi fyrir, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem framkvæmd er á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.
- 4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa staðfestu þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum, sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Lagalega bindandi kröfur Hong Kong til miðlægra mótaðila sem hafa starfsleyfi þar samanstanda af reglugerðinni um stöðustofnunar- og uppgjörskerfi (Clearing and Settlement Systems Ordinance, CSSO) og reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga (Securities and Futures Ordinance, SFO). Einingar sem hafa leyfi samkvæmt reglugerðinni um stöðustofnunar- og uppgjörskerfi heyra undir reglusetningu yfirvalda Hong Kong á sviði peningamála (Hong Kong Monetary Authority, HKMA) og einingar sem hafa leyfi samkvæmt reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga heyra undir reglusetningu nefndarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong (Securities and Futures Commission (SFC) of Hong Kong). Miðlægir mótaðilar í Hong Kong hafa aðeins leyfi samkvæmt reglugerðinni um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 62. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjóð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

verðbréf og framtíðarsamninga. Því ætti þessi ákvörðun að takmarkast við fyrirkomulagið sem sett er fram samkvæmt reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga.

- 7) Samkvæmt III. hluta reglugerðarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga hefur nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga vald til að veita miðlægum mótaðila leyfi til að starfa sem viðurkennd stöðustofnunarstöð (Recognised Clearing House, RCH). Þegar tekin er ákvörðun um hvort veita skuli miðlægum mótaðila starfsleyfi sem viðurkennd stöðustofnunarstöð skal nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga taka tillit til „hagsmuna almennra fjárfesta“ og „eðlilegrar reglusetningar um markaði“. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga í Hong Kong getur einnig tilgreint „skilmála sem hún telur viðeigandi“ áður en hún veitir miðlægum mótaðila starfsleyfi sem viðurkennd stöðustofnunarstöð og getur breytt þessum skilmálum með tilkynningu ef hún er „fullviss um að það sé fullnægjandi“. Við ákvörðun á því hvað þykir fullnægjandi skal nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga vísa til lögboðinnar skyldu sinnar um að viðhalda fjármálastöðugleika og að draga úr kerfisáhættu.
- 8) Reglugerðin um verðbréf og framtíðarsamninga mælir fyrir um skyldur og kröfur sem viðurkennd stöðustofnunarstöð skal uppfylla. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga gaf út leiðbeiningar skv. 1. mgr. 399. þáttar reglugerðarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga („leiðbeiningarnar“) sem hringa í framkvæmd alþjóðlegu stöðlunum sem settir eru fram í meginreglunum um innviði fjármálamarkaða (PFMIs) sem greiðslu- og uppgjörsefndin ⁽¹⁾ (CPSS) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) gáfu út í apríl 2012. Við mat á því hvort viðurkennd stöðustofnunarstöð uppfylli skyldur sínar samkvæmt reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga skal nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga taka tillit til leiðbeininganna. Ef viðurkennd stöðustofnunarstöð uppfyllir ekki skyldur sínar samkvæmt reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga, eins og hún er studd af leiðbeiningunum, getur nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga gert ráðstafanir til að bæta úr þeim aðstæðum.
- 9) Í reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga er þess einnig krafist að viðurkennd stöðustofnunarstöð innleiði innri reglur og málsmeðferðarreglur sem eru nauðsynlegar fyrir eðlilega reglusetningu um stöðustofnunar- og uppgjörstöðu hennar og eðlilega reglusetningu um stöðustofnunaðila hennar. Kröfunum í reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga og í leiðbeiningunum er þannig hrundið í framkvæmd í innri reglum og málsmeðferðarreglum hinna viðurkenndu stöðustofnunarstöðva. Samkvæmt reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga skal nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga samþykkja innri reglur og málsmeðferðarreglur sem viðurkennd stöðustofnunarstöð innleiðir.
- 10) Hinar lagalega bindandi kröfur í Hong Kong eru því tvískiptar. Í meginreglunum um viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar, sem mælt er fyrir um í reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga („meginreglurnar“), eru settir fram þeir ströngu staðlar sem viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar skulu uppfylla til að fá leyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Hong Kong. Þessar meginreglur eru fyrra þrep lagalega bindandi krafna í Hong Kong. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar leggja fram innri reglur og málsmeðferðarreglur sínar til nefndarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga til samþykkis. Þessar innri reglur og málsmeðferðarreglur eru seinna þrep lagalega bindandi krafna í Hong Kong, sem skulu veita ítarlega forskrift um það með hvaða hætti viðurkennda stöðustofnunarstöðin uppfyllir þessa staðla í samræmi við leiðbeiningarnar. Þegar nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga hefur samþykkt innri reglurnar og málsmeðferðarreglurnar verða þær lagalega bindandi fyrir hina viðurkenndu stöðustofnunarstöð.
- 11) Matið á fangildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar, ætti einnig að taka til greina niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaðilar og viðskiptavettvangur með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir vegna þátttöku þeirra í viðurkenndri stöðustofnunarstöð. Niðurstaða áhættumildunar er bæði ákvörðuð af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfsemi sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram sömu niðurstöðu áhættumildunar er þörf á strangari kröfum um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum sem hafa minni innbyggða áhættu.
- 12) Stærð fjármálamarkaðarins þar sem viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu, stunda starfsemi sína. Á undanförunum þremur árum hefur árlegt hugsað verðmæti skráðra afleiðusamninga sem viðskipti voru með í Hong Kong verið minna en 1% af árlegu hugsuðu verðmæti skráðra afleiðusamninga sem viðskipti voru með í Sambandinu. Á sama tímabili var markaðsverðmæti verðbréfa sem viðskipti voru með á markaði í Hong Kong að meðaltali minna en 25% af markaðsverðmæti viðskipta í Sambandinu. Þar að auki var stöðustofnun viðurkenndra stöðustofnunarstöðva á flóknari

(1) Greiðslu- og uppgjörsefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures, CPMI).

afurðum á borð við OTC-afleiður á frumstigi þar sem stöðustofnunarþjónusta fyrir OTC-afleiðusamninga hófst ekki fyrir en 25. nóvember 2013. Af þessum sökum hefur þátttaka í viðurkenndum stöðustofnunarstöðvum í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.

- 13) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar gæti því talist vera jafngilt ef það er fullnægjandi til að milda þessa lægri áhættu. Meginreglurnar sem gilda um viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar, sem studdar eru af innri reglum og málsmeðferðarreglum þeirra sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda lægri áhættuna sem við á í Hong Kong og ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar og þá sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.
- 14) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits Hong Kong tryggji að viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 15) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Hong Kong, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grunni.
- 16) Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga hefur stöðugt eftirlit með því að viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar uppfylli kröfur um áhættustýringu með því að beita eftirliti og áhættutengdri rannsóknarmálsmeðferð, þ.m.t. prófun á varfærniskröfum. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga hefur viðbótarráðstafanir til að framfylgja reglufylgni. Einkum hefur nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga vald til að skipa viðurkenndum stöðustofnunarstöðvum að hætta að veita eða starfrækja stöðustofnunar- eða uppgjörstöðvar eða afturkalla starfsleyfi þeirra. Það að auki getur nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga krafist þess að viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar geri tilteknar breytingar á reglum sínum, eftir því sem þörf krefur, og hefur vald til að gera slíkar breytingar einhliða ef hlutadeigandi viðurkennd stöðustofnunarstöð fer ekki að kröfu hennar. Nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga hefur vald til að krefjast þess að viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar afhendi bókhald og skrár sem þær geyma í tengslum við eða að því er varðar viðskipti þeirra, eða að því er varðar stöðustofnunar- og uppgjörfyrirkomulag vegna viðskipta með verðbréf eða framtíðarsamninga, sem og aðrar upplýsingar í tengslum við starfsemi þeirra eða stöðustofnunar- og uppgjörfyrirkomulag vegna viðskipta með verðbréf eða framtíðarsamninga sem eðlilegt má telja að nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga geti farið fram á til að hún geti sinnt hlutverki sínu. Ef upplýsingarnar eða gögnin eru ekki veitt, án réttmæts rökstuðnings, getur það haft sektir í för með sér.
- 17) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Hong Kong að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.
- 18) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Hong Kong innihalda skilvirkt jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum með starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).
- 19) Til að eining fái að starfa sem miðlægur mótaðili í Hong Kong er þess krafist að hún sé tilgreind annaðhvort sem viðurkennd stöðustofnunarstöð eða viðurkennd sem veitandi „sjálfvirkar viðskiptaþjónustu“ (Automated Trading Services, ATS) samkvæmt reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga. Sjálfvirk viðskiptaþjónusta er skilgreind sem einingar sem, með rafrænum búnaði, veita þjónustu í tengslum við viðskipti eða stöðustofnun verðbréfa eða framtíðarsamninga. Lögjafaráð Hong Kong samþykkti, í mars 2014, breytingarreglugerð til að rýmka gildissvið skilgreiningarinnar á sjálfvirkri viðskiptaþjónustu til að hún myndi einnig ná yfir OTC-afleiður.
- 20) Fyrirkomulag sjálfvirkar viðskiptaþjónustu er sniðið að miðlægum mótaðilum þriðja lands sem vilja veita markaðsaðilum í Hong Kong þjónustu. Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um að hljóta viðurkenningu í Hong Kong sem sjálfvirk viðskiptaþjónusta, til að gera þeim kleift að veita sömu þjónustu í Hong Kong og þeir hafa leyfi til að veita í þriðja landinu.
- 21) Við vinnslu á umsókn miðlægs mótaðila þriðja lands um að veita sjálfvirka viðskiptaþjónustu metur nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga hvort miðlægur mótaðili þriðja lands fylgi sem viðmiðun meginreglunum um innviði fjármálamarkaða. Einnig er þess krafist að gert sé samkomulag milli nefndarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga og lögbærs eftirlitsyfirlitsvalds miðlægs mótaðila þriðja lands sem sækir um áður en umsóknin um leyfi til að veita sjálfvirka viðskiptaþjónustu er samþykkt, þar sem nefndin um verðbréf og framtíðarsamninga treystir á landsbundið eftirlitsyfirlit að því er varðar daglegt eftirlit með miðlægum mótaðila þriðja lands.
- 22) Enda þótt ljóst sé að fyrirkomulag viðurkenningarferlisins í lagareglum Hong Kong, sem gildir um miðlæga mótaðila þriðja lands, sé frábrugðið málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ætti það þó að teljast kveða á um skilvirkt jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.

- 23) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Hong Kong að því er varðar viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar og ætti þetta fyrirkomulag laga og eftirlits að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti, samkvæmt upplýsingum frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, að halda áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Hong Kong vegna miðlægra mótaðila og athuga hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Hong Kong, sem samanstendur af reglugerðinni um verðbréf og framtíðarsamninga (Securities and Futures Ordinance, SFO), sem studd er af leiðbeiningunum sem samþykktar eru skv. 1. mgr. 399. þáttar reglugerðarinnar um verðbréf og framtíðarsamninga og gildir um viðurkenndar stöðustofnunarstöðvar sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
José Manuel BARROSO
forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2017/EES/17/38

frá 30. október 2014

um jafngildi milli regluramma Ástralíu um miðlæga mótaðila og krafna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár

(2014/755/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum sem komið er á fót og hafa starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaradilum eða viðskiptavettvöngum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðun um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.
- 2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Ástralíu tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaradilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.
- 3) Hinn 1. september 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Ástralíu. Í tækniráðgjöfinni var niðurstaðan sú að öll ákvæðin í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 séu nákvæmlega endurgerð með samsvarandi lagalega bindandi kröfum sem gilda, á vettvangi dómsvalds, um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Ástralíu.
- 4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa staðfestu þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Lagalega bindandi kröfur Ástralíu vegna miðlægra mótaðila sem hafa þar starfsleyfi samanstanda af „Corporations Act 2001“ (Corporations Act) sem, ásamt „Corporations Regulations 2001“ (Corporations Regulations), mynda lagaramma um stöðustofnunar- og uppgjörstöðvar (CS facilities). Í hluta 7.3 í Corporations Act er kveðið á um að áður en leyfi er veitt til að stunda stöðustofnunar- eða uppgjörstarfsemi skal ráðherra m.a. vera þess fullviss að hlutaðeigandi miðlægur mótaðili hafi fullnægjandi starfsreglur og málsmeðferðarreglur, sem eru í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, til að tryggja, að því marki sem raunhæft er, að dregið sé úr kerfisáhættu og að miðlægi mótaðilinn sé starfræktur á sanngjarnan og skilvirkan hátt. Miðlægi mótaðilinn verður einnig hafa fullnægjandi fyrirkomulag til að meðhöndla hagsmunaárekstra og til að framfylgja innri reglum sínum og málsmeðferðarreglum. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu (ASIC) og Seðlabanki Ástralíu (RBA) veita ráðherranum ráðgjöf um veitingu leyfa til stöðustofnunar- og uppgjörstöðva og breytingar á innri reglum og málsmeðferðarreglum þeirra og bera ábyrgð á því að meta, og að framfylgja ef um er að ræða verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu, hvort miðlægur mótaðili uppfyllir skyldur sínar samkvæmt Corporations Act.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 311, 31.10.2014, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtuð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

- 7) Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu veitir eftirlitsskyldum aðilum regluleiðbeiningar til að útskýra sértæk málefni sem þegar falla undir löggjöf. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu endurskoðaði einkum regluleiðbeiningar sínar um leyfisveitingar og eftirlit með leyfum stöðustofnunar- og uppgjörstöðva í desember 2012 í uppfærðri útgáfu af leiðarvísi um reglur 211 „Stöðustofnunar- og uppgjörstöðvar: Ástralskir og erlendir rekstraraðilar (Regulatory Guide 211 „Clearing and settlement facilities: Australian and overseas operators“ (RG 211). Leiðarvísir verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu, RG 211, innleiðir meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða (PFMI) sem greiðslu- og uppgjörnefndin (CPSS) og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) gáfu út í apríl 2012 ⁽¹⁾, sem eiga við um skyldurnar sem settar eru fram í Corporations Act og eru leiðbeinandi fyrir miðlæga mótaðila um hvernig þeir skulu uppfylla skyldur sínar samkvæmt Corporations Act. Ef ekki er farið að Corporations Act eins og útskýrt er í RG 211 gæti það af þessum sökum haft í för með sér framfylgd aðgerða og viðurlaga.
- 8) Seðlabanki Ástralíu hefur valdheimild, samkvæmt Corporations Act, til að setja staðla um fjármálastöðugleika í þeim tilgangi að tryggja að miðlægir mótaðilar starfi með þeim hætti að það leiði til eða stuðli að heildarstöðugleika ástralska fjármálakerfisins. Í nóvember 2012 samþykkti greiðslukerfisnefnd Seðlabanka Ástralíu ákvörðun um nýja staðla um fjármálastöðugleika (Financial Stability Standards for Central Counterparties, FSS) sem ná yfir 21 staðal fyrir miðlæga mótaðila, ásamt meðfylgjandi undirstöðlum og leiðbeiningum. Staðlarnir um fjármálastöðugleika tóku gildi í mars 2013, að undanskildum tilteknum undirstöðlum sem tóku gildi 31. mars 2014. Allir miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi skulu fara að stöðlunum um fjármálastöðugleika.
- 9) Í meginreglunum um stöðustofnunar- og uppgjörstöðvar sem settar eru fram í hluta 7.3 í Corporations Act og Corporations Regulations, eins og skýrt er út í leiðarvísi verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu, RG 211, og stöðlunum um fjármálastöðugleika sem Seðlabanki Ástralíu ákvarðar (ásamt meginreglunum), eru settir fram strangir staðlar sem miðlægir mótaðilar skulu uppfylla til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Ástralíu. Þessar meginreglur eru fyrsta þrep lagalega bindandi krafna í Ástralíu. Í því skyni að fara að meginreglunum samþykkja miðlægir mótaðilar einnig innri reglur sínar og málsmeðferðarreglur, sem skulu vera í samræmi við sértækar kröfur sem settar eru fram í Corporations Act og Corporations Regulations, eins og útskýrt er í leiðarvísinum RG 211 og stöðlunum um fjármálastöðugleika, sem lagðir eru fram til ráðherra áður en starfsleyfi stöðustofnunar- og uppgjörstöðvar er veitt. Tilkynna skal ráðherranum um breytingar á innri reglum og málsmeðferðarreglum miðlægra mótaðila. Ráðherra getur synjað um breytingar á innri reglum og málsmeðferðarreglum miðlægra mótaðila. Innri reglur og málsmeðferðarreglur miðlægra mótaðila hafa sömu áhrif og samningur og eru lagalega bindandi fyrir miðlæga mótaðila og þátttakendur þeirra eftir því sem við á.
- 10) Hinar lagalega bindandi kröfur sem settar eru fram í meginreglunum, sem gilda um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Ástralíu, skila efnislegum niðurstöðum sem jafngilda þeim sem kröfurnar skila sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 11) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits Ástralíu tryggi að miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi þar uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 12) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Ástralíu, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grunni.
- 13) Miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi í Ástralíu, falla undir viðvarandi eftirlit og tilsjón verðbréfa- og fjárfestingarnefndar Ástralíu og Seðlabanka Ástralíu. Verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu ber ábyrgð á að framfylgja því að miðlægir mótaðilar uppfylli skyldur sínar samkvæmt Corporations Act og framkvæmir hvað það varðar reglubundið mat á því hvort miðlægir mótaðilar uppfylla skyldur sínar samkvæmt starfsleyfinu, aðrar en skyldurnar í tengslum við staðlana um fjármálastöðugleika og að draga úr kerfisáhættu, og sérstaklega hvort þeir uppfylla skyldu sína um að starfa af sanngirni og á skilvirkan hátt, að því marki sem mögulegt er, og leggur fram skýrslu til ráðherrans, sem er birt. Seðlabanki Ástralíu hefur eftirlit með því hvort miðlægir mótaðilar uppfylla skyldur sínar samkvæmt leyfum sínum, eftir því sem við á, og í tengslum við fjármálastöðugleika og að draga úr kerfisáhættu, framkvæmir reglulega mat á reglufylgni hvers og eins miðlægs mótaðila við staðlana um fjármálastöðugleika og leggur fram skýrslu til ráðherrans, sem einnig er birt. Miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í Ástralíu geta fengið skriflegar leiðbeiningar frá ráðherranum og frá verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu. Ef miðlægur mótaðili fylgir ekki skriflegu leiðbeiningunum getur verðbréfa- og fjárfestingarnefnd Ástralíu leitað til dómstóla sem gætu skipað miðlæga mótaðilanum að fylgja skriflegu leiðbeiningunum.
- 14) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Ástralíu, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.

(1) Greiðslu- og uppgjörnefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures, CPMI).

- 15) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Ástralíu innihalda skilvirkt jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).
- 16) Miðlægir mótaðilar þriðja lands geta sótt um leyfi til að starfa sem erlend stöðustofnunar- og uppgjörstöð („starfsleyfi erlends miðlægs mótaðila“), sem gerir þeim kleift að veita sömu eða alla þá stöðustofnunarþjónustu í Ástralíu sem þeir hafa leyfi til að veita í eigin heimalandi.
- 17) Viðmiðanirnar, sem beitt er á miðlæga mótaðila þriðja lands sem sækja um starfsleyfi erlends miðlægs mótaðila í Ástralíu, eru sambærilegar þeim sem kveðið er á um vegna miðlægra mótaðila þriðja lands sem sækja um viðurkenningu skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Forsenda fyrir viðurkenningu er að reglakerfi þriðja lands, þar sem miðlægur mótaðili hefur starfsleyfi, teljist „nægilega jafngilt“, að því er varðar umfang verndar gegn kerfisáhættu og umfang skilvirkni og sanngirni þjónustu sem það nær fram, ástralska reglakerfinu um sambærilega innlenda miðlæga mótaðila. Matið á „nægilegu jafngildi“ felur í sér svipaðar athuganir og þær sem metnar eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Gerð samstarfssamninga milli yfirvalda í Ástralíu og viðkomandi erlendra eftirlitsyfirvalda er einnig krafist við veitingu leyfis til erlends miðlægs mótaðila.
- 18) Því ætti að álíta að fyrirkomulag laga og eftirlits í Ástralíu kveði á um skilvirkt jafngilt kerfi til viðurkenningar á miðlægum mótaðilum þriðja lands.
- 19) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 25. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Ástralíu að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar og ætti þetta fyrirkomulag laga og eftirlits að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti, samkvæmt upplýsingum frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, að halda áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Ástralíu vegna miðlægra mótaðila og athuga hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.
- 20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Ástralíu um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, sem samanstendur af hluta 7.3 í Corporations Act 2001 og Corporations Regulations 2001, eins og útskýrt er í leiðarvísi um reglur 211 „Stöðustofnunar- og uppgjörstöðvar: Ástralskir og erlendir rekstraraðilar (Regulatory Guide 211 „Clearing and settlement facilities: Australian and overseas operators“) og stöðlunum um fjármálastöðugleika fyrir miðlæga mótaðila, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/172****2017/EES/17/39****frá 24. nóvember 2015****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011
að því er varðar lýsingu á orkuvörum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópska umhverfisreikninga ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 691/2011 er komið á efniseiningarhluta umhverfisreikninga, þ.m.t. einingu fyrir efnislega orkubúskaparreikninga, sett fram í VI. viðauka við reglugerðina.
- 2) Að koma á fót skrá yfir orkuvörur að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 691/2011 um evrópska umhverfisreikninga er mikilvægur þáttur til að ákvarða gildissvið efnislega orkubúskaparreikninga, til að tryggja samanburðarhæfi hagskýrslugagna á milli aðildarríkjanna og innra samræmi (jafnvægi) efnislega orkubúskaparreikninga.
- 3) Í viðauka B við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 ⁽²⁾ er komið á skrá yfir orkuvörur fyrir hagskýrslur um orkumál. Það er nauðsynlegt að tilgreina orkuvörur að því er varðar orkubúskaparreikninga út frá þessari skrá. Tilgangur orkubúskaparreikninga er að greina samspilið á milli umhverfis og athafna manna með það fyrir augum að meta þá hringrás umhverfis og efnahags sem starfsemi manna skapar. Því skal einkum telja með í orkubúskaparreikningum þær efnaleifar sem verða til við endanlega notkun á orkuvörum, bæði í óunnum og unnum afurðum.
- 4) Byggja skal skilgreiningarnar á orkuvörum, sem falla ekki undir viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2009, á alþjóðlegum stöðlum fyrir umhverfisreikninga til að tryggja kostnaðarhagkvæmni og forðast óþarfa álag á svarendur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu, að því er varðar 3. þátt VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 691/2011, gera efnislega orkubúskaparreikninga með þeim orkuvörum sem skráðar eru í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 33, 10.2.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Merkimiði	Samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008 (þegar samræmi er til staðar)	Skilgreining á orkuvörum (þegar ekki er samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008)
Ílag náttúruorku		Orkuflæði sem er fært úr náttúrulegu umhverfi og telst hluti af atvinnustarfsemi við framleiðslu eða er notað beint til framleiðslu
N01 Ílag óendurnýjanlegrar náttúruorku úr jarðefnum		Orkuflæði sem er fært úr jarðefnaorkuauðlindum (olíuauðlindir, jarðgasauðlindir, kol- og móauðlindir) í náttúrulegu umhverfi, af atvinnustarfsemi í framleiðslu
N02 Ílag óendurnýjanlegrar náttúruorku úr kjarnorku		Orkuflæði úr nýtanlegum orkugjöfum úr kjarnorku, sem er fært úr jarðefnaauðlindum í náttúrulegu umhverfi, af atvinnustarfsemi í framleiðslu
N03 Ílag endurnýjanlegrar náttúruorku úr vatnsorku		Orkuflæði úr endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er fært úr náttúrulegu umhverfi af atvinnustarfsemi í framleiðslu — hér er átt við hreyfiorku vatns
N04 Ílag endurnýjanlegrar náttúruorku úr vindorku		Orkuflæði úr endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er fært úr náttúrulegu umhverfi af atvinnustarfsemi í framleiðslu — hér er átt við hreyfiorku vinds, sem er virkjuð af hagrænni framleiðslustarfsemi
N05 Ílag endurnýjanlegrar náttúruorku úr sólarorku		Orkuflæði úr endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er fært úr náttúrulegu umhverfi af atvinnustarfsemi í framleiðslu — hér er átt við orku frá sólarageislun, sem er virkjuð af hagrænni framleiðslustarfsemi
N06 Ílag endurnýjanlegrar náttúruorku úr lífmassa		Orkuflæði úr endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er fært úr náttúrulegu umhverfi af atvinnustarfsemi í framleiðslu — hér er átt við orku úr lífmassa
N07 Ílag endurnýjanlegrar náttúruorku úr annarri orku		Orkuflæði úr endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er fært úr náttúrulegu umhverfi af atvinnustarfsemi í framleiðslu — hér er átt við aðra orku en getið er um í N03, N04, N05 og N06, t.d. jarðvarmaorku, ölduorku eða sjávarfallaorku
Orkuvörur		Orkuflæði sem frálág atvinnustarfsemi í framleiðslu (vörur eins og þær eru skilgreindar í þjóðhagsreikningum Eftirlitsstofnunar EFTA)
P08 Steinkol	1.1–1. Harðkol 1.1–2. Kokscol 1.1–3. Önnur linkol (gufukol)	

Merkimiði	Samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008 (þegar samræmi er til staðar)	Skilgreining á orkuvörum (þegar ekki er samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008)
P09 Brúnkol og mór	1.1–4. Gljábrúnkol 1.1–5. Brúnkol 1.1–15. Mór 1.1–17. Olífuleirsteinn og olíusandur	
P10 Afleiðugas (= framleiddar gastegundir, að lífgasi undanskildu)	1.1–11. Gasveitugas 1.1–12. Koksofnagas 1.1–13. Háofnagas 1.1–14. Annað endurheimtanlegt gas	
P11 Aukavörur úr kolum (koks, koltjara, eldsneytisköggjar, brúnkolaköggjar og vörur úr mó)	1.1–6. Eldsneytisköggjar 1.1–7. Koksofnakoks 1.1–8. Gaskoks 1.1–9. Koltjara 1.1–10. Brúnkolaköggjar (köggluð brúnkol) 1.1–16. Móvörur	
P12 Jarðolía, jarðgasvökvi og önnur vetniskolefni (að undanskildum lífrænum þáttum)	4.1–1. Jarðolía 4.1–2. Jarðgasvökvi 4.1–5. Önnur vetniskolefni	
P13 Jarðgas (án lífrænna þátta)	2.1– Jarðgas	
P14 Bensín (án lífrænna þátta)	4.1–10. Hreyfilbensín 4.1–11. Flugvélabensín	
P15 Steinolía og þotueldsneyti (án lífrænna þátta)	4.1–12. Þotueldsneyti 4.1–13. Steinolíukennt þotueldsneyti (án lífrænna þátta) 4.1–14. Önnur steinolía	
P16 Nafta	4.1–9. Nafta	
P17 Flutningsdísilolía (án lífrænna þátta)	4.1–15.1. Vegadísilolía	
P18 Gasolía til húshitunar og önnur gasolía (án lífrænna þátta)	4.1–15.2. Gasolía til húshitunar og önnur gasolía	
P19 Eldsneytisólíuleif	4.1–16.1. Eldsneytisólía — með lágu brennisteinsinnihaldi 4.1–16.2. Eldsneytisólía — með háu brennisteinsinnihaldi	

Merkimiði	Samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008 (þegar samræmi er til staðar)	Skilgreining á orkuvörum (þegar ekki er samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008)
P20 Olíuhreinsunargas, etan og fljótandi jarðolíugas	4.1–6. Olíuhreinsunargas (ekki fljótandi) 4.1–7. Etan 4.1–8. Fljótandi jarðolíugas (LPG)	
P21 Aðrar jarðolíuafurðir, þ.m.t. íblöndunarefni/súrefnissambönd og hráefni til olíuhreinsunar	4.1–4. Íblöndunarefni/súrefnissambönd 4.1–3. Hráefni til olíuhreinsunar 4.1–17. Terpentína og hreinsað bensín 4.1–18. Smurólía 4.1–19. Jarðbik 4.1–21. Jarðolíukoks 4.1–20. Paraffínvax 4.1–22. Aðrar olíuvörur	
P22 Kjarnaeldsneyti	3.2.1–1.1. Kjarnorka	
P23 Viður, viðarúrgangur og annar fastur lífmassi, viðarkol	5.1–8.1. Viðarkol 5.2.7–1.1. Eldiviður, viðarleifar og aukaafurðir 5.2.7–1.2. Svartlútur 5.2.7–1.3. Kraminn sykurreyr 5.2.7–1.4. Dýraúrgangur 5.2.7–1.5. Önnur plöntuefni og plöntuleifar	
P24 Fljótandi lífheldsneyti	5.1–10.1. Lífbensín 5.1–10.2. Lífdísilólíur 5.1–10.3. Lífræn steinólía fyrir þotur 5.1–10.4. Annað fljótandi lífheldsneyti	
P25 Lífgas	5.2.7–2.1. Hauggas 5.2.7–2.2. Skólpeðjugas 5.2.7–2.3. Annað lífgas frá loftfirrðri gerjun 5.2.7–3. Lífgas frá varmaferlum	
P26 Raforka	3.1. Rafmagn	
P27 Varmi	3.1. Varmi 5.1–2. Jarðvarmaorka 5.1–3. Sólarorka	
Afgangorka		Fæði orkuinnihalds sem er ekki framleitt og er fargað, sleppt eða losað af hálfu atvinnu-starfsemi í framleiðslu vegna framleiðslu, notkunar eða uppsöfnunar
R28 Endurnýjanlegur úrgangur	5.1–7.1. Endurnýjanlegur heimilis- og rekstrarúrgangur	
R29 Óendurnýjanlegur úrgangur	5.1–6. Iðnaðarúrgangur (óendurnýjanlegur) 5.1–7.2. Óendurnýjanlegur heimilis- og rekstrarúrgangur	

Merkimiði	Samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008 (þegar samræmi er til staðar)	Skilgreining á orkuvörum (þegar ekki er samræmi við viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1099/2008)
R30 Hvers konar orkutap (við vinnslu, dreifingu, geymslu og ummyndun og dreifingu varma við endanlega notkun)		Orkuflæði (einkum í formi dreifingar varma) við förgun, sleppingu eða losun út í umhverfið af atvinnustarfsemi
R31 Orka sem tengist vörum sem eru ekki ætlaðar til orkunotkunar		Orkuflæði sem tengist vörum sem eru ekki ætlaðar til orkunotkunar, s.s. smurolía, jarðbik

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2017/EES/17/40

frá 9. desember 2014

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun

(tilkynnt með númeri C(2014) 9302)

(2014/893/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Þar eð notkun efna í snyrtivörur, sem á að skola burt eftir notkun, og við þökkun þeirra tengjast umhverfisáhrifum, einkum með tilliti til visteiturflokkar og auðlindanýtingar, er rétt að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir þennan vöruflokk. Markmiðið með viðmiðununum ætti einkum að vera að koma á framfæri vörum sem hafa lítil áhrif á vatnavistkerfi, innihalda takmarkað magn af hettulegum efnum og sem mynda lágmarksúrþang með því að minnka umbúðir.
- 4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB ⁽²⁾ var komið á vistfræðilegum viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir sápu, hárpvottalög og hárnæringu. Þessar viðmiðanir hafa verið endurskoðaðar í ljósi tæknilegrar þróunar. Í kjölfar þessarar endurskoðunar er nauðsynlegt að breyta heitinu og skilgreiningunni á vöruflokknum í því skyni að fella inn í hann nýjan undirvöruflokk og til að setja nýjar viðmiðanir.
- 5) Til glöggvunar ætti að skipta út ákvörðun 2007/506/EB.
- 6) Heimila ætti umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerkið fyrir sápu, hárpvottalög og hárnæringu á grundvelli þeirra viðmiðananna sem eru settar fram í ákvörðun 2007/506/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum ætti einnig að vera heimilt að leggja fram umsóknir sem byggjast á viðmiðununum sem settar eru fram í ákvörðun 2007/506/EB eða viðmiðununum sem settar eru fram í þessari ákvörðun þar til fyrrnefnda ákvörðunin fellur úr gildi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun“ falla öll efni og efnablöndur sem falla undir gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 ⁽³⁾, sem ætlað er að komast í snertingu við húðina og/eða hárið, eingöngu eða aðallega til hreinsunar (handsápu, steypibaðsvörur, hárpvottalögur), í því skyni að bæta ástand hársins (hárnæringarvörur) eða til að vernda húðina og smyrja hárið fyrir rakstur (rakstursvörur).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 42, 4.8.2016, bls. 77.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB frá 21. júní 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sápu, hárpvottalög og hárnæringu (Stjttð. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjttð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59).

Undir vöruflokkinn „snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun“ falla vörur jafnt til einkanota og nota í atvinnustarfsemi.

Undir vöruflokkinn falla ekki vörur sem eru sérstaklega settar á markað sem sóthreinsandi eða sýkladrepanði vörur. Flösuýðandi hárfvottalögur er heimilaður.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „Innihaldsefni“: rotvarnarefni, ilmefni og litgjafar, óháð styrk, og önnur efni sem bætt er við af ásetningi, aukaafurðir og óhreinindi úr hráefnunum, í styrk sem er jafn eða meiri en 0,010% miðað við þyngd endanlegrar samsetningar,
- 2) „virkt innihald“: summa lífrænna innihaldsefna í vörunni (gefið upp í grómmum), reiknuð á grundvelli fullgerðrar samsetningar vörunnar, þ.m.t. drifefni í úðabrusum. Fægi- og slípiefni eru ekki meðtalin í útreikningum á virka innihaldinu,
- 3) „grunnumbúðir“: umbúðir sem eru í beinni snertingu við innihaldið, þannig gerðar að þær mynda minnstu sölueiningu í dreifingu til endanlegs notanda eða neytanda á sölustaðnum,
- 4) „ytri umbúðir“: umbúðir sem má fjarlægja utan af vörunni án þess að breyta eiginleikum hennar og eru þannig gerðar að þær séu sameiginlegar umbúðir tiltekins fjölda sölueininga á sölustaðnum, hvort sem þær síðarnefndu eru seldar sem slíkar til endanlegs notanda eða neytenda eða eru eingöngu notaðar við að fylla á hillur á sölustaðnum.

3. gr.

Viðmiðanir fyrir veitingu umhverfismerkis ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 fyrir vöru sem fellur undir vöruflokkinn „snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun“, sem er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun eru settar fram í viðaukanum.

4. gr.

Viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem settar eru fram í viðaukanum, skulu gilda í fjögur ár frá þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „30“ notað fyrir vöruflokkinn „snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun“.

6. gr.

Ákvörðun 2007/506/EB er felld úr gildi.

7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „sápa, hárfvottalögur og hárnæring“, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, metnar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/506/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „sápa, hárfvottalögur og hárnæring“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykkt þessarar ákvörðunar, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun 2007/506/EB, eða viðmiðunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

Umsóknirnar skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

3. Leyfi fyrir umhverfismerki ESB sem er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2007/506/EB má nota í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR OG KRÖFUR UM MAT OG SANNPRÓFUN VEGNA UMHVÆRFSMERKIS ESB
RAMMI

VIÐMIÐANIR

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir „snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun“:

1. Eiturhrif á lagarlífverur: Lágmarksþynning til að varna eiturrifum (LVE)
2. Lífbrjótanleiki
3. Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur
4. Umbúðir
5. Sjálfbær uppruni pálmaolíu, pálmakjarnaolíu og afleiða þeirra
6. Notagildi
7. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

MAT OG SANNPRÓFUN

a) Kröfur

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar fyrir hverja viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur, eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar, mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum eða birgi hans, eða birgjum, eða hvorum tveggja.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem uppfylla almennu kröfurnar í Evrópustaðlinum EN ISO 17025 eða sambærilegum staðli.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Í viðbætinum er vísað til „gagnasafns fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna“ (DID-skrá), en þar er að finna þau innihaldsefni sem mest eru notuð í samsetningum þvottaefna og snyrtivara. Það skal notað til að afla gagna fyrir útreikninga á lágmarksþynningu og fyrir matið á lífbrjótanleika innihaldsefnanna. Að því er varðar efni, sem eru ekki í DID-skránni, eru veittar leiðbeiningar um útreikninga eða framreikninga á viðkomandi gögnum. Nýjasta útgáfa DID-skráarinnar er aðgengileg á vefsíðu umhverfismerkis ESB ⁽¹⁾ eða um vefsíður einstakra þar til bærra stofnana.

Eftirfarandi upplýsingar skulu lagðar fram til þar til bærs aðila:

- i. heildarsamsetning vörunnar með tilgreiningu á viðskiptaheiti, efnaheiti, CAS-númeri og heiti samkvæmt alþjóðlegu nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara, DID-númeri ⁽²⁾, ísettu magni, með og án vatns, verkunarmáta og formi allra innihaldsefna án tillits til styrks,
- ii. öryggisblöð fyrir hvert innihaldsefni eða blöndur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽³⁾.

(1) http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf, http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_b_en.pdf

(2) DID-númer er númer innihaldsefnisins í DID-skránni.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

b) Viðmiðunarmörk mælinga

Þess er krafist að vistfræðilegar viðmiðanir séu uppfylltar að því er varðar öll innihaldsefni, eins og þau eru skilgreind hér á undan, að undanskildum b- og c-liðum viðmiðunar 3 sem rotvarnarefni, litgjafar og ilmefni þurfa að uppfylla ef styrkur þeirra er til jafns við eða yfir 0,010% miðað við þyngd í endanlegu samsetningunni.

VIÐMIÐANIR VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmið 1 — Eiturhrif á lagarlífverur: Lágmarksþynning

Í heild skal lágmarksþynning til að varna eiturhrifum (LVE) ekki vera meiri en mörkin sem gefin eru upp í töflu 1:

Tafla 1

Mörk lágmarksþynningar til að varna eiturhrifum

Vara	LVE (l/g virks innihalds)
Hárþvottalögur, steypibaðsvörur og sápa í vökvaformi	18 000
Sápa í föstu formi	3 300
Hárnæring	25 000
Raksturfroða, raksturshlaup, raksturskrem	20 000
Raksturssápa í föstu formi	3 300

Lágmarksþynningin er reiknuð með eftirfarandi jöfnu:

$$LVE = \sum LVE(\text{innihaldsefni } i) = \sum \text{þyngd } (i) \times NS(i) \times 1000/\text{langvinnur ES } (i)$$

Þar sem:

þyngd (i) — er þyngd innihaldsefnisins (í grömmum) fyrir hvert 1 gramm af virku innihaldsefni (þ.e. stöðluð þyngd innihaldsefnisins miðað við virka innihaldið)

NS (i) — er niðurbrotstuðull innihaldsefnisins

langvinnur ES (i) — eiturhrifastuðull innihaldsefnisins (í mg/l)

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útreikning á þeirri lágmarksþynningu vörunnar sem þarf til að varna eiturhrifum. Töflureiknir fyrir útreikning á gildinu fyrir LVE-gildið er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB. Gildi niðurbrotstuðuls og stuðuls fyrir langvinn eiturhrif skulu vera eins og gefið er upp í A-hluta gagnasafnsins fyrir innihaldsefni þvottaefna (DID-skráin). Ef innihaldsefnið er ekki tilgreint í A-hluta DID-skráarinnar skal umsækjandinn ákvarða gildið með leiðbeiningunum sem lýst er í B-hluta DID-skráarinnar og láta tilheyrandi gögn fylgja með (sjá frekari upplýsingar í viðbætinum).

Viðmiðun 2 — Lífbrjótanleiki

a) Lífbrjótanleiki yfirborðsvirkra efna

Öll yfirborðsvirk efni verða að vera auðlífbrjótanleg við loftháðar aðstæður og lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.

b) Lífbrjótanleiki lífrænna innihaldsefna

Innihald allra lífrænna innihaldsefna í vörunni, sem eru ólífbrjótanleg (torlífbrjótanleg) við loftháðar aðstæður (aNBO) og ólífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður (anNBO), skal ekki fara yfir mörkin í töflu 2:

Tafla 2

Mörk fyrir aNBO og anNBO

Vara	aNBO (mg/g af virku innihaldi)	anNBO (mg/g af virku innihaldi)
Hárþvottalögur, sturtuvörur og sápa í vökvaformi	25	25
Sápa í föstu formi	10	10
Hárnæring	45	45
Raksturfroða, raksturshlaup, raksturskrem	70	40
Raksturssápa í föstu formi	10	10

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram gögn um niðurbrjótanleika yfirborðsvirkra efna ásamt útreikningi á ólífbrjótanleika vörunnar við loftháðar aðstæður (aNBO) og ólífbrjótanleika hennar við loftfirrðar aðstæður (anNBO). Töflureiknir fyrir útreikning á aNBO- og anNBO-gildum er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Vísa skal í DID-skrána, bæði að því er varðar yfirborðsvirk efni og aNBO- og anNBO-gildi. Fyrir innihaldsefni, sem ekki eru tilgreind í DID-skránni, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar, fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum, eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efnin séu lífbrjótanleg við loftháðar og loftfirrðar aðstæður eins og lýst er í viðbætinum.

Ef gögn í samræmi við kröfurnar hér að framan eru ekki fyrir hendi má undanskilja innihaldsefni, önnur en yfirborðsvirk efni, kröfunni um niðurbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður ef þau eru í samræmi við einn af þremur eftirfarandi kostum:

1. brotna auðveldlega niður og hafa lítið ásgog ($A < 25\%$),
2. brotna auðveldlega niður og hafa mikið afsog ($A > 75\%$),
3. brotna auðveldlega niður og safnast ekki fyrir í lífverum.

Hægt er að gera prófanir á ásgogi/afsogi í samræmi við OECD-viðmiðunarreglu 106.

Viðmiðun 3 — Undanskilin eða takmörkuð efni og blöndur

a) Tiltækin innihaldsefni og blöndur sem eru undanskilin

Eftirfarandi innihaldsefni og blöndur skulu ekki vera í vörunni, hvorki sem hluti samsetningar hennar né sem hluti nokkurrar blöndu í samsetningunni:

- i. alkýlfenóletoxýlöt (APEO) eða aðrar alkýlfenólafleiður,
- ii. nítríltríasetat (NTA),
- iii. bórsýra, bóröt og perbóröt,
- iv. nítrómoskusefni og fjölhringa moskusefni,
- v. oktametylsýklótetrasíloxan (D4),
- vi. bútýlhýdroxýtólúen (BHT),

- vii. etýlendíamíntetraasetat (EDTA) og sölt þess og fosfónöt sem eru ekki auðlífrjótanleg,
- viii. eftirfarandi rotvarnarefni: tríklósan, paraben, formaldehýð og efni sem losa formaldehýð.
- ix. eftirfarandi ilmefni og innihaldsefni í ilmefnablöndum: hýdroxýísóhexýl-3-sýklóhexenkarboxaldeýð (HICC), atranól og klóratranól,
- x. örplast (e. *microplastics*),
- xi. nanósilfur.

Mat og sannpröfun: Umsækjandi skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá framleiðendum blandna, eftir því sem við á, þar sem staðfest er að varan innihaldi ekki skráðu efnin og/eða blöndurnar.

b) Hættuleg efni og blöndur

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 má ekki veita vöru umhverfismerki ESB ef hún inniheldur efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun með hættusetningunum, sem eru tilgreindar í töflu 3, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽¹⁾ eða tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽²⁾, eða efni sem um getur í 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Ef um það er að ræða að viðmiðunarmörk varðandi flokkun á efni eða blöndu eru ekki þau sömu fyrir hættusetningu gengur sá fyrirnefndi fram. Hættusetningarnar í töflu 3 eiga almennt við um efni. Ef ekki er hægt að fá upplýsingar um efni skulu þó flokkunarreglurnar fyrir blöndur gilda.

Efni eða blöndur, sem breyta eiginleikum sínum við vinnsluna og verða þ.a.l. ekki lengur lífaðgengilegar eða verða fyrir efnabreytingum þannig að áður tilgreind hætta hverfur, eru undanskildar b-lið í viðmiðun 3.

Tafla 3

Hættusetningar

Hættusetning	Hættusetning
H300 Banvænt við inntöku	H28
H301 Eitrað við inntöku	H25
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	H65
H310 Banvænt í snertingu við húð	H27
H311 Eitrað í snertingu við húð	H24
H330 Banvænt við innöndun	H23/26
H331 Eitrað við innöndun	H23
H340 Getur valdið erfðagöllum	H46
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	H68
H350 Getur valdið krabbameini	H45
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	H49

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjttð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjttð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

Hættusetning	Hættusetning
H351 Grunað um að valda krabbameini	H40
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	H60
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H61
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/61/60–61
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H60/63
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H61/62
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	H62
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H63
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	H62-63
H362 Getur skaðað börn á brjósti	H64
H370 Skaðar líffæri	H39/23/24/25/26/27/28
H371 Getur skaðað líffæri	H68/20/21/22
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/25/24/23
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	H48/20/21/22
H400 Mjög eittrað lífi í vatni	H50
H410 Mjög eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50-53
H411 Eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51-53
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52-53
H413 Getur valdið langvinnnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	H53
ESB-H059 Hættulegt ósonlaginu	H59
ESB-H029 Myndar eittraða lofttegund í snertingu við vatn	H29
ESB-H031 Myndar eittraða lofttegund í snertingu við sýru	H31
ESB-H032 Myndar mjög eittraða lofttegund í snertingu við sýru	H32
ESB-H070 Eittrað í snertingu við augu	H39-41
Næmandi efni	
H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43

Að því er varðar snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun eru efnin í töflu 4 undanþegnin skuldbindingunum í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 í kjölfar beitingar á 7. mgr. 6. gr. sömu reglugerðar.

Tafla 4

Undanþegin efni

Efni	Hættusetningar	Hættusetningar
Yfirborðsvirk efni (í heildarstyrk < 20% í fullunnu vörunni)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif H413: Getur haft skaðleg langvinn áhrif á líf í vatni	H52-53 H53
Ilmefni (*)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif H413: Getur haft skaðleg langvinn áhrif á líf í vatni	R52-53 H53
Rotvarnarefni (**)	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif H413: Getur haft skaðleg langvinn áhrif á líf í vatni	H51-53 H52-53 H53
Sinkþýriþjón notað í flösuveitandi hárfvottalög	H400 Mjög eitrað lífi í vatni	H50

(*) Undanþágan er einungis fyrir b-lið viðmiðunar 3. Ilmefni skulu vera í samræmi við d-lið viðmiðunar 3.

(**) Undanþágan er einungis fyrir b-lið viðmiðunar 3. Rotvarnarefni skulu vera í samræmi við e-lið viðmiðunar 3.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal sýna fram á að farið sé að b-lið viðmiðunar 3 fyrir innihaldsefni eða blöndur sem eru til staðar í styrk sem er meiri en 0,010% í vörunni.

Umsækjandinn skal leggja fram samræmisýfirlýsingu, og henni til stuðnings eftir því sem við á, yfirlýsingar frá framleiðanda eða framleiðendum hráefnanna þess efnis að ekkert af þessum innihaldsefnum og/eða blöndum uppfylli viðmiðanirnar fyrir flokkun með einni eða fleiri hættusetningum sem eru tilgreindar í töflu 3 í því formi eða eðlisástandi sem það kemur fyrir í vörunni.

Láta skal í té eftirfarandi tæknilegar upplýsingar sem tengjast formi og eðlisástandi innihaldsefnanna og/eða blandanna sem eru til staðar í vörunni til stuðnings yfirlýsingunni um að innihaldsefnin fá ekki flokkun:

- þegar um er að ræða efni sem hafa ekki verið skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2009 og/eða hafa ekki enn hlotið samræmda flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og þökkun: upplýsingar sem uppfylla kröfur sem eru skráðar í VII. viðauka við þá reglugerð,
- þegar um er að ræða efni sem eru skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og uppfylla ekki kröfur varðandi flokkun samkvæmt reglugerðinni um flokkun, merkingu og þökkun: upplýsingar byggðar á skráningarskjölum efna-reglnanna (REACH) sem staðfesta að efnið fái ekki flokkun,
- þegar um er að ræða efni með samræmda flokkun eða sjálfsflokkun: öryggisblöð, ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir eða ef efnið hefur verið sjálfsflokkað, skal leggja fram upplýsingar sem skipta máli vegna hættuflokkunar efnanna samkvæmt ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006,
- ef um er að ræða blöndur: öryggisblöð, ef þau liggja fyrir. Ef þau liggja ekki fyrir skal leggja fram útreikninga sem voru notaðir við flokkun blöndunnar samkvæmt reglunum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 ásamt viðeigandi upplýsingum um hættuflokkun blöndunnar samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

Að því er varðar efni, sem eru skráð í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem eru undanþegin skráningar-skyldu skv. a- og b-lið 7. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, skal yfirlýsing þess efnis frá umsækjandanum nægja til að hlíta b-lið viðmiðunar 3.

Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um innihaldsefni sem uppfylla skilyrði fyrir undanþágu og henni til stuðnings, eftir því sem við á, yfirlýsingar frá framleiðanda eða framleiðendum hráefnanna. Sé þess krafist vegna undanþágunnar, skal umsækjandinn staðfesta styrk þessara innihaldsefna í lokaafurðinni.

c) Innihaldsefni sem eru skráð í samræmi við 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006

Ekki skal veita neina undanþágu frá útilokuninni í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010 að því er varðar innihaldsefni, sem eru tilgreind sem sérlega varasöm og eru í skránni sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾, sem eru fyrir hendi í vörunni í styrk sem er > 0,010% (miðað við þyngd)

Mat og sannprófun: vísun í skrána yfir efni sem eru tilgreind sem sérlega varasöm efni skal vera frá umsóknardeginum. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar um heildarsamsetningu vörunnar hjá þar til bærri stofnun. Umsækjandinn skal einnig leggja fram yfirlýsingu um samræmingu við c-lið viðmiðunar 3 ásamt tilheyrandi gögnum, s.s. samræmis-yfirlýsingum sem birgjar efnanna undirrita og afritum af viðeigandi öryggisblöðum vegna efna eða blandna.

d) Ilmefni

- i. Vörur sem eru settar á markað, hannaðar fyrir börn og ætlaðar þeim, skulu vera laus við ilmefni.
- ii. Öll innihaldsefni eða blöndur, sem bætt er við vöruna sem ilmefni, skulu hafa verið framleidd og meðhöndluð samkvæmt reglum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna um starfsvenjur. Reglurnar má finna á vefsetri Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna: <http://www.ifraorg.org>. Framleiðandinn skal fylgja tilmælum í stöðlum Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna varðandi bann eða takmörkun á notkun efniviðar og sértæk hreinleikaskilyrði.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram samræmis-yfirlýsingu og henni til stuðnings og, eftir því sem við á, yfirlýsingu frá ilmefnaframleiðandanum.

e) Rotvarnarefni

- i. Rotvarnarefni í vörunni skulu ekki gefa frá sér eða brotna niður í efni sem eru flokkuð í samræmi við kröfurnar í b-lið viðmiðunar 3.
- ii. Heimilt er að varan innihaldi rotvarnarefni að því tilskildu að þau safnast ekki fyrir í lífverum. Rotvarnarefni telst ekki safnast fyrir í lífverum ef lífþéttnistuðull er < 100 eða $\log K_{ow} < 3,0$. Ef bæði lífþéttnistuðull og $\log K_{ow}$ -gildi liggja fyrir skal nota hæsta mælda lífþéttnistuðulinn.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmis-yfirlýsingu ásamt afritum af öryggisblöðum vegna allra rotvarnarefna sem er bætt við og upplýsingum um lífþéttnistuðla og/eða $\log K_{ow}$ -gildi þeirra.

f) Litgjafar

Litgjafar í vörunni mega ekki safnast fyrir í lífverum. Litgjafi telst ekki safnast fyrir í lífverum ef lífþéttnistuðull er < 100 eða $\log K_{ow} < 3,0$. Ef bæði lífþéttnistuðull og $\log K_{ow}$ -gildi liggja fyrir skal nota hæsta mælda lífþéttnistuðulinn. Ekki er nauðsynlegt að leggja fram gögn um hugsanlega uppsöfnun í lífverum að því er varðar litunarefni sem samþykkt er að megi nota í matvæli.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram afrit af öryggisblöðum vegna allra litgjafa sem er bætt við ásamt upplýsingum um lífþéttnistuðla og/eða $\log K_{ow}$ -gildi þeirra eða gögn til að tryggja að litunarefnið sé samþykkt til notkunar í matvæli.

Viðmiðun 4 — Umbúðir

a) Grunnumbúðir

Grunnubúðir skulu vera í beinni snertingu við innihaldið.

Viðbótarumbúðir utan um vöruna eins og hún er seld, t.d. askja utan um flösku, eru ekki leyfilegar að undanskildum ytri umbúðum sem sameina tvær eða fleiri vörur (t.d. vöruna og áfyllingu).

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmis-yfirlýsingu.

⁽¹⁾ http://echa.europa.eu/chem_data/authorisation_process/candidate_list_table_en.asp

b) Hlutfall umbúða á móti vöru (e. *Packaging Impact Ratio*) (PIR)

Hlutfall umbúða á móti vöru skal vera undir 0,28 g af umbúðum á hvert gramm vörunnar fyrir hverjar umbúðir sem varan er seld í. Vörur fyrir undirbúning raksturs í málmúðabrusum eru undanþegnar þessari kröfu.

Hlutfall umbúða á móti vöru (PIR) skal reiknað á eftirfarandi hátt (sér fyrir hverjar umbúðir):

$$\text{PIR} = (W + (W_{\text{refill}} \times F) + N + (N_{\text{refill}} \times F)) / (D + (D_{\text{refill}} \times F))$$

Þar sem:

W — þyngd umbúða (grunnumbúðir og hluti ytri umbúða ⁽¹⁾, þ.m.t. merkimiðar)(g)

W_{refill} — þyngd áfyllingarumbúða (grunnumbúðir + hluti ytri umbúða ⁽¹⁾, þ.m.t. merkimiðar) (g)

N — þyngd umbúða sem eru ekki endurnýjanlegar + umbúðir sem eru ekki endurunnar (grunnumbúðir + hluti ytri umbúða ⁽¹⁾, þ.m.t. merkimiðar) (g)

N_{refill} — þyngd umbúða sem eru ekki endurnýjanlegar og áfyllingarumbúða sem eru ekki endurunnar (grunnumbúðir + hluti ytri umbúða ⁽¹⁾, þ.m.t. merkimiðar) (g)

D — þyngd vöru í upprunalegum umbúðum (g)

D_{refill} — þyngd vöru í áfyllingarumbúðum (g)

F — fjöldi áfyllinga sem þörf er á til að ná áfyllanlegu heildarmagni, reiknaður úr sem hér segir:

$$F = V \times R / V_{\text{refill}}$$

þar sem,

V — rúmtak upprunalegu umbúðanna (ml)

V_{refill} — rúmtak áfyllingarumbúðanna (ml)

R — áfyllanlegt magn. Þessi niðurstaða segir til um hversu oft unnt er að fylla á upprunalegu umbúðirnar. Ef F er ekki heil tala skal hækka hana upp í næstu heilu tölu.

Ef áfylling er ekki í boði skal reikna hlutfall umbúða á móti vöru (PIR) sem hér segir:

$$\text{PIR} = (W + N) / D$$

Framleiðandi skal leggja fram fjölda fyrirhugaðra áfyllinga, eða nota staðalgildin R = 5 fyrir plast og R = 2 fyrir papp.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram útreikning á hlutfalli umbúða á móti vöru fyrir vöruna. Töflureiknir fyrir þennan útreikning er aðgengilegur á vefsetri umhverfismerkis ESB. Ef varan er seld í mismunandi pakkningum (t.d. af mismunandi stærð) skal leggja fram útreikning fyrir hverja stærð þeirra umbúða sem skulu fá umhverfismerki ESB. Umsækjandinn skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu um innihald efniviðar sem er enduruninn eða af endurnýjanlegum uppruna í umbúðunum og lýsingu á því hvernig áfyllingu er háttað, ef við á (gerðir áfyllinga, rúmmál). Til að hljóta samþykki fyrir áfyllingarumbúðum skal umsækjandinn eða smásalinn staðfesta að hægt verði að kaupa áfyllingarnar á markaði.

⁽¹⁾ Hlutfallsleg þyngd sameiginlegu pakkningarinnar (t.d. 50% af heildarþyngd sameiginlegu pakkningarinnar, ef tvær vörur eru seldar saman).

c) Hönnun grunnbúða

Grunnbúðirnar skulu hannaðar þannig að auðvelt sé að fá réttan skammt (t.d. með því að tryggja að opið á þeim sé ekki of stórt) og að tryggt sé að auðvelt sé að fjarlægja a.m.k. 90% af vörnunni úr ílátinu. Afgangsmagn vörunnar í ílátinu (R), sem skal vera undir 10%, skal reiknað sem hér segir:

$$R = ((m2 - m3)/(m1 - m3)) \times 100 (\%)$$

þar sem:

- m1 — grunnbúðir og vara (g)
- m2 — grunnbúðir og leifar af vöru við venjuleg notkunarskilyrði (g)
- m3 — grunnbúðir tæmdar og hreinsaðar (g)

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á skammtabúnaðinum og prófunarskýrslu með niðurstöðum mælinga á leifum snyrtivörunnar, sem á að skola burt eftir notkun, í umbúðunum. Prófunaraðferðum til að mæla efnaleifar er lýst í notendahandbókinni sem er aðgengileg á vefsetri umhverfismerkis ESB.

d) Hönnun vegna endurvinnslu á plastumbúðum

Plastumbúðir skulu hannaðar með það fyrir augum að auðvelda skilvirka endurvinnslu með því að forðast notkun á hugsanlegum aðskotaefnum og ósamrýmanlegum efnum sem vitað er að hindrar aðgreiningu eða uppvinnslu eða dregur úr gæðum endurvinnanlega efnisins. Merkimiði eða hulstur, lok og, þar sem það á við, varnarhúðun, skulu ekki samanstanda, hvert um sig eða í samsetningum, af efnunum og efnisþáttunum sem eru tilgreindir í töflu 5.

Tafla 5

Efni og efnisþættir sem eru útilokuð sem hlutar af pakkingu

Hluti af pakkingu	Útilokuð efni og efnisþættir ⁽¹⁾
Merkimiði eða hulstur	<ul style="list-style-type: none"> — Merkimiði eða hulstur úr pólýstýreni (PS) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterpalati (PET), pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Merkimiði eða hulstur úr pólývínýlklóríði (PVC) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterepalati (PET), pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Merkimiði eða hulstur úr umbreyttu pólýetýlenterepalatglýkóli (PETG) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterepalati (PET) — Hulstur úr annars konar fjölliðu en flaskan er úr — Merkimiðar eða hulstur sem eru málmgerð eða brædd á umbúðir (merkt við mótun (e. <i>in mould labelling</i>))
Lok	<ul style="list-style-type: none"> — Lok úr pólýstýreni (PS) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterepalati (PET), pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Lok úr pólývínýlklóríði (PVC) í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterepalati (PET), pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Lok úr umbreyttu pólýetýlenterepalatglýkóli (PETG) og/eða lok úr efni sem hefur eðlismassa yfir 1 g/m³ í samsetningu með flösku úr pólýetýlenenterepalati (PET) — Lok úr málm, gleri, etýlénvínýlasetati — Lok úr sílíkoní Undanþegin eru sílíkonlok sem hafa eðlismassa undir 1 g/cm³ í samsetningu með flösku úr pólýetýlenterepalati (PET) og sílíkonlok sem hafa eðlismassa yfir 1 g/cm³ í samsetningu með flösku úr pólýprópýleni (PP) eða eðlisþungu pólýetýleni (HDPE) — Málmþynnur eða -innsigli sem eru áfram föst við flöskuna eða lok hennar eftir að varan hefur verið opnuð
Varnarhúðun	<ul style="list-style-type: none"> — Pólýamíð, etýlénvínýlalkóhól, virk pólýólefín, málmhúðuð og þekjuefni sem útiloka ljós

⁽¹⁾ EVA — etýlénvínýlasetat, EVOH — etýlénvínýlalkóhól, HDPE — eðlisþungt pólýetýlen, PET — pólýetýlenterepalat, PETG — umbreytt pólýetýlenterepalatglýkól, PP — pólýprópýlen, PS — pólýstýren, PVC — pólývínýlklóríð,

Ílát með pumpu og úðabrúsar eru undanþegin þessari kröfu.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram undirritaða samræmisýfirlýsingu þar sem tilgreind er efnasamsetning umbúðanna, þ.m.t. ílátsins, merkimiðans eða hulstursins, límsins, loksins og varnarhúðunarinnar, ásamt sýnishorni af grunnbúðunum.

Viðmiðun 5 — Sjálfbær uppruni pálmaolíu, pálmakjarnaolíu og afleiða þeirra

Pálmaolía og pálmakjarnaolía og afleiður þeirra, sem eru notaðar í vörum, skulu vera af plantekrum sem uppfylla viðmiðanir fyrir sjálfbæra stjórnun, þróaðar af fjölgsmunasmáttökum sem hafa meðlimi víða að, þ.m.t. úr frjálsum félagasmáttökum, iðnaði og frá hinu opinbera.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram vottorð frá þriðja aðila um að pálmaolían og pálmakjarnaolían, sem eru notaðar við framleiðslu vörunnar, komi frá plantekrum sem stjórnað er á sjálfbæran hátt. Til viðurkenndrar vottunar teljast vottunarkerfi RSPO (Umræðufundur um sjálfbæra pálmaolíu (e. *Roundtable on Sustainable Palm Oil*)) (auðkenni fylgir, aðskilnaður eða massajöfnuður) eða sambærileg kerfi sem byggja á viðmiðunum fjölgsmunasmáttöku um sjálfbæra stjórnun. Að því er varðar iðefnaafleiður pálmaolíu eða pálmakjarnaolíu ⁽¹⁾ er ásettlegt að sýna fram á sjálfbærni með kerfum sem nota framseldar vottanir (e. *book and claim*) á borð við GreenPalm eða sambærileg kerfi.

Viðmiðun 6 — Notagildi

Sýna skal fram á getu vöru til að uppfylla meginhlutverk sitt (t.d. hreinsun, meðhöndlun) og standa við allar fullyrðingar um aukahlutverk (t.d. flösuþandi eiginleika og verndun hárlitar), annaðhvort með prófun, eða prófunum, á rannsóknarstofu eða með neytendaprófun. Prófanir skulu fara fram í samræmi við „Guidelines for the Evaluation of the Efficacy of Cosmetic Products“ ⁽²⁾ og leiðbeiningarnar í notendahandbókinni sem er aðgengileg á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal skrásetja aðferðarlýsingu prófunarinnar sem beitt var til að prófa verkun vörunnar. Umsækjendur skulu leggja fram niðurstöður þessarar aðferðarlýsingar sem sýna fram á að varan standi við fullyrðingar á merkimiða vörunnar eða umbúðum um megin- og aukahlutverk.

Viðmiðun 7 — upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum skal eftirfarandi texti koma fram:

- Minnkuð áhrif á lagarvistkerfi,
- Uppfyllir strangar kröfur um lífbrjótanleika,
- Takmarkar magn umbúðaúrgangs.

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af merkimiða vörunnar, eða hreinteikningum af umbúðunum þar sem umhverfismerki ESB er staðsett, ásamt undirritaðri samræmisýfirlýsingu.

⁽¹⁾ Eins og skilgreint er af RSPO í „RSPO Rules for Home and Personal Care Derivatives“, aðgengilegt á: http://www.greenpalm.org/upload/files/45/RSPO_Guiding_Rules_for_HPC_derivativesV9.pdf.

⁽²⁾ Aðgengilegt á: <https://www.cosmeticseurope.eu/publications-cosmetics-europe-association/guidelines.html?view=item&id=23> og á vefsetri umhverfismerkis ESB.

Viðbætur

Gagnasafn fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna (DID-skrá)

DID-skráin (A-hluti) er skrá sem inniheldur upplýsingar um eiturhrif á lagarumhverfi og lífbrjótanleika innihaldsefna sem eru oftast notuð í þvotta- og hreinsiefnasamsetningum. Skráin inniheldur upplýsingar um eiturhrif og lífbrjótanleika ýmissa efna sem eru notuð í þvotta- og hreingerningavörur. Skráin er ekki tæmandi en gefnar eru leiðbeiningar í B-hluta DID-skráarinnar varðandi ákvörðun á viðkomandi reiknibreytum fyrir efni sem ekki eru á DID-skránni (t.d. eiturhrifastuðull (ES) og niðurbrotstuðull (NS)) sem eru notaðir við útreikninga á lágmarksþynningunni). Skráin er almennur upplýsingabrunnur og efnin sem eru til staðar í DID-skránni eru ekki sjálfkrafa samþykkt til notkunar í vörur sem bera umhverfismerki ESB.

A- og B-hluta DID-skráarinnar má finna á vefsetri umhverfismerkis ESB.

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_a_en.pdf

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/did_list/didlist_part_b_en.pdf

Ef efnum fylgja engin gögn um eiturhrif í lagarumhverfi og niðurbjótanleika er heimilt að nota byggingarlegar hliðstæður við svipuð efni til að meta ES og NS. Slíkar byggingarlegar hliðstæður skulu vera samþykktar af þar til bærrí stofnun sem veitir leyfi fyrir umhverfismerki ESB. Að öðrum kosti skal ganga út frá verstu, hugsanlegu aðstæðum og nota breytur hér á eftir:

Verstu hugsanlegu aðstæður:

Innihaldsefni	Bráð eiturhrif			Langvinn eiturhrif			Niðurbrot		
	LC ₅₀ /EC ₅₀	Öryggis- stuðull _(bráð)	ES _(bráð)	Styrkur sem hefur engin merkjanleg áhrif (*):	Öryggis- stuðull _(langvinn) (*)	ES _(langvinn)	NS	Loftháð	Loftfírrt
„Heiti“	1 mg/l	10,000	0,0001			0,0001	1	P	N

(*) Finnist engin viðunandi gögn um langvinn eiturhrif eru þessir dálkar auðir. Í því tilviki fær ES (langvinn) sama gildi og ES (bráð).

Staðfesting á auðlífbjótanleika

Nota skal eftirfarandi aðferðir við prófanir á auðlífbjótanleika:

1. Til 1. desember 2015:

Aðferðirnar til að prófa auðlífbjótanleika, sem kveðið er á um í tilskipun 67/548/EBE, einkum aðferðirnar sem eru tilgreindar í lið C4 í V. viðauka við þá tilskipun eða jafngildar OECD-prófunaraðferðir 301 A-F eða jafngildar ISO-prófanir.

Meginreglan um 10 daga mörk gildir ekki fyrir yfirborðsvirk efni. Viðmiðunarmörkin skulu vera 70% fyrir prófanirnar, sem um getur í A- og B-hluta liðar C4 í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE (og jafngildar OECD-prófanir 301 A- og E og jafngildar ISO-prófanir), og 60% fyrir prófanir C, D, E og F í lið C4 (og jafngildar OECD-prófanir 301 B, C, D og F og jafngildar ISO-prófanir).

eða

Prófanirnar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008

2. Eftir 1. desember 2015:

Prófanirnar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Staðfesting á lífbjótanleika við loftfírrðar aðstæður

Viðmiðunarprófunin fyrir niðurbjótanleika við loftfírrðar aðstæður skal vera EN ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998), OECD 311 eða jafngild pröfunaraðferð þar sem krafist er endanlegs niðurbrots að lágmarki 60% við loftfírrðar aðstæður. Einnig má nota prófunaraðferðir sem líkja eftir aðstæðum í viðkomandi, loftfírrðu umhverfi til að staðfesta að náðst hafi endanlegt niðurbrot sem nemur 60% við loftfírrðar aðstæður.

Framreikningur fyrir efni sem eru ekki í DID-skránni

Nota má eftirfarandi nálgun til að fá fram nauðsynleg gögn um lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður vegna innihaldsefna sem eru ekki í DID-skránni:

1. Nota skal viðeigandi framreikning. Nota skal niðurstöður úr prófunum á einu hráefni til þess að framreikna endanlegan niðurbjótanleika yfirborðsvirkra efna með samsvarandi byggingu við loftfirrðar aðstæður. Ef staðfest hefur verið að yfirborðsvirkt efni (eða hópur raðkvæmra efna) samkvæmt DID-skránni er lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður má ganga út frá því að yfirborðsvirkt efni af svipaðri gerð sé einnig lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður (t.d. er C12-C15 A 1-3 EO súlfat [DID-nr. 8] lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður og því má gera ráð fyrir svipuðum lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður að því er varðar C12-C15 A 6 EO súlfat). Ef staðfest hefur verið með viðeigandi prófunaraðferð að yfirborðsvirkt efni er lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður má ganga út frá því að yfirborðsvirkt efni af svipaðri gerð sé einnig lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður (t.d. ef heimildir úr fræðiritum staðfesta að nota megi yfirborðsvirk efni í flokknum alkýlestraammóníumsölt sem staðfestingu á svipuðum lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður að því er varðar önnur fjórgreind ammóníumsölt sem eru með estratengi í alkýlkeðjunni eða -keðjunum).
2. Gera skal skimunarprófun á niðurbjótanleika við loftfirrðar aðstæður. Ef nýjar prófanir eru nauðsynlegar er gerð skimunarprófun með því að nota EN ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998), OECD 311 eða jafngilda aðferð.
3. Gera skal prófun á niðurbjótanleika með litlum skammti. Ef nauðsynlegt er að gera nýjar prófanir og ef upp kemur vandi í framkvæmd skimunarprófunarinnar (t.d. hömlun vegna eiturrifa prófunarefnis) er prófunin endurtekin með minni skammti af yfirborðsvirka efninu og fylgst með niðurbrotinu með ¹⁴C-mælingu eða efnagreiningu. Ef prófanir eru gerðar með litlum skömmtum má nota OECD 308 (frá ágúst 2000) eða jafngilda aðferð.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
2016/110****2017/EES/17/41****frá 27. janúar 2016****um að samþykkja ekki trúklósan sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 1 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir trúklósan.
- 2) Trúklósan hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾ fyrir notkun í vöruflokki 1, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir menn, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 1 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Danmörk var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 8. apríl 2013.
- 4) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 17. júní 2015, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur, sem eru notaðar í vöruflokki 1 og innihalda trúklósan, uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Í þeim sviðsmyndum sem metnar voru við mat á umhverfis-áhættu greindist óviðunandi áhætta.
- 6) Því er ekki rétt að samþykkja trúklósan til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Trúklósan (EB-nr. 222-182-2, CAS-nr. 3380-34-5) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 1.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 86. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
2015/2119****2017/EES/17/42****frá 20. nóvember 2015****um að fastsetja niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr viði***(tilkynnt með númeri C(2015) 8062) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (sambættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmdastjórnin kom á fót samstarfsvettvangi, sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd, með ákvörðun frá 16. maí 2011 um að koma á fót samstarfsvettvangi til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun í iðnaði ⁽²⁾.
- 2) Hinn 24. september 2014 fékk framkvæmdastjórnin álit samstarfsvettvangsins, í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fánlegu tækni vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr viði og gerði það aðgengilegt öllum.
- 3) „Niðurstöður um bestu, fánlegu tækni“, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, eru lykilþáttur í tilvísunarskjali um bestu, fánlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fánlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu, fánlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.
- 4) Niðurstöður um bestu, fánlegu tækni eru viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla tilskipunar 2010/75/ESB og lögbær yfirvöld ættu að setja viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fánlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðuninum um niðurstöður um bestu, fánlegu tækni.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöður um bestu, fánlegu tækni (BAT) vegna framleiðslu á þiljum að meginhluta úr viði, sem settar eru fram í viðaukanum, eru samþykktar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 306, 24.11.2015, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

⁽²⁾ Stjttð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA FRAMLEIÐSLU Á ÞILJUM AÐ MEGINHLUTA ÚR VIÐI

GILDISSVIÐ	392
ALMENN ATRÍÐI	393
SKILGREININGAR OG UPPHAFSSTAFARÐ	394
1.1. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI.....	396
1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi.....	396
1.1.2. Góðar starfsvenjur í daglegum rekstri.....	397
1.1.3. Hávaði.....	398
1.1.4. Losun í jarðveg og grunnvatn.....	398
1.1.5. Orkustjórnun og orkunýtni.....	399
1.1.6. Lykt.....	400
1.1.7. Stjórnun úrgangs og leifa.....	400
1.1.8. Vöktun.....	401
1.2. LOSUN Í ANDRÚMSLOFT.....	403
1.2.1. Losun beint í tiltekinn farveg.....	403
1.2.2. Dreifð losun.....	407
1.3. Losun í vatn.....	408
1.4. LÝSING Á TÆKNI.....	409
1.4.1. Losun í andrúmsloft.....	409
1.4.2. Losun í vatn.....	411

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni varða starfsemi, sem er tilgreind í c-lið í lið 6.1 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið:

- framleiðslu í iðjuverum á einni eða fleiri af eftirtöldum gerðum af þiljum að meginhluta úr viði: aspenítplötum, spónaplötum eða trefjaplötum, í verum með framleiðslugetu yfir 600 m³ á dag.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni taka einkum til eftirfarandi:

- framleiðslu á þiljum að meginhluta úr viði,
- brennsluvera á stöðvarsvæðinu (þ.m.t. vélar) sem mynda heitar lofttegundir fyrir þurrkofna með beinni hitun,
- framleiðslu á pappír sem er gegndreyptur með resínum.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi starfsemi og vinnslu:

- brennsluver á stöðvarsvæðinu (þ.m.t. vélar) sem mynda ekki heitar lofttegundir fyrir þurrkofna með beinni hitun,
- samlmíngu, lökkun eða málun á óunnum plötum.

Önnur tilvísunarskjöl, sem varða starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fánlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Vöktun losunar í andrúmsloft og vatn frá stöðvum sem falla undir tilskipunina um losun í iðnaði (ROM)	Vöktun losunar í andrúmsloft og vatn
Stór brennsluver (LCP)	Brennslutækni
Brennsla úrgangs (WI)	Brennsla úrgangs
Orkunýtni (ENE)	Orkunýtni
Meðhöndlun úrgangs (WT)	Meðhöndlun úrgangs
Losun frá geymslu (EFS)	Geymsla og meðhöndlun efna
Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif (ECM))	Efnahagslegir þættir og þverlæg umhverfisáhrif tækni
Framleiðsluiðnaður með mikið magn af lífrænum íðefnum (LVOC)	Framleiðsla á melamíni, úreaformaldehýðresínum og metýlendíffenyldíísósýanati

ALMENN ATRÍÐI

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fánlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

Niðurstöður um bestu, fánlegu tækni eiga almennt við nema annað sé tekið fram.

LOSUNARGILDI SEM TENGJAST BESTU, FÁANLEGU TÆKNI (BAT-AELs) FYRIR LOSUN Í ANDRÚMSLOFT

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni, sem eru gefin í þessum niðurstöðum um bestu, fánlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft, eiga við um styrk, gefinn upp sem massi losaðra efna í rúmmáli úrgangslöfts við stöðluð skilyrði (273,15 K, 101,3 kPa) og við þurr ástand, gefinn upp í einingunni mg/Nm³, nema annað sé tekið fram.

Viðmiðunargildi súrefnis er eftirfarandi:

Upptök losunar	Viðmiðunargildi súrefnis
Þurrkofnar með beinni hitun fyrir spónaplötur eða þurrkofnar með beinni hitun fyrir aspeníplötur, einir sér eða í samsetningu með pressu	18% súrefni miðað við rúmmál
Öll önnur upptök	Engin leiðrétting fyrir súrefni

Formúlan til að reikna út styrk losunarinnar við viðmiðunargildi súrefnis er eftirfarandi:

$$E_R = \frac{21 - O_R}{21 - O_M} \times E_M$$

þar sem: E_R (mg/Nm³): styrkur losunar við viðmiðunargildi súrefnis,

O_R (rúmmál-%): viðmiðunargildi súrefnis,

E_M (mg/Nm³): mældur losunarstyrkur,

O_M (rúmmál-%): mælt súrefnisgildi.

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft eiga við um meðaltal á sýnatökutímabilinu sem merkir eftirfarandi:

Meðalgildi þriggja mælinga í röð sem standa í a.m.k. 30 mínútur hver ⁽¹⁾

(¹) Nota má heppilegra mælingatímabil fyrir allar breytur sem 30 mínútna mæling á ekki við vegna takmarkana í tengslum við sýnatöku eða greiningu.

LOSUNARGILDI SEM TENGJAST BESTU, FÁANLEGU TÆKNI FYRIR LOSUN Í VATN

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun í vatn, sem eru gefin í þessum niðurstöðum um bestu, fánlegu tækni, eiga við um styrkgildi (massi losaðra efna í rúmmáli vatns), gefin upp í einingunni mg/l.

Þessi losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni eiga við um meðaltal sýna sem fást á einu ári, sem merkir vegið meðaltal í frárennsli úr öllum samsettum hlutfallslegum sýnum af frárennsli á 24 klukkustunda tímabili, tekin á einu ári með lágmarkstíðni sem er fastsett fyrir viðkomandi breytur og við venjuleg rekstrarskilyrði.

Formúlan til að reikna út vegið meðaltal í frárennsli úr öllum samsettum hlutfallslegum sýnum af frárennsli á 24 klukkustunda tímabili er:

$$c_w = \frac{\sum_{i=1}^n c_i q_i}{\sum_{i=1}^n q_i}$$

þar sem: c_w = veginn meðalstyrkur breytunnar í frárennsli,

n = fjöldi mælinga,

c_i = meðalstyrkur breytunnar á tímabilinu i ,

q_i = meðalfrárennsli á tímabilinu i .

Hægt er að nota tímahlutfallslega sýnatöku að því tilskildu að hægt sé að sýna fram á nægilega stöðugt rennsli.

Öll losunargildi, sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun í vatn, gilda á staðnum þar sem losunin fer úr stöðinni.

SKILGREININGAR OG UPPHAFSSTAFAORD

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fánlegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Heiti	Skilgreining
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	Efnafræðileg súrefnisþörf: magn súrefnis sem þarf til að oxu lífrænt efni algerlega yfir í koltvísýring (yfirleitt m.t.t. greiningar með díkrómatöxun).
Samfelld mæling	Samfelld ákvörðun á mælipætti með því að nota varanlega uppsett sjálfvirkt mælikerfi (AMS) eða kerfi fyrir samfellda mælingu á losun (CEM).
Samfelld pressun	Þiljupressa sem pressar samfellda mottu.
Dreifð losun	Losun, sem er ekki beint í farveg, sem er ekki losuð um sérstaka losunarstaði, s.s. reykháfa.
Þurrkofn með beinni hitun	Þurrkofn þar sem heitar lofttegundir frá brennsluveri eða öðrum upptökum eru í beinni snertingu við agnir, þræði eða trefjar sem á að þurrka. Þurrkunin er framkvæmd með varmastreymi.
Ryk	Heildarinnihald efnisagna.
Stöð sem fyrir er	Stöð sem er ekki ný stöð.
Trefjar	Lignósellulósapættir viðar eða önnur plöntuefni sem fást með maukun með vélvinnslu eða hitameðhöndlun og notkun hreinsunarbúnaðar. Trefjar eru notaðar sem upphafsefni til framleiðslu á trefjaplötum.

Heiti	Skilgreining
Trefjaplötur	Eins og skilgreint er í EN 316, þ.e. „klæðningarefni með uppgefna þykkt sem nemur 1,5 mm eða meira, framleitt úr lignósellulósatrefjum með notkun hita og/eda þrýstings“. Til trefjaplatna teljast plötur sem eru framleiddar með blautvinnslu (masónít, meðalharðar plötur (e. <i>medium board</i>), mjúkar plötur (e. <i>softboard</i>) og trefjaplötur sem eru framleiddar með þurrvinnslu (MDF).
Harðviður	Flokkur viðartegunda, þ.m.t. ösp, beyki, birki og gúmviðir. Heitið harðviður er notað sem andstæða við heitið mjúkviður.
Þurrkofn með óbeinni hitun	Þurrkofn sem þurrkar eingöngu með hita frá geislun eða varmastreymi.
Mottumótun	Ferlið við að breiða út agnir, þræði eða trefjar til að búa til mottuna sem er send í pressuna.
Pressa með mörgum opum (e. <i>multi-opening press</i>)	Þiljupressa sem pressar eina eða fleiri þiljur af ólíkri lögun.
Ný stöð	Stöð sem er upphaflega leyfð á stöðvarsvæðinu eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fánlegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fánlegu tækni.
NO _x	Summa köfnunarefnisoxíðs (NO) og köfnunarefnistvíoxíðs (NO ₂), gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð (NO ₂).
Aspenítplötur	Aspenítplata, eins og skilgreint er í EN 300, þ.e. „marglaga plata, aðallega úr viðartrefjum ásamt bindiefni. Trefjarnar í ysta laginu eru lagðar samsíða eftir lengd plötunnar eða breidd. Trefjarnar í innsta laginu eða lögunum geta raðast af handahófi eða samsíða, yfirleitt hornrétt á trefjarnar í ystu lögunum“.
Spónaplata	Spónaplata eins og skilgreint er í EN 309, þ.e. „þiljuefni, sem er framleitt við þrýsting og hita úr viðarögnum (viðarflögur, -flísar, -spænar, sag o.þ.h.) og/eda öðru lignósellulósaeefni í formi agna (hörkurl, hampkurl, kramin sykurreysbrot o.þ.h.) að viðbættu límeefni“.
Fjölklóruð díbensóðfoxín/ fúrön	Fjölklóruð díbensóðfoxín og -fúrön
Reglubundin mæling	Mælingar með tilteknu millibili með handvirkum eða sjálfvirkum tilvísunaraðferðum.
Vinnsluvatn	Skólp frá vinnslu og starfsemi innan framleiðslustöðvarinnar, að undanskildu afrennslivatni af yfirborði.
Endurnýttur viður	Efni sem inniheldur að mestu við. Endurnýttur viður getur verið úr „endurheimtum viði“ og „viðarleifum“. „Endurheimtur viður“ er efni sem inniheldur að mestu við sem er fenginn beint úr endurunnum viði frá neytendum.
Hreinsun	Viðarflísu breytt í trefjar með hreinsibúnaði.
Bolviður	Trjábólur.
Mjúkviður	Viður úr barrtrjám, þ.m.t. furu og greni. Heitið mjúkviður er notað sem andstæða við heitið harðviður.
Afrennslivatn af yfirborði	Vatn frá afrennslu úrkomu og framræslu, safnað af stöflunarsvæðum fyrir trjáboli utanhúss, þ.m.t. vinnslusvæði utanhúss.
Heildarmagn svifagna (TSS)	Heildarmagn svifagna (í skólp); massastyrkur allra svifagna, mælt með síun um trefjaglerssúr og fellingarmælingu.

Heiti	Skilgreining
Heildarmagn rokgjarnra lífræna efnasambanda (TVOC)	Heildarmagn rokgjarna, lífrænna efnasambanda, gefið upp sem C (í andrúmslofti).
Timburvinnsla á fyrri stigum og úrvinnsla	Öll virk meðhöndlun og úrvinnsla, geymsla eða flutningur á viðarögnum, -flísum, -þráðum eða -treffjum og á pressuðum þiljum. Til vinnslu á fyrri stigum telst öll timburvinnsla eftir að timburhráefnið fer af geymslusvæðinu. Til úrvinnslu telst öll vinnsla eftir að þiljan kemur úr pressunni og þangað til þiljan er send í geymslu sem óunnin eða meðhöndluð vara. Timburvinnsla á fyrri stigum og úrvinnsla ná ekki yfir þurrkunarferlið eða pressun á þiljum.

1.1. ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI

1.1.1. Umhverfisstjórnunarkerfi

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 1. Í því skyni að bæta heildarárangur í umhverfismálum er besta, fánlega tækni að hrinda í framkvæmd og fylgja umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

- I. skuldbindingu stjórnar, þ.m.t. yfirstjórnar,
- II. skilgreiningu á umhverfisstefnu sem felur í sér stöðugar endurbætur á stöðinni af hálfu stjórnenda,
- III. áætlanagerð og að koma á nauðsynlegum verklagsreglum, almennum og sértækum markmiðum í tengslum við fjárhagsáætlun og fjárfestingu,
- IV. framkvæmd samkvæmt verklagsreglum þar sem sérstök áhersla er lögð á:
 - a) skipulag og ábyrgð
 - b) nýliðun, þjálfun, næmi og hæfni
 - c) samskipti
 - d) aðild starfsmanna
 - e) skjalahald
 - f) skilvirka vinnslustjórnun
 - g) viðhaldsáætlanir
 - h) viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi
 - i) að tryggt sé að farið sé að ákvæðum umhverfislöggjafarinnar,
- V. mat á frammistöðu og að gripið sé til aðgerða til úrbóta þar sem sérstök áhersla er lögð á:
 - a) vöktun og mælingar (sjá einnig tilvísunarskýrslu um vöktun)
 - b) aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf
 - c) viðhald skráa
 - d) óháða (ef það er gerlegt) innri og ytri endurskoðun til að ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið samræmist skipulagðri tilhögum eða ekki og hafi verið hrint í framkvæmd og viðhaldið á tilhlýðilegan hátt,
- VI. endurskoðun yfirstjórnar á umhverfisstjórnunarkerfinu og áframhaldandi hentugleika þess, nægjanleika og skilvirkni,
- VII. að fylgjast með þróun hreinni tækni,

VIII. að taka tillit til umhverfisáhrifa af völdum lokunar stöðvarinnar, sem síðar verður, á því stigi þegar ný stöð er hönnuð og meðan hún er í rekstri,

IX. reglubundna notkun samanburðarviðmiðana eftir geirum.

Í sumum tilvikum eru eftirfarandi þættir hluti af umhverfisstjórnunarkerfinu:

X. áætlun um meðhöndlun úrgangs (sjá bestu, fáanlegu tækni 11),

XI. gæðaeftirlitsáætlun fyrir endurnýttan við sem er notaður sem hráefni í þiljur og notaður sem eldsneyti (sjá besta, fáanlega tækni 2b),

XII. áætlun um hávaðastjórnun (sjá bestu, fáanlegu tækni 4),

XIII. áætlun um lyktarstjórnun (sjá bestu, fáanlegu tækni 9),

XIV. áætlun um rykstjórnun (sjá bestu, fáanlegu tækni 23).

Nothæfi

Gildissvið (t.d. sundurliðunarstig) og eðli umhverfisstjórnunarkerfisins (t.d. staðlað eða ekki staðlað) mun almennt tengjast eðli og umfangi stöðvarinnar og því hversu flókin hún er og þeim umhverfisáhrifum sem hún kann að hafa.

1.1.2. Góðar starfsvenjur í daglegum rekstri

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 2 *Í því skyni að halda umhverfisáhrifum framleiðsluferlisins í lágmarki er besta, fáanlega tækni að beita meginreglunum um góðar starfsvenjur í daglegum rekstri með því að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.*

	Lýsing
a	Vandlegt val á og eftirlit með íðefnum og íblöndunarefnum.
b	Beiting áætlunar um gæðaeftirlit með endurnýttum við, sem er notaður sem hráefni og/eða sem eldsneyti ⁽¹⁾ , einkum til að hafa eftirlit með mengunarefnum s.s. arseni (As), blýi (Pb), kadmíumi (Cd), krómi (Cr), kopar (Cu), kvikasilfri (Hg), sinki (Zn), klóri, flúori og fjölrhinga, arómatískum vetniskolefnum.
c	Vandleg meðhöndlun og geymsla á hráefnum og úrgangi.
d	Reglulegt viðhald og hreinsun á búnaði, flutningsleiðum og geymslusvæðum fyrir hráefni.
e	Endurskoðun möguleika á endurnotkun vinnsluvatns og notkun á annars stigs vatnssuppsprettum.

⁽¹⁾ Nota má EN 14961-1:2010 til að flokka lífoldsneyti í föstu formi.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 3 *Í því skyni að draga úr losun í andrúmsloft er besta, fáanlega tækni að starfrækja hreinsunarkerfi fyrir úrgangslöft með góðu aðgengi og við bestu afkastagetu við venjuleg rekstrarskilyrði.*

Lýsing

Hægt er að skilgreina sérstakar verklagsreglur fyrir önnur rekstrarskilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði, einkum:

i. við ræsingu og stöðvun,

ii. við aðrar sérstakar aðstæður sem gætu haft áhrif á eðlilega starfsemi kerfanna (t.d. reglulega og óvenjulega viðhaldsvinnu og hreinsun brennsluversins og/eða kerfis til að hreinsa úrgangslöft).

1.1.3. Hávaði

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 4 Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr hávaða og titringi er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Lýsing	Nothæfi
Tækni til að koma í veg fyrir hávaða og titring		
a	Gerð stefnumótandi áætlana varðandi skipulag stöðvar m.t.t. staðsetningar hávaðasómustu starfseminnar, t.d. þannig að byggingar á stöðvarsvæðinu gegni hlutverki einangrunar.	Á almennt við í nýjum stöðvum. Skipulag stöðvarsvæðis getur takmarkað nothæfið í stöðvum sem fyrir eru.
b	Nota áætlun til að draga úr hávaða, sem felur í sér kortlagningu á hávaðavöldum, ákvörðun á viðtökum utan stöðvarsvæðis, gerð líkana af útbreiðslu hávaða og mat á kostnaðarhagkvæmstu ráðstöfununum og framkvæmd þeirra.	Á almennt við
c	Framkvæma reglubundnar rannsóknir á hávaða með vöktun á hávaðastigi utan marka stöðvarsvæðisins.	

Tækni til að draga úr hávaða og titringi frá punktuþtökum

d	Loka hávaðasaman búnað af í húsnæði eða með afmörkun og með því að hljóðeinangra byggingar.	Á almennt við
e	Aftengja einstakan búnað til að koma í veg fyrir og takmarka dreifingu titrings og hljóðmagnunar.	
f	Einangra punktuþtök með því að nota hljóðdeyfa, dempun, hljóðdeyfa á hávaðavalda, t.d. víftur, loftop með hljóðdeyfi, hljóðkúta og hljóðeinangraða aflokun á síur.	
g	Hafa hlið og hurðir alltaf lokað þegar þau eru ekki í notkun. Lágmarka fallhæð þegar bolviður er affermdur.	

Tækni til að draga úr hávaða og titringi á stöðvarsvæðinu

h	Draga úr hávaða frá umferð með því að takmarka hraða umferðar innan svæðisins og vörubifreiða sem koma inn á stöðvarsvæðið.	Á almennt við
i	Takmarka starfsemi utanhúss að næturþeli.	
j	Reglulegt viðhald á öllum búnaði.	
k	Nota hljóðeinangrandi vegg, náttúrulega tálma eða fyrirhleðslur til að skerma af hávaðavalda.	

1.1.4. Losun í jarðveg og grunnvatn

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 5 Í því skyni að koma í veg fyrir losun í jarðveg eða grunnvatn er besta, fánlega tækni að nota tæknina sem er tilgreind hér á eftir.

- I. ferma og afferma resín og önnur hjálparefni einungis á tilgreindum svæðum sem eru varin gegn afrennsli leka,
- II. meðan beðið er förgunar: safna öllu efni saman og geyma á tilgreindum svæðum sem eru varin gegn afrennsli leka,

- III. setja viðvörðunarbúnað, sem fer í gang við háa vökvastöðu, í allar dælusafnþrær (e. *pump sump*) eða aðra milli-geymsluaðstöðu sem getur lekið frá,
- IV. koma á og hrinda í framkvæmd áætlun um prófun og skoðun á tönkum og leiðslum sem flytja resín, fblöndunarefni og resínblöndur,
- V. annast lekaskoðun á öllum tengikrögum og lokum á rörum, sem eru notuð til að flytja önnur efni en vatn og við, og halda skrá yfir þessar skoðanir,
- VI. hafa til staðar afmörkunarkerfi til að safna hvers kyns leka frá tengikrögum og lokum á rörum, sem eru notuð til að flytja önnur efni en vatn og við, nema ef tæknileg hönnun tengikruga og loka er þannig að þau séu þétt,
- VII. hafa til staðar fullnægjandi birgðir af afmörkunargirðingum og heppilegt íseygt efni,
- VIII. forðast lagnir neðanjarðar til að flytja önnur efni en vatn og við,
- IX. safna öllu vatni frá slökkvistarfi og farga því á öruggan hátt,
- X. útbúa ógegndræpa botna í vatnssöfnunarlægðir fyrir afrennslisvatn af yfirborði frá viðargeymslusvæðum utanhúss.

1.1.5. Orkustjórnun og orkunýtni

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 6 Í því skyni að draga úr orkunotkun er besta, fánlega tækni að samþykkja orkustjórnunaráætlun sem inniheldur alla þá tækni sem tilgreind er hér á eftir.

- I. nota kerfi til að fylgjast með orkunotkun og kostnaði,
- II. gera orkunýtniúttekt á meiri háttar starfrækslu,
- III. nota kerfisbundna aðferð til samfelldrar uppfærslu á búnaði til að auka orkunýtni,
- IV. uppfæra eftirlit með orkunotkun,
- V. beita orkustjórnunarþjálfun innanhúss fyrir notendur.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 7 Í því skyni að auka orkunýtni er besta, fánlega tækni að hámarka starfrækslu brennsluversins með vöktun og eftirliti með lykilmæliþáttum brennslu (t.d. súrefni (O_2), kolsýringur (CO), köfnunarefnisoxíð (NO_x)) og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Úrvötnun timburseyru áður en hún er notuð sem eldsneyti	Á almennt við
b	Endurheimta varma úr heitu úrgangslófti í vothreinsunarkerfum með því að nota varmaskipti	Á við um stöðvar með vothreinsunarkerfi og ef hægt er að nota endurheimtu orkuna
c	Koma heitu úrgangslófti frá mismunandi vinnslu aftur í hringrás í brennsluverinu eða forhita heitar lofttegundir fyrir þurrkofninn	Nothæfið getur verið takmarkað fyrir þurrkofna með óbeinni hitun, trefjaþurrkofna eða ef tilhögum í brennsluverinu gerir það ekki kleift að stjórna viðbættu lofti

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 8 Í því skyni að nota orku á skilvirkan hátt í undirbúningi á blautum trefjum til framleiðslu á trefjaplötum er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Lýsing	Nothæfi
a	Hreinsun og mýking á flísum	Vélræn hreinsun og skolun á óunnum flísum	Á við um nýjar hreinsunarstöðvar og meiri háttar endurbætur
b	Uppgufun í lofttæmi	Endurnýting á heitu vatni til gufuframleiðslu	Á við um nýjar hreinsunarstöðvar og meiri háttar endurbætur
c	Varmaendurheimt frá gufu við hreinsun	Varmaskiptar til að framleiða heitt vatn til gufuframleiðslu og skolunar á flísum	Á við um nýjar hreinsunarstöðvar og meiri háttar endurbætur

1.1.6. Lykt

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 9 Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, draga úr lykt frá stöðinni er besta, fáanlega tækni að koma á fót, koma í framkvæmd og endurskoða reglulega áætlun um lyktarstjórnun, sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá besta, fáanlega tækni 1), sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

- I. aðferðarlýsingu sem inniheldur aðgerðir og tímamörk,
- II. aðferðarlýsingu á framkvæmd vöktunar á lykt,
- III. aðferðarlýsingu á viðbrögðum við tilgreindum lyktarathörðum,
- IV. áætlun til að koma í veg fyrir og draga úr lykt, sem er hönnuð til að sanngreina upptök(in), mæla/meta váhrif af völdum lyktar, lýsa því hvað kemur frá upptökunum og koma í framkvæmd forvarnar- og/eða skerðingarráðstöfunum.

Nothæfi

Nothæfið takmarkast við tilvik þar sem búast má við óþægindum vegna lyktar, og/eða tilkynnt hefur verið um þau, í íbúðabyggð eða á öðrum viðkvæmum svæðum (t.d. tómstundasvæðum).

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 10 Í því skyni að koma í veg fyrir og draga úr lykt er besta, fáanlega tækni að meðhöndla úrgangsluft frá þurrkofni og pressu samkvæmt bestu, fáanlegu tækni 17 og 19.

1.1.7. Stjórnun úrgangs og leifa

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 11 Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr magni úrgangs sem sent er til förgunar er besta, fáanlega tækni að samþykkja og hrinda í framkvæmd áætlun um meðhöndlun úrgangs, sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá besta, fáanlega tækni 1), sem tryggir, eftir forgangsröð, að komið sé í veg fyrir úrgang, að hann sé undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn eða endurnýttur á annan hátt.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 12 Í því skyni að draga úr magni af föstum úrgangi, sem er sent til förgunar, er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Endurnota viðarleifar sem er safnað innan stöðvar sem hráefni, s.s. afskurð og þiljur sem hefur verið hafnað.	Nothæfi trefjaplatna, sem hefur verið hafnað, getur verið takmarkað.
b	Nota viðarleifar sem er safnað innan stöðvar, s.s. viðaragnir og ryk sem er safnað í rykhreinsunarkerfi og timburseyra úr síun á skólpi, sem eldsneyti (í brennsluverum á stöðvarsvæðinu sem eru með viðeigandi búnað) eða sem hráefni.	Notkun á viðarseyru sem eldsneyti getur verið takmörkuð ef orkunotkunin til þurrkunarinnar vegur þyngra en umhverfislegur ávinningur.
c	Nota hringsofnunarkerfi (e. <i>ring collection system</i>) með einni miðlægri síunareiningu til að hámarka söfnun á leifum, t.d. pokasíu, hvirfilsíu (e. <i>cyclofilter</i>) eða góðum hvirfilskiljum.	Á almennt við um nýjar stöðvar. Skipulag stöðvar sem fyrir er getur takmarkað nothæfið.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 13 Í því skyni að tryggja örugga stjórnun og endurnotkun á botnösku og gjalli frá brennslu lífmassa er besta, fánlega tækni að nota alla þá tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Stöðug endurskoðun á valkostum fyrir endurnotkun á botnösku og gjalli í stöðinni og utan stöðvar.	Á almennt við.
b	Skilvirkt brennsluferli sem minnkar magn kolefnisleifa.	Á almennt við.
c	Örugg meðhöndlun og flutningur á botnösku og gjalli í lokuðum færriböndum og geymum eða með vætingu.	Væting er einungis nauðsynleg ef botnaska og gjall eru vætt af öryggisástæðum.
d	Örugg geymsla á botnösku og gjalli á tilnefndu ógegndræpu svæði með söfnun sigvatns.	Á almennt við.

1.1.8. Vöktun

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 14 Besta, fánlega tækni er að vakta losun í andrúmsloft og vatn og vakta útblástur frá vinnslu í samræmi við EN-staðla með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir. Ef EN-staðlar eru ekki fánlegir er besta, fánlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Vöktun losunar í andrúmsloft frá þurrkofni og á samanlagðri meðhöndlaðri losun frá þurrkofni og pressu

Breyta	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
Ryk	EN 13284-1	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 17:
Heildarmagn rokgjarnra lífræna efnasambanda ⁽¹⁾	EN 12619		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 17:
Formaldehýð	EN-staðall er ekki fánlegur ⁽⁶⁾		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 17:
NO _x	EN 14792		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 18:
Vetniskloríð (HCl) ⁽⁴⁾	EN 1911		—
Vetnisflúoríð (HF) ⁽⁴⁾	ISO 15713		—
Brennisteinsoxíð (SO ₂) ⁽²⁾	EN 14791	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á ári	—
Málmar ⁽³⁾ ⁽⁴⁾	EN 13211 (fyrir kvikasilfur (Hg)), EN 14385 (fyrir aðra málma)		—
Fjölklórúð díbensósíoxín/fúrön ⁽⁴⁾	EN 1948 1., 2. og 3. hluti		—
Ammoníak (NH ₃) ⁽⁵⁾	EN-staðall er ekki fánlegur		—

⁽¹⁾ Metan sem er vaktað samkvæmt EN ISO 25140 eða EN ISO 25139 er dregið frá niðurstöðunum þegar jarðgas, fljótandi jarðólúgas o.s.frv. er notað sem eldsneyti.

⁽²⁾ Á ekki við þegar eldsneyti sem er unnið úr viði, jarðgas, fljótandi jarðólúgas o.s.frv. er aðallega notað sem eldsneyti.

⁽³⁾ Þar með talið arsen (As), kadmíum (Cd), kolsýringur (Co), króm (Cr), kopar (Cu), kvikasilfur (Hg), mangan (Mn), nikkel (Ni), blý (Pb), antímon (Sb), títan (Ti) og vanadíum (V).

⁽⁴⁾ Á við ef endurnýttur, mengaður viður er notaður sem eldsneyti.

⁽⁵⁾ Á við ef valvís, óhvötuð afoxun er notuð.

⁽⁶⁾ Ef EN-staðall er ekki fyrir hendi er sýnataka með jafnhraða í gasúðasafnlausn (e. impinging solution) með hituðum nema og síukassa (e. filter box), og án þess að neminn sé þvegin, ákjósanleg aðferð, t.d. á grundvelli US EPA M316-aðferðarinnar.

Vöktun losunar í andrúmsloft frá pressu

Breyta	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
Ryk	EN 13284-1	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 19:
Heildarmagn rokjarnra lífræna efnasambanda (TVOC)	EN 12619		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 19:
Formaldehýð	EN-staðall er ekki fáanlegur ⁽²⁾		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 19:

Vöktun losunar í andrúmsloft frá þurrkofnum fyrir gegndreypingu á pappír

Breyta	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
Heildarmagn rokjarnra lífræna efnasambanda ⁽¹⁾	EN 12619	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á ári	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 21:
Formaldehýð	EN-staðall er ekki fáanlegur ⁽²⁾		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 21:

⁽¹⁾ Metan sem er vaktað samkvæmt EN ISO 25140 eða EN ISO 25139 er dregið frá niðurstöðunum þegar jarðgas, fljótandi jarðolíugas o.s.frv. er notað sem eldsneyti.

⁽²⁾ Ef EN-staðall er ekki fyrir hendi er sýnataka með jafnhraða í gasúðasafnlausn með hituðum nema og síukassa, og án þess að neminn sé þveginn, ákjósanleg aðferð, t.d. á grundvelli US EPA M316-aðferðarinnar.

Vöktun á losun sem er beint í andrúmsloft frá vinnslu á fyrri stigum og úrvinnslu

Breyta	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
Ryk	EN 13284-1 ⁽¹⁾	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á ári ⁽¹⁾	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 20:

⁽¹⁾ Hægt er að skipta út sýnatöku úr pokasfum og hvirfilsfum fyrir stöðuga vöktun á þrýstingsfalli í síunni sem staðgengils mælibreytu.

Vöktun á útblæstri úr brennsluferli sem er síðan notaður í þurrkofna með beinni hitun ⁽¹⁾

Breyta	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
NO _x	Reglubundin: EN 14792 Samfelld: EN 15267-1 til 3 og EN 14181	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á ári eða samfelldar mælingar	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 7:
CO	Reglubundin: EN 15058 Samfelld: EN 15267-1 til 3 og EN 14181		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 7:

⁽¹⁾ Mælingin er gerð áður en útblásturinn blandast öðrum loftstraumum og einungis ef það er tæknilega mögulegt.

Vöktun losunar í vatn frá framleiðslu á viðartrefjum

Breyta	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
Heildarmagn svifagna (TSS)	EN 872	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni í viku	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 27:
Efnafræðileg súrefnisþörf ⁽¹⁾	EN-staðall er ekki fánlegur		BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 27:
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC), gefið upp sem C	EN 1484		—
Málmar ⁽²⁾ , ef þeir skipta máli (t.d. þegar endurnýttur viður er notaður)	Ýmsir EN-staðlar eru fánlegir	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti.	—

(1) Af efnahagslegum og umhverfislegum ástæðum gæti tilhneigingar til að skipta efnafræðilegri súrefnisþörf út fyrir heildarmagn lífræns kolefnis. Fylgni milli breytanna tveggja skal ákvörðuð á staðarsértækum grundvelli.

(2) Þar með talið arsen (As), króm (Cr), kopar (Cu), nikkell (Ni), blý (Pb) og sink (Zn)

Vöktun á losun afrennslisvatns af yfirborði í vatn

Breyta	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
Heildarmagn svifagna (TSS)	EN 872	Reglubundnar mælingar a.m.k. einu sinni á þriggja mánaða fresti ⁽¹⁾	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 25:

(1) Hlutfallslegum sýnum af frárennslisvatni er hægt að skipta út fyrir aðra staðlaða sýnatökuaðferð ef rennslid nægir ekki til dæmigerðrar sýnatöku.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 15 Í því skyni að tryggja stöðugleika og skilvirkni tækni sem er notuð til að koma í veg fyrir og draga úr losun er besta, fánlega tækni að vakta viðeigandi staðgengils-mælibleyrtur.

Lýsing

Staðgengils-mælibleyrtur sem eru vaktaðar geta tekið til eftirfarandi: loftstreymi úrgangslöfts, hitastig úrgangslöfts, útlit losunar, flæði og hitastig vatns fyrir þveгла, spennufall í rafstöðuskiljum, víftuhraði og þrýstingsfall í pokasíum. Val á staðgengils-mælibleyrtum fer eftir þeirri tækni sem er notuð til að koma í veg fyrir og draga úr losun.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 16 Besta, fánlega tækni er að vakta mikilvægar vinnslubreytur sem skipta máli fyrir losun frá vinnsluferlinu í vatn, þ.m.t. skólplæði, sýrustig og hitastig.

1.2. LOSUN Í ANDRÚMSLOFT

1.2.1. Losun beint í tiltekinn farveg

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 17 Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun frá þurrkofni í andrúmsloft er besta, fánlega tækni að ná jafnvægi í starfrækslu þurrkunarferlisins og stýra því og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Dregið úr helstu mengunarvöldum	Nothæfi
a	Rykhreinsun á heitum lofttegundum við inntak þurrkofns með beinni hitun ásamt einni annarri tækni af þeim sem eru tilgreindar hér á eftir eða samblandi af þeim.	Ryk	Nothæfið getur verið takmarkað, t.d. ef um er að ræða smærri brennara, sem fyrir eru, fyrir viðarryk.
b	Pokasía ⁽¹⁾	Ryk	Á einungis við um þurrkofna með óbeinni hitun. Af öryggisástæðum skal sýna sérstaka aðgát þegar eingöngu er notaður endurnýttur viður.

	Tækni	Dregið úr helstu mengunarvöldum	Nothæfi
c	Hvirfilskilja ⁽¹⁾	Ryk	Á almennt við.
d	UTWS-þurrkofn og brennsla með varmaskipti og hitameðhöndlun á úrgangslöfti sem er losað úr þurrkofninum ⁽¹⁾	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	Á ekki við fyrir þurrkofna fyrir trefjar. Nothæfið getur verið takmarkað fyrir starfandi brensluver sem henta ekki fyrir eftirbrennslu á hluta af úrgangslöftinu úr þurrkofninum.
e	Rafstöðuskiljur með vatnsgufu ⁽¹⁾	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	Á almennt við.
f	Votþvegill ⁽¹⁾	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	Á almennt við.
g	Lífþvegill (e. <i>bioscrubber</i>) ⁽¹⁾	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	Nothæfið getur takmarkast af miklu rykmagni í úrgangslöftinu frá þurrkofninum og háu hitastigi þess.
h	Efnafræðilegt niðurbrot eða föngun formaldehýðs með íðefnum í samsetningu með vothreinsunarkerfi	Formaldehýð	Á almennt við í vothreinsunarkerfum.

⁽¹⁾ Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.4.1.

Tafla 1

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá þurrkofni og fyrir samanlagða meðhöndlaða losun frá þurrkofni og pressu

Breyta	Vara	Tegund þurrkofns	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Ryk	Spónaplata eða aspenítplata	Þurrkofn með beinni hitun	mg/Nm ³	3–30
		Þurrkofn með óbeinni hitun		3–10
	Trefjar	Allar gerðir		3–20
Heildarmagn rokgjarnra lífræna efnasambanda (TVOC)	Spónaplata	Allar gerðir		< 20–200 ^{(1) (2)}
	Aspenítplötur			10–400 ⁽²⁾
	Trefjar			< 20–120
Formaldehýð	Spónaplata	Allar gerðir	< 5–10 ⁽³⁾	
	Aspenítplötur		< 5–20	
	Trefjar		< 5–15	

⁽¹⁾ Þetta losunargildi sem tengist bestu, fánlegu tækni á ekki við þegar fura er notuð sem helsti hráefnisþátturinn.

⁽²⁾ Hægt er að ná losun undir 30 mg/Nm³ með því að nota UTWS-þurrkofn.

⁽³⁾ Þegar endurnýttur viður er nær eingöngu notaður getur efri hluti styrkbilsins verið allt að 15 mg/Nm³.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fánlegu tækni 14.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 18 Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) í andrúmsloft frá þurrkofnum með beinni hitun er besta, fánlega tækni að nota tækni a eða tækni a í samsetningu með tækni b.

	Tækni	Nothæfi
a	Skilvirk starfræksla brennsluferlis með notkun þrepaskipts bruna með lofti og eldsneyti ásamt með brennslu á dufti, kötlum með svífbeði eða færanlegri brennslurist (e. <i>moving grate firing</i>)	Á almennt við
b	Valvís, óhvötuð afoxun með inndælingu á þvagefni og efnahvarfi við það eða fljótandi ammoníak	Nothæfið getur takmarkast af mjög breytilegum brennsluskilyrðum

Tafla 2

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun köfnunarefnisoxíða (NO_x) í andrúmsloft frá þurrkofni með beinni hitun

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu)
NO_x	mg/Nm ³	30–250

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fánlegu tækni 14.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 19 Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr losun í andrúmsloft frá pressu er besta, fánlega tækni að snöggkæla samansafnað úrgangsluft frá pressu í loftrás og nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Dregið úr helstu mengunarvöldum	Nothæfi
a	Velja resín sem innihalda lítið af formaldehýði	Rokgjörn, lífræn efnasambönd	Nothæfið getur verið takmarkað, t.d. vegna krafna um sérstök vörugæði
b	Stýrð starfræksla á pressunni með jafnvægi pressuhitastigs, þrýstings sem er notaður og pressuhraða	Rokgjörn, lífræn efnasambönd	Nothæfið getur verið takmarkað, t.d. vegna starfrækslu pressunnar vegna sérstakra vörugæða
c	Vothreinsun á samansöfnuðu úrgangslufti úr pressun með þrengslapveglum eða vatnshvirflum o.s.frv. ⁽¹⁾	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	Á almennt við
d	Rafstöðuskiljur með vatnsgufu ⁽¹⁾	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	
e	Lífþvegill ⁽¹⁾	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	
f	Eftirbrensla sem síðasta meðhöndlunarstigið eftir notkun votþvegils	Ryk, rokgjörn, lífræn efnasambönd	Nothæfið getur verið takmarkað við stöðvar í rekstri ef hentugt brennsluver er ekki tiltækt

⁽¹⁾ Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.4.1.

Tafla 3

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun í andrúmsloft frá pressu

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Ryk	mg/Nm ³	3–15
Heildarmagn rokgjarnra lífrænna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm ³	10–100
Formaldehýð	mg/Nm ³	2–15

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fánlegu tækni 14.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 20 Í því skyni að draga úr ryklosun í andrúmsloft frá timburvinnslu á fyrri stigum og úrvinnslu, flutningi viðarefna og mottumótun er besta, fánlega tækni að nota annað hvort pokasú eða hvirfilsú.

Nothæfi

Vegna öryggisvanda er e.t.v. ekki hægt að nota pokasú eða hvirfilsú þegar endurnýttur viður er notaður sem hráefni. Í því tilviki er hægt að nota vothreinsunartækni (t.d. þvegil).

Tafla 4

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir ryklosun í andrúmsloft, sem beint er í farveg frá vinnslu á viði á fyrri stigum og úrvinnslu, flutningi viðarefna og mottumótun

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Ryk	mg/Nm ³	< 3–5 ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Ef pokasía eða hvirfilsía á ekki við getur efri hluti styrkbilsins verið allt að 10 mg/Nm³.

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fánlegu tækni 14.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 21 Í því skyni að draga úr losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda í andrúmsloft frá þurrkofnum til gegndreyppingar á pappír er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Velja og nota resín sem innihalda lítið af formaldehyði	Á almennt við
b	Stýrð starfræksla á ofnum með jafnvægi hitastigs og hraða	
c	Varmaoxun á úrgangslöfti í endurnýtandi varmaoxara (e. <i>regenerative thermal oxidiser</i>) eða hvatandi varmaoxara (e. <i>catalytic thermal oxidiser</i>) ⁽¹⁾	

	Tækni	Nothæfi
d	Eftirbrennsla eða brennsla á úrgangslöfti í brennsluveri	Nothæfið getur verið takmarkað við stöðvar í rekstri ef hentugt brennsluver er ekki tiltækt á stöðvarsvæðinu
e	Vothreinsun á úrgangslöfti og síðan meðhöndlun í lífsúu ⁽¹⁾	Á almennt við

⁽¹⁾ Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.4.1.

Tafla 5

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir losun á heildarmagni rokgjarnra lífræna efnasambanda (TVOC) og formaldehýðs í andrúmsloft frá þurrkofni fyrir gegndreypingu á pappír

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (meðaltal á sýnatökutímabilinu)
Heildarmagn rokgjarnra lífræna efnasambanda (TVOC)	mg/Nm ³	5–30
Formaldehýð	mg/Nm ³	< 5–10

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fánlegu tækni 14.

1.2.2. Dreifð losun

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 22 Í því skyni að koma í veg fyrir eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr dreifðri losun frá pressu í andrúmsloft er besta, fánlega tækni að hámarka skilvirkni útblástursöfnunar og beina útblæstrinum í farveg til meðhöndlunar (sjá bestu, fánlegu tækni 19).

Lýsing

Skilvirk söfnun og meðhöndlun á úrgangslöfti (sjá bestu, fánlegu tækni 19), bæði við pressuúttak og eftir pressulínunni fyrir samfellda pressun. Að því er varðar pressur, sem fyrir eru, með mörgum opum getur nothæfi þess að loka pressuna af verið takmarkað af öryggisástæðum.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 23 Í því skyni að draga úr dreifðri losun í andrúmsloft frá flutningi, meðhöndlun og geymslu viðarefna er besta, fánlega tækni að koma á og framkvæma áætlun um rykstjórnun, sem hluta af umhverfisstjórnunarkerfinu (sjá bestu, fánlegu tækni 1), og nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Nothæfi
a	Regluleg hreinsun á flutningsleiðum, geymslusvæðum og ökutækjum	Á almennt við
b	Afferma sag á affermingarsvæðum sem eru yfirbyggð og hægt að keyra í gegnum.	
c	Geyma efni, sem geta myndað sagryk, í sílóum, gámum, stöflum undir þaki o.s.frv. eða loka geymslusvæði efnis í lausu af	
d	Minnka ryklosun með vatnsúðun	

1.3. LOSUN Í VATN

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 24 Í því skyni að draga úr mengunarálagi af samansöfnuðu skólpi er besta, fáanlega tækni að nota báðar tækniáðferðirnar sem eru tilgreindar hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Safna afrennslisvatni af yfirborði og skólpi frá vinnslu og meðhöndla aðskilið	Nothæfið getur takmarkast við stöðvar í rekstri vegna fyrirkomulags grunnvirkja, sem fyrir eru, til framræslu
b	Geyma allan við, að undanskildum bolvið og úrgangsbörðum, ⁽¹⁾ á svæði með hörðu yfirborði	Á almennt við

⁽¹⁾ Ysti viðarhluti, með eða án barkar, frá fyrstu sögun í sögunarferli þar sem trjábólur er sagaður í timbur.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 25 Í því skyni að draga úr losun afrennslisvatns af yfirborði í vatn er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Vélrænn aðskilnaður á grófu efni með sáldum og síum sem formeðhöndlun	Á almennt við
b	Olífuskiljun ⁽¹⁾	Á almennt við
c	Föst efni fjarlægð með botnfellingu í vatnssöfnunarlægðum eða botnfellingarþróum ⁽¹⁾	Notkun á botnfellingu kann að takmarkast vegna krafna um rými

⁽¹⁾ Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.4.2.

Tafla 6

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir heildarmagn svifagna vegna beinnar losunar afrennslisvatns af yfirborði í viðtökuvatnshlot

Breyta	Eining	Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni (meðaltal sýna sem fást á einu ári)
Heildarmagn svifagna (TSS)	mg/l	10–40

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 14.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 26 Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr myndun vinnsluskólps frá framleiðslu á viðartrefjum er besta, fáanlega tækni að hámarka endurvinnslu vinnsluvatns.

Lýsing

Endurvinnsla vinnsluvatns frá þvotti, suðu og/eða hreinsun flísa í lokaðri eða opinni hringrás með meðhöndlun á hreinsunarstöðvarstiginu sem felst í að fjarlægja föst efni með vélrænum hætti, á þann hátt sem hentar best, eða með uppgufun.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 27 Í því skyni að draga úr losun frá viðartrefjaframleiðslu í vatn er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Nothæfi
a	Vélrænn aðskilnaður á grófu efni með sáldum og síum	Á almennt við
b	Eðlisefnafræðileg sundurgreining, t.d. notkun á sandsíum, fleyting með uppleystu lofti, storknun og hnatfelling ⁽¹⁾	
c	Líffræðileg meðhöndlun ⁽¹⁾	

⁽¹⁾ Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.4.2.

Tafla 7

Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni fyrir beina losun vinnsluskólps frá framleiðslu á viðartrefjum í viðtökuvatnshlot

Breyta	Losunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni (meðaltal sýna sem fást á einu ári)
	mg/l
Heildarmagn svifagna (TSS)	5–35
Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)	20–200

Tengdri vöktun er lýst í bestu, fánlegu tækni 14.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 28 Í því skyni að koma í veg fyrir eða draga úr myndun skólps frá vothreinsunarkerfum með notkun lofts er besta, fánlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

Tækni ⁽¹⁾	Nothæfi
Botnfelling, umhelling, skrúfuð pressa og beltapressa (e. <i>belt press</i>) til að fjarlægja föst efni sem hefur verið safnað í vothreinsunarkerfum	Á almennt við
Fleyting með uppleystu lofti. Storknun og hnatfelling og síðan eru kekkirnir fjarlægðir með fleytingu með uppleystu lofti	

⁽¹⁾ Lýsing á tækninni er sett fram í lið 1.4.2.

1.4. LÝSING Á TÆKNI

1.4.1. Losun í andrúmsloft

Tækni	Lýsing
Lífsía	Lífsía brýtur niður lífræn efnasambönd með líffræðilegri oxun. Úrgangsloftsstraumur er látinn fara gegnum stuðningsbed úr hvarftregu efni (t.d. plasti eða leir) og þar oxast lífræn efnasambönd með örverum úr náttúrulega umhverfinu. Lífsían er viðkvæm fyrir ryki, háu hitastigi eða miklu frávikum í hitastigi úrgangsloftsins við inntakið.
Líffvegill	Líffvegill er lífsía í samsetningu með votþvegli sem formedhöndlar úrgangsloftið með því að fjarlægja ryk og lækka hitastig við inntakið. Vatn er endurunnið stöðugt, fer inn efst í pakkaða súlu (e. <i>packed bed column</i>) og þaðan seitar það niður. Vatn safnast saman í botnfellingarþró þar sem viðbótarniðurbrot á sér stað. Sýrustigsstilling og íblöndun næringarefna geta hámarkað niðurbrot.

Tækni	Lýsing
Hvirfilskilja	Hvirfilskilja notar tregðu til að fjarlægja ryk úr straumi úrgangslöfts með miðflóttaafla, yfirleitt í keilulaga hólf. Hvirfilskiljur eru notaðar til formeðhöndlunar áður en frekari rykhreinsun eða hreinsun á lífrænum efnasamböndum fer fram. Hægt er að nota hvirfilskiljur einar sér eða sem fjölskiptar hvirfilskiljur.
Hvirfilsía	Hvirfilsía notar sambland af hvirfilskiljutækni (til að aðskilja grófara ryk) og pokasíum (til að fanga fíngrðara ryk).
Rafstöðuskilja	Rafstöðuskiljur starfa þannig að agnir er hlaðnar og skildar að undir áhrifum rafsviðs. Rafstöðuskiljur geta starfað við margvísleg skilyrði.
Rafstöðuskiljur með vatnsgufu (WESP)	Rafstöðuskilja með vatnsgufu samanstendur af stigi með votþvegli, með þvotti og þéttingu úrgangslöftsins, og rafstöðuskilju sem starfar í blautham, þar sem efnið, sem safnast hefur saman, er fjarlægt af söfnunarplötum með því að skola þær með vatni. Yfirleitt er komið fyrir búnaði til að fjarlægja vatnsdropa áður en úrgangslöft er losað (t.d. móðueyði). Ryk, sem safnað hefur verið, er aðskilið frá vatnsfasanum.
Pokasía	Pokasíur samstanda af gropnu efni, ofnu eða þæfðu, sem lofttegundir streyma í gegn um til að fjarlægja agnir. Notkun á pokasíu útheimtir val á efni sem hentar eiginleikum úrgangslöftsins og hámarksganghita.
Hvatandi varmaoxari (CTO)	Hvatandi varmaoxarar eyðileggja lífræn efnasambönd með hvötun á málmfleti og með varma í brunahólfi þar sem logi frá brennslu eldsneytis, yfirleitt jarðgasi, og rokgjörn, lífræn efnasambönd, sem eru fyrir hendi í úrgangslöftinu, hita úrgangslöftsstrauminn. Brennsluhitinn er á bilinu 400 °C til 700 °C. Hægt er að endurheimta hita frá meðhöndlaða úrgangslöftinu fyrir losun.
Endurnýtandi varmaoxari (RTO)	Varmaoxarar eyðileggja lífræn efnasambönd með varma í brunahólfi þar sem logi frá brennslu eldsneytis, yfirleitt jarðgasi, og rokgjörn, lífræn efnasambönd, sem eru fyrir hendi í úrgangslöftinu, hita úrgangslöftsstrauminn. Brennsluhitinn er á bilinu 800 °C til 1100 °C. Endurnýtandi varmaoxarar eru með tvö eða fleiri hólf með keramikbeði þar sem brennsluhitinn frá einu brennsluferli í fyrra hólfinu er notaður til að forhita fyllta beðinn í seinna hólfinu. Hægt er að endurheimta hita frá meðhöndlaða úrgangslöftinu fyrir losun.
UTWS-þurrkofn og brennsla með varmaskipti og hitameðhöndlun á úrgangslöfti sem er losað úr þurrkofninum	<p>UTWS er þýskt upphafsstaforð: „Umluft“ (hringrás úrgangslöfts frá þurrkofni), „Teilstromverbrennung“ (eftirbrensla á hluta af stýrðum úrgangslöftsstraumi úr þurrkofni), „Wärmerückgewinnung“ (varmaendurheimt úrgangslöfts úr þurrkofni), „Staubabscheidung“ (rykmeðhöndlun á losun frá brennsluveri í andrúmsloft).</p> <p>UTWS er sambland af hverfiþurrkofni (e. <i>rotary dryer</i>) með varmaskipti og brennsluveri með hringrás úrgangslöfts úr þurrkofni. Hringrás úrgangslöfts úr þurrkofni er heitur gufustráumur sem gerir gufuþurrkunarferli mögulegt. Úrgangslöft úr þurrkofni er upphitað í varmaskipti, sem er hitaður með útblæstri frá brennslu, og leitt aftur í þurrkofninn. Hluti af úrgangslöftsstraumnum er leiddur samfelt í brunahólfið til eftirbrennslu. Mengunarefni sem losna frá viðarþurrkun eyðileggjast í varmaskiptinum og með eftirbrennslunni. Útblástur, sem er losaður frá brennsluveri, er meðhöndlaður með pokasíu eða rafstöðuskilju.</p>
Votþvegill	Votþveglar fanga og fjarlægja ryk með tregðuáhrifum, beinni föngun og ísogi í vatnsfasanum. Hönnun og vinnsluháttur votþvegla getur verið mismunandi, t.d. úðaþveglar, plötupveglar (e. <i>impingement plate scrubber</i>) eða þrengslaþveglar, og hægt er að nota þá til formeðhöndlunar á ryki eða sem sjálfstæða tækni. Hægt er að fjarlægja einhver lífræn efnasambönd og unnt er að efla fjarlæginguna enn frekar með því að setja iðefni í þveglavatnið (ná fram efnafræðilegri oxun eða annarri umbreytingu). Meðhöndla þarf vökvann sem myndast í kjölfarið með því að aðskilja ryk, sem safnað hefur verið, með botnfellingu eða síun.

1.4.2. Losun í vatn

Tækni	Lýsing
Líffræðileg meðhöndlun	Líffræðileg oxun uppleystra lífrænna efna með því að nota efnaskipti örvera eða niðurbrot lífræns innihalds í skólpi með því að nota verkun örvera þegar loft er ekki fyrir hendi. Líffræðilegri verkun er yfirleitt fylgt eftir með því að svifagnir eru fjarlægðar, t.d. með botnfellingu.
Storknun og hnatfelling	Storknun og hnatfelling eru notaðar til að aðskilja svifagnir frá skólpvatni og eru yfirleitt framkvæmdar í röð af þrepum. Storknun er framkvæmd með því að bæta við storkuefnum með gagnstæða hleðslu við svifagnirnar. Hnatfelling er framkvæmd með því að bæta við fjölliðum þannig að árekstur milli örflygsna (e. <i>microfloc particle</i>) veldur því að þær tengjast og mynda stærri flygsur.
Flot	Stórar flygsur eða fljótandi agnir eru aðskildar frá frárennslinu með því að fá þær upp á yfirborð sviflausnarinnar.
Fleyting með uppleystu lofti	Flottækni sem byggir á notkun á uppleystu lofti til að aðskilja storknað efni frá hnatfelldu efni.
Síun	Föst efni eru aðskilin frá skólpvatni með því að sía þau gegnum gropinn miðil. Það felur í sér mismunandi tækni, t.d. sandsíun, smásíun og örsíun.
Olíuskiljun	Aðskilnaður og útdráttur á óleysanlegum vetniskolefnum sem byggir á lögmálinu um mismunandi efnisþyngd fasanna (vökvi-vökvi eða fast efni-vökvi). Fasi sem hefur meiri eðlismassa botnfellur og fasi sem hefur minni eðlismassa flýtur upp á yfirborðið.
Vatnssöfnunarlægðir	Lón með stóran yfirborðsflöt fyrir hlutlausu botnfellingu fastra efna vegna þyngdaraflsins.
Botnfelling	Aðskilnaður á svifögnum og efni með botnfellingu vegna þyngdaraflsins.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 648/2012**2017/EES/17/43**

frá 4. júlí 2012

um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*) ()**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópu-sambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nefnd háttsettra embættismanna undir forystu Jacques de Larosière birti skýrslu þann 25. febrúar 2009, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, og komst að þeirri niðurstöðu að efla þyrfti eftirlitsramma fjármálageira Sambandsins til að draga úr áhættu og alvarleika fjármálakreppa í framtíðinni og mælti með víðtækum umbótum á skipulagi eftirlits með viðkomandi geira, þ.m.t. að koma á fót evrópsku fjármálaeftirlitskerfi sem samanstendur af þremur evrópskum eftirlitsstofnunum,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13, 23.2.2017, bls. 63.

(**) Ath.: Þessi gerð er endurbirt í heild og kemur í stað þeirrar sem birt var í EES-viðbæti nr. 57, 13.10.2016, bls. 824.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 57, 23.2.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 54, 19.2.2011, bls. 44.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 29. mars 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 4. júlí 2012.

einni fyrir bankageirann, einni fyrir váttrygginga- og lífeyrissjóðageirann og einni fyrir verðbréfa- og markaðsgeirann, auk stofnsetningar evrópska kerfis-áhætturáðsins.

- 2) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 4. mars 2009, undir yfirskriftinni „Drifkraftur efnahagsbata Evrópu“, lagði til eflingu regluramma Sambandsins um fjármálaþjónustu. Í orðsendingu sinni frá 3. júlí 2009, undir yfirskriftinni „Að tryggja skilvirka, örugga og trausta afleiðumarkaði“, lagði framkvæmdastjórnin mat á hlutverk afleiðna í fjármálakreppunni og í orðsendingu sinni frá 20. október 2009, undir yfirskriftinni „Að tryggja skilvirka, örugga og trausta markaði með afleiður: síðari stefnumótandi aðgerðir“, setti framkvæmdastjórnin fram þær aðgerðir sem hún hyggst grípa til í því skyni að draga úr áhættu í tengslum við afleiður.

- 3) Framkvæmdastjórnin samþykkti þann 23. september 2009 tillögur um þrjár reglugerðir sem koma á fót evrópska fjármálaeftirlitskerfinu, þ.m.t. stofnun þriggja evrópskra eftirlitsstofnana (ESA) til að stuðla að samræmdri beitingu á löggjöf Sambandsins og til að koma á hágæða, sameiginlegum reglusetningar- og eftirlitsstöðlum og starfsvenjum. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar samanstanda af evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁴⁾, evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóða- eftirlitsstofnunin) (EIOPA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽⁵⁾ og evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁶⁾. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja stöðugleika fjármálageirans. Því er nauðsynlegt að tryggja ævinlega að þróun á verkefnum þeirra sé algjört pólitískt forgangsverkefni og að þær fái nægt fjármagn.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

- 4) OTC-afleiður („OTC-afleiðusamningar“) skortir gagnsæi þar sem um er að ræða samninga sem gerðir eru á einkavettvangi og allar upplýsingar um þær eru almennt aðeins aðgengilegar samningsaðilunum. Þær mynda flókinn vef víxlengsla sem getur gert það erfitt að greina eðli þeirra og áhættu. Fjármálakreppan hefur sýnt fram á að slíkir eiginleikar auka óvissu við erfiðar markaðsaðstæður og stuðla þar af leiðandi að áhættu fyrir fjármálastöðugleika. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skilyrði til að draga úr þessari áhættu og auka gagnsæi afleiðusamninga.
- 5) Á fundi sínum í Pittsburgh þann 26. september 2009 samþykktu forystumenn G20-hópsins að staðlaðir OTC-afleiðusamningar skyldu stöðustofnaðir fyrir milligöngu miðlægs mótaðila fyrir lok árs 2012 og að tilkynna skuli afleiðuviðskiptaskrár um OTC-afleiðusamninga. Í júní 2010 áréttuðu forystumenn G20-hópsins í Toronto skyldu sína og skuldbundu sig einnig til að hraða framkvæmd öflugra ráðstafana, á alþjóðlega samræmdan hátt og án mismununar, til að auka gagnsæi og lögbodnið eftirlit með OTC-afleiðusamningum.
- 6) Framkvæmdastjórnin vaktar og leggur sig fram um að tryggja að alþjóðlegir samstarfsaðilar Sambandsins framkvæmi þessar skuldbindingar á svipaðan hátt. Framkvæmdastjórnin skal eiga samstarf við yfirvöld í þriðju löndum til að kanna lausnir sem hjálpa með gagnkvæmum hætti við að tryggja samræmi milli þessarar reglugerðar og krafna sem þriðju lönd gera og koma þannig í veg fyrir mögulega skörun hvað þetta varðar. Með aðstoð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin vakta og gera skýrslur til Evrópuþingsins og ráðsins um alþjóðlega beitingu reglna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Til að koma í veg fyrir mögulega vítekingu eða ósamkvæmni krafna getur framkvæmdastjórnin samþykkt ákvarðanir um jafngildi laga-, eftirlits- og framkvæmdaramma í þriðju löndum, að uppfylltum fjölda skilyrða. Matið sem er grundvöllur slíkra ákvarðana ætti ekki að hafa áhrif á réttindi miðlægs mótaðila, sem hefur staðfestu í þriðja landi og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt til að veita stöðustofnunaradilum eða viðskiptavettvangi, sem komið er á fót í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu, þar sem viðurkenningin er óháð þessu mati. Að sama skapi skal hvorki ákvörðun um jafngildi né matið hafa áhrif á réttindi afleiðuviðskiptaskrár sem komið er á fót í þriðja landi og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt til að veita einingum sem hafa staðfestu í Sambandinu þjónustu.
- 7) Að því er varðar viðurkenningu á miðlægum mótaðilum þriðju ríkja og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, þ.m.t. hinn almenni samningur um þjónustuviðskipti, skal aðeins samþykkja ákvarðanir um að lagareglur þriðja lands jafngildi lagareglum Sambandsins ef lagareglur þriðja landsins kveða á um skilvirkt jafngilt kerfi um viðurkenningu á miðlægum mótaðilum sem hafa fengið leyfi samkvæmt erlendum lagareglum í samræmi við almenn markmið og staðla reglusetningar sem G20-hópurinn setti fram í september 2009 um að auka gagnsæi á afleiðumörkuðum, draga úr kerfisáhættu og vernda gegn markaðsmisnotkun. Slíkt kerfi telst jafngilt ef það tryggir að efnisleg niðurstaða gildandi reglukerfis sé sambærileg kröfum Sambandsins og telst skilvirkt ef þessum reglum er beitt með samræmdum hætti.
- 8) Það er viðeigandi og nauðsynlegt í þessu samhengi, að teknu tilliti til einkenna afleiðumarkaða og starfsemi miðlægra mótaðila, að sannreyna raunverulegt jafngildi erlendra reglukerfa við markmið og staðla G20-hópsins til að auka gagnsæi á afleiðumörkuðum, draga úr kerfisáhættu og vernda gegn markaðsmisnotkun. Mjög sérstök staða miðlægra mótaðila krefst þess að ákvæðin varðandi þriðju lönd séu skipulögð og virki í samræmi við fyrirkomulag sem á sérstaklega við þessar markaðsskipulagseiningar. Því skapar þessi nálgun ekki fordæmi fyrir aðra löggjöf.
- 9) Leiðtogaárið samþykkti í ályktun sinni frá 2. desember 2009 að þörf væri á að draga enn frekar úr greiðslufallsáhættu mótaðila og að mikilvægt væri að auka gagnsæi, skilvirkni og heilleika afleiðuviðskipta. Í ályktun Evrópuþingsins frá 15. júní 2010 „Afleiðumarkaðir: síðari stefnumótandi aðgerðir“ var hvatt til lögbodinnar stöðustofnunar og skýrslugjafar varðandi OTC-afleiðusamninga.
- 10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal starfa innan ramma þessarar reglugerðar með því að vernda stöðugleika fjármálamarkaða í neyðarástandi, tryggja samræmda beitingu innlendra eftirlitsstofnana á reglum Sambandsins og jafna ágreining þeirra á milli. Henni er einnig falið að útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlits- og framkvæmdastöðlum og hefur hún mikilvægu hlutverki að gegna við leyfisveitingu og eftirlit með miðlægum mótaðilum og afleiðuviðskiptaskrár.
- 11) Eitt helsta verkefni seðlabankakerfis Evrópu er að stuðla að snurðulausum rekstri greiðslukerfa. Hvað það varðar hafa aðilar að seðlabankakerfi Evrópu eftirlit með því að tryggja skilvirkan og traustan rekstur stöðustofnunar- og greiðslukerfa, þ.m.t. miðlægra mótaðila. Aðilar að seðlabankakerfi Evrópu taka því virkan þátt í leyfisveitingum og eftirliti varðandi miðlæga mótaðila, viðurkenningu á miðlægum mótaðilum þriðju landa og samþykki á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi. Auk þess taka þeir virkan þátt í að setja tæknilega eftirlitsstaðla ásamt viðmiðunareglum og tilmælum. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ábyrgð Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna á því að tryggja

skilvirk og traust stöðustofnunar- og greiðsluferfi innan Sambandsins og gagnvart öðrum löndum. Af þessum sökum og til að koma í veg fyrir mögulega setningu hliðstæðra reglubálka skal Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin og seðlabankakerfi Evrópu hafa náið samstarf við gerð viðeigandi frumvarpa að tæknilegum stöðlum. Þar að auki er aðgengi Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna að upplýsingum mikilvægt er þeir uppfylla skyldur sínar að því er varðar eftirlit með stöðustofnunar- og greiðsluferfum og varðandi starfsemi viðkomandi seðlabanka.

- 12) Krafist er samræmdra reglna um afleiðusamninga sem settir eru fram í 4. til 10. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ⁽¹⁾.
- 13) Hvati til að stuðla að notkun á miðlægum mótaðilum hefur ekki reynst nægur til að tryggja að staðlaðir OTC-afleiðusamningar séu í reynd stöðustofnaðir miðlægt. Því er nauðsynlegt að gera lögboðnar kröfur um stöðustofnun miðlægra mótaðila þeirra OTC-afleiðusamninga sem hægt er að stöðustofna miðlægt.
- 14) Líklegt er að aðildarríki munu samþykka mismunandi landsráðstafanir sem gætu leitt til hindrana á snurðlausri starfsemi innri markaðarins og verið markaðsaðilum og fjármálastöðugleika í óhag. Samræmd beiting stöðustofnunar skyldunnar í Sambandinu er einnig nauðsynleg til að tryggja mikla vernd fjárfesta og til að skapa jöfn samkeppnisskilyrði milli markaðsaðila.
- 15) Til að tryggja að stöðustofnunar skyldan dragi úr kerfisáhættu þarf að vera til staðar ferli til að greina flokka afleiðna sem skulu falla undir þá skyldu. Það ferli skal taka tillit til þess að ekki allir OTC-afleiðusamningar, sem eru stöðustofnaðir hjá miðlægum mótaðila, teljast hæfir til skyldubundinnar stöðustofnunar miðlægs mótaðila.
- 16) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um viðmiðanir til að ákvarða hvort mismunandi flokkar OTC-afleiðusamninga falli undir skyldu til stöðustofnunar eður ei. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli frumvarpa að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur útfært, ákvarða hvort flokkur OTC-afleiðusamninga falli undir stöðustofnunar skyldu og hvenær stöðustofnunar skyldan tekur gildi, þ.m.t. eftir því sem við á, framkvæmd í áföngum og lágmark eftirstöðvatíma samninga sem eru gerðir eða endurgerðir fyrir þann dag sem skyldan til að stöðustofna tekur gildi, í samræmi við þessa reglugerð. Áfangaskipt framkvæmd stöðustofnunar skyldunnar gæti

verið með tilliti til tegunda markaðsaðila sem skulu hlíta stöðustofnunar skyldunni. Við ákvörðun á því hvaða flokkar OTC-afleiðusamninga skulu falla undir stöðustofnunar skylduna skal Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin taka tillit til sérstaks eðlis OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru við útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða við tryggingasöfn fyrir sértryggð skuldabréf.

- 17) Þegar ákveðið er hvaða flokkar OTC-afleiðusamninga skulu falla undir stöðustofnunar skylduna skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig taka tilhlýðilegt tillit til annarra viðeigandi sjónarmiða, umfram allt samtenginga milli mótaðila sem nota viðkomandi flokka OTC-afleiðusamninga og áhrif á umfang greiðslufallsáhættu mótaðila auk þess að hvetja til jafnra samkeppnisskilyrða á innri markaðnum eins og um getur í d-lið 5. mgr. 1. gr. í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.
- 18) Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur greint að OTC-afleiðusamningur sé staðlaður og hæfur til stöðustofnunar, en enginn miðlægur mótaðili vill stöðustofna viðkomandi afurð, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin rannsaka ástæður þess.
- 19) Við ákvörðun á því hvaða flokkar OTC-afleiðusamninga skulu falla undir stöðustofnunar skylduna skal taka tilhlýðilegt tillit til sérstaks eðlis viðkomandi flokka OTC-afleiðusamninga. Megináhætta viðskipta með suma flokka OTC-afleiðusamninga getur verið í tengslum við uppgjörssáhættu, sem tekið er á með sérstöku fyrirkomulagi innviða, og getur aðgreint tiltekna flokka OTC-afleiðusamninga (s.s. erlendum gjaldeyrir) frá öðrum flokkum. Stöðustofnun miðlægs mótaðila tekur sérstaklega á greiðslufallsáhættu mótaðila og er ekki endilega hagstæðasta leiðin til að takast á við uppgjörssáhættu. Fyrirkomulagið fyrir slíka samninga skal einkum byggja á undanfarandi alþjóðlegri samleitni og gagnkvæmri viðurkenningu á viðkomandi innviðum.
- 20) Til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og jöfn samkeppnisskilyrði markaðsaðila þegar flokkur OTC-afleiðusamninga telst falla undir stöðustofnunar skylduna skal þessi skylda einnig gilda um alla samninga sem tilheyra þeim flokki OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru á eða á eftir þeim degi sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fær tilkynningu um leyfisveitingu til miðlægs mótaðila að því er varðar stöðustofnunar skylduna, en fyrir þann dag sem stöðustofnunar skyldan tekur gildi, að því tilskildu að eftirstöðvatími viðkomandi samninga sé lengri en lágmarkið sem framkvæmdastjórnin hefur ákvarðað.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

- 21) Við ákvörðun á því hvort flokkur OTC-afleiðusamninga fellur undir kröfur um stöðustofnun skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin stefna að því að draga úr kerfisáhættu. Í þessu felst að við matið er tekið tillit til þátta eins og samningsbundinnar og rekstrarlegrar stöðlunar samninga, umfangs og seljanleika viðkomandi flokka OTC-afleiðusamninga og aðgengi-leika sanngjarnra, áreiðanlegra og almennt samþykktra verðupplýsinga um viðkomandi flokk OTC-afleiðusamninga.
- 22) Til að unnt sé að stöðustofna OTC-afleiðusamning skulu báðir aðilar að þeim samningi falla undir stöðustofnunarskyldu eða veita samþykki sitt. Undanþágur frá stöðustofnunarskyldunni skulu vera takmarkaðar þar sem þær myndu draga úr skilvirkni hennar og ábata af stöðustofnun miðlægra mótaðila og gætu valdið högnun milli hópa markaðsaðila vegna mismunandi regluverks.
- 23) Til að stuðla að fjármálastöðugleika innan Sambandsins gæti verið nauðsynlegt að fella viðskipti eininga, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, undir skyldur um stöðustofnun og aðferðir til mildunar áhættu, að því tilskildu að viðkomandi viðskipti hafi bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins eða, þegar slík skylda er nauðsynleg eða viðeigandi, til að koma í veg fyrir að komist sé hjá ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 24) OTC-afleiðusamningar, sem teljast ekki hæfir til stöðustofnunar hjá miðlægum mótaðila, hafa í för með sér mótaðila greiðslufalls- og rekstraráhættu og því skal setja reglur til að stýra þeirri áhættu. Til að draga úr greiðslufallsáhættu mótaðila skulu markaðsaðilar sem falla undir stöðustofnunarskylduna hafa til staðar áhættustýringarferli sem krefst tímanlegra, nákvæmra og viðeigandi aðgreindra skipta á tryggingum. Við gerð frumvarpa að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem tilgreina þessi áhættustýringarferli, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til tillagna alþjóðlegu reglusetningaráðilanna um kröfur um tryggingar fyrir afleiður sem ekki eru stöðustofnaðar miðlægt. Við þróun frumvarpa að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina fyrirkomulagið, sem krafist er fyrir nákvæm og viðeigandi skipti á tryggingum til að stýra áhættu í tengslum við viðskipti sem ekki hafa verið stöðustofnuð, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tilhlýðilegt tillit til hindrana sem útgefendur sértryggðra skuldabréfa eða tryggingasöfn standa frammi fyrir við veitingu trygginga í mörgum lögsagnarumdæmum innan Sambandsins. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einnig taka tillit til þess að forgangskröfur í eignir útgefanda sértryggðs skuldabréfs, sem veittar eru mótaðilum útgefanda sértryggðra skuldabréfa, veiti jafngilda vernd gegn greiðslufallsáhættu mótaðila.
- 25) Reglur um stöðustofnun OTC-afleiðusamninga, skýrslugjöf um afleiðuviðskipti og aðferðir til að milda áhættu vegna OTC-afleiðusamninga, sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila, gilda um fjárhagslega mótaðila, nánar tiltekið fjárfestingarfyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2004/39/EB, lánastofnanir sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana⁽¹⁾, váttryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga⁽²⁾, líftryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar⁽³⁾, endurtryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu⁽⁴⁾, verðbréfasjóðir (e. UCITS) og, ef við á, rekstrarfélög þeirra, sem fengið hafa starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS)⁽⁵⁾, stofnanir um starfstengdan lífeyri eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri⁽⁶⁾ og sérhæfðir sjóðir undir stjórn rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFM) sem fengið hafa starfsleyfi eða eru skráðir í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðilar sérhæfðra sjóða⁽⁷⁾.
- 26) Einingar sem reka lífeyriskerfi, sem hafa þann megintilgang að greiða bætur við starfslok, yfirleitt í formi ævilangra greiðslna, en einnig sem tímabundnar greiðslur eða sem eingreiðsla, takmarka yfirleitt úthlutun sína við reiðufé til að hámarka skilvirkni og ávöxtun fyrir skírteinishafa sína. Þar af leiðandi myndi krafan um að slíkar einingar stöðustofni OTC-afleiðusamninga miðlægt valda því að nauðsynlegt væri að losa verulegan hluta eigna þeirra fyrir reiðufé til að þær geti uppfyllt viðvarandi kröfur miðlægra mótaðila um tryggingar. Til að komast hjá líklegum neikvæðum áhrifum af slíkri kröfu á eftirlaunatekjur lífeyrisþega framtíðarinnar skal stöðustofnunarskyldan ekki gilda um lífeyriskerfi fyrr en miðlægir mótaðilar hafa útfært fullnægjandi tæknilega lausn að því er varðar yfirfærslu trygginga, sem ekki eru reiðufé, vegna síðari krafna um tryggingar til að taka á þessu vandamáli. Slík tæknileg

(1) Stjtuð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

(2) Stjtuð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3.

(3) Stjtuð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1.

(4) Stjtuð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

(5) Stjtuð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

(6) Stjtuð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10.

(7) Stjtuð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1.

lausn skal taka tillit til sérstaks hlutverks lífeyriskerfa og forðast veruleg skaðleg áhrif á lífeyrisþega. Á umbreytingartímabili skulu OTC-afleiðusamningar, sem gerðir eru með það í huga að draga úr fjárfestingaráhættu sem tengist beint fjárhagslegri greiðslufærni lífeyriskerfa, ekki aðeins falla undir skyldu um skýrslugjöf heldur einnig undir kröfur um tvíhliða veitingu trygginga. Lokamarkmiðið er þó miðlæg stöðustofnun eins fljótt og auðið er.

27) Það er mikilvægt að tryggja að aðeins viðeigandi einingar og fyrirkomulag fái sérstaka meðferð auk þess að taka tillit til fjölbreytileika lífeyriskerfa um gervallt Sambandið og kveða á um jöfn samkeppnisskilyrði fyrir öll lífeyriskerfi. Þess vegna gildir tímabundna undanþágan um stofnanir um starfstengdan lífeyri sem skráðar eru í samræmi við tilskipun 2003/41/EB, þ.m.t. þær einingar sem hafa starfsleyfi og bera ábyrgð á rekstri slíkrar stofnunar og koma fram fyrir þeirra hönd eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar og lögðilar sem settir eru á fót vegna fjárfestinga slíkra stofnana og sem eingöngu og einir annast hagsmuni þeirra, og um stofnanir um starfstengdan lífeyri sem um getur í 3. gr. tilskipunar 2003/41/EB.

28) Tímabundna undanþágan gildir einnig um rekstur líftryggingafélaga varðandi starfstengdan lífeyri að því tilskildu að allar samsvarandi eignir og skuldir séu aðgreindar, þeim stýrt og þær skipulagðar á aðskilinn hátt, án nokkurs möguleika á yfirfærslu. Hún gildir einnig um allar aðrar einingar með starfsleyfi og háðar eftirliti, sem starfa aðeins á landsbundnum grundvelli, eða fyrirkomulag sem er aðallega við lýði á yfirráðasvæði eins aðildarríkis, að því tilskildu að í báðum tilvikum sé viðurkenning samkvæmt landslögum fyrir hendi og meginmarkmið þeirra sé að greiða bætur við starfslok. Einingarnar og fyrirkomulagið sem um getur í þessari forsendu skal vera með fyrirvara um ákvörðun viðeigandi lögbærs yfirvalds og, til að tryggja samræmi, koma í veg fyrir mögulegt misræmi og komast hjá misnotkun, álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að höfðu samráði við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina. Þetta getur falið í sér einingar og fyrirkomulag sem tengist ekki endilega lífeyriskerfi vinnuveitanda en hefur þó þann megintilgang að veita tekjur við starfslok, annað hvort samkvæmt lögum eða að eigin frumkvæði. Sem dæmi má nefna lögðila sem reka lífeyriskerfi á grundvelli fjármögnunar samkvæmt landslögum, að því tilskildu að þeir fjárfesti í samræmi við „varfærismeginregluna“, og lífeyrisfyrirkomulag sem einstaklingar taka upp beint, sem líftryggingendur geta einnig boðið. Undanþágan ef um er að ræða lífeyrisfyrirkomulag sem einstaklingar taka upp beint gildir ekki um OTC-afleiðusamninga sem

varða aðrar líftryggingavörur váttryggjandans sem ekki hafa þann megintilgang að veita tekjur við starfslok.

Önnur dæmi gætu verið rekstur váttryggingafélaga varðandi lífeyri sem fellur undir tilskipun 2002/83/EB, að því tilskildu að allar eignirnar sem samsvara rekstrinum séu í sérstakri skrá í samræmi við viðaukann við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit váttryggingafélaga⁽¹⁾ og fyrirkomulag váttryggingafélaga varðandi starfstengdan lífeyri á grundvelli almennra kjarasamninga. Þar að auki skal fara með stofnanir, sem komið er á fót í þeim tilgangi að greiða bætur til aðila lífeyriskerfa ef um er að ræða vanskil, sem lífeyriskerfi að því er varðar þessa reglugerð.

29) Reglur sem gilda um fjárhagslega mótaðila gilda, eftir því sem við á, einnig um ófjárhagslega mótaðila. Það er viðurkennt að ófjárhagslegir mótaðilar nota OTC-afleiðusamninga til að verjast viðskiptaáhættu sem tengist beint viðskiptum þeirra eða lausafjárfjármögnun. Af þessum sökum skal við ákvörðun um hvort ófjárhagslegir mótaðilar skuli falla undir stöðustofnunar-skylduna taka tillit til þess í hvaða tilgangi viðkomandi ófjárhagslegur mótaðili notar OTC-afleiðusamninga og til umfangs áhættuskuldbindinga hans vegna þessara gerninga. Til að tryggja að ófjárhagslegir mótaðilar hafi tækifæri til að koma skoðunum sínum um viðmiðunarfjárhæðir stöðustofnunar á framfæri skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, er hún setur viðeigandi tæknilega eftirlitsstaðla, hafa samráð við almenning til að tryggja þátttöku ófjárhagslegra mótaðila. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einnig hafa samráð við viðeigandi yfirvöld, t.d. Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði, til að tryggja að tekið sé tillit til einstakra atriða varðandi þá geira. Ennfremur skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 17. ágúst 2015, leggja mat á kerfislægt mikilvægi viðskipta ófjárhagslegra mótaðila með OTC-afleiðusamninga fyrir mismunandi geira, þ.m.t. orku-geirann.

30) Við ákvörðun á því hvort OTC-afleiðusamningur dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi og sjóðsstarfsemi ófjárhagslegs mótaðila skal taka tilhlýðilegt tillit til aðferða viðkomandi ófjárhagslegs mótaðila til að verjast og milda áhættu. Einkum skal taka tillit til þess hvort OTC-afleiðusamningur sé

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28.

- efnahagslega viðeigandi til að draga úr áhættu við framkvæmd og stjórnun ófjárhagslegs mótaðila, ef áhættan tengist sveiflum á vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, verðbólguþingi eða hrávöruverði.
- 31) Viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar er mjög mikilvæg tala fyrir alla ófjárhagslega mótaðila. Þegar viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar er sett skal taka tillit til kerfis-lægs mikilvægis samtölu hreinna staðna og áhættuskuldbindinga vegna hvers mótaðila og hvers flokks OTC-afleiðusamninga. Í þessu samhengi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að viðurkenna aðferðirnar sem ófjárhagslegir mótaðilar nota til að draga úr áhættu í tengslum við eðlilega atvinnustarfsemi sína.
- 32) Aðilar að seðlabankakerfi Evrópu og aðrar stofnanir aðildarríkjanna sem gegna sambærilegu hlutverki, aðrar stofnanir Sambandsins sem bera ábyrgð á eða hafa afskipti af stjórnun á skuldum hins opinbera og Alþjóðagreiðslubankinn skulu falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar til að takmarka ekki vald þeirra til að uppfylla skyldur sínar er varða sameiginlega hagsmuni.
- 33) Þar sem ekki allir markaðsaðilar, sem falla undir stöðustofnunar skylduna, geta orðið stöðustofnunaðilar að miðlægum mótaðila skulu þeir hafa möguleika á að fá aðgang að miðlægum mótaðila sem viðskiptavinir eða óbeinir viðskiptavinir með fyrirvara um tiltekin skilyrði.
- 34) Innleiðing á stöðustofnunar skyldu, ásamt ferli til að komast að því hvaða miðlæga mótaðila er unnt að nota í tilgangi þessarar skyldu, getur leitt til ótilætlaðrar röskunar á samkeppni á markaðnum með OTC-afleiður. Til dæmis getur miðlægur mótaðili neitað að stöðustofna viðskipti sem framkvæmd eru á tilteknum viðskiptavettvangi vegna þess að miðlægi mótaðilinn er í eigu viðskiptavettvangs sem er samkeppnisaðili. Til að forðast slíka mismunun skulu miðlægir mótaðilar samþykkja að stöðustofna viðskipti sem eru framkvæmd á öðrum viðskiptavettvangi, að því marki sem viðkomandi viðskiptavettvangur uppfyllir rekstrarkröfur og tæknilegar kröfur sem miðlægi mótaðilinn gerir, án tillits til útboðsgagnanna sem eru grundvöllur þess að unnt sé að ljúka viðskiptum aðilanna með viðkomandi OTC-afleiður, að því tilskildu að þessi skjöl séu í samræmi við markaðsstaðla. Viðskiptavettvangur skal veita miðlægum mótaðilum viðskiptaupplýsingar á gagnsæjan hátt og án mismununar. Réttur miðlægs mótaðila til aðgangs að viðskiptavettvangi skal gera það kleift að koma á fyrirkomulagi svo margir miðlægir mótaðilar geti notað viðskiptaupplýsingar frá sama viðskiptavettvangi. Þetta skal þó hvorki leiða til rekstrarsamhæfis að því er varðar stöðustofnun afleiðna, né valda dreifingu seljanleika.
- 35) Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir sanngjarnan og opinn aðgang milli viðskiptavettvangs og miðlægra mótaðila á innri markaðnum, með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin hefur útfært og framkvæmdastjórnin samþykkt. Framkvæmdastjórnin skal halda áfram að fylgjast náið með þróun markaða með OTC-afleiður og skal, ef nauðsyn krefur, grípa inn í til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni á innri markaðnum með það að markmiði að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á fjármálamörkuðum.
- 36) Á tilteknum sviðum innan fjármálaþjónustu og viðskipta með afleiðusamninga, getur eignarréttur á sviði viðskipta og hugverka átt við. Í tilvikum þar sem slíkur eignarréttur tengist vörum eða þjónustu sem hafa orðið að iðnaðarstöðlum, eða hafa áhrif á þá, skulu leyfi vera aðgengileg með hóflegum, sanngjörnum, réttmætum skilyrðum án mismununar.
- 37) Til að greina viðeigandi flokka OTC-afleiðusamninga, sem skulu falla undir stöðustofnunar skylduna, viðmiðunarfjárhæðirnar og kerfislega mikilvæga ófjárhagslega mótaðila, er þörf á áreiðanlegum gögnum. Því er mikilvægt að komið sé á, í eftirlitsskyni, samræmdri skýrslugjafarskyldu um afleiður á vettvangi Sambandsins. Enn fremur er þörf á afturvirkri skyldu um skýrslugjöf, að því marki sem frekast er unnt, bæði fyrir fjárhagslega mótaðila og ófjárhagslega mótaðila, til að veita samanburðargögn, þ.m.t. til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og viðeigandi lögbærra yfirvalda.
- 38) Viðskipti innan samstæðu eru viðskipti milli tveggja fyrirtækja sem eru að fullu hluti af sömu samstæðu og falla undir viðeigandi miðlægar áhættumats-, mats- og eftirlitsaðferðir. Þau eru hluti af stofnanaverndarkerfinu eins og um getur í 8. mgr. 80. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða, ef um er að ræða lánastofnanir sem eru tengdar sömu miðlægu stofnun, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, eru bæði lánastofnanir eða annað þeirra er lánastofnun og hitt er miðlæg stofnun. Unnt er að viðurkenna OTC-afleiðusamninga innan fjármálasamstæðna eða samstæðna sem eru ekki fjármála fyrirtæki og innan samstæðna sem eru samsettar úr bæði fyrirtækjum á fjármálamarkaði og ófjárhagslegum fyrirtækjum, og ef slíkur samningur telst vera viðskipti innan samstæðu að því er varðar einn mótaðila telst hann einnig vera viðskipti innan samstæðu að því er varðar hinn mótaðilinn í viðkomandi samningi. Það er viðurkennt að viðskipti innan samstæðu geta verið nauðsynleg til að safna saman áhættu innan samstæðu og að áhætta innan samstæðu sé því sértæk. Þar sem það getur takmarkað skilvirkni þessara áhættustýringarferla innan samstæðu að fella þessi viðskipti undir

stöðustofnunar skylduna getur verið hagkvæmt að veita undanþágu frá stöðustofnunar skyldunni að því er varðar viðskipti innan samstæðu, að því tilskildu að þessi undanþága auki ekki kerfisáhættu. Þar af leiðandi skal setja fullnægjandi skipti á tryggingum í stað þess miðlæga mótaðila sem stöðustofnar viðskiptin, eftir því sem við á til að draga úr mótaðilaáhættu innan samstæðu.

39) Þó eru sum viðskipti innan samstæðu sem geta, í sumum tilvikum á grundvelli ákvörðunar lögbærra yfirvalda, verið undanþegin kröfunum um tryggingar, að því tilskildu að áhættustýringarferli þeirra sé nægilega traust, öflugt og í samræmi við það hversu flókin viðskiptin eru og að engin hindrun sé á skjótri yfirfærslu eigin fjár eða endurgreiðslu skuldbindinga milli mótaðilanna. Tilgreina skal þessar viðmiðanir og ferli sem mótaðilarnir og viðeigandi lögbær yfirvöld skulu fara eftir við beitingu undanþáganna í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem samþykktir eru í samræmi við viðeigandi reglugerðir um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum. Áður en slík frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum eru samin skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar framkvæma mat á mögulegum áhrifum þeirra á innri markaðinn og á þátttakendur á fjármálamarkaði, einkum á starfsemi og uppbyggingu hlutaðeigandi samstæðna. Allir tæknistaðlarnir sem gilda um tryggingarnar sem skipst er á í viðskiptum innan samstæðu, þ.m.t. viðmiðanir fyrir undanþáguna, skulu taka tillit til gildandi sértæki þessara viðskipta og mismunar á ófjárhagslegum mótaðilum og fjárhagslegum mótaðilum og tilgangs þeirra með, og aðferða við, notkun afleiðna.

40) Mótaðilar teljast vera hluti af sömu samstæðu a.m.k. þegar þeir eru báðir innan sömu samstæðu í samræmi við tilskipun ráðsins 83/349/EBE⁽¹⁾ eða alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002⁽²⁾ eða, í tengslum við samstæðu þar sem móðurfélagið hefur aðalskrifstofu í þriðja landi, í samræmi við góðar reikningsskilavenjur þriðja lands sem álitnar eru jafngildar alþjóðlegum reikningsskilastaðlum í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007⁽³⁾ (eða reikningsskilastaðal þriðja lands sem heimilt er að beita í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1569/2007), eða ef þeir falla báðir undir sama eftirlit á samstæðugrundvelli í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og

ráðsins 2006/48/EB eða 2006/49/EB⁽⁴⁾ eða, í tengslum við samstæðu þar sem móðurfélagið hefur aðalskrifstofu í þriðja landi, sama eftirlit lögbærs yfirvalds þriðja lands á samstæðugrundvelli, sem staðfest er að sé jafngilt því sem byggist á meginreglunum sem mælt er fyrir um í 143. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða í 2. gr. tilskipunar 2006/49/EB.

41) Mikilvægt er að markaðsaðilar greini frá öllum upplýsingum um afleiðusamninga sem þeir hafa fært í afleiðuviðskiptaskrár. Þannig er unnt að geyma miðlægt upplýsingar um áhættu sem er eðlislæg afleiðumörkuðum og gera þær auðveldlega aðgengilegar, m.a. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, viðeigandi lögbærum yfirvöldum, evrópska kerfisáhætturáðinu og viðeigandi seðlabönkum seðlabankakerfis Evrópu.

42) Veiting afleiðuviðskiptaskrárárþjónustu einkennist af stærðarhagkvæmni, sem getur hamlað samkeppni á þessu tiltekna sviði. Á sama tíma getur álagning heildstæðrar skýrslugjafarskyldu á markaðsaðila aukið virði upplýsinganna sem afleiðuviðskiptaskrár viðhalda, einnig varðandi þriðju aðila sem veita stoðþjónustu s.s. staðfesting viðskipta, pörun viðskipta, þjónustun lánaatburða, afstemming eignasafna eða samþjöppun eignasafna. Rétt þykir að tryggja að jöfnum samkeppnisskilyrðum uppgjörsþjónustumarkaðarins sé almennt ekki stofnað í hættu af mögulegri náttúrulegri einokun við veitingu þjónustu á sviði afleiðuviðskiptaskráa. Af þessum sökum skal þess krafist að afleiðuviðskiptaskrár veiti aðgang að upplýsingunum sem þær geyma, með sanngjörnum, réttmætum skilyrðum og án mismunar, með fyrirvara um nauðsynlegar varúðarráðstafanir um gagnavernd.

43) Til að fá heildstætt yfirlit yfir markaðinn og til að leggja mat á kerfisáhættu skal tilkynna afleiðuviðskiptaskrár bæði um afleiðusamninga sem stöðustofnaðir eru af miðlægum mótaðila og afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila.

44) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu fá nægar fjárheimildir til að framkvæma af skilvirkni skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

45) Mótaðilar og miðlægir mótaðilar sem gera, breyta eða slíta afleiðusamningi skulu tryggja að afleiðuviðskiptaskrá fái upplýsingar um þann samning. Þeir skulu geta falið annari einingu skýrslugjöf um samninginn. Eining, eða starfsfólk hennar, sem veitir afleiðuviðskiptaskrá upplýsingarnar um afleiðusamning fyrir hönd mótaðila, í samræmi við þessa reglugerð, skal ekki brjóta gegn neinum takmörkunum á upplýsingagjöf. Við gerð frumvarpanna að tæknilegum eftirlitsstöðlum

(1) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjttíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1).

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjttíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 frá 21. desember 2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB (Stjttíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárrökröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (Stjttíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201).

varðandi skýrslugjöf skal Evrópska verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnunin taka tillit til framvindunnar við þróun
sérstaks auðkennis samninga og skrárinnar yfir þau
skýrslugögn sem krafist er í töflu 1 í I. viðauka
við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 1287/2006 ⁽¹⁾ um framkvæmd tilskipunar
2004/39/EB og hafa samráð við önnur viðeigandi
yfirvöld s.s. Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orku-
markaði.

- 46) Að teknu tilliti til meginreglnanna sem settar eru fram í
orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um að efla
fyrirkomulag um viðurlög á sviði fjármálaþjónustu og
lagagerninga Sambandsins sem samþykktir eru í
framhaldi af þeirri orðsendingu, skulu aðildarríki mæla
fyrir um reglur um viðurlög sem gilda um brot á þessari
reglugerð. Aðildarríki skulu framfylgja þeim viður-
lögum með þeim hætti að þau dragi ekki úr skilvirkni
þessara reglna. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu
hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif. Þau skulu byggja
á viðmiðunarreglunum sem Evrópska verðbréfa-
markaðseftirlitsstofnunin hefur samþykkt til að stuðla að
samleitni og samræmi fyrirkomulags viðurlaga innan
fjármálageirans þvert á atvinnugreinar. Aðildarríki skulu
sjá til þess að viðurlög sem lögð eru á séu birt opinber-
lega, eftir því sem við á, og að matsskýrslur um árangur
gildandi reglna séu birtar með reglulegu millibili.
- 47) Miðlægum mótaðila getur verið komið á fót í samræmi
við þessa reglugerð í hvaða aðildarríki sem er. Hvorki
skal mismuna aðildarríki né hópi aðildarríkja, beint eða
óbeint, sem vettvangi stöðustofnunarþjónustu. Ekkert í
þessari reglugerð skal reyna að takmarka eða hindra
miðlægan mótaðila í einni lögsögu í því að stöðustofna
afurð sem tilgreind er í gjaldmiðli annars aðildarríkis
eða í gjaldmiðli þriðja lands.
- 48) Starfsleyfi miðlægs mótaðila skal vera með skilyrði um
lágmarksfjárhæð stofnfjár. Eigið fé, þ.m.t. óráðstafað
eigið fé og annað eigið fé miðlægs mótaðila, skal ætíð
vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af starfsemi
miðlæga mótaðilans til að tryggja að hann hafi nægilegt
eigið fé vegna greiðslufallsáhættu, mótaðilaáhættu,
markaðsáhættu, rekstraráhættu, lagalegrar áhættu og
viðskiptaáhættu, sem ekki fellur nú þegar undir
ráðstöfun sérstaks fjármagns, og til að hann geti fram-
kvæmt eðlileg slít eða endurskipulagningu á starfsemi
sinni ef þörf krefur.
- 49) Þar sem þessi reglugerð setur fram lagaskyldu um að
stöðustofna fyrir milligöngu sérstakra miðlægra
mótaðila í eftirlitsskyni er nauðsynlegt að sjá til þess að
þessir miðlægu mótaðilar séu öruggir og traustir og fari
ætíð að ströngustu kröfum um skipulags- og viðskipta-
hætti og varfærni sem komið er á með þessari reglugerð.
Til að tryggja samræmda beitingu á þessari reglugerð

gilda þessar kröfur um stöðustofnun allra fjármála-
gerninga sem miðlægi mótaðilinn fæst við.

- 50) Því er nauðsynlegt að tryggja, í eftirlits- og
samræmingarskyni, að mótaðilar noti aðeins miðlæga
mótaðila sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í
þessari reglugerð. Þessar kröfur skulu ekki koma í veg
fyrir að aðildarríki samþykki eða haldi áfram að gera
viðbótarkröfur að því er varðar miðlæga mótaðila sem
hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra, þ.m.t. tilteknar
kröfur varðandi leyfi samkvæmt tilskipun 2006/48/EB.
Álagning slíkra viðbótarkrafna skal þó ekki hafa áhrif á
réttindi miðlægra mótaðila, sem hafa starfsleyfi í öðrum
aðildarríkjum eða eru viðurkenndir, í samræmi við þessa
reglugerð, til að veita stöðustofnunarþjónustu til
stöðustofnunaradila og viðskiptavina þeirra sem hafa
staðfestu í aðildarríkinu sem setur viðbótarkröfur, þar
eð þessir miðlægu mótaðilar falla ekki undir viðbótar-
kröfurnar og þurfa ekki að uppfylla þær. Evrópska
verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en
30. september 2014, semja drög að skýrslu um áhrif af
beitingu viðbótarkrafna aðildarríkja.
- 51) Beinar reglur um leyfi og eftirlit með miðlægum
mótaðilum eru mikilvæg afleiðing af skyldunni til að
stöðustofna OTC-afleiðusamninga. Viðeigandi er að
lögbær yfirvöld beri ábyrgð á öllum þáttum leyfis-
veitingar og eftirlits með miðlægum mótaðilum,
þ.m.t. ábyrgð á að staðfesta að miðlægur mótaðili sem
sækir um fari að þessari reglugerð og tilskipun
Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998
um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og
uppgjörskerfum fyrir verðbréf ⁽²⁾, í ljósi þess að þessi
lögbæru landsyfirvöld eru best til þess fallin að rannsaka
með hvaða hætti miðlægir mótaðilar starfa daglega,
framkvæma endurskoðun með reglulegu millibili og
grípa til viðeigandi aðgerða, ef nauðsyn krefur.
- 52) Ef hætta er á að miðlægur mótaðili verði ógjaldfær getur
fjárhagsleg ábyrgð aðallega hvílt á því aðildarríki þar
sem viðkomandi miðlægur mótaðili hefur staðfestu. Þar
af leiðandi skal framkvæmd leyfisveitingar og eftirlits
að því er varðar þann miðlæga mótaðila vera í höndum
viðkomandi lögbærs yfirvalds í því aðildarríki. Þar sem
stöðustofnunaradilar að miðlægum mótaðila geta haft
staðfestu í mismunandi aðildarríkjum og þeir eru þeir
fyrstu sem verða fyrir áhrifum af vanskilum miðlægs
mótaðila er það þó brýnt að öll viðkomandi lögbær
yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin
taki þátt í leyfisveitinga- og eftirlitsferlinu. Það mun
koma í veg fyrir mismunandi landsráðstafanir eða
framkvæmd og hindranir á eðlilegri starfsemi innri
markaðarins. Þar að auki skulu hvorki tillögur né stefnur
aðila fagráðsins, beint eða óbeint, mismuna gegn
aðildarríki eða hópi aðildarríkja sem vettvangur fyrir
veitingu stöðustofnunarþjónustu í hvaða gjaldmiðli sem
er. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal
vera þátttakandi í öllum fagráðum til að tryggja að

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

Þessari reglugerð sé beitt með samræmdum og réttum hætti. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera önnur lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum að þátttakendum í vinnunni við gerð tilmæla og ákvarðana.

- 53) Í ljósi hlutverks fagráða er mikilvægt að öll viðkomandi lögbær yfirvöld og aðilar seðlabankakerfis Evrópu taki þátt í að framkvæma verkefni þeirra. Fagráðið skal ekki aðeins skipað lögbæru yfirvöldunum sem hafa eftirlit með miðlæga mótaðilanum heldur einnig eftirlit-saðilunum með einingunum sem starfsemi viðkomandi miðlægs mótaðila gæti haft áhrif á, þ.e.a.s. valda stöðustofnunaradila, viðskiptavettvang, rekstrar-samhæfða miðlæga mótaðila og verðbréfamiðstöðvar. Aðilar seðlabankakerfis Evrópu sem bera ábyrgð á eftirliti með miðlæga mótaðilanum og rekstrar-samhæfðum miðlægum mótaðilum auk þeirra sem bera ábyrgð á útgáfu gjaldmiðla fjármálagerninganna sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar skulu geta tekið þátt í fagráðinu. Þar sem einingarnar sem eftirlit eða tilsjón er með hafa staðfestu í takmörkuðum fjölda aðildarríkja þar sem miðlægi mótaðilinn starfar getur eitt lögbært yfirvald eða aðili seðlabankakerfis Evrópu borið ábyrgð á eftirliti eða tilsjón með nokkrum þessara eininga. Til að tryggja snurðulaust samstarf milli allra aðila fagráðsins skal koma á viðeigandi málsmeðferð og fyrirkomulagi.
- 54) Þar sem ætla má að stofnsetning og starfsemi fagráðsins byggist á skriflegu samkomulagi milli allra aðila þess þykir rétt að veita þeim vald til að ákvarða tilhögun fagráðsins við ákvarðanatöku, í ljósi þess hversu viðkvæmt málið er. Því skal mæla fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu í skriflegu samkomulagi milli aðila fagráðsins. Til að skapa viðeigandi jafnvægi milli hagsmuna allra viðkomandi markaðsaðila og aðildarríkja skal fagráðið þó greiða atkvæði í samræmi við almennu meginregluna þar sem hver aðili hefur eitt atkvæði, án tillits til fjölda verkefna sem hann framkvæmir í samræmi við þessa reglugerð. Að því er varðar fagrád sem skipuð eru 12 aðilum eða færri skulu hámark tveir aðilar fagráðsins sem tilheyra sama aðildarríkinu hafa atkvæðisrétt og hver aðili skal hafa eitt atkvæði. Að því er varðar fagrád sem skipuð eru fleiri en 12 aðilum skulu hámark þrjú aðilar fagráðsins sem tilheyra sama aðildarríkinu hafa atkvæðisrétt og hver aðili skal hafa eitt atkvæði.
- 55) Einstök staða miðlægra mótaðila krefst þess að fagráðin séu skipulögð og virki í samræmi við fyrirkomulag sem á sérstaklega við eftirlit með miðlægum mótaðilum.
- 56) Fyrirkomulagið sem kveðið er á um í þessari reglugerð skapar ekki fordæmi fyrir aðra löggjöf um tilsjón og eftirlit með innviðum fjármálamarkaða, einkum að því er varðar fyrirkomulag atkvæðagreiðslu vegna vísana til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
- 57) Ekki skal veita miðlægum mótaðila leyfi ef allir aðilar fagráðsins, að undanskildum lögbærum yfirvöldum

aðildarríkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu, komast með gagnkvæmum samningi að sameiginlegu álitu um að miðlægi mótaðilinn skuli ekki fá leyfi. Ef, samt sem áður, nægur meirihluti fagráðsins hefur lýst neikvæðu álitu og eitthvert hlutaðeigandi lögbært yfirvald hefur, á grundvelli meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum fagráðsins, vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu fresta ákvörðun sinni um leyfi og bíða ákvörðunar sem Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin gæti tekið um samræmi við löggjöf Sambandsins. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu skal taka ákvörðun sína í samræmi við slíka ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ef allir aðilar fagráðsins, að undanskildum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu, komast að sameiginlegri niðurstöðu þess efnis að þeir telja að kröfurnar séu ekki uppfylltar og að miðlægi mótaðilinn skuli ekki fá leyfi skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu, geta vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að ákvarða um samræmi við löggjöf Sambandsins.

- 58) Nauðsynlegt er að styrkja ákvæði um upplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og annarra viðeigandi yfirvalda og að styrkja þá aðstoðar- og samstarfsskyldu sem þau hafa hvert gagnvart öðru. Vegna aukinnar starfsemi yfir landamæri skulu þessi yfirvöld veita hvert öðru viðeigandi upplýsingar um hvernig þau sinna hlutverki sínu til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar, þ.m.t. við aðstæður þar sem brot eða meint brot kann að varða yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja. Við upplýsingaskipti er nauðsynlegt að gæta ítrasta trúnaðar. Vegna víðtækra áhrifa OTC-afleiðusamninga er nauðsynlegt að önnur viðeigandi yfirvöld, s.s. skattýfirvöld og eftirlitsaðilar á orkumarkaði, hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til að sinna hlutverki sínu.
- 59) Í ljósi alþjóðlegs eðlis fjármálamarkaða skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin bera beina ábyrgð á viðurkenningu miðlægra mótaðila sem hafa staðfestu í þriðju löndum og þar með gera þeim kleift að veita stöðustofnunarþjónustu innan Sambandsins, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi viðurkennt laga- og eftirlitsramma viðkomandi þriðja lands sem jafngildan ramma Sambandsins og að tiltekin önnur skilyrði séu uppfyllt. Miðlægur mótaðili, sem hefur staðfestu í þriðja landi og veitir stöðustofnunaradilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu skal því hafa hlotið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Til að hefta ekki frekari þróun fjárfestingabankastarfsemi yfir landamæri í Sambandinu

- skal miðlægur mótaðili í þriðja landi, sem veitir viðskiptavinum með staðfestu í Sambandinu þjónustu fyrir milligöngu stöðustofnunaðila sem hefur staðfestu í þriðja landi, ekki hljóta viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Í þessu samhengi eru samningar við helstu alþjóðlegu samstarfsaðila Sambandsins sérstaklega mikilvægir til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á heimsvísu og fjármála-stöðugleika.
- 60) Þann 16. september 2010 náði leiðtogaráðið samstöðu um að þörf væri á því fyrir Sambandið að koma hagsmunum og gildum sínum á framfæri með ákveðnari hætti og, í anda gagnkvæmni og sameiginlegra hagsmuna, í sambandi við utanríkistengsl Sambandsins og gera ráðstafanir, m.a. til að tryggja aukinn markaðsaðgang fyrir evrópsk viðskipti og auka eftirlits-samstarf við helstu samstarfsaðila í viðskiptum.
- 61) Miðlægur mótaðili skal hafa traust fyrirkomulag stjórnunarháttá, yfirstjórnin skal hafa óflekkað mannorð og stjórnarmenn skulu vera óháðir, án tillits til eignarhaldsforms hans. Að lágmarki þriðjungur, og ekki færri en tveir, aðila viðkomandi stjórnar skulu vera óháðir. Mismunandi fyrirkomulag stjórnunarháttá og skipulag eignarhalds getur þó haft áhrif á vilja eða getu miðlægs mótaðila til að stöðustofna tiltekna afurðir. Því er viðeigandi að óháðir stjórnarmenn og áhættunefndin, sem miðlægur mótaðilinn skal koma á fót, taki á öllum mögulegum hagsmunaárekstrum innan miðlægs mótaðila. Stöðustofnunaðilar og viðskiptavinir skulu njóta fullnægjandi fyrirsvars þar sem ákvarðanir miðlægs mótaðila gætu haft áhrif á þá.
- 62) Miðlægur mótaðili getur útvistað starfsemi. Áhættunefnd miðlæga mótaðilans skal veita ráð um slíka útvistun. Ekki skal útvista mikilvægri starfsemi í tengslum við áhættustýringu nema lögbært yfirvald hafi samþykkt það.
- 63) Þáttökuskilyrði fyrir miðlægan mótaðila skulu vera gagnsæ, byggð á meðalhófi og án mismununar og skulu gera fjaraðgang mögulegan að því marki sem það eykur ekki áhættu miðlægs mótaðila.
- 64) Veita skal viðskiptavinum stöðustofnunaðila, sem stöðustofna OTC-afleiðusamninga sína hjá miðlægum mótaðilum, mikla vernd. Gildandi vernd er háð umfangi aðgreiningar sem þessir viðskiptavinir kjósa. Milliliðir skulu aðgreina eignir sínar frá eignum viðskiptavina sinna. Af þessum sökum skulu miðlægir mótaðilar halda uppfærðar skrár sem auðvelt er að greina til að auðvelda yfirfærslu á stöðum og eignum viðskiptavina stöðustofnunaðila sem lenda í vanskilum til gjaldfærs stöðustofnunaðila eða, eftir atvikum, skipulega sölu á stöðum viðskiptavinarins og skil á umframtryggingum til viðskiptavinnanna. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð um aðgreiningu og flytjanleika staðna og eigna viðskiptavina skulu því ganga framur öllum ósamhljóða lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna sem koma í veg fyrir að aðilarnir uppfylli þær.
- 65) Miðlægur mótaðili skal hafa traustan áhættustýringar-ramma til að stýra greiðslufallsáhættu, lausafjáráhættu, rekstraráhættu og annarri áhættu, þ.m.t. áhættu sem hann ber eða veldur öðrum einungum vegna víxlengsla. Miðlægur mótaðili skal hafa fullnægjandi verklag og kerfi til að taka á vanskilum stöðustofnunaðila. Til að lágmarka smitáhrif slíkra vanskila skal miðlægur mótaðilinn setja ströng þáttökuskilyrði, innheimta nauðsynlegar upphafstryggingar, viðhalda vanskilasjóði og öðru fjármagni til að standa straum af mögulegu tapi. Til að tryggja að hann hafi áfram nægilegt fjármagn skal miðlægur mótaðilinn setja lágmarksfjárhæð sem stærð vanskilasjóðsins má almennt ekki fara niður fyrir. Þetta skal þó ekki takmarka getu miðlæga mótaðilans til að nota allan vanskilasjóðinn til að standa straum af tapi vegna vanskila stöðustofnunaðila.
- 66) Þegar miðlægur mótaðili skilgreinir traustan áhættustýringar-ramma skal hann taka tillit til mögulegrar áhættu og efnahagslegra áhrifa á stöðustofnunaðilana og viðskiptavinum þeirra. Þrátt fyrir að þróun mjög traustrar áhættustýringar skuli vera meginmarkmið miðlægs mótaðila getur hann aðlagð eiginleika hennar að sértækri starfsemi og áhættulýsingu viðskiptavina stöðustofnunaðilanna, og ef það telst viðeigandi, getur hann á grundvelli viðmiðunar, sem tilgreind er í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin mun útfæra, látið mengi auðseljanlegra eigna, sem samþykktar eru sem tryggingar, ná yfir a.m.k. reiðufé, ríkisskuldabréf, sértryggð skuldabréf í samræmi við tilskipun 2006/48/EB, að teknu tilliti til fullnægjandi frádrags, ábyrgða sem aðili að seðlabankakerfi Evrópu hefur veitt sem eru innkallanlegar hvenær sem krafist er, ábyrgða viðskiptabanka samkvæmt ströngum skilyrðum, einkum varðandi lánstraust ábyrgðaraðila, og fjármagnstengsla ábyrgðaraðilans við stöðustofnunaðila að miðlægum mótaðila. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur, eftir því sem við á, einnig talið gull til eigna sem samþykkja má sem tryggingu. Miðlægir mótaðilar skulu geta samþykkt, samkvæmt ströngum skilyrðum vegna áhættustýringar, viðskiptabankaábyrgðir frá ófjárhagslegum mótaðilum sem starfa sem stöðustofnunaðilar.
- 67) Áhættustýringaráætlanir miðlægra mótaðila skulu vera nægilega traustar til að komist sé hjá áhættu fyrir skattgreiðendum.
- 68) Veðköll og frádrag trygginga geta haft sveiflumagnandi áhrif. Miðlægir mótaðilar, lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu því samþykkja ráðstafanir til að koma í veg fyrir og stýra mögulegum sveiflumagnandi áhrifum í áhættustýringarstarfsemi miðlægra mótaðila, að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á styrk og fjárhagslegt öryggi miðlægs mótaðila.
- 69) Stjórnun áhættuskuldbindinga er mikilvægur hluti stöðustofnunarferlisins. Veita skal aðgang að og heimila notkun viðeigandi verðlagningarforsenda til að almennt

sé unnt að veita stöðustofnunarþjónustu. Slíkar verðlagningarforsendur skulu m.a. vera vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir fyrir afleiður eða aðra fjármálagerninga.

- 70) Tryggingar eru meginvörn miðlægs mótaðila. Þrátt fyrir að miðlægir mótaðilar skuli fjárfesta mótteknar tryggingar af öryggi og varfærni skulu þeir leggja sig fram um að tryggja fullnægjandi vernd trygginga til að unnt sé að skila því tímanlega til stöðustofnunaðila sem stendur í skilum eða til rekstrarsamhæfs miðlægs mótaðila ef miðlægi mótaðilinn, sem innheimtir þessar tryggingar, stendur ekki í skilum.
- 71) Aðgangur að nægilegu lausafé er nauðsynlegur fyrir miðlægan mótaðila. Slík lausafjárstaða getur verið í formi aðgangs að lausafé seðlabanka eða lausafé lánshæfs og áreiðanlegs viðskiptabanka, eða blöndu af þessu. Aðgangur að lausafé gæti fengist með leyfi sem veitt er í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða annars viðeigandi fyrirkomulags. Við mat á því hvort aðgangur að lausafé sé fullnægjandi, einkum við erfiðar aðstæður, skal miðlægur mótaðili taka tillit til áhættunnar sem fylgir því að treysta einungis á lánalínur viðskiptabanka.
- 72) Með „evrópsku siðareglunum um stöðustofnun og uppgjör“ frá 7. nóvember 2006 var komið á umgjörð sem ætlað er að koma á tengslum á milli miðlægra mótaðila sem þeir hafa val um að undirgangast. Uppgjörspjónustumarkaðurinn er enn sundurleitur eftir ríkjum og gerir það viðskipti yfir landamæri dýrari og hindrar samræmingu. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um skilyrði fyrir því að koma á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi milli miðlægra mótaðila að því marki sem það veldur ekki viðkomandi miðlægum mótaðilum áhættu sem ekki er unnt að stýra með viðeigandi hætti.
- 73) Fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi er mikilvægt vegna aukinnar samþættingar uppgjörspjónustumarkaðarins innan Sambandsins og kveða skal á um reglusetningu á þessu sviði. Þar sem fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi getur valdið miðlægum mótaðilum viðbótaráhættu skulu miðlægir mótaðilar hafa í þrjú ár haft leyfi til að stöðustofna samkvæmt þessari reglugerð eða verið viðurkenndir samkvæmt þessari reglugerð, eða leyfi samkvæmt þegar gildandi reglum aðildarríkis áður en lögbær yfirvöld heimila slíkt fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi. Vegna aukinnar flækju sem stafar af fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi milli miðlægra mótaðila sem stöðustofna OTC-afleiðusamninga þykir á þessu stigi rétt að takmarka gildissvið fyrirkomulags um rekstrarsamhæfi við framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal þó, eigi síðar en 30. september 2014, skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um hvort viðeigandi sé að rýmka gildissviðið til annarra fjármálagerninga.
- 74) Afleiðuviðskiptaskrár safna í eftirlitsskyni gögnum sem skipta máli fyrir yfirvöld í öllum aðildarríkjum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal bera ábyrgð á skráningu, afturköllun skráningar og eftirliti með afleiðuviðskiptaskrár.
- 75) Þar sem eftirlitsaðilar, miðlægir mótaðilar og aðrir markaðsaðilar treysta á gögnin sem afleiðuviðskiptaskrár viðhalda er nauðsynlegt að tryggja að afleiðuviðskiptaskrár falli undir strangar rekstrar-, skráningar- og gagnastjórnunarkröfur.
- 76) Gagnsæi verðs, gjalda og áhættustýringarlíkana í tengslum við þjónustu sem miðlægir mótaðilar, aðilar að þeim og afleiðuviðskiptaskrár veita er nauðsynlegt til að gera markaðsaðilum kleift að taka upplýsta ákvörðun.
- 77) Til að gegna skyldum sínum á skilvirkan hátt skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geta krafist, með einfaldri beiðni eða ákvörðun, allra nauðsynlegra upplýsinga frá afleiðuviðskiptaskrár, tengdum þriðju aðilum og þriðju aðilum sem afleiðuviðskiptaskrár hafa útvístað tilteknum rekstrarþáttum eða starfsemi til. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ferð fram á slíkar upplýsingar með einfaldri beiðni er viðtakandinn ekki skuldbundinn til að veita upplýsingarnar en, ef hann veitir þær af fúsum og frjálsum vilja skulu veittar upplýsingar ekki vera rangar eða villandi. Slíkar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar án tafar.
- 78) Með fyrirvara um mál sem falla undir refsirétt eða skattalög skulu lögbær yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, stofnanir, einstaklingar eða lögaðilar aðrir en lögbær yfirvöld, sem taka við trúnaðarupplýsingum, aðeins nota þær við skyldustörf sín og við framkvæmd starfsemi sinnar. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að innlendar stofnanir, sem bera ábyrgð á að koma í veg fyrir, rannsaka eða leiðrétta tilvik óvandaðra stjórnsýsluhátta, framkvæmi starfsemi sína í samræmi við innlend lög.
- 79) Til að framkvæma eftirlitsheimildir sínar með skilvirkum hætti skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geta framkvæmt rannsóknir og vettvangsskoðanir.
- 80) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal geta falið lögbærum yfirvöldum aðildarríkis tiltekin eftirlitsverkefni, t.d. þegar eftirlitsverkefni krefst þekkingar og reynslu að því er varðar staðbundnar aðstæður, sem auðveldara aðgengi er að á landsvísu. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal geta úthlutað framkvæmd sértækra rannsóknarverkefna og vettvangsskoðana. Fyrir úthlutun verkefna skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa samráð við viðkomandi lögbært yfirvald um ítarleg skilyrði að því er varðar slíka úthlutun verkefna, þ.m.t. umfang úthlutaðra verkefna, tímaáætlun varðandi framkvæmd verkefnanna og sendingu nauðsynlegra upplýsinga frá og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal greiða lögbærum yfirvöldum

fyrir að framkvæma úthlutað verkefni í samræmi við reglugerð um gjöld sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja með afleiddri gerð. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skal ekki vera unnt að framselja vald til að samþykkja ákvarðanir um skráningu.

- 81) Nauðsynlegt er að tryggja að lögbær yfirvöld geti óskað eftir því að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin athugi hvort skilyrðin fyrir afturköllun skráningar afleiðuviðskiptaskrár séu uppfyllt. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal meta slíkar kröfur og grípa til viðeigandi ráðstafana.
- 82) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal geta beitt sektum til að þvinga afleiðuviðskiptaskrár til að láta af broti, veita tæmandi upplýsingar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin krefst, eða til að gangast undir rannsókn eða vettvangsskoðun.
- 83) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal geta beitt afleiðuviðskiptaskrár sektum ef hún telur að þær hafi gerst brotlegar, af ásetningi eða í gáleysi, við þessa reglugerð. Beita skal sektum í samræmi við alvarleika brots. Skipta skal brotum í mismunandi flokka og tiltekna sektir tengdar hverjum flokki. Til að reikna út sekt í tengslum við tiltekið brot skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beita tveggja þrepa aðferðafræði sem felur í sér ákvörðun grunnfjárhæðar og leiðréttingu þeirrar grunnfjárhæðar, ef nauðsyn krefur, með tilteknum stuðlum. Grunnfjárhæðina skal ákvarða með tilliti til ársveltu hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrár og leiðréttingarnar gerðar með því að hækka eða lækka grunnfjárhæðina með því að beita viðeigandi stuðlum í samræmi við þessa reglugerð.
- 84) Með þessari reglugerð skal fastsetja stuðla, sem tengjast íþyngjandi og mildandi aðstæðum, til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi nauðsynleg tæki til að ákvarða sekt, sem er í réttu hlutfalli við alvarleika brots sem afleiðuviðskiptaskrá hefur framið, með tilliti til aðstæðna þegar brotið var framið.
- 85) Áður en ákvörðun er tekin um að beita sektum eða dagsektum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefa þeim einstaklingum sem falla undir málsmeðferðina tækifæri til andmæla í því skyni að virða rétt til málsvarnar.
- 86) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal ekki beita sektum eða dagsektum ef fyrir liggur sýkna eða sakfelling, vegna nákvæmlega eins málsatvika eða vegna málsatvika sem eru að verulegu leyti eins, samkvæmt bindandi dómi sem kveðinn hefur verið upp í sakamáli sem höfðað er á grundvelli laga aðildarríkis (e. *res judicata*).
- 87) Ákvarðanir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um að beita sektum og dagsektum skulu vera framfylgjanlegar og skal þeim fylgt eftir í samræmi við gildandi réttarfsreglur í viðkomandi aðildarríki. Réttarfsreglurnar skulu ekki fela í sér reglur um

meðferð sakamála en gætu falið í sér reglur um stjórn-sýslumeðferð.

- 88) Ef um er að ræða brot sem afleiðuviðskiptaskrá hefur framið skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa vald til að grípa til ýmissa eftirlitsráðstafana, þ.m.t. að krefjast þess að afleiðuviðskiptaskrá láti af brotinu og, ef hún á ekki annars úrkosti, afturkalla skráninguna ef afleiðuviðskiptaskráin hefur brotið grófllega eða endurtekið gegn þessari reglugerð. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal beita eftirlitsráðstöfununum með tilliti til eðlis og alvarleika brotsins og virða meðalhófsregluna. Áður en ákvörðun er tekin um eftirlitsráðstafanir skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefa þeim einstaklingum sem falla undir málsmeðferðina tækifæri til andmæla til að uppfylla rétt þeirra til málsvarnar.
- 89) Nauðsynlegt er að aðildarríki og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin verndi rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs við vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽¹⁾ og við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga⁽²⁾.
- 90) Mikilvægt er að tryggja samleitaraþþjóðlegar kröfur til miðlægra mótaðila og afleiðuviðskiptaskráa. Þessi reglugerð fylgir gildandi tilmælum greiðslu- og uppgjörsefnadarinnar (CPSS) og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) að teknu tilliti til meginreglna greiðslu- og uppgjörsefnadarinnar og Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um innviði fjármálamarkaðar, þ.m.t. miðlægir mótaðilar, var komið á 16. apríl 2012. Hún skapar ramma á vettvangi Sambandsins sem miðlægir mótaðilar geta starfað innan af öryggi. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal taka til athugunar fyrirbyggjandi staðla og framtíðarþróun þeirra við gerð eða framlagningu tillögu um að endurskoða tæknilegu eftirlitsstaðlana sem og viðmiðunarreglur og tilmæli sem gert er ráð fyrir í þessari reglugerð.
- 91) Valdið til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) skal framselt til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar breytingar á skránni yfir einingar sem undanþegnar eru þessari reglugerð, frekari málsmeðferðarreglur í tengslum við álagningu sekta eða dagsekta, þ.m.t. ákvæði um rétt til varna, tímamörk, innheimtu sekta eða dagsekta og fyrningarfresti varðandi álagningu og framfylgd dagsekta eða sekta; ráðstafanir til að breyta II. viðauka til að taka tillit til

(¹) Stjúd. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

(²) Stjúd. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

þróunar á fjármálamörkuðum; frekari tilgreiningu á tegund gjalda, fyrir hvaða málefni skuli innheimta gjöld, fjárhæð gjaldanna og með hvaða hætti þau skuli greidd. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu afleiðdra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

- 92) Til að tryggja stöðuga samræmingu skal framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja frumvörp evrópsku eftirlitsstofnananna að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að beita, í tilgangi þessarar reglugerðar, 4. til 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB og til að tilgreina: OTC-afleiðusamningana sem talið er að hafi bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins eða þegar nauðsynlegt eða viðeigandi þykir að koma í veg fyrir að komist sé hjá einhverju ákvæði í þessari reglugerð, tegund óbeins samningsfyrirkomulags sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í þessari reglugerð, flokka OTC-afleiðusamninga sem skulu falla undir stöðustofnunarskylduna, dagsetninguna eða dagsetningarnar sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, þ.m.t. framkvæmd í áföngum, flokkar mótaðila sem stöðustofnunarskyldan gildir um og lágmarks eftirstöðvatími OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru eða endurgerðir eru fyrir þá dagsetningu sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, upplýsingarnar sem skulu vera í tilkynningu lögbærs yfirvalds til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um leyfi miðlægs mótaðila til að stöðustofna flokk OTC-afleiðusamninga, tiltekna flokka OTC-afleiðusamninga, umfang stöðlunar samningsskilmála og verklagsreglna, magn og seljanleika, og aðgengi að sanngjörnum, áreiðanlegum og almennt samþykktum verðupplýsingum, upplýsingarnar sem skulu vera í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir flokka OTC-afleiðusamninga sem falla undir stöðustofnunarskylduna, upplýsingarnar og tegundir skýrslna um mismunandi afleiðuflokka, viðmiðin til að ákvarða hvaða OTC-afleiðusamninga er unnt að mæla hlutlægt að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjárffjármögnun og viðmið stöðustofnunarlágmarkanna, verklagi og fyrirkomulagi aðferða til að draga úr áhættu vegna OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila, áhættustýringarferlin, þ.m.t. umfang og tegund trygginga og aðgreiningarfyrirkomulag og kröfur um eigið fé, hugtakið dreifing seljanleika, kröfurnar varðandi eigið fé, óráðstafað eigið fé og annað eigið fé miðlægra mótaðila, lágmarksinnihald reglna og fyrirkomulag stjórnunarháttanna fyrir miðlægra mótaðila, skrárnar og upplýsingarnar sem miðlægir mótaðilar skulu viðhalda, lágmarksinnihald og kröfur til stefnu miðlægra mótaðila um samfellu í

viðskiptum og neyðaráætlun vegna hamfara, viðeigandi hlutfall og tímaramma innlausnartímabils og útreikning á sögulegu flökti sem skal taka til athugunar fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga með tilliti til markmiðsins um að takmarka sveiflumagnandi áhrif og skilyrðin um framkvæmd tryggingartöku vegna eignasafna, rammann um skilgreiningu óvenjulegra en sennilegra markaðsaðstæðna, sem ber að nota við skilgreiningu á stærð vanskilasjóðsins og fjármagn miðlægra mótaðila, aðferðafræðina við útreikning og viðhald á fjárhæðum eigin fjármagns miðlægra mótaðila, tegundir trygginga sem telja má auðseljanlegar, s.s. reiðufé, gull, ríkisskuldabréf, trygg skuldabréf fyrirtækja, sértryggt skuldabréf, og frádrag og skilyrðin um samþykkt viðskiptabankaábyrgða sem tryggingu, fjármálagerningana sem unnt er að telja auðseljanlega og að beri lágmarks greiðslufalls- og markaðsáhættu, mjög öruggt fyrirkomulag og samþjöppunarmörk, tegundir álagsprófa sem miðlægir mótaðilar skulu framkvæma vegna mismunandi flokka fjármálagerninga og eignasafna, þátttöku stöðustofnunaradila eða annarra aðila í prófunum, tíðni og tímasetningu prófanna og lykilupplýsingar sem miðlægu mótaðilarnir skulu birta um áhættustýringarlíkan sitt og forsendur sem samþykktar eru til að framkvæma álagsprófin, upplýsingarnar um umsókn afleiðuviðskiptaskráa um skráningu hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, hversu oft og nákvæmlega afleiðuviðskiptaskrár skulu birta upplýsingar um samtölu staðna eftir flokki OTC-afleiðusamnings, og rekstrarlega staðla sem krafist er til að safna saman og bera saman gögn milli skráa.

- 93) Allar skuldbindingar sem felast í þessari reglugerð, sem skal þróa frekar með afleiðdum gerðum eða framkvæmdargerðum, sem samþykktar eru skv. 290. eða 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal skilja sem svo að þær gilda aðeins frá þeim degi sem þessar gerðir taka gildi.
- 94) Sem hluti af þróun sinni á tæknilegum viðmiðunarreglum og tæknilegum eftirlitsstöðlum, einkum við ákvörðun á viðmiðunarfjárhæðum stöðustofnunar fyrir ófjárhagslega mótaðila samkvæmt þessari reglugerð, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leita eftir sjónarmiðum markaðsaðila og veita þeim áheyrn á opinberum vettvangi.
- 95) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almenningar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu ⁽¹⁾.
- 96) Framkvæmdastjórnin skal vakta og meta þörf fyrir viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samkvæma og skilvirka beitingu og þróun reglugerða, staðla og

⁽¹⁾ Stjtd. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

framkvæmda sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til niðurstöðu viðeigandi vinnu sem fram fer á alþjóðavettvangi.

- 97) Í ljósi reglnanna um rekstrarsamhæfð kerfi var það talið viðeigandi að breyta tilskipun 98/26/EB í því skyni að vernda réttindi rekstraraðila kerfis sem leggur fram veðtryggingu til annars rekstraraðila kerfis sem móttekur veðtryggingu ef um er að ræða málsmeðferð vegna ógjaldfærni þess rekstraraðila kerfis sem móttekur veðtrygginguna.
- 98) Til að auðvelda skilvirka stöðustofnun, skráningu, uppgjör og greiðslu skulu miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár aðlaga samskiptaferli sín með tilliti til þátttakenda og innviða markaða sem þeir tengjast, viðeigandi alþjóðlegra samskiptaferla og -staðla fyrir skilaboða- og tilvísunargögn.
- 99) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að mæla fyrir um samræmd skilyrði um OTC-afleiðusamninga og framkvæmd starfsemi miðlægra mótaðila og afleiðuviðskiptaskráa, og markmiðunum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

- Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um stöðustofnun og tvíhliða áhættustýringu að því er varðar OTC-afleiðusamninga, upplýsingaskyldu um afleiðusamninga og samræmdar kröfur um starfsemi miðlægra mótaðila og afleiðuviðskiptaskráa.
- Þessi reglugerð gildir um miðlæga mótaðila og uppgjörsaðila að þeim, fjárhagslega mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Hún gildir um ófjárhagslega mótaðila og viðskiptavettvanga þegar kveðið er á um það.
- Ákvæði V. bálks þessarar reglugerðar gilda aðeins um framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga, eins og skilgreindir eru í 4. gr. (1. mgr., a- og b-liður 18. liðar og 19. liður) í tilskipun 2004/39/EB.
- Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) aðila að seðlabankakerfi Evrópu og aðrar stofnanir aðildarríkja sem gegna sambærilegum hlutverkum og aðra opinbera aðila Sambandsins sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun skulda ríkissjóðs,

b) Alþjóðagreiðslubankann.

5. Að undanskilinni skyldu til skýrslugjafar skv. 9. gr. gildir þessi reglugerð ekki um eftirfarandi einingar:

a) fjölpjóðlega þróunarbanka, eins og þeir eru tilgreindir í þætti 4.2 í 1. hluta VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB,

b) opinbera aðila í skilningi 18. liðar 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB ef þeir eru í eigu ríkisstjórna og sem njóta þeirrar ábyrgðar ríkisstjórnar,

c) Evrópska fjármálastöðugleikasjóðinn og evrópska stöðugleikakerfið.

6. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr. til að breyta upptalningunni í 4. mgr. þessarar greinar.

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 17. nóvember 2012, leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins þar sem lagt er mat á alþjóðlega meðferð opinberra aðila sem falin er, eða hafa afskipti af, stjórnun skulda ríkissjóðs og seðlabanka.

Skýrslan skal innihalda samanburðargreiningu á meðferð þessara aðila og seðlabanka innan lagaramma marktæks fjölda þriðju landa, þ.m.t. að lágmarki þrjú mikilvægustu lögsagnarumdæmin að því er varðar umfang samninga sem viðskipti eru með, og áhættustýringarstaðlana sem eiga við um afleiðuviðskiptin sem þessir aðilar og seðlabankar gera innan þessara lögsagnarumdæma. Ef ályktað er í skýrslunni, einkum að því er varðar samanburðargreininguna, að nauðsynlegt sé að veita seðlabönkum þessara þriðju landa undanþágu frá peningalegri ábyrgð í tengslum við stöðustofnun og skyldu til skýrslugjafar skal framkvæmdastjórnin bæta þeim við upptalninguna í 4. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „miðlægur mótaðili“ (e. *central counterparty*): lögaðili sem gengur á milli mótaðila að samningum sem viðskipti eru með á einum eða fleiri fjármálamörkuðum og verður þar með kaupandi gagnvart hverjum seljanda og seljandi gagnvart hverjum kaupanda,

- 2) „afleiðuviðskiptaskrá“ (e. *trade repository*): lögaðili sem safnar miðlægt saman og viðheldur gögnum um afleiður,
- 3) „stöðustofnun“ (e. *clearing*): ferlið við að stofna stöður, þ.m.t. útreikningur á hreinni skuldbindingu, og við að tryggja að fjármálagerningar, reiðufé, eða hvort tveggja, sé til staðar til að tryggja áhættuskuldbindingar sem leiða af þeim stöðum,
- 4) „viðskiptavettvangur“ (e. *trading venue*): kerfi sem starfrækt er af fjárfestingarfyrirtæki eða rekstraraðila skipulegs verðbréfamarkaðar í skilningi 1. liðar 1. mgr. 4. gr. og 13. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB annar en innmiðlari í skilningi 7. liðar 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar, sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga í kerfinu þannig að til samnings stofnist í samræmi við II. eða III. þátt þeirrar tilskipunar,
- 5) „afleiða“ (e. *derivative*): eða „afleiðusamningur“ (e. *derivative contract*): fjármálagerningur eins og um getur í 4.–10. lið C-hluta I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB í samræmi við 38. og 39. gr. reglugerðar (EB) nr. 1287/2006,
- 6) „flokkur afleiðna“ (e. *class of derivatives*): hlutmengi afleiðna sem deila almennum og mikilvægum einkennum, þ.m.t. tengslum við undirliggjandi eign, tegund undirliggjandi eignar og gjaldmiðil grundvallarfjárhæðar. Afleiður sem tilheyra sama flokki geta haft mismunandi líftíma.
- 7) „OTC-afleiða“ (e. *OTC derivative*) eða „OTC-afleiðusamningur“ (e. *OTC derivative contract*): afleiðusamningur sem ekki eru viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB eða á markaði þriðja lands sem telst jafngildur skipulegum verðbréfamarkaði í samræmi við 6. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB,
- 8) „fjárhagslegur mótaðili“ (e. *financial counterparty*): fjárfestingarfyrirtæki sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2004/39/EB, lánastofnun sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2006/48/EB, váttryggingafélag sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við tilskipun 73/239/EBE, tryggingafélag sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2002/83/EB, endurtryggingafélag sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2005/68/EB, verðbréfasjóður og, ef við á, rekstrarfélag hans, sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB, stofnun um starfstengdan lífeyri í skilningi a-liðar 6. gr. tilskipunar 2003/41/EB og sérhæfður sjóður sem stýrt er af rekstraraðila sérhæfðra sjóða (e. *AIFM*) sem hefur fengið starfsleyfi eða verið skráður í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB,
- 9) „ófjárhagslegur mótaðili“ (e. *non-financial counterparty*): fyrirtæki sem hefur staðfestu í Sambandinu, annað en þeir aðilar sem um getur í 1. og 8. lið,
- 10) „lífeyriskerfi“ (e. *pension scheme arrangement*):
- a) stofnanir um starfstengdan lífeyri í skilningi a-liðar 6. gr. tilskipunar 2003/41/EB, þ.m.t. einingar með starfsleyfi sem bera ábyrgð á stjórnun slíkrar stofnunar og koma fram fyrir hennar hönd eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar sem og lögaðilar sem settir eru á fót vegna fjárfestinga slíkra stofnana og sem eingöngu og einir annast hagsmuni þeirra,
 - b) rekstur varðandi starfstengdan lífeyri innan þeirra stofnana sem um getur í 3. gr. tilskipunar 2003/41/EB,
 - c) rekstur varðandi starfstengdan lífeyri innan líftryggingafélaga sem falla undir tilskipun 2002/83/EB, að því tilskildu að allar eignir og skuldbindingar sem samsvara rekstrinum séu aðgreindar, þeim stjórnað og þær skipulagðar aðskilið frá annarri starfsemi váttryggingafélagsins, án möguleika á millifærslu,
 - d) allir aðrir aðilar með starfsleyfi og háðir eftirliti sem starfa, eða fyrirkomulag sem er við lýði, á landsbundnum grundvelli, að því tilskildu að:
 - i. það sé viðurkennt samkvæmt landslögum og
 - ii. megintilgangur þess sé að veita eftirlaun,
- 11) „greiðslufallsáhætta mótaðila“ (e. *counterparty credit risk*): hættan á því að mótaðili að viðskiptum lendi í vanskilum fyrir peningalegt lokauppgjör viðskiptanna,
- 12) „fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi“ (e. *interoperability arrangement*): fyrirkomulag á milli tveggja eða fleiri miðlægra mótaðila sem felur í sér framkvæmd færslna á milli kerfa,
- 13) „lögbært yfirvald“ (e. *competent authority*): lögbært yfirvald sem um getur í löggjöfinni sem um getur í 8. lið þessarar greinar, lögbært yfirvald sem um getur í 5. lið 10. gr. eða yfirvald sem tilnefnt er af hverju aðildarríki í samræmi við 22. gr.,
- 14) „stöðustofnunaradili“ (e. *clearing member*): fyrirtæki sem er þátttakandi í miðlægum mótaðila og ber ábyrgð á að uppfylla fjárskuldbindingar sem fylgja þeirri þátttöku,
- 15) „viðskiptavinur“ (e. *client*): fyrirtæki með samningsbundin tengsl við stöðustofnunaradila miðlægs mótaðila sem gera fyrirtækinu kleift að stöðustofna viðskipti sín við miðlæga mótaðilann,
- 16) „samstæða“ (e. *group*): fyrirtækjasamstæða sem samanstendur af móðurfélagi og dótturfélögum þess í skilningi 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða fyrirtækjasamstæða sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og 7. og 8. mgr. 80. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

- 17) „fjármálastofnun“ (e. *financial institution*): fyrirtæki, annað en lánastofnun, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. lið I. viðauka við tilskipun 2006/48/EB,
- 18) „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“ (e. *financial holding company*): fjármálastofnun þar sem dótturfélögin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lánastofnanir eða fjármálastofnanir og a.m.k. eitt dótturfélaganna er lánastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi 15. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótarefirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármála-fyrirtækja ⁽¹⁾,
- 19) „félag í hliðarstarfsemi“ (e. *ancillary services undertaking*): félag sem hefur að meginstarfsemi að eiga eða hafa umsjón með eignum eða sjá um gagnavinnsluþjónustu eða svipaða þjónustu sem er til viðbótar við meginstarfsemi einnar eða fleiri lánastofnana,
- 20) „virkur eignarhlutur“ (e. *qualifying holding*): beinn eða óbeinn eignarhlutur í miðlægum mótaðila eða afleiðuviðskiptaskrá sem nemur a.m.k. 10% af eigin fé eða atkvæðisrétti, eins og um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ⁽²⁾, að teknu tilliti til skilyrða varðandi söfnun hennar sem um getur í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar, eða sem gerir mögulegt að hafa veruleg áhrif á stjórnendur þess miðlæga mótaðila eða afleiðuviðskiptaskrár sem eignarhlutinn samanstendur af,
- 21) „móðurfélag“ (e. *parent undertaking*): móðurfélag eins og lýst er í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE,
- 22) „dótturfélag“ (e. *subsidiary*): dótturfélag eins og lýst er í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE, þ.m.t. dótturfélag dótturfélags endanlegs móðurfélags,
- 23) „yferráð“ (e. *control*): tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og lýst er í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE,
- 24) „náin tengsl“ (e. *close links*): þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast í gegnum:
- hlutdeild, í formi beins eignarréttar eða með yferráðum, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé fyrirtækis eða,
 - yferráð eða svipuð tengsl á milli einstaklings eða lögaðila og félags eða dótturfélags dótturfélags sem
- einnig telst dótturfélag móðurfélags sem er yfir þessum félögum.
- Þegar svo ber undir að tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir sama aðila með yferráðatengslum skal einnig litið á það sem náin tengsl milli aðila,
- 25) „eigið fé“ (e. *capital*): skráð hlutafé í skilningi 22. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana ⁽³⁾ að því marki sem það hefur verið greitt að fullu, að viðbættum tengdum yfirverðsreikningi hlutafjár, ber tap að fullu við áframhaldandi rekstrarhæfi og er á eftir öllum öðrum kröfum í kröfuröð ef til gjaldþrots eða félagsslita kemur,
- 26) „annað eigið fé“ (e. *reserves*): annað eigið fé eins og um getur í 9. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ⁽⁴⁾ og hagnaður og tap frá fyrra ári reiknað út sem endanleg rekstrarniðurstaða,
- 27) „stjórn“ (e. *board*): stjórn- eða eftirlitsstjórn, eða hvort tveggja, í samræmi við landsbundinn félagarétt,
- 28) „óháður stjórnarmaður“ (e. *independent member*): meðlimur í stjórn án viðskiptatengsla, fjölskyldutengsla eða annarra tengsla sem skapa hagsmunaáreksur við hlutadeigandi miðlægan mótaðila eða hluthafa með yferráð yfir honum, stjórnendur hans eða stöðustofnunaraðila, og sem hefur ekki haft slík tengsl síðustu fimm ár fyrir stjórnarsetu sína,
- 29) „yfirstjórn“ (e. *senior management*): sá aðili eða þeir aðilar sem í reynd stjórna starfsemi miðlægs mótaðila eða afleiðuviðskiptaskrár og meðlimur eða meðlimir stjórnar.

3. gr.

Viðskipti innan samstæðu

1. Í tengslum við ófjárhagslega mótaðila þá teljast OTC-afleiðusamningar til viðskipta innan samstæðu, þegar þeir eru gerðir við annan mótaðila sem er hluti af sömu samstæðu, að því tilskildu að báðir mótaðilar tilheyri að öllu leyti sömu samstæðu og að þeir falli undir viðeigandi miðlægar áhættumats-, greiningar- og eftirlitsaðferðir og að sá mótaðili hafi staðfestu í Sambandinu eða, ef hann hefur staðfestu í þriðja ríki, að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt framkvæmdargerð skv. 2. mgr. 13. gr. að því er varðar viðkomandi þriðja land.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.⁽³⁾ Stjtuð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

2. Í tengslum við fjárhagslegan mótaðila þá teljast eftirfarandi tilvik til viðskipta innan samstæðu:

a) OTC-afleiðusamningur sem gerður er við annan mótaðila sem er hluti af sömu samstæðu, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. fjárhagslegi mótaðilinn hefur staðfestu í Sambandinu eða, ef hann hefur staðfestu í þriðja ríki, að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt framkvæmdargerð skv. 2. mgr. 13. gr. að því er varðar viðkomandi þriðja ríki,

ii. hinn mótaðilinn er fjárhagslegur mótaðili, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun eða félag í hlíðarstarfsemi sem fellur undir viðeigandi varfærnisröfufur,

iii. báðir mótaðilar eru að fullu hluti af sömu samstæðu og

iv. báðir mótaðilar séu háðir viðeigandi miðlægum áhættumats-, mats- og eftirlitsaðferðum,

b) OTC-afleiðusamningur sem gerður er við annan mótaðila þar sem báðir mótaðilar eru hluti af sama stofnanaverndarkerfi, sem um getur í 8. mgr. 80. gr. tilskipunar 2006/48/EB, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í ii.-lið a-liðar í þessari grein séu uppfyllt,

c) OTC-afleiðusamningur sem lánastofnanir, sem tengdar eru sömu miðlægu einingunni, gera með sér eða slíkar lánastofnanir og miðlæg eining gera með sér, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/48/EB, eða

d) OTC-afleiðusamningur, sem gerður er við ófjárhagslega mótaðila, sem er hluti af sömu samstæðu, að því tilskildu að báðir mótaðilar tilheyri að öllu leyti sömu samstæðu og að þeir falli undir viðeigandi miðlægar áhættumats-, greiningar- og eftirlitsaðferðir og að sá mótaðili hafi staðfestu í Sambandinu eða í lögsögu þriðja ríkis, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdargerð fyrir, eins og um getur í 2. mgr. 13. gr., að því er varðar viðkomandi þriðja ríki.

3. Að því er varðar þessa grein teljast mótaðilar vera hluti af sömu samstæðu ef þeir báðir annað hvort:

a) eru hluti af samstæðu í samræmi við tilskipun 83/349/EBE eða alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, í tengslum við samstæðu þar sem móðurfélagið hefur aðalskrifstofu í þriðja ríki, í samræmi við góðar reikningsskilavenjur þriðja lands sem álitnar eru jafngildar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 (eða reikningsskilastaðal þriðja ríkis sem heimilt er að beita í samræmi við 4. gr. þeirrar reglugerðar), eða

b) falla undir sama eftirlit á samstæðugrundvelli í samræmi við tilskipun 2006/48/EB eða tilskipun 2006/49/EB eða, í tengslum við samstæðu þar sem móðurfélagið hefur aðalskrifstofu í þriðja ríki, sama eftirlit lögbærs yfirvalds þriðja ríkis á samstæðugrundvelli sem staðfest er að sé jafngilt því sem byggist á meginreglunum sem mælt er fyrir um í 143. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða í 2. gr. tilskipunar 2006/49/EB.

II. BÁLKUR

STÖÐUSTOFNUN, SKÝRSLUGJÖF OG ÞAÐ AÐ DRAGA ÚR ÁHÆTTU OTC-AFLEIÐNA

4. gr.

Stöðustofnunarskylda

1. Mótaðilar skulu stöðustofna alla OTC-afleiðusamninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðna, sem falla undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við 2. mgr. 5. gr., ef þeir samningar uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

a) þeir eru gerðir á einhvern þann hátt sem hér segir:

i. milli tveggja fjárhagslegra mótaðila,

ii. milli fjárhagslegs mótaðila og ófjárhagslegs mótaðila, sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. 10. gr.,

iii. milli tveggja ófjárhagslegra mótaðila, sem uppfylla skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. 10. gr.,

iv. milli fjárhagslegs mótaðila eða ófjárhagslegs mótaðila, sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í b-lið 1. mgr. 10. gr., og einingar sem hefur staðfestu í þriðja ríki, sem myndi falla undir stöðustofnunarskylduna ef hún hefði staðfestu í Sambandinu, eða

v. milli tveggja eininga sem hafa staðfestu í einu eða fleiri þriðju ríkjum, sem myndu falla undir stöðustofnunarskylduna ef þær hefðu staðfestu í Sambandinu, að því tilskildu að samningurinn hafi bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins eða þegar slík skylda er nauðsynleg eða viðeigandi til að koma í veg fyrir að komist sé hjá ákvæðum þessarar reglugerðar, og

b) þeir eru gerðir eða þeir endurgerðir annað hvort:

i. á þeim degi, eða eftir þann dag, sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, eða

- ii. við eða eftir tilkynninguna eins og um getur í 1. mgr. 5. gr. en fyrir daginn sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi ef eftirstöðvatími samningsins er lengri en lágmarkseftirstöðvatíminn sem framkvæmdastjórnin hefur ákvarðað í samræmi við c-lið 2. mgr. 5. gr.

2. Án þess að hafa áhrif á aðferðir til að draga úr áhættu skv. 11. gr. falla OTC-afleiðusamningar, sem eru viðskipti innan samstæðu eins og lýst er í 3. gr., ekki undir stöðustofnunarskylduna.

Undanþágan sem sett er fram í fyrstu undirgrein gildir aðeins:

- a) þegar tveir mótaðilar, með staðfestu í Sambandinu og hluti af sömu samstæðu, hafa fyrst tilkynnt lögbærum yfirvöldum sínum, eftir því sem við á, skriflega að þeir fyrirhuga að nýta undanþáguna fyrir OTC-afleiðusamninga sem þeir hafa gert sín á milli. Tilkynningin skal sett fram eigi síðar en 30 almanaksdögum fyrir notkun undanþágunnar. Lögbær yfirvöld geta, innan 30 almanaksdaga frá viðtöku tilkynningarinnar, mótmælt notkun undanþágunnar ef viðskiptin milli mótaðilanna uppfylla ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. gr., án þess að hafa áhrif á réttindi lögbærra yfirvalda til að mótmæla eftir að viðkomandi tímabili 30 almanaksdaga er lokið ef þessi skilyrði eru ekki lengur uppfyllt. Ef ósamkomulag er á milli lögbæru yfirvaldanna getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin aðstoðað þau við að komast að samkomulagi í samræmi við vald stofnunarinnar samkvæmt 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010,

- b) um OTC-afleiðusamninga milli tveggja mótaðila sem eru hluti af sömu samstæðu, sem hafa staðfestu í aðildarríki og í þriðja ríki, ef lögbært yfirvald mótaðilans sem hefur staðfestu í Sambandinu hefur veitt því leyfi til að beita undanþágunni innan 30 almanaksdaga frá því að það hefur fengið tilkynningu mótaðilans sem hefur staðfestu í Sambandinu, að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. gr. séu uppfyllt. Lögbært yfirvald skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá ákvörðun.

3. OTC-afleiðusamningarnir, sem falla undir stöðustofnunarskylduna skv. 1. mgr., skulu stöðustofnaðir hjá miðlægum mótaðila sem hefur leyfi skv. 14. gr. eða er viðurkenndur skv. 25. gr. til að stöðustofna þann flokk OTC-afleiðna og er skráður í samræmi við b-lið 2. mgr. 6. gr.

Mótaðili skal í þeim tilgangi verða stöðustofnunaradili eða viðskiptavinur eða koma á óbeinu stöðustofnunarfyrikomulagi með stöðustofnunaradila, að því tilskildu að fyrirkomulagið auki ekki mótaðilaáhættu og tryggi að eignir og stöður mótaðilans njóti verndar með samsvarandi áhrifum og þeim sem um getur í 39. gr. og 48. gr.

4. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gera frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina samningana sem teljast hafa bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan

Sambandsins eða tilvikin þegar nauðsynlegt eða viðeigandi þykir að koma í veg fyrir að komist sé hjá ákvæðum þessarar reglugerðar eins og um getur í v. lið a-liðar 1. mgr., og tegundir óbeins samningsbundins fyrirkomulags sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. gr.

Tilhögun stöðustofnunarskyldu

1. Þegar lögbært yfirvald veitir miðlægum mótaðila leyfi til að stöðustofna flokk OTC-afleiðna skv. 14. eða 15. gr. skal það án tafar tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá leyfisveitingu.

Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í tilkynningunum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan sex mánaða frá viðtöku tilkynningar í samræmi við 1. mgr. eða frá lokum málsmeðferðar fyrir viðurkenningu sem sett er fram í 25. gr., að viðhöfðu opnu samráðsferli og að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og, eftir því sem við á, við lögbær yfirvöld þriðju landa, útfæra og leggja fram til framkvæmdastjórnarinnar til samþykkis frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

- a) flokk OTC-afleiðna sem skal falla undir stöðustofnunarskylduna sem um getur í 4. gr.,
- b) daginn eða dagana sem stöðustofnunarskyldan tekur gildi, þ.m.t. gildistaka í áföngum og flokkar mótaðila sem skyldan gildir um, og
- c) lágmarkseftirstöðvatíma OTC-afleiðusamninganna sem um getur í ii.-lið b-liðar 1. mgr. 4. gr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal að eigin frumkvæði, að viðhöfðu opnu samráðsferli og að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og, eftir því sem við á, lögbær yfirvöld þriðju ríkja, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 4. mgr., tilgreina og tilkynna framkvæmdastjórninni um þá flokka afleiðna sem skulu falla undir stöðustofnunarskylduna sem kveðið er á um í 4. gr., en sem engum miðlægum mótaðila hefur enn verið veitt leyfi fyrir.

Í kjölfar tilkynningarinnar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birta auglýsingu eftir þróun á tillögum að stöðustofnun fyrir þessa afleiðuflokka.

4. Með það að sérlegu markmiði að draga úr kerfisáhættu skulu frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum að því er varðar þann hluta sem um getur í a-lið 2. mgr. taka tillit til eftirfarandi viðmiðana:

- a) möguleika til stöðlunar samningsskilmála og verklagsreglna viðkomandi flokks OTC-afleiðna,
- b) umfangs og seljanleika viðkomandi flokks OTC-afleiðna,
- c) tiltækileika sanngjarnra, áreiðanlegra og almennt viðurkenndra verðupplýsinga um viðkomandi flokk OTC-afleiðna.

Við gerð þessara frumvarpa að tæknilegum eftirlitsstöðlum getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekið tillit til samtengingar milli mótaðila sem nota viðkomandi flokka OTC-afleiðna, fyrirsjáanlegra áhrifa á umfang greiðslufallsáhattu mótaðila milli mótaðila og áhrifa á samkeppni um gervallt Sambandið.

Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar viðmiðanirnar sem um getur í a-, b- og c-lið í fyrstu undirgrein.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Frumvörpin að tæknilegum eftirlitsstöðlum að því er varðar þann hluta sem um getur í b-lið 2. mgr. skulu taka tillit til eftirfarandi viðmiðana:

- a) væntanlegs umfangs viðkomandi flokks OTC-afleiðna,

b) hvort fleiri en einn miðlægur mótaðili stöðustofni nú þegar sama flokk OTC-afleiðna,

c) getu viðkomandi miðlægs mótaðila til að ráða við væntanlegt magn og stýra áhættu sem leiðir af stöðustofnun viðkomandi flokks OTC-afleiðna,

d) tegundar og fjölda virkra mótaðila og þeirra sem vænst er að verði virkir á markaðnum að því er varðar viðkomandi flokk OTC-afleiðna,

e) tímans sem mótaðili sem fellur undir stöðustofnunarskylduna þarf til að koma á fyrirkomulagi til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga sína fyrir milligöngu miðlægs mótaðila,

f) áhættustýringar og lagalegrar og rekstrarlegrar getu mótaðilanna sem eru virkir á markaðnum fyrir viðkomandi flokk OTC-afleiðna og sem gætu fallið undir stöðustofnunarskylduna skv. 1. mgr. 4. gr.

6. Ef flokkur OTC-afleiðusamninga hefur ekki lengur miðlægan mótaðila, sem hefur leyfi eða er viðurkenndur til að stöðustofna flokk OTC-afleiðusamninga samkvæmt þessari reglugerð, fellur sá flokkur ekki lengur undir stöðustofnunarskylduna sem um getur í 4. gr. og 3. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Opinber skrá

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á, viðhalda og uppfæra, á réttan og ótvíræðan hátt, opinbera skrá til að tilgreina þá flokka OTC-afleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna. Opinbera skráin skal vera aðgengileg á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. Skráin skal hafa að geyma:

a) flokka OTC-afleiðna sem falla undir stöðustofnunarskylduna skv. 4. gr.,

b) þá miðlægu mótaðila sem hafa leyfi eða eru viðurkenndir að því er varðar stöðustofnunarskylduna,

c) dagsetningarnar þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi, þ.m.t. öll áfangaskipt framkvæmd,

- d) flokka OTC-afleiðna sem Evrópska verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnunin hefur greint í samræmi við 3. mgr. 5. gr.,
- e) lágmarkseftirstöðvatíma afleiðusamninganna sem um getur
í ii.-lið b-liðar 1. mgr. 4. gr.,
- f) þá miðlægu mótaðila sem lögbær yfirvöld hafa tilkynnt til
Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að því er
varðar stöðustofnunar skylduna og tilkynningardag hvers og
eins þeirra.

3. Ef miðlægur mótaðili hefur ekki lengur leyfi eða er ekki
lengur viðurkenndur í samræmi við þessa reglugerð til að
stöðustofna tiltekinn flokk afleiðna skal Evrópska
verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin án tafar taka hann af
opinberu skránni í tengslum við þann flokk OTC-afleiðna.

4. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar getur
Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfært frumvörp
að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar
sem skulu vera í opinberu skránni sem um getur í 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir
framkvæmdastjórnina öll slík frumvörp að tæknilegum
eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu
eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við
10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. gr.

Aðgangur að miðlægum mótaðila

1. Miðlægur mótaðili sem hefur fengið leyfi til að
stöðustofna OTC-afleiðusamninga skal samþykkja að
stöðustofna slíka samninga án mismununar og á gagnsæjan hátt,
án tillits til viðskiptavettvangsins.

Miðlægur mótaðili getur krafist þess að viðskiptavettvangur
uppfylli rekstrar- og tæknikröfur sem miðlægi mótaðilinn gerir,
þ.m.t. kröfurnar um áhættustýringu.

2. Miðlægur mótaðili skal samþykkja eða synja formlegri
beiðni viðskiptavettvangs um aðgang innan þriggja mánaða frá
slíkri beiðni.

3. Ef miðlægur mótaðili synjar um aðgang samkvæmt
2. mgr. skal hann upplýsa viðskiptavettvanginn um allar
ástæður fyrir slíkri synjun.

4. Í þeim tilvikum þegar lögbært yfirvald viðskipta-
vettvangsins og miðlæga mótaðilans synjar um aðgang skal
miðlægi mótaðilinn, með fyrirvara um aðra undirgrein, veita
aðgang innan þriggja mánaða frá ákvörðuninni um að
samþykkja formlega beiðni viðskiptavettvangs í samræmi við
2. mgr.

Lögbært yfirvald viðskiptavettvangsins og miðlæga mótaðilans
getur aðeins synjað um aðgang að miðlægum mótaðila eftir

formlega beiðni viðskiptavettvangsins þegar slíkur aðgangur
myndi ógna snurðulausri og skipulegri starfsemi markaðanna
eða myndi hafa neikvæð áhrif á kerfisáhættu.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leysa öll
deilumál vegna ósamkomulags milli lögbærra yfirvalda í
samræmi við valdsvið sitt skv. 19. gr. reglugerðar (ESB)
nr. 1095/2010.

8. gr.

Aðgangur að viðskiptavettvangi

1. Viðskiptavettvangur skal veita viðskiptaupplýsingar, án
mismununar og á gagnsæjan hátt, til miðlægra mótaðila sem
hafa fengið leyfi til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, sem
viðskipti eru með á þeim viðskiptavettvangi, samkvæmt ósk
miðlæga mótaðilans.

2. Ef miðlægur mótaðili hefur lagt fram formlega beiðni um
aðgang að viðskiptavettvangi skal viðskiptavettvangurinn svara
miðlæga mótaðilanum innan þriggja mánaða.

3. Ef viðskiptavettvangur synjar um aðgang skal hann
tilkynna miðlæga mótaðilanum um það og upplýsa um ástæður
þess.

4. Með fyrirvara um ákvörðun lögbærra yfirvalda
viðskiptavettvangsins og miðlæga mótaðilans skal
viðskiptavettvangurinn gera aðgang mögulegan innan þriggja
mánaða frá jákvæðu svari við beiðni um aðgang.

Aðeins skal veita miðlæga mótaðilanum aðgang að
viðskiptavettvanginum ef slíkur aðgangur myndi hvorki
þarfnast rekstrarsamhæfis né ógna snurðulausri og skipulegri
starfsemi markaða, einkum vegna dreifingar seljanleika og
vegna þess að viðskiptavettvangurinn hefur komið á
fullnægjandi fyrirkomulagi til að koma í veg fyrir slíka
dreifingu.

5. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal
Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp
að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina hugtakið
dreifing seljanleika.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir
framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum
eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu
eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við
10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

9. gr.

Skylda um skýrslugjöf

1. Mótaðilar og miðlægir mótaðilar skulu sjá til þess að
upplýsingar um alla afleiðusamninga sem þeir hafa gert og um
allar breytingar eða uppsögn á samningunum séu tilkynntar
afleiðuviðskiptaskrá sem skráð er í samræmi við 55. gr. eða
viðurkennd í samræmi við 77. gr. Veita skal upplýsingarnar eigi
síðar en næsta virka dag eftir gerð, breytingu eða uppsögn
samnings.

Skyldan um skýrslugjöf gildir um afleiðusamninga sem:

- a) gerðir voru fyrir 16. ágúst 2012 og eru enn útstandandi á þeim degi,
- b) gerðir voru þann 16. ágúst 2012 eða síðar.

Mótaðili eða miðlægur mótaðili sem fellur undir skyldu um skýrslugjöf getur framselt skýrslugjöfina varðandi upplýsingar um afleiðusamningana.

Mótaðilar og miðlægir mótaðilar skulu sjá til þess að upplýsingarnar um afleiðusamninga þeirra séu ekki tilkynntar í tvígang.

2. Mótaðilar skulu halda skrá yfir alla afleiðusamninga sem þeir hafa gert og allar breytingar á þeim í a.m.k. fimm ár eftir að slíkum samningi lýkur.

3. Ef afleiðuviðskiptaskrá er ekki tiltæk til að skrá upplýsingar um afleiðusamning skulu mótaðilar og miðlægir mótaðilar sjá til þess að upplýsingarnar séu veittar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

Í þessu tilviki skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tryggja að allar viðeigandi einingar, sem um getur í 3. mgr. 81. gr., hafi aðgang að öllum upplýsingum um afleiðusamninga sem þær þurfa til að uppfylla viðkomandi skyldur sínar og umboð.

4. Mótaðili eða miðlægur mótaðili sem veitir afleiðuviðskiptaskrá eða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um afleiðusamning, eða eining sem veitir slíkar upplýsingar fyrir hönd mótaðila eða miðlægs mótaðila, telst ekki brjóta gegn takmörkunum á birtingu upplýsinga sem lagðar eru á með þeim samningi eða með laga- eða stjórnsýsluákvæðum.

Hvorki eining sem reikningsskil taka til né stjórnendur eða starfsfólk hennar skulu bera bótaábyrgð vegna þessarar upplýsingagjafar.

5. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingar og tegund skýrslanna, sem um getur í 1. og 3. mgr., að því er varðar mismunandi flokka afleiðna.

Í þeim skýrslum, sem um getur í 1. og 3. mgr., skal a.m.k. tilgreina:

- a) aðilana að afleiðusamningnum og, ef hann er annar, handhafa réttindanna og skuldbindinganna sem af honum leiðir,
- b) helstu einkenni afleiðusamningsins, þ.m.t. tegund hans, undirliggjandi líftími, nafnverð, verð og uppgjörsdag.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu 1. og 3. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina:

- a) framsetningu og tíðni skýrslanna, sem um getur í 1. og 3. mgr., að því er varðar mismunandi flokka afleiðna,
- b) daginn sem skal vera búíð að tilkynna afleiðusamninga, þ.m.t. öll áfangaskipt framkvæmd samninga sem gerðir eru áður en skyldan um skýrslugjöf gildir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

10. gr.

Ófjárhagslegir mótaðilar

1. Ef ófjárhagslegur mótaðili tekur stöðu í OTC-afleiðusamningum og þessar stöður fara yfir efri mörk viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar, eins og tilgreind eru í 3. mgr., skal sá ófjárhagslegi mótaðili:

- a) tafarlaust tilkynna það Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbæru yfirvaldi sem um getur í 5. mgr.,
- b) falla undir stöðustofnunarskylduna að því er varðar samninga í framtíðinni í samræmi við 4. gr. ef hlaupandi meðaltal stöðu yfir tímabil 30 virkra daga fer yfir efri mörkin, og
- c) stöðustofna alla viðeigandi samninga í framtíðinni innan fjögurra mánaða frá því að þeir teljast falla undir stöðustofnunarskylduna.

2. Ófjárhagslegur mótaðili sem fellur undir stöðustofnunarskylduna í samræmi við b-lið 1. mgr. og sýnir síðan yfirvaldi, sem er tilnefnt í samræmi við 5. mgr., fram á að hlaupandi meðaltal stöðu hans yfir tímabil 30 virkra daga fari ekki yfir efri mörk viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar, fellur ekki lengur undir stöðustofnunarskylduna sem sett er fram í 4. gr.

3. Við útreikning á stöðunum sem um getur í 1. mgr. skal ófjárhagslegur mótaðili taka með alla OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru af ófjárhagslegum mótaðila eða öðrum einingum sem ekki eru fjármálafyrirtæki, sem eru hluti samstæðunnar sem ófjárhagslegur mótaðili tilheyrir, sem ekki er unnt að mæla á hlutlægan hátt að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða fjármögnun mótaðilans sem er ekki fjármálafyrirtæki eða hluti samstæðunnar.

4. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og önnur viðeigandi yfirvöld, útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) viðmiðanir til að staðfesta hvaða OTC-afleiðusamninga er unnt að mæla með hlutlægum hætti að dragi úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða fjármögnun sem um getur í 3. mgr. og
- b) gildi viðmiðunarfjárhæðar stöðustofnunar, sem er ákvörðuð með tilliti til kerfislags mikilvægis samtölu hreinna staðna og áhættuskuldbindinga hvers mótaðila og hvers flokks OTC-afleiðusamninga.

Að viðhöfðu opnu samráðsferli skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Að viðhöfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og önnur viðeigandi yfirvöld skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin endurskoða með reglubundnum hætti viðmiðunarfjárhæðirnar og, ef nauðsyn krefur, leggja til tæknilega eftirlitsstaðla til að breyta þeim.

5. Hvert aðildarríki skal tilnefna yfirvald sem ber ábyrgð á að sjá til þess að skyldan skv. 1. málsgrein sé uppfyllt.

11. gr.

Aðferðir til að draga úr áhættu OTC-afleiðusamninga sem ekki eru stöðustofnaðir af miðlægum mótaðila

1. Fjárhagslegir mótaðilar og ófjárhagslegir mótaðilar sem gera OTC-afleiðusamning sem ekki er stöðustofnaður af miðlægum mótaðila skulu sjá til þess, með áreiðanleikakönnun, að viðeigandi verklag og fyrirkomulag sé til staðar til að meta, vakta og draga úr rekstraráhættu og greiðslufallsáhættu mótaðila, þ.m.t. að minnsta kosti:

- a) tímanleg staðfesting með rafrænum hætti, ef mögulegt er, á skilmálum viðkomandi OTC-afleiðusamnings,
- b) formleg ferli sem eru traust, álagsþolin og sem unnt er að endurskoða til að samrýma eignasöfn, stýra tengdri áhættu og greina snemma ágreining milli aðila og leysa hann og vakta virði útistandandi samninga.

2. Fjárhagslegir mótaðilar og ófjárhagslegir mótaðilar sem um getur í 10. gr. skulu daglega meta á markaðsvirði virði útistandandi samninga. Ef markaðsaðstæður koma í veg fyrir að unnt sé að meta á markaðsvirði skal nota áreiðanlegt og varfærið útreiknað virði.

3. Fjárhagslegir mótaðilar skulu hafa til staðar áhættustýringarferli sem krefst tímanlegra, nákvæmra og viðeigandi aðgreindra skipta á tryggingum að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru 16. ágúst 2012 eða síðar. Ófjárhagslegir mótaðilar, sem um getur í 10. gr., skulu hafa til staðar áhættustýringarferli sem krefst tímanlegra, nákvæmra og viðeigandi aðgreindra skipta á tryggingum að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru þegar eða eftir að farið er yfir viðmiðunarfjárhæð stöðustofnunar.

4. Fjárhagslegir mótaðilar skulu hafa viðeigandi fjármagn og í réttu hlutfalli til að stýra áhættu sem fellur ekki undir viðeigandi skipti á tryggingum.

5. Krafan sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar gildir ekki um viðskipti innan samstæðu sem um getur í 3. gr. milli mótaðila með staðfestu í sama aðildarríki að því tilskildu að ekki eru til staðar eða fyrirséðar neinar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu milli mótaðilanna.

6. Viðskipti innan samstæðu, sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. mgr. 3. gr., milli mótaðila sem hafa staðfestu í mismunandi aðildarríkjum skulu undanþegin í heild eða að hluta til frá kröfunni sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar á grundvelli jákvæðrar ákvörðunar beggja viðkomandi lögbærra yfirvalda, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) áhættustýringarferli mótaðilanna séu nægilega traust og öflug og í samræmi við það hversu flókin afleiðuviðskiptin eru,
- b) ekki eru til staðar eða fyrirséðar neinar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu milli mótaðilanna.

Ef lögbær yfirvöld komast ekki að jákvæðri niðurstöðu innan 30 almanaksdaga frá viðtöku umsóknar um undanþágu getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin aðstoðað þau lögbæru yfirvöld við að komast að samkomulagi í samræmi við vald sitt skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Viðskipti innan samstæðu, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., milli ófjárhagslegra mótaðila sem hafa staðfestu í mismunandi aðildarríkjum skulu undanþegin frá kröfunni sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) áhættustýringarferli mótaðilanna séu nægilega traust og öflug og í samræmi við það hversu flókin afleiðuviðskiptin eru,
- b) ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu milli mótaðilanna.

Ófjárhagslegir mótaðilar skulu tilkynna um fyrirætlan sína að beita undanþágunni til lögbæru yfirvaldanna sem um getur í 5. mgr. 10. gr. Undanþágan gildir nema annað hvort þeirra lögbæru yfirvalda sem tilkynnt er um hana, samþykki ekki að skilyrðin, sem um getur í a- eða b-lið fyrstu undirgreinar, séu uppfyllt innan þriggja mánaða frá tilkynningardegnum.

8. Viðskipti innan samstæðu, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 3. gr., milli mótaðila sem hefur staðfestu í Sambandinu og mótaðila sem hefur staðfestu í lögsögu þriðja lands skulu undanþegin að fullu eða að hluta til frá kröfunni sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar, á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu viðkomandi lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á eftirliti með mótaðilanum sem hefur staðfestu í Sambandinu, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) áhættustýringarferli mótaðilanna séu nægilega traust og öflug og í samræmi við það hversu flókin afleiðuviðskiptin eru,
- b) ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu milli mótaðilanna.

9. Viðskipti innan samstæðu, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., milli ófjárhagslegs mótaðila sem hefur staðfestu í Sambandinu og mótaðila sem hefur staðfestu í lögsögu þriðja lands skulu undanþegin frá kröfunni sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) áhættustýringarferli mótaðilanna séu nægilega traust og öflug og í samræmi við það hversu flókin afleiðuviðskiptin eru,
- b) ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu milli mótaðilanna.

Ófjárhagslegur mótaðili skal tilkynna um fyrirætlan sína að beita undanþágunni til lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 5. mgr. 10. gr. Undanþágan gildir nema lögbæra yfirvaldið sem tilkynnt er um hana samþykki ekki að skilyrðin, sem um getur í

a- eða b-lið fyrstu undirgreinar, séu uppfyllt innan þriggja mánaða frá tilkynningardegnum.

10. Viðskipti innan samstæðu, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., milli ófjárhagslegs mótaðila og fjárhagslegs mótaðila sem hafa staðfestu í mismunandi aðildarríkjum skulu undanþegin að fullu eða að hluta til frá kröfunni sem sett er fram í 3. mgr. þessarar greinar, á grundvelli jákvæðrar niðurstöðu viðkomandi lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á eftirliti með fjárhagslegum mótaðila, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) áhættustýringarferli mótaðilanna séu nægilega traust og öflug og í samræmi við það hversu flókin afleiðuviðskiptin eru,
- b) ekki séu til staðar eða fyrirséðar neinar hömlur, lagalegar eða aðrar, á skjótri yfirfærslu á eigin fé eða endurgreiðslu milli mótaðilanna.

Viðkomandi lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með fjárhagslegum mótaðila skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sem um getur í 5. mgr. 10. gr. um allar slíkar ákvarðanir. Undanþágan gildir nema lögbært yfirvald sem tilkynnt er um hana samþykki ekki að skilyrðin, sem um getur í a- eða b-lið fyrstu undirgreinar, séu uppfyllt. Ef ósamkomulag er á milli lögbæru yfirvaldanna getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin aðstoðað þau við að komast að samkomulagi í samræmi við valdheimildir stofnunarinnar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

11. Mótaðili í viðskiptum innan samstæðu sem hefur fengið undanþágu frá kröfunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. skal birta opinberlega upplýsingar um undanþáguna.

Lögbært yfirvald skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni um allar slíkar ákvarðanir sem eru samþykktar skv. 6., 8. eða 10. mgr. eða allar tilkynningar sem það tekur við skv. 7., 9. eða 10. mgr. og skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um hlutaðeigandi viðskipti innan samstæðu.

12. Skyldurnar sem settar eru fram í 1.– 11. mgr. gilda um OTC-afleiðusamninga sem gerðir eru milli eininga í þriðja landi, sem myndu falla undir þessar skyldur ef þær hefðu staðfestu í Sambandinu, að því tilskildu að þessir samningar hafi bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins eða þegar slík skylda er nauðsynleg eða viðeigandi til að koma í veg fyrir að komist sé hjá einhverju ákvæði í þessari reglugerð.

13. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal fylgjast reglubundið með starfsemi að því er varðar afleiður sem ekki eru hæfar til stöðustofnunar til að greina tilvik þar sem sérstakur flokkur afleiðna getur valdið kerfisáhættu og til að koma í veg fyrir högnun vegna mismunandi regluverks sem gildir um stöðustofnuð afleiðuviðskipti og afleiðuviðskipti sem ekki eru stöðustofnuð. Einkum skal Evrópska verðbréfa- markaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið, grípa til aðgerða í samræmi við 3. mgr. 5. gr. eða endurskoða tæknilega eftirlitsstaðla varðandi kröfur um tryggingar sem settar eru fram í 14. mgr. þessarar greinar og í 41. gr.

14. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina:

- a) aðferðirnar og fyrirkomulagið sem um getur í 1. mgr.,
- b) markaðsaðstæðurnar sem koma í veg fyrir að unnt sé að meta á markaðsvirði og viðmiðanirnar sem notaðar eru varðandi útreiknað virði sem um getur í 2. mgr.,
- c) upplýsingarnar um undanþegin viðskipti innan samstæðu sem skal getið í tilkynningunni sem um getur í 7., 9. og 10. málsgrein,
- d) nánari upplýsingar um undanþegin viðskipti innan samstæðu sem um getur í 11. mgr.,
- e) samningana sem talið er að hafi bein, veruleg og fyrirsjáanleg áhrif innan Sambandsins eða þegar nauðsynlegt eða viðeigandi þykir að koma í veg fyrir að komist sé hjá einhverju ákvæði í þessari reglugerð eins og um getur í 12. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

15. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar gera sameiginleg frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina:

- a) áhættustýringarferlin, þ.m.t. umfang og tegund trygginga- og aðgreiningarfyrirkomulags, sem þarf til að farið sé að 3. mgr.,
- b) hlutfall eigin fjár sem uppfyllir skilyrði 4. mgr.,
- c) verklagsreglurnar sem mótaðilarnir og viðkomandi lögbær yfirvöld skulu fylgja við beitingu undanþága skv. 6.–10. mgr.,
- d) gildandi viðmiðanir sem um getur í 5.–10. mgr., þ.m.t. einkum hvað telst vera lagalegar eða aðrar hindranir á skjótri yfirfærslu eigin fjár og endurgreiðslu skulda milli mótaðila.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi sameiginlegu frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er, með hliðsjón af lagalegu eðli mótaðilans, veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við

annað hvort 10. eða 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 eða (ESB) nr. 1095/2010.

12. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn reglum í þessum bálki og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þær komi til framkvæmda. Þessi viðurlög skulu a.m.k. fela í sér stjórnáskilgreiningar. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á eftirliti með fjárhagslegum mótaðilum og, eftir því sem við á, ófjárhagslegum mótaðilum birti opinberlega upplýsingar um öll viðurlög sem beitt hefur verið við brotum á 4., 5. og 7.–11. gr., nema birtingin kunnir að tefla fjármálamörkuðum í tvísýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða. Aðildarríki skulu, með reglulegu millibili, birta matsskýrslur um skilvirkni reglna um viðurlög sem beitt er. Slík upplýsingagjöf og birting skal ekki hafa að geyma persónuupplýsingar í skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunar 95/46/EB.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 17. febrúar 2013, tilkynna reglurnar sem um getur í 1. málsgrein til framkvæmdastjórnarinnar. Þau skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni um allar síðari breytingar á þeim.

3. Brot á reglunum í þessum bálki skulu ekki hafa áhrif á lögmæti OTC-afleiðusamnings eða möguleika aðilanna til að framfylgja ákvæðum OTC-afleiðusamnings. Brot á reglunum í þessum bálki skulu ekki hafa í för með sér rétt til bóta frá aðila að OTC-afleiðusamningi.

13. gr.

Kerfi til að koma í veg fyrir tvítekingu eða ósamkvæmni reglna

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar við vöktun og gerð skýrslna til Evrópuþingsins og ráðsins um alþjóðlega beitingu meginreglna sem settar eru fram í 4., 9., 10. og 11. gr., einkum að því er varðar mögulega tvítekingu eða ósamkvæmni krafna til markaðsaðila, og leggja til mögulegar aðgerðir.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir sem lýsa því yfir að fyrirkomulag laga, eftirlits og framfylgdar þriðja lands:

- a) jafngildi kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skv. 4., 9., 10. og 11. gr.,
- b) tryggi verndun þagnarskyldu, sem jafngildir þeirri sem sett er fram í þessari reglugerð, og

- c) að því sé beitt með skilvirkum hætti og framfylgt á sanngjarnan hátt og án röskunar til að tryggja skilvirkt eftirlit og framfylgd í viðkomandi þriðja landi.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 86. gr.

3. Framkvæmdargerð um jafngildi, eins og um getur í 2. mgr., skal gefa til kynna að mótaðilar sem stofna til viðskipta sem fellur undir þessa reglugerð teljist hafa uppfyllt skyldurnar sem felast í 4., 9., 10. og 11. gr. þegar a.m.k. einn mótaðilanna hefur staðfestu í viðkomandi þriðja landi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, hafa eftirlit með skilvirkri framkvæmd þriðju landa, sem framkvæmdargerð um jafngildi hefur verið samþykkt fyrir, á kröfunum sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í 4., 9., 10. og 11. gr., og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu með reglubundnu millibili, a.m.k. árlega. Ef skýrslan leiðir í ljós ófullnægjandi eða ósamræmda beitingu yfirvalda þriðja lands á kröfum um jafngildi skal framkvæmdastjórnin, innan 30 almanaksdaga frá framsetningu skýrslunnar, afturkalla viðurkenninguna á jafngildi viðkomandi lagaramma þriðja lands. Ef framkvæmdargerð um jafngildi er afturkölluð skulu mótaðilar sjálfkrafa falla aftur undir allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

III. BÁLKUR

STARFSLEYFI OG EFTIRLIT MEÐ MIÐLÆGUM MÓTAÐILUM

1. KAFLI

Skilyrði og ferli vegna starfsleyfis miðlægs mótaðila

14. gr.

Starfsleyfi miðlægs mótaðila

1. Ef lögaðili sem hefur staðfestu í Sambandinu ætlar að veita stöðustofnunarþjónustu sem miðlægur mótaðili skal hann sækja um starfsleyfi til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem hann hefur staðfestu (lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans), í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 17. gr.

2. Þegar leyfi hefur verið veitt í samræmi við 17. gr. gildir það um allt yfirráðasvæði Sambandsins.

3. Leyfið sem um getur í 1. mgr. skal aðeins veitt vegna starfsemi sem tengist stöðustofnun og skal tilgreina þjónustuna eða starfsemina sem miðlægi mótaðilinn má veita eða stunda, þ.m.t. þá flokka fjármálagerninga sem falla undir slíkt leyfi.

4. Miðlægur mótaðili skal ætíð uppfylla skilyrðin sem nauðsynleg eru til að fá starfsleyfi.

Miðlægur mótaðili skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar verulegar breytingar á skilyrðunum fyrir starfsleyfisveitingu.

5. Leyfisveitingin sem um getur í 1. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða haldi áfram að gera viðbótarkröfur að því er varðar miðlæga mótaðila sem komið er á fót á yfirráðasvæði þeirra, þ.m.t. tiltekna kröfur varðandi leyfi samkvæmt tilskipun 2006/48/EB.

15. gr.

Rýmkun á starfsemi og þjónustu

1. Miðlægur mótaðili sem vill rýmka starfsemi sína svo að hún nái til viðbótarpjónustu eða -starfsemi sem fellur ekki undir fyrsta leyfið skal leggja fram ósk um rýmkun til lögbærs yfirvalds miðlæga mótaðilans. Veiting stöðustofnunarþjónustu sem miðlægi mótaðilinn hefur ekki þegar fengið leyfi fyrir telst vera rýmkun á því leyfi.

Rýmkun leyfis skal framkvæma í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 17. gr.

2. Ef miðlægur mótaðili óskar eftir því að rýmka starfsemi sína svo hún nái inn í annað aðildarríki en það sem hann hefur staðfestu í skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans tilkynna það án tafar lögbæra yfirvaldinu í hinu aðildarríkinu.

16. gr.

Eiginfjárkröfur

1. Miðlægur mótaðili skal hafa varanlegt og aðgengilegt stofnfé sem er a.m.k. 7,5 milljónir evra til að fá leyfi skv. 14. gr.

2. Eigið fé miðlægs mótaðila, þ.m.t. óráðstafað eigið fé og annað eigið fé, skal vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af starfsemi miðlæga mótaðilans. Það skal ætíð vera nægilegt til að tryggja eðlileg slit eða endurskipulagningu starfseminnar innan hæfilegs tímabils og fullnægjandi vernd miðlæga mótaðilans gegn greiðslufallsáhættu, mótaðilaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lagalegri áhættu og viðskiptaáhættu, sem ekki fellur nú þegar undir ráðstöfun sérstaks fjármagns eins og um getur í 41.–44. gr.

3. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í nánú samstarfi við seðlabankakerfi Evrópu og að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfur að því er varðar eigið fé, óráðstafað eigið fé og annað eigið fé miðlægs mótaðila sem um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegum eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

17. gr.

Málsmeðferð við að samþykka og hafna beiðnum um starfsleyfisveitingu

1. Miðlægur mótaðili sem sækir um skal leggja fram umsókn um starfsleyfi til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu.

2. Miðlægur mótaðili sem sækir um skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem þarf til að fullvissa lögbæra yfirvaldið um að miðlægi mótaðilinn sem sækir um hafi, þegar umsóknin er lögð fram, komið á nauðsynlegu fyrirkomulagi til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Lögbæra yfirvaldið skal án tafar senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og fagráðinu sem um getur í 1. mgr. 18. gr. allar upplýsingarnar sem það fær frá miðlægum mótaðila sem sækir um.

3. Innan þrjátíu virkra daga frá viðtöku umsóknar skal lögbæra yfirvaldið meta hvort umsókn sé fullnægjandi. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal lögbæra yfirvaldið veita miðlæga mótaðilanum, sem sækir um, frest til að veita viðbótarupplýsingar. Eftir að umsókn hefur verið metin fullnægjandi skal lögbæra yfirvaldið tilkynna miðlægum mótaðila, sem sækir um, og meðlimum fagráðsins, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 18. gr., og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þar um.

4. Lögbæra yfirvaldið skal aðeins veita starfsleyfi er það hefur að fullu gengið úr skugga um að miðlægur mótaðili sem sækir um fari að öllum kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og að miðlægi mótaðilinn sé tilkynntur sem kerfi samkvæmt tilskipun 98/26/EB.

Lögbæra yfirvaldið skal á viðeigandi hátt taka álit fagráðsins sem fengið er samkvæmt 19. gr. til athugunar. Ef lögbært yfirvald miðlægs mótaðila er ekki sammála jákvæðu álit fagráðsins skal fullur rökstuðningur og útskýring á öllum verulegum frávikum frá því álit koma fram í ákvörðun þess.

Ekki skal veita miðlæga mótaðilanum leyfi ef allir aðilar fagráðsins, að undanskildum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu, komast með gagnkvæmum samningi að sameiginlegu álit, skv. 1. mgr. 19. gr., um að miðlægi mótaðilinn skuli ekki fá leyfi. Í þessu álit skal setja fram skriflega, skýrar og ítarlegar ástæður þess að fagráðið telur að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða annarri löggjöf Sambandsins, séu ekki uppfylltar.

Ef ekki hefur fengist sameiginlegt álit með gagnkvæmum samningi, eins og um getur í þriðju undirgrein, og meirihluti sem nemur tveimur þriðju hlutum fagráðsins hefur lýst neikvæðu álit, getur hvaða hlutaðeigandi lögbært yfirvald sem er, á grundvelli meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum fagráðsins, innan 30 almanaksdaga frá því að neikvæða álit er samþykkt, vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Í ákvörðun um tilvísun skal setja fram skriflega, skýrar og ítarlegar ástæður þess að viðkomandi aðilar fagráðsins telja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða annarri löggjöf Sambandsins, séu ekki uppfylltar. Í því tilviki skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans fresta ákvörðun sinni um leyfi og bíða eftir ákvörðun sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur tekið í samræmi við 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Lögbæra yfirvaldið skal taka ákvörðun sína í samræmi við ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ekki skal vísa málinu

til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eftir lok 30 daga tímabilsins sem um getur í fjórðu undirgrein.

Ef allir aðilarnir að fagráðinu, að undanskildum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu, komast að sameiginlegu álit með gagnkvæmum samningi, skv. 1. mgr. 19. gr., að miðlæga mótaðilanum skuli ekki veitt leyfi getur lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans vísað málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu skal senda öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum ákvörðun sína.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal fara eftir 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 ef lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans hefur ekki beitt ákvæðum þessarar reglugerðar, eða hefur beitt þeim þannig að það virðist brjóta gegn löggjöf Sambandsins.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur rannsakað meint brot gegn eða frávik frá beitingu löggjafar Sambandsins samkvæmt ósk hvaða aðila að fagráðinu sem er eða að eigin frumkvæði, eftir að hafa upplýst lögbæra yfirvaldið um það.

6. Engar aðgerðir sem aðilar fagráðsins grípa til við skyldustörf sín skulu, beint eða óbeint, mismuna gegn aðildarríki eða hópi aðildarríkja sem vettvangur fyrir veitingu stöðustofnunarþjónustu í hvaða gjaldmiðli sem er.

7. Lögbæra yfirvaldið skal, innan sex mánaða frá framlagningu fullgerðrar umsóknar, upplýsa miðlægum mótaðila sem sækir um skriflega, með rökstuddri útskýringu, hvort leyfi hafi verið veitt eða synjað hafi verið um leyfi.

18. gr.

Fagráð

1. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal, innan 30 almanaksdaga frá framlagningu fullgerðrar umsóknar í samræmi við 17. gr., koma á fót, stjórna og veita formensku fagráði til að auðvelda framkvæmd verkefnanna sem um getur í 15., 17., 49., 51. og 54. gr.

2. Fagráðið skal skipað:

- Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni,
- lögbæru yfirvaldi miðlæga mótaðilans,
- lögbæru yfirvöldunum sem bera ábyrgð á eftirliti með stöðustofnunaraðilum miðlæga mótaðilans sem hafa staðfestu í þeim þremur aðildarríkjum sem greiða hæstu framlögin, samanlagt yfir eins ár tímabil, í vanskilasjóð miðlæga mótaðilans sem um getur í 42. gr.,
- lögbæru yfirvöldunum sem bera ábyrgð á eftirliti með viðskiptavettvangi sem miðlægu mótaðilarnir þjónusta,
- lögbæru yfirvöldunum sem hafa eftirlit með miðlægum mótaðilum, sem fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi hefur verið komið á við,
- lögbæru yfirvöldunum sem hafa eftirlit með verðbréfamíðstöðvum sem miðlægi mótaðilinn tengist,

- g) viðeigandi aðilum seðlabankakerfis Evrópu sem bera ábyrgð á eftirliti með miðlæga mótaðilanum og viðeigandi aðilum seðlabankakerfis Evrópu sem bera ábyrgð á eftirliti með miðlægum mótaðilum, sem fyrirkomulagi um rekstrarsambæfi hefur verið komið á við,
- h) seðlabönkum sem gefa út þá gjaldmiðla Sambandsins sem eru mikilvægastir að því er varðar stöðustofnaða fjármálagerninga.
3. Lögbært yfirvald aðildarríkis, sem er ekki aðili að fagráðinu, getur beðið fagráðið um allar upplýsingar er varða framkvæmd eftirlitsskyldna þess.
4. Fagráðið skal, án þess að hafa áhrif á ábyrgð lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð, tryggja:
- undirbúning álitsins sem um getur í 19. gr.,
 - upplýsingaskipti, þ.m.t. óskir um upplýsingar skv. 84. gr.,
 - samkomulag um frjálsa skiptingu verkefna og frjálsa dreifingu ábyrgðar milli aðila þess,
 - samræmingu áætlana um eftirlitsaðgerðir á grundvelli áhættumats á miðlæga mótaðilanum, og
 - ákvörðun um aðferðir og viðbragðsáætlanir til að takast á við neyðarástand, eins og um getur í 24. gr.
5. Stofnsetning og starfsemi fagráðsins skal byggjast á skriflegu samkomulagi allra aðila þess.

Í þessu samkomulagi skal ákvarða hagnýtt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi fagráðsins, þ.m.t. ítarlegar reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu eins og um getur í 3. mgr. 19. gr., og unnt er að ákvarða verkefni sem fela skal lögbæru yfirvaldi miðlæga mótaðilans eða öðrum aðilum fagráðsins.

6. Til að tryggja samræmda og samfellda starfsemi fagráða alls staðar í Sambandinu skal Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina við hvaða skilyrði gjaldmiðlar Sambandsins, sem um getur í h-lið 2. mgr., teljast vera mikilvægastir og upplýsingar um hagnýtt fyrirkomulag sem um getur í 5. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

19. gr.

Álit fagráðsins

1. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal, innan fjögurra mánaða frá framlagningu fullgerðrar umsóknar miðlæga

mótaðilans í samræmi við 17. gr., framkvæma áhættumat á miðlæga mótaðilanum og leggja fram skýrslu til fagráðsins.

Innan 30 almanaksdaga frá viðtöku skýrslunnar og á grundvelli niðurstaðna hennar skal fagráðið komast að sameiginlegu álitu sem ákvarðar hvort miðlægur mótaðili sem sækir um uppfylli allar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Með fyrirvara um fjórðu undirgrein 4. mgr. 17. gr. og ef ekki hefur verið komist að sameiginlegu álitu í samræmi við aðra undirgrein skal fagráðið samþykkja meirihlutaálit innan saman tímabils.

2. Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin skal stuðla að samþykkt sameiginlega álitsins í samræmi við almennt samræmingarhlutverk hennar skv. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Samþykkja skal meirihlutaálit fagráðsins á grundvelli einfalds meirihluta aðila ráðsins. Að því er varðar fagrád sem skipuð eru 12 aðilum eða færri skulu að hámarki tveir aðilar fagráðsins sem tilheyra sama aðildarríkinu hafa atkvæðisrétt og hver aðili hefur eitt atkvæði. Að því er varðar fagrád sem skipuð eru fleiri en 12 aðilum skulu að hámarki þrjú aðilar fagráðsins sem tilheyra sama aðildarríkinu hafa atkvæðisrétt og hver aðili hefur eitt atkvæði. Evrópska verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnunin hefur engan atkvæðisrétt að því er varðar álit fagráðsins.

20. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 22. gr. skal lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans afturkalla starfsleyfi ef miðlægi mótaðilinn:

- hefur ekki nýtt leyfið innan 12 mánaða, afsalar sér ótvírætt leyfinu eða hefur hvorki veitt þjónustu né stundað starfsemi síðustu sex mánuði,
- hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmatan hátt,
- uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir veitingu leyfisins og hefur ekki gripið til aðgerða til úrbóta, sem lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans hefur krafist, innan ákveðins tímaramma,
- hefur brotið alvarlega og ítrekað gegn einhverjum af kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Ef lögbært yfirvald miðlægs mótaðila telur að aðstæður, sem um getur í 1. mgr., séu fyrir hendi skal það, innan fimm virkra daga, tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni og aðilum fagráðsins um það.

3. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal hafa samráð við aðila fagráðsins um nauðsyn þess að afturkalla starfsleyfi miðlæga mótaðilans nema þegar skjótrar ákvörðunar er krafist.
4. Allir aðilar fagráðsins geta, hvenær sem er, óskað eftir því að lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans athugi hvort miðlægi mótaðilinn uppfylli skilyrðin fyrir veitingu leyfisins.
5. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans getur takmarkað afturköllunina við tiltekna þjónustu, starfsemi eða flokk fjármálagerninga.
6. Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og aðilum að fagráðinu vel rökstudda ákvörðun sína, sem skal taka tillit til fyrirvara aðila fagráðsins.
7. Ákvörðunin um afturköllun leyfis gildir um gervallt Sambandið.

21. gr.

Endurskoðun og mat

1. Án þess að hafa áhrif á hlutverk fagráðsins skulu lögbæru yfirvöldin sem um getur í 22. gr. endurskoða fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi sem miðlægir mótaðilar hrinda í framkvæmd til að fara að þessari reglugerð og meta áhættuna sem miðlægir mótaðilar standa eða kunna að standa frammi fyrir.
 2. Endurskoðunin og matið sem um getur í 1. mgr. skal taka til allra krafna til miðlægra mótaðila sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
 3. Lögbær yfirvöld skulu ákveða tíðni og umfang endurskoðunarinnar og matsins sem um getur í 1. mgr. með tilliti til stærðar hlutaðeigandi miðlægs mótaðila, hvort hann sé kerfislega mikilvægur og með tilliti til eðlis, umfangs og margbreytileika starfsemi hlutaðeigandi miðlægs mótaðila. Úttektin og matið skulu uppfærð a.m.k. árlega.
- Miðlægir mótaðilar skulu falla undir vettvangsskoðanir.
4. Lögbæru yfirvöldin skulu upplýsa fagráðið reglulega, og að lágmarki árlega, um niðurstöður endurskoðunarinnar og matsins eins og um getur í 1. mgr., þ.m.t. um allar aðgerðir sem hafa verið gerðar til úrbóta eða álögð viðurlög.
 5. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að hver sá miðlægi mótaðili sem uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð grípi til nauðsynlegra aðgerða eða ráðstafana á fyrstu stigum til að takast á við aðstæðurnar.
 6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal uppfylla samræmingarhlutverk milli lögbærra yfirvalda og þvert á fagráð með það í huga að byggja upp sameiginlega eftirlitsmenningu og samræmdar eftirlitsaðferðir, tryggja samræmda málsmeðferð og aðferðir, og efla samkvæmni í eftirlitsniðurstöðum.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, a.m.k. árlega:

- a) gera jafningjarýni á eftirlitsstarfsemi allra lögbærra yfirvalda í tengslum við leyfisveitingu og eftirlit með

miðlægum mótaðilum í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, og

- b) hafa frumkvæði að og samræma mat á álagsþoli miðlægra mótaðila gagnvart óhagstæðri markaðsþróun í samræmi við 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Ef mat sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar sýnir fram á annmarka á álagsþoli eins eða fleiri miðlægra mótaðila skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefa út nauðsynleg tilmæli skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

2. KAFLI

Tilsjón og eftirlit með miðlægum mótaðilum

22. gr.

Lögbært yfirvald

1. Hvert aðildarríki skal tilfærna lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd skyldustarfa sem leiða af þessari reglugerð að því er varðar leyfisveitingu og eftirlit með miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu á fyrrráðasvæði þess og skal upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um það.

Ef aðildarríki tilfærir fleiri en eitt lögbært yfirvald skal það ákvarða með skýrum hætti viðkomandi hlutverk þeirra og tilfærna eitt yfirvald til að bera ábyrgð á samræmingu samstarfs og upplýsingaskipta við framkvæmdastjórnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja, Evrópsku bankaftirlitsstofnunina og viðeigandi aðila seðlabankakerfis Evrópu í samræmi við 23., 24., 83. og 84. gr.

2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að lögbæra yfirvaldið hafi eftirlits- og rannsóknarheimildir sem það þarf til að gegna hlutverki sínu.

3. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að unnt sé að gera eða leggja á viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir, í samræmi við landslög, gegn einstaklingum eða lögaðilum sem bera ábyrgð á að ekki sé farið að þessari reglugerð.

Þessar ráðstafanir skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif auk þess að geta m.a. falið í sér kröfur um aðgerðir til úrbóta innan ákveðins tímaramma.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd í samræmi við 1. mgr.

3. KAFLI

Samstarf

23. gr.

Samstarf milli yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu hafa náð samstarf hvert við annað, við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og, ef nauðsyn krefur, við seðlabankakerfi Evrópu.

2. Lögbær yfirvöld skulu því, við almenn skyldustörf sín, taka áhrif ákvarðana sinna á stöðugleika fjármálakerfis allra annarra hlutaðeigandi aðildarríkja til athugunar með viðeigandi hætti, einkum í neyðarástandi sem um getur í 24. gr., að teknu tilliti til aðgengilegra upplýsinga á þeim tíma.

24. gr.

Neyðarástand

Lögbært yfirvald miðlæga mótaðilans eða annað yfirvald skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðs- efitirlitsstofnuninni, viðkomandi aðilum seðlabankakerfis Evrópu og öðrum viðkomandi yfirvöldum um hvers konar neyðarástand að því er varðar miðlægan mótaðila, þ.m.t. þróun á fjármálamörkuðum sem gæti haft neikvæð áhrif á seljanleika á markaði og stöðugleika fjármálakerfisins í einhverju aðildarríkjanna þar sem miðlægi mótaðilinn eða einn af stöðustofnunaradilum hans hefur staðfestu.

4. KAFLI

Tengsl við þriðju lönd

25. gr.

Viðurkenning á miðlægum mótaðila þriðja lands

1. Miðlægur mótaðili, sem hefur staðfestu í þriðja landi, getur aðeins veitt stöðustofnunaradilum eða viðskiptavettvangi, sem komið er á fót í Sambandinu, þjónustu ef viðkomandi miðlægur mótaðili hefur hlotið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunarinnar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin getur, að höfðu samráði við yfirvöldin sem um getur í 3. mgr., viðurkennt miðlægan mótaðila með staðfestu í þriðja landi sem hefur sótt um viðurkenningu til að veita tiltekna stöðustofnunarþjónustu eða starfsemi ef:

- framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdargerð í samræmi við 6. mgr.,
- miðlægi mótaðilinn hefur starfsleyfi í þriðja landi og er háður virku efitirliti og framfylgd sem tryggir að farið sé að fullu að varfærniskröfunum sem gilda í viðkomandi þriðja landi,
- komið hefur verið á samstarfsfyrirkomulagi skv. 7. gr.,
- miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu eða starfsleyfi í þriðja landi sem telst búa yfir kerfum til að vinna gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem jafngildir kerfum Sambandsins í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í sameiginlegu samkomulagi aðildarríkja um jafngildi þriðja lands samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi⁽¹⁾.

3. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin leggur mat á það hvort skilyrðin sem um getur í 2. mgr. eru uppfyllt skal hún hafa samráð við:

- lögbært yfirvald aðildarríkis þar sem miðlægur mótaðili veitir eða fyrirhugar að veita stöðustofnunarþjónustu, sem valin hefur verið af miðlægum mótaðila,

- lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á efitirliti með stöðustofnunaradilum miðlæga mótaðilans sem hafa staðfestu í þeim þremur aðildarríkjum sem greiða, eða vænst er að munu greiða, mestu framlögin, samanlagt yfir eins ár tímabil, í vanskilasjóð miðlæga mótaðilans sem um getur í 42. gr.,

- lögbæru yfirvöldin sem bera ábyrgð á efitirliti með viðskiptavettvangi í Sambandinu, sem miðlægi mótaðilinn þjónustar eða mun þjónustar,

- lögbæru yfirvöldin sem hafa efitirlit með miðlægum mótaðilum sem hafa staðfestu í Sambandinu, ef fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi hefur verið komið á vegna þeirra aðila,

- viðeigandi aðila seðlabankakerfis Evrópu frá þeim aðildarríkjum þar sem miðlægi mótaðilinn veitir eða ætlar að veita stöðustofnunarþjónustu og viðeigandi aðilum seðlabankakerfis Evrópu sem bera ábyrgð á efitirliti með miðlægum mótaðilum, ef fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi hefur verið komið á vegna þeirra aðila,

- seðlabanka sem gefa út þá gjaldmiðla Sambandsins sem eru mikilvægastir að því er varðar þá fjármálagerninga sem eru eða verða stöðustofnaðir.

4. Miðlægi mótaðilinn sem um getur í 1. mgr. skal leggja fram umsókn sína til Evrópsku verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunarinnar.

Miðlægur mótaðili sem sækir um skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar vegna viðurkenningar hans. Innan þrjátíu virkra daga frá viðtöku skal Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin meta hvort umsókn sé fullnægjandi. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin setja miðlæga mótaðilanum, sem sækir um, frest til að veita viðbótarupplýsingar.

Ákvörðunin um viðurkenningu skal byggjast á skilyrðunum sem sett eru fram í 2. mgr. og vera óháð mati sem er grundvöllur ákvörðunar um jafngildi sem um getur í 3. mgr. 13. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin skal hafa samráð við yfirvöldin og einingarnar sem um getur í 3. mgr. áður en ákvörðun er tekin.

Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin skal, innan 180 daga frá framlagningu fullgerðrar umsóknar, upplýsa miðlæga mótaðilann sem sækir um skriflega, með rökstuddri útskýringu, hvort viðurkenning hafi verið veitt eða henni hafnað.

Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir miðlæga mótaðila sem eru viðurkenndir í samræmi við þessa reglugerð.

5. Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við yfirvöld og einingarnar sem um getur í 3. mgr., endurskoða viðurkenningu miðlæga mótaðilans sem hefur staðfestu í þriðja landi ef viðkomandi miðlægur mótaðili hefur rýmkað umfang starfsemi sinnar og þjónustu í Sambandinu. Sú endurskoðun skal framkvæmd í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. Evrópska verðbréfamarkaðsefitirlitsstofnunin getur afturkallað viðurkenningu viðkomandi miðlægs mótaðila ef skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. eru ekki lengur uppfyllt og við sömu aðstæður og þær sem lýst er í 20. mgr.

(¹) Stjtið. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

6. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerð skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 sem ákvarðar að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands tryggi að miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi í viðkomandi þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum, sem eru jafngildar kröfunum sem settar eru fram í IV. bálki þessarar reglugerðar um að þessir miðlægu mótaðilar falli undir virkt eftirlit og framfylgd í því þriðja landi á áframhaldandi grundvelli og að lagarammi þess þriðja lands kveði á um skilvirkt jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á miðlægum mótaðilum sem hafa leyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á samstarfsfyrirkomulagi við viðeigandi lögbær yfirvöld þriðju landa sem eru með laga- og eftirlitsramma sem hefur verið viðurkenndur sem jafngildir þessari reglugerð í samræmi við 6. mgr. Þess háttar fyrirkomulag skal að lágmarki tilgreina:

- a) fyrirkomulag upplýsingaskipta milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi þriðju landa, þ.m.t. aðgang að öllum upplýsingum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin óskar eftir að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í þriðja landi,
- b) fyrirkomulag tafarlausrar tilkynningar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ef lögbært yfirvald þriðja lands telur að miðlægur mótaðili sem það hefur eftirlit með brjóti gegn skilyrðunum í starfsleyfi sínu eða brjóti önnur lög sem hann fellur undir,
- c) fyrirkomulag tafarlausrar tilkynningar lögbærs yfirvalds þriðja lands til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar þegar miðlægum mótaðila, sem það hefur eftirlit með, hafa verið veitt réttindi til að veita stöðustofnunaradilum eða viðskiptavinum, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu,
- d) málsmeðferð varðandi samræmingu eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. eftir því sem við á, skoðanir á staðnum.

8. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar sem miðlægur mótaðili sem sækir um skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í umsókn sinni um viðurkenningu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

IV. BÁLKUR

KRÖFUR TIL MIÐLÆGRA MÓTAÐILA

1. KAFLI

Skipulagskröfur

26. gr.

Almenn ákvæði

1. Miðlægur mótaðili skal hafa fastmótað fyrirkomulag stjórnunarháttá sem felur í sér skýrt stjórnskipulag með vel

skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar, skilvirk vinnsluferli við að sannreyna, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættur sem hann verður eða kann að verða fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulag.

2. Miðlægur mótaðili skal samþykkja stefnur og málsmeðferð sem er nægilega skilvirk til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð, þ.m.t. að stjórnendur og starfsfólk hans fari að öllum ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Miðlægur mótaðili skal viðhalda og reka stjórnskipulag sem tryggir samfellda og eðlilega veitingu þjónustu og framkvæmd starfsemi hans. Hann skal nota viðeigandi kerfi, tilföng og málsmeðferð sem eru í réttu hlutfalli við þetta.

4. Miðlægur mótaðili skal viðhalda skýrum aðskilnaði boðleiða áhættustýringar og annarrar starfsemi miðlæga mótaðilans.

5. Miðlægur mótaðili skal samþykkja, framkvæma og viðhalda starfskjarastefnu sem stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu og skapar ekki hvata til að slaka á kröfum varðandi áhættu.

6. Miðlægur mótaðili skal viðhalda upplýsingatæknikerfum til að ráða við margbreytileika, fjölbreytileika og tegund veittrar þjónustu og starfsemi sem stunduð er til þess að tryggja hátt öryggisstig og heilleika og upplýsingaleynd upplýsinganna sem er viðhaldið.

7. Miðlægur mótaðili skal gera fyrirkomulag stjórnunarháttá sinna, reglunar sem gilda um miðlæga mótaðilann og aðgangsviðmiðanir fyrir uppgjörsaðild aðgengilegar öllum án endurgjalds.

8. Miðlægi mótaðilinn skal falla undir tíða og óháða endurskoðun. Niðurstaða slíkrar endurskoðunar skal tilkynnt stjórninni og gerð aðgengileg lögbæra yfirvaldinu.

9. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðila seðlabankakerfis Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina lágmarksinnihald reglnanna og fyrirkomulag stjórnunarháttá sem um getur í 1.–8. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

27. gr.

Yfirstjórn og stjórn

1. Yfirstjórn miðlægs mótaðila skal hafa óflekkað mannorð og næga reynslu til að tryggja trausta og varfærna stjórnun miðlæga mótaðilans.

2. Miðlægur mótaðili skal hafa stjórn. Að minnsta kosti þriðjungur, en ekki færri en tveir, aðila viðkomandi stjórnar skulu vera óháðir. Fulltrúum viðskiptavina stöðustofnunaradila skal boðið að sitja stjórnarfundum varðandi málefni sem varða 38. gr. og 39. gr. Greiðslur til óháðra og annarra stjórnarmanna, sem ekki eru framkvæmdastjórnar, skulu ekki vera tengdar rekstrarárangri miðlæga mótaðilans.

Aðilar í stjórn miðlægs mótaðila, þ.m.t. óháðir stjórnarmenn, skulu hafa óflekkað mannorð og búa yfir viðeigandi sérþekkingu á fjármálaþjónustu, áhættustýringu og stöðustofnunarþjónustu.

3. Miðlægur mótaðili skal ákvarða með skýrum hætti hlutverk og ábyrgð stjórnar og gera fundargerð stjórnarfunda aðgengilega lögbæru yfirvaldi og endurskoðendum.

28. gr.

Áhættunefnd

1. Miðlægur mótaðili skal koma á fót áhættunefnd, sem skal skipuð fulltrúum stöðustofnunaradila hans, óháðum aðilum stjórnarinnar og fulltrúum viðskiptavina hans. Áhættunefndin getur boðið starfsfólki miðlæga mótaðilans og óháðum utanaðkomandi sérfræðingum að sitja fundum áhættunefndarinnar án þess að þeir hafi atkvæðisrétt. Lögbær yfirvöld geta óskað eftir því að fá að sitja fundum áhættunefndarinnar án þess að hafa atkvæðisrétt og vera upplýst á viðeigandi hátt um starfsemi og ákvarðanir áhættunefndarinnar. Ráðgjöf áhættunefndarinnar skal vera óháð beinum áhrifum stjórnar miðlæga mótaðilans. Enginn hópur fulltrúa skal vera í meirihluta í áhættunefndinni.

2. Miðlægur mótaðili skal ákvarða með skýrum hætti umboð, fyrirkomulag stjórnunarháttanna til að tryggja óháði hans, verklagsreglur, aðgangsviðmiðanir og kjörfyrirkomulag að því er varðar aðila áhættunefndarinnar. Fyrirkomulag stjórnunarháttanna skal vera aðgengilegt öllum og skal a.m.k. ákvarða að áhættunefndin sé undir formennsku óháðs stjórnarmanns, heyrir beint undir stjórnina og fundi með reglulegu millibili.

3. Áhættunefndin skal veita stjórninni ráðgjöf um hvers konar fyrirkomulag sem gæti haft áhrif á áhættustýringu miðlæga mótaðilans, s.s. verulegar breytingar á áhættulíkani hennar, vanskilafærli, viðmiðanir við samþykkt stöðustofnunaradila, stöðustofnun nýrra gerningaaflokka eða útivistun starfsemi. Ráðgjafar áhættunefndarinnar er ekki krafist að því er varðar daglega starfsemi miðlæga mótaðilans. Gera skal eðlilegar ráðstafanir til að hafa samráð við áhættunefndina um þróun sem hefur áhrif á áhættustýringu miðlæga mótaðilans við neyðarástand.

4. Með fyrirvara um réttindi lögbærra yfirvalda til að vera upplýst á viðeigandi hátt skulu aðilar áhættunefndarinnar bundnir trúnaðarkvöð. Ef formaður áhættunefndarinnar ákvarðar að um raunverulega eða mögulega hagsmunaárekstra aðila sé að ræða að því er varðar tiltekið málefni skal viðkomandi aðila ekki heimilt að kjósa um það málefni.

5. Miðlægur mótaðili skal þegar í stað tilkynna lögbæra yfirvaldinu um allar ákvarðanir þar sem stjórnin ákveður að fylgja ekki ráðum áhættunefndarinnar.

29. gr.

Skráahald

1. Miðlægur mótaðili skal geyma allar skrár um veitta þjónustu og starfsemi í a.m.k. 10 ár til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að fylgjast með því hvort miðlægi mótaðilinn fari að þessari reglugerð.

2. Miðlægur mótaðili skal geyma allar upplýsingar um alla samninga sem hann hefur unnið með í a.m.k. 10 ár eftir að samningur fellur úr gildi. Þessar upplýsingar skulu a.m.k. gera það kleift að greina upphaflega skilmála viðskipta fyrir stöðustofnun viðkomandi miðlægs mótaðila.

3. Miðlægur mótaðili skal gera skrár og upplýsingar sem um getur í 1. og 2. mgr. og allar upplýsingar um stöður stöðustofnaðra samninga, án tillits til þess hvar viðskiptin voru framkvæmd, aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og viðeigandi aðilum seðlabankakerfis Evrópu samkvæmt beiðni.

4. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina skrárnar og upplýsingarnar sem skal geyma eins og um getur í 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. Til að tryggja samræmda beitingu 1. og 2. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdastöðlum sem tilgreina framsetningu skráa og upplýsinga sem ber að geyma.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

30. gr.

Hluthafar og aðilar með virka eignarhluti

1. Lögbært yfirvald skal ekki veita miðlægum mótaðila starfsleyfi fyrr en það hefur fengið upplýsingar um nöfn allra hluthafa eða félagsaðila sem ráða beint eða óbeint yfir virkum eignarhlutum sem einstaklingar eða lögaðilar, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

2. Lögbæra yfirvaldið skal synja miðlægum mótaðila um starfsleyfi ef það telur ekki viðkomandi hluthafa eða aðila sem eiga virka eignarhluta í miðlæga mótaðilanum hæfa, með tilliti til þess að nauðsynlegt er að tryggja trausta og varfærna stjórnun miðlæga mótaðilans.

3. Ef nán tengsl eru fyrir hendi milli miðlægs mótaðila og annarra einstaklinga eða lögpersóna skal lögbært yfirvald einungis veita starfsleyfi þegar sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að lögbæra yfirvaldið sinni eftirlitshlutverki sínu.

4. Ef aðilarnir sem um getur í 1. mgr. hafa áhrif sem eru líkleg til að vera skaðleg trausti og varfærinni stjórnun miðlægs mótaðila skal lögbært yfirvald grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand, sem getur falið í sér afturköllun á starfsleyfi miðlæga mótaðilans.

5. Lögbært yfirvald skal synja um starfsleyfi ef lög og stjórnsýsluákvæði þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem miðlægi mótaðilinn hefur nán tengsl við, eða vandkvæði tengd fullnustu þeirra koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sinni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

31. gr.

Upplýsingar til lögbærra yfirvalda

1. Miðlægur mótaðili skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um allar breytingar á stjórn hans og veita lögbæra yfirvaldinu allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort farið sé að 1. mgr. 27. gr. og annarri undirgrein 2. mgr. 27. gr.

Ef framferði aðila stjórnar er líklegt til að hafa áhrif á trausta og varfærna stjórnun miðlæga mótaðilans skal lögbæra yfirvaldið gera viðeigandi ráðstafanir, sem geta falið í sér að víkja þurfi viðkomandi aðila úr stjórn.

2. Einstaklingur eða lögaðili, eða slíkir aðilar í samstarfi (fyrirhugaður yfirtökuaðili), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort yfirtaka, beint eða óbeint, virkan eignarhluta í miðlægum mótaðila eða auka frekar, beint eða óbeint, virkan eignarhluta sinn í miðlægum mótaðila svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða eigin fé nemi eða fari yfir 10%, 20%, 30% eða 50% eða þannig að miðlægi mótaðilinn yrði dótturfélag hans („fyrirhugað yfirtaka“), tilkynni það áður skriflega lögbærum yfirvöldum miðlæga mótaðilans, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhluta sinn í og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða, eins og um getur í 4. mgr. 32. gr.

Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um að ráðstafa, beint eða óbeint, virkum eignarhluta í miðlægum mótaðila (fyrirhugaður seljandi) skal tilkynna það áður skriflega til lögbærra yfirvalda og skýra þeim frá hve stórum eignarhluta hann hyggst halda eftir. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbæra yfirvaldinu ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virkan eignarhluta svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar

eða eigin fjár hans fari niður fyrir 10%, 20%, 30% eða 50% eða að miðlægi mótaðilinn hætti að vera dótturfélag viðkomandi aðila.

Lögbæra yfirvaldið skal, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um getur í þessari málsgrein, og upplýsinganna, sem um getur í 3. mgr., senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila eða seljanda skriflega kvittun fyrir viðtöku.

Lögbæra yfirvaldið skal hafa mest 60 daga frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem farið er fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 32. gr. (matstímabil) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 32. gr. (matið).

Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila eða seljanda um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir viðtöku.

3. Á matstímabilinu er lögbæra yfirvaldinu heimilt, ef þörf krefur en eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga er þörf.

Á tímabilinu frá því að lögbæra yfirvaldið biður um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila skal gera hlé á matstímabilinu. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það má ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

4. Lögbæra yfirvaldið getur framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili eða seljandi er annaðhvort:

- staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Sambandsins,
- einstaklingur eða lögaðili sem fellur ekki undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun eða tilskipun 73/239/EBE, tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar⁽¹⁾ eða tilskipanir 2002/83/EB, 2003/41/EB, 2004/39/EB, 2005/68/EB, 2006/48/EB, 2009/65/EB eða 2011/61/ESB.

5. Ákveði lögbæra yfirvaldið, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skal það, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna fagráðinu sem um getur í 18. gr. til samræmis við það. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir

⁽¹⁾ Stjtd. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1.

ákvörðuninni að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Aðildarríki getur þó heimilað lögbæru yfirvaldi að birta slíka yfirlýsingu þótt ekki liggja fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

6. Andmæli lögbæra yfirvaldið ekki fyrirhugaðri yfirtöku á matstímabilinu telst hún samþykkt.

7. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

8. Aðildarríkin skulu ekki gera strangari kröfur um tilkynningu til lögbæra yfirvaldsins eða setja strangari skilyrði fyrir samþykki þeirra á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða eigin fé en sett eru í þessari reglugerð.

32. gr.

Mat

1. Við mat á tilkynningunni, sem kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr., og upplýsingunum, sem um getur í 3. mgr. 31. gr., skal lögbæra yfirvaldið, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun miðlæga mótaðilans, sem fyrirhugað er að yfirtaka, og að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á miðlæga mótaðilann, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllu eftirfarandi:

- a) orðspori og traustri fjárhagsstöðu fyrirhugaðs yfirtökuaðila,
- b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum miðlæga mótaðilans í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,
- c) hvort miðlægi mótaðilinn muni geta farið að og haldið áfram að fara að þessari reglugerð,
- d) hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið reynt í tengslum við fyrirhugaða yfirtöku eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

Við mat á fjárhagslegu trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila, skal lögbæra yfirvaldið veita sérstaka athygli þeirri tegund viðskipta sem er stunduð og áformað er að stunda í miðlæga mótaðilanum sem fyrirhugað er að yfirtaka.

Við mat á getu miðlæga mótaðilans til að fara að þessari reglugerð skal lögbæra yfirvaldið veita því sérstakri athygli hvort uppbygging samstæðunnar, sem hún verður hluti af, sé með þeim hætti að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni,

skiptast á upplýsingum um hana milli lögbærra yfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli lögbærra yfirvalda.

2. Lögbær yfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema til þess liggja haldbær rök á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. eða séu upplýsingarnar, sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir, ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirfram skilyrði um hlutfall eignarhluta, sem verður að yfirtaka, né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá yfir upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og senda ber lögbærum yfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. 31. gr. Upplýsingarnar sem krafist er skulu vera í réttu hlutfalli við og lagaðar að eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli fyrir varfærnismat.

5. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkum eignarhluta í sama miðlæga mótaðila skal, þrátt fyrir 2., 3. og 4. mgr. 31. gr., meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

6. Viðeigandi lögbær yfirvöld skulu vinna náið saman sín á milli þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

- a) annar miðlægur mótaðili, lánastofnun, líftryggingafélag, váttryggingafélag, endurtryggingafélag, fjárfestingarfyrirtæki, markaðsrekandi, rekstraraðili uppgjörskerfis fyrir verðbréf, rekstrarfélag verðbréfasjóðs eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki,
- b) móðurfélag annars miðlægs mótaðila, lánastofnunar, líftryggingafélags, váttryggingafélags, endurtryggingafélags, fjárfestingarfyrirtækis, markaðsrekanda, rekstraraðila uppgjörskerfis fyrir verðbréf, rekstrarfélags verðbréfasjóðs eða rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki,
- c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir öðrum miðlægum mótaðila, lánastofnun, líftryggingafélagi, váttryggingafélagi, endurtryggingafélagi, fjárfestingarfyrirtæki, markaðsrekanda, rekstraraðila uppgjörskerfis fyrir verðbréf, rekstrarfélagi verðbréfasjóðs eða rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem hefur starfsleyfi í öðru aðildarríki.

7. Lögbær yfirvöld skulu veita hvert öðru, án óþarfa tafa, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Lögbæru yfirvöldin skulu, samkvæmt beiðni, senda allar viðeigandi upplýsingar sín á milli og senda allar nauðsynlegar upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki lögbæra yfirvaldið, sem veitt hefur miðlæga mótaðilanum, sem fyrirhugað er að yfirtaka, starfsleyfi, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

33. gr.

Hagsmunaárekstrar

1. Miðlægur mótaðili skal viðhalda og starfa eftir skilvirku skipulagi og stjórnunarfyrikomulagi til að greina og stýra mögulegum hagsmunaárekstrum milli mótaðilans, þ.m.t. stjórnendur hans, starfsfólk, eða aðilar sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir honum eða nánin tengsl við hann, og stöðustofnunaraðila hans eða viðskiptavina þeirra, sem miðlæga mótaðilanum er kunnugt um. Hann skal viðhalda og framkvæma fullnægjandi verklag sem miðar að því að leysa mögulega hagsmunaárekstra.

2. Ef skipulags- og stjórnunarfyrikomulag miðlægs mótaðila til að stýra hagsmunaárekstrum er ekki fullnægjandi til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmunir stöðustofnunaraðila eða viðskiptavinar skaðist, skal hann birta fyrir stöðustofnunaraðilanum nákvæmar upplýsingar um almennt eðli eða ástæður hagsmunaárekstra áður en hann samþykkir ný viðskipti frá viðkomandi stöðustofnunaraðila. Ef miðlæga mótaðilanum er kunnugt um viðskiptavininn skal miðlægi mótaðilinn upplýsa viðskiptavininn og stöðustofnunaraðila hlutaðeigandi viðskiptavinar.

3. Ef miðlægi mótaðilinn er móðurfélag eða dótturfélag verður skriflega fyrirkomulagið einnig að taka mið af hvers konar aðstæðum, sem miðlæga mótaðilanum ætti að vera kunnugt um, sem gætu leitt til þess að hagsmunaárekstrar verði vegna skipulags og rekstrarstarfsemi annarra fyrirtækja sem hann tengist sem móðurfélag eða dótturfélag.

4. Skriflega fyrirkomulagið sem komið er á í samræmi við 1. mgr. skal taka til eftirfarandi:

- aðstæðnanna sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri stöðustofnunaraðila eða viðskiptavina skaðist,
- aðferða sem fylgja skal, og ráðstafana sem beita skal, í því skyni að hafa stjórn á þessum árekstri.

5. Miðlægur mótaðili skal grípa til allra skynsamlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir misnotkun upplýsinganna sem eru í kerfum hans og koma í veg fyrir notkun þeirra upplýsinga í annarri atvinnustarfsemi. Einstaklingur sem tengist náði miðlægum mótaðila, eða lögaðili sem tengist miðlægum mótaðila sem móðurfélag eða dótturfélag, skal ekki nota

trúnaðarupplýsingar sem skráðar eru hjá viðkomandi miðlægum mótaðila í viðskiptalegum tilgangi án skriflegs fyrirfram samþykkis viðskiptavinarins sem slíkar trúnaðarupplýsingar tilheyrja.

34. gr.

Samfella í viðskiptum

1. Miðlægur mótaðili skal koma á, framkvæma og viðhalda viðeigandi stefnu um samfellu í viðskiptum og áætlun um endurheimt gagna sem miðar að því að tryggja varðveislu starfs hans, tímanlega endurupptöku starfsemi og að skyldur miðlæga mótaðilans séu uppfylltar. Slík áætlun skal a.m.k. gera það kleift að endurheimta öll viðskipti frá þeim tíma sem þau voru rofin til að gera miðlæga mótaðilanum kleift að halda starfsemi áfram með vissu og ljúka uppgjöri á áætluðum degi.

2. Miðlægur mótaðili skal koma á, framkvæma og viðhalda fullnægjandi verklagi sem tryggir tímanlegt og eðlilegt uppgjör eða yfirfærslu eigna og staðna viðskiptavina og stöðustofnunaraðila ef um er að ræða afturköllun starfsleyfis samkvæmt ákvörðun sem tekin er skv. 20. gr.

3. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðila seðlabankakerfis Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina lágmarksinnihald og -kröfur stefnunnar um samfellu í viðskiptum og áætlunarnar um endurheimt gagna.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

35. gr.

Útvistun

1. Ef miðlægur mótaðili útvistar rekstrarþáttum, þjónustu eða starfsemi skal hann áfram bera fulla ábyrgð á því að sinna öllum skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð og tryggja ætíð að:

- útvistunin leiði ekki til þess að ábyrgð hans verði falin öðrum,
- sambandi og skyldum miðlæga mótaðilans gagnvart stöðustofnunaraðilum sínum eða, ef við á, gagnvart viðskiptavinum sínum sé ekki breytt,
- skilyrðin fyrir starfsleyfi miðlæga mótaðilans breytist ekki í reynd,
- útvistun komi ekki í veg fyrir framkvæmd eftirlits- og vöktunarstarfsemi, þ.m.t. aðgengi á staðnum til að fá viðeigandi upplýsingar sem þarf til að uppfylla viðkomandi umboð,

- e) útvistun svipti ekki miðlægan mótaðila nauðsynlegum kerfum og stjórnækjum til að stýra áhættu sem hann stendur frammi fyrir,
- f) þjónustuveitandinn framkvæmi kröfur um samfellu viðskipta, sem jafngilda þeim sem miðlægi mótaðilinn skal uppfylla samkvæmt þessari reglugerð,
- g) miðlægi mótaðilinn viðhaldi nauðsynlegum tilföngum og sérþekkingu til að geta lagt mat á gæði veittrar þjónustu og skipulags- og eiginfjárkröfur þjónustuveitandans, og til að hafa virkt eftirlit með útvistaðri starfsemi og stýra áhættu í tengslum við útvistunina og hafa eftirlit með þessari starfsemi og stýri þessari áhættu á áframhaldandi grundvelli,
- h) miðlægi mótaðilinn hafi beinan aðgang að viðeigandi upplýsingum um útvistaða starfsemi,
- i) þjónustuveitandinn hafi samstarf við lögbært yfirvald í tengslum við útvistuðu starfsemina,
- j) þjónustuveitandinn verndi allar trúnaðarupplýsingar sem varða miðlæga mótaðilann og stöðustofnunaraðila hans og viðskiptavinum eða, ef viðkomandi þjónustuveitandi hefur staðfestu í þriðja landi, tryggi að gagnaverndarstaðlar viðkomandi þriðja lands, eða þeir sem settir eru fram í samkomulaginu milli hlutaðeigandi aðila, séu sambærilegir gagnaverndarstöðlunum sem gilda í Sambandinu.

Miðlægur mótaðili skal ekki útvista aðalstarfsemi í tengslum við áhættustýringu nema lögbært yfirvald hafi samþykkt slíka útvistun.

2. Lögbært yfirvald skal krefjast þess að miðlægi mótaðilinn úthluti og setji fram réttindi sín og skyldur, og réttindi og skyldur þjónustuveitandans, með skýrum hætti í skriflegu samkomulagi.

3. Miðlægur mótaðili skal gera allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvort framkvæmd útvistaðrar starfsemi sé í samræmi við þessa reglugerð, aðgengilegar samkvæmt beiðni.

2. KAFLI

Reglur um viðskiptahætti

36. gr.

Almenn ákvæði

1. Þegar miðlægur mótaðili veitir stöðustofnunaraðilum sínum og, þar sem við á, viðskiptavinum þeirra þjónustu skal hann starfa af heiðarleika og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni slíkra stöðustofnunaraðila og viðskiptavina og trausta áhættustýringu.
2. Miðlægur mótaðili skal hafa aðgengilegar, gagnsæjar og sanngjarnar reglur um skjóta meðferð kvartana.

37. gr.

Þátttökuskilyrði

1. Miðlægur mótaðili skal koma á, þar sem við á, fyrir hverja tegund afurðar sem er stöðustofnuð, flokkum leyfilegra stöðustofnunaraðila og aðgangsviðmiðana, að fenginni ráðgjöf áhættunefndarinnar skv. 3. mgr. 28. gr. Slíkar viðmiðanir skulu vera án mismununar, gagnsæjar og hlutlægar til að tryggja sanngjarnan og opinn aðgang að miðlæga mótaðilanum og skal tryggja að stöðustofnunaraðilar hafi fullnægjandi fjármagn og rekstrarlegt hæfi til að uppfylla skyldurnar sem leiða af þátttöku í miðlægu mótaðila. Viðmiðanir sem takmarka aðgang skulu aðeins leyfðar að því marki sem markmið þeirra er að stýra áhættu fyrir miðlæga mótaðilann.

2. Miðlægur mótaðili skal tryggja að viðmiðunum sem um getur í 1. mgr. sé beitt á áframhaldandi grundvelli og skal hafa tímanlegan aðgang að upplýsingunum sem máli skipta fyrir slíkt mat. Miðlægur mótaðili skal, a.m.k. árlega, framkvæma ítarlega endurskoðun á því hvort stöðustofnunaraðilar hans fara að þessari grein.

3. Stöðustofnunaraðilar sem stöðustofna viðskipti fyrir hönd viðskiptavina sinna skulu hafa nauðsynlegt viðbótarfjármagn og rekstrarlegt hæfi til að framkvæma þessa starfsemi. Reglur miðlægs mótaðila um stöðustofnunaraðila skulu gera honum kleift að safna viðeigandi grunnupplýsingum til að greina, vakta og stýra viðkomandi samþjöppun áhættu í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavina. Stöðustofnunaraðilar skulu, samkvæmt beiðni, upplýsa miðlæga mótaðilann um viðmiðanirnar og fyrirkomulagið sem þeir samþykkja til að gera viðskiptavinum sínum kleift að hafa aðgang að þjónustu miðlæga mótaðilans. Stöðustofnunaraðilar skulu áfram bera ábyrgð á því að tryggja að viðskiptavinir uppfylli skyldur sínar.

4. Miðlægur mótaðili skal hafa hlutlægt og gagnsætt verklag varðandi tímabundna sviptingu og eðlilega útgöngu stöðustofnunaraðila sem ekki uppfylla lengur viðmiðanirnar sem um getur í 1. mgr.

5. Miðlægur mótaðili getur aðeins synjað stöðustofnunaraðilum, sem uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í 1. mgr., um aðgang í rökstuddum tilvikum og á grundvelli ítarlegrar áhættugreiningar.

6. Miðlægur mótaðili getur lagt sérstakar viðbótarskyldur á stöðustofnunaraðila, s.s. þátttöku í uppboðum á stöðu stöðustofnunaraðila sem vanefnt hefur skuldbindingar sínar. Slíkar viðbótarskyldur skulu vera í réttu hlutfalli við áhættuna sem stafar af stöðustofnunaraðilanum og skulu ekki takmarka þátttöku við tiltekna flokka stöðustofnunaraðila.

38. gr.

Gagnsæi

1. Miðlægur mótaðili og stöðustofnunaraðilar hans skulu birta opinberlega verð og gjöld í tengslum við veitta þjónustu. Þeir skulu birta verðin og gjöldin aðskilið fyrir hverja veitta þjónustu, þ.m.t. afslátt og hlutaendurgreiðslur og skilyrðin til að mega nýta þessar lækkanir. Miðlægur mótaðili skal veita stöðustofnunaraðilum sínum og, ef við á, viðskiptavinum þeirra aðskilinn aðgang að tiltekinni þjónustu.

Miðlægur mótaðili skal gera aðskilda grein fyrir gjöldum og tekjum vegna veittrar þjónustu og birta lögbæru yfirvaldi þær upplýsingar.

2. Miðlægur mótaðili skal láta stöðustofnunaradilum og viðskiptavinum í té upplýsingar um áhættu í tengslum við veitta þjónustu.

3. Miðlægur mótaðili skal láta stöðustofnunaradilum sínum og lögbæru yfirvaldi í té verðupplýsingar sem notaðar eru til að reikna út áhættuskuldbindingar hans vegna stöðustofnunaradila hans í lok dags.

Miðlægur mótaðili skal birta opinberlega umfang stöðustofnaðra viðskipta fyrir hvern flokk gerninga sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar í samanteknu formi.

4. Miðlægur mótaðili skal birta opinberlega rekstrarkröfur og tæknilegar kröfur að því er varðar samskiptareglur sem gilda um inntak og skilaboðasnið sem hann notar til að hafa samskipti við þriðju aðila, þ.m.t. rekstrarkröfur og tæknilegar kröfur sem um getur í 7. gr.

5. Miðlægur mótaðili skal birta opinberlega öll brot stöðustofnunaradila gegn viðmiðuninum sem um getur í 1. mgr. 37. gr. og kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, nema þegar lögbært yfirvald, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, telur að slík birting upplýsinga myndi ógna fjármálastöðugleika eða tiltrú markaða eða tefla fjármálamörkuðum í tvísýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða.

39. gr.

Aðgreining og flytjanleiki

1. Miðlægur mótaðili skal hafa aðskildar skrár og reikninga sem skulu gera honum kleift, hvenær sem er og án tafar, að greina eignir og stöður á nafni eins stöðustofnunaradila í reikningum miðlæga mótaðilans frá eignum og stöðum á nafni annars mótaðila og frá eigin eignum.

2. Miðlægur mótaðili skal bjóðast til að hafa aðskildar skrár og reikninga sem gera hverjum og einum stöðustofnunaradila kleift að greina eignir og stöður þess stöðustofnunaradila í reikningum miðlæga mótaðilans frá þeim sem eru í nafni viðskiptavina stöðustofnunaradilans (aðgreining sameiginlegra reikninga viðskiptavina).

3. Miðlægur mótaðili skal bjóðast til að hafa aðskildar skrár og reikninga sem gera hverjum og einum stöðustofnunaradila kleift að greina eignir og stöður á nafni viðskiptavinar í reikningum miðlæga mótaðilans frá þeim sem eru í nafni annarra viðskiptavina (aðgreining einstakra viðskiptavina). Miðlægi mótaðilinn skal, samkvæmt beiðni, bjóða stöðustofnunaradilum þann möguleika að opna fleiri reikninga í eigin nafni eða fyrir hönd viðskiptavina sinna.

4. Stöðustofnunaradili skal halda aðskildar skrár og reikninga sem gera honum kleift að greina, bæði í reikningum

hjá miðlægum mótaðila og í eigin reikningum, eignir hans og stöður frá eignum og stöðum í nafni viðskiptavina hans hjá miðlæga mótaðilanum.

5. Stöðustofnunaradili skal bjóða viðskiptavinum sínum, a.m.k. val milli aðgreiningar sameiginlegra reikninga viðskiptavina og aðgreiningar einstakra viðskiptavina og upplýsa þá um kostnað og umfang verndar, sem um getur í 7. mgr., í tengslum við hvorn valkost. Viðskiptavinurinn skal staðfesta val sitt skriflega.

6. Ef viðskiptavinur velur aðgreiningu einstakra viðskiptavina skulu þær tryggingar sem eru umfram kröfur viðskiptavinar einnig sendar miðlæga mótaðilanum og greindar frá tryggingum annarra viðskiptavina eða stöðustofnunaradila og skulu þær ekki standa frammi fyrir tapi í tengslum við stöður sem skráðar eru á annan reikning.

7. Miðlægir mótaðilar og stöðustofnunaradilar skulu birta opinberlega upplýsingar um verndarstig og kostnað í tengslum við mismunandi umfang aðgreiningar sem þeir veita og skulu bjóða þessa þjónustu með sanngjörnum viðskiptaskilmálum. Upplýsingar um mismunandi umfang aðgreiningar skulu fela í sér lýsingu á helstu réttaráhrifum viðkomandi verndarstiga sem í boði eru, þ.m.t. upplýsingar um gjaldprotalög sem gilda í viðkomandi lögsögu.

8. Miðlægur mótaðili skal hafa afnotarétt af þeim tryggingum eða þeim framlögum í vanskilasjóð sem safnast vegna samnings um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu, í skilningi c-liðar 1. mgr. 2. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir⁽¹⁾, að því tilskildu að kveðið sé á um notkun slíks fyrirkomulags í starfsreglum hans. Stöðustofnunaradilinn skal staðfesta skriflega samþykki sitt á starfsreglunum. Miðlægi mótaðilinn skal birta opinberlega þann afnotarétt, sem skal nýttur í samræmi við 47. gr.

9. Krafan um að geta greint eignir og stöður á reikningum hjá miðlæga mótaðilanum er uppfyllt þegar:

a) eignirnar og stöðurnar eru færðar á aðskilda reikninga,

b) komið er í veg fyrir jöfnun staðna sem skráðar eru á mismunandi reikninga,

c) eignirnar sem tryggja stöður sem færðar eru á reikning standa ekki frammi fyrir tapi í tengslum við stöðurnar sem færðar eru á annan reikning.

10. Eignir vísa til trygginga sem eru til þess ætlaðar að tryggja stöður og fela í sér réttindi til að yfirfæra eignir sem jafngilda viðkomandi tryggingu eða afrakstri innlausnar á tryggingu, en fela ekki í sér framlög í vanskilasjóð.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 168, 17.1.2002, bls. 43.

3. KAFLI

Varfærniskröfur

40. gr.

Stjórnun áhættuskuldbindinga

Miðlægur mótaðili skal, eins nærri rauntíma og unnt er, mæla og meta greiðsluhæfi sitt og greiðslufallsáhættu vegna hvers og eins stöðustofnunaradila og, ef við á, vegna annarra miðlægra mótaðila sem hann hefur komið á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi við. Miðlægur mótaðili skal hafa tímanlegan aðgang án mismununar að viðeigandi verðlagningarheimildum til að meta áhættuskuldbindingar sínar með skilvirkum hætti. Þetta skal framkvæmt á réttmætum kostnaðargrunni.

41. gr.

Kröfur um tryggingar

1. Miðlægur mótaðili skal leggja á, kalla eftir og innheimta tryggingar til að lágmarka skuldbindingar sínar sem bera greiðslufallsáhættu (*e. credit exposure*) vegna stöðustofnunaradila sinna og, ef við á, vegna miðlægra mótaðila sem hann hefur komið á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi við. Slíkar tryggingar skulu vera nægilegar að því er varðar hugsanlega áhættu, sem miðlægi mótaðilinn metur að muni koma upp, þar til viðkomandi stöður eru innleystar. Þær skulu einnig vera nægilegar til að standa straum af tapi, sem leiðir af a.m.k. 99% af hreyfingum áhættuskuldbindinga á viðeigandi tímabili, og skulu tryggja að miðlægur mótaðili tryggi, a.m.k. daglega, að fullu áhættuskuldbindingar sínar vegna allra stöðustofnunaradila sinna og, ef við á, vegna miðlægra mótaðila sem hann hefur komið á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi við. Miðlægur mótaðili skal reglulega vakta og, ef nauðsyn krefur, endurskoða tryggingar til að endurspeglar núverandi markaðsaðstæður með tilliti til sveiflumagnandi áhrifa slíkrar endurskoðunar.

2. Við ákvörðun á kröfum um tryggingar skal miðlægur mótaðili innleiða líkön og kennistærðir, sem fanga áhættueinkenni afurðanna sem eru stöðustofnaðar og taka tillit til tímabilsins á milli innheimtna tryggingar, seljanleika á markaði og mögulegra breytinga á meðan á viðskiptunum stendur. Lögbæra yfirvaldið skal sannreyna líkönin og kennistærðirnar, sem skulu vera með fyrirvara um álit í samræmi við 19. gr.

3. Miðlægur mótaðili skal innkalla og innheimta tryggingar innan dags, a.m.k. þegar farið er umfram fyrirfram skilgreind viðmiðunarmörk.

4. Miðlægur mótaðili skal innkalla og innheimta tryggingar sem eru fullnægjandi til að ná yfir áhættu sem stafar af stöðunum sem eru skráðar á hverjum reikningi sem haldinn er í samræmi við 39. gr. að því er varðar tiltekna fjármálagerninga. Miðlægur mótaðili getur reiknað út tryggingar að því er varðar safn fjármálagerninga að því tilskildu að aðferðafræðin sem notuð er sé varfærin og traust.

5. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og seðlabankakerfi Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum

sem tilgreina viðeigandi hlutfall og tímabil að því er varðar innlausnartímabilið og útreikning á sögulegu flökti, eins og um getur í 1. mgr., sem ber að hafa í huga fyrir mismunandi flokka fjármálagerninga, með tilliti til markmiðsins að takmarka sveiflumögnun og skilyrðanna sem eiga við um framkvæmd tryggingartöku vegna eignasafna, sem um getur í 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknileg eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

42. gr.

Vanskilasjóður

1. Til að takmarka skuldbindingar sínar sem bera greiðslufallsáhættu vegna stöðustofnunaradila sinna skal miðlægur mótaðili viðhalda forfjármögnuðum vanskilasjóði til að standa straum af tapi sem er umfram kröfurnar um tryggingar sem mælt er fyrir um í 41. gr. sem leiða af vanskilum, þ.m.t. upphaf gjaldþrotameðferðar, eins eða fleiri stöðustofnunaradila.

Miðlægi mótaðilinn skal setja lágmarksfjárhæð sem stærð vanskilasjóðsins má ekki fara undir við neinar kringumstæður.

2. Miðlægur mótaðili skal ákveða lágmarksfjárhæð framlaga í vanskilasjóðinn og viðmiðanirnar við útreikning á framlögum einstakra stöðustofnunaradila. Framlögin skulu vera í réttu hlutfalli við áhættuskuldbindingar hvers stöðustofnunaradila.

3. Vanskilasjóðurinn skal a.m.k. gera miðlæga mótaðilanum kleift að þola, við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður, vanskil stöðustofnunaradilans sem hann ber stærstu áhættuskuldbindingarnar vegna eða þeim stöðustofnunaradilum sem hann ber næst og þriðju stærstu áhættuskuldbindingarnar vegna, ef samanlögð áhætta vegna þeirra er hærri. Miðlægur mótaðili skal útfæra sviðsmyndir af óvenjulegum en sennilegum markaðsaðstæðum. Sviðsmyndirnar skulu taka til tímabilanna þar sem flöktið hefur verið mest á þeim mörkuðum þar sem miðlægi mótaðilinn býður þjónustu sína auk mögulegra framtíðarsviðsmynda. Þær skulu taka tillit til skyndilegrar sölu á fjármagni og til þess þegar dregur skjótt úr seljanleika á mörkuðum.

4. Miðlægur mótaðili getur komið á fót fleiri en einum vanskilasjóði fyrir mismunandi flokka gerninga sem hann stöðustofnar.

5. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánú samstarfi við seðlabankakerfi Evrópu og að höfðu samráði við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina rammann um skilgreiningu á óvenjulegum en sennilegum markaðsaðstæðum, sem um getur í 3. mgr., sem ætti að nota við skilgreiningu á stærð vanskilasjóðsins og annars fjármagns sem um getur í 43. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

43. gr.

Annað fjármagn

1. Miðlægur mótaðili skal viðhalda nægilegu forfjármögnuðu aðgengilegu fjármagni til að standa straum af mögulegu tapi sem er umfram tapið sem kröfur um tryggingar, sem mælt er fyrir um í 41. gr., og vanskilasjóðnum sem mælt er fyrir um í 42. gr., er ætlað að standa undir. Slíkt forfjármagnað fjármagn skal fela í sér tiltekið fjármagn miðlæga mótaðilans sem skal vera aðgengilegt miðlæga mótaðilanum og skal ekki notað til að uppfylla kröfur um eigið fé skv. 16. gr.

2. Vanskilasjóðurinn sem um getur í 42. gr. og annað fjármagn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal ætíð gera miðlæga mótaðilanum kleift að þola að lágmarki vanskil þeirra tveggja stöðustofnunaðila, sem hann ber stærstu áhættuskuldbindingar vegna, við óvenjulegar en sennilegar markaðsaðstæður.

3. Miðlægur mótaðili getur krafist þess að stöðustofnunaðilar sem ekki eru í vanskilum leggi fram viðbótarfjármagn ef um er að ræða vanskil annars stöðustofnunaðila. Stöðustofnunaðili miðlægs mótaðila skal bera takmarkaðar áhættuskuldbindingar vegna miðlæga mótaðilans.

44. gr.

Eftirlit með lausafjárahættu

1. Miðlægur mótaðili skal ætíð hafa aðgang að nægilegu lausafé til að veita þjónustu eða stunda starfsemi sína. Í því skyni skal hann afla nauðsynlegra lánalína eða sambærilegra samninga til að standa straum af lausafjáraþörf ef fjármagn til ráðstöfunar er ekki aðgengilegt þegar í stað. Stöðustofnunaðili, móðurfélag eða dótturfélag þess stöðustofnunaðila skulu samtals ekki veita meira en 25% af lánalínum sem miðlægi mótaðilinn þarfnast.

Miðlægur mótaðili skal daglega mæla mögulega lausafjáraþörf sína. Hann skal taka tillit til lausafjárahættu sem leiðir af vanskilum a.m.k. þeirra tveggja stöðustofnunaðila sem hann ber stærstu áhættuskuldbindingar vegna.

2. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við viðeigandi yfirvöld og aðila seðlabankakerfis Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina rammann um stýringu lausafjárahættu sem miðlægir mótaðilar þurfa að þola í samræmi við 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

45. gr.

Forgangsröðun við greiðslu vanskila (e. *default waterfall*)

1. Miðlægur mótaðili skal nota tryggingarnar sem stöðustofnunaðili í vanskilum lagði fram áður en annað fjármagn er notað til að standa straum af tapi.

2. Ef tryggingarnar sem stöðustofnunaðili sem lendir í vanskilum hefur lagt fram nægja ekki til að standa straum af tapi sem fellur á miðlæga mótaðilann skal miðlægi mótaðilinn nota framlagið sem viðkomandi aðili sem er í vanskilum hefur lagt í vanskilasjóðinn til að standa straum af því tapi.

3. Miðlægur mótaðili skal aðeins nota framlag sem stöðustofnunaðilarnir sem ekki eru í vanskilum hafa sett í vanskilasjóðinn og annað fjármagn sem um getur í 1. mgr. 43. gr. eftir að hafa notað upp framlög stöðustofnunaðilans sem er í vanskilum.

4. Miðlægur mótaðili skal nota sérstakt eigið fjármagn áður en hann notar framlög stöðustofnunaðila sem ekki eru í vanskilum í vanskilasjóðinn. Miðlægur mótaðili skal ekki nota tryggingarnar, sem stöðustofnunaðilar sem ekki eru í vanskilum hafa lagt fram, til að standa straum af tapi vegna vanskila annars stöðustofnunaðila.

5. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við viðeigandi lögbær yfirvöld og aðila seðlabankakerfis Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina aðferðafræðina við útreikning og viðhald fjárhæðar eigin fjár sem miðlægir mótaðilar þurfa að nota í samræmi við 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

46. gr.

Kröfur um tryggingar

1. Miðlægur mótaðili skal samþykkja auðseljanlegar tryggingar sem bera lágmarks útlána- og markaðsáhættu til að mæta upphaflegum og áframhaldandi áhættuskuldbindingum vegna stöðustofnunaðila sinna. Að því er varðar ófjárhagslega mótaðila getur miðlægur mótaðili samþykkt bankaábyrgðir og tekið tillit til slíkra ábyrgða við útreikning á áhættuskuldbindingum sínum vegna banka sem er stöðustofnunaðili. Hann skal beita fullnægjandi skerðingum við mat á virði eigna sem endurspeglar möguleikann á því að virði þeirra lækki á tímabilinu frá síðasta endurmati fram til tímans sem eðlilegt er að telja að þær verði innleystar. Hann skal taka tillit til lausafjárahættu í kjölfar vanskila markaðsaðila og samþjöppunaráhættu tiltekinna eigna sem gæti leitt til ákvörðunar um viðunandi tryggingu og viðeigandi skerðingar.

2. Miðlægur mótaðili getur, þegar það á við og er nægilega varfærið, samþykkt undirliggjandi þátt afleiðusamningsins eða fjármálagerningsins, sem er uppruni áhættuskuldbindingar miðlæga mótaðilans, sem tryggingu til að mæta kröfum sínum um tryggingar.

3. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, evrópska kerfis-áhætturáðið og seðlabankakerfi Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina:

- a) tegund tryggingar sem gæti talist auðseljanleg, s.s. reiðufé, gull, ríkisskuldabréf, traust skuldabréf fyrirtækja og sértryggð skuldabréf,
- b) frádrag sem um getur í 1. mgr. og
- c) skilyrðin um samþykki ábyrgða viðskiptabanka sem trygginga skv. 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

47. gr.

Fjárfestingarstefna

1. Miðlægur mótaðili skal aðeins festa fjármagn sitt í reiðufé eða auðseljanlegum fjármálagerningum sem bera lágmarks markaðs- og greiðslufallsáhættu. Það skal vera unnt að innleysa fjárfestingar miðlægs mótaðila fljótt og með sem minnstum neikvæðum áhrifum á verð.

2. Ekki skal taka tillit til þess eigin fjár, þ.m.t. óráðstafað eigið fé og annað eigið fé miðlægs mótaðila, sem ekki er fjárfest í, í samræmi við 1. mgr. að því er varðar 2. mgr. 16. gr. eða 4. mgr. 45. gr.

3. Fjármálagerningar sem lagðir eru fram sem tryggingar eða framlag í vanskilásjóð skulu, ef hægt er, afhentir til vörslu hjá rekstraradilum uppgjörskerfa fyrir verðbréf sem tryggja fulla vernd þessara fjármálagerninga. Að öðrum kosti má nota aðra mjög örugga samninga við fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi.

4. Innstæður miðlægs mótaðila skulu framkvæmdar fyrir milligöngu mjög öruggs fyrirkomulags hjá fjármálastofnunum sem hafa starfsleyfi eða, að öðrum kosti, með notkun viðskiptareikninga seðlabanka eða annarra sambærilegra aðferða sem seðlabankar kveða á um.

5. Ef miðlægur mótaðili afhendir þriðja aðila eignir til vörslu skal hann tryggja að unnt sé að greina sérstaklega eignirnar sem tilheyra uppgjörsaðilanum frá eignum sem tilheyra miðlæga mótaðilanum og frá eignum sem tilheyra viðkomandi þriðja aðila með því að hafa mismunandi heiti á reikningum þriðja aðila eða með öðrum sambærilegum ráðstöfunum sem stuðla að sams konar vernd. Miðlægur mótaðili skal hafa greiðan aðgang að fjármálagerningunum ef þörf krefur.

6. Miðlægur mótaðili skal hvorki fjárfesta hlutafé sínu né fjárhæðum sem leiða af kröfunum sem settar eru fram í 41., 42., 43. eða 44. gr. í eigin verðbréfum eða verðbréfum eigin móðurfélags eða dótturfélags.

7. Við fjárfestingarákvarðanir sínar skal miðlægur mótaðili taka tillit til heildarskuldbindinga sinna sem bera greiðslufallsáhættu vegna einstakra skuldara og tryggja að heildaráhættugrunnur vegna hvers og eins skuldara sé innan ásættanlegra fjárfestingarmarkna.

8. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, evrópska kerfis-áhætturáðið og seðlabankakerfi Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina fjármálagerningana sem teljast auðseljanlegir, bera lágmarks markaðs- og greiðslufallsáhættu eins og um getur í 1. mgr., mjög örugga fyrirkomulagið sem um getur í 3. og 4. mgr. og fjárfestingartakmarkanirnar sem um getur í 7. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

48. gr.

Vanskilaferli

1. Miðlægur mótaðili skal hafa nákvæmar verklagsreglur sem ber að fylgja þegar stöðustofnunaradili uppfyllir ekki þáttökuskilyrði miðlæga mótaðilans sem mælt er fyrir um í 37. gr. innan þeirra tímamarka og í samræmi við málsmeðferðina sem miðlægi mótaðilinn hefur komið á. Miðlægi mótaðilinn skal setja fram í smáatriðum verklagið sem ber að fylgja ef um er að ræða vanskil stöðustofnunaradila sem miðlægi mótaðilinn tilkynnir ekki. Þetta verklag skal endurskoða árlega.

2. Miðlægur mótaðili skal grípa til skjótra aðgerða til að takmarka tap og lausafjárþrýsting vegna vanskila og tryggja að lokun á stöðum stöðustofnunaradila hvorki trufla starfsemi hans né valdi því að stöðustofnunaradilar, sem ekki eru í vanskilum, verði fyrir tapi sem þeir geta ekki séð fyrir eða stýrt.

3. Ef miðlægur mótaðili telur að stöðustofnunaradili muni ekki geta uppfyllt framtíðarskuldbindingar sínar skal hann án tafar upplýsa lögbæra yfirvaldið áður en vanskilaferlið er tilkynnt eða sett af stað. Lögbæra yfirvaldið skal án tafar senda þessar upplýsingar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, viðeigandi aðila seðlabankakerfis Evrópu og lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á eftirliti með stöðustofnunaradilanum sem er í vanskilum.

4. Miðlægur mótaðili skal staðfesta að vanskilaferli hans séu framfylgjanleg. Hann skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hann hafi lagalegan rétt til að innleysa eignastöður stöðustofnunaradilans sem er í vanskilum og til að yfirfæra eða innleysa stöður viðskiptavina stöðustofnunaradilans sem er í vanskilum.

5. Ef eignir og stöður eru færðar í skrár og reikninga miðlægs mótaðila sem eignir eða stöður í eigu viðskiptavina stöðustofnunaradila sem er í vanskilum í samræmi við 2. mgr. 39. gr. skal miðlægi mótaðilinn, a.m.k. samningsbinda sig til að hefja málsmeðferð til að yfirfæra eignirnar og stöðurnar, sem stöðustofnunaradilinn sem er í vanskilum geymir fyrir hönd viðskiptavina sinna, til annars stöðustofnunaradila, sem allir þessir viðskiptavinir hafa tilnefnt, samkvæmt ósk þeirra og án samþykkis stöðustofnunaradilans sem er í vanskilum. Hinn stöðustofnunaradilinn skal aðeins skuldbundinn til að samþykkja þessar eignir og stöður ef hann hefur áður stofnað til samningssambands við viðskiptavinina sem skuldbindur hann til þess. Ef yfirfærslan til þess stöðustofnunaradila hefur ekki, af einhverjum ástæðum, farið fram innan fyrirframskilgreinds yfirfærslutímabils, sem tilgreint er í starfsreglum hans, getur miðlægi mótaðilinn gripið til allra viðeigandi ráðstafana, sem reglur hans leyfa, til að stýra áhættu sinni í tengslum við þessar stöður, þ.m.t. að innleysa eignirnar og stöðurnar sem stöðustofnunaradilinn sem er í vanskilum geymir fyrir hönd viðskiptavina sinna.

6. Ef eignir og stöður eru færðar í skrár og reikninga miðlægs mótaðila sem eignir eða stöður í eigu viðskiptavinar stöðustofnunaradila sem er í vanskilum í samræmi við 3. mgr. 39. gr. skal miðlægi mótaðilinn, a.m.k. samningsbinda sig til að hefja málsmeðferð til að yfirfæra eignirnar og stöðurnar, sem stöðustofnunaradilinn sem er í vanskilum geymir fyrir hönd viðskiptavinar síns, til annars stöðustofnunaradila, sem þessi viðskiptavinur hefur tilnefnt, samkvæmt ósk hans og án samþykkis stöðustofnunaradilans sem er í vanskilum. Hinn stöðustofnunaradilinn skal aðeins skuldbundinn til að samþykkja þessar eignir og stöður ef hann hefur áður stofnað til samningssambands við viðskiptavininn sem skuldbindur hann til þess. Ef yfirfærslan til þess stöðustofnunaradila hefur ekki, af einhverjum ástæðum, farið fram innan fyrirframskilgreinds yfirfærslutímabils, sem tilgreint er í starfsreglum hans, getur miðlægi mótaðilinn gripið til allra viðeigandi ráðstafana, sem reglur hans leyfa, til að stýra áhættu sinni í tengslum við þessar stöður, þ.m.t. að innleysa eignirnar og stöðurnar sem stöðustofnunaradilinn sem er í vanskilum geymir fyrir hönd viðskiptavinar síns.

7. Aðeins skal nota tryggingar viðskiptavina, sem eru aðgreindar í samræmi við 2. og 3. mgr. 39. gr., til að mæta stöðum sem eru geymdar í þeirra nafni. Eftirstandandi fjárhæð, sem miðlægi mótaðilinn skuldar mögulega eftir að hafa lokið vanskilaferli stöðustofnunaradilans, skal skila skjótt til þessara viðskiptavina þegar miðlæga mótaðilanum er kunnugt um þá eða, ef honum er ekki kunnugt um þá, til stöðustofnunaradilans í nafni viðskiptavina hans.

49. gr.

Endurskoðun líkana, álagsprófun og afturvirk prófun

1. Miðlægur mótaðili skal reglulega endurskoða líkönin og kennistærðirnar sem hafa verið samþykktar til að reikna út kröfur hans um tryggingar, framlög í vanskilasjóð, kröfur um tryggingar og annað fyrirkomulag við áhættustýringu. Hann skal láta líkönin undirgangast ströng og tíð álagspróf til að meta

álagsþol þeirra við öfgafullar en mögulegar markaðsaðstæður og framkvæma afturvirkar prófanir til að meta áreiðanleika samþykkrar aðferðafræði. Miðlægi mótaðilinn skal fá óháða viðurkenningu, upplýsa lögbært yfirvald sitt og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um niðurstöður framkvæmdra prófa og fá viðurkenningu þeirra áður en verulegar breytingar á líkönunum og kennistærðunum eru samþykktar.

Samþykktu líkönin og kennistærðirnar, þ.m.t. allar verulegar breytingar á þeim, falla undir álit fagráðsins skv. 19. gr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal sjá til þess að upplýsingar um niðurstöður álagsprófsins séu áframsendar til evrópsku eftirlitsstofnananna til að gera þeim kleift að meta áhættuskuldbindingar fyrirtækja á fjármálamarkaði vegna vanskila miðlægra mótaðila.

2. Miðlægur mótaðili skal prófa reglulega helstu þætti vanskilaferla sinna og grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að allir stöðustofnunaradilar skilji þá og hafi viðeigandi fyrirkomulag fyrir hendi til að bregðast við vanskilaatburði.

3. Miðlægur mótaðili skal birta opinberlega lykilupplýsingar um áhættustýringarlíkan sitt og forsendur sem samþykktar eru til að framkvæma álagsprófin sem um getur í 1. mgr.

4. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, önnur viðkomandi lögbær yfirvöld og aðila seðlabankakerfis Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina:

- a) tegundir prófa sem skal framkvæma á mismunandi flokka fjármálagerninga og eignasafna,
- b) þátttöku stöðustofnunaradila eða annarra aðila í prófunum,
- c) tíðni prófanna,
- d) tímaramma prófanna,
- e) lykilupplýsingarnar sem um getur í 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

50. gr.

Uppgjör

1. Miðlægur mótaðili skal, ef það er hagkvæmt og mögulegt, nota seðlabankapeninga til að gera upp viðskipti sín. Ef seðlabankapeningar eru ekki notaðir skal gera ráðstafanir til að takmarka áhættu vegna uppgjörðs í reiðufé.

2. Miðlægur mótaðili skal greina skilmerkilega frá skuldbindingum sínum að því er varðar afhendingu fjármálagerninga, þ.m.t. hvort hann sé skuldbundinn til að taka á móti eða afhenda fjármálagerning eða hvort hann geri þátttakanda skaðlausan vegna taps sem hann verður fyrir í afhendingarferlinu.

3. Ef miðlægur mótaðili er skuldbundinn til að afhenda eða taka á móti fjármálagerningum skal hann eyða höfuðstólsáhættu með því að nota fyrirkomulag sem felur í sér afhendingu gegn greiðslu að því marki sem unnt er.

V. BÁLKUR

FYRIRKOMULAG UM REKSTRARSAMHÆFI

51. gr.

Fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi

1. Miðlægur mótaðili getur komið á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi með öðrum miðlægum mótaðila ef kröfurnar sem mælt er fyrir um í 52., 53. og 54. gr. eru uppfylltar.

2. Þegar komið er á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi með öðrum miðlægum mótaðila í þeim tilgangi að veita tilteknum viðskiptavettvangi þjónustu skal miðlægi mótaðilinn hafa aðgang án mismununar, bæði að gögnunum sem hann þarf til að sinna hlutverki sínu frá þeim tiltekna viðskiptavettvangi, að því marki sem miðlægi mótaðilinn uppfyllir rekstrarkröfur og tæknilegar kröfur sem viðskiptavettvangurinn hefur komið á, og að viðeigandi uppgjörskerfi.

3. Aðeins skal synja um eða takmarka, beint eða óbeint, gerð fyrirkomulags um rekstrarsamhæfi eða aðgang að upplýsingastreymsi- eða uppgjörskerfi sem um getur í 1. og 2. mgr., til að stýra áhættu sem leiðir af því fyrirkomulagi eða aðgengi.

52. gr.

Áhættustýring

1. Miðlægir mótaðilar sem koma á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi skulu:

a) koma á fullnægjandi stefnum, ferlum og kerfum til að greina, vakta og stýra með skilvirkum hætti áhættu sem leiðir af fyrirkomulaginu til að þeir geti uppfyllt skyldur sínar tímanlega,

b) vera einhuga um viðkomandi réttindi sín og skyldur, þ.m.t. lögin sem gilda um samband þeirra,

c) greina, vakta og stýra með skilvirkum hætti greiðslufalls- og lausafjárahættu svo vanskil stöðustofnunaraðila eins miðlægs mótaðila hafi ekki áhrif á rekstrarsamhæfðan miðlægan mótaðila,

d) greina, vakta og fjalla um möguleg víxltengsl og fylgni, sem leiðir af fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi, sem gæti haft áhrif á greiðslufalls- og lausafjárahættu í tengslum við samsöfnun stöðustofnunaraðila og samansafnað fjármagn.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skulu miðlægir mótaðilar nota sömu reglur um innfærslutíma greiðslufyrirmæla í viðkomandi kerfi þeirra og hvenær þau verða óafturkallanleg eins og sett er fram í tilskipun 98/26/EB, eftir því sem við á.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal í skilmálum fyrirkomulagsins lýsa ferlinu við að stýra afleiðingum vanskilanna ef einn af miðlægum mótaðilunum, sem hefur komið á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi, er í vanskilum.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skulu miðlægir mótaðilar hafa trausta stjórn á endurnotkun á tryggingum stöðustofnunaraðila samkvæmt fyrirkomulaginu, ef lögbær yfirvöld þeirra heimila það. Fyrirkomulagið skal lýsa því hvernig tekið hefur verið á áhættunni með tilliti til fullnægjandi verndar og þörf á að takmarka smitáhrif.

2. Ef miðlægum mótaðilarnir nota mismunandi áhættustýringarlíkön til að taka til áhættuskuldbindinga vegna stöðustofnunaraðila sinna, eða gagnkvæmra áhættuskuldbindinga, skulu miðlægum mótaðilarnir greina þennan mismun, meta áhættuna sem hann gæti valdið og grípa til ráðstafana, þ.m.t. að tryggja viðbótarfjármagn, sem takmarkar áhrif þeirra á fyrirkomulagið um rekstrarsamhæfi og mögulegar afleiðingar með tilliti til smitáhrifa og tryggja að þessi mismunur hafi ekki áhrif á getu hvers og eins miðlægs mótaðila til að stýra afleiðingum vanskila stöðustofnunaraðila.

3. Miðlægi mótaðilinn sem óskar eftir rekstrarsamhæfi eða aðgengi skal bera allan tengdan kostnað sem leiðir af 1. og 2. mgr., nema aðilarnir hafi komið sér saman um annað.

53. gr.

Framlagning tryggingar milli miðlægra mótaðila

1. Miðlægur mótaðili skal í reikningum greina á milli eigna og staðna á nafni miðlægra mótaðila sem hann hefur komið á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi við.

2. Ef miðlægur mótaðili sem kemur á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi með öðrum miðlægum mótaðila leggur aðeins fram upphaflegar tryggingar til þess miðlæga mótaðila samkvæmt samningi um veðsetningu á fjárhagslegri tryggingu skal sá miðlægi mótaðili sem tekur við tryggingunni ekki hafa neinn rétt til að nota tryggingar sem hinn miðlægi mótaðilinn leggur fram.

3. Mótteknar tryggingar í formi fjármálagerninga skulu afhentar rekstraraðilum uppgjörkerfa fyrir verðbréf, sem tilkynntir eru skv. tilskipun 98/26/EB, til vörslu.

4. Eignirnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu aðeins vera aðgengilegar miðlæga mótaðilanum sem tekur við þeim ef um er að ræða vanskil miðlæga mótaðilans sem lagði fram trygginguna í tengslum við fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi.

5. Ef um er að ræða vanskil miðlæga mótaðilans sem tók á móti tryggingunni í tengslum við fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi skal skila tryggingunni sem um getur í 1. og 2. mgr. eins fljótt og auðið er til miðlæga mótaðilans sem lagði hana fram.

54. gr.

Samþykki fyrirkomulags um rekstrarsamhæfi

1. Fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi skal vera með fyrirvara um fyrirfram samþykki lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi miðlægra mótaðila. Málsmeðferðin skv. 17. gr. gildir.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu aðeins samþykkja fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi ef hlutaðeigandi miðlægir mótaðilar hafa leyfi til stöðustofnunar skv. 17. gr., eru viðurkenndir skv. 25. gr. eða hafa leyfi samkvæmt innlendu fyrirkomulagi sem fyrir er um leyfisveitingar á tímabili sem nær yfir a.m.k. þrjú ár, kröfurnar sem mælt er fyrir um í 52. gr. eru uppfylltar og tæknileg skilyrði um stöðustofnunarviðskipti samkvæmt skilmálum fyrirkomulagsins eru þannig að þau geri snurðulausa og skipulega starfsemi fjármálamarkaða mögulega og fyrirkomulagið grefur ekki undan skilvirkni eftirlits.

3. Ef lögbært yfirvald telur að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. séu ekki uppfylltar skal það gefa öðrum lögbærum yfirvöldum og hlutaðeigandi miðlægum mótaðilum skriflegar útskýringar á áhættuþáttunum sem það hefur til umhugsunar. Yfirvaldið skal einnig tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem skal gefa út álit á réttmæti þess að nota áhættuþættina sem grundvöll fyrir höfnun á fyrirkomulagi rekstrarsamhæfingar. Álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal gert aðgengilegt öllum hlutaðeigandi miðlægum mótaðilum. Ef álit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er frábrugðið mati viðkomandi lögbærs yfirvalds skal það lögbæra yfirvald endurskoða afstöðu sína með tilliti til álits Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, fyrir 31. desember 2012, gefa út viðmiðunarreglur eða tilmæli með það í huga að koma á samræmdu, skilvirku og árangursríku mati á fyrirkomulagi um rekstrarsamhæfi, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal útfæra drög að þessum viðmiðunarreglum eða tilmælum að höfðu samræði við aðila seðlabankakerfis Evrópu.

VI. BÁLKUR

SKRÁNING OG EFTIRLIT MEÐ AFLEIÐUVIÐSKIPTASKRÁM

1. KAFLI

Skilyrði og málsmeðferð við skráningu á afleiðuviðskiptaskrá

55. gr.

Skráning afleiðuviðskiptaskrár

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal, að því er varðar 9. gr., skráð hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

2. Til að vera tæk til skráningar samkvæmt þessari grein þarf afleiðuviðskiptaskrá að vera lögaðili með staðfestu í Sambandinu og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í VII. bálki.

3. Skráning afleiðuviðskiptaskrár gildir um gervallt yfirráðsæði Sambandsins.

4. Skráð afleiðuviðskiptaskrá skal ávallt uppfylla skilyrðin fyrir skráningu. Afleiðuviðskiptaskrá skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar verulegar breytingar á skilyrðum fyrir skráningu.

56. gr.

Umsókn um skráningu

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal leggja inn umsókn um skráningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal meta hvort umsóknin sé fullnægjandi innan 20 virkra daga frá viðtöku umsóknarinnar.

Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin setja afleiðuviðskiptaskránni frest til að veita viðbótarupplýsingar.

Eftir að umsókn hefur verið metin fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna afleiðuviðskiptaskránni til samræmis við það.

3. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu er um getur í 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdastöðlum til að ákvarða form tilkynninga samkvæmt þessari grein.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fram þessi frumvörp að tæknilegum framkvæmdastöðlum til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykka tæknilegu framkvæmdastöðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

57. gr.

Tilkynning til og samráð við lögbær yfirvöld fyrir skráningu

1. Ef afleiðuviðskiptaskrá sem sækir um skráningu er eining sem hefur leyfi eða er skráð hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem hún hefur staðfestu skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, án ástæðulausrar tafar, tilkynna og hafa samráð við viðkomandi lögbært yfirvald fyrir skráningu afleiðuviðskiptaskrárinnar.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og viðkomandi lögbært yfirvald skulu skiptast á upplýsingum sem nauðsynlegar eru fyrir skráningu afleiðuviðskiptaskrárinnar og vegna eftirlits með því hvort einingin fari að skilyrðunum um skráningu hennar eða leyfi í aðildarríkinu þar sem það hefur staðfestu.

58. gr.

Athugun á umsókninni

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan 40 virkra daga frá tilkynningunni sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. 56. gr., athuga umsóknina um skráningu á grundvelli þess að afleiðuviðskiptaskráin fari að 78. til 81. gr. og skal samþykka full rökstudda ákvörðun um skráningu eða ákvörðun um að hafna skráningu.

2. Ákvörðunin sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefur út skv. 1. mgr. skal taka gildi á fimmta virka degi eftir samþykkt.

59. gr.

Tilkynning um ákvarðanir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um skráningu

1. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir ákvörðun um skráningu eða ákvörðun um að hafna eða afturkalla skráningu skal hún tilkynna það afleiðuviðskiptaskránni innan fimm virkra daga með full rökstuddri útskýringu á ákvörðun sinni.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna viðkomandi lögbæru yfirvaldi sem um getur í 1. mgr. 57. gr. um ákvörðun sína.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal senda framkvæmdastjórninni allar ákvarðanir sínar sem teknar eru í samræmi við 1. mgr.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir færsluskjár sem eru skráðar í samræmi við þessa reglugerð. Sá listi skal uppfærður innan fimm virkra daga frá samþykkt ákvörðunar skv. 1. mgr.

60. gr.

Beiting valdheimilda sem um getur í 61. til 63. gr.

Valdheimildum, sem faldar eru Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eða embættismanni hennar eða einstaklingi í umboði Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með 61. til 63. gr., skal ekki beitt til að krefjast birtingar upplýsinga eða gagna sem falla undir lögtrúnað.

61. gr.

Beiðni um upplýsingar

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur með einfaldri beiðni eða með ákvörðun krafist afleiðuviðskiptaskrár og tengda þriðju aðila, sem afleiðuviðskiptaskrárnar hafa útvistað tilteknum rekstrarþáttum eða starfsemi til, um allar nauðsynlegar upplýsingar til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

2. Þegar senda skal einfalda beiðni um upplýsingar skv. 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin:

- vísa til þessarar greinar sem lagagrundvallar beiðninnar,
- tilgreina tilgang beiðninnar,
- tilgreina hvaða upplýsinga er krafist,
- setja tímamörk sem virða skal við afhendingu upplýsinganna,
- upplýsa aðilann, sem krafinn er um upplýsingarnar, um að honum sé ekki skylt að veita upplýsingarnar en að valfrjálst svar við beiðni um upplýsingar má hvorki vera rangt né villandi, og
- tilgreina sektina sem kveðið er á um í 65. gr. í tengslum við a-lið IV. þáttar I. viðauka ef svörin við spurningunum reynast röng eða villandi.

3. Þegar krafist er afhendingar upplýsinga skv. 1. mgr. með ákvörðun skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin:

- vísa til þessarar greinar sem lagagrundvallar beiðninnar,
- tilgreina tilgang beiðninnar,
- tilgreina hvaða upplýsinga er krafist,

- d) setja tímamörk sem virða skal við afhendingu upplýsinganna,
- e) tilgreina dagsektir sem kveðið er á um í 66. gr. ef tilskildar upplýsingar, sem veittar hafa verið, eru ófullnægjandi,
- f) tilgreina sektina sem kveðið er á um í 65. gr. í tengslum við a-lið IV. þáttar I. viðauka ef svörin við spurningunum reynast röng eða villandi og
- g) tilgreina rétt til að áfrýja ákvörðuninni til kærufndar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og til að fá Evrópudómstólinn til að endurskoða ákvörðunina í samræmi við 60. og 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. eða fulltrúar þeirra og, þegar um er að ræða lögadila eða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögadila, aðilar sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða stofnsamningi þeirra, skulu veita umbeðnar upplýsingar. Lögfræðingum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd viðskiptavina sinna. Hinir síðarnefndu bera áfram fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal án tafar senda afrit af einföldu beiðninni eða ákvörðun sinni til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem aðilarnir sem um getur í 1. mgr., sem beiðnin um upplýsingar varðar, hafa lögheimili eða staðfestu.

62. gr.

Almennar rannsóknir

1. Til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmt nauðsynlegar rannsóknir á aðilum sem um getur í 1. mgr. 61. gr. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa til þess umboð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skulu í þeim tilgangi hafa heimild til að:

- a) athuga allar skrár, öll gögn, verklagsreglur og annað efni sem varðar framkvæmd verkefna hennar óháð því hver geymslumiðill þess er,
- b) taka afrit af eða fá vottað afrit eða útdrátt úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,
- c) kveðja til fundar og biðja alla aðila sem um getur í 1. mgr. 61. gr., eða fulltrúa þeirra eða starfsfólk, um munnlega eða skriflega útskýringu á staðreynndum eða gögnum í tengslum við málsatvik og tilgangi skoðunar og til að skrá svörin,
- d) taka viðtal við aðra einstaklinga eða lögadila sem samþykkja að veita viðtal í þeim tilgangi að safna upplýsingum að því er varðar viðfangsefni rannsóknar,

- e) óska eftir skrár varðandi símtöl og gagnaumferð.

2. Embættismenn og aðilar, sem hafa heimild Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til rannsóknanna, sem um getur í 1. mgr., skulu, þegar þeir beita valdheimildum sínum, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur rannsóknarinnar. Sú heimild skal einnig tilgreina dagsektir sem kveðið er á um í 66. gr. ef tilskildar skrár, gögn, verklagsreglur eða önnur gögn, sem framvísað hefur verið, eru ófullnægjandi, eða ef svörin við spurningum til aðilanna, sem um getur í 1. mgr. 61. gr., eru ekki veitt eða eru ófullnægjandi, og sektirnar, sem kveðið er á um í 65. gr., í tengslum við b-lið IV. þáttar I. viðauka, ef svörin við spurningunum sem aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 61. gr., eru spurðir, eru röng eða misvísandi.

3. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 61. gr. skulu gangast undir rannsóknir sem gerðar eru á grundvelli ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar, dagsektir sem kveðið er á um í 66. gr., lagaleg úrræði sem standa til boða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 auk réttarins á því að Dómstóllinn taki ákvörðunina til endurskoðunar.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi þessa aðildarríkis þar sem rannsóknin fer fram um rannsóknina með góðum fyrirvara og hvaða aðilar hafa fengið heimild. Embættismenn viðkomandi lögbærs yfirvalds skulu, að beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, aðstoða viðurkenndu aðilana við skyldustörf sín. Embættismenn hlutadeigandi lögbærs yfirvalds geta einnig verið viðstaddir rannsóknirnar ef þeir óska eftir því.

5. Ef ósk um skrár yfir símtöl eða gagnaumferð, sem um getur í e-lið 1. mgr., krefst heimildar dómryfivalds samkvæmt landsreglum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild í varúðarskyni.

6. Ef sótt er um þá heimild sem um getur í 5. mgr. skulu innlend dómsmálayfirvöld hafa eftirlit með því að ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem stefnt er að, séu hvorki handahófskenndar né óhóflegar með hliðsjón af viðfangsefni rannsóknarinnar. Við eftirlit sitt með meðalhófi þvingunarráðstafana getur innlend dómsmálayfirvald beðið Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um ítarlegar útskýringar, einkum að því er varðar ástæður þess sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur til að gruna að brot gegn þessari reglugerð hafi átt sér stað og alvöru brotsins sem grunur er um og eðli afskipta aðila sem falla undir þvingunarráðstafanir. Innlend dómsmálayfirvöld skulu þó ekki endurskoða nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Lögmati ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er aðeins háð endurskoðun Dómstólsins eftir málsmeðferðina sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

63. gr.

Vettvangsskoðanir

1. Til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmt allar nauðsynlegar vettvangsskoðanir á starfsstöðum eða landi lögaðilanna sem um getur í 1. mgr. 61. gr. Ef þess þarf til að tryggja rétt framferði og skilvirkni við skoðun getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmt vettvangsskoðun án undangenginnar tilkynningar.

2. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa umboð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að framkvæma vettvangsskoðun mega fara inn á hvert það athafnasvæði eða land lögaðila sem fellur undir ákvörðun um rannsókn sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur samþykkt og skulu hafa allar heimildir sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 62. gr. Þeir skulu einnig hafa heimild til að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna skoðunarinnar.

3. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa umboð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að framkvæma skoðun á staðnum skulu, þegar þeir gegna embættisskyldu sinni, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur rannsóknarinnar, sem og dagsektir sem kveðið er á um í 66. gr. ef hlutaðeigandi aðilar gangast ekki undir rannsóknina. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, þar sem skoðunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.

4. Aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 61. gr., skulu gangast undir vettvangsskoðanir sem gerðar eru á grundvelli ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang skoðunarinnar, dagsetninguna sem áætlað er að hún hefjist og dagsektir sem kveðið er á um í 66. gr., lagaleg úrræði sem standa til boða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 og rétt á því að Dómstóllinn taki ákvörðunina til endurskoðunar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem skoðunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir með umboð frá eða tilnefndir af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, þar sem skoðunin fer fram, skulu, að beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, aðstoða embættismenn og aðra aðila, sem hafa umboð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, með virkum hætti. Í þessu skyni skulu þeir hafa það vald sem sett er fram í 2. mgr. Embættismenn hlutaðeigandi lögbærs yfirvalds aðildarríkis geta einnig verið viðstaddir vettvangsskoðun ef þeir óska eftir því.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig krafist þess að lögbær yfirvöld framkvæmi tiltekin rannsóknarverkefni og vettvangsskoðanir, eins og kveðið er á um í þessari grein og í 1. mgr. 62. gr., fyrir hennar hönd. Í þeim tilgangi skulu lögbær yfirvöld njóta sömu heimilda og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, eins og kveðið er á um í þessari grein og í 1. mgr. 62. gr.

7. Ef embættismenn og aðrir fylgdarmenn, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur veitt umboð, komast

að raun um að aðili leggst gegn athugun sem farið er fram á samkvæmt þessari grein skal lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða stjórnvalds með sambærilegt löggæsluvald til þess að gera þeim kleift að framkvæma skoðun sína á staðnum.

8. Ef skoðun á staðnum, sem kveðið er á um í 1. mgr., eða aðstoðin sem kveðið er á um í 7. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild í varúðarskyni.

9. Þar sem sótt er um heimild, eins og um getur í 8. mgr., skulu innlend dómsmálayfirvöld tryggja að ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sé gild og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óhóflegar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Við eftirlit sitt með því að þvingunarráðstafanir séu í réttu hlutfalli við brot getur innlent dómsmálayfirvald beðið Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um ítarlegar útskýringar. Slík beiðni um ítarlegar útskýringar getur einkum verið í tengslum við ástæðurnar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur til að gruna að brot gegn þessari reglugerð hafi átt sér stað og alvöru brotsins sem grunur er um og eðli afskipta aðila sem falla undir þvingunarráðstafanir. Innlend dómsmálayfirvöld skulu ekki endurskoða nauðsyn þess að framkvæma skoðun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Lögmæti ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er aðeins háð endurskoðun Dómstólsins eftir málsmeðferðina sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

64. gr.

Reglur um málsmeðferð að því er varðar eftirlitsráðstafanir og beitingu sekta

1. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kemst að því, þegar hún sinnir skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð, að sterkar vísbendingar séu um mögulega tilvist málsatvika sem geta falið í sér eitt eða fleiri af brotumum sem skráð eru í I. viðauka skal stofnunin tilnefna óháðan rannsakanda innan Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að rannsaka málið. Tilnefndi fulltrúinn skal hvorki taka þátt í né hafa tekið beint eða óbeint þátt í eftirlits- eða skráningarferli hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrár og skal sinna skyldum sínum óháð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

2. Rannsakandinn skal rannsaka meint misferli, með tilliti til allra athugasemda, sem aðilarnir sem falla undir rannsóknirnar hafa lagt fram, og leggja fram fullgerða skýrslu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með niðurstöðum sínum.

Til að sinna skyldum sínum getur rannsakandinn beitt heimildum sínum til að óska eftir upplýsingum í samræmi við 61. gr. og til að framkvæma rannsóknir og vettvangsskoðanir í samræmi við 62. gr. og 63. gr. Þegar hann beitir þessum heimildum skal rannsakandinn fara að 60. gr.

Við störf sín skal rannsakandinn hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur safnað við eftirlitsstarfsemi sína.

65. gr.

Sektir

3. Eftir að rannsakandinn hefur lokið rannsókn sinni og áður en hann leggur skýrsluna með niðurstöðum sínum fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina skal hann gefa aðilunum sem falla undir rannsóknirnar tækifæri til að taka til máls um málefnið sem eru til rannsókna. Rannsakandinn skal einungis byggja niðurstöður sínar á málsatvikum sem hlutaðeigandi aðilar hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

Réttur hlutaðeigandi aðila til varnar skal virtur að fullu í málinu við rannsóknir samkvæmt þessari grein.

4. Þegar rannsakandinn leggur skýrsluna með niðurstöðunum fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal hann tilkynna það aðilunum sem falla undir rannsóknirnar. Aðilarnir sem falla undir rannsóknirnar skulu hafa rétt til aðgangs að skýrslunni, með fyrirvara um lögmæta hagsmunum annarra aðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Réttur til aðgangs að skýrslunni nær ekki til trúnaðarupplýsinga sem varða þriðju aðila.

5. Á grundvelli skýrslunnar með niðurstöðum rannsakandans og, ef hlutaðeigandi aðilar óska eftir því, eftir að hafa veitt aðilunum sem falla undir rannsóknirnar í samræmi við 67. gr. áheyrn, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveða hvort aðilarnir sem falla undir rannsóknirnar hafi framið eitt eða fleiri þeirra brota sem skráð eru í I. viðauka og, ef svo er, grípa til eftirlitsráðstafana í samræmi við 73. gr. og beita sektum í samræmi við 65. gr.

6. Rannsakandinn skal ekki taka þátt í umfjöllun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða grípa með öðrum hætti inn í ákvarðanatökufæri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja frekari málsmeðferðarreglur um beitingu heimilda til að beita sektum eða dagsektum, þ.m.t. ákvæði um rétt til málsvarnar, tímabundnar ráðstafanir og innheimtu sekta og dagsekta, og skal samþykkja ítarlegar reglur um fyrningarfresti vegna beitingar og fullnustu viðurlaga.

Reglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu samþykktar með afleiddum gerðum í samræmi við 82. gr.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal vísa málum til saksóknar hjá viðeigandi landsyfirvöldum ef hún kemst að því, þegar hún sinnir skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð, að sterkar vísbendingar séu um mögulega tilvist málsatvika sem geti falið í sér refsiverð brot. Auk þess skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin láta hjá líða að beita sektum eða dagsektum ef fyrir liggur sýkna eða sakfelling vegna nákvæmlega eins málsatvika, eða vegna málsatvika sem eru að verulegu leyti eins, samkvæmt bindandi dómi sem kveðinn hefur verið upp í sakamáli sem höfðað er á grundvelli laga aðildarríkis.

1. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kemst að því, í samræmi við 5. mgr. 64. gr., að afleiðuviðskiptaskrá hafi, af gáleysi eða ásetningi, framið eitt af þeim brotum sem skráð eru í I. viðauka skal hún taka ákvörðun um að beita sekt í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

Brot afleiðuviðskiptaskrár telst hafa verið framið af ásetningi ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin finnur hlutlæga þætti sem sýna fram á að afleiðuviðskiptaskrá eða yfirstjórn hennar hafi einsett sér að fremja brotið.

2. Grunnfjárhæðir sektanna sem um getur í 1. mgr. skulu vera innan eftirfarandi marka:

- a) vegna brotanna sem um getur í I. viðauka (c-lið I. þáttar) og í I. viðauka (c- til g-lið II. þáttar) og I. viðauka (í a- og b-lið III. þáttar) skulu fjárhæðir sektanna vera að lágmarki 10 000 evrur og ekki vera hærri en 20 000 evrur,
- b) vegna brotanna sem um getur í I. viðauka (a-, b- og d- til h-liðar I. þáttar) og í I. viðauka (a-, b- og h-liður II. þáttar) skulu fjárhæðir sektanna vera að lágmarki 5 000 evrur og ekki vera hærri en 10 000 evrur.

Til að ákvarða hvort grunnfjárhæð sektanna skuli miðast við lægri mörkin, miðgildi eða hærri mörkin sem sett eru fram í fyrstu undirgrein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til ársveltu hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrár á næstliðnu rekstrarári. Grunnfjárhæðin skal vera við lægri mörkin vegna afleiðuviðskiptaskráa sem hafa ársveltu undir 1 milljón evra, miðgildi markanna vegna afleiðuviðskiptaskráa sem hafa ársveltu á bilinu 1 til 5 milljónir evra og við hærri mörkin vegna afleiðuviðskiptaskráa sem hafa ársveltu umfram 5 milljónir evra.

3. Grunnfjárhæðirnar sem settar eru fram í 2. mgr. skal aðlaga, ef þörf krefur, með tilliti til íþyngjandi eða mildandi þátta í samræmi við viðeigandi stuðla sem settir eru fram í II. viðauka.

Beita skal viðeigandi íþyngjandi stuðlum, einum af öðrum, á grunnfjárhæðina. Ef fleiri en einn íþyngjandi stuðull á við skal bæta mismuninum, á milli grunnfjárhæðarinnar og fjárhæðarinnar sem leiðir af beitingu hvers einstaks íþyngjandi stuðuls, við grunnfjárhæðina.

Beita skal viðeigandi mildandi stuðlum, einum af öðrum, á grunnfjárhæðina. Ef fleiri en einn mildandi stuðull á við skal draga mismuninn, á milli grunnfjárhæðarinnar og fjárhæðarinnar sem leiðir af beitingu hvers einstaks mildandi stuðuls, frá grunnfjárhæðinni.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. skal fjárhæð sektarinnar ekki vera umfram 20% af ársveltu hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrár á næstliðnu rekstrarári en hafi afleiðuviðskiptaskráin með beinum eða óbeinum hætti haft fjárhagslegan ávinning af brotinu skal fjárhæð sektarinnar vera a.m.k. jöfn þeim ávinningi.

Ef athöfn eða athafnaleysi afleiðuviðskiptaskrár felur í sér fleiri en eitt brot, sem skráð er í I. viðauka, gildir aðeins hærrí sektin, sem reiknuð er út í samræmi við 2. og 3. mgr. og tengist einu af þeim brotum.

66. gr.

Dagsektir

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal með ákvörðun beita dagsektum til að þvinga:

a) afleiðuviðskiptaskrá til að láta af broti í samræmi við ákvörðun sem tekin er skv. a-lið 1. mgr. 73. gr., eða

b) aðila sem um getur í 1. mgr. 61. gr.:

i. til að veita tæmandi upplýsingar sem óskað hefur verið eftir með ákvörðun skv. 61. gr.,

ii. til að gangast undir rannsókn og einkum leggja fram tæmandi skrár, gögn, verklagsreglur eða annað efni sem krafist er og ljúka við og leiðréttá aðrar upplýsingar sem lagðar eru fram við rannsókn, sem sett er af stað með ákvörðun skv. 62. gr., eða

iii. til að gangast undir skoðun á staðnum sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun skv. 63. gr.

2. Dagsekt skal vera skilvirk og í réttu hlutfalli við brot. Dagsekt skal lögð á fyrir hvern dag sem farið er fram yfir frestinn.

3. Þrátt fyrir 2. málsgrein skal fjárhæð dagsektanna vera 3% af meðaltali daglegrar veltu á næstliðnu rekstrarári eða, ef um er að ræða einstaklinga, 2% af meðaltali daglegra tekna á næstliðnu almanaksári. Reikna skal sektina frá þeirri dagsetningu sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni um álagningu dagsektarinnar.

4. Dagsektir skal leggja á fyrir tímabil sem er að hámarki sex mánuðir frá því að tilkynnt er um ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurskoða ráðstöfunina eftir lok tímabilsins.

67. gr.

Skýrslutaka af hlutaðeigandi aðilum

1. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur ákvörðun um beitingu sektar eða dagsektar skv. 65. og 66. gr. skal hún gefa aðilunum sem falla undir málsmeðferðina tækifæri til að tjá sig um niðurstöður hennar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einungis byggja ákvarðanir sínar á niðurstöðum sem þeir aðilar sem falla undir málsmeðferð hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

2. Réttur hlutaðeigandi aðila, sem falla undir málsmeðferðina, til varnar skal virtur að fullu í málsmeðferðinni. Þeir skulu hafa rétt til aðgangs að málsskjölum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær hvorki til trúnaðarupplýsinga né innanhússkjala Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

68. gr.

Birting, eðli, framfylgd og beiting sekta og dagsekta

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta opinberlega allar sektir og dagsektir sem hafa verið lagðar á skv. 65. og 66. gr., nema slík opinber birting upplýsinga myndi tefla fjármálamarkaðnum í tvísýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða. Slík upplýsingagjöf skal ekki fela í sér persónuupplýsingar í skilningi reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

2. Álagning sekta og dagsekta skv. 65. og 66. gr. skal vera stjórnsýsluleg í eðli sínu.

3. Ef Evrópska ákveður að leggja ekki á sektir eða dagsektir skal hún upplýsa Evrópuþingið, ráðið, framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja til samræmis við það og setja fram ástæður ákvörðunar sinnar.

4. Álagning sekta og dagsekta skv. 65. og 66. gr. skal vera framfylgjanleg.

Fullnusta skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðferð einkamála í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni með því eina formskilyrði að staðfest sé að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bæru yfirvaldi sem stjórnvöld hvers aðildarríkis tilnefna í þessu skyni og kynna fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Dómstólnum.

Ef formsatriðum þessum hefur verið fullnægt að beiðni hlutaðeigandi aðila má hinn sami láta fullnustu fara fram í samræmi við landslög með því að fara með málið beint fyrir þar til bærar aðila.

Aðeins Dómstóllinn getur tekið ákvörðun um að fresta fullnustu. Dómstólar hlutaðeigandi aðildarríkis skulu samt sem áður hafa lögsögu vegna kvartana um að ekki sé staðið að fullnustunni með eðlilegum hætti.

5. Fjárhæðir sekta og dagsekta skal færa í fjárlög Evrópusambandsins.

69. gr.

Endurskoðun Dómstólsins

Dómstóllinn skal hafa ótakmarkað dómsvald til að endurskoða ákvarðanir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um sektir eða dagsektir. Honum er heimilt að ógilda, hækka eða lækka álagða sekt eða dagsekt.

70. gr.

Breytingar á II. viðauka

Til að taka til greina þróun á fjármálamörkuðum skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr. varðandi ráðstafanir til að breyta II. viðauka.

71. gr.

Afturköllun skráningar

1. Með fyrirvara um 73. gr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin afturkalla skráningu afleiðuviðskiptaskrár ef afleiðuviðskiptaskráin:

- afsalar sér ótvírætt skráningu eða hefur ekki veitt neina þjónustu síðustu sex mánuði,
- hefur fengið skráningu með því að gefa villandi yfirlýsingar eða á annan óréttmætan hátt,
- uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir skráningunni.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna viðkomandi lögbæru yfirvaldi sem um getur í 1. mgr. 57. gr. um ákvörðun um að afturkalla skráningu afleiðuviðskiptaskrár.

3. Lögbært yfirvald í aðildarríki, þar sem afleiðuviðskiptaskrá veitir þjónustu og stundar starfsemi, getur, telji það að eitt af þeim skilyrðum sem um getur í 1. mgr. hafi verið uppfyllt, beðið Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að athuga hvort skilyrði fyrir afturköllun skráningar hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrár séu uppfyllt. Ákveði Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að afturkalla ekki skráningu viðkomandi afleiðuviðskiptaskrár skal hún upplýsa um allar ástæður þess.

4. Lögbæra yfirvaldið sem um getur í 3. mgr. skal vera yfirvaldið sem tilnefnt er skv. 22. gr.

72. gr.

Eftirlitsgjöld

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal innheimta gjöld af afleiðuviðskiptaskránum í samræmi við þessa reglugerð og í samræmi við framseldar gerðir sem samþykktar eru skv. 3. mgr. Þessi gjöld skulu ná að fullu yfir nauðsynleg útgjöld Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að því er varðar skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og endurgreiðslu alls kostnaðar sem lögbær yfirvöld kunna að stofna til við framkvæmd verka samkvæmt þessari reglugerð, einkum ef það er afleiðing af úthlutun verkefna í samræmi við 74. gr.

2. Fjárhæð gjalds sem innheimt er af afleiðuviðskiptaskrá skal ná yfir allan stjórnsýslukostnað sem fellur á Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina vegna skráningar- og eftirlitsstarfsemi og vera í réttu hlutfalli við veltu hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrár.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 82. gr. til að tilgreina nánar tegund gjalda, í hvaða tilvikum gjöld skuli innheimt, fjárhæð gjalda og með hvaða hætti greiðslan fer fram.

73. gr.

Eftirlitsráðstafanir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kemst að því, í samræmi við 5. mgr. 64. gr., að afleiðuviðskiptaskrá hefur framið eitt af þeim brotum sem skráð eru í I. viðauka skal hún taka eina eða fleiri af eftirfarandi ákvörðunum um að:

- krefjast þess að afleiðuviðskiptaskráin láti af brotinu,
- leggja á sektir skv. 65. gr.,
- gefa út opinberar tilkynningar,
- að afturkalla skráningu afleiðuviðskiptaskrár, ef hún á ekki annars úrkosti.

2. Þegar ákvarðanirnar, sem um getur, í 1. mgr. eru teknar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til eðlis og alvarleika brotsins, með hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunum:

- lengd og tíðni brots,
- hvort brotið hafi leitt í ljós alvarlega eða kerfislæga veikleika í verklagsreglum fyrirtækis eða í stjórnunarkerfum þess eða innra eftirliti,
- hvort brotið hafi gefið tilefni til, auðveldað eða með öðrum hætti tengt fjármálabroti,

d) hvort brotið hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, án óhóflegrar tafar, tilkynna hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrá um allar ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. mgr. og upplýsa lögbær yfirvöld aðildarríkisins og framkvæmdastjórnina um þær. Hún skal birta opinberlega á vefsetri sínu allar slíkar ákvarðanir innan tíu virkra daga frá þeim degi sem þær eru samþykktar.

Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin birtir ákvörðun sína eins og um getur í fyrstu undirgrein skal hún einnig birta upplýsingar um rétt hlutaðeigandi afleiðuviðskiptaskrár til að áfrýja ákvörðuninni, upplýsingar um, ef við á, að slík áfrýjun hafi verið lögð fram, þar sem sérstaklega skal tilgreint að slík áfrýjun hafi ekki áhrif til frestunar, og þá staðreynd að mögulegt sé fyrir áfrýjunarnefnd Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að fresta beitingu á umdeildri ákvörðun í samræmi við 3. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

74. gr.

Úthlutun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á verkefnum til lögbærra yfirvalda

1. Þar sem það er nauðsynlegt til að unnt sé að sinna eftirlitsverkefni á viðeigandi hátt getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin úthlutað tilteknum eftirlitsverkefnum til lögbærs yfirvalds í aðildarríki í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gefur út skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Slík tilgreind eftirlitsverkefni geta einkum falið í sér heimild til að óska eftir upplýsingum í samræmi við 61. gr. og að framkvæma rannsóknir og vettvangsskoðanir í samræmi við 62. gr. og 6. mgr. 63. gr.

2. Fyrir úthlutun verkefnis skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa samráð við viðeigandi lögbært yfirvald. Slíkt samráð skal varða:

- a) umfang verkefnisins sem tælað er að úthluta,
- b) tímaáætlun um framkvæmd verkefnisins og
- c) sendingu nauðsynlegra upplýsinga frá og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í samræmi við reglugerðina um gjöld sem framkvæmdastjórnin setur skv. 3. mgr. 72. gr., endurgreiða lögbæru yfirvaldi allan kostnað sem það stofnar til við framkvæmd úthlutaðra verkefna.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurskoða ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. með viðeigandi millibili. Afturkalla má úthlutun hvenær sem er.

5. Úthlutun verkefna skal ekki hafa áhrif á ábyrgð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar né getu til að framkvæma og hafa umsjón með starfsemi sem hefur verið

úthlutað. Ekki skal úthluta ábyrgð á eftirliti samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. ákvörðunum um skráningu, endanlegu mati vegna brota og ákvörðunum um eftirfylgni vegna brota.

2. KAFLI

Tengsl við þriðju lönd

75. gr.

Jafngildi og alþjóðasamningar

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerð til staðfestingar á að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands tryggji að:

- a) afleiðuviðskiptaskrár sem hafa starfsleyfi í því þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,
- b) til staðar sé viðvarandi virkt eftirlit og framfylgd að því er varðar afleiðuviðskiptaskrár í viðkomandi þriðja landi og
- c) þagnarskylda sé tryggð, þ.m.t. verndun viðskiptaleyndarmála sem yfirvöld deila með þriðju aðilum, sem er að lágmarki jafngild þeirri sem sett er fram í þessari reglugerð.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 86. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og eftir að hafa samþykkt framkvæmdargerð eins og um getur í 1. mgr., beina tilmælum til ráðsins vegna samningaviðræðna um alþjóðasamninga við viðeigandi þriðju lönd um sameiginlegan aðgang að, og upplýsingaskipti um, afleiðusamninga hjá afleiðuviðskiptaskrár sem hafa staðfestu í viðkomandi þriðja landi, þannig að það tryggji að yfirvöld Sambandsins, þ.m.t. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, hafi tafarlausan og samfelldan aðgang að öllum upplýsingunum sem þarf til að þau geti sinnt skyldum sínum.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, eftir gerð samninganna sem um getur í 2. mgr. og í samræmi við þá, koma á samstarfssamningum við lögbær yfirvöld viðeigandi þriðju landa. Þessir samningar skulu að lágmarki tilgreina:

- a) fyrirkomulag við upplýsingaskipti, annars vegar á milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og annarra yfirvalda Sambandsins, sem fara með ábyrgð í samræmi við þessa reglugerð, og hins vegar viðkomandi lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi þriðju landa, og
- b) málsmeðferð í tengslum við samræmingu á eftirlitsstarfsemi.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal beita reglugerð (EB) nr. 45/2001 að því er varðar flutning persónuupplýsinga til þriðja lands.

76. gr.

Samstarfssamningar

Viðeigandi yfirlit þriðju landa geta, ef engin afleiðuviðskiptaskrá hefur staðfestu innan lögsögu þeirra, haft samband við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina með það í huga að koma á samstarfssamningi til að fá aðgang að upplýsingum um afleiðusamninga hjá afleiðuviðskiptaskrá í Sambandinu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur komið á samstarfssamningum við þessi viðeigandi yfirlit að því er varðar aðgang að upplýsingum um afleiðusamninga hjá afleiðuviðskiptaskrá í Sambandinu, sem þessi yfirlit þurfa til að uppfylla skyldur sínar og umboð, eftir því sem við á, að því tilskildu að þagnarskylda ríki, þ.m.t. verndun viðskiptaleyndarmála sem yfirlit deila með þriðju aðilum.

77. gr.

Viðurkenning á afleiðuviðskiptaskrá

1. Afleiðuviðskiptaskrá, sem hefur staðfestu í þriðja landi, getur aðeins veitt einingum sem komið er á fót í samræmi við 9. gr. þjónustu og starfað fyrir þær eftir að hafa fengið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 2. mgr.

2. Afleiðuviðskiptaskrá sem um getur í 1. mgr. skal leggja fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar umsókn sína um viðurkenningu ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum, þ.m.t. að lágmarki upplýsinganna sem nauðsynlegar eru til að staðfesta að afleiðuviðskiptaskráin hafi starfsleyfi og falli undir virkt eftirlit í þriðja landi sem:

- framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt, með framkvæmdargerð skv. 1. mgr. 75. gr., að hafi jafngildan og framfylgjanlegan reglu- og eftirlitsramma,
- hefur gert alþjóðasamning við Sambandið skv. 2. mgr. 75. gr. og
- hefur gert samstarfssamning skv. 3. mgr. 75. gr. til að sjá til þess að yfirlit Sambandsins, þ.m.t. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi tafarlausan og samfelldan aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum.

Innan þrjátíu virkra daga frá viðtöku umsóknarinnar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta hvort hún sé fullnægjandi. Ef umsóknin er ekki fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin setja afleiðuviðskiptaskránni frest til að veita viðbótarupplýsingar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan 180 daga frá framlagningu fullgerðrar umsóknar, upplýsa afleiðuviðskiptaskrá sem sækir um skriflega, með rökstuddri útskýringu, hvort viðurkenning hafi verið veitt eða hvort synjað hafi verið um viðurkenningu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir afleiðuviðskiptaskrár sem eru viðurkenndar í samræmi við þessa reglugerð.

VII. BÁLKUR

KRÖFUR FYRIR AFLEIÐUVIÐSKIPTASKRÁR

78. gr.

Almennar kröfur

1. Fyrirkomulag stjórnunarháttanna afleiðuviðskiptaskrár skal vera traust og fela í sér skýrt stjórnskipulag með vel skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag, sem kemur í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga.

2. Afleiðuviðskiptaskrá skal viðhalda og reka skilvirkt, skriflegt skipulags- og stjórnunarfyrirkomulag til að greina og stýra mögulegum hagsmunarárekstrum sem varða stjórnendur hennar, starfsfólk, eða aðra aðila sem hafa bein eða óbein nán tengsl við hana.

3. Afleiðuviðskiptaskrá skal setja fram fullnægjandi stefnu og málsmeðferð sem nægir til að tryggja að hún, þ.m.t. stjórnendur og starfsfólk hennar, fari að öllum ákvæðum þessarar reglugerðar.

4. Afleiðuviðskiptaskrá skal viðhalda og reka fullnægjandi stjórnskipulag sem tryggir samfellda og eðlilega starfsemi afleiðuviðskiptaskrár við framkvæmd þjónustu og annarrar starfsemi. Hún skal notast við viðeigandi og hæfilegt kerfi, tilföng og málsmeðferð.

5. Ef afleiðuviðskiptaskrá veitir stoðþjónustu s.s. staðfestingu viðskipta, pörun viðskipta, þjónustu tengda lánaatburðum, afstemmingu eignasafna eða samþjöppun eignasafna, skal afleiðuviðskiptaskráin halda þessari stoðþjónustu rekstrarlega aðskildri frá þeirri starfsemi afleiðuviðskiptaskrár sem felst í miðlægri söfnun og skráningu afleiðuviðskipta.

6. Yfirstjórn og þeir sem sitja í stjórn afleiðuviðskiptaskrár skulu hafa óflekkað mannorð og næga reynslu til að tryggja trausta og varfærna stjórnun afleiðuviðskiptaskrárinnar.

7. Afleiðuviðskiptaskrá skal setja fram kröfur, sem eru hlutlægar, án mismununar og birtar opinberlega, fyrir aðgang fyrirtækja að upplýsingum sem falla undir skyldu um skýrslugjöf skv. 9. gr. Afleiðuviðskiptaskrá skal veita þjónustuveitendum aðgang án mismununar að upplýsingum sem afleiðuviðskiptaskráin viðheldur, með því skilyrði að viðkomandi mótaðilar hafi veitt samþykki sitt. Viðmiðanir, sem takmarka aðgang, skulu aðeins leyfðar að því marki, að markmið þeirra sé að stýra þeirri áhættu, sem gögnin sem afleiðuviðskiptaskráin viðheldur standa frammi fyrir.

8. Afleiðuviðskiptaskrá skal birta opinberlega verð og gjöld í tengslum við þjónustu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð. Hún skal birta verðin og gjöldin aðskilið fyrir hverja veitta þjónustu, þ.m.t. afslátt og endurgreiðslur og skilyrðin til að njóta þessara lækkana. Hún skal heimila einingum sem gefa skýrslur að hafa aðskilinn aðgang að tiltekinni þjónustu. Verð og gjöld sem afleiðuviðskiptaskrá innheimtir skulu vera kostnaðartengd.

79. gr.

Rekstraröryggi

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal greina hugsanlega rekstraráhættu og lágmarka hana með þróun viðeigandi kerfa, stjórnækja og verklags. Slík kerfi skulu vera áreiðanleg og örugg og hafa fullnægjandi afkastagetu til að ráða við mótteknar upplýsingar.

2. Afleiðuviðskiptaskrá skal koma á, framkvæma og viðhalda viðeigandi stefnu um samfellu í viðskiptum og neyðaráætlun vegna hamfara sem miðar að því að tryggja að starfsemi hennar sé viðhaldið, tímanlegri endurreisn starfsemi og að skyldur afleiðuviðskiptaskrár séu uppfylltar. Slík áætlun skal a.m.k. kveða á um að koma skuli upp afritunarbúnaði.

3. Ef skráning afleiðuviðskiptaskrár hefur verið afturkölluð skal hún sjá til þess að staðgangi sé skipuleg, þ.m.t. flutningur gagna til annarra afleiðuviðskiptaskráa og að skýrslustreymi beinist til annarra afleiðuviðskiptaskráa.

80. gr.

Verndarráðstafanir og skráning

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal tryggja trúnað, heilleika og verndun upplýsinganna sem hún móttekur skv. 9. gr.

2. Afleiðuviðskiptaskrá má aðeins nota gögnin sem hún tekur á móti samkvæmt þessari reglugerð í viðskiptalegum tilgangi ef viðkomandi mótaðilar hafa veitt samþykki sitt.

3. Afleiðuviðskiptaskrá skal án tafar skrá upplýsingarnar sem hún tekur á móti skv. 9. gr. og viðhalda þeim í a.m.k. 10 ár frá lokum viðkomandi samninga. Hún skal beita tímanlegri og skilvirkri tilhögun við skráningu á breytingum á skráðum upplýsingum.

4. Afleiðuviðskiptaskrá skal reikna út stöðurnar eftir flokki afleiðna og eftir einingu sem gefur skýrslu á grundvelli upplýsinganna um afleiðusamninga sem tilkynnt er um í samræmi við 9. gr.

5. Afleiðuviðskiptaskrá skal heimila aðilunum að samningi að hafa aðgang að og leiðrétta tímanlega upplýsingarnar um þann samning.

6. Afleiðuviðskiptaskrá skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir misnotkun upplýsinganna sem eru í kerfum hennar.

Einstaklingur sem hefur nán tengsl við afleiðuviðskiptaskrá eða lögaðili sem á tengsl sem móðurfélag eða dótturfélag við afleiðuviðskiptaskrána skal ekki nota trúnaðarupplýsingar, sem skráðar eru í afleiðuviðskiptaskrá, í viðskiptalegum tilgangi.

81. gr.

Gagnsæi og tiltækileiki gagna

1. Afleiðuviðskiptaskrá skal reglulega, og á aðgengilegan hátt, birta samanlagðar stöður eftir flokki afleiðna þeirra samninga sem tilkynntir eru henni.

2. Afleiðuviðskiptaskrá skal safna og viðhalda gögnum og tryggja að einingarnar sem um getur í 3. málsgrein hafi beinan og tafarlausan aðgang að upplýsingunum um afleiðusamninga sem þær þurfa til að uppfylla viðkomandi skyldur sínar og umboð.

3. Afleiðuviðskiptaskrá skal gera nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar eftirfarandi einingum til að gera þeim kleift að uppfylla viðkomandi skyldur sínar og umboð:

- a) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin,
- b) evrópska kerfisáhætturáðinu,
- c) lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með miðlægum mótaðilum sem hafa aðgang að afleiðuviðskiptaskránni,
- d) lögbærum yfirvöldum sem hafa eftirlit með viðskiptavettvangi samninga sem tilkynnt er um,
- e) viðeigandi aðilum seðlabankakerfis Evrópu,
- f) viðeigandi yfirvöldum þriðja lands sem hafa gert alþjóðasamning við Sambandið eins og um getur í 75. gr.,
- g) eftirlitsyfirvöldum sem tilnefnd eru skv. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð ⁽¹⁾,
- h) viðeigandi yfirvöldum Sambandsins á verðbréfamarkaði,
- i) viðeigandi yfirvöldum þriðja lands sem hafa gert samstarfssamning við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eins og um getur í 76. gr.,
- j) Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin deilir þeim upplýsingum með öðrum viðeigandi yfirvöldum Sambandsins sem þau nauðsynlega þurfa til að sinna skyldum sínum.

5. Til að tryggja samræmda beitingu á þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, að höfðu samráði við aðila seðlabankakerfis Evrópu, útfæra frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina tíðni og innihald upplýsinganna sem um getur í 1. og 3. mgr. auk rekstrarstaðla sem þörf er á til að safna og bera saman gögn þvert á afleiðuviðskiptaskrár og til að einingarnar sem um getur í 3. mgr. hafi aðgang að upplýsingunum eins og þörf krefur. Þessi frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skulu miða að því að tryggja að ekki sé mögulegt út frá upplýsingunum sem birtar eru skv. 1. mgr. að auðkenna aðila að samningi.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir 30. september 2012.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

82. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Það framsal valds sem um getur í 1. gr. (6. mgr.), 64. gr. (7. mgr.), 70. gr., 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.), skal falið framkvæmdastjórninni um óákveðinn tíma.

3. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin leggja sig fram um að hafa samráð við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina.

4. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 1. gr. (6. mgr.), 64. gr. (7. mgr.), 70. gr., 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin um afturköllun öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 1. gr. (6. mgr.), 64. gr. (7. mgr.), 70. gr., 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður

en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjú mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

VIII. BÁLKUR

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

83. gr.

Þagnarskylda

1. Þagnarskyldan gildir um alla aðila sem starfa eða hafa starfað fyrir lögbæru yfirvöldin, sem tilnefnd eru í samræmi við 22. gr., og yfirvöldin sem um getur í 3. mgr. 81. gr., fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eða fyrir endurskoðendur og sérfræðinga sem starfa samkvæmt fyrirmælum lögbærra yfirvalda eða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þessir aðilar mega ekki skýra neinum aðilum eða yfirvöldum frá trúnaðarupplýsingum sem þeir fá vitneskju um við að sinna skyldu sinni nema um sé að ræða samantekt eða útdrátt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstaka miðlæga mótaðila, afleiðuviðskiptaskrár eða aðra aðila, þó með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningar- eða skattalög eða þessa reglugerð.

2. Hafi miðlægur mótaðili verið lýstur gjaldþrota eða knúinn í slitameðferð má þó skýra frá trúnaðarupplýsingum sem varða ekki þriðju aðila í einkamálum eða málum fyrir verslunarrétti, ef slíkt er nauðsynlegt vegna málsmeðferðarinnar.

3. Með fyrirvara um tilvik, sem falla undir hegningar- eða skattalög, mega lögbær yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, stofnanir eða einstaklingar eða lögaðilar, aðrir en lögbær yfirvöld sem taka við trúnaðarupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð, aðeins nota þær til að sinna hlutverki sínu eða skyldum þegar um er að ræða lögbær yfirvöld, innan gildissviðs þessarar reglugerðar, eða, þegar um er að ræða önnur yfirvöld, aðila eða einstaklinga eða lögaðila, í þeim tilgangi sem slíkar upplýsingar eru veittar eða í tengslum við stjórnisýslu- eða dómsmál sem tengjast sérstaklega þessu hlutverki, eða bæði. Yfirvaldinu, sem tekur við upplýsingunum er heimilt að nota þær í öðrum tilgangi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, lögbæra yfirvaldið eða annað yfirvald, stofnun eða einstaklingur eða lögaðili, sem miðlar upplýsingunum, samþykkir það.

4. Um trúnaðarupplýsingar sem fengnar eru, skipst er á eða sendar eru í samræmi við þessa reglugerð skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. Þessi skilyrði skulu þó ekki koma í veg fyrir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, lögbær yfirvöld eða viðkomandi seðlabankar skiptist á eða sendi trúnaðarupplýsingar í samræmi við þessa reglugerð og aðra löggjöf sem gildir um fjárfestingarfyrirtæki, lánastofnanir, lífeyrissjóði, verðbréfasjóði, rekstraraðili sérhæfðra sjóða, váttrygginga- og endurtryggingamiðlara, váttryggingafélög, skipulega verðbréfamarkaði eða markaðsrekendur eða með samþykki lögbærs yfirvalds eða annars yfirvalds eða stofnunar eða einstaklings eða lögaðila sem kom upplýsingunum á framfæri.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld skiptist á eða sendi trúnaðarupplýsingar, í samræmi við innlend lög, sem voru ekki móttæknar frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis.

84. gr.

Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og önnur viðeigandi yfirvöld skulu, án ástæðulausrar tafar, láta hvert öðru í té þær upplýsingar sem þau þarfnast til að sinna skyldum sínum.

2. Lögbær yfirvöld, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, önnur viðkomandi yfirvöld og aðrar stofnanir eða einstaklingar og lögaðilar sem móttaka trúnaðarupplýsingar við skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð skulu aðeins nota þær við skyldustörf sín.

3. Lögbær yfirvöld skulu veita upplýsingar til viðeigandi aðila seðlabankakerfis Evrópu ef slíkar upplýsingar skipta máli fyrir þá við að sinna skyldum sínum.

IX. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

85. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 17. ágúst 2015 endurskoða og gera almenna skýrslu um þessa reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrsluna fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum, eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal einkum:

- í samstarfi við aðila að seðlabankakerfi Evrópu, meta þörf á ráðstöfunum til að auðvelda aðgengi miðlægra mótaðila að lausafjárþyrngreiðslu seðlabanka,
- í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og viðeigandi yfirvöld viðkomandi geira, meta kerfislægt mikilvægi viðskipta ófjárhagslegra fyrirtækja með OTC-afleiðusamninga og, einkum, áhrif þessarar reglugerðar á notkun ófjárhagslegra fyrirtækja á OTC-afleiðusamningum,
- í ljósi reynslunnar, meta framkvæmd eftirlitsrammans varðandi miðlæga mótaðila, þ.m.t. skilvirkni eftirlitsfagraða, fyrirkomulag atkvæðagreiðslu sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 19. gr. og hlutverk Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, einkum í leyfisferlinu fyrir miðlæga mótaðila,
- í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og evrópska kerfisáhætturáðið, meta skilvirkni

krafna um tryggingar við takmörkun á sveiflumögnun og þörfina á að skilgreina aukna getu til inngripa á þessu sviði,

- í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, meta þróun stefna miðlægra mótaðila varðandi kröfur um tryggingarþekju og tryggingar og aðlögun þeirra að sértækum aðgerðum og áhættulýsingu notenda þeirra.

Matið sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skal taka tillit til alls árangurs af yfirstandandi vinnu milli seðlabanka á vettvangi Sambandsins og alþjóðavettvangi. Matið skal einnig taka tillit til meginreglunnar um sjálfstæði seðlabanka og rétt þeirra til að veita aðgang að lausafjárþyrngreiðslu að þeirra eigin ákvörðun auk mögulegra ótilætlaðra áhrifa á hegðun miðlægu mótaðilanna eða innri markaðarins. Meðfylgjandi tillögur skulu ekki, annaðhvort beint eða óbeint, mismuna aðildarríki eða hópi aðildarríkja sem vettvangur fyrir stöðustofnunarþjónustu.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 90. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frakklandi barst umsókn 30. janúar 2013, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽²⁾, um að færa virka efnið *Bacillus thuringiensis* subsp. *kurstaki*, sermigerð 3a3b, stofn ABTS-351, á skrá í I. viðauka við þá tilskipun, til notkunar í vörur í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og skilgreint er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 18 eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 2) Frakkland lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 29. maí 2015 í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Sæfivörunefndin setti álit Efnastofnunar Evrópu fram 16. febrúar 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 4) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 18, sem innihalda *Bacillus thuringiensis* subsp. *kurstaki*, sermigerð 3a3b, stofn ABTS-351, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þess séu uppfyllt.
- 5) Því er rétt að samþykkja *Bacillus thuringiensis* subsp. *kurstaki*, sermigerð 3a3b, stofn ABTS-351, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykkja skal *Bacillus thuringiensis* subsp. *kurstaki*, sermigerð 3a3b, stofn ABTS-351, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
<i>Bacillus thuringiensis</i> subsp. <i>kurstaki</i> , sermigerð 3a3b, stofn ABTS-351	Á ekki við	Engin óhreinindi sem skipta máli	1. mars 2017	28. febrúar 2027	18	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: <ol style="list-style-type: none"> 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: <ol style="list-style-type: none"> a) þeim sem nota efnið í atvinnuskyni, b) almenningi sem verður fyrir váhrifum af úðareki, c) jarðvegshólfi þegar varan er borin á fyrir rigningu.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1930****2017/EES/17/50****frá 4. nóvember 2016****um að samþykkja klórkresól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokkum 1, 2, 3, 6, og 9 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir klórkresól.
- 2) Klórkresól hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vöruflokkum 1, hreinlætisvörur fyrir fólk, í vöruflokkum 2, sótthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, í vöruflokkum 3, hreinlætisvörur fyrir dýr, í vöruflokkum 6, rotvarnarefni fyrir vörur meðan á geymslu standur, og í vöruflokkum 9, rotvarnarefni fyrir trefjar, leður, gúmmí og fjölliðuð efni, eins og flokkarnir eru skilgreindir í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 8. október 2013, 15. nóvember 2013 og 18. desember 2013.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörufundin álit Efnastofnunar Evrópu fram 13. apríl 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt þeim álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 6 og 9, sem innihalda klórkresól, uppfylli viðmiðanirnar í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja klórkresól til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 6 og 9, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Klórkresól er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2, 3, 6 og 9, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjóttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjóttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Klórkrésól	IUPAC-heiti: 4-klór-3-metýlfenól EB-nr.: 200-431-6 CAS-nr.: 59-50-7	99,8% þyngdarhlutfall	1. maí 2018	30. apríl 2028	1	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.
					2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota vörunar í iðnaðar- eða atvinnuskyni, b) börnum, að því er varðar vörur sem eru notaðar á einka- og stofnana-svæðum.
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota efnið í atvinnuskyni, b) jarðvegshólfi. 3. Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽²⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾ , og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
					6	<p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: <ol style="list-style-type: none"> notendum í atvinnuskyni meðan á samsetningu vörunnar, sem rotverja skal, stendur og meðan rotvarða varan er notuð við pappírframleiðslu, ungbörnum sem skríða á yfirborði sem hefur verið hreinsað með rotvörðu vörunni.
					9	<p>Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:</p> <ol style="list-style-type: none"> Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörunar í atvinnuskyni.

(¹) Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýrarikinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stj.íð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

(³) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýrarikinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stj.íð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1931****2017/EES/17/51****frá 4. nóvember 2016****um að samþykkja klórkresól sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 13 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir klórkresól.
- 2) Klórkresól hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾ fyrir notkun í vöruflokki 13, rotvarnarefni í málmvinnsluvökvum, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 13 eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Frakkland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 24. júlí 2013.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 13. apríl 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 13, sem innihalda klórkresól, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja klórkresól til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Klórkresól er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 13, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Klórkrésól	IUPAC-heiti: 4-klór-3-metýlfenól EB-nr.: 200-431-6 CAS-nr.: 59-50-7	99,8% þyngdarhlutfall	1. maí 2018	30. apríl 2028	13	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörunar í atvinnuskyni.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1932**

2017/EES/17/52

frá 4. nóvember 2016

**um að samþykkja kalsíummagnésíumoxíð (brennt kalk úr dólómíti) sem fyrirbyggjandi virkt efni til
notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir kalsíummagnésíumoxíð (brennt kalk úr dólómíti).
- 2) Kalsíummagnésíumoxíð (brennt kalk úr dólómíti) hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾ fyrir notkun í vörur í vöruflokkum 2, sótthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr og í vöruflokkum 3, hreinlætisvörur fyrir dýr, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara vöruflokkum 2 og 3, eftir því sem við á, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Bretland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 19. september 2011.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. apríl 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt þessum álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, sem innihalda kalsíummagnésíumoxíð (brennt kalk úr dólómíti), uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja kalsíummagnésíumoxíð (brennt kalk úr dólómíti) til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Kalsíummagnésíumoxíð (brennt kalk úr dólómíti) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾ ,	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Kalsíummagnésíumoxíð/brennt kalk úr dólómíti	IUPAC-heiti: Kalsíummagnésíumoxíð EB-nr.: 253-425-0 CAS-nr.: 37247-91-9	800 g/kg (Gildið sýnir innihald kalsíums og magnésíums, gefið upp sem summa kalsíumoxíðs og magnésíumoxíðs. Lágmarksgildi magnésíumoxíðs í brenndu kalki úr dólómíti er 30%, á grundvelli magnésíums, gefið upp sem innihald magnésíumoxíðs)	1. maí 2018	30. apríl 2028	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörunar í iðnaði eða í atvinnuskyni.
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörunar í atvinnuskyni.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1933**

2017/EES/17/53

frá 4. nóvember 2016

**um að samþykkja kalsíummagnésíumtetrahýdroxíð (vatnað kalk úr dólómíti) sem
fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir kalsíummagnésíumtetrahýdroxíð (vatnað kalk úr dólómíti).
- 2) Kalsíummagnésíumtetrahýdroxíð (vatnað kalk úr dólómíti) hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾ fyrir notkun í vörur í vöruflokkum 2, sótthreinsiefni og þörungaeyðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr og í vöruflokkum 3, hreinlætisvörur fyrir dýr, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara vöruflokkum 2 og 3, eftir því sem við á, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Bretland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 19. september 2011.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. apríl 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt þessum álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, sem innihalda kalsíummagnésíumtetrahýdroxíð (vatnað kalk úr dólómíti), uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja kalsíummagnésíumtetrahýdroxíð (vatnað kalk úr dólómíti) til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Kalsíummagnésíumtetrahýdroxíð (vatnað kalk úr dólómíti) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Kalsíummagnesiumtetrahydroxíð (vatnað kalk úr dólómíti)	IUPAC-heiti: Kalsíummagnesiumtetrahydroxíð EB-nr.: 254-454-1 CAS-nr.: 39445-23-3	800 g/kg (Gildið sýnir innihald kalsíums og magnesíums, gefið upp sem kalsíumhydroxíð og magnesiumhydroxíð. Dæmigerð gildi fyrir magnesiumhydroxíð í vötnuðu kalki úr dólómíti eru á bilinu 15–40%)	1. maí 2018	30. apríl 2028	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í iðnaði eða í atvinnuskyni.
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1934****2017/EES/17/54****frá 4. nóvember 2016****um að samþykkja kókosalkýltrimetýlammóníumklóríð (ATMAC/TMAC) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir kókosalkýltrimetýlammóníumklóríð (ATMAC/TMAC).
- 2) Kókosalkýltrimetýlammóníumklóríð (ATMAC/TMAC) hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾ fyrir notkun í vöruflokki 8, viðarvarnarefni, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 8 eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Ítalía var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 20. nóvember 2007 og 10. júní 2010.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. apríl 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 8, sem innihalda kókosalkýltrimetýlammóníumklóríð (ATMAC/TMAC), uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja kókosalkýltrimetýlammóníumklóríð (ATMAC/TMAC) til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um samræmi við tiltekna nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Kókosalkýltrimetýlammóníumklóríð (ATMAC/TMAC) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

(³) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Kókosalkýltrimetýlammóníum- klóríð (ATMAC/TMAC)	IUPAC-heiti: kókosalkýltrimetýlammóníum- klóríð EB-nr.: 263-038-9 CAS-nr.: 61789-18-2	96,6% þyngdarhlutfall	1. maí 2018	30. apríl 2028	8	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1) Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) þeim sem nota vörunar í iðnaðar- eða atvinnuskyni, b) jarðvegi og grunnvatni, að því er varðar meðhöndlaðan við sem er oft óvarinn fyrir veðrun. 3) Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir jarðveg, yfirborðs- og grunnvatn skal á merkimiðum og, ef þau eru í boði, öryggisblöðum fyrir sæfivörur, sem leyfðar hafa verið til notkunar, einkum koma fram að notkun í iðnaði eða í atvinnuskyni skal fara fram inni á lokuðu svæði eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi sem lokað er af með varnargarði, og að nýmeðhöndlað timbur skuli geymt eftir meðhöndlun undir skýli eða á ógegndræpu, hörðu undirlagi, eða hvort tveggja, til þess að koma í veg fyrir að efnið sígi beint út í jarðveg eða vatn og að safna skuli til endurnotkunar eða förgunar öllum þeim sæfivörum sem fara til spillis.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1935**

2017/EES/17/55

frá 4. nóvember 2016

**um að samþykkja kalsíumdíhýdroxíð (vatnað kalk) sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í
sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir kalsíumdíhýdroxíð (vatnað kalk).
- 2) Kalsíumdíhýdroxíð (vatnað kalk) hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾ fyrir notkun í vörur í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr og í vöruflokki 3, hreinlætisvörur fyrir dýr, eins og lýst er í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvara vöruflokkum 2 og 3, eftir því sem við á, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Bretland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslur ásamt tilmælum 19. september 2011.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu fram 14. apríl 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt þessum álitum má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, sem innihalda kalsíumdíhýdroxíð (vatnað kalk), uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja kalsíumdíhýdroxíð (vatnað kalk) til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Kalsíumdíhýdroxíð (vatnað kalk) er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2 og 3, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Kalsíumdíhýdroxíð (vatnað kalk)	IUPAC-heiti: Kalsíumdíhýdroxíð EB-nr.: 215-137-3 CAS-nr.: 1305-62-0	800 g/kg (Gildið sýnir innihald kalsíums, gefið upp sem kalsíumdíhýdroxíð)	1. maí 2018	30. apríl 2028	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í iðnaði eða í atvinnuskyni.
					3	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að þeim sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1937****2017/EES/17/56****frá 4. nóvember 2016****um að samþykkja sýflútrín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í
vöruflokki 18 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir sýflútrín.
- 2) Sýflútrín hefur verið metið í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽³⁾ fyrir notkun í vörur í vöruflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 18 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Þýskaland var tilnefnt sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 23. desember 2010.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu, að því er varðar notkun í vörur í vöruflokki 18, fram 16. febrúar 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 18, sem innihalda sýflútrín, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 6) Því er rétt að samþykkja sýflútrín notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 7) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sýflútrín er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Sýflútrín	IUPAC-heiti: (RS),-α-sýanó-4-flúor-3- fenoxybensýl- (1RS,3RS;1RS,3SR)-3- (2,2-díklórvínýl)-2,2- dímetýlsýklóprópankar- boxýlat EB-nr.: 269-855-7 CAS-nr.: 68359-37-5	955 g/kg (95,5% þyngdarhlutfall)	1. mars 2018	28. febrúar 2028	18	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: 1. Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins. 2. Í ljósi áhættu sem greinst hefur fyrir þá notkun sem metin var skal í mati á vörum huga sérstaklega að: a) yfirborðsvatni og seti, að því er varðar vörur sem eru notaðar á heimilum og í gripahúsum sem losa í skólphreinsistöð, b) yfirborðsvatni og seti, að því er varðar vörur sem eru notaðar í gripahúsum sem losa beint í yfirborðsvatn, c) yfirborðsvatni og seti eftir að húsdýraáburður hefur verið borinn á nytjajarðveg, að því er varðar vörur sem eru notaðar í gripahúsum. 3. Ganga skal úr skugga um hvort þörf sé á að fastsetja ný hámarksgildi leifa eða breyta gildandi hámarksgildum leifa fyrir vörur, sem gætu leitt af sér leifar í matvælum eða fóðri, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 ⁽²⁾ eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾ , og grípa til hvers kyns viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að tryggja að ekki sé farið yfir gildandi hámarksgildi leifa.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafraðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1938**

2017/EES/17/57

frá 4. nóvember 2016

**um að samþykkja sítrónusýru sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur
í vöruflokki 2 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra (¹), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 (²) er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir sítrónusýru.
- 2) Sítrónusýra hefur verið metin í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (³) fyrir notkun í vörur í vöruflokki 1, sæfivörur í hreinlætisvörum fyrir menn, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við þá tilskipun, sem samsvarar vöruflokki 1 eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Matið náði þó yfir veirueyðandi pappírspurrkur, sem eru gegndreyptar með sítrónusýru, sem átti að setja á markað með fullyrðingunni „drepur 99,9% af kvef- & influensuveirum í pappírspurrkunni“. Í samræmi við 1. gr. framkvæmdar-ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1985 (⁴) skal líta á slíkar pappírspurrkur sem sæfivöru sem fellur undir vöruflokk 2, eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012. Þar af leiðandi ætti þetta samþykki fyrir sítrónusýru, sem fyrirbyggjandi virku efni, einungis að ná yfir notkun hennar í sæfivörur í vöruflokki 2, sóthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr.
- 4) Belgía var tilnefnd sem lögbært matsyfirvald og lagði fram matsskýrslu ásamt tilmælum 23. ágúst 2013.
- 5) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 setti sæfivörunefndin álit Efnastofnunar Evrópu, að því er varðar notkun í vörur í vöruflokki 2, fram 16. febrúar 2016, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 6) Samkvæmt því áliti má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 2, sem innihalda sítrónusýru, uppfylli kröfurnar í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB að því tilskildu að tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem varða notkun þeirra séu uppfyllt.
- 7) Því er rétt að samþykkja sítrónusýru til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2, með fyrirvara um samræmi við tilteknar nákvæmar skilgreiningar og skilyrði.
- 8) Áður en virkt efni er samþykkt ætti að veita hæfilegan frest svo að hagsmunaaðilar geti gert þær undirbúningsráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að uppfylla nýju kröfurnar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(¹) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 299, 5.11.2016, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(²) Stjttíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(³) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

(⁴) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjttíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

(⁵) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1985 frá 4. nóvember 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um veirueyðandi pappírspurrkur sem eru gegndreyptar með sítrónusýru (Stjttíð. ESB L 289, 5.11.2015, bls. 26).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sítrónusýra er samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2, með fyrirvara um nákvæmar skilgreiningar og skilyrði sem sett eru fram í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Almennt heiti	IUPAC-heiti Kenninúmer	Lágmarkshreinleiki virka efnisins ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki gildir til og með	Vöruflokkur	Sérstök skilyrði
Sítrónusýra	IUPAC-heiti: 2-hýdroxý-1,2,3- própantríkarboxýlsýra EB-nr.: 201-069-1 CAS-nr.: 77-92-9	995 g/kg	1. mars 2018	28. febrúar 2028	2	Leyfi fyrir sæfivörum eru með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði: Í mati á vörum skal huga sérstaklega að váhrifum, áhættum og verkun sem tengjast allri notkun sem fellur undir umsókn um leyfi en er ekki fjallað um í áhættumatinu á virka efninu sem fram fór á vettvangi Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Hreinleiki sem er tilgreindur í þessum dálki var lágmarkshreinleiki virka efnisins sem var metið í samræmi við 1. mgr. 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Virka efnið í vörunni sem sett er á markað má vera af jafngildum eða ólíkum hreinleika ef það reynist tæknilega jafngilt virka efninu sem var metið.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/135****2017/EES/17/58****frá 29. janúar 2016****um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir flókúmafeni, bróðifakúmi og varfaríni til notkunar í
sæfivörur í vöruflokki 14 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 14. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Virku efnin flókúmafen, bróðifakúm og varfarín voru færð á skrá í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽²⁾ til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 og teljast samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Samþykki fyrir flókúmafeni fellur úr gildi 30. september 2016 og samþykki fyrir bróðifakúmi og varfaríni fellur úr gildi 31. janúar 2017. Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 voru lagðar fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum.
- 3) Vegna áhættunnar sem greindist vegna notkunar virku efnanna flókúmafens, bróðifakúms og varfaríns er endurnýjun á samþykki þeirra háð mati á öðru virku efni eða efnum. Vegna þessarar áhættu má auk þess eingöngu endurnýja samþykki fyrir þessum virku efnum ef sýnt er fram á að a.m.k. eitt af skilyrðum fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 hafi verið uppfyllt.
- 4) Framkvæmdastjórnin hefur hafið rannsókn á ráðstöfunum til að draga úr áhættu, sem hægt er að beita á blóðstorkuheftandi nagdýraeitur, með það fyrir augum að leggja til þær ráðstafanir sem henta best til að draga úr áhættum sem tengjast eiginleikum þessara virku efna.
- 5) Umsækjendur um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum ættu að fá möguleika til að fjalla um niðurstöður rannsóknarinnar í umsóknum sínum. Ennfremur ætti að taka tillit til niðurstaðna rannsóknarinnar þegar teknar eru ákvarðanir um endurnýjun á samþykki fyrir öll blóðstorkuheftandi nagdýraeitur.
- 6) Til að greiða fyrir endurskoðun og samanburði á áhættu og ávinningi í tengslum við allt blóðstorkuheftandi nagdýraeitur, sem og þeim ráðstöfunum sem er beitt að því er þau varðar til að draga úr áhættu, ætti mat á flókúmafeni, bróðifakúmi og varfaríni að fara fram samhliða mati á öðru blóðstorkuheftandi nagdýraeitri.
- 7) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjendur fá ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir flókúmafeni, bróðifakúmi og varfaríni renni út áður en ákvörðun hefur verið tekin um hugsanlega endurnýjun á samþykki fyrir þeim. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir þessi virku efni í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknirnar til meðferðar.
- 8) Samþykki fyrir þessi efni ættu að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, burtséð frá lokadegi samþykkis.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 65. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir flókúmafeni, bróðfakúmi og varfaríni, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, er frestað til 30. júní 2018.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/2235**2017/EES/17/59**

frá 12. desember 2016

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bisfenóli A) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 6. maí 2014 lagði Frakkland málsskjöl fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin), skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málsskjöl skv. XV. viðauka ⁽²⁾), í því skyni að hefja málsmeðferð varðandi takmarkanir í samræmi við 69. til 73. gr. þeirrar reglugerðar. Í málsskjölnum skv. XV. viðauka var bent á áhættu gagnvart starfsmönnum (einkum gjaldkerum) og neytendum sem komast í snertingu við bisfenól A (BPA) við meðhöndlun á kvittunum á pappír fyrir hitaprentun og lagt til að sett yrði takmörkun á setningu bisfenóls A í pappír fyrir hitaprentun á markað í styrk sem er jafn eða hærri en 0,02% miðað við þyngd. Nánar tiltekið var áhættuhópurinn ófædd börn þungaðra starfsmanna og neytenda sem komast í snertingu við bisfenól A í pappír fyrir hitaprentun sem þeir meðhöndla.
- 2) Pappír fyrir hitaprentun er samansettur úr undirlagi úr pappír með minnst einu húðunarefni sem kann að innihalda bisfenól A. Húðunarefnið breytir um lit þegar það er hitað þannig að prentuðu stafirnir birtast.
- 3) Frakkland byggði hættumat sitt á bisfenóli A á áhrifum þess á nokkra endapunkta fyrir heilbrigði manna (æxlunarfæri kvenna, heila og atferli, mjólkurkirtla, efnaskipti og offitu). Áhrifin á mjólkurkirtla töldust mikilvægasti endapunkturinn og mikilvægari en önnur. Þau voru notuð til að reikna DNEL-gildi (gildi fyrir afleidd áhrifaleysismörk).
- 4) Á meðan Efnastofnunin mótaði álit sitt, birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) nýtt vísindalegt álit um bisfenól A ⁽³⁾. Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar ræddi matið á bisfenóli A við Matvælaöryggisstofnun Evrópu í því skyni að tryggja samræmi í vísindalegu mati og til að byggja það á nýjustu og uppfærðum birtum vísindaskrifum. Hættumat áhættumatsnefndarinnar, eins og það er sett fram í álitinu hennar, er í samræmi við nálgunina sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar.
- 5) Áhættumatsnefndin tók tillit til þess að mikilvægar rannsóknir, sem Frakkland valdi til að reikna DNEL-gildi, gerðu það ekki kleift að magnákarða tengsl milli skammts og svörunar og sýndu óvissu. Þess vegna valdi áhættumatsnefndin áhrif á nýru vegna útreikninga á DNEL-gildi fyrir inngjöf um munn og þar eð tiltæk gögn gáfu til kynna að þetta séu ekki hætnustu áhrifin af bisfenóli A beitti hún viðbótarmatsstuðlinum 6 til að taka til greina áhrifin á æxlunarfæri kvenna, heila og atferli, mjólkurkirtla, efnaskipti og offitu og ónæmiskerfið í allsherjar hættumati. Þar eð tillaga um takmarkanir varðar váhrif í gegnum húð vegna meðhöndlunar á pappír fyrir hitaprentun var DNEL-gildi fyrir váhrif í gegnum húð einnig reiknað fyrir starfsmenn og almenning. Að því er varðar váhrif betrubætti áhættumatsnefndin

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 337, 13.12.2016, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006 bls. 1.

(2) <http://echa.europa.eu/documents/10162/c6a8003c-81f3-4df6-b7e8-15a3a36baf76>

(3) <http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/3978>

matið og bætti við það nýjum lífvöktunarupplýsingum um váhrif frá bisfenóli A á gjaldkera. Með því að beita þessum aðferðum komst áhættumatsnefndin að þeirri niðurstöðu að áhættu fyrir neytendur sé haldið nægilega vel í skefjum en staðfesti áhættu fyrir starfsmenn.

- 6) Hinn 5. júní 2015 samþykkti áhættumatsnefndin álit sitt og komst að þeirri niðurstöðu að takmörkunin, sem lögð er til, sé heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að bregðast við greindu áhættunni með hliðsjón af árangrinum við að draga úr áhættunni.
- 7) Samkvæmt þeirri niðurstöðu áhættumatsnefndarinnar að tiltæk gögn hafi ekki gert það kleift að magnákværða tengsl milli skammts og svörunar fyrir áhrif bisfenóls A á heilbrigði gat nefnd efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu ekki notað mat á ávinningi í frönsku málsskjölunum og framkvæmdi því jafnvægisgreiningu og ályktaði á grundvelli hennar að í heildina vægi áætlaður kostnaður þyngra en mögulegur heilsufarsávinningur af takmörkuninni sem lögð er til. Hins vegar tók nefndin um félagshagfræðilega greiningu það fram að kostnaðurinn við takmörkunina telst vera mjög lágt hlutfall af heildarstarfsmannakostnaði eða vergum rekstrarafgangi viðkomandi geira í Sambandinu og myndi aðeins leiða til mjög líttilla verðhækkana ef hann færðist til neytenda í gegnum hækkað verð á neyslúvörum. Enn fremur tók nefndin um félagshagfræðilega greiningu það fram að takmörkunin gæti stuðlað að jafnari dreifingu áhrifa, að teknu tilliti til þess að undirhópur gjaldkera sem eru hugsanlega í hættu verður fyrir óhóflega miklum áhrifum af skaðlegum áhrifum á heilbrigði, en efnahagsleg áhrif myndu deilast jafnt á milli íbúa innan Sambandsins.
- 8) Hinn 4. desember 2015 samþykkti nefndin um félagshagfræðilega greiningu álit sitt og taldi að ólíklegt væri að takmörkunin, sem lögð var til, væri hlutfallsleg með tilliti til samanburðar á félagslegum og hagrænum ávinningi og félagslegum og hagrænum kostnaði en lagði áherslu á hugsanleg, hagfelld sjónarmið varðandi dreifingu og viðráðanlegan kostnað. Enn fremur staðfesti nefndin um félagshagfræðilega greiningu að ráðstafanir á vettvangi Sambandsins væru réttlætanager og ályktaði að takmörkunin, sem lögð var til, væri viðeigandi ráðstöfun til að taka á heilbrigðis-áhættu fyrir starfsmenn.
- 9) Áhættumatsnefndin og nefndin um félagshagfræðilega greiningu komust einnig að þeirri niðurstöðu að takmörkunin, sem lögð var til, sé framkvæmanleg, framfylgjanleg, viðráðanleg og vöktunarhæf.
- 10) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar meðan á takmörkunarferlinu stóð og var tekið tillit til ráðlegginga þess.
- 11) Hinn 29. janúar 2016 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu ⁽¹⁾ fyrir framkvæmdastjórnina. Á grundvelli þessara álita komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að fyrir hendi væri óviðunandi áhætta fyrir heilsu starfsmanna sem meðhöndla pappír fyrir hitaprentun sem inniheldur bisfenól A í styrk sem er jafn eða hærri en 0,02% miðað við þyngd. Að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu um viðráðanlegan kostnað og áhrif dreifingar telur framkvæmdastjórnin að takmörkunin, sem lögð var til, myndi taka á greindri áhættu án þess að leggja umtalsverðar byrðar á iðnaðinn, birgðakeyju eða neytendur. Því komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að takmörkunin, sem Frakkland lagði til, sé viðeigandi ráðstöfun á vettvangi Sambandsins til að takast á við greinda áhættu gagnvart heilsu starfsmanna sem meðhöndla pappír fyrir hitaprentun sem inniheldur bisfenól A. Með því að stjórna setningu á markað myndi takmörkunin, sem lögð er til, einnig veita neytendum meiri vernd.
- 12) Þar eð prófunaraðferðir til að mæla styrk bisfenóls A í pappír fyrir hitaprentun eru nú þegar til staðar er takmörkunin framfylgjanleg. Eins og nefndin um félagshagfræðilega greiningu hefur staðfest ætti að fresta beitingu takmörkunarinnar til að gera iðnaðinum kleift að fara að henni. Tímabil sem nemur 36 mánuðum virðist réttmætt og nægilegt í því skyni.
- 13) Í áliti sínu tók áhættumatsnefndin það fram að bisfenól S (BPS), sem er líklegasta staðgönguefnið samkvæmt Frakklandi, geti haft svipaða eiturefnafræðilega samantekt og bisfenól A og gæti valdið svipuðum skaðlegum áhrifum á heilbrigði. Til að komast hjá því að skaðleg áhrif bisfenóls S komi einfaldlega í staðinn fyrir skaðleg áhrif bisfenóls A ætti því að gefa mögulegri þróun í átt að útskiptingu fyrir bisfenól S sérstakan gaum. Í því skyni ætti Efnastofnunin að vakta notkun á bisfenóli S í pappír fyrir hitaprentun. Efnastofnunin ætti að veita framkvæmdastjórninni allar frekari upplýsingar til að hún ihugi hvort tillaga um að takmarka bisfenól S samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sé nauðsynleg í ljósi þess að öfugt við bisfenól A hefur enn ekki verið lagt mat á heilbrigðisáhættu í tengslum við bisfenól S í pappír fyrir hitaprentun.
- 14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

⁽¹⁾ <http://echa.europa.eu/documents/10162/9ce0977b-3540-4de0-af6d-16ad6e78ff20>

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

—————
VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist eftirfarandi ný færsla við:

„66. Bisfenól A CAS-nr. 80-05-7 EB-nr. 201-245-8	Má ekki setja á markað í pappír fyrir hitaprentun í styrk sem er jafn eða hærri en 0,02% miðað við þyngd, eftir 2. janúar 2020.“
--	--

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2038****2017/EES/17/60****frá 13. nóvember 2015****um jafngildi milli regluramma Suður-Kóreu um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Málsmeðferðin við viðurkenningu á miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu í þriðju löndum, sem sett er fram í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, miðar að því að gera miðlægum mótaðilum, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðju löndum, sem hafa eftirlitsstaðla sem eru jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, kleift að veita stöðustofnunaradilum eða viðskiptavettvangi, sem hafa staðfestu í Sambandinu, stöðustofnunarþjónustu. Viðurkenningarferlið og ákvörðunin um jafngildi, sem þar er kveðið á um, stuðlar því að því að ná því meginmarkmiði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að draga úr kerfisáhættu með því að auka notkun á öruggum og traustum miðlægum mótaðilum til að stöðustofna OTC-afleiðusamninga, þ.m.t. ef þessir miðlægu mótaðilar hafa staðfestu og starfsleyfi í þriðja landi.
- 2) Til að lagareglur þriðja lands geti talist jafngildar lagareglum Sambandsins að því er varðar miðlæga mótaðila ætti grundvallarniðurstaða gildandi fyrirkomulags laga og eftirlits að vera jafngild kröfum Sambandsins að því er varðar eftirlitsmarkmiðin sem þær ná fram. Tilgangurinn með þessu jafngildismati er því að sannreyna að fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Kóreu tryggi að miðlægir mótaðilar, sem hafa staðfestu og starfsleyfi þar, valdi ekki stöðustofnunaradilum og viðskiptavettvangi með staðfestu í Sambandinu meiri áhættu en síðarnefndi aðilinn gæti staðið frammi fyrir vegna miðlægra mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Sambandinu og valdi, af þessum sökum, ekki óásættanlegri kerfisáhættu í Sambandinu.
- 3) Hinn 1. október 2013 fékk framkvæmdastjórnin tækniráðgjöf frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi í Suður-Kóreu. Tækniráðgjöfin tilgreindi ýmiss konar mismun á milli lagalega bindandi krafna sem gilda, á vettvangi dómsvalds, um miðlæga mótaðila í Suður-Kóreu og lagalega bindandi krafna sem gilda um miðlæga mótaðila samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Þessi ákvörðun byggist þó ekki einvörðungu á samanburðargreiningu á lagalega bindandi kröfum sem gilda um miðlæga mótaðila í Suður-Kóreu, heldur einnig á mati á niðurstöðu þessara krafna og hversu fullnægjandi þær eru til að milda áhættuna sem stöðustofnunaradilar og viðskiptavettvangur, sem hefur staðfestu í Sambandinu, stendur frammi fyrir, með hætti sem telst jafngildur niðurstöðu krafanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Því ætti einkum að taka tillit til þess að marktækt minni áhætta felst í stöðustofnunarstarfsemi sem fram fer á fjármálamörkuðum sem eru minni en fjármálamarkaður Sambandsins.
- 4) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 5) Samkvæmt fyrsta skilyrðinu skal miðlægur mótaðili, sem hefur starfsleyfi í þriðja landi, fara að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 6) Lagalega bindandi kröfur Suður-Kóreu vegna miðlægra mótaðila, sem hafa þar starfsleyfi, samanstanda af lögnum um fjárfestingarþjónustu og fjármagnsmarkaði frá 2013 (Financial Investment Services and Capital Markets Act 2013 („FSCMA“)), þ.m.t. nokkrar undirreglugerðir um framkvæmd FSCMA.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

- 7) Fjármálaráðuneytið (Financial Services Commission („FSC“) veitir miðlægum mótaðilum starfsleyfi. Áður en fjármálaráðuneytið veitir leyfi til stöðustofnunar skal það vera fullvisst, meðal annars, um að miðlægi mótaðilinn hafi eigið fé sem jafngildir lögbundnum lágmarkskröfunum, hafi viðeigandi og trausta viðskiptaáætlun, mannauð, gagnavinnslubúnað og aðra aðstöðu sem er fullnægjandi til að vernda fjárfesta og stunda stöðustofnunarstarfsemi, hafi engan fulltrúa sem er vanhæfur samkvæmt FSCMA, búi yfir kerfi til að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra og að hluthafar hafi næga fjárhagslega getu, góða fjárhagsstöðu og félagslegan trúverðugleika. Fjármálaráðuneytið getur, er það veitir starfsleyfi, sett skilyrði sem geta verið nauðsynleg til að tryggja að stjórnun miðlæga mótaðilans sé traust og viðhalda traustu fyrirkomulagi markaðar. Miðlægir mótaðilar sem hafa starfsleyfi falla þá undir viðvarandi eftirlit fjármálaráðuneytisins og eftirlit Seðlabanka Suður-Kóreu samkvæmt lögnum um Seðlabanka Suður-Kóreu (Bank of Korea Act).
- 8) Fjármálaráðuneytið hefur lýst yfir þeirri fyrirætlan sinni að meta innviði innlendra fjármálamarkaða með hliðsjón af þeim alþjóðlegu stöðlum sem settir eru fram í meginreglunum um innviði fjármálamarkaða (PFMIs), sem gefnar voru út af greiðslu- og uppgjörsefndinni ⁽¹⁾ (CPSS) og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) í apríl 2012. Fjármálaráðuneytið gaf í mars 2015 út viðmiðunarreglur um innviði fjármálamarkaða (Business Guideline for Financial Market Infrastructures), sem kveða á um tiltekna staðla sem innviðir fjármálamarkaða ættu að uppfylla er þeir stunda viðskipti samkvæmt FSCMA og undirreglugerðum þeirra laga. Með viðmiðunarreglunum voru meginreglurnar 24 um innviði fjármálamarkaða endurskipulagðar í 14 meginreglur í samræmi við landsbundnar aðstæður og kveða þær á um ítarlega staðla um framkvæmd þeirra. Seðlabanki Suður-Kóreu breytti í desember 2012 „Reglugerð um rekstur og stjórnun greiðsluuppgjörskerfa“ til að innleiða meginreglurnar um innviði fjármálamarkaða sem eftirlitsstaðla sína.
- 9) FSCMA og undirreglugerðir þeirra laga gera einnig kröfu um að miðlægir mótaðilar innleiði innri reglur og málsmeðferðarreglur sem eru nauðsynlegar fyrir eðlilega reglusetningu um stöðustofnunar- og uppgjörsefndvar þeirra. Kröfur FSCMA, undirreglugerða þeirra laga, viðmiðunarreglnanna og reglugerðarinnar um rekstur og stjórnun greiðsluuppgjörskerfa koma þar með til framkvæmda í innri reglum og málsmeðferðarreglum stöðustofnunarstöðva. Samkvæmt FSCMA skal fjármálaráðuneytið samþykkja alla endurskoðun á stofnsamningum eða innri reglum og málsmeðferðarreglum miðlægra mótaðila.
- 10) Hinar lagalega bindandi kröfur í Suður-Kóreu eru því tvískiptar. FSCMA og undirreglugerðir þeirra laga setja fram stranga staðla sem miðlægir mótaðilar skulu fara að til að fá starfsleyfi til að veita stöðustofnunarþjónustu í Suður-Kóreu. Þessar meginreglur eru fyrra þrep lagalega bindandi krafna í Suður-Kóreu. Til að sýna fram á að farið sé að meginreglunum skulu miðlægir mótaðilar leggja fram innri reglur og málsmeðferðarreglur sínar til fjármálaráðuneytisins til samþykkis í samræmi við viðmiðunarreglurnar um innviði fjármálamarkaða. Þessar innri reglur og málsmeðferðarreglur eru seinna þrep krafna í Suður-Kóreu.
- 11) Matið á jafngildi fyrirkomulags laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila í Suður-Kóreu, ætti einnig að taka til greina niðurstöðu áhættumildunar sem það tryggir með tilliti til umfangs áhættu sem stöðustofnunaraðilar og viðskiptavettvangur með staðfestu í Sambandinu standa frammi fyrir vegna þátttöku þeirra í þessum einingum. Niðurstæða áhættumildunar er bæði ákvörðuð af umfangi áhættu, sem felst í stöðustofnunarstarfseminni sem hlutaðeigandi miðlægur mótaðili framkvæmir, sem er háð stærð fjármálamarkaðar sem hann starfar á, og hversu vel fyrirkomulagi laga og eftirlits, sem gildir um miðlæga mótaðila, tekst að milda viðkomandi áhættu. Til að ná fram sömu niðurstöðu áhættumildunar er þörf á strangari kröfum um áhættumildun fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á stærri fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er meiri en fyrir miðlæga mótaðila sem stunda starfsemi sína á minni fjármálamörkuðum þar sem innbyggð áhætta er minni.
- 12) Stærð fjármálamarkaðarins þar sem miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi í Suður-Kóreu, stunda stöðustofnunarstarfsemi sína er umtalsvert minni en sá markaður þar sem miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu stunda starfsemi sína. Á undanförunum þremur árum hefur heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð voru í Suður-Kóreu verið minna en 1% af heildarverðmæti afleiðuviðskipta sem stöðustofnuð voru í Sambandinu. Af þessum sökum hefur þátttaka í miðlægum mótaðilum í Suður-Kóreu í för með sér marktækt minni áhættu fyrir stöðustofnunaraðila og viðskiptavettvang með staðfestu í Sambandinu en þátttaka í miðlægum mótaðilum sem hafa starfsleyfi í Sambandinu.
- 13) Fyrirkomulag laga og eftirlits sem gildir um miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi í Suður-Kóreu, gæti því talist vera jafngilt ef það getur mildað þessa minni áhættu. Meginreglurnar sem gilda um þessa miðlægu mótaðila, sem studdar eru

⁽¹⁾ Greiðslu- og uppgjörsefndin breytti heiti sínu frá og með 1. september 2014 í greiðslu- og markaðsinnviðanefndin (Committee on Payment and Market Infrastructures, „CPMI“).

af innri reglum og málsmeðferðarreglum þeirra sem hrinda í framkvæmd meginreglunum um innviði fjármálamarkaða, milda minni áhættu sem er fyrir hendi í Suður-Kóreu og ná fram jafngildri niðurstöðu áhættumildunar og þeirri sem leitast er við að ná fram með reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

- 14) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits Suður-Kóreu tryggji að miðlægir mótaðilar, sem hafa starfsleyfi þar, uppfylli lagalega bindandi kröfur sem eru jafngildar kröfunum sem mælt er fyrir um í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 15) Samkvæmt öðru skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Kóreu, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveða á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.
- 16) Fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á að koma á og framkvæma eftirlitsreglur og að koma á eftirliti með, og athugun á, fjármálastofnunum. Fjármálaráðuneytið, sem helsti eftirlitsaðilinn með miðlægum mótaðilum, hefur yfirgripsmikið vald til að hafa eftirlit með þeim og beita þá viðurlögum, þ.m.t., meðal annars, vald til að ógilda leyfi miðlægs mótaðila, vald til að fresta og yfirfæra viðskipti miðlægra mótaðila og vald til að beita miðlægan mótaðila viðurlögum. Daglegt eftirlit er í höndum fjármálaeftirlitsins sem starfar undir eftirliti fjármálaráðuneytisins. Miðlægir mótaðilar falla undir eftirlit tvisvar á ári, sem stendur yfir í fjórar vikur í senn, og athuganir, sem ekki eru reglubundnar, samkvæmt kröfum eftirlitsaðilans. Fjármálaeftirlitið hefur stöðugt eftirlit með því að miðlægir mótaðilar uppfylli kröfur um áhættustýringu með því að beita eftirliti og áhættutengdri rannsóknarmálsmeðferð, þ.m.t. prófun á varfærniskröfum. Þar að auki er eitt helsta markmiðið með eftirliti Seðlabanka Suður-Kóreu með miðlægum mótaðilum, sem hafa starfsleyfi í Suður-Kóreu, að tryggja öryggi þeirra og skilvirkni. Bankinn framkvæmir eftirlit með því að meta upplýsingar um miðlæga mótaðila, framkvæmir, á tveggja ára fresti, mat á því hvort þeir fari að meginreglunum um innviði fjármálamarkaða og krefst úrbóta ef nauðsyn krefur. Seðlabanki Suður-Kóreu hefur vald til að krefjast þessara úrbóta, með samþykki peningastefnunefndar ef um er að ræða meiriháttar úrbætur.
- 17) Framkvæmdastjórnin ályktar því að fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Kóreu, að því er varðar miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, kveði á um skilvirkt eftirlit og framfylgd á áframhaldandi grundvelli.
- 18) Samkvæmt þriðja skilyrðinu í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Kóreu innihalda skilvirkt, jafngilt kerfi til að viðurkenna miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands („miðlægir mótaðilar þriðja lands“).
- 19) Miðlægir mótaðilar þriðja lands sem vilja stöðustofna OTC-afleiður í Suður-Kóreu skulu sækja um samþykki fyrir því til fjármálaeftirlitsins.
- 20) Til að fá samþykki skal lögsagan þar sem miðlægur mótaðili hefur staðfestu hafa nægilega traust reglukerfi sem svipar til fyrirkomulags laga og eftirlits sem gildir í Suður-Kóreu. Þá er krafist samstarfssamnings milli Suður-Kóreu og lögbærra yfirvalda þriðju lands áður en umsókn miðlægs mótaðila þriðja lands er samþykkt.
- 21) Þar af leiðandi ætti að líta svo á að í viðurkenningarferli lagareglna Suður-Kóreu, sem gilda um miðlæga mótaðila þriðja lands sem óska eftir því að stöðustofna OTC-afleiður þar, sé kveðið á um skilvirkt, jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á miðlægum mótaðilum þriðja lands.
- 22) Skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 25. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 geta því talist vera uppfyllt með fyrirkomulagi laga og eftirlits í Suður-Kóreu að því er varðar miðlæga mótaðila, sem hafa starfsleyfi þar, og ætti þetta fyrirkomulag laga og eftirlits að teljast vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdastjórnin ætti áfram að hafa eftirlit með þróun laga- og eftirlitsramma Suður-Kóreu vegna miðlægra mótaðila og athuga hvort skilyrðin, sem þessi ákvörðun byggir á, hafi verið uppfyllt.
- 23) Regluleg endurskoðun á gildandi fyrirkomulagi laga og eftirlits í Suður-Kóreu vegna miðlægra mótaðila, sem hafa starfsleyfi þar, ætti ekki að hafa áhrif á möguleika framkvæmdastjórnarinnar til að gera sérstaka endurskoðun hvenær sem er fyrir utan hina almennu endurskoðun, ef þróun sem skiptir máli verður til þess að nauðsynlegt er fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt er með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til þess að viðurkenning á jafngildi yrði dregin til baka.
- 24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst fyrirkomulag laga og eftirlits í Suður-Kóreu, sem samanstendur af lögum um fjárfestingarþjónustu og fjármálamarkaði frá 2013 (Financial Investment Services and Capital Markets Act 2013 („FSCMA“)) og undirreglugerðum þeirra, með stuðningi viðmiðunarreglnanna um innviði fjármagnsmarkaða (Business Guideline for Financial Market Infrastructures) og reglugerðarinnar um rekstur og stjórnun greiðslu- og uppgjörskerfa (Regulation on the Operation and Management of Payment and Settlement Systems) sem gilda um miðlæga mótaðila sem hafa starfsleyfi þar, vera jafngilt kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/427

2017/EES/17/61

frá 10. mars 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 er þess krafist að framkvæmdastjórnin hafi í stöðugri endurskoðun þær aðferðir, prófanir og kröfur um gerðarviðurkenningar sem eru settar fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽²⁾ og breyti þeim þannig að þær endurspegli svo fullnægjandi sé þá losun sem myndast við raunverulegan akstur á vegum, ef nauðsyn krefur.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur gert ítarlega greiningu að því er þetta varðar, á grunni eigin rannsókna og aðfenginna upplýsinga og komist að því að losun frá Euro 5/6 ökutækjum í raunverulegum akstri úti á vegum var umtalsvert meiri en sú losun sem var mæld með hinni nýju lögbundnu, evrópsku aksturslotu (NEDC), einkum með tilliti til losunar á köfnunarefnisoxíðum (NO_x) frá dísilknúnum ökutækjum.
- 3) Kröfurnar um losun vegna gerðarviðurkenningar fyrir vélknúin ökutæki hafa verið hertar umtalsvert með innleiðingu og síðar með endurskoðun á Evrópustöðlum. Þó að ökutæki hafi almennt skilað umtalsverði losunarskerðingu fyrir allt svið mengunarefna sem reglur gilda um, var svo ekki með losun köfnunarefnisoxíða frá dísilhreyflum (einkum frá léttum ökutækjum). Því er þörf fyrir aðgerðir til að leiðrétta þetta ástand. Það að takast á við vandamálið sem losun köfnunarefnisoxíða frá dísilhreyflum skapar ætti að vera innlegg í að draga úr núverandi þrálátum háum gildum köfnunarefnis-tvíoxíðs í andrúmslofti sem einkum tengjast þeirri losun og eru mikið áhyggjuefni í tengslum við heilbrigði manna, ásamt því að vera áskorun að því er varðar reglufylgni við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB ⁽³⁾.
- 4) Í janúar 2011 setti framkvæmdastjórnin á fót vinnuhóp með þátttöku allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila, til að þróa prófunaraðferð fyrir losun í raunverulegum akstri sem endurspeglar betur losun eins og hún mælist úti á vegum. Í þessum tilgangi hefur tæknilega valkostinum, sem lagður er til í reglugerð (EB) nr. 715/2007, þ.e. að nota færanleg mælikerfi fyrir losun og ásamt regluhugtakinu „losun innan marka“, verið fylgt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 82, 31.3.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtið. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1).

- 5) Til að gera framleiðendum kleift að aðlaga sig smám saman að kröfunum um losun í raunverulegum akstri ætti að innleiða prófunaraðferðir fyrir losun í raunverulegum akstri í tveimur áföngum, samkvæmt samkomulaginu sem náðist við hagsmunaaðila í CARS 2020 ferlinu ⁽¹⁾: á fyrsta umbreytingartímabili ætti einungis að beita prófunaraðferðunum til eftirlits og síðar meir ætti að beita þeim ásamt bindandi meginlegum kröfum um losun í raunverulegum akstri fyrir allar gerðarviðurkenningar og ný ökutæki. Endanlegar meginlegar kröfur um losun í raunverulegum akstri verða því næst teknar upp í tveimur áföngum.
- 6) Setja ætti meginlegar kröfur um losun í raunverulegum akstri til að takmarka losun gegnum endarör við öll venjuleg notkunarskilyrði sem varða þau losunarmörk sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 715/2007. Í þeim tilgangi ætti að taka tillit til tölfræðilegrar og tæknilegrar óvissu í mælingaraðferðunum.
- 7) Ein stök prófun á losun í raunverulegum akstri við fyrstu gerðarviðurkenningu getur ekki náð til alls sviðs viðeigandi umferðar- og umhverfisskilyrða. Því er prófun á samræmi ökutækja í notkun afar mikilvæg til að tryggja að reglubundin prófun á losun í raunverulegum akstri nái til eins breiðs sviðs slíkra skilyrða og mögulegt er og að þannig sé séð til þess að farið sé að kröfum samkvæmt reglum við öll venjuleg notkunarskilyrði.
- 8) Framkvæmd prófana með færanlegum mælikerfum fyrir losun samkvæmt fyrirhuguðum kröfum um málsmeðferð getur skapað umtalsverða byrði fyrir smærri framleiðendur sem er meiri en sem nemur væntum umhverfislegum ávinningi. Því er rétt að gera ráð fyrir nokkrum tilgreindum undanþágum fyrir þá framleiðendur. Uppfæra og bæta ætti prófanir á losun í raunverulegum akstri ef nauðsyn krefur, t.d. til að endurspeglar breytingar á ökutækjatekni. Til að greiða fyrir endurskoðuninni ætti að taka tillit til gagna um ökutæki og losun sem aflað var á umbreytingartímabilinu.
- 9) Reglugerð þessi ætti að gilda frá og með 1. janúar 2016, til að gera viðurkenningaryfirvöldum og framleiðendum kleift að koma upp nauðsynlegum verkferlum til að fara að kröfum hennar.
- 10) Því er rétt að breyta reglugerð (EB) nr. 692/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 41. og 42. liður bætist við 2. gr.:

„41. „Losun í raunverulegum akstri (RDE)“ er losun frá ökutæki við venjuleg notkunarskilyrði þess,

42. „Færanlegt mælikerfi fyrir losun (PEMS)“ er færanlegt mælikerfi fyrir losun sem uppfyllir kröfurnar sem eru tilgreindar í 1. viðbæti við III. viðauka A,“.

- 2) Eftirfarandi 10. mgr. bætist við 3. gr.:

„10. Framleiðandi skal sjá til þess að allan eðlilegan endingartíma ökutækis, sem er gerðarviðurkennt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007, fari losun frá því, eins og hún er ákvörðuð í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í III. viðauka A við þessa reglugerð og sem losnar í prófun á losun í raunverulegum akstri sem er gerð í samræmi við þann viðauka, ekki yfir þau gildi sem þar eru sett fram.

Einungis má gefa út gerðarviðurkenningu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007 ef ökutækið er hluti af fullgildum prófunarhópi fyrir færanleg mælikerfi fyrir losun skv. 7. viðbæti í III. viðauka A.

⁽¹⁾ Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „CARS 2020: Aðgerðaáætlun um samkeppnishæfan og sjálfbærar bílaiðnað í Evrópu“ (COM(2012) 636 lokagerð).

Þar til tiltekin gildi verða samþykkt fyrir $CF_{pollutant}$ mælipættina í töflunni í lið 2.1 í III. viðauka A við þessa reglugerð skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) Kröfurnar í lið 2.1 í III. viðauka A við þessa reglugerð skulu einungis gilda eftir að samþykkt hafa verið tiltekin gildi fyrir $CF_{pollutant}$ mælipættina í töflunni í lið 2.1 í III. viðauka A við þessa reglugerð.
- b) Aðrar kröfur í III. viðauka A, einkum þær sem varða prófanir á losun í raunverulegum akstri sem skal framkvæma og þau gögn sem skal skrá og gera aðgengileg, skulu einungis gilda um nýjar gerðarviðurkenningar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007 sem eru gefnar út eftir tuttugasta dag frá útgáfu III. viðauka A í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- c) Kröfurnar í III. viðauka A skulu ekki gilda um gerðarviðurkenningar sem eru veittar smærri framleiðendum, eins og er skilgreint í 32. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.
- d) Þegar kröfunum sem eru settar fram í 5. og 6. viðbæti við III. viðauka A er einungis fullnægt fyrir aðra af þeim tveimur gagnamatsaðferðum sem er lýst í umræddum viðbætum skal fylgja eftirfarandi verklagi:

i. fara skal fram ein viðbótarprófun á losun í raunverulegum akstri,

ii. ef þessum kröfum er aftur einungis fullnægt fyrir eina af aðferðunum skal skrá greiningu á heilleika og eðlileika fyrir báðar aðferðirnar og útreikningurinn sem er krafist samkvæmt lið 9.3 í III. viðauka A getur takmarkast við þá aðferð þar sem kröfum um heilleika og eðlileika er fullnægt.

Skrá skal gögnin um prófanir á losun í raunverulegum akstri og einnig um greininguna á heilleika og eðlileika og gera þær aðgengilegar til að skoða megi muninn á niðurstöðunum úr þessum tveimur gagnamatsaðferðum.

- e) Ákvarða skal aflið við hjól prófunarökutækisins annað hvort með mælingu á snúningsátaki við hjólnöfina eða út frá massastreymi koltvísýrings með Veline-aðferð í samræmi við lið 4 í 6. viðbæti III. viðauka A.“

3) Í stað fjórðu undirgreinar 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„Litið skal svo á að kröfum í reglugerð (EB) nr. 715/2007 sé fullnægt ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) kröfurnar í 10. mgr. 3. gr. eru uppfylltar,
- b) kröfurnar í 13. gr. þessarar reglugerðar eru uppfylltar,
- c) fyrir ökutæki sem eru gerðarviðurkennd í samræmi við kröfurnar fyrir Euro 5 losunarmörkin sem eru gefin í töflu 1 í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 715/2007, að ökutækið hafi verið viðurkennt samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 06, nr. 85, nr. 101, röð breytinga nr. 01 og, ef um er að ræða ökutæki með þjöppukveikju, III. hluta reglugerðar nr. 24, röð breytinga nr. 03,
- d) fyrir ökutæki sem eru gerðarviðurkennd í samræmi við kröfurnar fyrir Euro 6 losunarmörkin sem eru gefin í töflu 2 í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 715/2007, að ökutækið hafi verið viðurkennt samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07, nr. 85 og viðbótum við hana, nr. 101, endurskoðun nr. 3 (sem samanstendur af röð breytinga nr. 01 og viðbótum við hana) og, ef um er að ræða ökutæki með þjöppukveikju, III. hluta reglugerðar nr. 24, röð breytinga nr. 03.““

4) Mynd I.2.4 í lið 2.4.1 í I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) eftirfarandi línur bætist við á eftir línunni sem byrjar á textanum „Massi og fjöldi agna (prófun 1)“:

„Mengandi lofttegundir, prófun á losun í raunverulegum akstri (prófun 1A)	Já	Já	Já	Já (4)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já	—	—
Fjöldi agna, prófun á losun í raunverulegum akstri (prófun 1A) (6)	Já	—	—	—	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	—	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já	—	—“

b) eftirfarandi skýringar bætist við:

„⁽⁶⁾ Prófun á fjölda agna í losun í raunverulegum akstri nær einungis til ökutækja með skilgreiningu á Euro 6 viðmiðunarmörkum fyrir fjölda agna sem eru losaðar í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007.“.

5) Nýr III. viðauki A bætist við og er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI A

SANNPRÓFUN Á LOSUN Í RAUNVERULEGUM AKSTRI

1. INNGANGUR, SKILGREININGAR OG SKAMMSTAFANIR

1.1. Inngangur

Í þessum viðauka er lýst aðferðinni til að sannprófa frammistöðu léttra farþega- og atvinnuökutækja að því er varðar losun í raunverulegum akstri.

1.2. Skilgreiningar

1.2.1. „Nákvæmni“: frávikið milli mælds eða reiknaðs gildis og rekjanlegs viðmiðunargildis.

1.2.2. „Greiningartæki“: allur mælibúnaður sem er ekki hluti af ökutækinu en er settur upp til að ákvarða styrk eða magn mengandi lofttegunda eða agna.

1.2.3. „Skurðpunktur áss“ línulegs aðhvarfs (a_0) er:

$$a_0 = \bar{y} - (a_1 \times \bar{x})$$

Þar sem:

a_1 er hallatala aðhvarfslínunnar

\bar{x} er meðalgildi viðmiðunarmælipáttarins

\bar{y} er meðalgildi mælipáttarins sem á að sannprófa.

1.2.4. „Kvörðun“: ferli sem miðar að því að stilla svörun greiningartækis, streymismælitækis, nema eða mælimerkis þannig að frágangur þess samsvari einu eða fleiri viðmiðunarkerkjum.

1.2.5. „Ákvörðunarstuðull“ (r^2) er:

$$r^2 = 1 - \frac{\sum_{i=1}^n [y_i - a_0 - (a_1 \times x_i)]^2}{\sum_{i=1}^n (y_i - \bar{y})^2}$$

Þar sem:

a_0 er skurðpunktur áss línulegu aðhvarfslínunnar

a_1 er hallatala línulegu aðhvarfslínunnar

x_i er mælda viðmiðunargildið

y_i mæligildi mælipáttarins sem á að sannprófa

\bar{y} er meðalgildi mælipáttarins sem á að sannprófa

n er fjöldi gilda

1.2.6. „Víxlflýgnistuðull“ (r) er:

$$r = \frac{\sum_{i=1}^{n-1} (x_i - \bar{x}) \times (y_i - \bar{y})}{\sqrt{\sum_{i=1}^{n-1} (x_i - \bar{x})^2} \times \sqrt{\sum_{i=1}^{n-1} (y_i - \bar{y})^2}}$$

Þar sem:

x_i er mælda viðmiðunargildið

y_i mæligildi mælipáttarins sem á að sannprófa

\bar{x} er meðalviðmiðunargildið

\bar{y} er meðalgildi mælipáttarins sem á að sannprófa

n er fjöldi gilda

- 1.2.7. „Seinkunartími“: sá tími sem liður frá því að skipt er yfir í streymi lofttegunda (t_0) og þar til svörunin nær 10% (t_{10}) af endanlegri aflestrartölu.
- 1.2.8. „Merki eða gögn frá stýrieiningu hreyfils (ECU)“: allar upplýsingar og mælimerki sem eru skráð og berast frá netkerfi ökutækisins með þeim samskiptareglum sem eru tilgreindar í lið 3.4.5 í 1. viðbæti.
- 1.2.9. „Stýrieining hreyfils“: Rafeindaeining sem stjórnar ýmsum hreyfiliðum til að tryggja bestu afköst aflrásarinnar.
- 1.2.10. „Losun“, sem nefnist einnig „efnisþættir“, „mengandi efnisþættir“ eða „losun mengandi efna“: loftkenndir efnisþættir eða agnir í útblæstri sem reglur gilda um.
- 1.2.11. „Útblástur“, sem nefnist einnig útblástursloft: summa allra loftkenndra efnisþátta og agna sem eru losuð um útblástursop eða endarör sem afleiðing af bruna eldsneytis í brunahreyfli ökutækis.
- 1.2.12. „Losun með útblæstri“: losun agna, sem er skilgreind sem efnisagnir og fjöldi agna, og loftkenndra efnisþátta við endarör ökutækis.
- 1.2.13. „Fullt kvarðaútslag“: allt svið greiningartækis, streymismælitækis eða nema eins og framleiðandi búnaðarins skilgreinir það. Ef undirsvið greiningartækis, streymismælitækis eða nema er notað við mælingar merkir fullt kvarðaútslag hæstu aflestrartölu.
- 1.2.14. „Svörunarstuðull fyrir vetniskolefni“ tiltekinnar tegundar vetniskolefnis: hlutfallið milli aflestrartölu loga-jónunarnema og styrks þeirrar tegundar vetniskolefnis sem er til skoðunar í viðmiðunargashylkinu, sett fram sem milljónarhlutar af C_1 (ppm C_1).
- 1.2.15. „Meiri háttar viðhald“: stilling, viðgerð eða útskipti greiningartækis, streymismælitækis eða nema sem gæti haft áhrif á mælinákvæmnina.
- 1.2.16. „Mælisuð“: tvisvar sinnum kvaðratmeðaltalsrót af tíu staðalfrávikum sem hvert fyrir sig er reiknað frá núllsvörum sem eru mældar í 30 sekúndur við stöðuga mælitíðni sem er a.m.k. 1,0 Hz.
- 1.2.17. „Vetniskolefni, önnur en metan“ (NHMC): heildarmagn vetniskolefna (THC) að metani (CH₄) undanskildu.
- 1.2.18. „Fjöldi agna“ (PN): heildarfjöldi fastra agna sem eru losaðar með útblæstri ökutækis, eins og er skilgreint með mæliaðferðinni sem kveðið er á um í þessari reglugerð, til að meta viðkomandi Euro 6 losunarmörk sem eru skilgreind í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007.
- 1.2.19. „Nákvæmni“: 2,5 sinnum staðalfrávikði af 10 endurteknum svörum við tilteknu rekjanlegu staðalgildi.

- 1.2.20. „Aflestrartala“: tölugildi sem greiningartæki, streymismælitæki, nemi eða annar mælibúnaður, sem notaður er í tengslum við mælingar á losun frá ökutækjum, skila.
- 1.2.21. „Svörunartími“ (t_{90}): summa seinkunartímans og ristímans.
- 1.2.22. „Ristími“: tíminn á milli 10% og 90% af svörun ($t_{90} - t_{10}$) endanlegrar aflestrartölu.
- 1.2.23. „Kvaðratmeðaltalsrót“ (x_{rms}): kvaðratrót af meðaltali kvaðrata af gildum og er skilgreind svo:

$$x_{rms} = \sqrt{\frac{1}{n}(x_1^2 + x_2^2 + \dots + x_n^2)}$$

Þar sem:

x er mælda eða reiknaða viðmiðunargildið

n er fjöldi gilda

- 1.2.24. „Nemi“: allur mælibúnaður sem er ekki hluti af ökutækinu en er settur upp til að ákvarða aðra mælipætti en styrk mengandi lofttegunda og agna og útblástursmassastreymi.
- 1.2.25. „Mælisviðskvörðun“ (e. *span*): kvörðun greiningartækis, streymismælitækis eða nema þannig að það skili nákvæmri svörun sem uppfyllir staðal sem samsvarar eins nákvæmlega og hægt er því hámarksgildi sem vænst er að mælist í eiginlegri losunarprófun.
- 1.2.26. „Svörun mælisviðskvörðunar“ (e. *span response*): meðalsvörun við kvörðunarmerki fyrir mælisvið sem stendur í minnst 30 sekúndur.
- 1.2.27. „Rek kvörðunarsvörunar mælisviðs“: munurinn á meðalsvörun við mælisviðskvörðunarmerki og raunverulega mælisviðskvörðunarmerkinu sem mælist á skilgreindu tímabili eftir nákvæma mælisviðskvörðun á greiningartæki, streymismælitæki eða nema.
- 1.2.28. „Hallatala“ línulegs aðhvarfs (a_1) er:

$$a_1 = \frac{\sum_{i=1}^n (y_i - \bar{y}) \times (x_i - \bar{x})}{\sum_{i=1}^n (x_i - \bar{x})^2}$$

Þar sem:

\bar{x} er meðalgildi viðmiðunarmælipáttarins

\bar{y} er meðalgildi mælipáttarins sem á að sannprófa

x_i er raungildi viðmiðunarmælipáttarins

y_i er raungildi mælipáttarins sem á að sannprófa

n er fjöldi gilda

- 1.2.29. „Staðalskekkja á mati“ (*SSE*) er:

$$SEE = \frac{1}{x_{max}} \times \sqrt{\frac{\sum_{i=1}^n (y_i - \hat{y})^2}{(n - 2)}}$$

Þar sem:

\hat{y} er áætlað mæligildi mælipáttarins sem á að sannprófa

y_i er raungildi mælipáttarins sem á að sannprófa

x_{max} er hámarksraungildi viðmiðunarmælipáttarins

n er fjöldi gilda

- 1.2.30. „Heildarmagn vetniskolefna“ (THC): summa allra rokgjarnra efnasambanda sem eru mælanleg með logajónunarnema (FID).
- 1.2.31. „Rekjanlegur“: getan til að rekja mælingu eða aflestrartölu gegnum óslitna röð samanburða, til þekkts og almennt samþykkt staðals.
- 1.2.32. „Ummyndunartími“: tímamunur milli breytingar á styrk eða streymi (t_0) við viðmiðunarpunktinn og kerfissvörunar sem er 50% af endanlegri aflestrartölu (t_{50}).
- 1.2.33. „Gerð greiningartækis“, einnig nefnd „greiningartækisgerð“: flokkur greiningartækja frá sama framleiðanda sem nota sömu meginreglu til að ákvarða styrk eins tiltekins loftkennds efnisþáttar eða fjölda agna.
- 1.2.34. „Gerð útblástursmassastreymismælis“: flokkur mæla fyrir útblástursmassastreymi frá sama framleiðanda sem hafa svipað innra rörþvermál og virka eftir sömu meginreglu til að ákvarða massastreymi útblásturslofts.
- 1.2.35. „Fullgilding“: ferlið við mat á rétttri uppsetningu og virkni færanlegs mælikerfis fyrir losun og hvort mælingar á útblástursmassastreymi séu réttar eins og þær skila sér frá einum eða fleiri útblástursmassastreymismælum sem ekki eru rekjanlegir eða eins og er reiknað út frá nemum eða merkjum frá stýrieiningu hreyfils.
- 1.2.36. „Sannprófun“: ferlið við mat á því hvort mælt eða reiknað frágag greiningartækis, streymismælitækis, nema eða mælimerkis samræmist viðmiðunarkerfi innan eins eða fleiri fyrir fram ákveðinna viðmiðunarmarkna fyrir samþykki.
- 1.2.37. „Núllstilling“: kvörðun greiningartækis, streymismælitækis eða nema þannig að hann skilar nákvæmri svörun við núllmerki.
- 1.2.38. „Núllsvörun“: meðalsvörun við núllmerki á minnst 30 sekúndna tímabili.
- 1.2.39. „Rek núllsvörunar“: munurinn á meðalsvörun við núllmerki og raunverulega núllmerkinu sem er mælt á skilgreindu tímabili eftir að greiningartæki, streymismælitæki eða nemi hefur verið núllstilltur rétt.

1.3. Skammstafanir

Skammstafanir vísa almennt til bæði eintölu og fleirtölu stytta hugtakanna.

CH ₄	— Metan
CLD	— Efnaljómunarnemi
CO	— Kolsýringur
CO ₂	— Koltvísýringur
CVS	— Gassýnissafnari
DCT	— Gírskipting með tvöföldum tengslum
ECU	— Stýrieining hreyfils
EFM	— Útblástursmassastreymismælir
FID	— Logajónunarnemi
FS	— fullt kvarðaútslag
GPS	— GPS-staðsetningarkerfi
H ₂ O	— Vatn

HC	— Vetniskolefni
HCLD	— Hitaður efnaljómunarnemi
HEV	— Tvinnrafökutæki
ICE	— Brunahreyfill
ID	— auðkennisnúmer eða -kóði
LPG	— Fljótandi jarðolíugas
MAW	— Hlaupandi meðaltalsgluggi
max	— hámarksgildi
N ₂	— Köfnunarefni
NDIR	— Ódreifinn innrauður geisli
NDUV	— Ódreifinn útfjólblár geisli
NEDC	— Nýja, evrópska aksturslotan
NG	— Jarðgas
NMC	— Metanskilja
NMC-FID	— Metanskilja ásamt logajónunarnema
NMHC	— Vetniskolefni, önnur en metan
NO	— Köfnunarefniseinoxíð
Nr.	— Númer
NO ₂	— Köfnunarefnistvíoxíð
NO _x	— Köfnunarefnisoxíð
NTE	— Innan marka
O ₂	— Súrefni
OBD	— Innbyggt greiningarkerfi
PEMS	— Færanlegt mælikerfi fyrir losun
PHEV	— Tengitvinnrafökutæki
PN	— Fjöldi agna
RDE	— Losun í raunverulegum akstri
SCR	— Valvís, hvötuð afoxun
SEE	— Staðalskekkja á mati
THC	— Heildarvetniskolefni
UN/ECE	— Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu
VIN	— Verksmiðjunúmer ökutækis
WLTC	— Prófunarlota fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu
WWH-OBD	— Innbyggt greiningarkerfi sem er samræmt á heimsvísu

2. ALMENNAR KRÖFUR

- 2.1. Losun frá ökutæki, sem er gerðarviðurkennt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007, eins og hún er ákvörðuð samkvæmt kröfunum í þessum viðauka og sem losnar í prófun á losun í raunverulegum akstri sem er gerð í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka skal, á eðlilegum endingartíma þess, ekki vera meiri en eftirfarandi gildi fyrir losun innan marka:

$$NTE_{pollutant} = CF_{pollutant} \times \text{EURO-6}$$

þar sem EURO-6 eru viðeigandi Euro 6 losunarmörk í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007 og $CF_{pollutant}$ er samræmisstuðullinn fyrir mengunarvaldana sem eru tilgreindir hér á eftir, í þeirri röð:

Mengunarefni	Massi köfnunarefnisoxíða (NO _x)	Fjöldi agna (PN)	Massi kolsýrings (CO) ⁽¹⁾	Massi heildarmagns vetniskolefna (THC)	Samanlagður massi heildarmagns vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (THC + NO _x)
$CF_{pollutant}$	Á eftir að ákvarða	Á eftir að ákvarða	—	—	—

⁽¹⁾ Mæla skal og skrá losun kolsýrings við prófanir á losun í raunverulegum akstri.

- 2.2. Framleiðandi skal staðfesta að farið sé að ákvæðum liðar 2.1 með því að fylla út vottorðið sem er sett fram í 9. viðbæti.
- 2.3. Prófanir á losun í raunverulegum akstri, sem er krafist samkvæmt þessum viðauka, við gerðarviðurkenningu og yfir endingartíma ökutækis teljast vera fyrirframætlað samræmi við kröfurnar í lið 2.1. Endurmeta má fyrirframætlaða samræmið með viðbótarprófunum á losun í raunverulegum akstri.
- 2.4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hægt sé að prófa ökutæki með færanlegu mælikerfi fyrir losun á opinberum vegum í samræmi við verklagsreglur samkvæmt landslögum þeirra, samhliða því að virða staðbundna löggjöf um umferð á vegum og öryggiskröfur.
- 2.5. Framleiðendur skulu sjá til þess að sjálfstæður aðili geti prófað ökutæki með færanlegu mælikerfi fyrir losun, á opinberum vegum sem uppfylla kröfurnar í lið 2.4, t.d. með því að bjóða fram hentug millistykki fyrir útblástursrör, veita aðgang að merkjum frá stýrieiningu hreyfils og gera nauðsynlegar stjórnunarráðstafanir. Ef viðkomandi prófunar með færanlegu mælikerfi fyrir losun er ekki krafist í þessari reglugerð getur framleiðandinn tekið fyrir það sanngjarnt gjald, eins og fram kemur í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.

3. PRÓFUN Á LOSUN Í RAUNVERULEGUM AKSTRI SEM SKAL FRAMKVÆMA

- 3.1. Eftirfarandi kröfur gilda um prófanir með færanlegum mælikerfum fyrir losun sem um getur í annarri undirgrein 10. mgr. 3. gr.
- 3.1.1. Við gerðarviðurkenningu skal ákvarða útblástursmassastreymið með mælíbúnaði sem virkar óháð ökutækinu og ekki skal nota nein gögn frá stýrieiningu hreyfils ökutækis í þessum tilgangi. Í öðru samhengi en við gerðarviðurkenningu er heimilt að nota aðrar aðferðir til að ákvarða útblástursmassastreymið samkvæmt lið 7.2. í 2. viðbæti.
- 3.1.2. Ef viðurkenningaryfirvaldið er ekki sátt við athugun á gæðum gagna og niðurstöður úr sannprófun á prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun skv. 1. og 4. viðbæti getur viðurkenningaryfirvaldið litið svo á að prófunin sé ógild. Í slíkum tilvikum skal viðurkenningaryfirvaldið skrá prófunargögnin og ástæðurnar fyrir ógildingu prófunarinnar.
- 3.1.3. Skýrslugjöf og miðlun upplýsinga um prófanir á losun í raunverulegum akstri
- 3.1.3.1. Viðurkenningaryfirvaldinu skal afhent tækniskýrsla sem framleiðandi tekur saman í samræmi við 8. viðbæti.
- 3.1.3.2. Framleiðandi skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar séu birtar á vefsetri sem er aðgengilegt almenningi gjaldfrjálst:

- 3.1.3.2.1. Með því að slá inn gerðarviðurkenningarnúmer ökutækis og upplýsingar um gerð þess, afbrigði og útfærslu eins og er skilgreint í liðum 0.10 og 0.2 í EB-samræmisvottorði ökutækisins sem kveðið er á um í IX. viðauka tilskipunar 2007/46/EB, einkvæmt auðkennisnúmer prófunarhóps fyrir færanleg mælikerfi fyrir losun sem tiltekin gerð ökutækis tilheyrir með tilliti til losunar, eins og fram kemur í lið 5.2 í 7. viðbæti,
- 3.1.3.2.2. Með því að slá inn einkvæmt auðkennisnúmer prófunarhóps færanlegra mælikerfa fyrir losun:
- allar upplýsingar, eins og er krafist í lið 5.1 í 7. viðbæti,
 - skrárnar sem er lýst er í liðum 5.3 og 5.4 í 7. viðbæti,
 - niðurstöður prófana með færanlegu mælikerfi fyrir losun eins og mælt er fyrir um í lið 6.3 í 5. viðbæti og lið 3.9 í 6. viðbæti fyrir allar gerðir ökutækja með tilliti til losunar í skránni sem er lýst í lið 5.4 í 7. viðbæti.
- 3.1.3.3. Framleiðandi skal, sé þess óskað, afhenda hagsmunaaðila tækniskýrsluna, sem um getur í lið 3.1.3.1, honum að kostnaðarlausu og innan 30 daga.
- 3.1.3.4. Viðurkenningaryfirvaldið skal, sé þess óskað, afhenda þær upplýsingar sem eru taldar upp í liðum 3.1.3.1 og 3.1.3.2 innan 30 daga frá því að beiðnin berst. Viðurkenningaryfirvaldið getur lagt á sanngjarnt og hlutfallslegt gjald sem letur ekki aðila, sem sendir fyrirspurnina og hefur réttmætra hagsmuna að gæta, frá því að óska eftir viðkomandi upplýsingum, og það má ekki heldur vera hærra en innri kostnaður yfirvaldsins við að afhenda upplýsingarnar.

4. ALMENNAR KRÖFUR

- 4.1. Sýna skal fram á frammistöðu varðandi losun í raunverulegum akstri með því að prófa ökutæki á vegi, með eðlilegum akstursmynstrum þeirra, við eðlileg skilyrði og með eðlilegum farmþunga. Prófunin á losun í raunverulegum akstri skal vera dæmigerð fyrir ökutæki sem eru notuð á raunverulegum akstursleiðum þeirra og með eðlilegri hleðslu.
- 4.2. Framleiðandi skal sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á að hið valda ökutæki, akstursmynstur þess, skilyrði og farmþungi séu dæmigerð fyrir ökutækjahópinn. Nota skal kröfur um farmþunga og hæð yfir sjávarmáli, eins og er tilgreint í liðum 5.1 og 5.2, fyrir fram til að ákvarða hvort skilyrðin séu viðunandi fyrir prófun á losun í raunverulegum akstri.
- 4.3. Viðurkenningaryfirvaldið skal gera tillögu um prufuferð í þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarumhverfi sem uppfylla kröfurnar í 6. lið. Við val á ferð skal skilgreiningin á akstri í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbraut byggjast á staðfræðilegu korti.
- 4.4. Ef söfnun gagna frá stýrieiningu hreyfils tiltekins ökutækis hefur áhrif á losun frá ökutækinu eða afkastagetu þess skal allur prófunarhópurinn fyrir færanleg mælikerfi fyrir losun sem ökutækið tilheyrir, eins og er skilgreint í 7. viðbæti, teljast vera í ósamræmi við ákvæði. Slík virkni skal teljast vera „temprunarbúnaður“ eins og er skilgreint í 10. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.

5. JAÐARSKILYRÐI

5.1. Farmþungi ökutækis og prófunarmassi

- 5.1.1. Grunnfarmþungi ökutækisins skal samanstanda af ökumanni, vitni að prófuninni (ef við á) og prófunarbúnaðinum, þ.m.t. festingum og aflagjöfum.
- 5.1.2. Til prófunar má auka farmþungann með tilbúnum þunga, svo fremi að heildarmassi grunnfarmþungans og aukafarmþungans fari ekki yfir 90% af summu massa farþega og farmmassans eins og er skilgreint í 19. og 21. lið 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 ⁽¹⁾.

(1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar massa og mál vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtið ESB L 353, 21.12.2012, bls. 31).

- 5.2. Umhverfisskilyrði
- 5.2.1. Gera skal prófunina við þau umhverfisskilyrði sem mælt er fyrir um í þessum lið. Umhverfisskilyrðin verða „rýmkuð“ þegar minnst eitt af skilyrðunum um hitastig og hæð yfir sjávarmáli er rýmkað.
- 5.2.2. Hóflæg umhverfisskilyrði: Hæð er 700 metrar yfir sjávarmáli eða minna.
- 5.2.3. Rýmkuð umhverfisskilyrði: Hæð á bilinu frá 700 metrum upp í 1300 metra yfir sjávarmáli.
- 5.2.4. Hóflæg skilyrði um hitastig: Hitastig á bilinu frá og með 273 K (0 °C) upp í 303 K (30 °C).
- 5.2.5. Rýmkuð skilyrði um hitastig: Á bilinu frá og með 266 K (-7 °C) upp að en ekki að meðtöldum 273 K (0 °C) eða hærra en 303 K (30 °C) upp í 308 K (35 °C).
- 5.2.6. Sem undanþága frá ákvæðum liða 5.2.4 og 5.2.5 skal lægra hitastigið fyrir hóflæg skilyrði vera 276 K (3 °C) eða hærra og lægra hitastigið fyrir rýmkaðar aðstæður skal vera 271 K (-2 °C) eða hærra frá upphafi beitingar bindandi marka fyrir losun innan marka eins og er skilgreint í lið 2.1 og þar til fimm ár eru liðin frá þeim dagsetningum sem eru gefnar í 4. og 5. málsgrein 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.
- 5.3. Hreyfifræðileg skilyrði
- 5.4. Hreyfifræðilegu skilyrðin ná til áhrifanna frá veghalla, mótvindi og hreyfifræði aksturs (hraðaaukningar, hraðaminnkunar) og viðbótarkerfum á orkunotkun og losun prófunarökutækisins. Sannprófun á eðlileika hreyfifræðilegu skilyrðanna skal fara fram að prófun lokinni og skal nota til þess gögnin frá færanlega mælikerfinu fyrir losun. Mælt er fyrir um aðferðirnar við að sannprófa eðlileika hreyfifræðilegu skilyrðanna í 5. og 6. viðbæti við þennan viðauka. Í hverri aðferð er að finna viðmiðun fyrir hreyfifræðileg skilyrði, mörk í kringum viðmiðunina og kröfur um lágmarksumfang til að tryggja að prófunin sé marktæk.
- 5.5. Ástand og notkun ökutækis
- 5.5.1. Viðbótarkerfi
- Nota skal loftræstikerfið eða annan aukabúnað þannig að það samsvari hugsanlegri notkun neytanda á þeim í raunverulegum akstri á vegi.
- 5.5.2. Ökutæki búin kerfum sem endurnýja sig reglubundið
- 5.5.2.1. Skilja ber hugtakið „kerfi sem endurnýja sig reglubundið“ samkvæmt skilgreiningunni í 6. mgr. 2. gr.
- 5.5.2.2. Ef reglubundin endurnýjun á sér stað á meðan á prófun stendur má ógilda prófunina og endurtaka hana einu sinni að beiðni framleiðanda.
- 5.5.2.3. Framleiðandi getur séð til þess að endurnýjun ljúki og formeðhöndlað ökutækið áður en kemur að seinni prófuninni.
- 5.5.2.4. Ef endurnýjun á sér stað á meðan á endurtekningu á prófun á losun í raunverulegum akstri stendur skal taka mengunarefni sem losna í prófuninni með í matið á losuninni.
6. KRÖFUR UM FERÐ
- 6.1. Setja skal hlutdeild þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautaaksturs, sem er skilgreindur út frá augnablikshraða eins og er lýst í liðum 6.3 til 6.5, sem hundraðshlutfall af heildarvegalengd ferðarinnar.
- 6.2. Röðunin á ferðinni skal samanstanda af þéttbýlisakstri og því næst akstri í dreifbýli og á hraðbraut í samræmi við hlutföllin sem eru tilgreind í lið 6.6. Akstur í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbraut skal vera samfelldur. Rjúfa má akstur í dreifbýli með stuttum tímabilum í þéttbýlisakstri þegar ekið er um þéttbýlissvæði. Rjúfa má akstur á hraðbraut með stuttum tímabilum þéttbýlis- eða dreifbýlisaksturs, t.d. þegar farið er framhjá vegatollstöðvum eða svæðum þar sem vegavinna fer fram. Ef réttlætjanlegt er að nota aðra röðun á prófuninni vegna hagkvæmni má breyta röðinni á þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarakstri að fengnu samþykki frá viðurkenningaryfirvaldinu.

- 6.3. Akstur í þéttbýli einkennist af allt að 60 km/klst. hraða ökutækis.
 - 6.4. Akstur í dreifbýli einkennist af hraða ökutækis á bilinu 60 til 90 km/klst.
 - 6.5. Akstur á hraðbraut einkennist af hraða yfir 90 km/klst.
 - 6.6. Ferðin skal samanstanda af um það bil 34% þéttbýlisakstri, 33% dreifbýlisakstri og 33% hraðbrautarakstri, flokkað eftir hraða eins og er lýst í lið 6.3 til 6.5 hér á undan. „Um það bil“ skal merkja $\pm 10\%$ bil í kringum uppgefnar hlutfallstölur. Akstur í þéttbýli skal þó aldrei vera undir 29% af heildarvegalegdinni í ferðinni.
 - 6.7. Hraði ökutækisins skal að öllu jöfnu ekki fara yfir 145 km/klst. Vikmörk umfram þennan hámarkshraða mega vera allt að 15 km/klst. í ekki lengur en 3% af þeim tíma sem ekið er á hraðbraut. Staðbundnar hraðatakmarkanir gilda á meðan á prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun stendur, þrátt fyrir önnur réttaráhrif. Brot á staðbundnum hraðatakmarkunum ógilda ekki í sjálfu sér prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun.
 - 6.8. Meðalhraðinn (að stöðvunum meðtöldum) í þéttbýlishluta ferðarinnar skal vera á bilinu 15 til 30 km/klst. Stöðvunartími, skilgreindur sem hraði ökutækis undir 1 km/klst., skal vera minnst 10% af tímalengd þéttbýlisaksturs. Í þéttbýlisakstri skulu vera nokkur stöðvunartímabil sem eru 10 sekúndur eða lengri. Forðast skal eina óvenju langa stöðvun sem ein og sér er meira en 80% af heildarstöðvunartímanum í þéttbýlisakstri.
 - 6.9. Hraðasviðið í hraðbrautarakstrinum skal ná til sviðs á bilinu frá 90 km/klst. og upp í minnst 110 km/klst. Hraði ökutækisins skal vera yfir 100 km/klst. í minnst 5 mínútur.
 - 6.10. Lengd ferðarinnar skal vera á bilinu frá 90 og upp í 120 mínútur.
 - 6.11. Munur á hæð byrjunarpunkts og endapunkts yfir sjávarmáli skal ekki vera meiri en 100 m.
 - 6.12. Lágmarksvegalegd í hverjum akstri: í þéttbýli, í dreifbýli og á hraðbraut, skal vera 16 km.
7. KRÖFUR VARÐANDI FRAMKVÆMD
- 7.1. Ferðin skal valin þannig að prófun sé óslitin og gögnin skráð samfelld til að ná þeirri lágmarkslengd ferðar sem er tilgreind í lið 6.10.
 - 7.2. Raforka til færanlega mælikerfisins fyrir losun skal koma frá ytri aflgjafaeiningu og ekki frá aflgjafa sem fær orku, annað hvort beint eða óbeint, frá hreyfli ökutækisins.
 - 7.3. Uppsetning færanlega mælikerfisins fyrir losun skal vera þannig að hún hafi sem minnst áhrif á losun frá ökutækinu eða á afköst þess, eða bæði. Þess skal gætt að lágmarka massa uppsetts búnaðar og hugsanlegar loftaflfræðilegar breytingar á prófunarökutækinu. Farmþungi ökutækisins skal samræmast lið 5.1.
 - 7.4. Prófanir á losun í raunverulegum akstri skulu gerðar á virkum dögum, eins og er skilgreint fyrir Sambandið í reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 ⁽¹⁾.
 - 7.5. Prófanir á losun í raunverulegum akstri skulu gerðar á vegum með bundnu slitlagi (t.d. er notkun utan vega bönnuð).
 - 7.6. Forðast skal löng tímabil í lausangangi eftir að brunahreyfillinn er fyrst ræstur í upphafi losunarprófunarinnar. Ef hreyfillinn stöðvast á meðan á prófuninni stendur er leyfilegt að endurræsa hann, en sýnataka skal ekki raskast.
8. SMUREFNI, ELDSNEYTI OG HVARFMÍÐILL
- 8.1. Eldsneyti, smurefni og hvarfmiðill (ef við á) sem eru notuð við prófun á losun í raunverulegum akstri skulu vera innan þeirra forskrifta sem framleiðandinn gefur út vegna notkunar viðskiptavinar á ökutækinu.
 - 8.2. Tekin skulu sýni af eldsneyti, smurefni og hvarfmiðli (ef við á) og þau geymd í minnst 1 ár.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti (Stjtd EB L 124, 8.6.1971, bls. 1).

9. MAT Á LOSUN OG Á FERÐ

- 9.1. Prófunin skal gerð í samræmi við 1. viðbæti við þennan viðauka.
 - 9.2. Ferðin skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4. til 8. lið.
 - 9.3. Ekki er leyfilegt að sameina gögn úr mismunandi ferðum eða breyta eða fjarlægja gögn er varða ferð.
 - 9.4. Þegar búið er að ákvarða hvort ferðin telst gild í samræmi við lið 9.2 skal reikna út niðurstöður um losun með þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í 5. og 6. viðbæti þessa viðauka.
 - 9.5. Ef umhverfisskilyrðin eru rýmkuð á tilteknu tímabili í samræmi við lið 5.2 skal taka losunina á því tiltekna tímabili, eins og hún er útreiknuð skv. 4. viðbæti, og deila í hana með gildinu *ext* áður en hún er metin með tilliti til þess hvort farið sé að kröfunum í þessum viðauka.
 - 9.6. Kaldræsing er skilgreind í samræmi við 4. lið 4. viðbætis við þennan viðauka. Þar til sértækar kröfur um losun við kaldræsinguna koma til framkvæmdar skal skrá hana en ekki taka hana með í matinu á losuninni.
-

*I. viðbætur***Prófunaraðferð fyrir prófanir á losun frá ökutækjum með færanlegu mælikerfi fyrir losun**

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst prófunaraðferð til að ákvarða losun með útblæstri frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum með færanlegu mælikerfi fyrir losun.

2. TÁKN

\leq	— minni en eða jafn og
#	— fjöldi eða tala
$\#/m^3$	— fjöldi á rúmmetra
%	— hundraðshlutfall
$^{\circ}C$	— selsíusgráður
g	— gramm
g/s	— grömm á sekúndu
h	— klukkustund
Hz	— herts
K	— kelvin
kg	— kíló
kg/s	— kíló á sekúndu
km	— kílómetrar
km/klst.	— kílómetrar á klukkustund
kPa	— kílópaskal
kPa/mín	— kílópasköl á mínútu
l	— lítrar
l/mín	— lítrar á mínútu
m	— metri
m^3	— rúmmetri
mg	— milligramm
mín	— mínúta
p_e	— þrýstingur þegar kerfið er tómt (kPa)
q_{vs}	— rúmmál streymis í kerfinu [l/mín]
ppm	— milljónarhlutar
ppmC ₁	— milljónarhlutar kolefnisjafngilda
sn./mín.	— snúningar á mínútu
s	— sekúnda
V_s	— rúmmál kerfis [l]

3. ALMENNAR KRÖFUR

3.1. Færanlegt mælikerfi fyrir losun (PEMS)

Gera skal prófunina með færanlegu mælikerfi fyrir losun sem samanstendur af íhlutum sem eru tilgreindir í liðum 3.1.1 til 3.1.5. Ef við á má koma upp tengingu við stýrieiningu hreyfils ökutækisins til að ákvarða viðeigandi mælipætti hreyfils og ökutækis eins og er tilgreint í lið 3.2.

3.1.1. Greiningartæki til að ákvarða styrk mengunarefna í útblástursloftinu.

3.1.2. Eitt eða fleiri mælitæki eða nemar til að mæla eða ákvarða útblástursmassastreymið.

3.1.3. GPS-staðsetningarkerfi til að ákvarða staðsetningu, hæð yfir sjávarmáli og hraða ökutækisins.

3.1.4. Ef við á: nemar og önnur tæki sem ekki eru hluti af ökutækinu, t.d. til að mæla umhverfishita, rakastig, loftþrýsting og hraða ökutækisins.

3.1.5. Orkugjafi fyrir færanlegt mælikerfi fyrir losun sem er óháður ökutækinu.

3.2. Prófunarmælipættir

Prófunarmælipættir sem eru tilgreindir í töflu 1 í þessum viðauka skulu mældir, skráðir við jafna tíðni sem er 1,0 Hz eða hærri og tilkynntir samkvæmt kröfunum í 8. viðbæti. Ef mælipátta er aflað frá stýrieiningu hreyfils ættu þeir að vera lagðir fram við umtalsvert meiri tíðni en þeir mælipættir sem eru skráðir af færanlega mælikerfinu fyrir losun, til að tryggja rétta sýnatöku. Greiningartækin í færanlega mælikerfinu fyrir losun, streymismælitækin og nemarnir skulu uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. viðbæti þessa viðauka.

Tafla 1

Prófunarmælipættir

Mælipáttur	Mælieining sem mælt er með	Uppruni ⁽⁸⁾
Styrkur heildarmagns vetniskolefna ⁽¹⁾⁽⁴⁾	ppm	Greiningartæki
Styrkur metans ⁽¹⁾⁽⁴⁾	ppm	Greiningartæki
Styrkur vetniskolefna, annarra en metans ⁽¹⁾⁽⁴⁾	ppm	Greiningartæki ⁽⁶⁾
Styrkur kolsýrings ⁽¹⁾	ppm	Greiningartæki
Styrkur koltvísýrings ⁽¹⁾⁽⁴⁾	ppm	Greiningartæki
Styrkur köfnunarefnisoxíða ⁽¹⁾⁽⁴⁾	ppm	Greiningartæki ⁽⁷⁾
Agnafjöldi á rúmmálseiningu (PN concentration) ⁽⁴⁾	#/m ³	Greiningartæki
Útblástursmassastreymi	kg/s	Útblástursmassastreymismælir, einhver þeirra aðferða sem er lýst í 7. lið 2. viðbætis
Umhverfisraki	%	Nemi
Umhverfishiti	K	Nemi
Loftþrýstingur	kPa	Nemi
Hraði ökutækis	km/klst.	Nemi, GPS, eða stýrieining hreyfils ⁽³⁾
Breiddargráða ökutækis	Gráða	GPS
Lengdargráða ökutækis	Gráða	GPS

Mæliþáttur	Mælieining sem mælt er með	Uppruni ⁽⁸⁾
Hæð ökutækis yfir sjávarmáli ⁽⁵⁾ ⁽⁹⁾	M	GPS eða nemi
Hiti útblásturslofts ⁽⁵⁾	K	Nemi
Hitastig kælivökva hreyfils ⁽⁵⁾	K	Nemi eða stýrieining hreyfils
Snúningshraði hreyfils ⁽⁵⁾	sn./mín.	Nemi eða stýrieining hreyfils
Snúningsvægi hreyfils ⁽⁵⁾	Nm	Nemi eða stýrieining hreyfils
Snúningsvægi við drifás ⁽⁵⁾	Nm	Mælir fyrir snúningsvægi við felgu
Staðsetning fetils ⁽⁵⁾	%	Nemi eða stýrieining hreyfils
Eldsneytisstreymi til hreyfils ⁽²⁾	g/s	Nemi eða stýrieining hreyfils
Inntaksloftstreymi til hreyfils ⁽²⁾	g/s	Nemi eða stýrieining hreyfils
Bilanastaða ⁽⁵⁾	—	Stýrieining hreyfils
Hitastig inntakslofts	K	Nemi eða stýrieining hreyfils
Endurnýjunarstaða ⁽⁵⁾	—	Stýrieining hreyfils
Hitastig smurolú ⁽⁵⁾	K	Nemi eða stýrieining hreyfils
Eiginlegur gír ⁽⁵⁾	#	Stýrieining hreyfils
Gír sem er óskað eftir (t.d. gírskiptivísir) ⁽⁵⁾	#	Stýrieining hreyfils
Aðrar upplýsingar um ökutækið ⁽⁵⁾	ótilgreind	Stýrieining hreyfils

⁽¹⁾ Skal mæla í röku ástandi eða leiðréttu eins og lýst er í lið 8.1 í 4. viðbæti.

⁽²⁾ Skal einungis ákvarða ef óbeinar aðferðir eru notaðar til að reikna útblástursmassastreymi eins og er lýst í málsgreinum 10.2 og 10.3 í 4. viðbæti.

⁽³⁾ Velja skal aðferð til að ákvarða hraða ökutækis samkvæmt lið 4.7.

⁽⁴⁾ Mæliþáttur er einungis skyldubundinn ef mælingar er krafist samkvæmt lið 2.1 í III. viðauka A.

⁽⁵⁾ Skal einungis ákvarða ef nauðsynlegt er til að sannprófa stöðu ökutækis og notkunarskilyrði þess.

⁽⁶⁾ Má reikna út frá styrk heildarmagns vetniskolefna og metans samkvæmt lið 9.2 í 4. viðbæti.

⁽⁷⁾ Má reikna út frá mældum styrk köfnunarefniseinoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs.

⁽⁸⁾ Nota má mæliþætti sem er aflað með fleiri en einum hætti.

⁽⁹⁾ Ákjósanlegast er að afla upplýsinga með loftþrýstingsnemanum.

3.3. Undirbúningur ökutækis

Almenn tæknileg athugun og skoðun á nothæfi skulu vera hluti af undirbúningi ökutækisins.

3.4. Uppsetning færanlegs mælikerfis fyrir losun

3.4.1. Almenn

Uppsetning færanlegs mælikerfis fyrir losun skal fara fram samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda færanlega mælikerfisins og staðbundnum reglum um heilbrigði og öryggi. Færanlega mælikerfið fyrir losun skal sett upp þannig að það valdi sem minnstum rafsegultruflunum í prófuninni, og eins þannig að áhrif frá höggum, titringi, ryki og sveiflum í hitastigi verði sem minnst. Uppsetning og notkun færanlega mælikerfisins fyrir losun skal vera lekaþétt og lágmarka hitatap. Uppsetning og notkun færanlega mælikerfisins fyrir losun skal hvorki breyta eðli útblástursloftsins né heldur lengja endarörið meira en þörf er á. Til að forðast myndun agna skulu tenglar vera hitaþolnir við það hitastig útblástursloftsins sem vænta má í prófuninni. Mælt er með að nota ekki tengla úr gúmmílíki til að tengja útblástursop ökutækisins og tengileiðsluna. Ef tenglar úr gúmmílíki eru notaðir skulu þeir verða fyrir sem minnstri snertingu við útblástursloftið til að komast hjá gervingum þegar hreyfilálag er mikið.

3.4.2. *Leyfilegur bakþrýstingur*

Uppsetning og notkun færanlega mælikerfisins fyrir losun skal ekki auka stöðuþrýsting við útblástursopið meira en þörf er á. Ef það er tæknilega mögulegt skulu framlengingar til að auðvelda sýnatöku eða tengingu við útblástursmassastreymismælinn hafa sama eða stærra þversniðsflatarmál og útblástursrörið.

3.4.3. *Útblástursmassastreymismælir*

Þegar útblástursmassastreymismælir er notaður skal hann festur við endarör ökutækisins samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda mælisins. Mælisvið útblástursmassastreymismælisins skal ná yfir það svið útblástursmassastreymis sem vænst er í prófuninni. Uppsetning útblástursmassastreymismælisins og hugsanlegra breytistykkja eða samtengja fyrir útblástursrör skal ekki hafa skaðleg áhrif á gang hreyfils eða eftir meðferðarkerfis fyrir útblástursloft. Beggja vegna við íhlutinn sem nemur streymið skal setja minnst fjögur rölpvermál eða 150 mm af beinni leiðslu, allt eftir því hvort er stærra. Þegar verið er að prófa fjölstrokkahreifyfil með kvíslaða útblástursgrein er mælt með að sameina greinarnar ofan við útblástursmassastreymismælinn og stækka þversnið leiðslunnar eins og við á, til að lágmarka bakþrýsting í útblástursrörinu. Ef þetta er ekki gerlegt skal íhuga að gera mælingar á útblástursmassastreymi með nokkrum útblástursmassastreymismælum. Hinar mörgu mismunandi útfærslur á útblástursrörum, stærð þeirra og því útblástursmassastreymi sem vænst er getur kallað á málamiðlanir sem stjórnast af góðu verkfræðilegu álitum þegar kemur að uppsetningu á útblástursmassastreymismæli eða -mælum. Ef þess er þörf vegna mælinákvæmni er heimilt að setja upp útblástursmassastreymismæli með minna þvermál en útblástursrörið eða samanlagt þversnið margra röra, að því tilskildu að það hafi ekki skaðleg áhrif á notkun eða á eftir meðferð útblásturslofts eins og er tiltekið í lið 3.4.2.

3.4.4. *GPS-staðsetningarkerfi*

GPS-loftnetið ætti að vera fest, t.d. á hæsta mögulega stað, þannig að tryggð sé góð móttaka á gervihnattamerkinu. Uppsetta GPS-loftnetið skal trufla notkun ökutækisins eins lítið og mögulegt er.

3.4.5. *Tenging við stýrieiningu hreyfilsins*

Ef þess er óskað má skrá viðeigandi mælipætti ökutækis og hreyfils, sem eru skráðir í töflu 1, með því að nota gagnaskráningartæki sem er tengt stýrieiningu hreyfilsins eða netkerfi ökutækisins sem samræmist eftirfarandi stöðlum, t.d. ISO 15031-5 eða SAE J1979, OBD-II, EOBD eða WWH-OBD. Ef við á skulu framleiðendur birta merkimiða með mælipáttum til að hægt sé að bera kennsl á þá mælipætti sem þörf er á.

3.4.6. *Nemar og aukabúnaður*

Aksturshraðaskynjarar, hitaskynjararar, snertispennunemar fyrir kælivökva eða önnur mælitæki sem ekki eru hluti af ökutækinu skulu uppsettir til að mæla þann mælipátt sem um ræðir á dæmigerðan, áreiðanlegan og nákvæman hátt, án þess að trufla notkun ökutækisins og virkni annarra greiningartækja, streymismælitækja, nema og mælimerkja meira en þörf er á. Aflgjöf til nema og aukabúnaðar skal vera óháð ökutækinu.

3.5. **Taka losunarsýna**

Taka losunarsýna skal vera dæmigerð og gerð á stöðum þar sem útblástur er vel blandaður og áhrif frá andrúmslofti fyrir neðan sýnatökustaðinn eru lítil. Ef við á skal taka sýni úr losuðu efni fyrir neðan útblástursmassastreymismælinn, minnst 150 mm frá íhlutum sem nemur streymið. Sýnatökunemarnir skulu settir upp inni í útblástursröri ökutækisins, minnst 200 mm eða þrisvar sinnum þvermál rörsins, hvort sem er stærra, fyrir ofan útblástursop rörsins, sem er sá staður þar sem útblásturinn fer úr uppsettum sýnatökubúnaði færanlega mælikerfisins fyrir losun og út í umhverfið. Ef færanlega mælikerfið fyrir losun dælir streymi til baka inn í endarörið skal það gerast neðan við sýnatökunemann og þannig að það hafi ekki, á meðan hreyfillinn gengur, áhrif á eðli útblástursloftsins við sýnatökustað eða -staði. Ef lengd sýnatökuleiðslunnar er breytt skal sannprófa flutningstíma kerfisins og leiðréttá þá ef nauðsyn krefur.

Ef hreyfillinn er búinn eftir meðferðarkerfi fyrir útblástursloft skal útblásturskýnið tekið neðan við eftir meðferðarkerfið. Þegar ökutæki með fjölstrokkahreifyfli og kvíslaðri útblástursgrein er prófað skal inntaki sýnatökunemans komið fyrir nægilega aftarlega í streyminu til að tryggja að sýnið sé dæmigert fyrir meðallosun frá öllum strokkum. Í fjölstrokkahreifyflum með nokkra aðskilda hópa útblástursgreina, t.d. „V“-hreyflum, skal sameina útblástursgreinarnar ofan við

sýnatökunemann. Ef það er ekki tæknilega mögulegt skal íhuga sýnatöku á nokkrum stöðum þar sem er að finna vel blandað útblástursloft sem er laust við andrúmsloft. Í slíkum tilvikum skal fjöldi og staðsetning sýnatökunema samsvara útblástursmassastreymismælunum eins vel og mögulegt er. Ef um ójafnt útblástursstreymi er að ræða skal íhuga hlutfallslega sýnatöku eða sýnatöku með fleiri en einu greiningartæki.

Ef agnir eru mældar skal taka sýni úr miðju streymi útblásturslofts. Ef fleiri en einn nemi er notaður til að taka losunarsýni skal sýnatökuneminn fyrir agnir staðsettur fyrir ofan hina sýnatökunemana.

Ef vetniskolefni eru mæld skal hita sýnatökuleiðsluna í 463 ± 10 K (190 ± 10 °C). Þegar mæla á aðra loftkennda efnisþætti, með eða án kælís, skal halda sýnatökuleiðslunni við minnst 333 K (60 °C) til að koma í veg fyrir þéttingu og tryggja viðeigandi ísúnarskilvirkni hinna ýmsu lofttegunda. Ef um lágþrýstikerfi til sýnatöku er að ræða má lækka hitastigið sem nemur þrýstingslækkuninni, að því tilskildu að sýnatökukerfið tryggi 95% ísúnarskilvirkni fyrir allar mengandi lofttegundir sem reglur gilda um. Ef agnasýni eru tekin skal hita sýnatökuleiðsluna frá sýnatökustaðnum fyrir óþynnt útblástursloft í minnst 373 K (100 °C). Viðstöðutími sýnisins í sýnatökuleiðslunni fyrir agnir skal vera styttri en 3 sek. þar til það nær fyrstu þynningu eða agnateljaranum.

4. VERKLAG FYRIR PRÓFUN

4.1. Athugun á leka úr færanlegu mælikerfa fyrir losun

Þegar uppsetningu færanlegs mælikerfis fyrir losun er lokið skal gera á því athugun á leka minnst einu sinni fyrir hverja uppsetningu slíks kerfis á ökutæki, eins og framleiðandi færanlega mælikerfisins mælir fyrir um. Neminn skal aftengdur útblásturskerfinu og endanum lokað með tappa. Dælan á greiningartækinu skal sett í gang. Að loknu stöðgunartímabili í byrjun skulu allir streymismælarnir sýna u.þ.b. núll þegar leki er enginn. Annars þarf að athuga allar sýnatökurásir og lagfæra bilunina.

Leki á undirþrýstingshliðinni skal ekki vera meiri en 0,5% af streyminu við notkun í þeim hluta kerfisins sem verið er að athuga. Hægt er að nota streymi í gegnum greiningartækin og hjárásir til að áætla streymi um kerfið við notkun.

Annar kostur er að tæma kerfið þannig að myndist a.m.k. 20 kPa undirþrýstingur (80 kPa raunþrýstingur). Að loknu stöðgunartímabili í upphafi skal aukning þrýstings Dp (kPa/mín) í kerfinu ekki vera meiri en:

$$\Delta p = \frac{p_e}{V_s} \times q_{vs} \times 0,005$$

Annar kostur er að setja inn breytingu á styrkþrepi þar sem sýnatökuleiðslan byrjar, með því að breyta úr núllstillingargasi yfir á mælisviðskvörðunargas og viðhalda á meðan sömu þrýstingsskilyrðum og við eðlilega notkun kerfisins. Ef aflestartalan er $\leq 99\%$ samanborið við innsetta styrkinn, fyrir rétt kvarðað greiningartæki og eftir viðunandi tíma, skal lagfæra lekavandamálið.

4.2. Ræsing og stöðgun færanlegs mælikerfis fyrir losun

Færanlega mælikerfið fyrir losun skal ræst, látið hitna og stöðgað samkvæmt fyrirmælum framleiðanda kerfisins þar til t.d. þrýstingur, hitastig og streymi hafa náð notkunarstillipunktum sínum.

4.3. Undirbúningur sýnatökukerfisins

Sýnatökukerfið, sem samanstendur af sýnatökunemanum, sýnatökuleiðslunum og greiningartækjunum, skal undirbúið fyrir prófun samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda færanlega mælikerfisins fyrir losun. Sjá skal til þess að sýnatökukerfið sé hreint og laust við þéttaðan raka.

4.4. Undirbúningur útblástursmassastreymismælisins

Ef útblástursmassastreymismælir er notaður til að mæla útblástursmassastreymið skal hann tæmdur og undirbúinn til notkunar í samræmi við fyrirmæli framleiðanda mælisins. Í þessu ferli skal, ef við á, fjarlægja þéttingu og útfellingar úr leiðslunum og mæliopum þeirra.

4.5. Athugun og kvörðun á greiningartækjum til að mæla losun lofttegunda

Stillingar á núlli og mælisviðskvörðun greiningartækjanna skal gerð með tegundum af kvörðunargasi sem uppfylla kröfurvar í 5. lið 2. viðbættis. Tegundir af kvörðunargasi skulu valdar með tilliti til þess styrkbils mengunarefna sem vænst er í losunarprófuninni.

4.6. Greiningartæki athuguð með tilliti til mælingar á losun agna

Núllstaða greiningartækisins skal skráð með því að taka sýni af andrúmslofti sem hefur verið síað með HEPA-síu. Merkið skal skráð við stöðuga tíðni sem er minnst 1,0 Hz, í 2 mínútur, og tekið af því meðaltal; gildi leyfilegs styrks skal ákvarðað um leið og hentugur mælibúnaður er fánlegur.

4.7. Mæling á hraða ökutækis

Ákvarða skal hraða ökutækisins með minnst einni af eftirfarandi aðferðum:

- a) GPS-staðsetningartæki; ef hraði ökutækisins er ákvarðaður með GPS-tækni skal bera heildarlengd ferðarinnar við mælingar með annarri aðferð skv. 7. lið 4. viðbættis,
- b) nema (t.d. ljósfræðilegum nema eða örbylgjunema); ef hraði ökutækisins er ákvarðaður með nema skal hraðamælingin uppfylla kröfurvar í 8. lið 2. viðbættis eða þess í stað skal heildarlengd ferðarinnar sem er ákvörðuð með nema borin saman við viðmiðunarvegalegd sem er fengin af stafrænu vegakorti eða staðfræðilegu korti. Heilarvegalegd ferðar sem er ákvörðuð með nema skal ekki víkja frá viðmiðunarvegalegdinni sem nemur meira en 4%,
- c) stýrieiningu hreyfils; ef hraði ökutækisins er ákvarðaður af stýrieiningu hreyfils skal sannprófa heildarvegalegdina skv. 3. lið 3. viðbættis og stilla skal merkið frá rafstýrieiningunni, ef nauðsyn krefur, til að uppfylla kröfurvar í lið 3.3 í 3. viðbætti. Annar kostur er að bera saman heildarvegalegd ferðarinnar eins og hún er ákvörðuð af stýrieiningu hreyfilsins og viðmiðunarvegalegd sem er fengin af stafrænu vegakorti eða staðfræðilegu korti. Heilarvegalegd ferðar sem er ákvörðuð af stýrieiningu hreyfils skal ekki víkja frá viðmiðunarvegalegdinni sem nemur meira en 4%.

4.8. Athugun á uppsetningu færanlegs mælikerfis fyrir losun

Sannprófa skal að allar tengingar við alla nema séu réttar og, ef við á, við stýrieiningu hreyfilsins. Ef starfrækslumörk hreyfils eru sótt skal sjá til þess að stýrieining hreyfils greini rétt frá gildum (t.d. um kyrrstöðu hreyfils (snún./mín.) þegar staða brunahreyfilsins er þannig að kveikt er á kveikjunni en hreyfillinn gengur ekki). Færanlega mælikerfið fyrir losun skal virka án nokkurra viðvörunarmerkja og villuboða.

5. LOSUNARPRÓFUN

5.1. Upphaf prófunar

Sýnataka, mæling og skráning mælipátta skal hefjast áður en hreyfillinn er ræstur. Til að auðvelda tímajöfnun er mælt með að skrá mælipættina, sem þarf að tímajafna, annað hvort með einu gagnaskráningartæki eða með samstilltum tímastimpli. Áður en hreyfillinn er ræstur og strax eftir ræsingunni skal staðfesta að gagnaskráningartækið skrái alla nauðsynlega mælipætti.

5.2. Prófun

Sýnataka, mæling og skráning mælipátta skulu halda áfram í gegnum alla prófun ökutækisins í vegaakstri. Stöðva má hreyfilinn og ræsa hann, en taka losunarsýna og skráning mælipátta skal halda áfram. Skrá skal og sannprófa öll viðvörðunarkerki sem benda til bilunar í færanlega mælikerfinu fyrir losun. Skráning mælipátta skal ná meira en 99% gagnahæilleika. Mælingar og gagnaskráning mega raskast í innan við 1% af heildartímalengd ferðarinnar en aldrei lengur samfelt en í 30 sekúndur og þá eingöngu ef merkið dettur óviljandi niður eða vegna viðhalds á færanlega mælikerfinu fyrir losun. Færanlega mælikerfið fyrir losun má skrá truflanir með beinum hætti en það er ekki heimilt að setja inn truflanir í skráðu mælipættina með forvinnslu, útskiptingu eða eftirvinnslu gagna. Ef sjálfvirk núllstilling er gerð skal það vera með samanburði við rekjanlegan núllstaðal svipaðan þeim sem var notaður til að núllstillja greiningartækið. Eindregið er mælt með að hefja kerfisviðhald á færanlega mælikerfinu fyrir losun þegar ökutækið er kyrrstætt.

5.3. Lok prófunar

Prófuninni lýkur þegar ökutækið hefur lokið ferðinni og slökkt er á brunahreyflinum. Gagnaskráning skal halda áfram þar til viðbragðstími sýnatökukerfanna er liðinn.

6. VERKLAG EFTIR PRÓFUN

6.1. Greiningartæki athuguð með tilliti til mælingar á losun lofttegunda

Athuga skal núll og mælisvið greiningartækja fyrir loftkennda efnisþætti með því að nota nákvæmlega eins kvörðunargas og er notað í lið 4.5 til að meta svörnarrek greiningartækisins samanborið við kvörðunina sem var gerð fyrir prófunina. Heimilt er að núllstillja greiningartækið áður en mælisviðsrekið er mælt ef ákvarðað var að núllpunktsrekið væri innan leyfilegra marka. Athugun á reki eftir prófun skal lokið eins fljótt og auðið er eftir prófunina og áður en slökkt er á færanlega mælikerfinu fyrir losun eða stökum greiningartækjum eða nemum eða þau eru stillt á óvirkan ham. Mismunurinn á niðurstöðum fyrir og eftir prófun skal uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í töflu 2.

Tafla 2

Leyfilegt rek greiningartækja í prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun

Mengunarefni	Rek núllsvörunar	Rek kvörðunarsvörunar mælisviðs ⁽¹⁾
Koltvísýringur	≤ 2000 milljónarhlutar í hverri prófun	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 2000 milljónarhlutar í hverri prófun, hvort sem er stærra
Kolsýringur	≤ 75 milljónarhlutar í hverri prófun	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 75 milljónarhlutar í hverri prófun, hvort sem er stærra
Köfnunarefniství-oxíð	≤ 5 milljónarhlutar í hverri prófun	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 5 milljónarhlutar í hverri prófun, hvort sem er stærra
Köfnunarefnisein-oxíð/köfnunarefnis-oxíð (NO/NO _x)	≤ 5 milljónarhlutar í hverri prófun	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 5 milljónarhlutar í hverri prófun, hvort sem er stærra
Metan	≤ 10 ppmC ₁ í hverri prófun	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 10 ppmC ₁ í hverri prófun, hvort sem er stærra
THC	≤ 10 ppmC ₁ í hverri prófun	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 10 ppmC ₁ í hverri prófun, hvort sem er stærra

⁽¹⁾ Ef núllpunktsrek er innan leyfilegra marka er leyfilegt að núllstillja greiningartækið áður en mælisviðsrekið er sannprófað.

Ef mismunurinn á niðurstöðum fyrir núll- og mælisviðsrek fyrir og eftir prófun er meiri en leyfilegt er skal ógilda allar niðurstöður og endurtaka prófunina.

6.2. Greiningartæki athuguð með tilliti til mælingar á losun agna

Núllstaða greiningartækisins skal skráð með því að taka sýni af andrúmslofti sem hefur verið síað með HEPA-síu. Merkið skal skráð í 2 mínútur, og tekið af því meðaltal; leyfilegur endanlegur styrkur skal skilgreindur um leið og hentugur mælibúnaður er fánlegur. Ef mismunurinn á niðurstöðum úr athugun á núllstillingu og mælisviði fyrir og eftir prófun er meiri en leyfilegt er skal ógilda allar niðurstöður og endurtaka prófunina.

6.3. Athugun á mælingum á losun í vegaakstri

Kvarðað svið greiningartækjanna skal skila minnst 90% af þeim styrkgildum sem fást úr 99% af mælingunum í marktækum hluta losunarprófunarinnar. Heimilt er að 1% af heildarfjölda mælinga sem eru notaðar við matið sé hærri en kvarðað svið greiningartækjanna upp að stuðlinum tveimur. Ef þessar kröfur eru ekki uppfylltar skal ógilda prófunina.

2. viðbætur

Nákvæmar skilgreiningar og kvörðun íhluta og mælimerkja færanlegra mælikerfa fyrir losun

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti eru settar fram nákvæmar skilgreiningar og kvörðun íhluta og mælimerkja færanlegra mælikerfa fyrir losun

2. TÁKN

>	— stærri en
≥	— stærri en eða jafn stór
%	— hundraðshlutfall
≤	— minni en eða jafn stór
<i>A</i>	— styrkur óþynnts koltvísýrings [%]
<i>a</i> ₀	— skurðpunktur <i>y</i> -áss línulegu aðhvarfslínunnar
<i>a</i> ₁	— hallatala línulegu aðhvarfslínunnar
<i>B</i>	— styrkur þynnts koltvísýrings [%]
<i>C</i>	— styrkur þynnts köfnunarefniseinoxíðs [í milljónarhlutum]
<i>c</i>	— svörun greiningartækis í súrefnistrúflunarprófuninni
<i>c</i> _{FS,b}	— styrkur vetniskolefnis á fullu kvarðaútslagi í þrepi (b) [ppmC ₁]
<i>c</i> _{FS,d}	— styrkur vetniskolefnis á fullu kvarðaútslagi (d) [ppmC ₁]
<i>c</i> _{HC(w/NMC)}	— styrkur vetniskolefnis ásamt metani eða etani sem streymir gegnum metanskiljuna [ppmC ₁]
<i>c</i> _{HC(w/o NMC)}	— styrkur vetniskolefnis ásamt metani eða etani sem streymir framhjá metanskiljunni [ppmC ₁]
<i>c</i> _{m,b}	— mældur styrkur vetniskolefnis í þrepi (b) [ppmC ₁]
<i>c</i> _{m,d}	— mældur styrkur vetniskolefnis í þrepi (d) [ppmC ₁]
<i>c</i> _{ref,b}	— viðmiðunarstyrkur vetniskolefnis í þrepi (b) [ppmC ₁]
<i>c</i> _{ref,d}	— viðmiðunarstyrkur vetniskolefnis í þrepi (d) [ppmC ₁]
°C	— selsíusgráður
<i>D</i>	— styrkur óþynnts köfnunarefniseinoxíðs [í milljónarhlutum]
<i>D</i> _e	— væntur styrkur þynnts köfnunarefniseinoxíðs [í milljónarhlutum]
<i>E</i>	— algildur vinnsluþrýstingur [kPa]
<i>E</i> _{CO2}	— hundraðshlutfall koltvísýringsdeyfingar
<i>E</i> _E	— etanvirkni
<i>E</i> _{H2O}	— hundraðshlutfall vatnsdeyfingar
<i>E</i> _M	— metanvirkni
<i>E</i> _{O2}	— súrefnistrúflun
<i>F</i>	— vatnshiti [K]
<i>G</i>	— gufumettunarþrýstingur [kPa]
g	— gramm
gH ₂ O/kg	— grömm af vatni í hverju kíló
h	— klukkustund
<i>H</i>	— vatnsgufustyrkur [%]
<i>H</i> _m	— hámarksstyrkur vatnsgufu [%]
Hz	— herts
K	— kelvin
kg	— kíló
km/klst.	— kílómetrar á klukkustund

kPa	—	kilópaskal
max	—	hámarksgildi
NO _{X,dry}	—	rakaleiðréttur meðalstyrkur stöðgaðra mælinga á köfnunarefnisoxíðum
NO _{X,m}	—	meðalstyrkur stöðgaðra mælinga á köfnunarefnisoxíðum
NO _{X,ref}	—	viðmiðunarmeðalstyrkur stöðgaðra mælinga á köfnunarefnisoxíðum
ppm	—	milljónarhlutar
ppmC ₁	—	milljónarhlutar kolefnisjafngilda
r ²	—	ákvörðunarstuðull
s	—	sekúnda
t ₀	—	tímapunktur þegar skipti verða á streymi lofttegunda [s]
t ₁₀	—	tímapunktur þegar svörun nær 10% af endanlegri aflestrartölu
t ₅₀	—	tímapunktur þegar svörun nær 50% af endanlegri aflestrartölu
t ₉₀	—	tímapunktur þegar svörun nær 90% af endanlegri aflestrartölu
x	—	óháð breyta eða viðmiðunargildi
χ _{min}	—	lágmarksgildi
y	—	fylgibreyta eða mæligildi

3. SANNPRÓFUN Á LÍNULEIKA

3.1. Almenn

Línuleiki greiningartækja, streymismælitækja, nema og mælimerkja skal vera rekjanlegur til alþjóðlegra staðla eða landsstaðla. Annar kostur er að kvarða nema eða mælimerki sem ekki er hægt að rekja beint, t.d. einfölduð streymismælitæki, með samanburði við aflmælistamstæðubúnað fyrir rannsóknarstofur sem hefur verið kvarðaður út frá alþjóðlegum staðli eða landsstaðli.

3.2. Kröfur um línuleika

Öll greiningartæki, streymismælitæki, namar og mælimerki skulu uppfylla kröfurnar um línuleika sem eru gefnar upp í töflu 1. Ef loftstreymi, eldsneytistreymi, hlutfall lofts og eldsneytis eða útblástursmassastreymið er fengið frá stýri-einingu hreyfilsins skal reiknað útblástursmassastreymi uppfylla kröfurnar um línuleika sem eru gefnar upp í töflu 1.

Tafla 1

Kröfur um línuleika mælipátta og kerfa

Mælipátur/mælitæki	$ \chi_{\min} \times (a_1 - 1) + a_0 $	Hallatala a ₁	Staðalskekkja SEE	Ákvörðunarstuðull r ²
Eldsneytistreymi ⁽¹⁾	≤ 1% max	0,98 - 1,02	≤ 2% max	≥ 0,990
Loftstreymi ⁽¹⁾	≤ 1% max	0,98 - 1,02	≤ 2% max	≥ 0,990
Útblástursmassastreymi	≤ 2% max	0,97 - 1,03	≤ 2% max	≥ 0,990
Greiningartæki fyrir lofttegundir	≤ 0,5% max	0,99 - 1,01	≤ 1% max	≥ 0,998
Snúningsvægi ⁽²⁾	≤ 1% max	0,98 - 1,02	≤ 2% max	≥ 0,990
Greiningartæki fyrir fjölda agna ⁽³⁾	Á eftir að ákvarða	Á eftir að ákvarða	Á eftir að ákvarða	Á eftir að ákvarða

⁽¹⁾ Ákvörðun útblástursmassastreymis er valkvæð.

⁽²⁾ Valkvæður mælipátur.

⁽³⁾ Verður ákveðið þegar tæki eru fánleg.

3.3. Tíðni sannprófunar á línuleika

Kröfur um línuleika samkvæmt lið 3.2 skulu sannprófaðar:

- minnst þriðja hvern mánuð fyrir hvert greiningartæki eða í hvert sinn sem fram fer viðgerð á kerfinu eða því breytt þannig að það gæti haft áhrif á kvörðunina,
- þegar skemmdir finnast í öðrum viðeigandi mælitækjum, svo sem útblástursmassastreymismælum og nemum sem eru kvarðaðir á rekjanlegan hátt, eins og krafist er í innri verklagsreglum framleiðanda um úttektir eða í ISO-staðli 9000, þó ekki meira en einu ári fyrir prófunina sjálfa.

Kröfur um línuleika samkvæmt lið 3.2 fyrir nema eða mælimerki frá stýrieiningu hreyfils sem eru ekki beint rekjanleg skulu framkvæmdar einu sinni fyrir hverja uppsetningu á færanlegu mælikerfi fyrir losun, með rekjanlega kvörðuðu mælitæki á aflmælissamstæðu.

3.4. Verklag við sannprófun á línuleika

3.4.1. Almennar kröfur

Koma skal viðeigandi greiningartækjum, mælitækjum og nemum í venjulegt notkunarástand samkvæmt tilmælum framleiðanda þeirra. Nota skal greiningartækin, mælitækin og nemana við tilgreint hitastig, þrýsting og streymi.

3.4.2. Almenn aðferð

Sannprófa skal línuleikann fyrir hvert venjulegt vinnusvið með því að fara í gegnum eftirfarandi skref:

- Núllstillta skal greiningartækið, streymismælitækið eða nemann með því að senda því núllmerki. Ef um greiningartæki fyrir lofttegundir er að ræða skal hleypa hreinsuðu, tilbúnu lofti eða köfnunarefni inn um opið á greiningartækinu í gegnum leið fyrir lofttegundir sem er eins bein og stutt og unnt er.
- Kvarða skal mælisvið greiningartækis, streymismælitækis eða nema með því að senda því mælisviðskvörðunarkerki. Ef um greiningartæki fyrir lofttegundir er að ræða skal hleypa viðeigandi mælisviðskvörðunargasi inn um opið á greiningartækinu í gegnum leið fyrir lofttegundir sem er eins bein og stutt og unnt er.
- Endurtaka skal núllstillingarferlið í a-lið.
- Staðfesta skal sannprófun með því að setja inn minnst 10 viðmiðunargildi (þar á meðal núll), með nokkurn veginn jöfnu millibili. Með tilliti til styrks efnisþátta, útblástursmassastreymisins eða annars viðeigandi mæliþátta skal velja viðmiðunargildi sem samsvara því sviði gilda sem búist er við í losunarprófuninni. Í mælingum á útblástursmassastreymi má útiloka viðmiðunarpunkta undir 5% af hámarkskvörðunargildinu í sannprófuninni á línuleikanum.
- Ef um greiningartæki fyrir lofttegundir er að ræða skal leiða gas í þekktum styrk, í samræmi við 5. lið, inn um opið á greiningartækinu. Gefa skal nægjanlegan tíma til að merkið geti stöðgast.
- Gildin sem verið er að meta og, ef þörf þykir, viðmiðunargildin, skulu skráð við stöðuga tíðni sem er a.m.k. 1,0 Hz, í 30 sekúndur.
- Meðaltalsgildin á 30 sekúndna tímabilinu skulu notuð til að reikna línulega aðhvarfsmæliþætti minnstu fervika þar sem hentugasta jafnan er á forminu:

$$y = a_1x + a_0$$

Þar sem:

y er raungildi mælikerfisins

a_1 er hallatala aðhvarfslínunnar

x er viðmiðunargildið

a_0 er skurðpunktur aðhvarfslínu á y -ás

Reikna skal staðalskekkju á mati(SEE) á y fyrir x og ákvörðunarstuðul (r^2) fyrir alla mæliþætti og -kerfi.

- Línulegu aðhvarfsmæliþættirnir skulu uppfylla kröfurnar sem eru tilteknar í töflu 1.

3.4.3. Kröfur um sannpröfun á línuleika á aflmælissamstæðu

Nota skal aflmælissamstæðu til að kvarða órekjanleg streymismælitæki, nema eða mælimerki frá stýrieiningu hreyfils sem ekki er hægt að kvarða með beinum hætti samkvæmt rekjanlegum stöðlum. Verklag við það skal, að því leyti sem við á, fylgja kröfunum í 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83. Ef nauðsyn krefur skal setja mælitækið eða nemann, sem á að kvarða, upp á prófunarökutækini og nota það samkvæmt kröfunum í 1. viðbæti. Tilhögun kvörðunarinnar skal, þegar mögulegt er, fylgja kröfum liðar 3.4.2; velja skal minnst 10 viðeigandi viðmiðunargildi til að tryggja að náist til minnst 90% af því hámarksgildi sem vænst er í losunarpröfuninni.

Ef kvarða á streymismælitæki, nema eða mælimerki frá stýrieiningu hreyfils sem ekki er hægt að rekja með beinum hætti skal festa rekjanlega kvarðaðan viðmiðunarmæli fyrir útblástursmassastreymi eða gassýnissafnara við endarör ökutækisins. Tryggja skal að útblástursmassastreymismælirinn mæli útblástur frá ökutækini af nákvæmni, samkvæmt lið 3.4.3 í 1. viðbæti. Ökutækini skal stjórnað með stöðugri eldsneytisgjöf við stöðugt val á gírum og með stöðugu álagi á aflmælissamstæðu.

4. GREININGARTÆKI TIL MÆLINGA Á LOFTKENNDUM EFNISÞÁTTUM

4.1. Leyfilegar gerðir greiningartækja

4.1.1. Stöðluð greiningartæki

Lofitkenndu efnisþættirnir skulu mældir með greiningartækjum sem eru tilgreind í lið 1.3.1 til 1.3.5 í 3. í 3. viðbæti 4. viðauka A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07. Ef greiningartæki með ódreifnum útfjólubláum geisla mælir bæði köfnunarefniseinoxíð og köfnunarefnistvíoxíð þarf ekki köfnunarefnistvíoxíðs-/köfnunarefniseinoxíðsbreyti.

4.1.2. Aðrir kostir í greiningartækjum

Heimilt er að nota greiningartæki sem uppfyllir ekki hönnunarforskriftirnar í lið 4.1.1 að því tilskildu að það uppfylli kröfurnar í lið 4.2. Framleiðandi skal sjá til þess að greiningartækið sem er valið í staðinn nái sambærilegri eða betri frammistöðu í mælingum samanborið við staðlað greiningartæki, yfir það styrksvið mengunarefna og lofttegunda sem losna með þeim sem vænast má frá ökutækjum sem eru notuð með leyfilegu eldsneyti við hófleg og rýmkuð skilyrði við marktæka prófun í vegaakstri eins og er tilgreint í liðum 5., 6. og 7. Sé þess óskað skal framleiðandi greiningartækisins leggja fram skriflegar viðbótarupplýsingar til að sýna fram á að frammistaða mælingartækisins, sem er valið í staðinn, sé ávallt og áreiðanlega í samræmi við mæliframmistöðu stöðluðu greiningartækjanna. Viðbótarupplýsingar skulu innihalda:

- lýsingu á fræðilegum grundvelli og tæknilegum íhlutum þess greiningartækis sem var valið í staðinn,
- staðfestingu á jafngildi við viðkomandi staðlað greiningartæki sem er tilgreint í lið 4.1.1 yfir það styrksvið mengunarefna og umhverfisskilyrði sem vænst er í gerðarviðurkenningarpröfuninni, eins og er skilgreint í 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07, sem og í fullgildingarpröfun eins og er lýst í 3. lið 3. viðbætis fyrir ökutæki búið neistakveikju og þjöppukveikjuhreyfli; framleiðandi greiningartækisins skal sýna fram á marktækni jafngildis innan leyfilegra vikmarka sem eru gefin í lið 3.3 í 3. viðbæti,
- staðfestingu á jafngildi við viðkomandi staðlað greiningartæki sem er tilgreint í lið 4.1.1 að því er varðar áhrif loftþrýstings á mæliframmistöðu greiningartækisins; í sýniþrófuninni skal ákvarða svörun við mælissviðsgasi með styrk innan sviðs greiningartækisins til að athuga áhrif loftþrýstings við hófleg og rýmkuð skilyrði um hæð yfir sjávarmáli sem eru skilgreind í lið 5.2. Gera má slíka prófun í prófunarhólfi fyrir hæð yfir sjávarmáli,
- staðfestingu á jafngildi við viðkomandi staðlað greiningartæki sem er tilgreint í lið 4.1.1 í minnst þremur prófunum í vegaakstri sem uppfylla kröfurnar í þessum viðauka,
- staðfestingu á að áhrif frá titringi, hröðun og umhverfishita á aflestrartölu greiningartækisins fari ekki yfir kröfurnar um mælisuð fyrir greiningartæki sem settar eru fram í lið 4.2.4.

Viðurkenningaryfirvöld geta krafist viðbótarupplýsinga til sönnunar á jafngildi eða neitað um viðurkenningu ef mælingar sýna að greiningartæki sem er valið í staðinn fyrir staðlað greiningartæki sé ekki jafngilt því.

4.2. Nákvæm skilgreining á greiningartæki

4.2.1. Almenn

Auk krafanna um línuleika sem eru skilgreindar fyrir hvert greiningartæki í 3. lið skal framleiðandi greiningartækjanna sýna fram á samræmi greiningartækjagerðanna við nákvæmu skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í liðum 4.2.2 til 4.2.8. Greiningartæki skulu hafa mælisvið og svörunartíma sem hentar til að mæla, með viðunandi nákvæmni, styrk loftkenndra efnisþátta í útblásturslofti í samræmi við viðeigandi losunarstaðal, við breytileg og stöðug skilyrði. Takmarka skal eins og unnt er næmi greiningartækjanna fyrir höggum, títringi, öldrun, sveiflum í hitastigi og loftþrýstingi og einnig rafsegultruflunum og öðrum áhrifum sem tengjast notkun á ökutækinu og greiningartækinu.

4.2.2. Nákvæmni

Nákvæmnin, skilgreind sem frávik aflestrartölu greiningartækisins frá viðmiðunargildinu, skal ekki vera meiri en 2% af aflestrartölunni eða 0,3% af fullu kvarðaútslagi, hvor talan sem er stærri.

4.2.3. Samkvæmni

Samkvæmnin, skilgreind sem 2,5 sinnum staðalfrávik 10 endurtekinnar svarana við tilteknu kvörðunargasi eða mælisviðskvörðunargasi skal ekki vera meiri en 1% styrks á fullu kvarðaútslagi mælisviðs sem er jafnt og eða hærra en 155 ppm (eða ppmC₁) og 2% styrks á fullu kvarðaútslagi fyrir mælisvið undir 155 ppm (eða ppmC₁).

4.2.4. Mælisvið

Mælisviðið, skilgreint sem tvisvar sinnum kvaðratmeðaltalsrót af tíu staðalfrávikum sem hvert fyrir sig er reiknað frá núllsvörunum sem mælast við stöðuga mælitíðni sem er a.m.k. 1,0 Hz í 30 sekúndur, skal ekki fara yfir 2% af fullu kvarðaútslagi. Á milli allra 10 mælingartímabilanna skal koma 30 sekúndna tímabil þar sem viðeigandi mælisviðskvörðunargas er leitt inn í greiningartækið. Á undan hverju sýnatökutímabili og hverju mælisviðstímabili skal nægjanlegur tími látinn líða til að tæma greiningartækið og sýnatökuleiðslurnar.

4.2.5. Rek núllsvörunar

Rek núllpunktssvörunar, skilgreint sem meðalsvörun við núllstillingargasi yfir minnst 30 sekúndna tímabil, skal uppfylla nákvæmu skilgreiningarnar sem eru gefnar í töflu 2.

4.2.6. Rek kvörðunarsvörunar mælisviðs

Rek svörunar mælisviðskvörðunar, skilgreint sem meðalsvörun við mælisviðsgasi yfir minnst 30 sekúndna tímabil, skal uppfylla nákvæmu skilgreiningarnar sem eru gefnar í töflu 2.

Tafla 2

Leyfilegt rek núllsvörunar og kvörðunarsvörunar mælisviðs greiningartækja við mælingu á loftkenndum efnisþáttum á rannsóknarstofu

Mengunarefni	Rek núllsvörunar	Rek kvörðunarsvörunar mælisviðs
Koltvísýringur	≤ 1000 ppm yfir 4 klst	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 1000 milljónarhlutar yfir 4 klst, hvort sem er stærra
Kolsýringur	≤ 50 ppm yfir 4 klst	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 50 milljónarhlutar yfir 4 klst, hvort sem er stærra
Köfnunarefnistvíoxíð	≤ 5 ppm yfir 4 klst	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 5 milljónarhlutar yfir 4 klst, hvort sem er stærra

Mengunarefni	Rek núllsvörunar	Rek kvörðunarsvörunar mælisviðs
Köfnunarefnisein-oxíð/köfnunarefnis-oxíð (NO/NO _x)	≤ 5 ppm yfir 4 klst	≤ 2% af aflestrartölu eða 5 milljónarhlutar yfir 4 klst, hvort sem er stærra
Metan	≤ 10 ppmC ₁	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 10 ppmC ₁ yfir 4 klst, hvort sem er stærra
Heildarvetniskolefni	≤ 10 ppmC ₁	≤ 2% af aflestrartölu eða ≤ 10 ppmC ₁ yfir 4 klst, hvort sem er stærra

4.2.7. Ristími

Ristími er skilgreindur sem tíminn sem líður á milli 10% og 90% svörunar endanlegrar aflestrartölu ($t_{90} - t_{10}$; sjá lið 4.4). Ristími greiningartækja í færanlegu mælikerfi fyrir losun skal ekki vera lengri en 3 sekúndur.

4.2.8. Þurrkun lofttegunda

Hægt er að mæla útblástursloftið á röku eða þurru formi. Ef þurrkbúnaður fyrir lofttegundir er notaður skal hann hafa sem minnst áhrif á samsetningu mældra lofttegunda. Notkun efnafræðilegra þurrkara er bönnuð.

4.3. Viðbótarkröfur

4.3.1. Almenn

Í ákvæðunum í lið 4.3.2 til 4.3.5 eru skilgreindar viðbótarkröfur um afköst fyrir tiltekna greiningartækjagerðir, sem gilda einungis um tilvik þar sem viðkomandi greiningartæki er notað til mælinga á losun með færanlegu mælikerfi fyrir losun.

4.3.2. Skilvirkniþrófun fyrir köfnunarefnisoxíðabreyta

Ef köfnunarefnisoxíðabreyti er beitt, t.d. til að breyta köfnunarefnisvíoxíði í köfnunarefniseinoxíð til greiningar með efnaljómunargreini, skal prófa afköst hans með því að fylgja kröfunum í lið 2.4 í 3. viðbæti 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 87, röð breytinga nr. 07. Sannprófa skal skilvirkni köfnunarefnisoxíðabreytisins eigi síðar en einum mánuði fyrir losunarprófunina.

4.3.3. Stilling logajónunarnemans

a) Bestun nemasvörunar

Ef vetniskolefni eru mæld skal stilla logajónunarnemann á bil sem framleiðandi greiningartækisins tilgreinir og skal fylgja lið 2.3.1 í 3. viðbæti 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 87, röð breytinga nr. 07. Nota skal mælisviðskvörðunargas sem samanstendur af própáni í lofti eða própáni í köfnunarefni til að besta svörun náist á algengasta vinnusviði mælinga.

b) Svörunarstuðlar fyrir vetniskolefni

Ef vetniskolefni eru mæld skal sannprófa svörunarstuðul logajónunarnemans með því að fylgja ákvæðum liðar 2.3.3 í 3. viðbæti 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07, með própán í lofti eða própán í köfnunarefni sem mælisviðskvörðunargas og hreinsað, tilbúið loft eða köfnunarefni sem núllstillingargas, í þeirri röð.

c) Athugun á súrefnistrúflunum

Athugun á súrefnistrúflunum skal fara fram þegar greiningartæki er tekið í notkun og eftir löng viðhaldshlé. Velja skal mælisvið þar sem gastegundir, sem eru notaðar í athugininni með súrefnistrúflunum, eru í efri 50%. Prófunina skal framkvæma með ofninn stilltan á það hitastig sem krafist er. Nákvæmar skilgreiningar á gastegundum til athugunar á súrefnistrúflunum eru gefnar í lið 5.3.

Nota skal eftirfarandi aðferð:

- i. Greiningartækið skal stillt á núll.
- ii. Greiningartækið skal mælisviðskvarðað með 0% súrefnisblöndu fyrir hreyfla með rafkveikju og 21% súrefnisblöndu fyrir hreyfla með þjöppukveikju.
- iii. Athuga skal núllpunktssvörunina aftur. Hafi hún breyst meira en sem nemur 0,5% af fullu kvarðaútslagi skal endurtaka i. og ii.-undirlið.
- iv. Veita skal 5% og 10% gastegundunum sem eru notaðar í athugun á súrefnistruflunum inn í greiningartækið.
- v. Athuga skal núllpunktssvörunina aftur. Hafi hún breyst meira en sem nemur $\pm 1\%$ af fullu útslagi skal endurtaka prófunina.
- vi. Reikna skal súrefnistruflun E_{O_2} fyrir hverja blöndu af gastegundum til athugunar á súrefnistruflunum í d-þrepi eins og hér segir:

$$E_{O_2} = \frac{(c_{ref,d} - c)}{(c_{ref,d})} \times 100$$

þar sem svörun greiningartækisins er:

$$c = \frac{(c_{ref,d} \times c_{FS,b})}{c_{m,b}} \times \frac{c_{m,b}}{c_{FS,d}}$$

Þar sem:

- $c_{ref,b}$ er viðmiðunarstyrkur vetniskolefnis í þrepi (b) [ppmC₁]
 - $c_{ref,d}$ er viðmiðunarstyrkur vetniskolefnis í þrepi (d) [ppmC₁]
 - $c_{FS,b}$ er styrkur vetniskolefnis á fullu kvarðaútslagi í þrepi (b) [ppmC₁]
 - $c_{FS,d}$ er styrkur vetniskolefnis á fullu kvarðaútslagi í þrepi (d) [ppmC₁]
 - $c_{m,b}$ er mældur styrkur vetniskolefnis í þrepi (b) [ppmC₁]
 - $c_{m,d}$ er mældur styrkur vetniskolefnis í þrepi (d) [ppmC₁].
- vii. Súrefnistruflunin E_{O_2} skal vera minni en $\pm 1,5\%$ fyrir allar tilskildar gastegundir sem notaðar eru í athugun á súrefnistruflunum.
 - viii. Ef súrefnistruflunin E_{O_2} er meiri en $\pm 1,5\%$ má gera aðgerð til úrbóta með því að stilla loftstreymið smám saman (fyrir ofan og neðan það sem framleiðandi tilgreinir), eldsneytisstreymið og streymi sýnisins.
 - ix. Endurtaka skal athugun á súrefnistruflun fyrir hverja nýja stillingu.

4.3.4. Umbreytinýtni metanskiljunnar

Ef vetniskolefni eru greind er hægt að nota metanskilju til að fjarlægja vetniskolefni, önnur en metan, úr gassýninu með því að oxu öll vetniskolefni nema metan. Ákjósanleg umbreyting metans er 0% og fyrir önnur vetniskolefni, táknuð með etani, er hún 100%. Til að fá nákvæma mælingu vetniskolefna, annarra en metans, skal ákvarða nýtnina fyrir þau bæði og nota niðurstöðurnar til að reikna út losun annarra vetniskolefna en metans (sbr. lið 9.2 í 4. viðbæti). Það er ekki nauðsynlegt að ákvarða umbreytinýtni metans ef metanskiljan með logajónunarnemanum er kvörðuð samkvæmt aðferð b) í lið 9.2. í 4. viðbæti með því að leiða metan- eða loftkvörðunargas gegnum metanskiljuna.

a) Umbreytinýtni metans

Metan sem er notað sem kvörðunargas skal leitt gegnum logaljómunarnemann, annars vegar gegnum metanskiljuna og hins vegar framhjá henni, og styrkurinn skráður í báðum tilvikum. Metannýtnin skal ákvörðuð sem hér segir:

$$E_M = 1 - \frac{C_{HC(w/NMC)}}{C_{HC(w/oNMC)}}$$

Þar sem:

$C_{HC(w/NMC)}$ er styrkur vetniskolefnis ásamt metani sem streymir um metanskiljuna [ppmC₁]

$C_{HC(w/o NMC)}$ er styrkur vetniskolefnis ásamt metani sem streymir framhjá metanskiljunni [ppmC₁]

b) Umbreytinýtni etans

Etan sem er notað sem kvörðunargas skal leitt gegnum logaljómunarnemann, annars vegar gegnum metanskiljuna og hins vegar framhjá henni, og styrkurinn skráður í báðum tilvikum. Etannýtnin skal ákvörðuð sem hér segir:

$$E_E = 1 - \frac{C_{HC(w/NMC)}}{C_{HC(w/oNMC)}}$$

Þar sem:

$C_{HC(w/NMC)}$ er styrkur vetniskolefnis ásamt etani sem streymir um metanskiljuna [ppmC₁]

$C_{HC(w/o NMC)}$ er styrkur vetniskolefnis ásamt etani sem streymir framhjá metanskiljunni [ppmC₁]

4.3.5. Áhrif truflana

a) Almennt

Aðrar lofttegundir en þær sem verið er að greina geta haft áhrif á aflestrartölu greiningartækisins. Framleiðandi greiningartækjanna skal gera athugun á áhrifum truflana og á réttu virkni greiningartækja áður en þau eru sett á markað, minnst einu sinni fyrir hverja gerð greiningartækis eða búnaðar sem fjallað er um í b- til f-lið.

b) Athugun á truflunum á kolsýrings-greiningartækjum

Vatn og koltvísýringur geta truflað mælingar kolsýrings-greiningartækis. Af þeim sökum skal koltvísýrings-kvörðunargas fyrir mælisvið með styrk frá 80% til 100% af fullu kvarðaútslagi hæsta vinnusviðs koltvísýrings-greiningartækisins, sem notað er við prófanir, látið bóla í gegnum vatn við stofuhita og svörun greiningartækisins skráð. Svörun greiningartækisins skal ekki vera hærrí en 2% af meðalstyrk kolsýrings sem vænst er í venjulegri prófun í vegaakstri eða ±50 ppm, hvort sem er stærra. Gera má aðskildar athuganir á trufluninni fyrir vatn og fyrir koltvísýring. Ef styrkur vatns og koltvísýrings sem er notaður í athugun á truflunum er meiri en sá hámarksstyrkur sem vænst er í prófuninni skal skala hvert mælt truflunargildi niður með því að margfalda mældu truflunina með hlutfalli þess hámarksstyrkgildis sem búist er við í prófuninni og raunverulegu styrkgildi sem er notað í þessari athugun. Gera má aðskildar athuganir á truflunum með minni styrk vatns en hámarksstyrkurinn sem vænst er í prófuninni og skala vatnstruflunina, sem mælist, upp með því að margfalda mældu truflunina með hlutfalli þess hámarksstyrkgildis vatns sem búist er við í prófuninni og raunverulegu styrkgildi sem er notað í athuguninni. Summa hinna tveggja sköluðu truflunargilda skal uppfylla vikmörkin sem tilgreind eru í þessum lið.

c) Athugun á deyfingu greiningartækis fyrir köfnunarefnisoxíð

Þær tvær lofttegundir sem máli skipta fyrir efnaljómunarnema og hitaða efnaljómunarnema eru koltvísýringur og vatnsgufa. Deyfingarsvörun við þessum lofttegundum er hlutfallsleg miðað við styrk lofttegunda. Gera skal prófun til að ákvarða deyfinguna við hæsta styrk sem vænst er í prófuninni. Ef greiningartæki efnaljómunarnemans og hitaða efnaljómunarnemans nota reiknirit til að bæta fyrir deyfingu sem nýta greiningartæki fyrir vatns- eða koltvísýringismælingu skal meta deyfinguna með þessi greiningartæki virk og beita reikniritunum.

i. Athugun á koltvísýringsdeyfingu

Mælisviðskvörðunargas með koltvísýringi með 80 til 100% af styrk hámarksvinnusviðsins skal leitt í gegnum ódreifna innroðagreinin; skrá skal koltvísýringsstyrkinn sem A. Þá skal koltvísýrings-kvörðunargasið fyrir mælisviðið þynnt um nokkurn veginn 50% með köfnunarefniseinoxíðs-kvörðunargasi fyrir mælisvið og leitt í gegnum ódreifna innroðagreinin og efnaljómunarnemann eða hitaða efnaljómunarnemann; og koltvísýrings- og köfnunarefniseinoxíðsgildin skráð sem B og C, í þeirri röð. Þá skal lokað fyrir streymi koltvísýrings-kvörðunargassins fyrir mælisviðið og einungis köfnunarefniseinoxíðs-kvörðunargasið fyrir mælisviðið leitt í gegnum efnaljómunarnemann eða hitaða efnaljómunarnemann; köfnunarefniseinoxíðsgildið skal skráð sem D. Deyfingin skal reiknuð út sem:

$$E_{\text{CO}_2} = \left[1 - \left(\frac{C \times A}{(D \times A) - (D \times B)} \right) \right] \times 100$$

Þar sem:

- A er styrkur óþynnts koltvísýrings mældur með ódreifnum innroðagreini [%]
- B er styrkur þynnts koltvísýrings mældur með ódreifnum innroðagreini [%]
- C er styrkur þynnts köfnunarefniseinoxíðs mældur með efnaljómunarnema eða hituðum efnaljómunarnema [milljónarhlutar]
- D er styrkur óþynnts köfnunarefniseinoxíðs mældur með efnaljómunarnema eða hituðum efnaljómunarnema [milljónarhlutar]

Ef viðurkenningaryfirvaldið heimilar slíkt má nota aðrar aðferðir við þynningu og magnákvörðun gilda koltvísýrings- og köfnunarefniseinoxíðs-kvörðunargastegundanna fyrir mælisviðið, svo sem aflræna blöndun (e. *dynamic mixing/blending*).

ii. Athugun á vatnsdeyfingu

Þessi athugun gildir einungis fyrir mælingar á styrk lofttegundanna á röku formi. Við útreikning á vatnsdeyfingu skal taka tillit til þynningar köfnunarefniseinoxíðs-kvörðunargassins fyrir mælisviðið með vatnsgufu og skala verður styrk vatnsgufu í blöndunni í þann styrk sem vænst er að mælist í prófuninni. Köfnunarefniseinoxíðs-kvörðunargas fyrir mælisvið, með styrk frá 80 til 100% af fullu kvarðaútslagi eðlilegs mælisviðs, skal leitt í gegnum efnaljómunarnema eða hitaðan efnaljómunarnema og köfnunarefniseinoxíðsgildið skráð sem D. Köfnunarefniseinoxíðs-kvörðunargasið fyrir mælisviðið skal síðan látið bóla gegnum vatn við stofuhita og leitt í gegnum efnaljómunarnema eða hitaðan efnaljómunarnema og köfnunarefniseinoxíðsgildið skráð sem C. Algildur vinnsluþrýstingur greiningartækisins og hitastig vatnsins skal ákvarðað og skráð sem E og F, í þeirri röð. Gufumettunarþrýstingur blöndunnar, sem samsvarar hitastigi vatnsins í gufueimingarflöskunni, F, skal ákvarðaður og skráður sem G. Vatnsgufustyrk gasblöndunnar H [%] skal reikna sem hér segir:

$$H = \frac{G}{E} \times 100$$

Skrá skal væntan styrk þynnta vatnsgufublandaða köfnunarefniseinoxíðs-kvörðunargasið fyrir mælisviðið sem D_e þegar það hefur verið reiknað sem:

$$D_e = D \times \left(1 - \frac{H}{100} \right)$$

Ef um dísilútblástur er að ræða skal skrá hámarksstyrk vatnsgufu í útblástursloftinu (í %), sem vænst er í prófuninni, sem H_m að lokinni ákvörðun á honum, með þeirri forsendu að hlutfall H/C í eldsneyti sé 1,8/1, frá hámarksstyrk koltvísýrings í útblástursloftinu A, sem hér segir:

$$H_m = 0,9 \times A$$

Vatnsdeyfingin skal reiknuð út sem:

$$E_{\text{H}_2\text{O}} = \left(\frac{D_e - C}{D_e} \right) \times \left(\frac{H_m}{H} \right) \times 100$$

Þar sem:

- D_e er væntur styrkur þynnts köfnunarefniseinoxíðs [í milljónarhlutum]
- C er mældur styrkur þynnts köfnunarefniseinoxíðs [í milljónarhlutum]

H_m er hámarksstyrkur vatnsgufu [í %]

H er raunstyrkur vatnsgufu [í %].

iii. Leyfileg hámarksdeyfing

Samanlögð deyfing koltvísýrings og vatns skal ekki vera meiri en 2% af fullu kvarðaútslagi.

d) Athugun á deyfingu fyrir greiningartæki með ódreifnum útfjólubláum geisla

Vetniskolefni og vatn geta valdið jákvæðri truflun í greiningartækjum með ódreifnum útfjólubláum geisla með því að framkalla svörun sem svípar til svörunar frá köfnunarefnisoxíðum. Framleiðandi greiningartækis með ódreifnum útfjólubláum geisla skal nota eftirfarandi aðferð til að sannprófa að deyfingarhrif séu takmörkuð:

- i. Greiningartækið og kælinn skulu sett upp samkvæmt notkunarleiðbeiningum framleiðandans og stillt til að hámarka afköst greiningartækisins og kælisisins.
- ii. Greiningartækið skal núllstillt og mælisviðskvarðað við þau styrkgildi sem vænst er í losunarprófunum.
- iii. Velja skal köfnunarefnistvíoxíðskvörðunargas sem samsvarar, eins og unnt er, hámarksstyrk köfnunarefnistvíoxíðs sem vænst er í losunarprófunum.
- iv. Köfnunarefnistvíoxíðskvörðunargasið skal flæða yfir brúnirnar við nema lofttegundasýnatökukerfisins þar til köfnunarefnistvíoxíðssvörun greiningartækisins hefur stöðgast.
- v. Reikna skal meðalstyrk stöðguðu mælinganna á köfnunarefnisoxíðum á 30 sekúndna tímabili og skrá hann sem $NO_{X,ref}$.
- vi. Streymi köfnunarefnistvíoxíðskvörðunargassins skal stöðvað og sýnatökukerfið mettað með því að yfirfylla það með frálagi daggarmarkslindar (e. *dew point generator*) sem er stillt á 50°C daggarmark. Tekin skulu sýni úr frálagi daggarmarkslindarinnar í öllu sýnatökukerfinu og kælinum í minnst 10 mínútur, þar til reiknað er með að kælinn sé að fjarlægja stöðugt magn vatns.
- vii. Þegar iv. skrefi lýkur skal aftur metta sýnatökukerfið með köfnunarefnistvíoxíðskvörðunargasinu sem var notað til að ákvarða $NO_{X,ref}$ þar til heildarsvörun fyrir köfnunarefnistvíoxíð hefur stöðgast.
- viii. Reikna skal meðalstyrk stöðguðu mælinganna á köfnunarefnisoxíðunum fyrir 30 sekúndna tímabil og skrá hann sem $NO_{X,m}$.
- ix. Leiðréttu skal $NO_{X,m}$ yfir í $NO_{X,dry}$ á grunni leifa af vatnsgufu sem fóru í gegnum kælinn við úttakshita og -þrýsting kælisisins.

Reiknaða $NO_{X,dry}$ gildið skal samsvara a.m.k. 95% of $NO_{X,ref}$.

e) Sýnaþurrkari

Sýnaþurrkari fjarlægir vatn sem annars getur truflað mælingar á köfnunarefnisoxíðum. Þegar efnaljómunarnemi er notaður til þurrmælinga skal sýna fram á að við mesta væntan vatnsgufustyrk H_m viðhaldi sýnaþurrkarinn rakastiginu í efnaljómunarnemanum við ≤ 5 g af vatni/kg af þurru lofti (eða u.þ.b. 0,8% vatni), sem er 100% rakastig við 3,9° C og 101,3 kPa eða u.þ.b. 25% rakastig við 25° C og 101,3 kPa. Sýna má fram á reglufylgni með því að mæla hitastigið við úttak hitunarsýnaþurrkarans eða með því að mæla rakann rétt fyrir ofan efnaljómunarnemann. Einnig mætti mæla rakann í útblæstrinum frá efnaljómunarnemanum svo fremi að eina streymið inn í efnaljómunarnemann sé streymið frá sýnaþurrkaranum.

f) Gegnþrenging köfnunarefnistvíoxíðs í sýnaþurrkaranum

Leifar af vatni í fljótandi formi í illa hönnuðum sýnaþurrkara geta fjarlægt köfnunarefnistvíoxíð úr sýninu. Ef sýnaþurrkari er notaður ásamt greiningartæki með ódreifnum útfjólubláum geisla þar sem ekki er breytir fyrir köfnunarefnistvíoxíð/köfnunarefniseinoxíð ofar í streyminu gæti vatn því fjarlægt köfnunarefnistvíoxíð úr sýninu áður en kemur að mælingunni á köfnunarefnisoxíðunum. Sýnaþurrkarinn skal gera kleift að mæla minnst 95% af því köfnunarefnistvíoxíði sem er í gassýni sem er mettað af vatnsgufu og samanstandur af hæsta styrk köfnunarefnistvíoxíðs sem vænst er að finnist í prófun á ökutæki.

4.4. Athugun á svörunartíma greiningarkerfisins

Í athugun á svörunartíma skulu stillingar greiningarkerfisins vera nákvæmlega þær sömu og í losunarprófuninni (þ.e. þrýstingur, streymi, stillingar á síum í greiningartækjunum og allir aðrir mæliþættir sem hafa áhrif á svörunartíma). Ákvarða skal svörunartíma með því að skipta milli lofttegunda við inntak sýnatökunemans. Skipta skal á milli lofttegunda á innan við 0,1 sekúndu. Lofttegundirnar, sem notaðar eru við prófunina, skulu valda styrkbreytingu sem nemur minnst 60% af fullu útslagi á kvarða greiningartækisins.

Skrá skal styrkferil hvers efnisþáttar lofttegundarinnar. Seinkunartíminn er skilgreindur sem tíminn frá skiptum á milli lofttegunda (t_0) þar til svörunin er 10% af endanlegri aflestrartölu (t_{10}). Ristíminn er skilgreindur sem tíminn á milli 10% og 90% svörunar af endanlegri aflestrartölu ($t_{90} - t_{10}$). Svörunartími kerfisins (t_{90}) skiptist í seinkunartíma mælitækisnemans og ristíma nemans.

Við tímajöfnun greiningartækisins og mælimerkja útblástursstreymis er ummyndunartími skilgreindur sem tíminn frá breytingunni (t_0) þar til svörunin er 50% af endanlegri aflestrartölu (t_{50}).

Svörunartími kerfisins skal vera ≤ 12 sekúndur með ≤ 3 sekúndna ristíma fyrir alla efnisþætti og öll mælisvið sem notuð eru. Þegar notuð er metanskilja til að mæla vetniskolefni, önnur en metan, má svörunartími kerfisins vera lengri en 12 sekúndur.

5. LOFTTEGUNDIR

5.1. Almenn

Taka skal tillit til reglna um geymsluþol allra kvörðunargastegunda fyrir mælisvið. Hreint og blandað kvörðunargas og kvörðunargas fyrir mælisvið skal uppfylla nákvæmar skilgreiningar í liðum 3.1 og 3.2 í 3. viðbæti við 4. viðauka A við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07. Að auki er heimilt að nota köfnunarefnistvíoxíð sem kvörðunargas. Styrkur köfnunarefnistvíoxíðs sem er notað við kvörðun skal vera minna en 2% frá yfirlýstu styrkgildi. Köfnunarefniseinoxíð í köfnunarefnistvíoxíðskvörðunargasi skal ekki vera meira en 5% af köfnunarefnistvíoxíðsinnihaldi þess.

5.2. Lofttegundadeilar

Nota má lofttegundadeila, þ.e. nákvæm blöndunartæki sem þynna með hreinsuðu köfnunarefni (N_2) eða tilbúnu lofti, til að búa til kvörðunargas og kvörðunargas fyrir mælisvið. Nákvæmni lofttegundadeilis verður að vera svo mikil að styrkur blandaða kvörðunargassins sé með $\pm 2\%$ nákvæmni. Sanngreiningin skal fara fram milli 15 og 50% af fullu kvarðaútslagi fyrir hverja kvörðun þar sem notaður er lofttegundadeilir. Framkvæma má aðra sanngreiningu með öðru kvörðunargasi ef fyrsta sanngreiningin mistekst.

Annar kostur er að athuga lofttegundadeilinn með tæki sem er í eðli sínu línulegt, t.d. með því að nota köfnunarefniseinoxíðsgas ásamt efnaljómunarnema. Laga skal mælisviðskvörðunargildi tækisins með mælisviðskvörðunargasið beintengt við tækið. Lofttegundadeilirinn skal athugaður með þeim stillingum sem eru venjulega notaðar og nafngildið borið saman við þann styrk sem tækið mældi. Þessi mismunur skal vera innan við $\pm 1\%$ af nafnstyrk.

5.3. Gastegundir fyrir athugun á súrefnistrúflunum

Gastegundir fyrir athugun á súrefnistrúflunum samanstanda af blöndu própans, súrefnis og köfnunarefnis og skulu innihalda própan í styrknum 350 ± 75 ppmC₁. Styrkurinn skal ákvarðaður með fellingarmælingaraðferðum, aflrænni blöndun eða litskiljugreiningu á heildarvetniskolefnunum ásamt óhreinindum. Súrefnisstyrkurinn í gastegundum fyrir athugun á súrefnistrúflunum skal uppfylla kröfurnar í töflu 3; afgangurinn af gastegundunum fyrir athugun á súrefnistrúflunum skal vera hreinsað köfnunarefni.

Tafla 3

Gastegundir fyrir athugun á súrefnistrúflunum

	Gerð hreyfils	
	Þjöppukveikja	Rafkveikja
Súrefnisstyrkur	21 ± 1%	10 ± 1%
	10 ± 1%	5 ± 1%
	5 ± 1%	0,5 ± 0,5%

6. GREININGARTÆKI TIL AÐ MÆLA LOSUN AGNA

Í þessum lið verða í framtíðinni skilgreindar kröfur um greiningartæki til mælinga á losun agna þegar mæling á þeim verður lögboðin.

7. MÆLITÆKI TIL AÐ MÆLA ÚTBLÁSTURSMASSASTREYMI

7.1. **Almennt**

Mælitæki, namar eða mælimerki til að mæla útblástursmassastreymi skulu hafa viðeigandi mælisið og svörunartíma fyrir þá nákvæmni sem þarf til að mæla útblástursmassastreymið við breytilegt og stöðugt ástand. Takmarka skal eins og unnt er næmi mælitækja, nema og mælimerkja fyrir höggum, titringi, öldrun, sveiflum í hitastigi, loftþrýstingi, rafsegul-trúflunum og öðrum áhrifum sem tengjast notkun á ökutækinu og mælitækinu.

7.2. **Nákvæmar skilgreiningar á mælitækjum**

Útblástursmassastreymið skal ákvarðað með beinni mæliaðferð sem er beitt með einhverju eftirfarandi mælitækja:

- Streymisbúnaði með stemmuröri (e. *Pitot*)
- mismunaþrýstingstækjum, s.s. flæðistút (nánari upplýsingar í ISO 5167),
- úthljóðsstreymismæli,
- iðustreymismæli.

Hver aðskilinn útblástursmassastreymismælir skal uppfylla kröfurnar um línuleika sem settar eru fram í 3. lið. Enn fremur skal framleiðandi mælitækisins sýna fram á að hver útblástursmassastreymismælir standist nákvæmu skilgreiningarnar í liðum 7.2.3 til 7.2.9.

Leyfilegt er að reikna út útblástursmassastreymið á grunni mælinga á loftstreymi og eldsneytisstreymi sem fást með rekjanlega kvörðuðum nemum ef þeir uppfylla kröfurnar um línuleika í 3. lið, kröfurnar um nákvæmni í 8. lið og ef mælt útblástursmassastreymi er fullgilt skv. 4. lið 3. viðbætis.

Að auki eru aðrar aðferðir, sem byggjast á mælitækjum og mælimerkjum sem ekki er hægt að rekja beint, leyfilegar til að ákvarða útblástursmassastreymið, svo sem einfaldaðir útblástursmassastreymismælir eða mælimerki frá stýrieningu hreyfilsins, ef mælingin á útblástursmassastreyminu sem þau skila uppfyllir kröfurnar um línuleika í 3. lið og er fullgilt í samræmi við 4. lið 3. viðbætis.

7.2.1. *Kvörðunar- og sannprófunarstaðlar*

Mæliframmistaða útblástursmassastreymismæla skal sannprófuð með lofti eða útblásturslofti samkvæmt rekjanlegum staðli, svo sem t.d. með kvörðuðum útblástursmassastreymismæli eða þynningarröri með fullu streymi.

7.2.2. *Tíðni sannprófunar*

Sannprófa skal að útblástursmassastreymismælar uppfylli ákvæði liða 7.2.3 og 7.2.9 innan við einu ári fyrir prófunina sjálfa.

7.2.3. *Nákvæmni*

Nákvæmnin, skilgreind sem frávik aflestrartölu útblástursmassastreymismælisins frá viðmiðunarstreymisgildinu, skal ekki fara yfir $\pm 2\%$ af aflestrartölunni, $0,5\%$ af fullu kvarðaútslagi eða $\pm 1\%$ af því hámarksstreymi sem útblástursmassastreymismælirinn var kvarðaður við, hver talan sem er hæst.

7.2.4. *Samkvæmni*

Samkvæmnin, skilgreind sem $2,5$ sinnum staðalfrávik 10 endurtekinnar svarana við tilteknu nafnstreymi, u.þ.b. við miðju kvörðunarsviðsins, skal ekki vera meiri en $\pm 1\%$ af því hámarksstreymi sem útblástursmassastreymismælirinn var kvarðaður við.

7.2.5. *Mælisuð*

Mælisuðið, skilgreint sem tvisvar sinnum kvaðratmeðaltalsrót af tíu staðalfrávikum sem hvert fyrir sig er reiknað frá núllsvörunum sem mælast við minnst $1,0$ Hz stöðuga mælitíðni í 30 sekúndur, skal ekki fara yfir 2% af hæsta kvarða streymisgildinu. Á milli allra 10 mælingartímabilanna skulu koma 30 sekúndna tímabil þar sem útblástursmassastreymismælirinn er látinn verða fyrir mesta kvarða streymi.

7.2.6. *Rek núllsvörunar*

Núllsvörun er skilgreind sem meðalsvörun við núllstreymi á minnst 30 sekúndna tímabili. Sannprófa má rek núllsvörunar á grunni þeirra grunnmerkja sem hafa borist, t.d. um þrýsting. Rek grunnmerkjanna á 4 klst. tímabili skal vera undir $\pm 2\%$ af hámarksgildi þess grunnmerkis sem er skráð við sama flæði og útblástursmassastreymismælirinn var kvarðaður við.

7.2.7. *Rek kvörðunarsvörunar mælisviðs*

Kvörðunarsvörun mælisviðs er skilgreind sem meðalsvörun við kvörðunarstreymi fyrir mælisvið á minnst 30 sekúndna tímabili. Sannprófa má rek kvörðunarsvörunar mælisviðs á grunni þeirra grunnmerkja sem hafa borist, t.d. um þrýsting. Rek grunnmerkjanna á 4 klst. tímabili skal vera undir $\pm 2\%$ af hámarksgildi þess grunnmerkis sem er skráð við sama flæði og útblástursmassastreymismælirinn var kvarðaður við.

7.2.8. *Ristími*

Ristími útblástursstreymismælitækjanna og aðferðir þeirra ætti, eins og unnt er, að samsvara ristíma greiningartækjanna fyrir lofttegundir eins og er tilgreint í lið 4.2.7, en skal ekki vera lengri en 1 sekúnda.

7.2.9. *Athugun á svörunartíma*

Svörunartími útblástursmassastreymismæla skal ákvarðaður með því að beita svipuðum mælipáttum og eru notaðir í losunarprófuninni (þ.e. þrýstingi, streymi, stillingum á síum og öllu öðru sem hefur áhrif á svörunartíma). Ákvarða skal svörunartíma með því að skipta milli lofttegunda við inntak útblástursmassastreymismælisins. Skiptingin milli lofttegunda skal gerð eins hratt og mögulegt er, en sterklega er mælt með að það taki innan við $0,1$ sekúndu. Streymi lofttegundanna, sem notaðar eru við prófunina, skal valda breytingu á streyminu sem nemur minnst 60% af fullu útslagi á kvarða útblástursmassastreymismælisins. Streymi lofttegundanna skal skráð. Seinkunartíminn er skilgreindur sem tíminn frá skiptum á milli lofttegunda (t_0) þar til svörunin er 10% (t_{10}) af endanlegri aflestrartölu. Ristíminn er skilgreindur sem tíminn á milli 10% og 90% svörunar af endanlegri aflestrartölu ($t_{90} - t_{10}$). Svörunartíminn (t_{90}) er skilgreindur sem summa seinkunartímans og ristímans. Svörunartími útblástursmassastreymismælisins (t_{90}) skal vera ≤ 3 sekúndur með ≤ 1 sekúndu ristíma ($t_{90} - t_{10}$) í samræmi við lið 7.2.8.

8. NEMAR OG AUKABÚNAÐUR

Þeir nemar og aukabúnaður sem eru notaðir til að ákvarða t.d. hitastig, loftþrýsting, rakastig, hraða ökutækis, eldsneytisstreymi eða streymi inntakslofts skulu ekki breyta eða hafa óþarfa áhrif á afköst hreyfils ökutækisins og eftirmeðferðarkerfi þess fyrir útblástursloft. Nákvæmni nema og aukabúnaðar skal uppfylla kröfurnar í töflu 4. Sýna skal fram á að farið sé að kröfunum í töflu 4 með millibilum sem framleiðandi mælitækjanna tilgreinir, eins og krafist er í verklagsreglum fyrir innri endurskoðun eða í samræmi við ISO-staðal 9000.

Tafla 4

Nákvæmnikröfur fyrir mælipætti

Mælipáttur	Nákvæmni
Streymi eldsneytis ⁽¹⁾	±1% af aflestrartölu ⁽³⁾
Loftstreymi ⁽¹⁾	±2% af aflestrartölu
Aksturshraði ökutækis ⁽²⁾	±1,0 km/klst. að raungildi
Hitastig ≤ 600 K	± 2 K að raungildi
Hitastig > 600 K	± 0,4% af aflestrartölu mælt í kelvin-gráðum
Loftþrýstingur	± 0,2 kPa að raungildi
Rakastig	± 5% að raungildi
Algildisraki	± 10% af aflestrartölu eða 1 gH ₂ O/kg þurrkt loft, hvor talan sem er hærri

⁽¹⁾ Ákvörðun útblástursmassastreymis er valkvæð.

⁽²⁾ Krafan nær einungis til hraðanemans.

⁽³⁾ Nákvæmni skal vera 0,02% af aflestrartölu ef hún er notuð til að reikna loft- og útblástursmassastreymið út frá eldsneytisstreyminu skv. 10. lið 4. viðbættis.

3. viðbætur

Fullgilding færanlegs mælikerfis fyrir losun og órekjanlegs útblástursmassastreymis

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst kröfum um að fullgilda, við breytilegar aðstæður, virkni uppsettra færanlegra mælikerfa fyrir losun, sem og réttleika mælinga á útblástursmassastreymi sem fást með órekjanlegum útblástursmassastreymismælum eða eru reiknaðar út frá mælimerkjum frá stýrieiningu hreyfilsins.

2. TÁKN

%	—	hundraðshlutfall
#/km	—	fjöldi á kílómetra
a_0	—	skurðpunktur aðhvarfslínu á y-ás
a_1	—	hallatala aðhvarfslínu
g/km	—	grömm á kílómetra
Hz	—	herts
km	—	kílómetrar
m	—	metri
mg/km	—	milligrömm á kílómetra
r^2	—	ákvörðunarstuðull
x	—	raungildi viðmiðunarmerkisins
y	—	raungildi mælimerkisins sem verið er að fullgilda

3. FULLGILDINGARAÐFERÐ FYRIR FÆRANLEG MÆLIKERFI FYRIR LOSUN

3.1. **Tíðni fullgildingar færanlegra mælikerfa fyrir losun**

Mælt er með að fullgilda uppsetta færanlega mælikerfið fyrir losun einu sinni fyrir hverja samsetningu færanlegs mælikerfis og ökutækis, annað hvort fyrir prófunina eða þá að prófun í vegaakstri lokinni. Uppsetta færanlega mælikerfinu fyrir losun skal haldið óbreyttu á tímabilinu frá prófuninni í vegaakstri og fram að fullgildingunni.

3.2. **Fullgildingaraðferð fyrir færanleg mælikerfi fyrir losun**3.2.1. *Uppsetning færanlegs mælikerfis fyrir losun*

Færanlega mælikerfið fyrir losun skal sett upp og undirbúið samkvæmt kröfunum í 1. viðbæti. Ekki má breyta uppsetningunni á færanlega mælikerfinu fyrir losun frá lokum fullgildingarprófunarinnar og fram að prófuninni í vegaakstri.

3.2.2. *Prófunarskilyrði*

Fullgildingarprófunin skal gerð á aflmælisamstæðu, eftir því sem við á, við gerðarviðurkenningarskilyrði með því að fylgja kröfunum í 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07, eða með einhverri annarri viðunandi mæliaðferð. Mælt er með að framkvæma fullgildingarprófunina með prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu (WLTC) eins og er tilgreint í 1. viðauka við heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 15. Umhverfishiti skal vera innan þeirra marka sem eru tilgreind í lið 5.2 í þessum viðauka.

Mælt er með að leiða útblástursstreymið sem færanlega mælikerfið fyrir losun dregur út í fullgildingarprófuninni aftur inn í gassýnissafnarann. Ef það er ekki mögulegt skal leiðréttu niðurstöðurnar frá gassýnissafnarannum fyrir útdregna útblástursmassann. Ef útblástursmassastreymið er fullgilt með útblástursmassastreymismæli er mælt með að milligáta massastreymismælingarnar með gögnum frá nema eða frá stýrieiningu hreyfilsins.

3.2.3. Greining gagna

Reikna skal sértæka heildarlosun miðað við vegalengd [g/km], sem er mæld með rannsóknarstofubúnaði, skv. 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07. Losunin, sem er mæld með færanlega mælikerfinu fyrir losun, skal reiknuð skv. 9. lið 4. viðbættis, lögð saman til að fá út heildarmassa losunar mengandi efna [g] og síðan deilt í með prófunarvegalengdinni [km] sem fæst með aflmælissamstæðunni. Bera skal sértæka heildarlosun miðað við vegalengd [g/km], sem er ákvörðuð með færanlega mælikerfinu fyrir losun og kerfi tilvísunarrannsóknarstofunnar, saman við kröfurnar sem eru tilgreindar í lið 3.3 og meta hana út frá þeim. Til að fullgilda mælingar á losun köfnunarefnisoxíða skal beita rakaleiðréttingu samkvæmt lið 6.6.5 í 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07.

3.3. Leyfileg vikmörk fyrir fullgildingu á færanlegu mælikerfi fyrir losun

Niðurstöður fullgildingar á færanlegu mælikerfi fyrir losun skulu uppfylla kröfurnar í töflu 1. Ef farið er yfir einhver leyfileg vikmörk skal gera ráðstafanir til að leiðrétta það og fullgilding færanlega mælikerfisins fyrir losun skal endurtekin.

Tafla 1

Leyfileg vikmörk

Mælipáttur [mælieining]	Leyfileg vikmörk
Vegalengd [km] ⁽¹⁾	± 250 m af rannsóknarstofuviðmiðuninni
THC ⁽²⁾ [mg/km]	± 15 mg/km eða 15% af rannsóknarstofuviðmiðuninni, hvor talan sem er hærri
Metan ⁽²⁾ [mg/km]	± 15 mg/km eða 15% af rannsóknarstofuviðmiðuninni, hvor talan sem er hærri
Vetniskolefni, önnur en metan ⁽²⁾ [mg/km]	± 20 mg/km eða 20% af rannsóknarstofuviðmiðuninni, hvor talan sem er hærri
Fjöldi agna ⁽²⁾ [# / km]	⁽³⁾
Kolsýringur ⁽²⁾ [mg/km]	± 150 mg/km eða 15% af rannsóknarstofuviðmiðuninni, hvor talan sem er hærri
Koltvísýringur (g/km)	± 10 g/km eða 10% af rannsóknarstofuviðmiðuninni, hvor talan sem er hærri
Köfnunarefnisoxíð ⁽²⁾ [mg/km]	± 15 mg/km eða 15% af rannsóknarstofuviðmiðuninni, hvor talan sem er hærri

⁽¹⁾ Gildir einungis ef hraði ökutækis er ákvarðaður af stýrieiningu hreyfilsins; til að uppfylla leyfileg vikmörk er leyfilegt að lagfæra hraðamælingar stýrieiningar hreyfilsins fyrir ökutækið á grunni niðurstaðna úr fullgildingarprófuninni.

⁽²⁾ Mælipáttur er einungis skyldubundinn ef mælingar er krafist samkvæmt lið 2.1 í III. viðauka A.

⁽³⁾ Verður ákveðið síðar.

4. FULLGILDINGARAÐFERÐ FYRIR ÚTBLÁSTURSMASSASTREYMI SEM ER ÁKVARÐAÐ MED ÓREKJANLEGUM MÆLITÆKJUM OG NEMUM

4.1. Tíðni fullgildingar

Auk þess að uppfylla kröfurnar um línuleika í 3. lið 2. viðbættis við stöðug skilyrði, skal fullgilda línuleika órekjanlegra útblástursmassastreymismæla eða útblástursmassastreymisins sem er reiknað út frá órekjanlegum nemum eða mælimerkjum frá stýrieiningu hreyfils við óstöðug skilyrði fyrir hvert prófunarökutæki, miðað við kvarðaðan útblástursmassastreymismæli eða gassýnissafnarann. Beita má fullgildingarprófunaraðferðinni án þess að færanlegt mælikerfi fyrir losun sé uppsett en hún skal almennt uppfylla þær kröfur sem eru skilgreindar í 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07, og kröfur sem varða útblástursmassastreymismæla sem eru skilgreindar í 1. viðbætti.

4.2. Fullgildingaraðferð

Fullgildingarprófunin skal gerð á aflmælissamstæðu og við gerðarviðurkenningarskilyrði, að því marki sem unnt er, og skal fylgja kröfunum í 4. viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83, röð breytinga nr. 07. Prófunarlotan skal vera prófunarlotan fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu, eins og er tilgreint í 1. viðauka við heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 15. Nota skal rekjanlega kvarðaðan streymismæli sem viðmiðun. Umhverfishiti má vera hvaða hitastig sem er innan þeirra marka sem eru tilgreind í lið 5.2 í þessum viðauka. Uppsetning útblástursmassastreymismælisins og framkvæmd prófunarinnar skulu uppfylla kröfuna í lið 3.4.3 í 1. viðbæti þessa viðauka.

Eftirfarandi þrepum skal fylgt við fullgildingu línuleikans:

- Mælimerkið, sem verið er að fullgilda, og viðmiðunarkerkið skulu tímaleiðrétt með því að fara að, eftir því sem við á, kröfunum í 3. lið 4. viðbætis.
- Liðir undir 10% af hámarksstreymisgildinu skulu útilokaðir frá frekari greiningu.
- Tengja skal mælimerkið, sem verið er að fullgilda, og viðmiðunarkerkið við stöðuga tíðni sem er a.m.k. 1,0 Hz, þar sem hentugasta jafnan er á forminu:

$$y = a_1x + a_0$$

Þar sem:

y er raungildi mælimerkisins sem verið er að fullgilda

a_1 er hallatala aðhvarfslínunnar

x er raungildi viðmiðunarmælimerkisins

a_0 er skurðpunktur aðhvarfslínu á y -ás

Reikna skal staðalskekkju á mati(SEE) á y fyrir x og ákvörðunarstuðul (r^2) fyrir alla mæliþætti og -kerfi.

- Línulegu aðhvarfsmæliþættirnir skulu uppfylla kröfurnar sem eru tilteknar í töflu 2.

4.3. Kröfur

Kröfur um línuleika samkvæmt töflu 2 skulu uppfylltar. Ef farið er yfir einhver leyfileg vikmörk skal gera ráðstafanir til að leiðrétta það og fullgildingin skal endurtekin.

Tafla 2

Kröfur um línuleika reiknaðs og mælds útblástursmassastreymis

Mæliþáttur/kerfi	a_0	Halli a_1	Staðalskekkja SEE	Ákvörðunarstuðull r^2
Útblástursmassastreymi	$0,0 \pm 3,0$ km/klst.	$1,00 \pm 0,075$	≤ 10 % max	$\geq 0,90$

4. viðbætur

Ákvörðun losunar

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst aðferðinni við að ákvarða augnabliksmassa og fjölda losaðra agna [g/s; #/s] sem skal síðar nota við mat á prófunarferð og útreikning á endanlegri losunariðurstöðu eins og lýst er í 5. og 6. viðbæti.

2. TÁKN

%	—	hundraðshlutfall
<	—	minni en
#/s	—	fjöldi á sekúndu
α	—	mólhlutfall vetnis (H/C)
β	—	mólhlutfall kolefnis (C/C)
γ	—	mólhlutfall brennisteins (S/C)
δ	—	mólhlutfall köfnunarefnis (N/C)
$\Delta t_{t,i}$	—	umbreytingartími greiningartækisins, t [s]
$\Delta t_{t,m}$	—	umbreytingartími útblástursmassastreymismælisins, t [s]
ϵ	—	mólhlutfall súrefnis (O/C)
r_e	—	eðlismassi útblásturslofts
r_{gas}	—	eðlismassi útblástursloftsþáttarins „gas“
l	—	hlutfall umframlofts
l_i	—	augnablikshlutfall umframlofts
A/F_{st}	—	hvarfhlfall lofts og eldsneytis [kg/kg]
°C	—	selsíusgráður
c_{CH_4}	—	styrkur metans
c_{CO}	—	styrkur kolsýrings í þurru formi [%]
c_{CO_2}	—	styrkur koltvísýrings í þurru formi [%]
c_{dry}	—	styrkur mengunarefnis í þurru formi í ppm eða % rúmmáls
$c_{gas,i}$	—	augnablikstyrkur útblástursloftsþáttarins „gas“ [ppm]
c_{HCw}	—	styrkur vetniskolefnis í röku formi [ppm]
$c_{HC(w)/NMC}$	—	styrkur vetniskolefnis ásamt metani eða etani sem streymir gegnum metanskiljuna [ppmC ₁]
$c_{HC(w/o)NMC}$	—	styrkur vetniskolefnis ásamt metani eða etani sem streymir framhjá metanskiljunni [ppmC ₁]
$c_{i,c}$	—	tímaleiðréttur styrkur efnisþáttar <i>i</i> [ppm]
$c_{i,r}$	—	styrkur efnisþáttar <i>i</i> [ppm] í útblæstrinum
c_{NMHC}	—	styrkur vetniskolefna, annarra en metans
c_{wet}	—	styrkur mengunarefnis í röku formi í ppm eða % rúmmáls
E_E	—	etanvirkni
E_M	—	metanvirkni

g	— gramm
g/s	— grömm á sekúndu
H_a	— raki inntakslofts [g af vatni á kg af þurrlofti]
i	— númer mælingarinnar
kg	— kíló
$kg/klst.$	— kíló á klukkustund
kg/s	— kíló á sekúndu
k_w	— leiðréttingarstuðull fyrir þurrar/rakar lofttegundir
m	— metri
$m_{gas,i}$	— massi útblástursloftspáttarins „gas“ [g/s]
$q_{maw,i}$	— augnabliksmassastreymi inntakslofts [kg/s]
$q_{m,c}$	— tímaleiðrétt útblástursmassastreymi [kg/s]
$q_{mew,i}$	— augnabliksmassastreymi útblásturslofts [kg/s]
$q_{mf,i}$	— augnabliksmassastreymi eldsneytis [kg/s]
$q_{m,r}$	— óunnið massastreymi útblásturslofts [kg/s]
r	— víxl fylgnistuðull
r^2	— ákvörðunarstuðull
r_h	— svörunarstuðull fyrir vetniskolefni
sn./mín.	— snúningar á mínútu
s	— sekúnda
u_{gas}	— u -gildi útblástursloftspáttarins „gas“

3. TÍMALEIÐRÉTTING MÆLIÞÁTTA

Tímaleiðréttá skal skráðan styrkferil hvers efnisþáttar, útblástursmassastreymi, hraða ökutækis og önnur gögn sem varða ökutækið til að fá megi réttan útreikning á sértækri losun miðað við vegalengd. Til að auðvelda tímaleiðréttinguna skal skrá gögn sem eru tímajöfnuð annað hvort með einu gagnaskráningartæki eða með samstilltum tímastimpli samkvæmt lið 5.1. í 1. viðbæti. Tímaleiðrétting og -jöfnun mæliþátta skulu gerðar samkvæmt röðuninni sem er lýst í lið 3.1 til 3.3.

3.1. Tímaleiðrétting styrks hvers efnisþáttar

Tímaleiðréttá skal skráðan styrkferil hvers efnisþáttar með andhverfri hliðrun (e. *reverse shifting*) miðað við umbreytingartíma þeirra greiningartækja sem um ræðir. Ákvarða skal umbreytingartíma greiningartækja samkvæmt lið 4.4 í 2. viðbæti:

$$c_{i,c}(t - \Delta t_{t,i}) = c_{i,r}(t)$$

Þar sem:

$c_{i,c}$ er tímaleiðréttur styrkur efnisþáttar i sem fall af tíma t

$c_{i,r}$ er óunninn styrkur efnisþáttar i sem fall af tíma t

$\Delta t_{t,i}$ er umbreytingartími t fyrir greiningartækið sem mælir efnisþátt i .

3.2. Tímaleiðrétting útblástursmassastreymis

Tímaleiðréttá skal útblástursmassastreymi sem er mælt með útblástursmassastreymismæli með andhverfri hliðrun miðað við umbreytingartíma útblástursmassastreymismælisins. Ákvarða skal umbreytingartíma massastreymismælisins samkvæmt lið 4.4.9 í 2. viðbæti:

$$q_{m,c}(t - \Delta t_{t,m}) = q_{m,r}(t)$$

Þar sem:

$q_{m,c}$ er tímaleiðrétt útblástursmassastreymi sem fall af tíma t

$q_{m,r}$ er óunnið útblástursmassastreymi sem fall af tíma t

$\Delta t_{t,m}$ er umbreytingartími t útblástursmassastreymismælisins.

Ef útblástursmassastreymið er ákvarðað með gögnum frá stýrieiningu hreyfils eða nema kemur til greina að bæta við aukaumbreytingartíma sem skal fenginn með víxl fylgnistuðli milli reiknaðs útblástursmassastreymis og þess útblástursmassastreymis sem er mælt skv. 4. lið 3. viðbætis.

3.3. Tímajöfnun gagna sem varða ökutækis

Önnur gögn sem eru fengin frá nema eða stýrieiningu hreyfils skulu tímajöfnuð með víxl fylgnistuðli við hentug gögn sem varða losun (t.d. styrk efnispáttu).

3.3.1. Hraði ökutækis mældur með mismunandi aðferðum

Til að tímajafna hraða ökutækis miðað við útblástursmassastreymið er fyrst nauðsynlegt að finna einn marktækan hraðaferil. Ef hraði ökutækis er fundinn með mörgum mismunandi aðferðum (t.d. GPS-búnaði, nema eða frá stýrieiningu hreyfilsins) skal tímajafna hraðagildin með víxl fylgnistuðli.

3.3.2. Hraði ökutækis ásamt útblástursmassastreymi

Tímajafna skal hraða ökutækisins miðað við útblástursmassastreymið með víxl fylgnistuðli milli útblástursmassastreymisins og margfeldi hraða ökutækisins og jákvæðrar hröðunar.

3.3.3. Önnur mælimerki

Sleppa má að tímajafna mælimerki þar sem gildin breytast hægt og spanna lítið svið gilda, s.s. umhverfishita.

4. KALDRÆSING

Kaldræsitímabilið nær yfir fyrstu 5 mínúturnar eftir að brunahreyfillinn er fyrst ræstur. Ef hægt er að ákvarða hitastig kælivökvans á áreiðanlegan hátt lýkur kaldræsitímabilinu þegar kælivökvinn hefur náð 343 K (70 °C) í fyrsta skipti, en eigi síðar en þegar 5 mínútur eru liðnar frá því að brunahreyfillinn er fyrst ræstur. Skrá skal losun við kaldræsing.

5. MÆLING Á LOSUN ÞEGAR HREYFILL ER Í KYRRSTÖÐU

Skrá skal alla augnablikslosun eða mælingar á streymi útblásturs sem eru fengnar meðan slökkt er á brunahreyflinum. Í aðskildu þrepi skal síðan núllstilla skráðu gildin í eftirvinnslu gagnanna. Slökkt skal teljast vera á brunahreyflinum ef tvær af eftirfarandi viðmiðunum gilda: skráður snúningshraði hreyfilsins er < 50 snún./mín.; útblástursmassastreymið mælist við < 3 kg/klst.; mælda útblástursmassastreymið fellur niður í < 15% af útblástursmassastreymi í hægagangi við stöðugar aðstæður.

6. ATHUGUN Á SAMKVÆMNI HÆÐAR ÖKUTÆKIS YFIR SJÁVARMÁLI

Ef vel rökstuddur grunur leikur á að ferð hafi verið farin ofar en í leyfilegri hæð yfir sjávarmáli sem er tilgreind í lið 5.2 í III. viðauka A og ef hæð yfir sjávarmáli hefur einungis verið mæld með GPS-tækni skal athuga samkvæmni GPS-gagnanna um hæð yfir sjávarmáli og, ef nauðsynlegt reynist, leiðréttá þau. Athuga skal samkvæmni gagnanna með því að bera gögn um breiddargráðu, lengdargráðu og hæð yfir sjávarmáli, sem aflað var með GPS-tækni, saman við stafrænt foldarlíkan eða staðfræðilegt kort í viðeigandi stærðarkvarða. Mælingar þar sem frávik er meira en 40 m frá þeirri hæð yfir sjávarmáli sem fram kemur á staðfræðilega kortinu skulu leiðréttar handvirk og merktar.

7. ATHUGUN Á SAMKVÆMNI GPS-MÆLINGAR Á HRAÐA ÖKUTÆKIS

Athuga skal samkvæmni í hraða ökutækis eins og hann er ákvarðaður með GPS-tækni með því að reikna út heildarvegalengd ferðarinnar og bera saman við viðmiðunarmælingar sem eru fengnar annað hvort með nema, fullgiltri stýrieiningu hreyfils, eða þess í stað má nota stafrænt vegakerfiskort eða staðfræðilegt kort. Skylda er að leiðréttu augljósar villur í GPS-gögnum, t.d. með því að beita leiðarreikningsnema, áður en samkvæmniathugun er gerð. Geyma skal upprunalegu, óleiðréttu gagnaskrána og merkja við öll gögn sem hafa verið leiðrétt. Leiðréttu gögnin skulu ekki ná yfir lengra samfellt tímabil en 120 sekúndur eða 300 sekúndur í heildina. Heilarvegalengd ferðar sem er reiknuð út frá leiðréttu GPS-gögnunum skal ekki víkja meira en 4% frá viðmiðunarvegalengdinni. Ef GPS-gögnin uppfylla ekki þessar kröfur og engin önnur áreiðanleg gögn eru til um hraðann skal ógilda niðurstöður prófunarinnar.

8. LEIÐRÉTTING Á LOSUN

8.1. Leiðrétting fyrir þurr/rakt ástand

Ef losunin er mæld á grundvelli þurrs ástands skal umreikna mældan styrk yfir í rakt ástand samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$c_{\text{wet}} = k_w \cdot c_{\text{dry}}$$

Þar sem:

c_{wet} er styrkur mengunarefnis í röku formi í ppm eða % rúmmáls

c_{dry} er styrkur mengunarefnis í þurru formi í ppm eða % rúmmáls

k_w er leiðréttingarstuðull fyrir þurrar/rakar lofttegundir

Nota skal eftirfarandi jöfnu til að reikna k_w :

$$k_w = \left(\frac{1}{1 + \alpha \times 0,005 \times (c_{\text{CO}_2} + c_{\text{CO}})} \right) \times 1,008$$

Þar sem:

$$k_{w1} = \frac{1,608 \times H_a}{1\,000 + (1,608 \times H_a)}$$

Þar sem:

H_a er raki inntakslofts [g af vatni á kg af þurru lofti]

c_{CO_2} er styrkur koltvísýrings í þurru formi [%]

c_{CO} er styrkur kolsýrings í þurru formi [%]

α er mólhlutfall vetnis.

8.2. Leiðrétting á köfnunarefnisoxíðum fyrir raka og umhverfishita

Ekki skal leiðréttu köfnunarefnisoxíð fyrir raka og umhverfishita.

9. ÁKVÖRÐUN AUGNABLIKSSTYRKS LOFTKENNDRA EFNISÞÁTTA

9.1. Inngangur

Efnisþættirnir í óþynnta útblástursloftinu skulu mældir með þeim mæli- og sýnatökugreiningatækjum sem lýst er í 2. viðbæti. Óþynntur styrkur viðeigandi efnisþátta skal mældur í samræmi við 1. viðbæti. Gögnin skulu tímaleiðrétt og tímajöfnuð í samræmi við 3. lið.

9.2. Útreikningur á styrk vetniskolefna, annarra en metans, og styrk metans

Að því er varðar mælingar á metani með metanskilju ásamt logajónunarnema veltur útreikningur á vetniskolefnum, öðrum en metani, á því kvörðunargasi eða aðferð sem var beitt við núllstillinguna eða kvörðunarstillingu mælisviðsins. Þegar logajónunarnemi er notaður án metanskilju til að mæla heildarmagn vetniskolefna skal hann kvarðaður með própani/lofti eða própani/köfnunarefni (N_2) á venjulegan hátt. Við kvörðun á logajónunarnemanum sem er raðtengdur við metanskilju eru eftirfarandi aðferðir heimilar:

- kvörðunargas sem samanstendur af própani/lofti fer framhjá metanskiljunni,
- kvörðunargas sem samanstendur af metani/lofti fer í gegnum metanskiljuna.

Eindregið er mælt með að kvarða metan-logajónunarnemann með metan/loftblöndu gegnum metanskiljuna.

Í aðferð a) skal reikna styrk metans og vetniskolefna, annarra en metans, eins og hér segir:

$$c_{CH_4} = \frac{c_{HC(w/oNMC)} \times (1 - E_M) - c_{HC(w/NMC)}}{(E_E - E_M)}$$

$$c_{NMHC} = \frac{c_{HC(w/NMC)} - c_{HC(w/oNMC)} \times (1 - E_E)}{r_h \times (E_E - E_M)}$$

Í aðferð b) skal reikna styrk metans og vetniskolefna, annarra en metans, eins og hér segir:

$$c_{CH_4} = \frac{c_{HC(w/NMC)} \times r_h \times (1 - E_M) - c_{HC(w/oNMC)} \times (1 - E_E)}{r_h \times (E_E - E_M)}$$

$$c_{NMHC} = \frac{c_{HC(w/oNMC)} \times (1 - E_M) - c_{HC(w/NMC)} \times r_h \times (1 - E_M)}{(E_E - E_M)}$$

Þar sem:

- $c_{HC(w/oNMC)}$ er styrkur vetniskolefnis ásamt metani eða etani sem streymir framhjá metanskiljunni [ppmC₁]
- $c_{HC(w/NMC)}$ er styrkur vetniskolefnis ásamt metani eða etani sem streymir um metanskiljuna [ppmC₁]
- r_h er vetniskolefnissvörunarstuðullinn eins og hann er ákvarðaður samkvæmt b-lið liðar 4.3.3 í 2. viðbæti
- E_M er metanvirknin eins og hún er ákvörðuð samkvæmt a-lið liðar 4.3.4 í 2. viðbæti
- E_E er etanvirknin eins og hún er ákvörðuð samkvæmt b-lið liðar 4.3.4 í 2. viðbæti.

Ef metan-logajónunarneminn er kvarðaður gegnum skiljuna (aðferð b) er umbreytítni metansins, ákvörðuð samkvæmt a-lið liðar 4.3.4 í 2. viðbæti, núll. Eðlismassinn sem er notaður við útreikning á massa vetniskolefna, annarra en metans, skal vera sá sami og fyrir heildarvetniskolefnin, við 273,15 K og 101.325 kPa og veltur á því eldsneyti sem er notað.

10. ÁKVÖRÐUN Á ÚTBLÁSTURSMASSASTREYMI

10.1. Inngangur

Útreikningur á augnabliksmassa losunar samkvæmt liðum 11. og 12. krefst þess að útblástursmassastreymið sé ákvarðað. Útblástursmassastreymið skal ákvarðað með einni af þeim beinu mæliaðferðum sem eru tilgreindar í lið 7.2 í 2. viðbæti. Þess í stað er leyfilegt að reikna útblástursmassastreymið eins og er lýst í liðum 10.2 til 10.4.

10.2. Aðferð við útreikning með loftmassastreymi og eldsneytismassastreymi

Reikna má augnabliksmassastreymi útblásturs út frá loftmassastreymi og eldsneytismassastreymi sem hér segir:

$$q_{mew,i} = q_{maw,i} + q_{mf,i}$$

Þar sem:

$q_{mew,i}$ er augnabliksmassastreymi útblásturs [kg/s]

$q_{maw,i}$ er augnabliksmassastreymi inntakslofts [kg/s]

$q_{mf,i}$ er augnabliksmassastreymi eldsneytis [kg/s].

Ef loftmassastreymi og eldsneytismassastreymi eða útblástursmassastreymi eru ákvörðuð út frá upplýsingum sem stýrieining hreyfilsins skráði skal reiknað augnabliksmassastreymi útblásturs uppfylla kröfurnar um línuleika sem eru tilgreindar fyrir útblástursmassastreymi í 3. lið 2. viðbætis og fullgildingarkröfurnar sem eru tilgreindar í lið 4.3 í 3. viðbæti.

10.3. Reikniaðferð með loftmassastreymi og hlutfalli lofts og eldsneytis

Reikna má augnabliksmassastreymi útblásturs út frá loftmassastreymi og hlutfalli lofts og eldsneytis sem hér segir:

$$q_{mew,i} = q_{maw,i} \times \left(1 + \frac{1}{A/F_{st}} \times \lambda_i \right)$$

Þar sem:

$$A/F_{st} = \frac{138,0 \times \left(1 + \frac{\alpha}{4} - \frac{\varepsilon}{2} + \gamma \right)}{12,011 + 1,008 \times \alpha + 15,9994 \times \varepsilon + 14,0067 \times \delta + 32,0675 \times \gamma}$$

$$\lambda_i = \frac{\left(100 - \frac{c_{CO} \times 10^{-4}}{2} - c_{HCW} \times 10^{-4} \right) + \left(\frac{\alpha}{4} \times \frac{1 - \frac{2 \times c_{CO} \times 10^{-4}}{3,5 \times c_{CO}}}{1 + \frac{c_{CO} \times 10^{-4}}{3,5 \times c_{CO_2}}} - \frac{\varepsilon}{2} - \frac{\delta}{2} \right) \times (c_{CO_2} + c_{CO} \times 10^{-4})}{4,764 \times \left(1 + \frac{\alpha}{4} - \frac{\varepsilon}{2} + \gamma \right) \times (c_{CO_2} + c_{CO} \times 10^{-4} + c_{HCW} \times 10^{-4})}$$

Þar sem:

$q_{maw,i}$ er augnabliksmassastreymi inntakslofts [kg/s]

A/F_{st} er hvarfhlutfall lofts og eldsneytis [kg/kg]

l_i er augnablikshlutfall umframlofts

c_{CO_2} er styrkur koltvísýrings í þurru formi [%]

c_{CO} er styrkur kolsýrings í þurru formi [ppm]

c_{HCW} er styrkur vetniskolefna í röku formi [ppm]

- α er móhlutfall vetnis (H/C)
- β er móhlutfall kolefnis (C/C)
- γ er móhlutfall brennisteins (S/C)
- δ er móhlutfall köfnunarefnis (N/C)
- ϵ er móhlutfall súrefnis (O/C).

Reiknistuðlar vísa til C_β H_α O_ϵ N_δ S_γ með $\beta = 1$ fyrir eldsneyti sem er að stofni til úr kolefni. Dæmigert er að styrkur losunar vetniskolefna sé lítill og má sleppa honum þegar l_i er reiknað.

Ef loftmassastreymi og hlutfall lofts og eldsneytis eru ákvörðuð út frá upplýsingum sem stýrieining hreyfilsins skráði skal reiknað augnabliksmassastreymi útblásturs uppfylla kröfurnar um línuleika sem eru tilgreindar fyrir útblástursmassastreymi í 3. lið 2. viðbætis og fullgildingarkröfurnar sem eru tilgreindar í lið 4.3 í 3. viðbæti.

10.4. Reikniaðferð með eldsneytismassastreymi og hlutfalli lofts og eldsneytis

Reikna má augnabliksmassastreymi útblásturs út frá eldsneytisstreyminu og hlutfalli lofts og eldsneytis (reiknað með A/F_{st} og l_i samkvæmt lið 10.3) sem hér segir:

$$q_{mew,i} = q_{mf,i} \times (1 + A/F_{st} \times \lambda_i)$$

Reiknað augnabliksmassastreymi útblásturs skal uppfylla kröfurnar um línuleika sem eru tilgreindar fyrir massastreymi útblásturslofts í 3. lið 2. viðbætis og fullgildingarkröfurnar sem eru tilgreindar í lið 4.3 í 3. viðbæti.

11. ÚTREIKNINGUR Á AUGNABLIKSMASSA LOSUNAR

Ákvarða skal augnabliksmassa losunar [g/s] með því að margfalda augnabliksstyrk þess mengunarefnis sem verið er að skoða [í ppm] með augnabliksmassastreymi útblásturs [í kg/s], sem eru bæði leiðrétt og jöfnuð fyrir umbreytingartíma, og viðkomandi u -gildi í töflu 1. Ef mælt er miðað við þurrt ástand skal leiðrétt augnabliksstyrkgildi efnisþáttanna fyrir þurrar/rakar lofttegundir samkvæmt lið 8.1 áður en frekari útreikningar eru gerðir. Ef við á skal taka neikvæð augnabliklosunargildi inn í allt mat á gögnum sem á eftir kemur. Taka skal alla marktæka aukastafi í niðurstöðum á millistigi inn í útreikninginn á augnabliklosun. Nota skal eftirfarandi jöfnu:

$$m_{gas,i} = u_{gas} \cdot c_{gas,i} \cdot q_{mew,i}$$

Þar sem:

- $m_{gas,i}$ er massi útblástursloftsþáttarins „gas“ [g/s]
- u_{gas} er hlutfall eðlismassa útblástursþáttarins „gas“ og heildareðlismassa útblástursins eins og er skráð í töflu 1
- $c_{gas,i}$ er mældur styrkur útblástursþáttarins „gas“ í útblæstrinum [ppm]
- $q_{mew,i}$ er mælt útblástursmassastreymi [kg/s]
- gas er viðkomandi efnisþáttur
- i númer mælingarinnar.

Tafla 1

Gildi óþynnts útblásturslofts, u, sem sýna hlutfallið milli eðlismassa útblástursþáttarins eða mengunarefnisins [kg/m³] og eðlismassa útblástursloftsins [kg/m³] ⁽⁶⁾

Eldsneyti	ρ_e [kg/m ³]	Efnisþáttur eða mengunarefni i					
		NO _x	Kolsýringur	HC	Koltvísýringur	O ₂	Metan
		ρ_{gas} [kg/m ³]					
		2,053	1,250	(¹)	1,9636	1,4277	0,716
		u_{gas} (²)(⁶)					
Dísilolía (B7)	1,2943	0,001586	0,000966	0,000482	0,001517	0,001103	0,000553
Etanól (ED95)	1,2768	0,001609	0,000980	0,000780	0,001539	0,001119	0,000561
Þjappað jarðgas (³)	1,2661	0,001621	0,000987	0,000528 (⁴)	0,001551	0,001128	0,000565
Própan	1,2805	0,001603	0,000976	0,000512	0,001533	0,001115	0,000559
Bútan	1,2832	0,001600	0,000974	0,000505	0,001530	0,001113	0,000558
Fljótandi jarðólúgas (⁵)	1,2811	0,001602	0,000976	0,000510	0,001533	0,001115	0,000559
Bensín (E10)	1,2931	0,001587	0,000966	0,000499	0,001518	0,001104	0,000553
Etanól (E85)	1,2797	0,001604	0,000977	0,000730	0,001534	0,001116	0,000559

(¹) Veltur á eldsneyti.

(²) Þar sem $l = 2$, þurr loft, 273 K, 101,3 kPa.

(³) u gildi með 0,2% nákvæmni fyrir massasamsetningu: C = 66 – 76%; H = 22 – 25%; N = 0 – 12%.

(⁴) Vetniskolefni, önnur en metan, á grunn CH₂,93 (fyrir heildarvetniskolefni skal nota ugas reiknistuðulinn fyrir CH₄).

(⁵) u gildi með 0,2% nákvæmni fyrir massasamsetninguna: C₃ = 70 – 90%; C₄ = 10 – 30%.

(⁶) ugas er mæliþáttur án mælieiningar; ugas gildin innihalda einingumbreytur til að tryggja að augnablikslosunin sé fengin í tilgreindri efnislegri einingu, t.d. g/s.

12. ÚTREIKNINGUR Á AUGNABLIKSFIÖLDA LOSAÐRA AGNA

Í þessum lið verða í framtíðinni skilgreindar kröfur um útreikning á augnabliksfjölda losaðra agna þegar mæling á þeim verður lögboðin.

13. SKÝRSLUGJÖF OG GAGNAMIDLUN

Gögnunum skal miðlað milli mælikerfanna og gagnamatshugbúnaðarins með staðlaðri skýrslugjafarskrá eins og er tilgreint í 2. lið 8. viðbætis. Öll forvinnsla gagna (t.d. tímaleiðrétting skv. 3. lið eða leiðrétting á GPS-hraðamælimerkinu fyrir ökutækið skv. 7. lið) skal gerð með stýrihugbúnaði mælikerfisins og skal lokið áður en skýrslugjafarskráin með gögnunum er mynduð. Ef gögn eru leiðrétt eða unnin áður en þau fara í skýrslugjafarskrána með gögnunum skal halda til haga upprunalegu óunnu gögnunum vegna gæðatryggingar og til samanburðar. Ekki er heimilt að námunda milligildi. Þess í stað skal taka milligildi inn í útreikninginn á augnablikslosun [g/s; #/s] eins og þau koma frá greiningartækinu, flæðimælitækinu, nemanum eða stýrieiningu hreyfilsins.

5. viðbætur

Sannprófun á hreyfifræðilegum skilyrðum ferðar með aðferð 1 (hlaupandi meðaltalsgluggi)

1. INNGANGUR

Aðferðin með hlaupandi meðaltalsglugga gefur innsýn í losun í raunverulegum akstri í prófuninni, á tilteknum kvarða. Prófunin skiptist í undirþætti (glugga) og tölfræðileg úrvinnsla sem á eftir kemur hefur þann tilgang að finna út hvaða gluggar henti til að meta afköst ökutækisins í raunverulegum akstri.

„Eðlileiki“ glugganna er ákvarðaður með því að bera saman sértæka koltvísýringslosun þeirra miðað við vegalengd ⁽¹⁾ og viðmiðunarferil. Prófunin er heil þegar í henni eru nægjanlega margir eðlilegir gluggar sem ná yfir mismunandi hraðasvæði (þéttbýli, dreifbýli og hraðbraut).

1. þrep Búttun gagna og útilokun losunar við kaldræsingu,
2. þrep Útreikningur á losun með undirþáttum eða „gluggum“ (liður 3.1),
3. þrep Kennsl borin á eðlilega glugga, (4. liður)
4. þrep Sannprófun á heilleika og eðlileika prófunarinnar (5. liður),
5. þrep Útreikningur á losun út frá eðlilegu gluggunum (6. liður).

2. TÁKN, MÆLIÞÆTTIR OG EININGAR

Stuðull (i) vísar til tímaþrepsins

Stuðull (j) vísar til gluggans

Stuðull (k) vísar til flokksins (t=heildin, u=þéttbýli, r=dreifbýli, m=hraðbraut) eða til einkennandi koltvísýringsferils (cc)

Stuðullinn „gas“ vísar til efnisþátta útblásturslofts sem reglur gilda um (t.d. köfnunarefnisoxíða, kolsýrings, fjölda agna)

Δ	— mismunur
\geq	— stærrri eða jafn og
#	— fjöldi eða tala
%	— hundraðshlutfall
\leq	— minni en eða jafn og
a_1, b_1	— reiknistuðlar einkennandi koltvísýringsferilsins
a_2, b_2	— reiknistuðlar einkennandi koltvísýringsferilsins
d_i	— vegalengd sem gluggi j nær til (km)
f_k	— vigtarstuðlar fyrir hlutdeild þéttbýlis, dreifbýlis og hraðbrautar
h	— fjarlægð glugganna frá einkennandi koltvísýringsferlinum [%]
h_i	— fjarlægð glugga j frá einkennandi koltvísýringsferlinum [%]
\bar{h}_k	— alvarleikastuðull fyrir hlutdeild þéttbýlis, dreifbýlis og hraðbrautar og fyrir ferðina í heild
k_{11}, k_{12}	— reiknistuðlar vægisfallsins
k_{21}, k_{21}	— reiknistuðlar vægisfallsins

⁽¹⁾ Fyrir tvinnökutæki skal umbreyta heildarorkunotkuninni í koltvísýringsgildi. Reglurnar um þessa umbreytingu verða kynntar til sögunnar öðru þrepi.

$M_{CO_2,ref}$	— viðmiðunarmassi koltvísýrings [g]
M_{gas}	— massatala eða agnafjöldi útblástursþáttarins „gas“ [g] eða [#]
$M_{gas,j}$	— massatala eða agnafjöldi útblástursþáttarins „gas“ í glugga j [g] eða [#]
$M_{gas,d}$	— sértæk losun miðað við vegalengd fyrir útblástursþáttinn „gas“ [g/km] eða [#km]
$M_{gas,d,j}$	— sértæk losun miðað við vegalengd fyrir útblástursþáttinn „gas“ í glugga j [g/km] eða [#km]
N_k	— fjöldi glugga fyrir hlutdeild þéttbýlis, dreifbýlis og hraðbrautar
P_1, P_2, P_3	— viðmiðunarpunktur
t	— tími [s]
$t_{1,i}$	— fyrsta sekúnda j^{unda} meðaltalsgluggans [s]
$t_{2,i}$	— síðasta sekúnda j^{unda} meðaltalsgluggans [s]
t_i	— heildartími í þrepi i [s]
$t_{i,j}$	— heildartími í þrepi i með tilliti til glugga j [s]
tol_1	— frumvikmörk fyrir einkennandi koltvísýringsferil ökutækisins [%]
tol_2	— aukavikmörk fyrir einkennandi koltvísýringsferil ökutækisins [%]
t_f	— tímalengd prófunar [s]
v	— hraði ökutækis [km/klst.]
\bar{v}	— meðalhraði fyrir glugga [km/klst.]
v_i	— raunhraði ökutækis í tímaþrepi i [km/klst.]
\bar{v}_j	— meðalhraði ökutækis í glugga j [km/klst.]
\bar{v}_{P1}	— meðalhraði á lághraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu
\bar{v}_{P2}	— meðalhraði á háhraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu
\bar{v}_{P3}	— meðalhraði á hæsta háhraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu
w	— vigtarstuðull fyrir glugga
w_j	— vigtarstuðull fyrir glugga j .

3. HLAUPANDI MEÐALTALSGLUGGAR

3.1. Skilgreining á meðaltalsgluggum

Augnablikslosunin sem er reiknuð skv. 4. viðbæti skal samþætt með aðferð sem þar sem notaður er hlaupandi meðaltalsgluggi, á grunni viðmiðunarmassa koltvísýringsins. Meginregla útreikningsins er sem hér segir: ekki er reiknaður massi losunar fyrir all gagnasafnið, heldur fyrir undirsöfn alls gagnasafnsins og er lengd þessara undirsafna ákvörðuð þannig að hún falli að massa þess koltvísýrings sem ökutækið gefur frá sér í viðmiðunarlotunni á rannsóknarstofunni. Útreikningur á hlaupandi meðaltali er gerður með millibili sem samsvarar gagnasöfnunartíðninni. Talað er um þessi undirsöfn sem eru notuð til að reikna meðaltal fyrir losunargögnin sem „meðaltalsglugga“. Keyra má útreikninginn, sem er lýst í þessum lið, frá síðasta punkti (aftur á bak) eða fyrsta punkti (áfram).


Eftirfarandi gögn skulu ekki tekin með í útreikninginn á massa koltvísýrings, losuninni og fjarlægð meðaltalsglugganna:

- regluleg sannprófun á mælitækjunum og/eða eftir sannprófun á núllpunktsreki,
- losun við kaldræsingu, skilgreind samkvæmt lið 4.4 í 4. viðbæti,
- aksturshraða ökutækis sem er < 1 km/klst.,
- öllum hlutum prófunarinnar þar sem slökkt er á brunahreyflinum.

Massi (eða fjöldi agna) losunar $M_{gas,j}$ skal ákvarðaður með því að samþætta augnablikslosunina í g/s (eða #/s fyrir fjölda agna) sem er reiknuð skv. 4. viðbæti.


Mynd 1

Hraði ökutækis á móti tíma — Meðaltalslosun ökutækis á móti tíma, frá fyrsta meðaltalsglugga



Mynd 2

Skilgreining á massa koltvísýrings á grunni meðaltalsglugga



Tímalengd $(t_{2,j} - t_{1,j})$ ^{unda} meðaltalsgluggans er ákvörðuð með:

$$M_{CO_2}(t_{2,j}) - M_{CO_2}(t_{1,j}) \geq M_{CO_2,ref}$$

Þar sem:

$(M_{CO_2}(t_{i,j}))$ er massi koltvísýrings, mældur frá byrjunartíma prófunar fram að tíma $(t_{i,j})$, [g],

$(M_{CO_2,ref})$ er sá helmingur koltvísýringssmassans [g] sem ökutækið losar í prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu (Prófun I, að meðtalinni kaldræsingunni),

$t_{2,j}$ skal valið sem hér segir:

$$M_{CO_2}(t_{2,j} - \Delta t) - M_{CO_2}(t_{1,j}) < M_{CO_2,ref} \leq M_{CO_2}(t_{2,j}) - M_{CO_2}(t_{1,j})$$

Þar sem Δt er gagnasöfnunartíminn.

Koltvísýringssmassarnir eru reiknaðir í gluggunum með því að samþætta augnablikslosunina sem er reiknuð eins og er tilgreint í 4. viðbæti þessa viðauka.

3.2. Útreikningur á losun og meðaltali fyrir glugga

Reikna skal eftirfarandi atriði fyrir hvern glugga sem er ákvarðaður í samræmi við lið 3.1:

- sértæka losun miðað við vegalengd, $M_{gas,d,j}$ fyrir öll mengunarefni sem eru tilgreind í þessum viðauka,
- sértæka losun koltvísýrings miðað við vegalengd $M_{CO_2,d,j}$,
- meðalhraða ökutækisins \bar{V}_j

4. MAT Á GLUGGUM

4.1. Inngangur

Hreyfifræðileg viðmiðunarskilyrði prófunarökutækisins eru sett fram með tilliti til koltvísýringslosunar þess á móti meðalhraða sem er mældur við gerðarviðurkenningu og er getið sem „einkennandi koltvísýringsferils ökutækisins“.

Til að fá fram sértæka losun koltvísýrings miðað við vegalengd skal prófa ökutækið með því viðnámi á akbraut sem mælt er fyrir um í heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 15 — prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmt er á heimsvísu (ECE/TRANS/180/Add.15).

4.2. Viðmiðunarpunktur einkennandi koltvísýringsferils

Viðmiðunarpunktarnir P_1 , P_2 og P_3 sem þarf til að skilgreina ferilinn skulu fundnir sem hér segir:

4.2.1. Punktur P_1

$\bar{V}_{P_1} = 19 \text{ km/klst.}$ (meðalhraðinn á lághraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu)

M_{CO_2,d,P_1} = Losun ökutækisins á koltvísýringi á lághraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu $\times 1,2$ [g/km].

4.2.2. Punktur P_2

4.2.3. $\bar{V}_{P_2} = 56,6 \text{ km/klst.}$ (meðalhraðinn á háhraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu)

M_{CO_2,d,P_2} = Losun ökutækisins á koltvísýringi á háhraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu $\times 1,1$ [g/km].

4.2.4. *Punktur P_3*

4.2.5. $\overline{V}_{P_3} = 92,3 \text{ km/klst.}$ (meðalhraðinn á hæsta háhraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu)

M_{CO_2,d,P_3} = Losun ökutækisins á koltvísýringi á hæsta háhraðastigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu $\times 1,05 \text{ [g/km]}$.

4.3. **Skilgreiningar á einkennandi koltvísýringsferli**

Losun í einkennandi koltvísýringsferli er reiknuð út frá viðmiðunarpunktunum sem eru skilgreindir í lið 4.2, sem fall af meðalhraða með tveimur línulegum þáttum (P_1, P_2) og (P_2, P_3). Þátturinn (P_2, P_3) takmarkast við 145 km/klst. á hraðaás ökutækisins. Einkennandi koltvísýringsferillinn er skilgreindur með jöfnum sem hér segir:

Fyrir þáttinn (P_1, P_2):

$$M_{CO_2,d,CC}(\overline{v}) = a_1 \overline{v} + b_1$$

$$\text{með: } a_1 = (M_{CO_2,d,P_2} - M_{CO_2,d,P_1}) / (\overline{v}_{P_2} - \overline{v}_{P_1})$$

$$\text{og: } b_1 = M_{CO_2,d,P_1} - a_1 \overline{v}_{P_1}$$

Fyrir þáttinn (P_2, P_3):


$$M_{CO_2,d,CC}(\overline{v}) = a_2 \overline{v} + b_2$$

$$\text{með: } a_2 = (M_{CO_2,d,P_3} - M_{CO_2,d,P_2}) / (\overline{v}_{P_3} - \overline{v}_{P_2})$$

$$\text{og: } b_2 = M_{CO_2,d,P_2} - a_2 \overline{v}_{P_2}$$

Mynd 3

Einkennandi koltvísýringsferill ökutækis



4.4. Þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautargluggar


4.4.1. Þéttbýlisgluggar einkennast af meðalaksturshraða (v_j) undir 45 km/klst.,

4.4.2. Dreifbýlisgluggar einkennast af meðalaksturshraða (v_j) frá og með 45 km/klst. og upp að 80 km/klst.,

4.4.3. Hraðbrautargluggar einkennast af meðalaksturshraða (v_j) frá og með 80 km/klst. og upp að 145 km/klst.

Mynd 4

Einkennandi koltvísýringsferill ökutækis: skilgreiningar á akstri í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbraut



5. SANNPRÓFUN Á HEILLEIKA OG EDLILEIKA FERÐAR

5.1. Vikmörk umhverfis einkennandi koltvísýringsferil ökutækisins

Frumvikmörk og aukavikmörk fyrir einkennandi koltvísýringsferil ökutækisins eru annars vegar $tol_1 = 25\%$ og hins vegar $tol_2 = 50\%$.

5.2. Sannprófun á heilleika prófunarinnar

Prófunin skal teljast heil þegar minnst 15% af heildarfjölda glugganna eru fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis og hraðbrautarakstur.

5.3. Sannprófun á eðlileika prófunarinnar

Prófunin skal teljast eðlileg þegar minnst 15% af þéttbýlis-, dreifbýlis og hraðbrautargluggunum eru innan frumvikmarkanna sem eru skilgreind fyrir einkennandi ferilinn.

Ef tilgreindri lágmarkskröfu um 50% er ekki náð má auka efri jákvæðu vikmörkin tol_1 í 1% þrepum þar til 50% af eðlilegu markmiði um glugga er náð. Þegar þessi tilhögun er notuð skal tol_1 aldrei vera hærra en 30%.

6. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN

6.1. Útreikningur á veginni sértækri losun miðað við vegalengd

Reikna skal losunina sem veginni meðaltal af gluggum fyrir sértæka losun miðað við vegalengd, aðskilið fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarflokkana og ferðina í heild.

$$M_{gas,d,k} = \frac{\sum (w_j M_{gas,d,j})}{\sum w_j} \quad k = u,r,m$$

Vigtarstuðullinn w_j fyrir hvern glugga skal ákvarðaður sem hér segir:

Ef

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 - tol_1/100) \leq M_{CO_2,d,j} \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 + tol_1/100)$$

Þá er $w_j = 1$

Ef

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot \left(1 + \frac{tol_1}{100}\right) \leq M_{CO_2,d,j} \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot \left(1 + \frac{tol_2}{100}\right)$$

Þá er $w_j = k_{11}h_j + k_{12}$

með $k_{11} = 1/(tol_1 - tol_2)$

og $k_{12} = tol_2/(tol_2 - tol_1)$

Ef

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 - tol_2/100) \leq M_{CO_2,d,j} \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 - tol_1/100)$$

Þá er $w_j = k_{21}h_j + k_{22}$

með $k_{21} = 1/(tol_2 - tol_1)$

og $k_{22} = k_{21} = tol_2/(tol_2 - tol_1)$

Ef

$$M_{CO_2,d,j}(\bar{v}_j) \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 - tol_2/100)$$

eða


$$M_{CO_2,d,j}(\bar{v}_j) \geq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 + tol_2/100)$$

Þar sem:

$$h_j = 100 \cdot \frac{M_{CO_2,d,j} - M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j)}{M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j)}$$

Mynd 5

Vægisfall meðaltalsgluggans



6.2. Útreikningur á alvarleikastuðlum

Reikna skal aðskilda alvarleikastuðla fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarflokkana:

$$\bar{h}_k = \frac{1}{N_k} \sum h_j \quad k = u, r, m$$

og fyrir ferðina alla:

$$\bar{h}_t = \frac{f_u \bar{h}_u + f_r \bar{h}_r + f_m \bar{h}_m}{f_u + f_r + f_m}$$

Þar sem f_u , f_r , f_m samsvara 0,34, 0,33 og 0,33, í þeirri röð.

6.3. Útreikningur á losun yfir alla ferðina

Reikna skal sértæka losun allra mengandi lofttegunda miðað við vegalengd fyrir alla ferðina [í mg/km] með því að nota vegna sértæka losun miðað við vegalengd sem er reiknuð samkvæmt lið 6.1, sem hér segir:

$$M_{\text{gas},d,t} = 1000 \cdot \frac{f_u \cdot M_{\text{gas},d,u} + f_r \cdot M_{\text{gas},d,r} + f_m \cdot M_{\text{gas},d,m}}{(f_u + f_r + f_m)}$$

Og fyrir agnafjölda:

$$M_{\text{PN},d,t} = \frac{f_u \cdot M_{\text{PN},d,u} + f_r \cdot M_{\text{PN},d,r} + f_m \cdot M_{\text{PN},d,m}}{(f_u + f_r + f_m)}$$

Þar sem f_u , f_r , f_m samsvara 0,34, 0,33 og 0,33, í þeirri röð.

7. DÆMI MEÐ TÖLUM

7.1. Útreikningur á meðaltalsgluggum

Tafla 1

Helstu stillingar fyrir útreikning

M_{CO_2ref} [g]	610
Stefna fyrir útreikning á meðaltalsglugga	Fram á við
Öflunartíðni [Hz]	1

Á mynd 6 sést hvernig meðaltalsgluggar eru skilgreindir á grunni gagna sem voru skráð með færanlegu mælikerfi fyrir losun á meðan á prófun í vegaakstri stóð. Fyrir gagnsæis sakir eru hér á eftir einungis sýndar fyrstu 1200 sekúndur ferðarinnar.

Sekúndurnar frá og með 0 og upp að 43 og frá og með 81 til 86 eru útilokaðar af því að ökutækið var þá kyrrstætt.

Fyrsti meðaltalsglugginn hefst við $t_{1,1} = 0$ s og lýkur við sekúndu $t_{2,1} = 524$ s (tafla 3). Glugginn fyrir meðalhraða ökutækisins, samþættir massar kolsýrings og köfnunarefnisoxíða [g] sem eru losuð og samsvara marktækum gögnum fyrir fyrsta meðaltalsgluggann, eru skráð í töflu 4.


$$M_{CO_2,d,1} = \frac{M_{CO_2,1}}{d_1} = \frac{610,217}{4,977} = 122,61 \text{ g/km}$$

$$M_{CO_2,d,1} = \frac{M_{CO,1}}{d_1} = \frac{2,25}{4,98} = 0,45 \text{ g/km}$$

$$M_{NO_x,d,1} = \frac{M_{NO_x,1}}{d_1} = \frac{3,51}{4,98} = 0,71 \text{ g/km}$$

Mynd 6

Augnablikslosun koltvísýrings sem er skráð í prófun í vegaakstri með færanlegu mælikerfi fyrir losun, sem fall af tíma. Réttthyrndir rammar gefa til kynna tímalengd j^{unda} gluggans. Gagnarunan sem nefnist „Gild=100/Ógild=0“ sýnir gögn fyrir hverja sekúndu sem skal útiloka frá greiningunni



7.2. Mat á gluggum

Tafla 2

Stillingar fyrir útreikning á einkennandi koltvísýringsferli

Koltvísýringur við lágan hraða í prófunarlotu fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu (P_1) [g/km]	154
Koltvísýringur við háan hraða í prófunarlotu fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu (P_2) [g/km]	96
Koltvísýringur við hæsta háa hraða í prófunarlotu fyrir létt ökutæki sem er samræmt á heimsvísu (P_3) [g/km]	120

Viðmiðunarpunktur		
P_1	$\bar{v}_{P1} = 19,0 \text{ km/klst.}$	$M_{CO_2,d,P1} = 154 \text{ g/km}$
P_2	$\bar{v}_{P2} = 56,6 \text{ km/klst.}$	$M_{CO_2,d,P2} = 96 \text{ g/km}$
P_3	$\bar{v}_{P3} = 92,3 \text{ km/klst.}$	$M_{CO_2,d,P3} = 120 \text{ g/km}$

Skilgreining á einkennandi koltvísýringsferlinum er sem hér segir:

Fyrir þáttinn (P_1, P_2):

$$M_{CO_2,d}(\bar{v}) = a_1 \bar{v} + b_1$$

með

$$a_1 = (96 - 154)/(56,6 - 19,0) = -\frac{58}{37,6} = 1,543$$

og: $b_1 = 154 - (-1,543) \times 19,0 = 154 + 29,317 = 183,317$

Fyrir þáttinn (P_2, P_3):

$$M_{CO_2,d}(\bar{v}) = a_2 \bar{v} + b_2$$

með

$$a_2 = (120 - 96)/(92,3 - 56,6) = \frac{24}{35,7} = 0,672$$

og: $b_2 = 96 - 0,672 \times 56,6 = 96 - 38,035 = 57,965$

Dæmi um útreikning fyrir vigtarstuðlana og flokkun glugganna í þéttbýli, dreifbýli og hraðbraut:

Fyrir glugga #45:

$$M_{CO_2,d,45} = 122,62 \text{ g/km}$$

$$\bar{v}_{45} = 38,12 \text{ km/h}$$

Fyrir dæmigerða ferilinn:

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{45}) = a_1 \bar{v}_{45} + b_1 = 1,543 \times 38,12 + 183,317 = 124,498 \text{ g/km}$$

Sannprófun á:

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 - tol_1/100) \leq M_{CO_2,d,j} \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 + tol_1/100)$$

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{45}) \cdot (1 - tol_1/100) \leq M_{CO_2,d,45} \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{45}) \cdot (1 + tol_1/100)$$

$$124,498 \times (1 - 25/100) \leq 122,62 \leq 124,498 \times (1 + 25/100)$$

$$93,373 \leq 122,62 \leq 155,622$$

Leiðir til: $w_{45} = 1$

Fyrir glugga #556:

$$M_{CO_2,d,556} = 72,15g/km$$

$$\bar{v}_{556} = 50,12km/h$$

Fyrir dæmigerða ferilinn:

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{556}) = a_1 \bar{v}_{556} + b_1 = -1,543 \times 50,12 + 183,317 = 105,982g/km$$

Sannprófun á:

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 - tol_2/100) \leq M_{CO_2,d,j} \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_j) \cdot (1 + tol_1/100)$$

$$M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{556}) \cdot (1 - tol_2/100) \leq M_{CO_2,d,556} \leq M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{556}) \cdot (1 + tol_1/100)$$

$$105,982 \times (1 - 50/100) \leq 72,15 \leq 105,982 \times (1 + 25/100)$$

$$52,991 \leq 72,15 \leq 79,487$$

Leiðir til:

$$h_{556} = 100 \cdot \frac{M_{CO_2,d,556} - M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{556})}{M_{CO_2,d,CC}(\bar{v}_{556})} = 100 \cdot \frac{72,15 - 105,982}{105,982} = -31,922$$

$$w_{556} = k_{21} h_{556} + k_{22} = 0,04 \cdot (-31,922) + 2 = 0,723$$

$$\text{with } k_{21} = 1/(tol_2 - tol_1) = 1/(50 - 25) = 0,04$$

$$\text{and } k_{22} = k_{21} \cdot tol_2/(tol_2 - tol_1) = 50/(50 - 25) = 2$$

Tafla 3

Töluleg gögn um losun

Gluggi [#]	$t_{1,j}$ [s]	$t_{2,j} - \Delta t$ [s]	$t_{2,j}$ [s]	$M_{CO_2}(t_{2,j} - \Delta t) - M_{CO_2}(t_{1,j}) < M_{CO_2,ref}$ [g]	$M_{CO_2}(t_{2,j}) - M_{CO_2}(t_{1,j}) \geq M_{CO_2,ref}$ [g]
1	0	523	524	609,06	610,22
2	1	523	524	609,06	610,22
...

Gluggi [#]	$t_{1,j}$ [s]	$t_{2,j} - \Delta t$ [s]	$t_{2,j}$ [s]	$M_{CO_2}(t_{2,j} - \Delta t) - M_{CO_2}(t_{1,j}) < M_{CO_2,ref}$ [g]	$M_{CO_2}(t_{2,j}) - M_{CO_2}(t_{1,j}) \geq M_{CO_2,ref}$ [g]
43	42	523	524	609,06	610,22
44	43	523	524	609,06	610,22
45	44	523	524	609,06	610,22
46	45	524	525	609,68	610,86
47	46	524	525	609,17	610,34
...
100	99	563	564	609,69	612,74
...
200	199	686	687	608,44	610,01
...
474	473	1024	1025	609,84	610,60
475	474	1029	1030	609,80	610,49

556	555	1173	1174	609,96	610,59
557	556	1174	1175	609,09	610,08
558	557	1176	1177	609,09	610,59
559	558	1180	1181	609,79	611,23

Tafla 4

Töluleg gögn um glugga

Gluggi [#]	t_{1j} [s]	t_{2j} [s]	d_j [km]	\bar{v}_j [km/klst.]	M_{CO_2j} [g]	M_{CO_j} [g]	MNO_{xj} [g]	$M_{CO_2,dj}$ [g/km]	$M_{CO,dj}$ [g/km]	$MNO_{x,dj}$ [g/km]	$M_{CO_2,d,cc}$ (\bar{v}_j) [g/km]	Gluggi (B/D/H)	h_j [%]	w_j [%]
1	0	524	4,98	38,12	610,22	2,25	3,51	122,61	0,45	0,71	124,51	ÞÉTTBÝLI	- 1,53	1,00
2	1	524	4,98	38,12	610,22	2,25	3,51	122,61	0,45	0,71	124,51	ÞÉTTBÝLI	- 1,53	1,00
...
43	42	524	4,98	38,12	610,22	2,25	3,51	122,61	0,45	0,71	124,51	ÞÉTTBÝLI	- 1,53	1,00
44	43	524	4,98	38,12	610,22	2,25	3,51	122,61	0,45	0,71	124,51	ÞÉTTBÝLI	- 1,53	1,00
45	44	524	4,98	38,12	610,22	2,25	3,51	122,62	0,45	0,71	124,51	ÞÉTTBÝLI	- 1,51	1,00
46	45	525	4,99	38,25	610,86	2,25	3,52	122,36	0,45	0,71	124,30	ÞÉTTBÝLI	- 1,57	1,00
...
100	99	564	5,25	41,23	612,74	2,00	3,68	116,77	0,38	0,70	119,70	ÞÉTTBÝLI	- 2,45	1,00
...
200	199	687	6,17	46,32	610,01	2,07	4,32	98,93	0,34	0,70	111,85	DREIFBÝLI	- 11,55	1,00
...
474	473	1025	7,82	52,00	610,60	2,05	4,82	78,11	0,26	0,62	103,10	DREIFBÝLI	- 24,24	1,00
475	474	1030	7,87	51,98	610,49	2,06	4,82	77,57	0,26	0,61	103,13	DREIFBÝLI	- 24,79	1,00
...
556	555	1174	8,46	50,12	610,59	2,23	4,98	72,15	0,26	0,59	105,99	DREIFBÝLI	- 31,93	0,72
557	556	1175	8,46	50,12	610,08	2,23	4,98	72,10	0,26	0,59	106,00	DREIFBÝLI	- 31,98	0,72
558	557	1177	8,46	50,07	610,59	2,23	4,98	72,13	0,26	0,59	106,08	DREIFBÝLI	- 32,00	0,72
559	558	1181	8,48	49,93	611,23	2,23	5,00	72,06	0,26	0,59	106,28	DREIFBÝLI	- 32,20	0,71

7.3. Gluggar fyrir þéttbýli, dreifbýli og hraðbraut — heilleiki ferðar

Í þessu talnadæmi samanstendur ferðin af 7036 meðaltalsgluggum. Í töflu 5 er skrá yfir þann fjölda glugga sem flokkast til þéttbýlis, dreifbýlis og hraðbrautar út frá meðalhraða ökutækisins í þeim og sem er skipt í svæði með tilliti til fjarlægðar þeirra frá einkennandi koltvísýringsferlinum. Ferðin er heil, þar eð hún inniheldur minnst 15% glugga fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis og hraðbrautarakstur, miðað við heildarfjölda glugga. Að auki telst ferðin eðlileg þar eð minnst 50% af þéttbýlis-, dreifbýlis og hraðbrautargluggunum eru innan frumvikmarkanna sem eru skilgreind fyrir einkennandi ferilinn.

Tafla 5

Sannprófun á heilleika og eðlileika ferðar

Skilyrði við akstur	Tölur	Hundraðshlutfall glugga
Allir gluggar		
Þéttbýli	1909	$1909/7036 \times 100 = 27,1 > 15$
Dreifbýli	2011	$2011/7036 \times 100 = 28,6 > 15$
Hraðbraut	3116	$3116/7036 \times 100 = 44,3 > 15$
Samtals	$1909 + 2011 + 3116 = 7036$	
Eðlilegir gluggar		
Þéttbýli	1514	$1514/1909 \times 100 = 79,3 > 50$
Dreifbýli	1395	$1395/2011 \times 100 = 69,4 > 50$
Hraðbraut	2708	$2708/3116 \times 100 = 86,9 > 50$
Samtals	$1514 + 1395 + 2708 = 5617$	

6. viðbætur

Sannprófun á hreyffræðilegum skilyrðum ferðar með aðferð 2 (aflflokun)

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst gagnamati samkvæmt aflflokunaraðferðinni, sem í þessum viðbæti nefnist „mat með normun að staðlaðri afltíðnidreifingu“.

2. TÁKN, MÆLIÞÆTTIR OG EININGAR

a_i Raunveruleg hröðun í tímaþrepi i , ef hún er ekki skilgreind í jöfnu:

$$a_i = \frac{(v_{i+1} - v_i)}{3,6 \times (t_{i+1} - t_i)}, [\text{m/s}^2]$$

a_{ref} Viðmiðunarhröðun fyrir P_{drive} , [0,45 m/s²]

D_{WLTC} skurðpunktur Veline-línunnar úr prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu

f_0, f_1, f_2 Reiknistuðlar akstursmótstöðu

i Tímaþrep fyrir augnabliksmælingar, lágmarkaupplausn 1 Hz

j Aflflokkur hjóla, $j = 1$ til 9

k_{WLTC} Hallatala Veline-línunnar úr prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu

$m_{\text{gas}, i}$ Augnabliksmassi útblástursþáttarins „gas“ í tímaþrepi i , [g/s]

$m_{\text{gas}, 3s, k}$ 3 sekúndna hlaupandi meðaltal massastreymis útblástursþáttarins „gas“ í tímaþrepi k , gefið upp í 1 Hz upplausn [g/s]

$\bar{m}_{\text{gas}, j}$ Meðallosunargildi útblástursloftsþáttar í j -aflflokki hjóla, g/s

$M_{\text{gas}, d}$ Sértæk losun miðað við vegalengd fyrir útblástursþáttinn „gas“ [g/km]

p hraðastig prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu (lág-, meðal-, há-, hæsta), $p = 1 - 4$

P_{drag} Viðnámsafl hreyfils með Veline-aðferðinni þar sem eldsneytisinnndæling er engin, [kW]

P_{rated} Hæsta málafl hreyfils samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda, [kW]

$P_{\text{required}, i}$ Afl sem þarf til að yfirvinna viðnám á veginum og tregðu ökutækis í tímaþrepi i , [kW]

$P_{r, I}$ Sama og $P_{\text{required}, i}$ sem er skilgreint hér á undan, en notað í lengri jöfnum

$P_{\text{wot}(D_{\text{norm}})}$ Aflferill við fullt álag, [kW]

$P_{c, j}$ Takmarkanir á aflflokki hjóla fyrir flokk j , [kW] ($P_{c, j, \text{lower bound}}$ stendur fyrir neðri mörkin og $P_{c, j, \text{upper bound}}$ fyrir efri mörkin)

$P_{c, \text{norm}, j}$ Takmarkanir á aflflokki hjóla fyrir flokk j , gefnar sem normað aflagildi, [-]

$P_{r, I}$ Aflþörf við hjól ökutækisins til að yfirvinna akstursmótstöðu í tímaþrepi i [kW]

$P_{w, 3s, k}$ 3 sekúndna hlaupandi meðaltal aflþarfar við hjól ökutækisins til að yfirvinna akstursmótstöðu í tímaþrepi k með 1 Hz upplausn [kW]

P_{drive} Aflþörf við hjólnöf ökutækis við viðmiðunarsnúningshraða og -hröðun [kW]

P_{norm} Normuð aflþörf við hjólnöf [-]

t_i Heildartími í þrepi i , [s]

$t_{c, j}$ Tímahlutdeild j -aflflokks hjóla, [%]

ts	Upphafstími stigs p í prófunarlotu fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu, [s]
te	Endatími stigs p í prófunarlotu fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu, [s]
TM	Prófunarmassi ökutækisins, [kg]; skilgreina skal fyrir hvern þátt: raunverulega prófunarþyngd í prófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun, tregðuþyngdarflokk í Nýju Evrópsku aksturslotunni eða massa í prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu (TM_L , TM_H eða TM_{ind})
SPF	Stöðluð afltíðnidreifing
v_i	Raunhraði ökutækis í tímaþrepi i [km/klst.]
\bar{v}_j	Meðalhraði ökutækis í hjólaflsfloknum j, km/klst.
v_{ref}	Viðmiðunarhraði fyrir P_{drive} , [70 km/klst.]
$v_{3s,k}$	3 sekúndna hlaupandi meðaltal hraða ökutækisins í tímaþrepi k, [km/klst.]

3. MAT Á MÆLDRI LOSUN MEÐ STAÐLAÐRI TÍÐNIDREIFINGU HJÓLAFLS

Í aflflokunaraðferðinni er notast við augnablikslosun mengunarefnanna, $m_{gas, i}$ (g/s) sem er reiknuð í samræmi við 4. viðbæti.

Gildin fyrir $m_{gas, i}$ skulu flokkuð í samræmi við samsvarandi afl við hjólin og flokkuð meðallosun á hvern aflflokk skal veingin til að finna losunargildin fyrir prófun með eðlilegri afdreifingu samkvæmt næstu liðum.

3.1. Uppruni gagna um raunverulegt hjólafl

Raunverulegt hjólafl, $P_{r,i}$, skal vera það heildarafl sem þarf til að vinna á loftmótstöðu, snúningsmótstöðu, lengdarhreyfitregðu ökutækisins og hverfitregðu hjólaflanna

Þegar það er mælt og skráð skal hjólaflsmerkið nota snúningsvægismerki sem uppfyllir kröfurnar um línuleika sem mælt er fyrir um í lið 3.2 í 2. viðbæti.

Þess í stað má ákvarða raunverulegt hjólafl út frá augnablikslosun koltvísýrings með aðferðinni sem mælt er fyrir um í 4. lið þessa viðbætis.

3.2. Flokkun hlaupandi meðaltals í þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautaakstur

Staðalafliðirnir eru skilgreindar fyrir þéttbýlisakstur og fyrir ferðina í heild (sjá lið 3.4) og gera skal aðskilið mat á losuninni fyrir ferðina í heild og fyrir þéttbýlisaksturshlutann. Því skal síðar úthluta þriggja sekúndna hlaupandi meðaltölum, sem eru reiknuð samkvæmt lið 3.3, fyrir akstursskilyrði í þéttbýli og utan þéttbýlis samkvæmt hraðamerkinu ($v_{3s,k}$) eins og er sýnt í töflu 1-1.

Tafla 1-1

Hraðasvið vegna dreifingar prófunargagna á þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautaskilyrði með aflflokunar aðferðinni

	Þéttbýli	Dreifbýli ⁽¹⁾	Hraðbraut ⁽¹⁾
$v_{3s,k}$ [km/klst.]	0 til ≤ 60	> 60 til ≤ 90	> 90

⁽¹⁾ Í matinu þarf einungis að flokka þriggja sekúndna hlaupandi meðaltölin í atburði undir hraðaaðstæður í þéttbýli fyrir þéttbýlisaksturshluta ferðarinnar. Nota skal öll þriggja sekúndna hlaupandi meðaltölin aðskilið frá hraðanum í heildarferðinni.

Þar sem

$v_{3s,k}$ 3 sekúndna hlaupandi meðaltal hraða ökutækisins í tímaþrepi k, [km/klst.]

k tímaþrep fyrir hlaupandi meðaltalsgildi.

3.3. Útreikningur á hlaupandi meðaltölum augnabliksprófunargagna

Reikna skal þriggja sekúndna hlaupandi meðaltöl út frá öllum viðeigandi augnabliksprófunargögnum til að draga úr áhrifum frá hugsanlega gallaðri tímajöfnun milli massastreymis losunar og hjólafls. Hlaupandi meðaltalsgildin skulu reiknuð með 1 Hz tíðni:

$$m_{\text{gas},3s,k} = \frac{\sum_{i=k}^{k+3} m_{\text{gas},i}}{3}$$

$$P_{w,3s,k} = \frac{\sum_{i=k}^{k+3} P_{w,i}}{3}$$

$$v_{3s,k} = \frac{\sum_{i=k}^{k+3} v_i}{3}$$

þar sem

k tímaþrep fyrir hlaupandi meðaltalsgildi

I tímaþrep úr augnabliksprófunargögnum.

3.4. Uppstilling hjólaflsflokka vegna flokkunar á losun

3.4.1. Aflflokkarnir og samsvarandi tímahlutdeild aflflokkanna í eðlilegum akstri eru skilgreind fyrir normuð aflgildi þannig að þau séu dæmigerð fyrir öll létt ökutæki (tafla 1-2).

Tafla 1-2

Normaðar staðalflutíðnir fyrir þéttbýlisakstur og fyrir vegið meðaltal fyrir heildarferð sem er þannig samsett að 1/3 af vegalengdinni er í þéttbýli, 1/3 í dreifbýli og 1/3 á hraðbraut

Aflflokkur nr.	$P_{c,norm,j}$ [-]		Þéttbýli	Heildarferð
	Frá >	til ≤		
			Tímahlutdeild, $t_{c,i}$	
1		- 0,1	21,9700%	18,5611%
2	- 0,1	0,1	28,7900%	21,8580%
3	0,1	1	44,0000%	43,45%
4	1	1,9	4,7400%	13,2690%
5	1,9	2,8	0,4500%	2,3767%
6	2,8	3,7	0,0450%	0,4232%
7	3,7	4,6	0,0040%	0,0511%
8	4,6	5,5	0,0004%	0,0024%
9	5,5		0,0003%	0,0003%

$P_{c,norm}$ dálkarnir í töflu 1-2 skulu afnormaðir með margföldun með P_{drive} , þar sem P_{drive} er raunverulegt hjólafl ökutækisins sem var prófað með gerðarviðurkenningarstillingum á aflmælissamstæðu við v_{ref} og a_{ref} .

$$P_{c,j} [\text{kW}] = P_{c,norm,j} \times P_{drive}$$

$$P_{drive} = \frac{v_{ref}}{3,6} \times (f_0 + f_1 \times v_{ref} + f_2 \times v_{ref}^2 + TM_{NEDEC} \times a_{ref}) \times 0,001$$

Þar sem

— j er aflflokksstuðullinn samkvæmt töflu 1-2

— Reikna skal reiknistuðla akstursmótstöðu f_0 , f_1 , f_2 með aðhvarfsgreiningu minnstu fervika út frá eftirfarandi skilgreiningu:

$$P_{Corrected}/v = f_0 + f_1 \times v + f_2 \times v^2$$

þar sem ($P_{Corrected}/v$) er viðnám á akbraut við hraða ökutækis v fyrir nýju Evrópsku aksturslotuna sem er skilgreind í lið 5.1.1.2.8 í 7. viðbæti við 4 viðauka a við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85, röð breytinga nr. 07.

— TM_{NEDC} er tregðuflokkur ökutækisins í gerðarviðurkenningarprófuninni, [kg].


3.4.2. Leiðrétting á hjólaflflokkunum

Hæsti flokkur hjólafls sem skal taka til greina er hæsti flokkurinn í töflu 1-2 sem hefur ($P_{rated} \times 0,9$). Tímahlutdeild allra útilokaðra flokka skal bætt við hæsta flokkinn sem eftir er.

Út frá hverju $P_{c,norm,j}$ skal reikna samsvarandi $P_{c,j}$ til að skilgreina efri og neðri mörkin í kW fyrir hvern hjólaflflok fyrir prófaða ökutækið eins og er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Skýringarmynd sem sýnir hvernig normaðri staðlaðri afltíðni er umbreytt í sértæka afltíðni fyrir ökutæki



Dæmi um þessa afnormun er gefið hér á eftir.

Dæmi um ílagsgögn:

Mælipáttur	Gildi
f_0 [N]	79,19
f_1 [N/(km/klst.)]	0,73
f_2 [N/(km/klst.) ²]	0,03
TM [kg]	1470
P_{rated} [kW]	120 (Dæmi 1)
P_{rated} [kW]	75 (Dæmi 2)

Samsvarandi niðurstöður:

$$P_{\text{drive}} = 70 \text{ [km/klst.]} / 3,6 \times (79,19 + 0,73 \text{ [N/(km/klst.)]} \times 70 \text{ [km/klst.]}) + 0,03 \text{ [N/(km/klst.)}^2] \times (70 \text{ [km/klst.]})^2 + 1470 \text{ [kg]} \times 0,45 \text{ [m/s}^2] \times 0,001$$

$$P_{\text{drive}} = 18.25 \text{ kW}$$

Tafla 2

Afnormuð staðalafliðnegildi úr töflu 1-2 (fyrir Dæmi 1)

Aflflokkur nr.	P _{cj} [kW]		Þéttbýli	Heildarferð
	Frá >	til ≤		
1	Allt < - 1,825	- 1,825	21,97%	18,5611%
2	- 1,825	1,825	28,79 %	21,8580%
3	1,825	18,25	44,00%	43,4583%
4	18,25	34,675	4,74%	13,2690%
5	34,675	51,1	0,45%	2,3767%
6	51,1	67,525	0,045%	0,4232%
7	67,525	83,95	0,004%	0,0511%
8	83,95	100,375	0,0004%	0,0024%
9 ⁽¹⁾	100,375	Allt > 100,375	0,00025%	0,0003%

⁽¹⁾ Hæsti flokkur hjólafls sem skal taka til greina er sá sem inniheldur $0,9 \times \text{Prated}$. Hér $0,9 \times 120 = 108$.

Tafla 3

Afnormuð staðalafliðnegildi úr töflu 1-2 (fyrir dæmi 2)

Aflflokkur nr.	P _{cj} [kW]		Þéttbýli	Heildarferð
	Frá >	til ≤		
1	Allt < - 1,825	- 1,825	21,97%	18,5611%
2	- 1,825	1,825	28,79%	21,8580%
3	1,825	18,25	44,00%	43,4583%
4	18,25	34,675	4,74%	13,2690%
5	34,675	51,1	0,45%	2,3767%
6 ⁽¹⁾	51,1	Allt > 51,1	0,04965%	0,4770%
7	67,525	83,95	—	—
8	83,95	100,375	—	—
9	100,375	Allt > 100,375	—	—

⁽¹⁾ Hæsti flokkur hjólafls sem skal taka til greina er sá sem inniheldur $0,9 \times \text{Prated}$. Hér $0,9 \times 75 = 67,5$.

3.5. Flokkun hlaupandi meðaltalsgildanna

Hvert hlaupandi meðaltalsgildi sem er reiknað samkvæmt lið 3.2 skal flokkað í afnormaða hjólaflsflokkinn sem raunverulegt 3 sekúndna hlaupandi meðaltal hjólafls $P_{w,3s,k}$ passar inn í. Reikna þarf mörk afnormaða hjólaflsflokksins samkvæmt lið 3.3.

Flokkunin skal gerð fyrir öll þriggja sekúndna hlaupandi meðaltöl fyrir öll marktæk gögn úr ferðinni og einnig fyrir alla þéttbýlishluta ferðarinnar. Að auki skal flokka öll hlaupandi meðaltöl í þéttbýlishlutanum sem eru flokkuð út frá hraðatakörkunum sem eru skilgreind í töflu 1-1, í eitt mengi þéttbýlisaflokka óháð þeim tímapunktum þegar hlaupandi meðaltalið mældist í ferðinni.

Síðan skal reikna meðaltal allra þriggja sekúndna hlaupandi meðaltalsgilda innan hjólaflsflokks fyrir hvern hjólaflsflokk fyrir hvern mælipátt. Jöfnunum er lýst hér á eftir og skal beita þeim einu sinni fyrir þéttbýlisgagnamengið og einu sinni fyrir heildargagnamengið.

Flokkun 3 sekúndna hlaupandi meðaltalsgildanna í afflokk j ($j = 1$ til 9):

$$ef P_{C,j,lower\ bound} < P_{w,3s,k} \leq P_{C,j,upper\ bound}$$

þá er: flokksstuðullinn fyrir losun og hraða = j .

Telja skal 3 sekúndna hlaupandi meðaltalsgildin í hverjum afflokki:

$$ef P_{C,j,lower\ bound} < P_{w,3s,k} \leq P_{C,j,upper\ bound}$$

þá er: $counts_j = n + 1$ ($counts_j$ er talning á fjölda 3 sekúndna hlaupandi meðaltalsgilda í afflokki til að athuga kröfur um lágmarksumfang síðar meir).

3.6. Athugun á umfangi afflokks og eðlileika afdreifingar

Til að prófun sé marktæk skulu tímahlutdeildir einstöku hjólaflflokka vera á þeim sviðum sem eru talin upp í töflu 4.

Tafla 4

Lágmarks- og hámarkshlutdeild í hverjum afflokki til að prófun sé marktæk

Afflokkur nr.	$P_{c,norm,j}$ [-]		Heildarferð		Þéttbýlishlutar ferðar	
	Frá >	til ≤	neðri mörk	efri mörk	neðri mörk	efri mörk
Summa 1 + 2 ⁽¹⁾		0,1	15%	60%	5% ⁽¹⁾	60%
3	0,1	1	35%	50%	28%	50%
4	1	1,9	7%	25%	0,7%	25%
5	1,9	2,8	1,0%	10%	> 5 skipti	5%
6	2,8	3,7	> 5 skipti	2,5%	0%	2%
7	3,7	4,6	0%	1,0%	0%	1%
8	4,6	5,5	0%	0,5%	0%	0,5%
9	5,5		0%	0,25%	0%	0,25%

⁽¹⁾ Stendur fyrir heild aksturs- og lágafllsskilyrða.

Auk krafanna í töflu 4 er krafist minnst 5 skipta í hverjum hjólaflsflokki fyrir heildarferðina, upp að þeim flokki sem inniheldur 90% af nafnaflinu, til að skila nægjanlega stóru sýni.

Krafist er minnst 5 skipta í hverjum hjólaflsflokki fyrir þéttbýlishluta ferðarinnar í hverjum hjólaflsflokki upp að flokki nr. 5. Ef skiptin í þéttbýlishluta ferðarinnar í hjólaflsflokki fyrir ofan flokk nr. 5 eru færri en fimm skal meðalgildi losunar fyrir flokkinn stillt á núll.

3.7. Meðaltalsreikningur mæligilda fyrir hvern hjólaflsflokk

Reikna skal meðaltal fyrir hlaupandi meðaltölin sem eru flokkuð í hvern hjólaflsflokk sem hér segir:

$$\bar{m}_{gas,j} = \frac{\sum_{\text{all } k \text{ in class } j} m_{gas,3s,k}}{counts_j}$$

$$\bar{v}_j = \frac{\sum_{\text{all } k \text{ in class } j} v_{3s,k}}{counts_j}$$

Þar sem

j hjólaflsflokkar 1 til 9 samkvæmt töflu 1

$\bar{m}_{gas,j}$ meðallosunargildi útblástursloftspáttar í hjólaflsflokki (aðskilin gildi fyrir heildargögn úr ferð og fyrir þéttbýlishluta ferðarinnar), [g/s]

\bar{v}_j meðalhraði í hjólaflsflokki (aðskilið gildi fyrir heildargögn úr ferð og fyrir þéttbýlishluta ferðarinnar), [km/klst.]

k tímaþrep fyrir hlaupandi meðaltalsgildi.

3.8. Reikningur á vægi meðaltalsgilda fyrir hvern hjólaflsflokk

Margfalda skal meðalgildi hvers hjólaflsflokks með tímahlutdeildinni $t_{c,j}$ fyrir hvern flokk samkvæmt töflu 1-2 og summa þeirra fundin til að skila vegnu meðalgildi fyrir hvern mælipátt. Það gildi stendur fyrir vegna niðurstöðu fyrir ferð með stöðluðum afltíðnum. Vegna meðaltalið skal reiknað fyrir þéttbýlishlutdeild prófunargagnanna með tímahlutdeildum fyrir afdreifingu í þéttbýlisakstri, og einnig fyrir heildarferðina með tímahlutdeildum fyrir heildina.

Jöfnunum er lýst hér á eftir og skal beita þeim einu sinni fyrir þéttbýlisgagnamengið og einu sinni fyrir heildargagnamengið.

$$\bar{m}_{gas} = \sum_{j=1}^9 \bar{m}_{gas,j} \times t_{c,j}$$

$$\bar{v} = \sum_{j=1}^9 \bar{v}_j \times t_{c,j}$$

3.9. Útreikningur á vegnu gildi fyrir sértæka losun miðað við vegalengd

Tímavegnum meðaltölum losunar í prófuninni skal umbreytt í losun á grunni vegalengdar, einu sinni fyrir þéttbýlisgagnamengið og einu sinni fyrir heildargagnamengið, sem hér segir:

$$M_{w,gas,d} = 1\,000 \cdot \frac{\bar{m}_{gas} \times 3\,600}{\bar{v}}$$

Reikna skal vegin meðaltöl fyrir eftirfarandi mengunarefni með þessari reiknireglu:

$M_{w,NO_{x,d}}$ vagnar prófunarniðurstöður fyrir köfnunarefnisoxíð í [mg/km]

$M_{w,CO,d}$ vegin niðurstaða fyrir kolsýring í [mg/km]

4. MAT Á HJÓLAFLI ÚT FRÁ AUGNABLIKSMASSASTREYMI KOLTVÍSÝRINGS

Hægt er að reikna út aflíð við hjólin ($P_{w,i}$) út frá mældu massastreymi koltvísýrings með 1 Hz tíðni. Í þessum útreikningi skal nota sértækar koltvísýringslínur ökutækisins („Veline“).

Reikna skal Veline-línuna út frá gerðarviðurkenningarprófun ökutækisins í prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu og er lýst í heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 15 — prófunaraðferð fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu (ECE/TRANS/180/Add.15).

Meðalhjólafl í hverju stigi prófunaraðferðarinnar fyrir létt ökutæki sem samræmd er á heimsvísu skal reiknað í 1 Hz út frá aksturshraða og stillingum aflmælissamstæðunnar. Öll hjólaflsgildi sem eru lægri en viðnámsaflíð skulu færð á viðnámsaflsgildið.

$$P_{w,i} = \frac{v_i}{3,6} \times (f_0 + f_1 \times v_i + f_2 \times v_i^2 + TM \times a_i) \times 0,001$$

Með

f_0, f_1, f_2 reiknistuðlar fyrir viðnám á akbraut sem eru notaðir við prófunina sem er gerð á ökutækinu í prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu

TM prófunarmassi ökutækisins í prófuninni sem er gerð á ökutækinu í prófunarlotunni fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu [kg]

$$P_{drag} = -0,04 \times P_{rated}$$

$$ef P_{w,i} < P_{drag} þá er P_{w,i} = P_{drag}$$

Meðalaflíð í hverju stigi prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu er reiknað út frá 1 Hz hjólaflinu samkvæmt:

$$\overline{P}_{w,p} = \frac{\sum_{j=ts}^{te} P_{w,i}}{te - ts}$$

Með

p hraðastig prófunarlotunnar fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu (lág-, meðal-, há-, hæsta)

ts Upphafstími stigs p í prófunarlotu fyrir létt ökutæki sem er samræmd á heimsvísu, [s]

- 2) Í samræmi við 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010, að því er varðar tiltekna flokka vara sem innihalda þessi efni, má framkvæmdastjórnin samþykka ráðstafanir um að veita megi undanþágur frá 6. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar þegar ekki er tæknilega mögulegt að skipta þessum vörum út sem slíkum eða með notkun staðgönguefna eða breyttri hönnun, eða þegar um er að ræða vörur sem eru umtalsvert vistvænni í heild miðað við aðrar vörur í sama flokki.
- 3) Súbtilisín er hættulegt efni með samræmda flokkun skv. VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Eftirfarandi hættuflokkar falla þar undir: Næming öndunarfæra, 1. undirflokkur; alvarlegur augnskaði, 2. undirflokkur; húðerting, 2. undirflokkur og sértæk eiturhrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti á öndunarveg, 3. undirflokkur.
- 4) Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB ⁽⁴⁾ og 2011/264/ESB ⁽⁵⁾, eins og þeim var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/49/ESB ⁽⁶⁾, innihalda nú þegar undanþágu fyrir ensímið súbtilisín, sem er flokkað sem H400: mjög eitruð lífi í vatni, fyrir þær vistfræðilegu viðmiðanir sem þegar hefur verið komið á vegna veitingar umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar og þvottaefni, þar eð súbtilisín hefur verið viðurkennt sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 274, 11.10.2016, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjttð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjttð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar (Stjttð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjttð. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/49/ESB frá 26. janúar 2012 um breytingu á ákvörðunum 2011/263/ESB og 2011/264/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun ensíma í samræmi við I. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (Stjttð. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 36).

mikilvægt innihaldsefni í þvotta- og hreinsiefni og hafði áður fengið undanþágu. Með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB ⁽¹⁾ og 2012/721/ESB ⁽²⁾ voru enn fremur leyfð ensím, sem eru flokkuð sem H400: mjög eitrað lífi í vatni, í þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og í þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum, í þeim sama tilgangi að leyfa súbtílisín í vörur með umhverfismerki ESB. Þessar undanþágur voru veittar með tilliti til þess að súbtílisín gegnir mikilvægu hlutverki í framangreindum þvotta- og hreinsiefnaflokkum og brotnar fljótt niður/verður óvirkt í skólphreinsistöðvum og við notkun þvotta- og hreinsiefnanna og flutning þeirra í fráveitukerfi. Þessar undanþágur voru nauðsynlegar vegna þess að súbtílisín var flokkað í 1. undirflokk, bráð eiturhrif á vatn (M-stuðull 1) (H400), með sjálfsflokkun þegar það var skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 sem hefði komið í veg fyrir notkun þess í vörur sem bera umhverfismerki ESB.

- 5) Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 286/2011 ⁽³⁾. Breytingarnar á reglugerð (EB) nr. 1272/2008 tóku gildi að því er varðar efni frá 1. desember 2012 og að því er varðar blöndur frá 1. júní 2015. Með reglugerð (ESB) nr. 286/2011 var bætt við nýjum flokkunarviðmiðunum fyrir langvinna hættu fyrir vatnsumhverfi á grundvelli gagna um langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi og lífbrjótanleika. Nýleg rannsókn á súbtílisíni sem fór fram innan gagnaskiptatorgs fyrir efni (SIEF), innan ramma efnareglugerðarinnar (REACH), leiddi í ljós, á grundvelli nýrra viðmiðana, að einnig þarf að flokka súbtílisín sem hættulegt fyrir vatnsumhverfi (langvinn eiturhrif) í 2. undirflokki. Efnið er auðlífbrjótanlegt og ætti ekki að skapa áhættu fyrir umhverfið því það óvirkjast nánast alveg í skólphreinsistöðvum. Af þessari flokkun leiðir að bannað verður að nota súbtílisín í vörur sem bera umhverfismerki ESB. Þetta torveldar samsvörun þeirra vistfræðilegu viðmiðana sem þegar hefur verið komið á vegna veitingar umhverfismerkis ESB, fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar, þvottaefni, þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum, við þau 10–20% þvotta- og hreinsiefna og hreingerningavara sem fánæg eru á markaði Sambandsins og eru best með tilliti til vistvænleika á líftíma þeirra.
- 6) Súbtílisín eykur hreinsigetu þvotta- og hreinsiefna með því að brjóta niður prótínefnisþætti í blettum á skilvirkan hátt. Ensímið skilar framúrskarandi árangri, jafnvel við lágt hitastig, í tilskildum skammti sem gerir það kleift að virða kröfur um lágt hitastig, samþjöppun og nothæfisviðmiðanir samkvæmt kerfinu um umhverfismerki ESB. Eins og stendur er annað innihaldsefni eða önnur tækni ekki fyrir hendi. Önnur ensím með öðruvísi hvatavirkni, t.d. alfaamýlasi, fitukljúfur eða pektatýlasi, geta fjarlægð aðrar tegundir útfellinga og bletta, t.d. sterkju-, fitu- og pektínbletti, en þau geta ekki fjarlægð prótínbletti.
- 7) Í endurskoðun á viðmiðunum fyrir veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar og þvottaefni, sem settar eru fram í ákvörðunum 2011/263/ESB og 2011/264/ESB, og í þróun viðmiðana fyrir veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum og í tengdum breytingum var ekki tekið tillit til nýrra viðmiðana fyrir umhverfislega flokkun sem var innleidd með reglugerð (ESB) nr. 286/2011.
- 8) Þessi breyting skal gilda afturvirkir frá 1. desember 2012 í því skyni að tryggja samfelldan gildistíma viðmiðana umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar, þvottaefni, þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum og þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum.
- 9) Því ætti að breyta ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/263/ESB er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa ákvörðun.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 25).

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB frá 14. nóvember 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni til notkunar í iðnaði og á stofnunum (Stjtið. ESB L 326, 24.11.2012, bls. 38).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 frá 10. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tækniframförum (Stjtið. ESB L 83, 30.3.2011, bls. 1).

2. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2011/264/ESB er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2012/720/ESB er breytt eins og fram kemur í III. viðauka við þessa ákvörðun.

4. gr.

Ákvæðum viðaukans við ákvörðun 2012/721/ESB er breytt eins og fram kemur í IV. viðauka við þessa ákvörðun.

5. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. desember 2012.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2011/263/ESB er breytt sem hér segir:

Til glöggvunar og vegna réttarvissu þykir rétt að skipta út allri töflunni yfir undanþágur í 5. lið b-liðar í 2. viðmiðun fyrir eftirfarandi töflu þar sem tekið er tillit til breytinga sem innleiddar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/313/ESB ⁽¹⁾:

„Súbtílisín	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (*)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Sæfiefni notuð í því skyni að rotverja (**)	H410: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Ilmefni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Ensím (***)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Nítrílríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að efnin brotni auðveldlega niður og einnig við loftfirrðar aðstæður.

(**) Sjá e-lið 2. viðmiðunar. Þessi undanþága gildir að því tilskildu að log Pow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) < 3,0 eða lífþéttistudull, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100 lýsi getu sæfiefna til uppsöfnunar í lífverum.

(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.

(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%.

(1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/313/ESB frá 28. maí 2014 um breytingu á ákvörðunum 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/382/ESB, 2011/383/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun efna (Stjóð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 74).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2011/264/ESB er breytt sem hér segir:

Til glöggvunar og vegna réttarvissu þykir rétt að skipta út allri töflunni yfir undanþágur í 5. lið b-liðar í 4. viðmiðun fyrir eftirfarandi töflu þar sem tekið er tillit til breytinga sem innleiddar voru með ákvörðun 2014/313/ESB:

„Súbtílisín	H400: Mjög eittrað lífi í vatni	H50
	H411: Eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni	H400: Mjög eittrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni (*)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Sæfiefni notuð í því skyni að rotverja (**)	H410: Mjög eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
	H411: Eittrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H51–53
	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Ilmefni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Ensím (***)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Bleikingarhvatari (****)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40
Ljósþvottur bleikiefni (eingöngu í þvott) fyrir mjög óhreinan þvott)	H413: Getur valdið langvinnnum áhrifum á líf í vatni	H53

(*) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að efnin brotni auðveldlega niður og einnig við loftfirrðar aðstæður.

(**) Sjá e-lið 4. viðmiðunar. Þessi undanþága gildir að því tilskildu að log Pow (log af deilistuðli oktanóls/vatns) < 3,0 eða lífþéttistuduull, sem er ákvarðaður út frá tilraunum, sem er ≤ 100 lýsi getu sæfiefna til uppsöfnunar í lífverum.

(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.

(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunnu vörunni sé minni en 0,10%.

III. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2012/720/ESB er breytt sem hér segir:

Til glöggvunar og vegna réttarvissu þykir rétt að skipta út allri töflunni yfir undanþágur í 6. lið b-liðar í 6. viðmiðun fyrir eftirfarandi töflu þar sem tekið er tillit til breytinga sem innleiddar voru með ákvörðun 2014/313/ESB:

„Súbtilisín	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 15 % í fullunnu vörunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörunni	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Sæfiefni í því skyni að rotverja (*)	H331: Eitrað við innöndun	H23
(aðeins fyrir vökva með pH-gildi á bilinu 2 og 12 og virkt efni að hámarki 10% af þyngd)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Ensím (**)	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (***)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Undanþágan er einungis fyrir b-lið 3. viðmiðunar. Sæfiefni skulu vera í samræmi við d-lið 3. viðmiðunar.

(**) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.

(***) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörunni sé minni en 0,10%.”

IV. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2012/721/ESB er breytt sem hér segir:

Til glöggvunar og vegna réttarvissu þykir rétt að skipta út allri töflunni yfir undanþágur í 6. lið b-liðar í 4. viðmiðun fyrir eftirfarandi töflu:

„Súbtílisín	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
	H411: Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H50–53
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 20 % í fullunnu vörnunni	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Yfirborðsvirk efni í heildarstyrk < 25% í fullunnu vörnunni (*)	H412: Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	H52–53
Sæfiefni í því skyni að rotverja (**) (aðeins fyrir vökva með pH-gildi á bilinu 2 og 12 og virkt efni að hámarki 10% af þyngd)	H331: Eitrað við innöndun	H23
	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Ensím (***)	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H42
	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	H43
Bleikingarhvatari (***)	H400: Mjög eitrað lífi í vatni	H50
Nítríltríasetat (NTA) sem óhreinindi í MGDA og GLDA (****)	H351: Grunað um að valda krabbameini	H40

(*) Þessi undanþága gildir að því tilskildu að yfirborðsvirk efni séu í samræmi við a-lið 3. viðmiðunar og að þau séu niðurbrotanleg við loftfirðar aðstæður.

(**) Undanþágan er einungis fyrir b-lið 4. viðmiðunar. Sæfiefni skulu vera í samræmi við e-lið 4. viðmiðunar.

(***) Þ.m.t. stöðgarar og önnur hjálparefni í efnablöndunum.

(****) Í styrk sem er minni en 1,0% í hráefninu að því tilskildu að heildarstyrkurinn í fullunni vörnunni sé minni en 0,10%.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1881****2017/EES/17/63****frá 24. október 2016**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 að því er varðar lágmarksvirkni 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fóðurukefni fyrir gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594) og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára til notkunar sem fóðurukefni fyrir alifugla, fráfarugrúsi, eldissvín og gyltur með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2012 ⁽²⁾.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir aukefninu sem um er að ræða, með því að lækka lágmarksvirkni þess úr 1 000 FYT/kg heilfóðurs í 500 FYT fyrir gyltur. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 26. janúar 2016 ⁽³⁾ að tillagður skammtur sé áhrifaríkur til að auka sýnilega niðurbrotshæfni fosfórs í saur við lágmarksvirkni sem nemur 500 FYT/kg heilfóðurs. Minnkun á skammti, sem er lagður til fyrir gyltur, myndi ekki breyta fyrri niðurstöðum að því er varðar öryggi fyrir gyltur, neytendur, notendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að aukefnið sé öruggt fyrir gyltur, neytendur og umhverfið; það ertir hvorki húð né augu en ætti að meðhöndlast sem húðnæmir. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað.
- 4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 25.10.2016, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 7.

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(2), 4393.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.

4a18	DSM Nutritional Products Ltd	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 22594), með virkni að lágmarki:</p> <p>10 000 FYT ⁽¹⁾/g í föstu formi</p> <p>20 000 FYT/g í fljótandi formi</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 22594)</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾</p> <p>Til að magnákværða 6-fýtasa í fóðri:</p> <p>Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem 6-fýtasi leysir úr fýtati (ISO 30024:2009)</p>	Alifuglar	—	500 FYT	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. Ráðlagður skammtur á hvert kíló af heilfóðri fyrir: <ul style="list-style-type: none"> — alifugla, fráfærugrísir og eldissvín: 500–4 000 FYT, — gyltur: 500–4 000 FYT. Til notkunar í fóður sem inniheldur meira en 0,23% af fýtinbundnum fosfór. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri hættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota viðeigandi persónuhlífar. Til notkunar fyrir fráfærugrísir, þar til þeir eru allt að 35 kg. 	9. október 2022
				Eldissvín Fráfærugrísir		Gyltur			

⁽¹⁾ 1 FYT er það magn ensíms sem leysir eitt mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr fýtati við hvarfskilyrði með fýtatastyrk, sem er 5,0 mM við pH-gildið 5,5 og 37 °C.

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLS/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/646

2017/EES/17/64

frá 20. apríl 2016

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 715/2007 er eitt sérstakra stjórnvaldsfyrirmæla samkvæmt gerðarviðurkenningaraðferðinni sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽²⁾.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 715/2007 er þess krafist að ný létt ökutæki uppfylli tiltekin viðmiðunarmörk fyrir losun og mælt fyrir um frekari kröfur um aðgang að upplýsingum. Þau sértæku, tæknilegu ákvæði sem nauðsynleg eru til að framkvæma ákvæði þeirrar reglugerðar voru samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ⁽³⁾.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur, á grunni eigin rannsókna og aðfenginna upplýsinga, gert ítarlega greiningu á aðferðum, prófunum og kröfum sem varða gerðarviðurkenningar sem eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 692/2008 og komist að því að losun frá Euro 5/6 ökutækjum í raunverulegum akstri úti á vegum var umtalsvert meiri en sú losun sem var mæld með hinni nýju lögbundnu, evrópsku aksturslotu (NEDC), einkum með tilliti til losunar á köfnunarefnisoxíðum (NO_x) frá dísilknúnum ökutækjum.
- 4) Kröfurnar um losun vegna gerðarviðurkenninga fyrir vélknúin ökutæki hafa smám saman verið hertar umtalsvert með innleiðingu og síðar með endurskoðun á Evrópustöðlum. Þó að ökutæki hafi almennt skilað umtalsverðri losunarskerðingu fyrir allt svið mengunarefna sem reglur gilda um var svo ekki með losun köfnunarefnisoxíða frá dísilhreyflum, einkum frá léttum ökutækjum. Því er þörf fyrir aðgerðir til að leiðrétta þetta ástand.
- 5) „Temprunarbúnaður“, eins og hann er skilgreindur í 10. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007, sem dregur úr mengunarförnum, er bannaður. Nýliðnir atburðir hafa beint athygli að þörfinni fyrir að styrkja framfylgd að því er þetta varðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 109, 26.4.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjútíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjútíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

Því er rétt að krefjast betra eftirlits með mengunarvarnaraðferðunum sem framleiðendur beita við gerðarviðurkenningu, samkvæmt meginreglunum sem þegar er beitt fyrir þung ökutæki í samræmi við Euro VI-reglugerð (EB) nr. 595/2009 og framkvæmdarráðstafanir hennar.

- 6) Það að takast á við vandamálið sem losun köfnunarefnisoxíða frá dísilknúnum ökutækjum skapar ætti að vera innlegg í að draga úr núverandi þrálátum háum gildum köfnunarefnistvíoxíðs í andrúmslofti, en þau eru mikið áhyggjuefni í tengslum við heilbrigði manna.
- 7) Í janúar 2011 setti framkvæmdastjórnin á fót vinnuhóp með þátttöku allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila, til að þróa prófunaraðferð fyrir losun í raunverulegum akstri sem endurspeglar betur losun eins og hún mælist úti á vegum. Í þessum tilgangi og að loknum ítarlegum tæknilegum viðræðum hefur þeim kosti sem er lagður til í reglugerð (EB) nr. 715/2007, þ.e. að nota færanleg mælikerfi fyrir losun ásamt losun innan marka, verið fylgt.
- 8) Samkvæmt samkomulagi sem náðist við hagsmunaaðila í CARS 2020-ferlinu ⁽¹⁾ ætti að innleiða prófunaraðferðir fyrir losun í raunverulegum akstri í tveimur áföngum: á fyrsta umbreytingartímabili ætti einungis að beita prófunaraðferðunum til eftirlits og síðar meir ætti að beita þeim ásamt bindandi meginndlegum kröfum um losun í raunverulegum akstri fyrir allar nýjar gerðarviðurkenningar og ný ökutæki.
- 9) Prófunaraðferðir fyrir losun í raunverulegum akstri voru innleiddar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/427 ⁽²⁾. Nú er nauðsynlegt að setja meginndlegar kröfur um losun í raunverulegum akstri til að takmarka losun gegnum endarör við öll venjuleg notkunarskilyrði sem varða þau losunarmörk sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 715/2007. Í þeim tilgangi ætti að taka tillit til tölfræðilegrar og tæknilegrar óvissu í mælingaraðferðunum.
- 10) Til að gera framleiðendum kleift að aðlaga sig smám saman að reglum um losun í raunverulegum akstri ætti að innleiða meginndlegu kröfurnar um losun í raunverulegum akstri í tveimur áföngum. Í fyrri áfanganum, sem ætti að taka gildi 4 árum eftir dagsetningu skyldubeitingar Euro 6-staðlanna, ætti samræmisstuðullinn 2,1 að gilda. Seinni áfanginn ætti að hefjast einu ári og fjórum mánuðum á eftir fyrri áfanganum og í honum ætti að krefjast fulls samræmis við viðmiðunarmörkin 80 mg/km fyrir losun köfnunarefnisoxíðs sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 715/2007 ásamt vikmörkum til að taka tillit til annarrar mælióvissu sem tengist notkun á færanlegum mælikerfum fyrir losun.
- 11) Þó mikilvægt sé að prófanir á losun í raunverulegum akstri geti mögulega náð til allra hugsanlegra akstursaðstæðna ætti að forðast að aka prófunarökutækjunum á hlutdrægan hátt, þ.e. með það fyrir augum að þau annað hvort standist prófunina eða ekki, ekki vegna tæknilegrar frammistöðu ökutækisins heldur vegna öfgafullra akstursmynstra. Því eru innleidd samsvarandi jaðarskilyrði fyrir prófanir á losun í raunverulegum akstri til að takast á við slíkar aðstæður.
- 12) Vegna eðlis þeirra geta akstursaðstæður, sem upp koma meðan einstakar ferðir með færanlegu mælikerfi fyrir losun standa yfir, ekki að öllu leyti samsvarað venjulegum notkunarskilyrðum ökutækis. Því getur styrkur mengunarvarna verið mismikill í slíkum ferðum. Því mætti í framtíðinni, og til að taka tillit til tölfræðilegrar og tæknilegrar óvissu í mæliaðferðunum, íhuga að fram komi, í mörkum fyrir losun innan marka fyrir einstakar ferðir með færanlegu mælikerfi fyrir losun, sérkenni þessara ferða sem er lýst með tilteknum mælanlegum þáttum, t.d. í tengslum við hreyfifræði aksturs eða vinnuálag. Ef þeirri meginreglu er beitt ætti það ekki að leiða af sér veikari umhverfisáhrif og markvirkni aðferðanna við prófun á losun í raunverulegum akstri, sem sýna ætti fram á með jafningjarýndri vísindalegri rannsókn. Við matið á styrk mengunarvarna meðan á ferð með færanlegu mælikerfi fyrir losun stendur ætti þar að auki einungis að taka tillit til mæliþátta sem hægt er að rökstyðja með hlutlægum vísindalegum ástæðum en ekki einungis kvörðun hreyfilsins eða mengunarvarnaráðarins eða mengunarvarnarkerfanna.
- 13) Loks skal, að teknu tilliti til þarfarinnar á því að stjórna losun köfnunarefnisoxíðs í þéttbýli, leggja sterka áherslu á að íhuga að breyta hlutfallslegu vægi þeirra þátta prófunar vegna losunar í raunverulegum akstri sem varða þéttbýli, dreifbýli og hraðbrautir til að tryggja að ná fram raunverulega lágum samræmisstuðli til að skapa frekari jaðarskilyrði í tengslum við hreyfifræði aksturs í þriðja reglubálinum um prófanir vegna losunar í raunverulegum akstri, og fyrir ofan þau skulu hin rýmkuðu skilyrði gilda frá og með innleiðingardagsetningum fyrra þrepsins.

⁽¹⁾ Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, „CARS 2020: Aðgerðaáætlun um samkeppnishæfan og sjálfbæran bílaiðnað í Evrópu“

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/427 frá 10. mars 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 að því er varðar losun frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 6) (Stjtið. ESB L 82 31.3.2016, bls. 1).

- 14) Framkvæmdastjórnin skal hafa ákvæði prófunaraðferðarinnar fyrir losun í raunverulegum akstri í stöðugri endurskoðun og breyta þessum ákvæðum til að laga þau að nýrri ökutækjatekni og til að tryggja skilvirkni þeirra. Eins skal framkvæmdastjórnin endurskoða árlega viðeigandi mörk endanlegs samræmisstuðuls í ljósi tækniframfara. Einkum skal hún endurskoða hinar tvær staðgönguaðferðir til að meta losunargögn úr færanlegu mælikerfi fyrir losun sem settar eru fram í viðbætum 5 og 6 við III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 692/2008 með það fyrir augum að þróa eina aðferð.
- 15) Því er rétt að breyta reglugerð (EB) nr. 692/2008 til samræmis við það.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 43. og 44. liðir bætist við 2. gr.:

„43. „grunnlosunaraðferð“ (hér eftir „BES“): losunaraðferð sem er virk á öllu snúningshraða- og álagsvinnusviði ökutækisins nema aukalosunaraðferð sé virkjuð,

44. „aukalosunaraðferð“ (hér eftir „AES“): losunaraðferð sem verður virk og kemur í staðinn fyrir eða breytir grunnlosunaraðferð í ákveðnum tilgangi og til að bregðast við ákveðnum umhverfis- eða notkunarskilyrðum og sem er einungis í notkun á meðan slík skilyrði eru fyrir hendi.“

- 2) Eftirfarandi komi í stað þriðju málsgreinar 10. mgr. 3. gr.:

„Eftirfarandi ákvæði skulu gilda í þrjú ár eftir dagsetningarnar sem eru tilgreindar í 4. mgr. 10. gr. og fjögur ár eftir dagsetningarnar sem eru tilgreindar í 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007:“.

- 3) Í stað a-liðar 10. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi texti:

„Kröfurnar í lið 2.1 í III. viðauka A gilda ekki.“

- 4) Eftirfarandi 11. og 12. mgr. bætist við 5. gr.:

„11. Framleiðandi skal einnig leggja fram ítarlega upplýsingamöppu með eftirfarandi upplýsingum:

a) upplýsingum um virkni allra auka- og grunnlosunaraðferða, þ.m.t. lýsingu á mæliþáttunum sem breytast fyrir tilstuðlan aukalosunaraðferðar og jaðarskilyrðunum sem aukalosunaraðferðir eru virkar við og einnig skal tilgreina þær auka- eða grunnlosunaraðferðir sem líklegt er að séu virkar við skilyrði prófunaraðferðanna sem settar eru fram í þessari reglugerð,

b) lýsingu á eldsneytisstyringaraðferðum, tímastillingaraðferðum og skiptipunktum við allan hugsanlegan vinnumáta.

12. Ítarlega upplýsingamappan sem um getur í 11. mgr. skal vera algert trúnaðarmál. Viðurkenningaryfirvald getur haldið henni eftir eða ákveðið að leyfa framleiðandanum að geyma hana. Ef framleiðandinn geymir upplýsingamöppuna skal viðurkenningaryfirvald merkja og dagsetja hana eftir að hún hefur verið yfirfarin og samþykkt. Hún skal gerð viðurkenningaryfirvaldi aðgengileg til skoðunar þegar viðurkenning fer fram eða hvenær sem er á meðan viðurkenningin er í gildi.“

- 5) Ákvæðum 6. viðbætis I. viðauka er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.

- 6) Ákvæðum III. viðauka A er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Jean-Claude JUNCKER
forseti.

I. VIÐAUKI

Töflu 1 í 6. viðbæti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað lína ZD, ZE, ZF komi eftirfarandi:

„ZD	Euro 6c	Euro 6-2	M, N1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.		1.9.2018	31.8.2019
ZE	Euro 6c	Euro 6-2	N1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.		1.9.2019	31.8.2020
ZF	Euro 6c	Euro 6-2	N1 III. flokkur, N2	r.kv., þj.kv.		1.9.2019	31.8.2020 ⁴

2) Eftirfarandi línur bætist við á eftir línu ZF:

„ZG	Euro 6d-TEMP	Euro 6-2	M, N1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2017	1.9.2019	31.12.2020
ZH	Euro 6d-TEMP	Euro 6-2	N1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.9.2018	1.9.2020	31.12.2021
ZI	Euro 6d-TEMP	Euro 6-2	N1 III. flokkur, N2	r.kv., þj.kv.	1.9.2018	1.9.2020	31.12.2021
ZJ	Euro 6d	Euro 6-2	M, N1 I. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.1.2020	1.1.2021	
ZK	Euro 6d	Euro 6-2	N1 II. flokkur	r.kv., þj.kv.	1.1.2021	1.1.2022	
PLN	Euro 6d	Euro 6-2	N1 III. flokkur, N2	r.kv., þj.kv.	1.1.2021	1.1.2022 ⁴	

3) Í skýringum við töfluna bætast eftirfarandi málsgreinar við á eftir málsgreininni sem varðar losunarstaðalinn „Euro 6b“:

„Euro 6c“ losunarstaðall = Allar Euro 6 kröfur um losun en þó án meginlegra krafna um losun í raunverulegum akstri, þ.e. Euro 6b losunarstaðall og staðall fyrir endanlegan fjölda agna fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfli og notkun E10 og B7 viðmiðunareldsneytis (eftir atvikum), metið í reglubundinni prófunarlotu í tilraunastofu og prófun á losun í raunverulegum akstri einungis gerð til eftirlits (án beitingar marka fyrir losun innan marka),

„Euro 6d-TEMP“ losunarstaðall = Allar Euro 6 kröfur um losun, þ.e. Euro 6b losunarstaðall, staðall fyrir endanlegan fjölda agna fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfli og notkun E10 og B7 viðmiðunareldsneytis (eftir atvikum), metið í reglubundinni prófunarlotu í tilraunastofu og prófun á losun í raunverulegum akstri miðast við tímabundna samræmisstuðla,⁴

4) Í skýringunum við töfluna kemur eftirfarandi í stað málsgreinarinnar um „Euro 6c“ losunarstaðalinn:

„Euro 6d“ losunarstaðall = Allar Euro 6 kröfur um losun, þ.e. Euro 6b losunarstaðall, staðall fyrir endanlegan fjölda agna fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfli og notkun E10 og B7 viðmiðunareldsneytis (eftir atvikum), metið í reglubundinni prófunarlotu í tilraunastofu og prófun á losun í raunverulegum akstri miðast við endanlega samræmisstuðla,⁴

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 692/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 2.1 komi eftirfarandi:

„2.1. Mörk fyrir losun innan marka

Losun frá gerð ökutækis sem er gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð (EB) nr. 715/2007, ákvörðuð samkvæmt kröfunum í þessum viðauka og sem losnar í einhverri mögulegri prófun á losun í raunverulegum akstri sem er gerð í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka, skal, á líftíma gerðar ökutækisins, ekki vera hærri en eftirfarandi gildi fyrir losun innan marka:

$$NTE_{pollutant} = CF_{pollutant} \times TF(p_1, \dots, p_n) \times \text{EURO-6}$$

þar sem EURO-6 eru gildandi Euro 6 losunarmörk sem mælt er fyrir um í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007.“,

2) Eftirfarandi liðir 2.2.1, 2.1.2 og 2.1.3 bætist við:

„2.1.1. Endanlegir samræmisstuðlar

Samræmisstuðullinn $CF_{pollutant}$ fyrir hvern mengunarvald er skilgreindur sem hér segir:

Mengunarefni	Massi köfnunarefnisoxíða (NO _x)	Fjöldi agna (PN)	Massi kolsýrings (CO) ⁽¹⁾	Massi heildarmagns vetniskolefna (THC)	Samanlagður massi heildarmagns vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (THC + NO _x)
$CF_{pollutant}$	1 + vikmörk með vikmörk = 0,5	á eftir að ákvarða	—	—	—

⁽¹⁾ Mæla skal og skrá losun kolsýrings við prófanir á losun í raunverulegum akstri.

„vikmörk“ eru mæliþáttur þar sem tekið er tillit til viðbótarmælióvissu sem fylgir búnaði færanlegs mælikerfis fyrir losun, er endurskoðuð árlega, og sem breyta skal í samræmi við bætt gæði aðferðarinnar fyrir færanleg mælikerfi fyrir losun eða við tækniframfarir.

„2.1.2. Tímabundnir samræmisstuðlar

Þrátt fyrir ákvæði liðar 2.1.1 geta eftirfarandi tímabundnir samræmisstuðlar gilt, í tímabil sem stendur í 5 ár og 4 mánuði frá þeim dagsetningum sem eru tilgreindar í 4. og 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007 og samkvæmt beiðni framleiðandans:

Mengunarefni	Massi köfnunarefnisoxíða (NO _x)	Fjöldi agna (PN)	Massi kolsýrings (CO) ⁽¹⁾	Massi heildarmagns vetniskolefna (THC)	Samanlagður massi heildarmagns vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (THC + NO _x)
$CF_{pollutant}$	2,1	á eftir að ákvarða	—	—	—

⁽¹⁾ Mæla skal og skrá losun kolsýrings við prófanir á losun í raunverulegum akstri.

Beiting tímabundinna samræmisstuðla skal skráð í samræmisvottorð ökutækisins.

„2.1.3. Tilfærsluföll

Tilfærslufallið $TF(p_1, \dots, p_n)$ sem um getur í lið 2.1 er stillt á 1 fyrir alla mæliþættina p_i ($i = 1, \dots, n$).

Ef tilfærslufallinu $TF(p_1, \dots, p_n)$ er breytt skal það gert þannig að það hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfisáhrif og skilvirkni prófunaraðferðarinnar fyrir losun í raunverulegum akstri. Einkum skal eftirfarandi skilyrði halda:

$$\int TF(p_1, \dots, p_n) * Q(p_1, \dots, p_n) dp = \int Q(p_1, \dots, p_n) dp$$

Þar sem:

— dp er heildið sem nær yfir allt bil mæliþáttanna p_i ($i = 1, \dots, n$)

— $Q(p_1, \dots, p_n)$, er líkindaþéttleiki atburðar sem samsvarar mæliþáttunum p_i ($i = 1, \dots, n$) í raunverulegum akstri.“

3) Eftirfarandi liður 3.1.0 bætist við:

„3.1.0. Uppfylla skal kröfurnar í lið 2.1 fyrir þéttbýlishlutann og alla ferðina með færanlegu mælikerfi fyrir losun. Uppfylla skal skilyrðin í minnst öðrum af liðunum tveimur hér á eftir, að vali framleiðanda:

3.1.0.1. $M_{gas,d,t} \leq NTE_{pollutant}$ og $M_{gas,d,u} \leq NTE_{pollutant}$ með skilgreiningunum í lið 2.1 í þessum viðauka og í liðum 6.1 og 6.3 í 5. viðbæti og stillinguna $gas = pollutant$.

3.1.0.2. $M_{w,gas,d} \leq NTE_{pollutant}$ og $M_{w,gas,d,U} \leq NTE_{pollutant}$ með skilgreiningunum í lið 2.1 í þessum viðauka og í lið 3.9 í 6. viðbæti og stillinguna $gas = pollutant$.“

4) Ákvæði liðar 5.3 falli brott,

5) Í stað liðar 5.4 komi eftirfarandi:

„5.4. Hreyfifræðileg skilyrði

Hreyfifræðilegu skilyrðin ná til áhrifanna frá veghalla, mótvindi og hreyfifræði aksturs (hraðaaukningar, hraðaminnkunar) og viðbótarkerfum á orkunotkun og losun prófunarökutækisins. Sannprófun á eðlileika hreyfifræðilegu skilyrðanna skal fara fram að prófun lokinni og skal nota til þess gögnin frá færanlega mælikerfinu fyrir losun. Sannprófunin skal fara fram í tveimur áföngum:

„5.4.1. Athuga skal í heildina allt sem er ofaukið eða ófullnægjandi í hreyfifræði akstursins á meðan á ferðinni stendur, með þeim aðferðum sem er lýst í 7. viðbæti a við þennan viðauka.

„5.4.2. Ef niðurstöðurnar úr ferðinni teljast marktækar að loknum sannprófunum samkvæmt lið 5.4.1 skal beita aðferðunum sem mælt er fyrir um í 5. og 6. viðbæti við þennan viðauka til að sannprófa að hreyfiskilyrðin hafi verið eðlileg. Í hverri aðferð er að finna viðmiðun fyrir hreyfifræðileg skilyrði, mörk í kringum viðmiðunina og kröfur um lágmarksumfang til að tryggja að prófunin sé marktæk.“

6) Í stað liðar 6.8 komi eftirfarandi:

„6.8. Meðalhraðinn (að stöðvunum meðtöldum) í þéttbýlisaksturshluta ferðarinnar skal vera á bilinu 15 til 40 km/klst. Stöðvunartímabil, skilgreint sem hraði ökutækis undir 1 km/klst., skal vera 6-30% af tímalengd þéttbýlisaksturs. Í þéttbýlisakstri skulu vera nokkur stöðvunartímabil sem eru 10 sekúndur eða lengri. Ef eitthvert stöðvunartímabil er lengra en 180 sekúndur skal ekki taka losun á næstu 180 sekúndum eftir slíka óvenjulega langa stöðvun með í matinu.“

7) Eftirfarandi málsliður bætist við í lið 6.11:

„Þá skal hlutfallsleg uppsöfnuð jákvæð aukning á hæð yfir sjávarmáli vera undir 200 m/100 km og vera ákvörðuð skv. 7. viðauka b.“

8) Í stað liðar 9.5 komi eftirfarandi:

„9.5. Ef umhverfisskilyrðin eru rýmkuð á einhverju tímabili í samræmi við lið 5.2 skal taka losunina á því tiltekna tímabili, eins og hún er útreiknuð skv. 4. viðbæti, og deila í hana með gildinu 1,6 áður en hún er metin með tilliti til þess hvort farið sé að kröfunum í þessum viðauka.“,

9) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsliður bætist við í lið 3.4.6:

„Leyfilegt er að nota orku frá rafgeymi ökutækisins til að lýsa upp öryggistengdan festibúnað og uppsetta íhluti færanlega mælikerfisins fyrir losun utan á stýrishúsi ökutækisins.“,

b) Eftirfarandi málsliður bætist við í lið 4.5:

„Til að lágmarka rek greiningartækja ætti að nýllstilla og mæliviðskvarða greiningartæki við umhverfishita sem líkist, eins og mögulegt er, því hitastigi sem prófunarbúnaðurinn verður fyrir í ferðinni til að prófa losun í raunverulegum akstri.“,

10) Í stað neðanmálsgreinar 2 við töflu 4 í 8. lið 2. viðbætis komi eftirfarandi:

„(2) Þessi almenna krafa nær einungis til hraðaskynjarans; ef hraði ökutækis er notaður til að ákvarða mæliþætti eins og hröðun, margfeldi hraða og jákvæðrar hröðunar, eða RPA, skal nákvæmni hraðamerkisins vera 0,1% fyrir ofan 3 km/klst. hraða og með 1 Hz sýnatökutíðni. Þessa kröfu um nákvæmni má uppfylla með því að nota merki frá snúningshraðanema á hjóli.“,

11) Í 2. lið í 6. viðbæti falli eftirfarandi skilgreining brott:

„ a_i raunveruleg hröðun í tímaþrepi i , ef hún er ekki skilgreind í jöfnu:

$$a_i = \frac{(v_{i+1} - v_i)}{3,6 \times (t_{i+1} - t_i)}, [\text{m/s}^2]“,$$

12) Í 2. lið í 6. viðbæti bætist eftirfarandi lína við:

$\bar{m}_{\text{gas,U}}$	Vegið losunargildi efnisþáttarins „gas“ í útblásturslofti fyrir hlutaúrtak allra sekúndna i þar sem $v_i < 60$ km/klst., g/s
$M_{\text{w,gas,d,U}}$	Vegin sértæk losun mengandi efna miðað við vegalengd, fyrir efnisþáttinn „gas“ í útblásturslofti fyrir hlutaúrtak allra sekúndna i þar sem $v_i < 60$ km/klst., g/km
\bar{v}_U	Veginn hraði ökutækis í hjólaflsflokknum j , km/klst.“,

13) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 3.1 í 6. viðbæti komi eftirfarandi:

„Raunverulegt hjólafl $P_{r,i}$ skal vera það heildarafli sem þarf til að vinna á loftmótstöðu, snúningsmótstöðu, veggalla, langsníðstregðu ökutækisins og hverfítregðu hjólanna.“,

14) Í stað liðar 3.2 í 6. viðbæti komi eftirfarandi:

„3.2. **Flokkun hlaupandi meðaltals í þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautaakstri**

Staðalafliðnir eru skilgreindar fyrir þéttbýlisakstur og fyrir ferðina í heild (sjá lið 3.4) og gera skal aðskilið mat á losuninni fyrir ferðina í heild og fyrir þéttbýlisaksturshlutann. Því skal síðar úthluta þriggja sekúndna hlaupandi meðaltölunum, sem eru reiknuð samkvæmt lið 3.3, fyrir akstursskilyrði í þéttbýli og utan þéttbýlis samkvæmt hraðamerkinu (v_i) frá raunverulegri sekúndu i eins og er útlitað í töflu 1-1.

Tafla 1-1

**Hraðasvið vegna dreifingar prófunargagna á þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautaskilyrði með
aflflokunaradferðinni**

	Þéttbýli	Dreifbýli	Hraðbraut
v_i [km/klst.]	0 til ≤ 60	> 60 til ≤ 90	> 90

15) Í stað liðar 3.9 í 6. viðbæti komi eftirfarandi:

„3.9. **Útreikningur á vegnu gildi fyrir sértæka losun miðað við vegalengd**

Tímavegnum meðaltölum losunar í prófuninni skal umbreytt í losun á grunni vegalengdar, einu sinni fyrir þéttbýlisgagnamengið og einu sinni fyrir heildargagnamengið, sem hér segir:

$$\text{Fyrir ferðina í heild: } M_{w, \text{gas}, d} = 1\,000 \cdot \frac{\bar{m}_{\text{gas}} \times 3\,600}{\bar{v}}$$

$$\text{Fyrir þéttbýlisaksturhluta ferðarinnar: } M_{w, \text{gas}, d, U} = 1\,000 \cdot \frac{\bar{m}_{\text{gas}, U} \times 3\,600}{\bar{v}_U}$$

Nota skal þessar reiknireglur til að reikna út vegin meðaltöl fyrir eftirfarandi mengunarvalda fyrir ferðina í heild og fyrir þéttbýlishluta hennar:

$M_{w, \text{NO}_x, d}$ vegnar prófunarmiðurstöður fyrir köfnunarefnisoxíð í [mg/km]

$M_{w, \text{NO}_x, d, U}$ vegnar prófunarmiðurstöður fyrir köfnunarefnisoxíð í [mg/km]

$M_{w, \text{CO}_2, d}$ vegnar prófunarmiðurstöður fyrir kolsýring í [mg/km]

$M_{w, \text{CO}_2, d, U}$ vegnar prófunarmiðurstöður fyrir kolsýring í [mg/km]⁴,

16) Eftirfarandi 7. viðbætur a og 7. viðbætur b bætast við:

„7. viðbætur a

Sannprófun á hreyfifræði ferðar í heild

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst reikningsaðferðum til að sannprófa hreyfifræði ferðar í heild, til að ákvarða í heildina hverju er ofaukið eða hvað vantar upp á í hreyfifræði aksturs í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbraut.

2. TÁKN

RPA hlutfallsleg jákvæð hröðun (e. *relative positive acceleration*)

„hröðunarupplausn a_{res} “ lágmarkshröðun > 0 mæld í m/s^2

T4253H samsettur gagnajafnari

„jákvæð hröðun a_{pos} “ hröðun [m/s^2] meiri en $0,1 \text{ m/s}^2$

Stuðull (i) vísar til tímaþrepsins

Stuðull (j) vísar til tímaþreps gagnamengja um jákvæða hröðun

Stuðull (k) vísar til flokksins (t = heildin, u = þéttbýli, r = dreifbýli, m = hraðbraut)

Δ	— mismunur
$>$	— stærri en
\geq	— stærri eða jafn og
%	— hundraðshlutfall
$<$	— minni en
\leq	— minni en eða jafn og
a	— hröðun [m/s^2]
a_i	— hröðun í tímaþrepi i [m/s^2]
a_{pos}	— jákvæð hröðun meiri en $0,1 \text{ m/s}^2$ [m/s^2]
$a_{pos,i,k}$	— jákvæð hröðun meiri en $0,1 \text{ m/s}^2$ í tímaþrepi i að teknu tilliti til þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutans [m/s^2]
a_{res}	— hröðunarupplausn [m/s^2]
d_i	— vegalengd sem er farin í tímaþrepi i [m]
$d_{i,k}$	— vegalengd sem er farin í tímaþrepi i að teknu tilliti til þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutans [m]
M_k	— fjöldi sýna fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutann með jákvæðri hröðun meiri en $0,1 \text{ m/s}^2$
N_k	— heildarfjöldi sýna fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutann og fyrir ferðina í heild
RPA_k	— hlutfallsleg jákvæð hröðun fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutann [m/s^2 eða $\text{kWs}/(\text{kg} \times \text{km})$]
t_k	— tímalengd þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutans og fyrir ferðina í heild [s]
v	— hraði ökutækis [km/klst.]
v_i	— raunhraði ökutækis í tímaþrepi i [km/klst.]
$v_{i,k}$	— raunhraði ökutækis í tímaþrepi i að teknu tilliti til þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutans [km/klst.]
$(v \cdot a)_i$	— raunhraði ökutækis miðað við hröðun í tímaþrepi i [m^2/s^3 eða W/kg]
$(v \cdot a_{pos})_{j,k}$	— raunhraði ökutækis miðað við jákvæða hröðun yfir $0,1 \text{ m/s}^2$ í tímaþrepi j að teknu tilliti til þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutans [m^2/s^3 eða W/kg].
$(v \cdot a_{pos})_{k-}[95]$	— 95. hundraðshlutamark margfeldis raunhraða ökutækis miðað við jákvæða hröðun yfir $0,1 \text{ m/s}^2$ að teknu tilliti til þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutans [m^2/s^3 eða W/kg]
\bar{v}_k	— meðalhraði fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutann [km/klst.]

3. FERDAVÍSAR

3.1. Útreikningar

3.1.1. Forvinnsla gagna

Kvikir mælipættir eins og hröðun, $v \cdot a_{pos}$ eða RPA, skulu ákvarðaðir með hraðamerki með 0,1% nákvæmni á meiri hraða en 3 km/klst. og 1 Hz sýnatökutíðni. Þessi krafa um nákvæmni er almennt uppfyllt með (snúnings-) hraðamerkjum frá hjólum.

Athuga skal hvort gallaðir eða ótrúverðugir kaflar eru í hraðaferlinum. Hraðaferill ökutækis á slíkum köflum einkennist af þrepum, stökkum, stölluðum hraðaferlum eða það vantar inn í gildin. Leiðréttá skal stutta gallaða kafla, t.d. með innreikningi gagna eða samanburði við viðbótarhraðamerki. Annar möguleiki er að útiloka stuttar ferðir sem innihalda gallaða kafla frá gagnagreiningunni sem á eftir kemur. Í öðru þrepi skal raða hröðunargildunum í hækkandi röð til að ákvarða hröðunarpplausnina a_{res} = (lágmarkshröðunargildi > 0).

Ef $a_{res} \leq 0,01 \text{ m/s}^2$, er hraðamæling ökutækisins nægilega nákvæm.

Ef $0,01 < a_{res} \leq r_{max} \text{ m/s}^2$, skal jafna með T4253 Hanning-síu.

Ef $a_{res} > r_{max} \text{ m/s}^2$, er ferðin ómarktæk.

T4253 Hanning-sían framkvæmir eftirfarandi útreikning: Jafnarinn byrjar með hlaupandi miðgildið 4, sem er miðjað með hlaupandi miðgildinu 2. Hann endurfagnar síðan þessi gildi með því að nota hlaupandi miðgildið 5, hlaupandi miðgildið 3, og Hanning (hlaupandi vegin meðaltöl). Frávik eru reiknuð með því að draga jöfnuðu rununa frá upphaflegu rununni. Allt ferlið er síðan endurtekið með útreiknuðu frávikunum. Loks eru jöfnuðu frávikin reiknuð með því að draga frá þeim jöfnuðu gildin sem fengust í fyrsta rennsli gegnum ferlið.

Réttur hraðaferill byggir upp grunn að frekari útreikningum og flokkun eins og er lýst í málsgrein 3.1.2.

3.1.2. Útreikningur á vegalengd, hröðun og $v \cdot a$

Framkvæma skal eftirfarandi útreikninga yfir allt svið tímavegna hraðaferilsins (1 Hz upplausn) frá sekúndu 1 til sekúndu t_i (lokasekúndu).

Reikna skal stigaukandi vegalengd í hverju gagnasýni á eftirfarandi hátt:

$$d_i = v_i/3,6, i = 1 \text{ til } N_i$$

Þar sem:

d_i er vegalengd sem er farin í tímaþrepi i [m]

v_i er raunhraði ökutækis í tímaþrepi i [km/klst.]

N_i er heildarfjöldi sýna

Reikna skal hröðunina sem hér segir:

$$a_i = (v_{i+1} - v_{i-1})/(2 \cdot 3,6), i = 1 \text{ til } N_i$$

Þar sem:

a_i er hröðunin í tímaþrepi i [m/s^2]. Fyrir $i = 1$: $v_{i-1} = 0$, fyrir $i = N_i$: $v_{i+1} = 0$.

Reikna skal margfeldi hraða ökutækis miðað við hröðun sem hér segir:

$$(v \cdot a)_i = v_i \cdot a_i/3,6, i = 1 \text{ til } N_i$$

Þar sem:

$(v \cdot a)_i$ er raunhraði ökutækis fyrir hröðun í tímaþrepi i [m^2/s^3 eða W/kg].

3.1.3. Flokkun niðurstaðna

Þegar búið er að reikna a_i og $(v \cdot a)_i$, skal raða gildunum v_i , d_i , a_i and $(v \cdot a)_i$ í hækkandi röð eftir hraða ökutækisins.

Öll gagnamengi þar sem $v_i \leq 60 \text{ km/klst.}$ tilheyra þéttbýlishraðaflokknum, öll gagnamengi þar sem $60 \text{ km/klst.} < v_i \leq 90 \text{ km/klst.}$ tilheyra dreifbýlishraðaflokknum og öll gagnamengi þar sem $v_i > 90 \text{ km/klst.}$ tilheyra hraðbrautarhraðaflokknum.

Fjöldi gagnamengja með hröðunargildi þar sem $a_i > 0,1 \text{ m/s}^2$ skal vera meiri en eða jafn og 150 í hverjum hraðaflokki.

Reikna skal meðalhraða ökutækisins \bar{v}_k fyrir hvern hraðaflokk sem hér segir:

$$\bar{v}_k = (\sum_i v_{i,k})/N_k, i = 1 \text{ til } N_k, k = u, r, m$$

Þar sem:

N_k er heildarfjöldi sýna úr þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutumum.

3.1.4. Útreikningur á $v \cdot a_{pos}[95]$ fyrir hvern hraðaflokk

95. hundraðshlutamark $v \cdot a_{pos}$ gildanna skal reiknað sem hér segir:

Gildunum fyrir $(v \cdot a)_{i,k}$ í hverjum hraðaflokki skal raðað í hækkandi röð fyrir öll gagnamengi þar sem $a_{i,k} \geq 0,1 \text{ m/s}^2$ og heildarfjöldi þessara sýna M_k skal ákvarðaður.

Síðan er hundraðshlutamarkgildum úthlutað fyrir $(v \cdot a_{pos})_{j,k}$ gildin með $a_{i,k} \geq 0,1 \text{ m/s}^2$ sem hér segir:

Lægsta $v \cdot a_{pos}$ gildið fær hundraðshlutamarkið $1/M_k$, það næstlægsta fær $2/M_k$, það þriðja lægsta fær $3/M_k$ og hæsta gildið fær $M_k/M_k = 100\%$.

$(v \cdot a_{pos})_{k-}[95]$ er $(v \cdot a_{pos})_{j,k}$ -gildið, þar sem $j/M_k = 95\%$. Ef $j/M_k = 95\%$ næst ekki skal reikna $(v \cdot a_{pos})_{k-}[95]$ með línulegum innreikningi milli samliggjandi sýna j og $j + 1$ þar sem $j/M_k < 95\%$ og $(j + 1)/M_k > 95\%$.

Reikna skal hlutfallslega jákvæða hröðun í hverjum hraðaflokki sem hér segir:

$$RPA_k = \sum_j (\Delta t \cdot (v \cdot a_{pos})_{j,k}) / \sum_i d_{i,k}, j = 1 \text{ til } M_k, i = 1 \text{ til } N_k, k = u, r, m$$

Þar sem:

RPA_k er hlutfallsleg jákvæð hröðun fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutann í $[\text{m/s}^2 \text{ eða } \text{kW}/(\text{kg} \cdot \text{km})]$

Δt tímamunur sem jafngildir einni sekúndu

M_k sýnafjöldi fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutann með jákvæða hröðun

N_k heildarsýnafjöldi fyrir þéttbýlis-, dreifbýlis- og hraðbrautarhlutann.

4. SANNPRÓFUN Á AÐ FERÐ SÉ MARKTÆK

4.1.1. Sannprófun á $v \cdot a_{pos}[95]$ fyrir hvern hraðaflokk (með v mælt í $[\text{km}/\text{klst.}]$)

Ef $\bar{v}_k \leq 74,6 \text{ km/h}$

og

$(v \cdot a_{pos})_{k-}[95] > (0,136 \cdot \bar{v}_k + 14,44)$

er uppfyllt er ferðin ómarktæk.

Ef $\bar{v}_k > 74,6 \text{ km/h}$ og $(v \cdot a_{pos})_{k-}[95] > (0,0742 \cdot \bar{v}_k + 18,966)$ er uppfyllt, er ferðin ómarktæk.

4.1.2. Sannprófun á RPA fyrir hvern hraðaflokk

Ef $\bar{v}_k \leq 94,05 \text{ km/h}$ og $RPA_k < (-0,0016 \cdot \bar{v}_k + 0,1755)$ er uppfyllt, er ferðin ómarktæk.

Ef $\bar{v}_k > 94,05 \text{ km/h}$ og $RPA_k < 0,025$ er uppfyllt, er ferðin ómarktæk.

7. viðbætur b

Aðferð við að ákvarða uppsafnaða aukningu á hæð yfir sjávarmáli í ferð

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst aðferðinni við að ákvarða uppsafnaða aukningu á hæð yfir sjávarmáli í ferð til mælingar á losun í raunverulegum akstri.

2. TÁKN

$d(0)$	— vegalengd í byrjun ferðar [m]
d	— uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að þeim afmarkaða leiðarpunkti sem er til umfjöllunar [m]
d_0	— uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að mælingunni næst á undan þeim afmarkaða leiðarpunkti d [m] sem um ræðir
d_1	— uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að mælingunni næst á eftir þeim afmarkaða leiðarpunkti d [m] sem um ræðir
d_a	— viðmiðunarleiðarpunktur við $d(0)$ [m]
d_e	— uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að síðasta afmarkaða leiðarpunktinum [m]
d_i	— augnabliksvegalengd [m]
d_{tot}	— heildarprófunarvegalengd [m]
$h(0)$	— hæð ökutækis yfir sjávarmáli eftir skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu í upphafi ferðar [m ofan við sjávarmál]
$h(t)$	— hæð ökutækis yfir sjávarmáli eftir skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu við punkt t [m ofan við sjávarmál]
$h(d)$	— hæð ökutækis yfir sjávarmáli við leiðarpunkt d [m ofan við sjávarmál]
$h(t-1)$	— hæð ökutækis yfir sjávarmáli eftir skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu við punkt $t-1$ [m ofan við sjávarmál]
$h_{corr}(0)$	— leiðrétt hæð yfir sjávarmáli næst á undan leiðarpunkti d [m ofan við sjávarmál]
$h_{corr}(1)$	— leiðrétt hæð yfir sjávarmáli næst á eftir leiðarpunkti d [m ofan við sjávarmál]
$h_{corr}(t)$	— leiðrétt augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál]
$h_{corr}(t-1)$	— leiðrétt augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli við gagnapunkt $t-1$ [m ofan við sjávarmál]
$h_{GPS,i}$	— augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli, mæld með GPS-tækni [m ofan við sjávarmál]
$h_{GPS}(t)$	— augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli, mæld með GPS-tækni við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál]
$h_{int}(d)$	— innreiknuð hæð yfir sjávarmáli við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar [m ofan við sjávarmál]
$h_{int,sm,1}(d)$	— jöfnuð innreiknuð hæð yfir sjávarmáli að lokinni fyrstu umferð jöfnunar, við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar [m ofan við sjávarmál]
$h_{map}(t)$	— hæð ökutækis yfir sjávarmáli, byggð á staðfræðilegu korti við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál]
Hz	— herts
km/klst.	— kílómetrar á klukkustund
m	— metrar

$road_{grade,1}(d)$	— jafnaður veghalli við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar, eftir fyrstu umferð jöfnunar [m/m]
$road_{grade,2}(d)$	— jafnaður veghalli við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar, eftir aðra umferð jöfnunar [m/m]
\sin	— sínus hornafall
t	— tími sem er liðinn frá upphafi prófunar [s]
t_0	— tími sem er liðinn við mælinguna næst á undan viðkomandi leiðarpunkti d [s]
v_i	— augnablikshraði ökutækis [km/klst.]
$v(t)$	— hraði ökutækis við gagnapunkt t [km/klst.]

3. ALMENNAR KRÖFUR

Uppsöfnuð jákvæð aukning á hæð yfir sjávarmáli í ferð til mælingar á losun í raunverulegum akstri skal ákvörðuð á grunni þriggja mæliþátta: augnablikshæð ökutækisins yfir sjávarmáli $h_{GPS,i}$ [m fyrir ofan sjávarmál] eins og hún mælist með GPS-búnaðinum, augnablikshraða ökutækisins v_i [km/klst.] sem er skráður með 1 Hz tíðni og samsvarandi tíma t [s] sem hefur liðið frá upphafi prófunarinnar.

4. ÚTREIKNINGUR Á UPPSAFNAÐRI JÁKVÆÐRI AUKNINGU Á HÆÐ YFIR SJÁVARMÁLI

4.1. Almenn

Uppsöfnuð jákvæð aukning á hæð yfir sjávarmáli í ferð til að mæla losun í raunverulegum akstri skal reiknuð með þriggja þrepa aðferð sem samanstendur af: i. skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu; ii. leiðréttingu á gögnum um augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli; og iii. útreikningi á uppsafnaðri jákvæðri aukningu á hæð yfir sjávarmáli.

4.2. Skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu

Athuga skal heilleika gagna um augnablikshraða ökutækis. Leyfilegt er að leiðrétta fyrir gögn sem vantar ef bilin eru innan krafanna sem eru tilgreindar í 7. lið 4. viðbættis; annars teljast niðurstöður úr prófuninni ógildar. Athuga skal heilleika gagna um augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli. Fylla skal upp í gagnabil með innreikningi gagna. Sannprófa skal nákvæmni innreiknaðra gagna með samanburði við staðfræðilegt kort. Mælt er með að leiðrétta innreiknuð gögn ef eftirfarandi skilyrði gildir:

$$|h_{GPS}(t) - h_{map}(t)| > 40 \text{ m}$$

Beita skal leiðréttingu á hæð yfir sjávarmáli þannig að:

$$h(t) = h_{map}(t)$$

Þar sem:

$h(t)$ — hæð ökutækis yfir sjávarmáli eftir skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál]

$h_{GPS}(t)$ — augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli, mæld með GPS-tækni við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál]

$h_{map}(t)$ — hæð ökutækis yfir sjávarmáli, byggð á staðfræðilegu korti við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál].

4.3. Leiðrétting á gögnum um augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli

Hæðin yfir sjávarmáli $h(0)$ í upphafi ferðar við $d(0)$ skal fengin með GPS-búnaði og sannprófuð með tilliti til nákvæmni með upplýsingum af staðfræðilegu korti. Frávikið skal ekki vera stærra en 40 m. Leiðrétta skal öll gögn um augnablikshæð yfir sjávarmáli ef eftirfarandi skilyrði gildir:

$$|h(t) - h(t-1)| > (v(t)/3,6 * \sin 45^\circ)$$

Beita skal leiðréttingu á hæð yfir sjávarmáli þannig að:

$$h_{corr}(t) = h_{corr}(t-1)$$

Þar sem:

$h(t)$ — hæð ökutækis yfir sjávarmáli eftir skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál]

$h(t-1)$ — hæð ökutækis yfir sjávarmáli eftir skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu við gagnapunkt $t-1$ [m ofan við sjávarmál]

$v(t)$ — hraði ökutækis við gagnapunkt t [km/klst.]

$h_{corr}(t)$ — leiðrétt augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli við gagnapunkt t [m ofan við sjávarmál]

$h_{corr}(t-1)$ — leiðrétt augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli við gagnapunkt $t-1$ [m ofan við sjávarmál].

Að leiðréttingarferlinu loknu er komið fram marktækt mengi gagna um hæð yfir sjávarmáli. Nota skal það gagnamengi til lokaútreiknings á uppsöfnuðu jákvæðu aukningunni á hæð yfir sjávarmáli eins og lýst er í lið 4.4.

4.4. Endanlegur útreikningur á uppsafnaðri jákvæðri aukningu á hæð yfir sjávarmáli

4.4.1. Samræmd staðupplausn fundin

Heildarvegalengdin d_{tot} [m] sem er farin í ferð skal ákvörðuð sem summan af augnabliksvegalengdunum d_i . Augnabliksvegalengdin d_i skal ákvörðuð sem:

$$d_i = \frac{v_i}{3,6}$$

Þar sem:

d_i — augnabliksvegalengd [m]

v_i — augnablikshraði ökutækis [km/klst.]

Uppsöfnuð aukning á hæð yfir sjávarmáli skal reiknuð út frá gögnum með stöðuga 1 m staðupplausn og skal byrja á fyrstu mælingunni við upphaf ferðar $d(0)$. Vísað er til afmörkuðu gagnapunktanna með 1 m upplausn sem leiðarpunkta sem einkennast af tilteknu fjarlægðargildi d (t.d. 0, 1, 2, 3 m...) og samsvarandi hæð þeirra yfir sjávarmáli $h(d)$ [m fyrir ofan sjávarmál].

Hæð hvers afmarkaðs leiðarpunkts fyrir ofan sjávarmál d skal reiknuð með innreikningi á augnablikshæðinni yfir sjávarmáli $h_{corr}(t)$ sem:

$$h_{int}(d) = h_{corr}(0) + \frac{h_{corr}(1) - h_{corr}(0)}{d_1 - d_0} \cdot (d - d_0)$$

Þar sem:

$h_{int}(d)$ — innreiknuð hæð yfir sjávarmáli við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar [m ofan við sjávarmál]

$h_{corr}(0)$ — leiðrétt hæð yfir sjávarmáli næst á undan leiðarpunkti d [m ofan við sjávarmál]

$h_{corr}(1)$ — leiðrétt hæð yfir sjávarmáli næst á eftir leiðarpunkti d [m ofan við sjávarmál]

d — uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að þeim afmarkaða leiðarpunkti d sem er til umfjöllunar [m]

- d_0 — uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að mælingunni næst á undan þeim afmarkaða leiðarpunkti d sem um ræðir [m]
- d_1 — uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að mælingunni næst á eftir þeim afmarkaða leiðarpunkti d sem um ræðir [m]

4.4.2. Viðbótargagnajöfnun

Jafna skal gögnin um hæð yfir sjávarmáli sem var aflað fyrir hvern aðskilinn leiðarpunkt með tveggja þrepa aðferð: d_a and d_e standa annars vegar fyrir fyrsta gagnapunktinn og hins vegar þann síðasta (mynd 1). Fyrri jöfnunarumferðin skal fara fram sem hér segir:

$$road_{grade,1}(d) = \frac{h_{int}(d+200\text{ m})-h_{int}(d_a)}{(d+200\text{ m})} \text{ fyrir } d \leq 200\text{ m}$$

$$road_{grade,1}(d) = \frac{h_{int}(d+200\text{ m})-h_{int}(d-200\text{ m})}{(d+200\text{ m})-(d-200\text{ m})} \text{ fyrir } 200\text{ m} < d < (d_e - 200\text{ m})$$

$$road_{grade,1}(d) = \frac{h_{int}(d_e)-h_{int}(d-200\text{ m})}{d_e-(d-200\text{ m})} \text{ fyrir } d \geq (d_e - 200\text{ m})$$

$$h_{int,sm,1}(d) = h_{int,sm,1}(d-1\text{ m}) + road_{grade,1}(d), d = d_a + 1 \text{ til } d_e$$

$$h_{int,sm,1}(d_a) = h_{int}(d_a) + road_{grade,1}(d_a)$$

Þar sem:

- $road_{grade,1}(d)$ — jafnaður veghalli við afmarkaða leiðarpunktinn sem er til umfjöllunar, eftir fyrstu umferð jöfnunar [m/m]
- $h_{int}(d)$ — innreiknuð hæð yfir sjávarmáli við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar [m ofan við sjávarmál]
- $h_{int,sm,1}(d)$ — jöfnuð innreiknuð hæð yfir sjávarmáli að lokinni fyrstu umferð jöfnunar, við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar [m ofan við sjávarmál]
- d — uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að þeim afmarkaða leiðarpunkti sem er til umfjöllunar [m]
- d_a — viðmiðunarleiðarpunktur í núll metra fjarlægð [m]
- d_e — uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að síðasta afmarkaða leiðarpunktinum [m].

Síðari jöfnunarumferðin skal fara fram sem hér segir:

$$road_{grade,2}(d) = \frac{h_{int,sm,1}(d+200\text{ m})-h_{int,sm,1}(d_a)}{(d+200\text{ m})} \text{ fyrir } d \leq 200\text{ m}$$

$$road_{grade,2}(d) = \frac{h_{int,sm,1}(d+200\text{ m})-h_{int,sm,1}(d-200\text{ m})}{(d+200\text{ m})-(d-200\text{ m})} \text{ fyrir } 200\text{ m} < d < (d_e - 200\text{ m})$$

$$road_{grade,2}(d) = \frac{h_{int,sm,1}(d_e)-h_{int,sm,1}(d-200\text{ m})}{d_e-(d-200\text{ m})} \text{ fyrir } d \geq (d_e - 200\text{ m})$$


Þar sem:

- $road_{grade,2}(d)$ — jafnaður veghalli við afmarkaða leiðarpunktinn sem er til umfjöllunar, eftir aðra umferð jöfnunar [m/m]
- $h_{int,sm,1}(d)$ — jöfnuð innreiknuð hæð yfir sjávarmáli að lokinni fyrstu umferð jöfnunar, við afmarkaða leiðarpunktinn d sem er til umfjöllunar [m ofan við sjávarmál]

- d — uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að þeim afmarkaða leiðarpunkti sem er til umfjöllunar [m]
- d_a — viðmiðunarleiðarpunktur í núll metra fjarlægð [m]
- d_e — uppsöfnuð vegalengd sem er ekin að síðasta afmarkaða leiðarpunktinum [m].

Mynd 1

Skýringarmynd af aðferðinni við að jafna innreiknuðu hæðarmerkin



4.4.3. Útreikningur á endanlegum niðurstöðum

Jákvæð uppsöfnuð aukning hæðar yfir sjávarmáli skal reiknuð með því að heilda alla jákvæða innreiknaða og jafnaða veghalla, þ.e. $road_{grade,2}(d)$. Staðla skal niðurstöðuna með heildarprófunarvegalengdinni d_{tot} og setja fram í metrum af uppsafnaðri aukningu hæðar yfir sjávarmáli á hverja 100 kílómetra af vegalengdinni.

5. TALNADÆMI

Í töflum 1 og 2 eru sýnd skrefin sem eru tekin til að reikna jákvæða aukningu hæðar yfir sjávarmáli á grunni gagna sem eru reiknuð á meðan á prófun stendur yfir á vegi með færanlegu mælikerfi fyrir losun. Til að halda skýringunni stuttri er hér sýndur útdráttur með 800 metrum og 160 sekúndum.

5.1. Skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu

Skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu fer fram í tveimur þrepum. Fyrst er heilleiki gagnanna um hraða ökutækisins athugaður. Engin gagnabil sem tengjast hraða ökutækisins greinast í viðkomandi gagnasýni (sjá töflu 1). Því næst er heilleiki gagnanna um hæð yfir sjávarmáli kannaður; í gagnasýnið vantar gögn um hæð yfir sjávarmáli fyrir sekúndur 2 og 3. Fyllt er í bilin með innreikningi út frá GPS-merkinu. Einnig er hæðin yfir sjávarmáli samkvæmt GPS-gögnunum sannprófuð á staðfræðilegu korti; í þessari sannprófun er hæðin $h(0)$ yfir sjávarmáli í upphafi ferðar. Gögn um hæð yfir sjávarmáli sem tengjast sekúndum 112–114 eru leiðrétt á grunni staðfræðilega kortisins til að fullnægja eftirfarandi skilyrði:

$$h_{GPS}(t) - h_{map}(t) < -40 \text{ m}$$

Gögnin í fimmta dálkinum $h(t)$ finnast út frá gagnasannprófuninni sem beitt var.

5.2. Leiðrétting á gögnum um augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli

Í næsta þrepi eru gögnin um hæð yfir sjávarmáli $h(t)$ fyrir sekúndur 1 til 4, 111 til 112 og 159 til 160 leiðrétt með hæðargildi sekúndu 0, 110 og 158, í þeirri röð, sem forsendur, þar sem eftirfarandi skilyrði gildir:

$$|h(t) - h(t-1)| > (v(t)/3,6 * \sin 45^\circ)$$

Gögnin í sjötta dálkinum $h_{corr}(t)$ finnast út frá gagnaleiðréttingunni sem beitt var. Áhrifin af sannprófunar- og leiðréttingarþrepunum sem beitt var eru sýnd á mynd 2.

5.3. Útreikningur á uppsafnaðri jákvæðri aukningu á hæð yfir sjávarmáli

5.3.1. Samræmd staðupplausn fundin

Augnabliksvegalengdin d_i er reiknuð með því að deila 3,6 í augnablikshraða ökutækisins í km/klst. (dálkur 7 í töflu 1). Endurreikningur á gögnunum um hæð yfir sjávarmáli til að fá út samræmda 1 m staðupplausn skilar afmörkuðu leiðarpunktunum d (dálkur 1 í töflu 2) og samsvarandi hæðargildum $h_{int}(d)$ (dálkur 7 í töflu 2). Hæð hvers afmarkaðs leiðarpunkts fyrir ofan sjávarmál d er reiknuð með innreikningi á mældu augnablikshæðinni yfir sjávarmáli h_{corr} sem:

$$h_{int}(0) = 120,3 + \frac{120,3 - 120,3}{0,1 - 0,0} \cdot (0 - 0) = 120,3000$$

$$h_{int}(520) = 132,5 + \frac{132,6 - 132,5}{523,6 - 519,9} \cdot (520 - 519,9) = 132,5027$$

5.3.2. Viðbótargagnajöfnun

Í töflu 2 eru fyrsti og síðasti afmarkaði leiðarpunkturinn: annars vegar $d_a = 0$ m og hins vegar $d_e = 799$ m. Gögn um hæð yfir sjávarmáli fyrir hvern afmarkaðan leiðarpunkt eru jöfnuð með tveggja þrepa aðferð. Fyrsta jöfnunin fer fram sem hér segir:

$$road_{grade,1}(0) = \frac{h_{int}(200\text{ m}) - h_{int}(0)}{(0 + 200\text{ m})} = \frac{120,9682 - 120,3000}{200} = 0,0033$$

til að sýna jöfnunina fyrir $d \leq 200$ m

$$road_{grade,1}(320) = \frac{h_{int}(520) - h_{int}(120)}{(520) - (120)} = \frac{132,5027 - 121,9808}{400} = 0,0288$$

til að sýna jöfnunina fyrir $200\text{ m} < d < (599\text{ m})$

$$road_{grade,1}(720) = \frac{h_{int}(799) - h_{int}(520)}{799 - (520)} = \frac{121,2000 - 132,5027}{279} = -0,0405$$

til að sýna jöfnunina fyrir $d \geq (599\text{ m})$

Jöfnuð og innreiknuð hæð yfir sjávarmáli er reiknuð sem:

$$h_{int,sm,1}(0) = h_{int}(0) + road_{grade,1}(0) = 120,3 + 0,0033 \approx 120,3033\text{ m}$$

$$h_{int,sm,1}(799) = h_{int,sm,1}(798) + road_{grade,1}(799) = 121,2550 - 0,0220 = 121,2330\text{ m}$$

Önnur umferð jöfnunar:

$$road_{grade,2}(0) = \frac{h_{int,sm,1}(200) - h_{int,sm,1}(0)}{(200)} = \frac{119,9618 - 120,3033}{(200)} = -0,0017$$

til að sýna jöfnunina fyrir $d \leq 200$ m

$$road_{grade,2}(320) = \frac{h_{int,sm,1}(520) - h_{int,sm,1}(120)}{(520) - (120)} = \frac{123,6809 - 120,1843}{400} = 0,0087$$

til að sýna jöfnunina fyrir $200 \text{ m} < d < (599 \text{ m})$

$$road_{grade,2}(720) = \frac{h_{int,sm,1}(799) - h_{int,sm,1}(520)}{799 - (520)} = \frac{121,2330 - 123,6809}{279} = -0,0088$$

til að sýna jöfnunina fyrir $d \geq (599 \text{ m})$

5.3.3. Útreikningur á endanlegum niðurstöðum

Jákvæð uppsöfnuð aukning hæðar yfir sjávarmáli er reiknuð með því að heilda alla jákvæða innreiknaða og jafnaða veghalla, þ.e. $road_{grade,2}(d)$. Fyrir dæmið sem er sýnt var heildarvegalegðin sem var farin $d_{tot} = 139,7 \text{ km}$ og allar jákvæðar innreiknaðar og jafnaðar hallatölur voru upp á 516 m . Því náðist $516 \times 100/139,7 = 370 \text{ m}/100 \text{ km}$ jákvæð uppsöfnuð aukning á hæð yfir sjávarmáli.

Tafla 1

Leiðrétting á gögnum um augnablikshæð ökutækis yfir sjávarmáli

Tími t [s]	$v(t)$ [km/klst.]	$h_{GPS}(t)$ [m]	$h_{map}(t)$ [m]	$h(t)$ [m]	$h_{corr}(t)$ [m]	d_i [m]	Cum. d [m]
0	0,00	122,7	129,0	122,7	122,7	0,0	0,0
1	0,00	122,8	129,0	122,8	122,7	0,0	0,0
2	0,00	-	129,1	123,6	122,7	0,0	0,0
3	0,00	-	129,2	124,3	122,7	0,0	0,0
4	0,00	125,1	129,0	125,1	122,7	0,0	0,0
...
18	0,00	120,2	129,4	120,2	120,2	0,0	0,0
19	0,32	120,2	129,4	120,2	120,2	0,1	0,1
...
37	24,31	120,9	132,7	120,9	120,9	6,8	117,9
38	28,18	121,2	133,0	121,2	121,2	7,8	125,7
...
46	13,52	121,4	131,9	121,4	121,4	3,8	193,4
47	38,48	120,7	131,5	120,7	120,7	10,7	204,1
...
56	42,67	119,8	125,2	119,8	119,8	11,9	308,4
57	41,70	119,7	124,8	119,7	119,7	11,6	320,0
...
110	10,95	125,2	132,2	125,2	125,2	3,0	509,0
111	11,75	100,8	132,3	100,8	125,2	3,3	512,2

Tími t [s]	$v(t)$ [km/klst.]	$h_{GPS}(t)$ [m]	$h_{map}(t)$ [m]	$h(t)$ [m]	$h_{corr}(t)$ [m]	d_i [m]	Cum. d [m]
112	13,52	0,0	132,4	132,4	125,2	3,8	516,0
113	14,01	0,0	132,5	132,5	132,5	3,9	519,9
114	13,36	24,30	132,6	132,6	132,6	3,7	523,6
...	
149	39,93	123,6	129,6	123,6	123,6	11,1	719,2
150	39,61	123,4	129,5	123,4	123,4	11,0	730,2
...	
157	14,81	121,3	126,1	121,3	121,3	4,1	792,1
158	14,19	121,2	126,2	121,2	121,2	3,9	796,1
159	10,00	128,5	126,1	128,5	121,2	2,8	798,8
160	4,10	130,6	126,0	130,6	121,2	1,2	800,0

- táknar gagnabil


Tafla 2

Útreikningur á veghalla

d [m]	t_0 [s]	d_0 [m]	d_1 [m]	h_0 [m]	h_1 [m]	$h_{int}(d)$ [m]	$road_{grade,1}(d)$ [m/m]	$h_{int,sm,1}(d)$ [m]	$road_{grade,2}(d)$ [m/m]
0	18	0,0	0,1	120,3	120,4	120,3	0,0035	120,3	-0,0015
...
120	37	117,9	125,7	120,9	121,2	121,0	-0,0019	120,2	0,0035
...
200	46	193,4	204,1	121,4	120,7	121,0	-0,0040	120,0	0,0051
...
320	56	308,4	320,0	119,8	119,7	119,7	0,0288	121,4	0,0088
...
520	113	519,9	523,6	132,5	132,6	132,5	0,0097	123,7	0,0037
...
720	149	719,2	730,2	123,6	123,4	123,6	-0,0405	122,9	-0,0086
...
798	158	796,1	798,8	121,2	121,2	121,2	-0,0219	121,3	-0,0151
799	159	798,8	800,0	121,2	121,2	121,2	-0,0220	121,3	-0,0152


Mynd 2

Áhrif sannprófunar og leiðréttingar gagna — Hæðarsniðið mælt með GPS-búnaði $h_{GPS}(t)$, hæðarsniðið sem fæst með staðfræðilega kortinu $h_{map}(t)$, hæðarsniðið sem fæst að lokinni skimun og sannprófun á gæðum gagna samkvæmt meginreglu $h(t)$ og leiðréttingunni $h_{corr}(t)$ á gögnunum sem eru talin upp í töflu 1



Mynd 3

Samanburður milli leiðréttis hæðarsniðs $h_{corr}(t)$ og jafnaðrar og innreiknaðrar hæðar yfir sjávarmáli $h_{int,sm,l}$



Tafla 2

Útreikningur á jákvæðri aukningu á hæð yfir sjávarmáli

d [m]	t_0 [s]	d_0 [m]	d_1 [m]	h_0 [m]	h_1 [m]	$h_{int}(d)$ [m]	$road_{grade,1}(d)$ [m/m]	$h_{int,sm,1}(d)$ [m]	$road_{grade,2}(d)$ [m/m]
0	18	0,0	0,1	120,3	120,4	120,3	0,0035	120,3	- 0,0015
...
120	37	117,9	125,7	120,9	121,2	121,0	- 0,0019	120,2	0,0035
...
200	46	193,4	204,1	121,4	120,7	121,0	- 0,0040	120,0	0,0051
...
320	56	308,4	320,0	119,8	119,7	119,7	0,0288	121,4	0,0088
...
520	113	519,9	523,6	132,5	132,6	132,5	0,0097	123,7	0,0037
...
720	149	719,2	730,2	123,6	123,4	123,6	- 0,0405	122,9	- 0,0086
...
798	158	796,1	798,8	121,2	121,2	121,2	- 0,0219	121,3	- 0,0151
799	159	798,8	800,0	121,2	121,2	121,2	- 0,0220	121,3	- 0,0152 ^{cc}

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1416**2017/EES/17/65**

frá 24. ágúst 2016

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. gr. (a-, c-, d-, e-, h-, i- og j-lið 1. mgr.), 11. gr. (3. mgr.) og 12. gr. (6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 ⁽²⁾ (hér á eftir nefnd „reglugerðin“) er mælt fyrir um sértækar reglur að því er varðar efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Einkum er þar tekin saman skrá Evrópusambandsins yfir efni sem hægt er að nota við framleiðslu á efniviði eða hlutum úr plasti sem komast í snertingu við matvæli.
- 2) Frá því að reglugerðin var samþykkt hefur Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) birt frekari skýrslur um tiltekin efni sem hægt er að nota í efnivið sem kemst í snertingu við matvæli og einnig um leyfilega notkun efna sem hafa verið leyfð áður. Að auki hafa fundist tilteknar villur og tvíræðni í texta. Til að tryggja að reglugerðin endurspegli nýjustu niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar og til að eyða öllum vafa að því er varðar rétta beitingu hennar ætti að gera breytingar og leiðréttingar á reglugerðinni.
- 3) Skilgreiningin á „fitulausum matvælum“ í 16. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar inniheldur tilvísun í matvælaherma sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerðina. Þar sem skilgreiningunni var ætlað að vísa til matvælaherma sem skráðir eru í töflu 2 í III. viðauka ætti að leiðrétta tilvísunina til samræmis við það.
- 4) Í reglugerð (ESB) nr. 10/2011 er hugtakið „heit áfylling“ notað í tengslum við setningu takmarkana á notkun tiltekinna leyfðra einliða í efnum og hlutum sem ætluð eru til notkunar sem ílát fyrir heitan mat. Til að skýra gildissvið slíkra takmarkana þykir rétt að kveða á um skilgreiningu á hugtakinu sem tilgreinir við hvaða hitastig slíkar takmarkanir gilda.
- 5) Með 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 10/2011 er komið á undanþágu að því er varðar notkun á söltum af tilgreindum málum úr leyfðum sýrum, fenólum eða alkóhólum jafnvel þó að þessi sölt séu ekki í skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni. Þar sem niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar, sem undanþágan er byggð á, átti ekki sérstaklega við um tiltekna flokka af söltum ⁽³⁾ er viðbótinni í a-lið 3. mgr. 6. gr. um að undanþágan nái yfir „tvísölt og sýrusölt“ því ofaukið. Þar sem túlka má þessa viðbót sem stuðning við gagnstæða túlkun, þar sem samkvæmt henni væru til flokkar af söltum sem skilgreiningin gildir ekki um, er rétt að taka skýrt fram að undanþágan gildir um öll sölt af skráðum málum og fella ætti viðbótina brott.
- 6) Í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar eru sett fram almenn, sértæk flæðimörk fyrir öll efni sem engin sértæk flæðimörk hafa verið sett fyrir. Það að tilskilin mörk fyrir tiltekin efni séu ekki til staðar endurspeglar þá skoðun að slík forskrift hafi ekki verið nauðsynleg í þeim tilgangi að tryggja að farið væri að öryggisviðmiðunum sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1935/2004. Þar sem flæðimörk fyrir öll efni þurfa nú þegar að fara að heildarflæðimörkum er óþarfi að til séu hliðstæð almenn, sértæk mörk og það hefur í för með sér tvítekingu að því er varðar flæðiprófanir og þróun prófunaraðferða. Til að koma í veg fyrir óþarflega íþyngjandi prófunarskyldur ætti að fella brott ákvæðið þar sem kveðið er á um almenn, sértæk flæðimörk.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 230, 25.8.2016, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtfð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtfð ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1).

(3) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2009 7(10), 1364.

- 7) Að því er varðar tiltekin efni, skv. 3. mgr. 13. gr. og I. og II. viðauka við reglugerðina, má flæði þeirra ekki vera greinanlegt. Bannið er réttlætt á þeim forsendum að allt flæði slíkra efna geti skapað áhættu fyrir heilbrigði. Þar sem aðeins er hægt að ákvarða tilvist tiltekins efnis þegar það nær greinanlegu viðmiðunarmarki er aðeins hægt að ákvarða að það sé ekki til staðar með tilvísun í það viðmiðunarmark. Þar sem reglurnar um fastsetningu og framsetningu viðmiðunarmarka fyrir greiningar eru endurteknar í gegnum alla reglugerðina þykir rétt að einfalda reglugerðina með því að fella brott endurteknar á þessum reglum og sameina þær í einu ákvæði í reglugerðinni.
- 8) Þar sem sértæk flæðimörk eru gefin upp sem mg/kg matvæla ætti einnig að nota sömu mælieiningu fyrir sannprófun á samræmi á hettum og lokunarbúnaði þar sem samræmd nálgun dregur úr hættu á ósamkvæmum niðurstöðum. Því er rétt að fjarlægja möguleikann á því að flæði úr hettum eða lokunarbúnaði sé gefið upp sem mg/dm².
- 9) Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar skal sannprófa samræmi þegar um er að ræða efnivið og hluti, sem hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli í samræmi við ítarlegu reglurnar sem mælt er fyrir um í lið 3.1 í 3. kafla V. viðauka. Þar sem ákvæðin sem mælt er fyrir um í liðum 3.2, 3.3 og 3.4 í sama kafla geta einnig átt við um sannprófun á samræmi þykir rétt að breyta 4. mgr. 18. gr. þannig að hún vísi til 3. kafla í heild.
- 10) Í töflu 1 í I. viðauka við reglugerðina er skrá Evrópusambandsins yfir leyfð efni sem inniheldur tilvísun í matvælahermi D. Þar sem í reglugerðinni er gerður greinarmunur á matvælahermum D1 og D2 ætti að skipta út tilvísunum í matvælahermi D fyrir sértækari tilvísanir í matvælahermi D1 eða D2 fyrir öll efni.
- 11) Efnið kísildíoxíð, meðhöndlað með sílani (efniviður sem kemst í snertingu við matvæli (ESM-efni nr. 87)) er sem stendur leyft til notkunar sem aukefni í allt plast. Undir ESM-efni nr. 87 fellur einnig undirflokkur þessa efnis, tilbúið, myndlaust kísildíoxíð, meðhöndlað með sílani, sem er framleitt með því að nota grunnagnir í nanóformi. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar skal einungis nota efni í nanóformi ef sérstök heimild er fyrir því og þess getið í forskriftunum í I. viðauka. Með tilliti til fyrirliggjandi vísindalegra upplýsinga og þess að flæði nanógrunnagna í þessu tilbúna formi er ekki til staðar komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að tilbúið myndlaust kísildíoxíð, meðhöndlað með sílani, sem framleitt er úr grunnögnum í nanóformi teljist ekki hafa áhættu í för með sér þegar eingöngu íblöndunarefni stærra en 100 nm og stærra samsafn er til staðar í fullunna efniviðnum⁽¹⁾. Því ætti að breyta skrá Evrópusambandsins til að bæta við forskrift fyrir ESM-efni nr. 87 að því er varðar í hvaða formi megi nota það í fullunna efniviðnum.
- 12) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit um rýmkun á notkun perflúormetylperflúorvínyleters (metylvinyleter, ESM-efni nr. 391)⁽²⁾. Samkvæmt því áliti veldur efnið ekki öryggisvanda ef það er notað sem einliða fyrir flúor- og perflúorfjöllidur sem ætlaðar eru fyrir endurtekna notkun þar sem snertihlutfallið er 1 dm² yfirborðs í snertingu við a.m.k. 150 kg af matvælum t.d. í lokunarbúnaði og þéttingum. Því er rétt að bæta þessari notkun við forskriftirnar sem settar eru fram í tengslum við ESM-efni nr. 391.
- 13) Leyfið fyrir efninu „blanda af (35–45% (massahlutfall)) 1,6-díamínó-2,4,4-trímetylhexani og (55–65% (massahlutfall)) 1,6-díamínó-2,4,4-trímetylhexani“ (ESM-efni nr. 641) vísar í 11. dálki í athugasemd nr. 10 í töflu 3 í I. viðauka reglugerðarinnar. Samræmi er því sannprófað á grundvelli innihalds leifa, miðað við yfirborðsflöt sem er í snertingu við matvæli (HMY), ef efnahvörf með matvælum eða matvælahermi eiga sér stað. Sannprófun á samræmi með HMY á aðeins við ef flæðiprófunaraðferð er ekki tiltæk eða er óhentug. Þar sem fullnægjandi flæðiprófunaraðferðir eru tiltækar og sértæk flæðimörk hafa verið tilgreind ætti að fjarlægja möguleikann á því að sannprófa samræmi á grundvelli innihalds leifa úr færslunni fyrir þetta efni í reglugerðinni.
- 14) Leyfið fyrir efninu bis(metylbensýliden)sorbítól (ESM-efni nr. 752) vísar í 3. dálki í fjögur CAS-númer. Þessi CAS-númer hafa verið aðskilin á rangan hátt á prenti. Því ætti að leiðrétta leyfið fyrir þessu efni með því að aðskilja CAS-númerin á réttan hátt.
- 15) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti vísindalegt álit varðandi ESM-efni nr. 779 árið 2007⁽³⁾. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar kom fram að greiningaraðferðir fyrir sannprófun á samræmi við flæðimörkin eru tiltækar og þeim vel lýst. Engu að síður inniheldur núverandi leyfi fyrir þessu efni tilvísun í athugasemd nr. 1 í töflu 3 í I. viðauka við reglugerðina þar sem fram kemur að á meðan þess er beðið að greiningaraðferð verði tiltæk ætti að sannprófa samræmi á grundvelli innihalds leifa miðað við yfirborðsflöt sem er í snertingu við matvæli (HMY). Sannprófun á samræmi með

(1) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(6), 3712.

(2) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(7), 4171.

(3) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2007, 555-563,1-31, doi:10.2903/j.efsa.2007.555.

HMY á aðeins við ef flæðiþrófunaraðferð er ekki tiltæk eða er óhentug. Þar sem Matvælaöryggisstofnunin telur að greiningaraðferðir séu tiltækar og þeim vel lýst ætti að fella brott tilvísunina í athugasemd nr. 1. Einnig kom fram í álitni Matvælaöryggisstofnunarinnar að hætta sé á því að flæðimörk í feittum mat fari yfir viðeigandi flæðimörk, sem ekki er vísað til í núverandi leyfi. Því er rétt að bæta við tilvísun í athugasemd nr. 2 í töflu 3 í I. viðauka við reglugerðina til þess að tryggja að tekið sé mið af áhættunni við sannprófun á samræmi.

- 16) Sem stendur er ESM-efni nr. 974 í skrá Evrópusambandsins og það má nota að því tilskildu að flæði vatnsrofsefnis þess 2,4-dí-tert-amýlfenól (CAS-númer 120-95-6) fari ekki yfir 0,05 mg/kg. Flæði ESM-efnis nr. 974 er gefið upp sem summa fosfít- og fosfatforma og vatnsrofsefnisins 4-t-amýlfenól. Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit þar sem kemur fram að hægt væri að rýmka flæðimörkin sem eiga við um þetta vatnsrofsefni í 1 mg/kg matvæla án þess að það gefi tilefni til áhyggna af heilbrigði, að því tilskildu að flæðinu úr efninu sé bætt við summu fosfít- og fosfatformanna og vatnsrofsefnis 4-t-amýlfenól og að summa þessara fjögurra efna sé háð núverandi sértækum flæðimörkum við 5 mg/kg fyrir ESM-efni nr. 974. Því ætti að breyta forskriftunum fyrir ESM-efni nr. 974 til samræmis við það.
- 17) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit⁽¹⁾ um notkun aukefnisins dódekansýru, 12-amínó-, fjölliðu með eteni, 2,5-fúrandíóni, α -hýdró- ω -hýdroxýpólý (oxý-1,2-etandýli) og 1-própeni, ESM-efni nr. 871. Þegar þetta er notað sem aukefni í pólýólefin í allt að 20% massahlutfalli við eða undir umhverfishita í snertingu við þurr matvæli, eins og matvælahermir E endurspeglar, og þegar flæði fálíðuhluta sem hefur minni sameindabýngd en 1000 Da fer samtals ekki yfir 50 μ g/kg matvæla, stofnar notkun á þessu aukefni heilbrigði manna ekki í hættu. Því er rétt að færa þetta aukefni á skrá Evrópusambandsins og leyfa notkun þess í samræmi við þessar forskriftir.
- 18) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit⁽²⁾ um notkun grunnefnisins fúran-2,5-díkarboxýlsýru (ESM-efni nr. 1031). Þegar það er notað sem einliða við framleiðslu á pólýetýlenfúranóatfjölliðum (PEF) telst það ekki hafa áhættu í för með sér fyrir neytandann þegar flæði efnisins sjálfs fer ekki yfir 5 mg/kg matvæla og þegar flæði fálíða undir 1000 Da fer ekki yfir 50 μ g/kg matvæla. Því er rétt að færa þetta grunnefni á skrá Evrópusambandsins og leyfa notkun þess í samræmi við sértæku flæðimörkin.
- 19) Matvælaöryggisstofnunin hefur tekið fram að óhætt sé að nota PEF sem inniheldur ESM-efni nr. 1031 í snertingu við óáfeng matvæli í samræmi við sértæk flæðimörk þess. Þegar samræmi þessa plasts er sannprófað með matvælahermi D1 í samræmi við flokkun á matvælahermum í töflu 2 í III. viðauka er þó hætta á víxlverkun á milli matvælahermisins og plastsins. Þar sem þessi víxlverkun myndi ekki eiga sér stað í snertingu við óáfengu matvælin þar sem þessi matvælahermir er valinn, myndi notkun matvælahermisins D1 við sannprófun á samræmi gefa óraunhæfar niðurstöður í slíkum tilvikum. Þegar sannprófað er hvort notkun þessa efnis sé í samræmi við þessa reglugerð ætti því, samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni, að nota matvælahermi C fyrir óáfeng matvæli þar sem matvælahermir D1 hefur verið valinn samkvæmt töflu 2 í III. viðauka. Því er rétt að bæta við athugasemd varðandi sannprófun á samræmi fyrir ESM-efni nr. 1031 til að tilgreina að skipta ætti út matvælahermi D1 fyrir matvælahermi C fyrir prófun.
- 20) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit⁽³⁾ um notkun grunnefnisins 1,7-oktadíens (ESM-efni nr. 1034). Þegar það er notað sem víxltengd sameinliða við framleiðslu á pólýólefinum, ætlað að komast í snertingu við hvers konar matvæli til langtímageymslu við stofuhita, þ.m.t. skilyrði við heita áfyllingu, og flæði efnisins fer ekki yfir 0,05 mg/kg matvæla, stofnar notkun á þessu efni heilbrigði manna ekki í hættu. Því er rétt að færa þetta aukefni á skrá Evrópusambandsins og leyfa notkun þess í samræmi við þessar forskriftir.
- 21) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit⁽⁴⁾ um notkun á hjálparefni við fjölliðuframleiðslu, perflúori{edíksýra, 2-[(5-metoxý-1,3-díoxólan-4-ýl)oxý]}, ammóníumsalti (ESM-efni nr. 1045). Þegar það er notað sem hjálparefni við fjölliðuframleiðslu við framleiðslu á flúorfjölliðum sem eru framleiddar við háan hita, a.m.k. 370 °C, stofnar notkun þessa efnis heilbrigði manna ekki í hættu. Því ætti að bæta því við á skrá Evrópusambandsins og leyfa notkun þess með fyrirvara um samræmi við þessar forskriftir.

⁽¹⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(11), 3909.

⁽²⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(10), 3866.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(1), 3979.

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(6), 3718.

- 22) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit ⁽¹⁾ um notkun á aukefninu etýlenglykóldípalmitati (ESM-efni nr. 1048). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þegar efnið er framleitt með forefni fitusýra, sem vanalega er fengið úr fituefni eða olíum til manneldis, og flæði etýlenglykóls er takmarkað með því að skrá það í flokkinn SFM(H) fyrir etýlenglykól, stofnar notkun þessa aukefnis heilbrigði manna ekki í hættu. Því ætti að færa þetta aukefni á skrá Evrópusambandsins með fyrirvara um kröfuna um að það sé í samræmi við þessar forskriftir. Einkum ætti að bæta því við flokkinn sem SFM(H) gildir um og breyta ætti færslu nr. 2 í töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 til samræmis við það.
- 23) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit ⁽²⁾ um notkun á aukefninu sinkoxíði, nanóagnir, óhúðað (ESM-efni nr. 1050) og sinkoxíði, nanóagnir, húðað með [3-(metakryloxý)própýl] trímtoxýsilani (ESM-efni nr. 1046). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þessi aukefni flæða ekki í nanóformi úr pólýólefini. Í frekara álitu rýmkaði Matvælaöryggisstofnunin þessa niðurstöðu svo hún gæti átt við um flæði nanóagna úr sinkoxíði í ómýktar fjölliður ⁽³⁾. Matvælaöryggisstofnunin tók því fram að í öryggismatinu hafi verið lögð áhersla á flæði leysanlegs jónaðs sinks sem ætti að vera innan sértæku flæðimarkanna fyrir sink sem tilgreind eru í II. viðauka við reglugerðina. Fyrir húðað form af sinkoxíði, nanóagnir, ætti flæði [3-(metakryloxý)própýl] trímtoxýsilans áfram að vera innan núverandi sértækra flæðimarka fyrir þetta efni, þ.e. 0,05 mg/kg. Því ætti að færa þessi tvö aukefni á skrá Evrópusambandsins.
- 24) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit ⁽⁴⁾ um notkun á aukefninu N,N'-bis(2,2,6,6-tetrametyl-4-píperidínýl)ísópalamíði (ESM-efni nr. 1051). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þegar flæði aukefnisins fer ekki yfir 5 mg/kg matvæla stofnar notkun þess heilbrigði manna ekki í hættu. Því ætti að færa það á skrá Evrópusambandsins með fyrirvara um flæðimörk sem eru 5 mg/kg matvæla.
- 25) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit ⁽⁵⁾ um notkun á grunnefninu 2,4,8,10-tetraoxaspíró[5,5]úndekan-3,9-díetanól,β3,β3,β9,β9-tetrametylí- (SPG, ESM-efni nr. 1052). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þegar efnið er notað sem einliða við framleiðslu á pólýesterum, þegar flæði þess fer ekki yfir 5 mg/kg matvæla, og þegar flæði faliða undir 1000 Da fer ekki yfir 50 µg/kg matvæla (gefið upp sem SPG), stofnar notkun þessa aukefnis heilbrigði manna ekki í hættu. Því ætti að færa það á skrá Evrópusambandsins og leyfa notkun þess með fyrirvara um samræmi við þessar forskriftir.
- 26) Í leyfinu fyrir ESM-efnum nr. 871, 1031 og 1052, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, er þess krafist að flæði faliðuhluta sem hefur minni sameindabyngd en 1000 DA fari ekki yfir 50 µg/kg matvæla. Greiningaraðferðir til að ákvarða flæði þessa faliðuhluta eru flóknar. Lýsing á þessum aðferðum er ekki endilega aðgengileg lögbærum yfirvöldum. Án lýsingar getur lögbært yfirvald ekki sannprófað að flæði faliða úr efniviðnum eða hlutum samræmist flæðimörkunum fyrir þessar faliður. Því ætti að krefjast þess að rekstraraðilar, sem setja endanlegu hlutina eða efniviðinn sem innihalda þetta efni á markað, leggi fram lýsingu á aðferðinni og kvörðunarsýni ef þess er krafist í aðferðinni.
- 27) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit ⁽⁶⁾ um notkun á aukefninu fitusýrur, C16–18 mettaðar, hexaesterar með dípentaerýtrítóli (ESM-efni nr. 1053). Þar sem innihald lægri estera (t.d. penta-, tetra-) telst ekki hafa öryggisvanda í för með sér komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að notkun fitusýra, C16–18 mettaðra, estera með dípentaerýtrítóli stofni ekki heilbrigði manna í hættu að því tilskildu að efnið sé framleitt með forefni fitusýra sem fengið er úr fituefni eða olíum til manneldis. Því ætti að færa aukefnið fitusýrur, C16–18 mettaðar, esterar með dípentaerýtrítóli á skrá Evrópusambandsins án þess að takmarka það við hexaesterar, með fyrirvara um kröfuna um að forefni fitusýra þess sé fengið úr fituefni eða olíum til manneldis.
- 28) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit ⁽⁷⁾ um öryggi áls sem tekið er inn með fæðu, þar sem fastsett er þolanleg, vikuleg inntaka sem nemur 1 mg af áli á hvert kg líkamsþyngdar á viku. Með því að beita almennum forsendum varðandi váhrif fyrir efnivið sem kemst í snertingu við matvæli þyrfti að fastsetja flæðimörkin við 8,6 mg/kg matvæla. Í álitinu er hins vegar tekið fram að núverandi fæðutengd váhrif á umtalsverðan hluta íbúa Evrópusambandsins fari líklega yfir þessi mörk. Því þykir rétt að takmarka framlagið frá váhrifum af efniviði sem kemst í snertingu við matvæli til heildarváhrifanna með því að nota úthlutunarstuðul sem nemur 10% fyrir flæðimörk sem reiknuð eru á hefðbundinn hátt. Flæðimörk fyrir ál sem nema 1 mg/kg matvæla teljast því viðeigandi fyrir efnivið sem kemst í snertingu við matvæli.

⁽¹⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(2), 4019.

⁽²⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(4), 4063.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2016 14(3), 4408.

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(10), 3867.

⁽⁵⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(10), 3863.

⁽⁶⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(2), 4021.

⁽⁷⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 754, 1-34.

- 29) Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt vísindalegt álit varðandi viðmiðunargildi að því er varðar sink í fæðu ⁽¹⁾. Þetta staðfestir álitid sem var sett fram af vísindanefndinni um matvæli árið 2002 ⁽²⁾ sem setur þolanleg efri mörk fyrir sink í fullorðnum við 25 mg á dag. Í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 10/2011 eru flæðimörk fyrir sink fastsett við 25 mg/kg matvæla. Fæðutengd váhrif frá öðrum upptökum hafa umtalsverð áhrif á heildarváhrif og samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni gætu þau farið yfir efri mörkin ásamt gildandi flæðimörkum. Því þykir rétt, til að draga úr framlagi frá efnivið sem kemst í snertingu við matvæli til heildarváhrifa frá sinki og að teknu tilliti til þess að fæðutengd heildarváhrif frá sinki eru nálægt efri mörkunum en almennt fyrir neðan þau, að nota úthlutunarstuðul sem nemur 20% fyrir váhrif frá efnivið sem kemst í snertingu við matvæli. Því er rétt að breyta flæðimörkunum sem tilgreind eru í II. viðauka við reglugerðina í 5 mg/kg matvæla.
